Alþingi 1960

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1960, mánudaginn 10. október, var áttugasta og fyrsta löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og þriðja aðalþing í röðinni, en nítugasta og sjötta samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Bjarni Sigurðsson á Mosfelli steig í stólinn og lagði út af Matt. 16.20.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.
2. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
3. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
4. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
5. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
6. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
7. Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.
8. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
9. Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.
10. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
11. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
12. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
13. Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.
14. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
15. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
16. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
17. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
18. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.
19. Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.
20. Garðar Halldórsson, 4. þm. Norðurl. e.
21. Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.
22. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
23. Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.
24. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
25. Guðm. Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm.
26. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
27. Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm.
28. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
29. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
30. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
31. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
32. Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.
33. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
34. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
35. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
36. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
37. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
38. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
39. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
40. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
41. Kjartan J Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
42. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
43. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
44. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
45. Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.
46. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
47. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
48. Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.
49. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
50. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
51. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
52. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
53. Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi.

Ókomnir til þings voru:

1. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
2. Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
3. Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.
4. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
5. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
6. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
7. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 27. september 1960 var gefið út svo hljóðandi bréf handhafa forsetavaldsins:

„Handhafar valds forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar, gera kunnugt:

Vér höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1960 skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1960.

Um leið og vér birtum þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst klukkan 13,30.

Gert í Reykjavík og á Akureyri
27. september 1960.
Ólafur Thors. Gizur Bergsteinsson.
Friðjón Skarphéðinsson.

Ólafur Thors.

Bréf handhafa forsetavalds um, að reglulegt Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 10. október 1960."

Samkvæmt bréfi því, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett. Ég árna Alþingi allra heilla í störfum, að þau megi verða landi og þjóð til trausts og halds, gæfu og gengis.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, **Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna þingfundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram. Ég bið því aldursforseta, Gísla Jónsson, 1. þm. Vestfjarðakjördæmis, að ganga til forsetastóls.

Forseti Íslands tók sér sæti í þingsalnum, en aldursforseti, Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna fyrrv. þingmanna.

Aldursforseti (GíslJ): Áður en þingstörf hefjast, vil ég minnast tveggja manna, sem sæti hafa átt á Alþingi og látizt hafa, eftir að síðasta þingi var slitið, þeirra Helga Jónassonar læknis og Péturs Hannessonar póst- og símstjóra.

Helgi Jónasson læknir andaðist að heimili sínu hér í bæ 20. júlí s. l., 66 ára að aldri. Hann átti sæti á Alþingi um langt skeið, en varð fyrir nokkrum árum að draga sig í hlé frá flestum opinberum störfum vegna vanheilsu.

Helgi Jónasson fæddist að Reynifelli á Rangárvöllum 19. apríl 1894. Foreldrar hans voru Jónas bóndi þar Árnason, er þar bjó einnig, Guðmundssonar og kona hans, Sigríður Helgadóttir bónda í Árbæ í Holtum Jónssonar. Hann lauk stúdentsprófi frá menntaskólanum í Reykjavík árið 1916 og embættisprófi í læknisfræði við Háskóla Íslands 1922. Hann dvaldist um missirisskeið 1922—1923 við störf í sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn, en var að öðru leyti staðgöngumaður héraðslæknisins í Rangárhéraði 1922—1925. Á árinu 1925 var hann skipaður héraðslæknir í Rangárhéraði, og því embætti gegndi hann til ársloka 1955. Hann sat á Stórólfshvoli og rak þar stórbú jafnframt læknisstörfum sínum. Ýmsum trúnaðarstörfum gegndi hann í sveit sinni og héraði. Hann var lengi formaður sparisjóðs Rangárvallasýslu, var formaður skólanefndar Hvolhrepps, átti sæti í sóknarnefnd og hreppsnefnd. Hann var þingmaður Rangæinga á árunum 1937—1956, sat á 24 þingum alls. Í tryggingaráð var hann skipaður 1938 og átti þar sæti til æviloka, var formaður þess frá 1954. Á árinu 1958 var hann skipaður í mþn. til að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um lífeyrisgreiðslur. Síðustu æviár sín átti hann heimili í Reykjavík.

Helgi Jónasson var Rangæingur að ætt og uppruna, og í þágu Rangæinga vann hann megininhluta ævistarfs síns. Hann var um áratugi læknir í fjölmennu og víðlendu héraði og varð framan af að vitja sjúklinga um vegleysur og yfir óbrúuð stórfljót. Hann sýndi djörfung og þrótt í löngum og erfiðum ferðalögum og hlaut vinsældir meðal héraðsbúa fyrir læknisstörf sín. Hann var þrekmenni að upplagi, en ósérhlífinn í erilsömum störfum og missti heilsu fyrir aldur fram. Á Alþingi átti hann jafnan sæti í fjvn. og lengi sat hann í heilbr.- og félmn. Í nefndarstörfum lét hann ekki hlut sinn eftir liggja, en tók hins vegar ekki mikinn þátt í umr. í þingsal.

Helgi Jónasson var mikill vexti og skapríkur. Hreinskilni hans og drengskapur vöktu á honum traust, og fljótt kom í ljós hjálpsemi og góðvild þess manns, sem ungur að árum valdi sér það ævistarf að líkna sjúkum mönnum og þjáðum.

Pétur Hannesson fyrrum póst- og símstjóri á Sauðárkróki lézt á heimili sínu í Reykjavík 13. ágúst s. l., 67 ára gamall. Hann var um árabil varaþm. Skagfirðinga og sat á Alþingi í forföllum aðalmanns nokkra daga vorið 1947.

Pétur Hannesson fæddist á Skíðastöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði 17. júní 1893. Foreldrar hans voru Hannes bóndi þar Pétursson bónda í Valadal Pálmasonar og kona hans, Ingibjörg Jónsdóttir ráðsmanns í Haganesi í Fljótum Eiríkssonar. Hann missti ungur föður sinn, ólst upp með móður sinni og vann á búi hennar fram undir tvítugt. Vorið 1911 brautskráðist hann frá bændaskólanum á Hólum. Á árinu 1913 fluttist hann til Sauðárkróks, dvaldist þar lengst af upp frá því og sinnti margvíslegum störfum. Hann lærði ljósmyndun og rak ljósmyndastofu allmörg ár. Gjaldkeri Sparisjóðs Sauðárkróks var hann 1923—1932 og sparisjóðsformaður 1932—1946. Póst- og símstjóri á Sauðárkróki var hann 1948—1958. Hann átti sæti í sýslunefnd og bæjarstjórn Sauðárkróks, var forseti bæjarstjórnar 1956—1958. Á árinu 1958 gerðist hann póstafgreiðslumaður í Kópavogi og gegndi því starfi til dauðadags.

Pétur Hannesson átti skamma setu á Alþingi, var hér eitt sinn fáa daga í þinglok og vann að lokaafgreiðslu þingmála. Starf hans var fyrst og fremst tengt Sauðárkróki og öðrum byggðum

Skagafjarðarsýslu. Hann var kominn af skagfirzkum bændaættum, unni Skagafirði og vann héraði sínu og sýslungum af dugnaði og samvizkusemi í fjölmörgum trúnaðarstörfum. Hann var listhneigður og verkhagur og átti góðan þátt í félagslífi heimabyggðar sinnar.

Skagfirðingur, sem hafði náin kynni af Pétri Hannessyni, lýsir honum í minningarorðum á þessa leið: „Pétur Hannesson var hár maður vexti og karlmannlegur, fríður sýnum og allur hinn gjörvilegasti. Hann var vitur maður, glöggskyggn og tillögugóður, en nokkuð hlédrægur. Pétur var prúðmenni í allri framgöngu, hófsamur og glaður í vinahóp, óáleitinn og seinþreyttur til vandræða, en fastur fyrir, ef á hann var leitað. Hann var vel máli farinn, rökfastur og hélt fast á máli sínu, ef þess þurfti með, einnig vel ritfær og prýðisvel hagorður, en hélt því lítið á lofti.“ Þessa lýsingu á Pétri Hannessyni staðfesta þeir, sem þekktu hann bezt.

Ég vil biðja þingheim að rísa úr sætum til virðingar við minningu þessara tveggja manna, Helga Jónassonar og Péturs Hannessonar. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamenn taka þingsæti.

Aldursforseti (GíslJ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf, dagsett í Reykjavík 6. okt. 1960:

„Ég mun af heilsufarsástæðum ekki geta gegnt þingstörfum nú fyrst um sinn. Ég leyfi mér því að óska þess, að varamaður taki sæti á Alþingi í minn stað.

Virðingarfyllst,
Ragnhildur Helgadóttir.

Til forseta sameinaðs Alþingis.“

Ég hef enn fremur fengið svo hljóðandi símskeyti:

„Vegna óhjákvæmilegra starfa, er ég þarf að ljúka, get ég ekki mætt þegar í byrjun Alþingis. Óska, að varamaður minn, Einar Sigurðsson, taki sæti mitt í bráð.

Jónas Pétursson
Skriðuklaustri.“

Mér hefur enn fremur borizt hér bréf, dags. 10. okt. 1960:

„Þar sem Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv., er einn af fulltrúum Íslands á allsherjarþingi Hinna sameinuðu þjóða, leyfi ég mér hér með samkv. beiðni hans að óska þess, að varamaður, Einar Ágústsson sparisjóðsstjóri, taki sæti hans á Alþ. í fjarveru hans.

F. h. þingflokks Framsóknarflokksins,
Eysteinn Jónsson.“

Með því að hér er um nýjan þm. að ræða, sem tekur sæti á Alþingi og kjörbréf hans hefur ekki verið rannsakað, verður óhjákvæmilegt að skipa þingi í kjördeildir, svo sem venja er til samkv. þingsköpum.

Hér er eitt bréf enn, dags. 10. okt. 1960:

„Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., hefur óskað þess, að varamaður hans taki sæti hans á Alþingi næstu vikur, þar sem hann dvelst erlendis. Er þess því óskað, að Pétur Pétursson forstjóri taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Fyrir hönd þingflokks Alþýðuflokksins,
Emil Jónsson.“

Hér liggja því fyrir tvö kjörbréf, sem þurfa rannsóknar, og ber því að skipa í kjördeildir.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., og Pál Þorsteinsson, 5. þm. Austf.

Rannsókn kjörbréfa.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

AuA, PP, BK, BjörnJ, EggÞ, EmJ, FS, GíslG, GJóh, HÁ, HermJ, JÁ, EinS, KJJ, MJ, ÓlJ, PS, SI, SÓÓ, EÁ.

2. kjördeild:

AGb, ÁÞ, BF, BGuðm, BP, EI, EystJ, GH, GíslG, GÍG, GTh, HS, IngJ, JSk, JR, KK, MÁM, ÓTh, DÓ, SE.

3. kjördeild:

AGl, ÁB, BBen, BFB, EðS, EOl, FRV, GeirG, GuðlG, GunnG, GÞG, HV, JóhH, JÞ, KGuðj, LJós, ÓB, PÞ, SÁ, SkG.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf Einars Ágústssonar, 7. (vara)þm. Reykv., og Péturs Péturssonar, 5. (vara)þm. Vesturl., og fékk 2. kjördeild bréfin til athugunar, svo sem þingsköp mæla fyrir.

Var nú gert fundarhlé, er kjördeildin gekk út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

Aldursforseti (GíslJ): Mér hefur borizt hér skeyti:

„Afsaka fjarveru við þingsetningu. Kem frá Egilsstöðum í kvöld. Kveðja.

Hannibal Valdimarsson.“

Frsm. 2. kjördeildar (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. 2. kjördeild hefur haft tvö kjörbréf til athugunar og meðferðar, þeirra Einars Ágústssonar, 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, og Péturs Péturssonar, varaþm. Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, en þess hefur verið óskað, að Einar taki sæti hv. 7. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar, á Alþ. og Pétur sæti hv. 5. þm. Vesturl., Benedikts Gröndals. Kjördeildin hefur ekkert fundið athugavert við þessi kjörbréf og leggur til, að kosning þessara manna verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt

ATKVGR.

Till. kjördeildarinnar samþ. með 55 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Þessu næst undirritaði Einar Ágústsson, 7. (vara)þm. Reykv., drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut

Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm., með 32 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., fékk 16 atkv. og Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm., 7 atkv.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.,

með 33 atkv., en 21 seðill var auður.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.,

með 33 atkv., en 22 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista MÁM, en á B-lista SkG. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn., og

Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Ólafur Jóhannesson (C),
Einar Ingimundarson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (B).

Landhelgismálið.

Eysteinn Jónsson: Ég kvaddi mér hljóðs til að gera fyrirspurn utan dagskrár. Það er heldur óvenjulegur háttur á hjá hæstv. forseta að skammta tímann strax fyrir fram. En ég get sagt honum, að mín hugsun var ekki sú að halda hér langa ræðu, heldur einvörðungu að koma hér að stuttri fyrirspurn. En það, sem ég vildi segja, er út af landhelgismálinu, sem flestir munu hugsa mest um nú þessar vikurnar og þessa dagana. Eins og við vitum, hefur hæstv. ríkisstj. farið út í að taka upp samninga við Breta um landhelgismálið.

Ég mun ekki ræða hér nú utan dagskrár landhelgismálið efnislega eða það út af fyrir sig að leggja út í samninga um málið við Breta, eins og þeim málum var komið. Ég vil aðeins nota þetta fyrsta tækifæri til þess að mótmæla því, að út í slíka samninga um landhelgismálið hefur verið lagt við Breta, og taka skýrt og eindregið undir þau mótmæli, sem fulltrúi Framsfl. í utanrmn. flutti á fundi nefndarinnar 10. ágúst, þegar ríkisstj. greindi frá því, að hún ætlaði að leggja út í þetta. Um efnishlið málsins læt ég þetta í raun og veru nægja núna, vegna þess að það þurfti ekki á fyrsta degi þingsins að kveðja sér hljóðs utan dagskrár til þess að segja þetta, þó að það væri að vísu nauðsynlegt, að það kæmi fljótt fram. En þetta var áður vitað. Það hefur ekki legið neitt í láginni afstaða framsóknarmanna í þessu máli.

En ég kvaddi mér hljóðs af öðru tilefni beinlínis, sem sé vegna þess, að á utanríkismálanefndarfundinum 10. ágúst var því lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að utanrmn. mundi verða látin fylgjast efnislega með því, sem fram færi í þessum viðtölum. En síðan eru liðnir tveir mánuðir, og viðtölin hafa þegar átt sér stað um alllanga hríð, án þess að nokkru sinni hafi verið haldinn fundur í utanrmn. né nefndarmönnum, þeim sem í hana eru kjörnir af hæstv. Alþingi, hafi gefizt nokkur kostur á því að vita, hvað fram fer, og þá ekki heldur öðrum þingmönnum.

Við vitum sem sagt ekki neitt um, hvað hæstv. ríkisstj. er að fara með Bretum í landhelgismálinu. Hvorki utanrmn. né öðrum hefur verið gefin skýrsla um þetta. Þetta er vitanlega með öllu óverjandi, að ekki hefur verið staðið við þessar yfirlýsingar og haft samráð við utanrmn. og þar með við þingflokkana, sem hægt var að gera með milligöngu nefndarinnar, þótt þingið sæti ekki. Ég vil finna mjög að þessu. En ég vil jafnframt því, sem ég finn að þessu, óska eftir því, að nú verði breytt um í þessu efni, þar sem hæstv. Alþingi er nú komið saman.

Ástæðan til þess, að ég fer fram á þetta nú, áður en við skiljum á fyrsta fundi þingsins, er sú, að við höfum ekki hugmynd um, hvað er að gerast, og við vitum ekki nema einmitt sé verið þessar klukkustundirnar eða þennan dag að ganga frá einhverju þýðingarmiklu efnisatriði málsins. Þess vegna vildi ég koma þessari athugasemd á framfæri utan dagskrár nú strax á fyrsta fundi þingsins og þeirri ósk til hæstv. forsrh., að hann lýsi yfir því nú á fundinum í dag, að ekkert verði aðhafzt í samningunum um landhelgismálið við Breta nema í samráði við Alþingi, — að þessu verði lýst skýrt yfir og tekin upp þannig samvinna við þingið. Enn fremur, að hæstv. forsrh. vildi lýsa því yfir, að hann gefi þinginu skýrslu, helzt auðvitað strax í dag, eða þá á morgun t. d., um þetta mál, hvað stjórnin hefur í huga og hvað fram hefur farið í málinu, enda verði ekkert aðhafzt í málinu, fyrr en sú skýrsla hefur verið gefin.

Þetta er vitanlega alveg eðlileg ósk, og hana varð að setja fram nú strax á þessum fyrsta fundi, og því viðhafði ég þá óvenjulegu aðferð að biðja um orðið utan dagskrár á þingsetningarfundinum. Ég vildi alls ekki fara héðan úr húsinu án þess að hafa flutt fram þessa ósk, ef svo ólíklega vildi til, að eitthvað væri að gerast í þessu máli, jafnvel þessar klukkustundirnar. Óskin er þessi, að hæstv. forsrh. lýsi því yfir, að ekkert verði aðhafzt í landhelgissamningunum við Breta nema í samráði við Alþingi, og að hann vildi góðfúslega lýsa því yfir, að skýrsla yrði gefin um málið við allra fyrsta hugsanlegt tækifæri og ekkert yrði aðhafzt í málinu, fyrr en sú skýrsla liggur fyrir Alþingi. Ég skírskota í þessu sambandi til þess, hvaða málsmeðferð landhelgismálið hefur fengið frá fyrstu tíð, þar sem reynt var að halda þannig á því, að um það væri haft fullt samráð.

Þessar óskir vildi ég flytja og vona, að hæstv. ráðherra taki þessu vel.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera fram fsp. til hæstv. ríkisstjórnar. — Það hefur slegið óhug á almenning í landinu út af því, að hæstv. ríkisstj. skuli hafa tekið upp

samninga við Breta. Bretarnir hafa verið brennimerktir af Alþingi sem landhelgisbrjótar, og þessir samningar fara raunverulega fram undir ofbeldishótunum af hálfu Breta, sem hafa hvað eftir annað látið það í veðri vaka, að þeir láti herskip sín fara hér inn fyrir okkar landhelgislínu, þannig að það er fyrir neðan okkar virðingu að vera að tala við þá um þessi mál.

Alþingi hefur, þótt það sé formlega reglugerð, sem heyrir undir sérstakan ráðherra, með samþykktinni 5. maí 1959 tekið þetta mál í sínar hendur, lýst því þar yfir, að það teldi Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi og að ekki kæmi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið.

Í utanrmn. hefur þetta mál verið rætt, og þar hafa verið gefnar yfirlýsingar af hálfu utanrrh., að ekkert verði aðhafzt í þessum málum nema í samráði við utanrmn. og Alþingi, og í lögunum um utanrmn., þingsköpunum, stendur, að utanrmn. skuli starfa milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga, þannig að það er beint lögboðið að bera undir þá nefnd það, sem er að gerast, og þá samninga, sem standa yfir.

Fulltrúi Alþb. í utanrmn. hefur skrifað hæstv. ríkisstj., skrifað utanrrh. og farið fram á, að nefndinni væri skýrt frá, hvað væri að gerast í þessum efnum, og það hefur ekkert svar borizt.

Þetta eru vinnubrögð, sem eru ekki rétt, og þess vegna vildi ég nú fyrir hönd þingflokks Alþýðubandalagsins hér á þessum fyrsta þingfundi nota tækifærið til þess að snúa mér til hæstv. ríkisstj. og mælast til þess við hana, að hún gefi hér þá yfirlýsingu, að það verði ekkert aðhafzt í þessu máli nema í samráði við Alþingi. Það er sú ósk, sem ég ber hér fram fyrir hönd þingflokksins. Ég þykist vita og tek undir þá ósk, sem hv. 1. þm. Austf. kom fram með hér áðan, að það verði gefin sem fyrst skýrsla um þessi mál. En höfuðatriðið, sem ég veit að almenningur í landinu fyrst og fremst er að hugsa um þessa stundina, er, að það verði alveg ótvírætt, að ekkert verði gert í þessu máli, nema áður hafi verið haft samráð við Alþingi, þannig að alþm. gefist kostur á því, ef einhverjar tillögur væru í þessu máli, sem ríkisstj. þætti rétt að hugsa um, að ræða þær, áður en nokkurn skapaðan hlut er aðhafzt. Þetta er svo þýðingarmikið mál, — mál, sem öll þjóðin fylgist með af slíkum áhuga og slíkri einbeitni, að það er rétt að bregða út af þeirri venju, sem ella hefur verið hér á Alþ., og bera fram fsp. um þetta nú þegar í upphafi þings, á fyrsta degi þess. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hæstv. forsrh. verði við þeirri ósk að gefa slíka yfirlýsingu, þannig að Alþingi viti alveg, hvar það stendur í málinu.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Eins og hv. Alþ. er kunnugt, lýsti ríkisstj. því yfir hinn 10. ágúst s. l., að hún væri reiðubúin til að verða við tilmælum brezku stjórnarinnar um að taka upp viðræður milli ríkisstjórna landanna um deilu þá, sem er um aðstöðu brezkra fiskiskipa á Íslandsmiðum. Virtist ríkisstj. einsætt, að kanna bæri til hlítar öll úrræði, sem koma mættu í veg fyrir áframhaldandi árekstra á Íslandsmiðum, auk þess sem vinna þyrfti að framgangi ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, og taldi því þegar af þeim ástæðum rétt að verða við tilmælum um viðræður.

Jafnframt ítrekaði ríkisstj. við brezku ríkisstj., að hún teldi Ísland eiga ótvíræðan rétt að alþjóðalögum til þeirrar fiskveiðilögsögu, sem ákveðin hefur verið. Viðræður við brezku stjórnina hafa nú staðið yfir í viku. Í þeim viðræðum hefur það gerzt, að Íslendingar hafa skýrt sjónarmið sín og þarfir á grundvelli ályktunar Alþingis. Hafa Bretar sömuleiðis gert grein fyrir sínum sjónarmiðum. En lengra eru viðræðurnar ekki komnar, enda var viðræðutíminn ákveðinn af hálfu ríkisstj. með það fyrir augum, að unnt væri að hafa samráð við Alþingi, áður en úrslitaákvarðanir væru teknar um málið.

Út af því, sem sagt hefur verið um gefin loforð í hv. utanrmn., þá minni ég á, eins og ég þegar hef tekið fram, að enn hafa viðræður snúizt um það, að aðilar útskýrðu afstöðu sína til málsins. Og hefur slíkt að sjálfsögðu ekki gefið sérstakt tilefni til, á þessu stigi málsins, að kveðja utanrmn. saman.

Vænti ég, að þessar skýringar fullnægi alvel þeim fsp., sem hér hafa komið fram.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. Ég vil aðeins taka fram, að ég lít á þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. sem alveg glögga um það, að haft verði samráð við Alþ., áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar í þessum samningum.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Magnús Jónsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Guðlaugur Gíslason (A),
Karl Guðjónsson (C),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Jón Árnason (A),
Birgir Finnsson (A),
Garðar Halldórsson (B).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Jóhann Hafstein (A),
Hermann Jónasson (B),
Gísli Jónsson (A),
Birgir Kjaran (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (C),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Emil Jónsson (A).

Varamenn:
Ólafur Thors (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Gunnar Thoroddsen (A),
Einar Olgeirsson (C),
Gísli Guðmundsson (B),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

3. Allsherjarnefnd.
Gísli Jónsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Pétur Sigurðsson (A),
Hannibal Valdimarsson (C),
Björn Pálsson (B),
Benedikt Gröndal (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu þrír listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Karli Kristjánssyni, 1. þm. Norðurl. e. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 9. þm. Reykv.
2. Auður Auðuns, 2. þm. Reykv.
3. Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl.
4. Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm.
5. Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.
6. Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv.
7. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. þm. Reykn.
8. Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm.
9. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
10. Hermann Jónasson, 2. þm. Vestf.
11. Jón Árnason, 4. þm. Vesturl.
12. Jón Þorsteinsson, 9. landsk. þm.
13. Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.
14. Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf.
15. Magnús Jónsson, 6. þm. Norðurl. e.
16. Ólafur Björnsson, 11. þm. Reykv.
17. Ólafur Jóhannesson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Páll Þorsteinsson, 5. þm. Austf.
19. Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl.
20. Sigurvin Einarsson, 4. þm. Vestf.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir og á fundi nema Björn Jónsson, 5. þm. Norðurl. e.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjartmar Guðmundsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sigurður Ó. Ólafsson, 5. þm. Sunnl., með 11 atkv. — Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e., fékk 6 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 10. þm. Reykv., með 11 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Kjartan J. Jóhannsson, 3. þm. Vestf., með 11 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var BGuðm, á B-lista KK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Bjartmar Guðmundsson, 10. landsk. þm., og
Karl Kristjánsson, 1. þm. Norðurl. e.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

5. sæti hlaut Eggert G. Þorsteinsson,
6. — — Magnús Jónsson,
7. — — Jón Þorsteinsson,
8. — — Sigurvin Einarsson,
9. — — Kjartan J. Jóhannsson,
10. — — Ólafur Jóhannesson,
11. — — Páll Þorsteinsson,
12. — — Björn Jónsson,
13. — — Alfreð Gíslason læknir,
14. — — Friðjón Skarphéðinsson,
15. — — Ásgeir Bjarnason,
16. — — Jón Árnason,
17. — — Auður Auðuns,
18. — — Hermann Jónasson,
19. — — Ólafur Björnsson,
20. — — Finnbogi R. Valdimarsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu ýmist fram tveir eða þrír listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Ólafur Björnsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Magnús Jónsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Jón Árnason (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Sigurvin Einarsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Bjartmar Guðmundsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Páll Þorsteinsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Jón Árnason (A),
Sigurvin Einarsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Magnús Jónsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Auður Auðuns (A),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (C).

7. Menntamálanefnd.
Auður Auðuns (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Ólafur Björnsson (A),
Jón Þorsteinsson (A),
Alfreð Gíslason læknir (C).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Gísla Jónssyni, 1. þm. Vestf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm.
2. Ágúst Þorvaldsson, 2. þm. Sunnl.
3. Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.
4. Birgir Finnsson, 5. þm. Vestf.
5. Birgir Kjaran, 6. landsk. þm.
6. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
7. Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.
8. Björn Pálsson, 5. þm. Norðurl. v.
9. Eðvarð Sigurðsson, 2. landsk. þm.
10. Einar Ingimundarson, 4. þm. Norðurl. v.
11. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
12. Emil Jónsson, 2. þm. Reykn.
13. Eysteinn Jónsson, 1. þm. Austf.
14. Garðar Halldórsson, 4. þm. Norðurl. e.
15. Geir Gunnarsson, 7. landsk. þm.
16. Gísli Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
17. Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf.
18. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl.
19. Guðmundur Í. Guðmundsson, 3. landsk. þm.
20. Gunnar Gíslason, 2. þm. Norðurl. v.
21. Gunnar Jóhannsson, 11. landsk. þm.
22. Gylfi Þ. Gíslason, 4. þm. Reykv.
23. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf.
24. Halldór E. Sigurðsson, 3. þm. Vesturl.
25. Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm.
26. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Sunnl.
27. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
28. Jón Skaftason, 4. þm. Reykn.
29. Jónas Pétursson, 3. þm. Austf.
30. Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e.
31. Karl Guðjónsson, 6. þm. Sunnl.
32. Lúðvík Jósefsson, 4. þm. Austf.
33. Matthías Á. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
34. Ólafur Thors, 1. þm. Reykn.
35. Pétur Sigurðsson, 12. þm. Reykv.
36. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
37. Sigurður Ágústsson, 2. þm. Vesturl.
38. Sigurður Ingimundarson, 1. landsk. þm.
39. Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v.
40. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Allir þdm., sem til þings voru komnir, voru á fundi, en ókomnir til þings voru Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl., Hannibal Valdimarsson, 4. landsk. þm., Jónas Pétursson, 3. þm. Austf., Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv., Skúli Guðmundsson, 1. þm. Norðurl. v., Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv. Í stað Benedikts Gröndals var á fundinum varamaður hans, Pétur Pétursson, í stað Ragnhildar Helgadóttur Davíð Ólafsson og í stað Þórarins Þórarinssonar Einar Ágústsson.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Alfreð Gíslason bæjarfógeta og Björn Fr. Björnsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.,

með 21 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. Austf., fékk 9 atkv., Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., 5 atkv., en 1 seðill var ógildur.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Benedikt Gröndal, 5. þm. Vesturl.,

með 21 atkv. — 11 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.,

með 21 atkv. — 15 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var AGb, en á B-lista BFB. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Alfreð Gíslason, 8. landsk. þm., og
Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

10. sæti hlaut Lúðvík Jósefsson.
11. — — Sigurður Ágústsson.
12. — — Birgir Kjaran.
13. — — Geir Gunnarsson.
14. — — Skúli Guðmundsson.
15. — — Halldór Ásgrímsson.
16. — — Guðlaugur Gíslason.
17. — — Einar Ingimundarson.
18. — — Eðvarð Sigurðsson.
19. — — Karl Guðjónsson.
20. — — Ágúst Þorvaldsson.
21. — — Gísli Guðmundsson.
22. — — Jón Skaftason.
23. — — Eysteinn Jónsson.
24. — — Sigurður Ingimundarson.
25. — — Jónas G. Rafnar.

26. sæti hlaut Gunnar Jóhannsson.
27. — — Matthías Á. Mathiesen.
28. — — Einar Olgeirsson.
29. — — Hannibal Valdimarsson.
30. — — Gunnar Gíslason.
31. — — Benedikt Gröndal.
32. — — Birgir Finnsson.
33. — — Jónas Pétursson.
34. — — Pétur Sigurðsson.
35. — — Þórarinn Þórarinsson.
36. — — Björn Pálsson.
37. — — Gísli Jónsson.
38. — — Garðar Halldórsson.
39. — — Ragnhildur Helgadóttir.
40. — — Halldór E. Sigurðsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 12. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar, og var í hverja nefnd stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Birgir Kjaran (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Einar Olgeirsson (C).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Ágústsson (A),
Björn Pálsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Lúðvík Jósefsson (C).

3. Landbúnaðarnefnd.
Gunnar Gíslason (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Jónas Pétursson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Karl Guðjónsson (C).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Á. Mathiesen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Pétur Sigurðsson (A),
Birgir Finnsson (A),
Lúðvík Jósefsson (C).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Eðvarð Sigurðsson (C).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Gísli Jónsson (A),
Jón Skaftason (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Birgir Finnsson (A),
Hannibal Valdimarsson (C).

7. Menntamálanefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Benedikt Gröndal (A),
Geir Gunnarsson (C).

8. Allsherjarnefnd.
Einar Ingimundarson (A),
Björn Fr. Björnsson (B),
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Sigurður Ingimundarson (A),
Gunnar Jóhannsson (C).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Happdrætti háskólans.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 4. apríl 1955, um stofnun happdrættis fyrir Ísland [5. mál] (stjfrv., A. 5).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í gildandi lögum er hlutatala í happdrætti háskólans ákveðin 55 þús. hin mesta. Stjórn happdrættisins hefur mælzt til þess að fá heimild til fjölgunar á hlutamiðum. Hlutatalan er nú bundin í lögum, en eðlilegast og haganlegast þykir að breyta því þannig, að þessum málum verði skipað með reglugerðarákvæði, svo sem nú er gert í lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Þykir eðlilegt og sjálfsagt að verða við óskum stjórnar happdrættis háskólans, og er efni þessa frv. það, að hlutatalan verði ekki bundin í lögum, eins og nú er, heldur ákveðin í reglugerð. Er þá að sjálfsögðu haft í huga, ef frv. verður samþykkt, að hámarkshlutatalan verði hækkuð í samræmi við óskir happdrættisstjórnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 57).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er tilefni þess það, að stjórn happdrættis Háskóla Íslands hefur farið þess á leit, að hlutatala happdrættisins verði hækkuð frá því, sem nú er, en hlutatalan hefur til þessa verið ákveðin með lögum. Í stað þess að hækka hlutatöluna frá því, sem nú er, og setja um það ný lög, er hins vegar lagt til í frv., að sá háttur verði hér eftir tekinn upp, að hlutatala happdrættisins verði ákveðin með reglugerð, svo að ekki þurfi að breyta lögum í hvert skipti, sem hlutatalan breytist. Þessi háttur er nú þegar hafður á, hvað snertir happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, eins og fram kemur í grg. fyrir frv.

Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og samkomulag er um það í n. að mæla með því, að frv. þetta verði samþ. N. er sammála um að fallast á, að sá háttur verði upp tekinn varðandi þetta atriði, sem frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 11. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 119).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. það, er fyrir liggur, er frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 4. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland. Frv. þetta er borið fram samkv. ósk Háskóla Íslands, og fjhn. hv. d. hefur haft það til meðferðar. Við þær umr. kom strax í ljós, að nm. voru allir á einu máli um að verða við óskum háskólans um að auka hlutafjölda happdrættisins. En hins vegar voru uppi um það raddir, að æskilegra væri máske að binda hlutafjöldann með lögum, eins og gert er í happdrætti S.Í.B.S., en ekki með reglugerðarákvæðum, eins og lagafrv. þetta gerir ráð fyrir, enda þótt að vísu séu fordæmi um það varðandi DAS-happdrætti. Mér var sem formanni fjhn. falið að ræða mál þetta við hæstv. fjmrh. og við háskólann, hvað ég og gerði, ræddi við hæstv. fjmrh. og talsmann

happdrættisstjórnar, prófessor Ármann Snævarr, og niðurstaðan af þeim viðtölum eru þær brtt., sem n. hefur orðið sammála um og lesa má á þskj. 119. Að efni til felst meginbreytingin í því, að hlutatalan er aukin frá því, sem áður var, úr 55 þúsundum í 65 þúsund, en hins vegar horfið frá þeirri reglu, sem frv. upphaflega gerði ráð fyrir, að ákvarða töluna aðeins með reglugerðarákvæðum. Í samræmi við þetta breytist svo og fyrirsögn frv., eins og fram kemur í nefndum brtt. — Það er samhljóða till. fjhn. hv. d., að frv. þetta, þannig breytt, verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 119,1 (ný 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 119,2 (ný 2. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 119,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 24. apríl 1957, um breyt. á l. nr. 14 4. apríl 1955, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Á 24. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 124).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 24. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 25. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv., sem er stjfrv., er flutt eftir ósk stjórnar happdrættis Háskóla Íslands. Í núgildandi lögum er svo fyrir mælt, að hlutatala í happdrætti háskólans megi vera 55 þús. hið mesta. Stjórn happdrættisins óskaði eftir heimild til þess að hækka þessa tölu, og var þá um tvær leiðir að velja. Önnur var sú að breyta lögunum þannig, að hámarkstalan skuli ákveðin með reglugerðarákvæði. Hin leiðin að breyta í lögunum þessari upphæð, 55 þús., til hækkunar. Stjórn happdrættisins óskaði fremur eftir því, að fyrri leiðin væri farin, og í samræmi við það var frv. flutt, eins og það í upphafi var lagt fyrir þessa hv. d., þannig að hlutatalan í happdrætti háskólans skuli ákveðin í reglugerð. Hv. fjhn. þessarar d. mælti með samþykkt frv. óbreytts. Þannig var málið afgreitt út úr þessari hv. d.
Fjhn. Nd. óskaði heldur eftir, að hin leiðin yrði farin, að hækka hlutatöluna úr 55 þús. upp í 65 þús., en hafa hana lögboðna eftir sem áður.
Varðandi önnur happdrætti hefur þetta verið sitt á hvað. Þannig er í lögum um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna höfð sú aðferð að ákveða hámarkstöluna með reglugerðarákvæði. Hins vegar í lögum um vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga er hámarkið lögákveðið. Ég tel í rauninni litlu skipta, hvor aðferðin er höfð, og tel enga ástæðu til að gera þetta mál að ágreiningsefni milli deilda og legg því til, að það verði samþ. og afgreitt héðan úr þessari hv. d. í því formi, sem Nd. afgreiddi það. Mér er kunnugt um, að stjórn happdrættis háskólans telur þá lausn mjög vel við unandi. Það er jafnt eftir þeirri leið sem eftir hinni fyrri orðið við óskum háskólans um að hækka hámarkstölu hlutamiðanna. — Ég vil sem sagt leggja til, að þessi hv. d. samþykki frv., eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 150).

---

2. Skemmtanaskattsviðauki.

Á 4. fundi í Ed., 14. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1961 [40. mál] (stjfrv., A. 40).

Á 6. fundi í Ed., 18. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í frv. þessu er lagt til, að innheimta megi á næsta ári sama álag á skemmtanaskatt og innheimt hefur verið um langt skeið undanfarið. Þetta eitt er efni frv. Það breytir í engu upphæð skemmtanaskattsins, eins og hann er nú, heldur gerir aðeins ráð fyrir heimild til áframhaldandi innheimtu á þeim viðaukum, sem nú eru á skattinum. Ég vona, að um málið verði ekki ágreiningur og það geti átt greiðan gang í gegnum þessa hv. d. Ég leyfi mér að óska þess, að málinu verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjhn.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt og sjálfsagt að framlengja skemmtanaskattsviðaukann, eins og hér er lagt til, að gert verði. Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs út af aths., sem ég vildi koma á framfæri hér í sambandi við skemmtanaskattinn.
Mér sýnist, að það geti verið mikil þörf á því að taka til endurskoðunar þær reglur, sem gilda um skemmtanaskatt. Það er ekki víst, að í því efni sé bein þörf nema að takmörkuðu leyti á beinum lagabreytingum. En í sambandi við það, að það er sýnilegt, að ýmsar tilraunir eru gerðar til þess að komast undan skemmtanaskatti, þá virðist vera óumflýjanlegt að taka það mál til athugunar. Ég á hér fyrst og fremst við það, að það gerist nú í æ ríkara mæli, a. m. k. hér í Reykjavík, að samkomuhús séu hætt að halda dansleiki, heldur séu þau höfð opin þar til kl. eitt að nóttu eða þann tíma, sem er hinn venjulegi tími, sem dansleikir standa. Þetta leiðir eðlilega til þess að enginn skemmtanaskattur er greiddur af þessum samkomum. Ég skal ekki segja um, hvaða áhrif þetta hefur á skemmtanaskattinn, en þó má ætla, að þau áhrif séu allmikil, vegna þess að ég hygg, að megin-

hluti skattsins sé af samkomum hér í Reykjavík og stærstu kaupstöðunum og þá náttúrlega bróðurparturinn héðan úr Reykjavík. Ég hygg sannast sagna, að sú tilhögun á samkomum, sem hér hefur tíðkazt að undanförnu í veitingahúsum, þ. e. a. s. þeim veitingahúsum, sem vínveitingaleyfi hafa, að hafa opið svo lengi sem raun ber vitni um án þess að selja aðgang, brjóti í bága við ákvæði áfengislaga um þetta efni. En hvernig sem því er háttað, þá hefur þetta þó verið liðið átölulaust, að því er virðist vera. Fyrst munu það hafa verið fá hús, sem þetta gerðu, en að sjálfsögðu hlaut þetta að draga þann dilk á eftir sér, að það yrðu fleiri hús, sem inn á þessa braut færu, og niðurstaðan mun vera sú, að flest þeirra samkomuhúsa, sem hafa vínveitingaleyfi, munu að töluvert miklu leyti hafa horfið frá því að halda dansleiki og hafa opið í þess stað, eins og ég gat um, venjulegan dansleikjatíma, en taka engan aðgangseyri.

Ég vildi í tilefni þess, að hér er til umræðu mál um skemmtanaskattinn, sem að sjálfsögðu er þess eðlis, að þetta kemur ekki beint til athugunar í sambandi við það frv., engu að síður beina því til hæstv. menntmrh., að hann tæki þetta mál til athugunar og þá framkvæmd á dansleikjahaldi, sem hér hefur verið upp tekin, því að ég er mjög hræddur um það, að ef svo heldur áfram sem hér hefur verið byrjað og í ríkara mæli, þá muni skemmtanaskatturinn sem tekjustofn rýrast svo stórkostlega, að þær stofnanir og sú starfsemi, sem lögum samkvæmt í ýmsum greinum á að byggja afkomu sína á þessum skatti, muni verða fyrir þungum áföllum af þeim sökum. Ég er viss um það, að hæstv. menntmrh. hefur fullan hug á að tryggja það, að þessi tekjustofn rýrni ekki. En ég vildi aðeins vekja athygli á þessu með það í huga, að tekið yrði til athugunar, hvort hugsanlegt væri að finna einhver úrræði í þessu efni, annaðhvort beinlínis með því að stöðva þá tilhögun á samkomuhaldi, sem hér hefur verið tekin upp og ég hygg að sé ekki lögum samkvæm, eða þá að farið verði inn á aðrar brautir til þess að tryggja, að skemmtanaskatturinn rýrni ekki af þessum sökum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur vakið athygli á atriði varðandi innheimtu skemmtanaskattsins, sem nauðsynlegt er að taka til rækilegrar athugunar. Það eru raunar ýmis atriði í sambandi við innheimtu skemmtanaskattsins, sem full þörf væri á að endurskoða. Einna stærst er einmitt þetta atriði, sem hv. þm. nefndi í ræðu sinni, að það hefur farið að tíðkast mjög undanfarin ár, að samkomur, sem áður var seldur aðgangseyrir að, eru nú ókeypis, en aðgangseyrir í raun og veru tekinn sem liður í verði þeirra veitinga, sem fram eru reiddar. Er nauðsynlegt að láta fara fram sérstaka athugun á því, með hverjum hætti unnt sé að koma í veg fyrir slíka sniðgöngu við skemmtanaskattinn, og mun menntmrn. efna til slíkrar athugunar nú á næstunni og flytja frv. um breyt. á skemmtanaskattsl., ef sérfróðum mönnum um þessi efni sýnist nauðsyn bera til lagabreytingar.

Það eru raunar fleiri atriði í sambandi við skemmtanaskattinn, sem ég fyrir mitt leyti tel fulla ástæðu til þess að breyta, svo sem því atriði, að skatturinn tekur nú ekki til alls landsins, nær ekki til allra landsmanna, heldur aðeins til bæja, sem eru fyrir ofan vissa stærð. Það er ekki eðlilegt að mínu viti, að menn séu þannig að vissu leyti ekki jafnir fyrir skattalögum, og skuli það, hvort menn greiða skatt eða ekki, fara eftir því, hvort menn búa í bæ, sem er fyrir ofan ákveðna lágmarksstærð eða undir henni. Annað atriði í sambandi við skattinn vildi ég nefna, og það er, að mér sýnist tími til kominn að endurskoða þau ákvæði, að greiða skuli skemmtanaskatt af öllum leiksýningum. Í nokkrum stærstu bæjunum eru starfandi leikfélög, sem greiða skemmtanaskatt af sýningum sínum, eins og um dansleiki eða söngskemmtanir og því um líkt væri að ræða. Þessi starfsemi berst í bökkum fjárhagslega. Í sambandi við hana er unnið mikið sjálfboðastarf og starfsemin yfirleitt með þeim hætti, að það ætti að koma til athugunar, hvort ekki væri ástæða til þess að undanþiggja hana skemmtanaskatti, eins og leiksýningar sjálfs þjóðleikhússins eru undanþegnar skemmtanaskatti. En öll þessi atriði er nauðsynlegt að athuga, og mun ég að gefnu tilefni frá hv. 6. þm. Norðurl. e. sjá svo um, að slík athugun fari fram, og þá skýra þessari hv. d. frá niðurstöðu hennar síðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 113).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér heimild til handa hæstv. ríkisstj. til þess að innheimta með viðauka skemmtanaskatt á næsta ári. Þessi heimild er óbreytt frá því, sem verið hefur í gildi undanfarin ár. N. hefur haft frv. þetta til athugunar og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed. eftir 3. umr. þar.

Á 26. fundi í Nd., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv., sem afgreitt var samhljóða í hv. Ed., felst það eitt að framlengja það álag, sem um mörg undanfarin ár hefur verið innheimt á skemmtanaskatt, og eftir sömu reglum og gilt hafa. Í þessu frv. felast því ekki tillögur um neinar breytingar á núgildandi innheimtu skemmtanaskatts. Vildi ég því leyfa mér að vænta þess, að frv. geti gengið greiðlega í gegnum hv. deild.

Í þessu sambandi og að gefnu tilefni við umr. í hv. Ed. vil ég þó láta þess getið við þessa hv. d., að nokkrir embættismenn hafa nú með höndum athugun á framkvæmd skemmtanaskattslaganna. Menntmrn. hefur veitt því athygli, að nokkur breyting hefur orðið á skemmtanahaldi eða öllu heldur dansleikjahaldi hér í Reykjavík undanfarið. Sú breyting hefur siglt í kjölfar þess, að nokkur veitingahús hafa fengið leyfi til þess að hafa opið til kl. 1 eða 2 að nóttu án þess að greiða af því skemmtanahaldi nokkurn skemmtanaskatt, og hefur þetta valdið nokkru misræmi á milli þessara skemmtistaða, þar sem er dansað, og annarra, þar sem einnig er dansað, en aðgangur er seldur að dansskemmtuninni. Þetta hefur orðið tilefni til þess, að rn. fól þeim embættismönnum, sem sérstaklega eru kunnugir innheimtu skemmtanaskattsins, að athuga, hvaða breytingar þyrfti að gera á framkvæmdinni, til þess að tryggt yrði, að skemmtanaskatturinn tæki jafnt til allra aðila, sem teljast mega halda skemmtanaskattsskyldan dansleik. Jafnhliða þessu fer fram athugun á því, hvort ekki sé orðið tímabært að láta skemmtanaskattinn ná til alls landsins, en svo sem kunnugt er, er hann ekki innheimtur á stöðum, þar sem íbúar eru færri en 1500. Þá hefur framkvæmd skemmtanaskattsins einnig verið hagað þannig, að leikstarfsemi er talin skemmtanaskattsskyld, en menntmrn. hafa undanfarið borizt mörg tilmæli frá leikfélögum um það að verða undanþegin greiðslu skemmtanaskatts, eins og þjóðleikhúsið er undanþegið greiðslu slíks skatts. Heimild hefur skort í lögum til þess að verða við slíkum tilmælum, en sanngirni virðist þó mæla með því, að a. m. k. þær leiksýningar, sem haldið er uppi af leikfélögum, sem starfa að staðaldri, verði undanþegnar skemmtanaskatti, eins og sýningar þjóðleikhússins eru það. Þá virðist vera hægt að endurbæta sjálfa innheimtu skattsins í ýmsum atriðum, og er það mál einnig til athugunar.

Það er hugsanlegt, að tillögur frá embættismönnunum um þessi efni, sem ég hef nú drepið á, liggi fyrir innan skamms, og mun þá annaðhvort verða tekinn sá kostur að skýra hv. menntmn. frá niðurstöðum þessarar athugunar og tillögum embættismannanna, eða tillögum ráðuneytisins, ef þær verða öðruvísi, eða þá þær verða klæddar í búning sérstaks frv., sem þá yrði lagt fyrir hið háa Alþingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 157).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 177).

---

3. Ríkisreikningurinn 1958.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958 [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, er um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958. Ríkisreikningurinn hefur verið endurskoðaður að vanda af yfirskoðunarmönnum, þeir gert sínar athugasemdir, þeim athugasemdum verið svarað af fjmrn. og yfirskoðunarmenn gert að lokum tillögur við ríkisreikninginn.

Ég vil taka það fram hér, sem segir á bls. 261 í ríkisreikningnum, með leyfi hæstv. forseta: „Fram skal tekið, að núv. fjmrh. hafði ekki með höndum framkvæmd þessara mála á því tímabili, sem hér um ræðir, en að sjálfsögðu munu ábendingar og athugasemdir yfirskoðunarmanna verða gaumgæfilega athugaðar.“

Niðurstöður ríkisreikningsins fyrir 1958 eru í stórum dráttum þær, að tekjur eða innborganir voru áætlaðar 807,1 millj. kr., en urðu 964 millj., m. ö. o., tekjurnar fóru u. þ. b. 157 millj. fram úr áætlun. Útborganir eða gjöld voru í fjárlögum áætluð 806,9 millj. kr., en urðu 936,7 millj., eða rétt tæplega 130 millj. meiri en áætlað var í fjárlögum. Greiðsluafgangur, sem hafði í fjárlögum verið áætlaður 238 þús., varð hins vegar samkv. þessu 27,3 millj. kr., þar sem tekjurnar fóru um 27 millj. kr. meira fram úr áætlun fjárlaganna en gjöldin fóru.

Ég vil leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 152).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hefur farið yfir ríkisreikninginn og borið niðurstöðutölur saman við frv., eins og það liggur fyrir, og eins og nál. ber með sér, þá leggur n. einróma til, að frv. verði samþ. og ríkisreikningurinn óbreyttur, eins og hann liggur fyrir.

Það er rétt að minnast á það í þessu sambandi, án þess að ég ætli að fara að ræða einstaka liði í athugasemdum yfirskoðunarmanna, að það eru tvö atriði í tillögum þeirra, sem þeir leggja til að sé vísað til aðgerða Alþingis. Er að sjálfsögðu eðlilegt, að vikið sé að þeim ábendingum.

Annað atriðið, sem þeir vilja að Alþingi fjalli um og geri einhverjar ráðstafanir í sambandi við, eru athugasemdir yfirskoðunarmanna í allmörgum liðum við fjárreiður ríkisútvarpsins. Það hefur svo verið um langan tíma, að yfirskoðunarmenn hafa alltaf gert allmargar athugasemdir við fjármál þeirrar stofnunar og hafa talið, að þeim væri í ýmsum efnum ábótavant, það væri lítt haldið sig við fjárlagaáætlanir og ráðstafanir á sjóðum ríkisútvarpsins, aðallega byggingarsjóði þess, væru með þeim hætti, að ekki gæti í alla staði talizt eðlilegt. Ég hygg, að varðandi þetta atriði sé nokkuð erfitt um vik fyrir Alþingi að gera sérstakar ráðstafanir. Þetta er stofnun, sem hefur sjálfstæðan fjárhag, þannig að það eru engar sérstakar fjárveitingar til hennar í fjárlögum, og því ekki hægt að binda starfsemi stofnunarinnar innan eins fasts ramma að þessu leyti eins og annarra stofnana, sem taka allt sitt fjármagn frá ríkissjóði. Ef á að vera auðið að hafa þarna þann hátt á, sem yfirskoðunarmenn telja, og koma við meira aðhaldi í sambandi við fjármál stofnunarinnar, þá verður það að minni hyggju að gerast með milligöngu þess ráðuneytis, sem stofnunin heyrir undir. Ég skal ekki fara að rekja þessar aths. yfirskoðunarmannanna varðandi ríkisútvarpið í einstökum atriðum. Það hafa verið gefin svör af hálfu stofnunarinnar við þessum aths., og í ýmsum greinum sýnist mér á þeim, að við athugasemdunum séu gefin viðhlítandi svör, en að öðru leyti tel ég, á þessu stigi málsins a. m. k., að það séu ekki tök á því fyrir Alþingi sem slíkt að fylgjast með rekstri þessarar stofnunar og verði að treysta því, að menntmrn. fylgist með því, að farið sé eftir áætlunum þeim, sem lagðar eru til grundvallar við samningu fjárlaga um útgjöld og annan rekstur stofnunarinnar.

Hitt atriðið, sem yfirskoðunarmenn leggja til að sé vísað til aðgerða Alþingis, snertir Tryggingastofnun ríkisins, og virðist, að því er bezt verður séð, efnislega vera um það, að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar þær byrðar, sem lagðar séu á ýmsa aðila og þá fyrst og fremst sveitarfélögin í sambandi við tryggingarnar. Það er bent á, að það séu útistandandi hjá sveitarfélögunum stórar fjárhæðir í vangreiddum iðgjöldum og gangi mjög erfiðlega að innheimta þessi gjöld, og það er skoðun yfirskoðunarmanna, að það þurfi að taka þetta til endurskoðunar. Að svo miklu leyti sem talið verður nauðsynlegt að gera það, þá hlýtur það að verða að gerast í sambandi við tryggingalöggjöfina, en ekki við afgreiðslu á ríkisreikningi sem slíkum. Ég skal ekkert um það dæma, hvort það er grundvöllur undir þeim ábendingum, að hér sé gengið svo langt, að hætt sé við, að tryggingakerfinu sé stefnt í hættu, vegna þess að þessir aðilar geti ekki greitt sín gjöld. Það er bent á það í svari frá Tryggingastofnun ríkisins eða félmrn., að iðgjaldainnheimtan sé ekki stórfellt vandamál, eins og það er orðað þar, og enn fremur, að gera megi ráð fyrir, að hún gangi betur, eftir að bætur til gjaldskyldra aðila, fjölskyldubætur, hafi verið auknar, en halda má eftir bótafé til greiðslu iðgjalda samkv. almannatryggingalögum. Það virðist því ekki vera vandamál gagnvart einstaklingunum, þetta atriði, en hins vegar þekkjum við auðvitað öll, að það eru erfiðleikar í sambandi við innheimtu tryggingaframlaga hjá sveitarfélögunum, og hefur í allstórum stíl verið að því horfið í sambandi við þá innheimtu, að tryggingarnar hafa lánað sveitarfélögunum beinlínis til þess að greiða hin lögboðnu iðgjöld til tryggingana. En eins og ég áður hef sagt, þá sýnist þessi aths. ekki gefa tilefni til þess, að málið sé frekar rætt í sambandi við afgreiðslu ríkisreiknings, heldur verði að takast til meðferðar í sambandi við almannatryggingalöggjöfina, og sé ég því ekki ástæðu til þess, að neinar sérstakar ákvarðanir eða samþykktir séu gerðar um það efni í sambandi við meðferð málsins nú.

Ég taldi rétt að minnast á þessi tvö atriði, af því að þeim er vísað til aðgerða Alþingis. En þar sem þau eru þess eðlis, að þau verða ekki sérstaklega tekin til meðferðar eða ákvörðunar í sambandi við ríkisreikninginn sem slíkan, eins og hann liggur fyrir, þá er það sem sagt niðurstaða n. að leggja til, að hann verði samþykktur óbreyttur.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Á borðum okkar alþm. hafa nú legið um skeið tvær bækur ekki svo litlar. Það eru ríkisreikningarnir

fyrir árin 1958 og 1959. Og er það vel og raunar þakkarvert, að ríkisreikningarnir fyrir þessi ár skuli þegar hafa verið lagðir fram í þinginu, því að ólíkt er það skemmtilegra að hafa fyrir framan sig ríkisreikninginn frá árinu áður heldur en þriggja eða fjögurra ára gamla reikninga, svo sem mér skilst að hafi verið venjan á undanförnum þingum. Hér hefur orðið á góð breyting, sem ég vil leyfa mér að þakka.

Ég hef verið að glugga í þessar stóru bækur, og mér þykir þær um margt vera girnilegar til fróðleiks og næsta forvitnilegar. Sá kapítuli þeirra, sem vakti þó einna mesta athygli mína, var kaflinn um ríkisábyrgðir. Þar eru allar ríkisábyrgðir taldar upp, og sú skrá nær yfir hvorki meira né minna en milli 30 og 40 blaðsíður í þessari stóru bók, og er þó skýrsla þessi prentuð með smáu letri. Í árslok 1958 voru ríkisábyrgðir, sem tóku til lána ýmissa aðila, um 1300 millj. kr. Síðan hefur þessi upphæð hækkað allverulega og mun nú vera nær sama upphæð og niðurstöðutala fjárlaga er. Greiðslur vegna ríkisábyrgðalána urðu á árinu 1958, samkv. reikningi þess árs, nær 24 millj., 1959 urðu þessar greiðslur nær 29 millj., og samkv. því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir hæstv. Alþ., er áætlað, að útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum, nemi 38 millj. kr. Ég get ekki að því gert, að mér finnst vera hér um varhugaverða þróun að ræða, og ég tel það illt, ef rétt er, sem menn þó bera í munn sér, að sá hugsunarháttur þróist með þjóð okkar, að lán með ríkisábyrgð þurfi hreint ekki að greiða. Ég vona, að þetta sé ekki þannig, því þegar svo er komið, að mönnum þykir jafnvel sómi að því að standa ekki við skuldbindingar sínar og að hafa skuldir sínar í vanskilum, þá er ekki að undra, þótt ýmislegt fari að hallast í þjóðlífi okkar.

Ég var að lesa skrána um ríkisábyrgðirnar fyrir árin 1958 og 1959. Þar kennir vissulega ýmissa grasa, og væri freistandi að ræða þessa skýrslu hér nokkuð ýtarlega, t. d. gera samanburð á því, hvernig þessar ríkisábyrgðir skiptast milli landshluta og einstakra kjördæma, og mætti sú athugun verða næsta lærdómsrík. En ég ætla ekki að fara út í það að þessu sinni. Ég vil aðeins benda á það, sem öllum þingheimi er kunnugt, að nær allar þessar ábyrgðir taka til lána, sem eru tekin af bæjarfélögum og hreppsfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum við sjávarsíðuna, í kaupstöðum og kauptúnum. Ég vek athygli á þessu ekki síst vegna þess, að hér á þessu þingi hafa farið fram miklar og næsta fróðlegar umræður um styrki, sem landbúnaðurinn fær frá hinu opinbera, og um fjárútlát ríkisins til þessa atvinnuvegar. Ég fæ ekki betur séð, þegar ég virði fyrir mér þessa stóru skýrslu um ríkisábyrgðirnar og þær stóru upphæðir, sem hafa verið greiddar úr ríkissjóði vegna vanskila á þessum lánum, en það séu fleiri en við sveitamennirnir, sem njóta styrkja frá hinu opinbera.

Eysteinn Jónsson: Það voru aðeins fáein orð út af því, sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði. Hann benti á, að hér væri á ferðinni reikningur fyrir 1958 og líka mundi liggja fyrir reikningur fyrir 1959 og það væri ánægjuleg breyting frá því, sem áður hefði verið. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að endurskoðaður reikningur með svörum liggur nú fyrr fyrir en áður hefur verið, og er ekki nema gott um það að segja. En það, sem hann sagði um þetta, gat valdið misskilningi. Það gat skilizt þannig, að það hefðu ekki legið fyrir á undanförnum árum reikningar fyrr en seint og um síðir yfir ríkisreksturinn. Þetta er misskilningur. Ríkisreikningarnir hafa yfirleitt verið snemma á ferðinni og hafa verið lagðir fram óendurskoðaðir, þannig að menn hafa getað fengið fullt yfirlit yfir reksturinn. Það er aðeins endurskoðunin, sem hefur dregizt. Og það er ágætt, ef á því er hert, að hún geti átt sér stað fyrr en verið hefur. Það hefur staðið á þeim endurskoðendum, sem kosnir hafa verið af Alþingi, en þeir hafa tekið kipp, og er það ágætt. Ég hefði ekki verið að kveðja mér hljóðs út af þessu, þó að ég telji gott, að þetta komi fram, að það er endurskoðunin, sem hefur verið hert á af hendi hinna þingkjörnu endurskoðenda, en ekki sjálf reikningsskilin. Þau hafa ekki dregizt undanfarið.

En þá vildi ég, fyrst ég er kominn hingað, segja fáein orð um ríkisábyrgðirnar. Hv. þm. þótti þær miklar, og þær eru mjög miklar og háar greiðslur, sem inntar eru af höndum vegna vanskila á þeim. Hv. þm. talaði helzt í þeim tón, að hér mundi vera komið í fullkomið óefni, og þó að hann færi ekki langt út í það, þá var fremur aðfinnsluandi í því, sem hann sagði út af þessu. Ég vil í sambandi við þetta um ríkisábyrgðirnar benda á örfáar staðreyndir, þó að ég hafi ekki þessa ábyrgðarlista fyrir mér eða vanskilalistana.

Í fyrsta lagi vil ég benda á, að það hefur verið venja undanfarið, ef settar hafa verið reglur um ríkisábyrgðir, t. d. fyrir hafnargerðum, rafveitum, síldarverksmiðjum, svo að ég nefni dæmi, og ýmsu þvílíku, að þá hafa þessar ríkisábyrgðir yfirleitt verið veittar öllum, sem til þeirra hafa átt rétt, en ekki valið úr eftir einu eða neinu aukasjónarmiði. Það hefur verið venja t. d. með hafnargerðir að takast á hendur ábyrgðir fyrir stofnlánunum til hafnargerðanna, þó að staðirnir hafi ekki getað sýnt fram á, þegar þeir fengu ábyrgðina, hvernig átti að ljúka hafnarmannvirkinu, og þó að þeir hafi ekki getað sýnt fram á, þegar þeir fengu ábyrgðina, að þeir gætu staðið undir vöxtum og afborgunum af skuldinni. Það hefur verið gengið í ábyrgðina, þó að þetta hafi ekki legið fyrir. Og hvers vegna hefur það verið gert? Það mætti segja, að slíkt væri ógætilegt. Það hefur verið gert vegna þess, að ef hinn hátturinn væri á hafður, að ganga ekki í ríkisábyrgð fyrir lánum t. d. til hafnargerða, nema fyrir fram væri hægt að sýna fram á, að staðið yrði við vexti og afborganir af skuldinni, hefði það þýtt, að það hefðu nær allar hafnargerðir á Íslandi verið stöðvaðar nú um áratuga skeið, því að hafnirnar eru yfirleitt allar byggðar upp í áföngum vegna fjárskorts og geta því mjög margar af þeim alls ekki staðið undir lánunum, fyrr en

máske 10—20 árum eftir að byrjað var á hafnargerðinni.

Þessi stefna hefur því að sjálfsögðu orðið til þess, að það hafa orðið mjög miklar ríkisábyrgðir fyrir hafnargerðir á landinu og stórfé, sem ríkið hefur innt af höndum í vexti og afborganir af þessum lánum fyrir sveitar- og bæjarfélögin. Þessi stefna hefur að minu viti verið sjálfsögð, því að það gat ekki komið til mála að taka þannig á þessu máli að neita um ábyrgðirnar, nema fyrir fram væri sjáanlegt, að staðið yrði í skilum með lánin. Það þyddi stöðvun á öllum þessum framkvæmdum. Ég vil nefna eitt dæmi, Þorlákshöfn, ekki fyrir það, að vanskil séu þar meiri en annars staðar, heldur vegna hins, að nú vilja allir helzt kenna sig mjög við Þorlákshöfn. Það sjá allir, hversu stórkostlegt það mál verður, þegar höfnin verður lengra komin, bæði fyrir Suðurlandsundirlendið og þjóðina alla, því að þar opnast að auki möguleikar til nýrra fiskimiða o. s. frv. Það hefur verið gengið í hverja ábyrgðina af annarri á undanförnum árum fyrir fjárframlögum til Þorlákshafnar, þó að alveg augljóst væri, að ekki var hægt að standa í skilum með lánin, á meðan verið væri að byggja höfnina upp. Ég nefni þetta sem dæmi. Ef þetta hefði ekki verið gert, væri ekkert búið að gera í Þorlákshöfn. Þá mætti nefna Sauðárkrók, sem hv. þm. er náttúrlega vel kunnugt um, og svo áfram svo að segja hverja einustu höfn á landinu.

Það er náttúrlega ákaflega auðvelt að koma og tala um hinar gífurlegu ríkisábyrgðir og þær geysilegu fúlgur, sem ríkið hafi orðið að leggja fram vegna vanskila hingað og þangað. En þetta hefur verið gert til þess að hrinda framkvæmdunum áfram. Ef ekki hefði átt að hafa þessa aðferð, þá hefði sjálfsagt orðið að fara þá leið, að ríkið sjálft tæki lán í þessar hafnir, og þá greiða af þeim eða borga meiri styrk til hafnargerðanna. En menn hafa talið, að sú regla væri ekki betri, það væri betra að nota ábyrgðarregluna, þó að henni fylgdi þessi annmarki, sem ég var að lýsa, og þá með það fyrir augum, að þegar þessar hafnargerðir komast í gagnið fyrir alvöru, þá muni þær geta, þótt seint og um síðir verði, staðið í skilum með það fjármagn, sem ríkið hefur lagt fram.

Alveg eins og um hafnargerðirnar hefur farið um rafveitufframkvæmdirnar, — alveg hliðstætt. Þar hefur mjög víða verið þannig ástatt, að augljóst var, að raforkuframkvæmdirnar gátu ekki skilað vöxtum og afborgunum strax. Það hlaut að dragast verulega, að þær gætu það. Samt sem áður hefur verið hiklaust gengið í ríkisábyrgðirnar og síðan lagt út stórfé vegna þessara raforkuframkvæmda víðs vegar um landið, — stórfé, og kallað vanskil og verið vanskil. Nú er sums staðar samt komið þannig, að þessar rafveitur, sem hafa verið þungar í skauti ríkissjóði á þennan hátt, eru farnar að greiða af þessum lánum. Farið er að semja um það, sem ríkissjóður hefur lagt fram þeirra vegna, og farið að greiða þetta niður. Ég man t. d. alveg sérstaklega eftir Andakílsvirkjuninni. Það var lagt út verulegt fé vegna hennar fyrstu árin. Ef neitað hefði verið ríkisábyrgð þá, nema fyrir lægi alveg ljóst, að það yrðu aldrei vanskil, heldur sú virkjun heldur aldrei komizt upp. En það var lagt út í hana, þótt augljóst hallí væri fyrst. Og það leið ekki á longu, þangað til su virkjun gat gert samning um að greiða þetta aftur. Og þó að þetta reyndist óvenjulega glæsilegt þar vegna þess, hve ljótt var hægt að selja alla orkuna, þá er þessu þannig varið annars staðar víða, að það eru stórkostleg vanskil fyrst, en lagast síðar. Og þá koma þessir peningar inn, þótt seint sé. En ef sú regla væri viðhöfð, — eins konar bankareglu skulum við nefna hana, við getum kallað hana það, — að taka alls ekki ábyrgðirnar, nema tryggt sé, að ekkert tjón verði af fyrir ríkissjóð, þá hefðu þessar framkvæmdir aldrei séð dagsins ljós.

Og þannig mætti halda áfram að telja. Það mætti ræða t. d. um síldarverksmiðjurnar í þessu sambandi. Ákaflega stórar fúlgur af því, sem lagt hefur verið út vegna ríkisábyrgða á undanförnum árum, er vegna síldariðnaðarins. Ég held, að það sé annar stærsti liðurinn. Þar kemur til t. d., að öll lán síldarverksmiðja ríkisins eru talin ríkisábyrgðarlán og allar þær gífurlega háu greiðslur, sem ríkissjóður hefur innt af höndum á undanförnum áratugum vegna síldarverksmiðja ríkisins, eru taldar undir vanskilum á ríkisábyrgðarlánum. Alveg sama er auðvitað að segja um það, sem lagt hefur verið út fyrir aðrar síldarverksmiðjur. Oft hefur ekki verið hægt að koma þessum verksmiðjum upp nema fá tiltölulega stutt lán, einlega of stutt lán, en samt hefur verið lagt í það til þess að þurfa ekki að stöðva framkvæmdirnar, og hefur það þá, ef ekki hefur gengið því betur með vinnsluna, viljað brenna við, að vanskil hafa átt sér stað.

Ég nefni þessa þrjá flokka ríkisábyrgða, hafnargerðarábyrgðirnar og rafstöðvaábyrgðirnar og síldarverksmiðjuábyrgðirnar, því að á þessum ábyrgðum öllum hafa orðið mikil vanskil og mest af hinni stóru fúlgu er vegna þessara þriggja tegunda ábyrgða.

Nefna mætti hér ríkisábyrgðir fyrir byggingarsamvinnufélög, sem er alveg gífurleg fúlga samanlagt, en á þeim ábyrgðum hafa sama og engin tjón orðið. Það hafa sama og engin vanskil orðið á þeim lánum. Enn fremur ábyrgðir fyrir fiskiðjuver og vinnslustöðvar fyrir sjávarútveg og landbúnað. Á þeim ábyrgðum hafa ekki almenn vanskil orðið. Yfirleitt hefur verið farið upp í 60% af andvirði fiskiðjuvera og vinnslustöðva. Ábyrgðalán vegna skipakaupa eru mjög stór liður, einkum togarakaupa. Það hafa margir staðir verið studdir víðs vegar um landið með því að ábyrgjast lán fyrir togarakaupum, t. d. allt upp í 90%, og þar hafa orðið stórkostleg útlát víða.

Ef menn vilja taka upp alveg nýja stefnu í ríkisábyrgðamálunum, og ef þetta, sem menn tala svo mikið um nú, hvað það sé glæfralegt að ganga í ábyrgðir og leggja svo mikið út vegna þeirra, þýðir, að það eigi að fara að taka nú upp alveg nýja stefnu í þessu og synja t. d. fátækum bæjar- og sveitarfélögum og fyrirtækjum víðs vegar um landið um ríkisábyrgð

fyrir uppbyggingu ýmiss konar, eins og gerð hefur verið á undanförnum árum, þá þýðir það tvímælalaust svo að segja algera stöðvun á framfaraþróuninni úti um land. Þetta skulu menn gera sér ljóst. Í þessum byggðarlögum, sem hafa verið byggð upp með stuðningi ríkisábyrgða, er svo lítið fjármagn heima fyrir, að ef það ætti að fara strangt í þetta og taka alveg fyrir að ganga í ríkisábyrgð fyrir hafnargerðum og margs konar öðrum framkvæmdum og fyrirtækjum fyrir þessi pláss, þýðir það algera stöðvun á þeirri framfarasókn, sem þar hefur verið haldið uppi og að verulegu leyti hefur byggzt á þessum stuðningi ríkisvaldsins.

Ég er alveg sannfærður um, að þjóðarbúskapurinn hefur ekki tapað á þessu, heldur þvert á móti. Ég er alveg sannfærður um, að ef lítið er á þessa ríkisábyrgðastefnu, sem er talað nú svo mikið um, og framkvæmd hennar í heild, athuguð áhrif hennar á þjóðarbúskapinn og framleiðsluna yfir höfuð og uppbygginguna úti um land, þá hefur orðið stór ávinningur af því að framkvæma einmitt þessa ríkisábyrgðastefnu. Hitt er annað mál, að það hafa auðvitað orðið í þessu einstök óhöpp, sem ætíð geta komið fyrir. En þegar á heildina er litið, tel ég þetta tvímælalaust. Það var til að koma þessu sjónarmiði á framfæri, sem ég vildi segja þessi fáu orð í tilefni af því, sem hv. þm. sagði um það gífurlega tjón, sem orðið hefur af ríkisábyrgðunum. Ég held, að það þurfi að athuga það mál vel ofan í kjölinn, áður en því er slegið föstu, að þar eigi að verða alger breyting á.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er svo sjaldan, að við fáum tækifæri til þess í hv. d. að ræða nokkuð við stuðningsmenn hv. ríkisstj. um hennar efnahagsmál, að það er ekki nema eðlilegt, að við notum tækifæri til þess, þá sjaldan það gefst.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. gerði hér aths. út af ríkisreikningnum fyrir 1958 og mælti þar nokkur orð um, að það væri ekki efnilegt, hvernig menn stæðu í skilum með það, sem þeir ættu að borga, þær væru 24 millj. kr., vanskilagreiðslurnar, sem hefðu ekki orðið inntar af hendi árið 1958. Á árinu 1959 munu þetta vera 28 eða tæpar 29 millj. kr. Það hefur sem sé sízt farið batnandi, síðan ný stjórnarsamsteypa tók við í landinu, og heildarlistinn yfir allar þessar ábyrgðir ríkissjóðs er rúmlega hálfur annar milljarður, — 1 milljarður og 572 millj. — í árslok 1959. Og mér skildist á hv. þm., að hann vildi gefa til kynna, að þetta væri ekki rétt góð þróun, og þar sem meginið af því væri viðvíkjandi sjávarsíðunni, þá bæri ekki að vera að tala neitt um það, þó að landbúnaðurinn kynni eitthvað að skulda eða eitthvað verið að ganga í ábyrgðir fyrir hann.

Það er alveg rétt, að það hefur verið stefna íslenzka ríkisins um allmarga áratugi að reyna að hjálpa atvinnuvegunum í landinu, jafnt landbúnaði, sjávarútvegi sem öðrum. M. ö. o.: ríkinu hefur að vissu leyti verið stjórnað með það fyrir augum, að þess máttur, t. d. til lánveitinga, ábyrgða og annars slíks, kæmi atvinnulífinu að haldi, þannig að hægt væri að byggja upp atvinnulíf á Íslandi sem víðast og viðhalda því atvinnulífi. En þegar verið er að gefa okkur áminningu út af því, að landsbúar standi ekki rétt vel í skilum, þá er ekkert undarlegt, þó að við veltum ofur lítið fyrir okkur, hvernig þeir muni standa í skilum í ár, — ég tala nú ekki um næsta ár, m. ö. o., hvort það séu einhver líkindi til þess varðandi það, sem hv. þm. var að kvarta yfir að væri heldur slæm þróun, að það mundi eitthvað verða snúið við á þeirri braut á næstunni.

Hver er afstaða núv. ríkisstj., og hvernig er núv. ríkisvaldi beitt í þessum efnum? Það skyldi ekki undra mig, þótt það yrði allmiklu meiri upphæð á árinu 1960 og þó alveg sérstaklega á árinu 1961, ef ekkert yrði breytt til, sem ríkissjóður yrði að greiða vegna ríkisábyrgðarlána. Og það væri raunar nokkuð fróðlegt að fá nú þegar upplýsingar hjá hæstv. fjmrh., — ef hann sæist nú, — þegar ríkisreikningarnir eru ræddir, — um það, hvernig þróunin sé í þessum málum núna. Undanfarin ár og áratugi hefur það þó verið svo, að ríkið hefur ofur lítið verið að reyna að hjálpa til í þessum efnum. Hvernig er það núna? Nú er það þannig, að það er beinlínis ríkisstj., sem reynir að setja fyrirtækin á hausinn. Það eru gerðar sérstakar ráðstafanir af hálfu ríkisstj., — vísvitandi glæpsamlegar ráðstafanir, — til þess að reyna að setja sem flest fyrirtæki í landinu á hausinn með því að hækka vextina upp í 12%, sem vitað er, að enginn atvinnurekstur í eðlilegu þjóðfélagi yfirleitt þolir. Ég er þess vegna hræddur um, að það, sem hafi gerzt í ár, sé, að það séu frekar fleiri fyrirtæki en færri, sem hafi farið á hausinn í þessum efnum. Og það er ekki nóg með, að ríkisstj. hafi gert slíkar ráðstafanir, að hækka þannig vextina og gera mönnum miklu erfiðara með að standa í skilum. Jafnframt hefur ríkisstj. gefið bönkunum alveg sérstök fyrirmæli, og þau fyrirmæli eru á þá leið, að bankarnir skuli draga úr sínum útlánum, m. ö. o., að þeir skuli, þvert á móti því að hjálpa atvinnurekstrinum í landinu og reyna að gera honum mögulegt að starfa, þá skuli þeir gera ráðstafanir til þess að láta fara að ganga að honum, og máske alveg sérstaklega þegar í hlut eiga þau fyrirtæki, þar sem t. d. bæjarfélög eða aðrir slíkir eða einhverjir smákarlar hér og hvar úti á landi eiga hlut að máli. Það eru máske gerðar undantekningar, ef það eru t. d. ríkir samflokksmenn eða stórskuldugir samflokksmenn hv. 2. þm. Norðurl. v., þá eru kannske gerðar undantekningar. Ég hef áður spurt hér að því, hvernig standi með þessa hluti. Sá maður er horfinn af þinginu núna, sem hefði kannske getað gefið sérstaklega góðar upplýsingar í þessum efnum, hv. 3. varaþm. Austf. En það væri fróðlegt fyrir okkur að fá umr. um það hér, hvernig ástandið er með þessa hluti, þegar að völdum situr ríkisstj., sem virðist beinlínis vera að skipuleggja hrun í landinu.

Það er vitanlegt, að svo og svo mikið af öllum fyrirtækjum, sem við sjávarútveg fást, sérstaklega bátunum, er nú þegar meira eða minna á uppboði. Það eru máske sum fyrirtæki, sem eru ekki auglýst, en ég veit ekki, hvort þau standa nokkuð betur í skilum en hin.

Ég kann þess vegna hálfilla við, að það sé verið að gefa svona áminningar hér í þessum efnum úr stjórnarliðinu. Ég sé ekki betur en það sé vitandi vits verið að vinna að því að setja sem mest af íslenzkum atvinnurekstri á hausinn, sérstaklega í sjávarútveginum, að það sé verið að vinna að því að eyðileggja þann grundvöll, sem sjávarútvegurinn starfar á, bæði efnahagslegan og mér liggur við að segja líffræðilegan, — á ég þar við að undirbúa að hleypa Bretunum inn í landhelgina.

Ég held þess vegna, að það komi úr hörðustu átt, ef það er verið að koma með nokkrar siðferðilegar bollaleggingar út af þessum málum, út af vanskilaskuldum hjá þeim mönnum og bæjarfélögum og öðrum aðilum á Íslandi, sem hafa reynt að gera eitthvað á undanförnum árum, frá þeirri ríkisstj. og hennar fylgdarliði, sem er beinlínis að reyna að koma þessu öllu í kaldakol, máske til þess að einstaka menn geti að sama skapi keypt upp ódýrt. Það er þegar farið að bera á því, að þeir menn, sem hæstv. ríkisstj. lætur lána út úr bönkunum, hvernig sem þeir annars standa þar, þeir kaupa upp eignir, m. ö. o. einn maður, sem skuldar í bankanum, er settur á hausinn, annar maður, sem skuldar í bankanum, fær aukin lán í bankanum til þess að kaupa eignir hins fyrir gjafverð. Í gamla daga mundi þetta hafa verið kallað fyrirsát og að ræningjar hefðu þetta með höndum. Núna fer ránskapurinn fram á miklu siðaðri hátt. Nú koma menn sér saman um það í einni ríkisstj., að það skuli taka upp slíka pólitík, að menn skuli ekki fá lán nema með 12% vöxtum og jafnvel einu sinni varla það, og svo skulu bankar ganga að ákveðnum mönnum og setja þá á hausinn, síðan skuli aðrir menn fá lán úr bönkunum til þess að kaupa upp eignir hinna fyrir gjafverð. Það þarf ekki að setja skammbyssu fyrir brjóstið á neinum manni til að gera þetta. Þetta er bara gert með því að skrifa upp á nokkra víxla — jákvætt á suma þeirra, en neikvætt á suma þeirra — af hálfu bankastjóranna. Þessi ránskapur er að verða reglan í íslenzkum peningamálum nú sem stendur. Svo koma hér þm. utan af landi, sem mega vita það, ef þeir hugsa nokkurn skapaðan hlut um, hvað er að gerast í íslenzkum stjórnmálum, að það er verið að undirbúa að eyða landsbyggðinni, — eyða landsbyggðinni vitandi vits, — og þm. stjórnarflokkanna eru þá heimskari en ég held, ef þeir gera sér ekki ljóst, að verið sé að stefna að þessu. Og svo koma þessir menn og segja: Þetta er óttalegt með þessar vanskilaskuldir. Þarna eru hreppar og alls konar útgerðir hér og hvar úti um allt land, sem standa ekki í skilum. Það er eins og menn hafi engan áhuga fyrir að borga sínar skuldir. — Á sama tíma eru þeir að taka þátt í að styðja ríkisstj. eða stjórnarpólitík, sem gerir mönnum ómögulegt að standa í skilum. Sannleikurinn er, að það er ekki bara gagnvart útgerðarmönnum, bæjarfélögum, hreppum og öðru slíku, sem verið er að leika þennan leik. Þennan leik er verið að leika jafnvel gagnvart einstaklingum hér í Reykjavík og alls staðar úti um allt land. Það fjölgar með degi hverjum þeim uppboðum, sem haldin eru t. d. á íbúðum manna hér, vegna þess m. a., að menn séu að missa vinnu, menn geti ekki lengur t. d. unnið eftirvinnu, eins og menn gjarnan vildu gera hér áður, til að vinna fyrir sínum íbúðum, vegna þess að ríkisstj. rekur þá pólitík, sem stefnir beint að atvinnuleysi, sem þegar er byrjað víða úti um land og er að byrja hér í Reykjavík, — vitandi vits, vegna þess að það væri vitlaus maður, sem sæi ekki afleiðingarnar af þeirri pólitík, sem hún rekur. Það er þegar farið að selja hér fokheldar íbúðir á verði, sem er undir því, sem kostað hefur að gera þær, þannig að þeir menn, sem eru í náðinni hjá yfirvöldunum, fá aðstöðu til þess að safna eignum á fáar hendur nú, og það er það, sem er tilgangurinn með núverandi ríkisstjórnarpólitík, að koma öllum eignum á Íslandi á fárra manna hendur.

Ég vildi minnast á þetta, fyrst einn hv. stjórnarþm. fór að taka til máls um fjármál og um það, hvernig vanskilaskuldirnar væru, og virtist vera eitthvað undrandi á þeirri þróun. Ég held, að það sé nauðsynlegt, ef einhver af hv. þm. stjórnarliðsins hefði ekki gert sér ljóst, hvert stefndi með þessu, að það kæmi til með að síga nokkuð *meir og hraðar* á ógæfuhliðina með þeirri stjórnarpólitík, sem nú er verið að framkvæma, og það er bezt fyrir menn að gera sér ljóst í tíma.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að bjóða hæstv. forseta velkominn aftur í forsetasætið úr utanlandsferð sinni.

Það er nú gömul saga að ræða um ríkisreikningana á hverju ári, eins og það er einnig gömul saga, að flest af því, sem sagt er um það mál, hefur raunverulega ekkert gildi, því þó að haldið sé uppi gagnrýni á ýmislegt, sem skeð hefur, þá er sú gagnrýni lítils virði, þegar hv. alþm. samþykkja athugasemdalaust reikningana ár eftir ár. Það er því raunverulega heldur leiðinlegt verk að ræða um jafnalvarlegt atriði og það m. a., sem hér hefur skeð, að hæstv. þáv. fjmrh. hefur leyft sér að greiða 20% af útgjöldum ríkisins án þess að hafa nokkra heimild til þess, eins og sést á ríkisreikningnum. Það eru tæpar 160 millj., sem eru greiddar hér utan fjárlaga, en fjárl. hafa ákveðið, að greiða mætti 807 millj. kr. Það sýnir náttúrlega gersamlegt ábyrgðarleysi hjá þeim hæstv. ráðh., sem hefur farið með þessi mál, að leyfa sér slíka hluti, og er raunverulega alveg óskiljanlegt, að hæstv. Ed. skuli hafa látið fara frá sér reikninginn athugasemdalaust og allir hv. þm. þeirrar hv. d. samþ. þetta gerræði, sem ég álít að hafi verið framið hér í sambandi við fjármál ríkisins.

Ég var að blaða í þessari miklu bók og sé, að endurskoðendur landsreikninganna hafa, eins og venja er til, gert allmargar athugasemdir við reikninginn. Þeir hafa fengið við þeim svör frá hæstv. ríkisstj. og síðan sett sínar aths. aftan við, þar sem stendur ýmist: „til eftirbreytni framvegis", „til athugunar framvegis" eða „til aðgerða Alþingis", og þessar athugasemdir eru svo að segja við hvern lið ríkisreiknings þess, sem hér liggur fyrir til umr. Ég skal ekki fara hér út í hin einstöku atriði

og engin af þeim, sem gerðar eru aths. við „til eftirbreytni framvegis" og „við svo búið má standa", en mér þykir rétt að segja hér nokkur orð um þá liði, þar sem sagt er: „til aðgerða Alþingis". En það eru liðirnir nr. 17—22 í ríkisreikningnum og enn fremur liðirnir 48—51.

Ég vildi í þessu sambandi mega beina þeirri fyrirspurn til hv. fjhn., sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, hvernig hún skilji þessar aths. endurskoðendanna. Skilur hún það svo, að það sé hennar skylda að taka þessi sérstöku atriði til athugunar og benda Alþ. á, hvort ástæða hafi verið til þess að vísa þessu til Alþingis, og þá hvort það sé ástæða til að gera einhverjar ráðstafanir í sambandi við þessa sérstöku liði? Eða telur hún sig ekki hafa skyldu til þess eða heimild til þess að glugga nokkuð meira í þessi mál? Mér hefur fundizt, að það væri algild regla hér á hæstv. Alþ., að deildir teldu sér ekki koma við þessi mál, þó að athugasemdunum væri vísað til hv. Alþ. Og ég sé það á nál. á þskj. 152 frá hv. fjhn. Ed., að þeirri ágætu nefnd finnst, að hún þurfi ekkert um þessi mál að hugsa: „Nefndin hefur athugað frv. og borið saman við ríkisreikninginn, og leggur n. til, að frv. verði samþ. óbreytt." M. ö. o.: hún sýnist leggja blessun sína yfir 154 millj. kr. greiðslu úr ríkissjóði, án þess að hæstv. ráðh. hafi haft til þess nokkra heimild.

Ég veit ekki satt að segja, hvað á að þýða að vera að leggja slíka reikninga fyrir Alþingi, láta fara fram um þá 6 umræður, tvær nefndir að athuga reikningana og skila svo frá sér slíku áliti eins og hér hefur verið gert, eftir að endurskoðendurnir hafa vísað ákveðnum mikilvægum atriðum til aðgerða Alþingis. Ég skal ekki ræða efnislega neina þessa liði við þessa umr. og bíð eftir því að sjá, hvort hv. fjhn. þessarar hv. d. hyggst hafa sömu vinnubrögð um þetta mál og ég sé að hefur verið gert í hv. Ed., — og komi þaðan álíka nál., þar sem engar athugasemdir eru gerðar, þá geymi ég mér að sjálfsögðu allan rétt til þess að ræða þessa liði efnislega. En ég vænti þess, — og það var þess vegna, sem ég tók til máls hér, — að hv. fjhn. þessarar hv. d. athugi alveg sérstaklega alla þessa liði, sem er vísað til aðgerða Alþingis, og leiðbeini okkur öðrum hv. þm., hvernig við eigum að greiða atkv. um þá liði sérstaklega. Nú sé ég, að hv. formaður n. er ekki hér inni, en mér er ljóst, að hæstv. forseti d. á sæti í n., og vænti því, að hann minnist á þetta mál, þegar frv. kemur til meðferðar í hv. fjhn.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða hina einstöku liði reikningsins. En hvað snertir það atriði, sem hér hefur verið rætt um, ríkisábyrgðirnar, þá get ég ekki verið sammála hv. 3. þm. Reykv. um það, að það sé einhver goðgá að minnast á þau mál. Það er orðinn óhugnanlega hár liður í ríkisrekstrinum að greiða vanskilaskuldir þeirra aðila, sem hafa ekki greitt samkv. samningum við ríkisstj. þær skuldir, sem hún hefur tekið ábyrgð á. Ég get ekki heldur verið sammála hv. 1. þm. Austf. um, að hér eigi að fara svo að segja takmarkalaust í ábyrgð fyrir ríkissjóðinn. Það er alveg rétt, sem hann tók fram um mikið af þeim framkvæmdum, sem hafa verið gerðar og hefðu ekki verið gerðar, ef ríkissjóður hefði ekki veitt þessar ábyrgðir, að þeir, sem bær hafa fengið, hafa greitt inn til ríkissjóðsins eftir öðrum leiðum stórar fjárfúlgur, og það hefði ekki verið hægt að koma þessum verkum í framkvæmd, nema ríkið hefði aðstoðað þessa aðila sérstaklega, eins og hann benti á hvað snerti hafnirnar. En ég vil í sambandi við það einnig benda á, að það hefur enginn hv. þm. átalið slíkt. Það er samkv. ákvæðum í lögum, að ríkissjóður skal skyldugur til þess að ábyrgjast hafnarframkvæmdir 60%. En það eru ýmsar aðrar framkvæmdir, sem ríkissjóður hefur tekið ábyrgð á og hafa verið miklu óhentugri og miklu hættulegri. Ég er ekkert að ásaka hæstv. fyrrv. ríkisstj. eða hæstv. fyrrv. fjmrh., þó að hann hafi gefið út sumar af þeim ábyrgðum, en ég vil benda á, eins og ég benti á á sínum tíma, þegar ég var hér áður á þingi, að það var aldrei neitt vit í, að ríkissjóður tæki að sér ábyrgð á 85—90% af nauðsynlegu framlagi í áhættusama atvinnugrein, sem hefði engan fjárhagslegan grundvöll, ef ekki var lagt fram nema 10—15% frá þeim aðilum, sem áttu að starfrækja og bera ábyrgð á fyrirtækjunum. Og ríkisstjórnin verður sannarlega að athuga nánar þá liði, þar sem svo langt er gengið í ábyrgðum af ríkissjóði þar sem vitað er, að aðilar, sem slík fríðindi öðlast, hafa sáralitla eða enga löngun til þess að standa við sínar skuldbindingar. Þegar þeir hafa getað fengið ábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 90% af kostnaði til framkvæmdarinnar, þá er búið að ganga svo langt í ríkisábyrgðum, að það er ekki neinn snefill af viti í að gefa slíkar ábyrgðir.

Ég skal láta þetta nægja í þetta sinn, — vil svo aðeins svara því til hv. 3. þm. Reykv. að mótmæla þeim fullyrðingum, sem hann hefur sagt um það, að hæstv. núv. ríkisstj. sé að skipuleggja atvinnuleysi í landinu, fjárhagslegt hrun. Það eru álíka órar og þegar hann er að ræða um Bandaríkin og hernámið og slík áhugamál, sem virðast hafa ruglað eitthvað hans ágæta heilabú, en þá getur hann jafnan ekki setið á sér að fara ekki út í margvíslegar öfgar, og ber þá fram margvíslegar fullyrðingar, sem ekki fá staðizt.

Forseti (JóhH): Ég leyfi mér að þakka hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) fyrir hlýja kveðju í minn garð. Ég vil láta í ljós ánægju yfir því að sjá hann nú aftur kominn til þingstarfa, en hann var sjúkur og fjarverandi, þegar ég fór, og ég óska honum góðrar heilsu við framhald þingstarfanna.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það voru fáein orð út af því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði. Ég held, að hann hafi misskilið þetta skjal, sem hér liggur fyrir, þ. e. a. s. frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958, því að hann tók niðurstöðutölur þess og sagði, að frv. sýndi, að umframgreiðslur, sem hefðu verið inntar af höndum án heimilda 1958, væru hvorki meira né minna en 154 millj., fór svo hörðum orðum um það, sem von var, ef honum fannst þetta liggja fyrir, að nokkur ríkisstj. hefði leyft sér að borga 154 millj. umfram, án heimilda. Ég held, að hv.

þm. hafi misskilið þetta alveg, eins og ég skal nú sýna fram á.

Það er nefnilega ekki nægilegt að líta á þetta frv. til að fella dóm um þetta, vegna þess að það er venja, — gömul venja, býst ég við, — að setja þetta ríkisreikningsfrv. upp á þann hátt, að það eru teknar útborganir undir 28. liðinn, teknar útborganir úr sjóði og innborganir í sjóð. Þar koma undir ýmsir viðskiptaliðir, sem ekkert eiga skylt við venjulegar fjárveitingar eða útgjöld og tekjur eða skylt við það, hvort greitt er umfram heimildir í fjárlögum eða ekki.

Ég skal skýra þetta með fáeinum orðum, til þess að þessi mynd verði skýr.

Ef við lítum á rekstrarreikninginn fyrir 1958, kemur í ljós, að fjárveitingar á honum eru 721 millj., en útborganir alls á rekstrarreikningi eru 739 millj., þ. e. a. s., það eru 18 millj. fram yfir. Ég veit, að það eru lægstu umframgreiðslur, sem nokkurn tíma hafa komið til greina tiltölulega, miðað við fjárveitingar. Það er að vísu dálítið, vegna þess að það er nokkur fúlga þarna til dýrtíðarráðstafana, sem þurfti ekki að nota í því skyni, en að öðru leyti er það af því, að áætlanir fjárlaganna á útgjaldaliðum hafa reynzt þannig nær lagi en stundum áður.

En síðan komum við að hinum hluta reikningsins, þ. e. a. s. eignahreyfingunum, því sem er ekki fært á reksturinn. Þá kemur fyrst kafli, sem eru fjárveitingar á eignahreyfingum, sem voru samtals á fjárlagafrv. 85 millj. 782 þús. En þessir liðir reyndust 88 millj. 638 þús. eða m. ö. o. 3 millj. hærri en fjárveitingarnar til þeirra sömu liða. Þetta sést efst á bls. 123 til hægri. En ef við lítum svo á, í hverju þessar umframgreiðslur liggja, þessar 3 millj. og 100 þús., sem hafa orðið á þessum liðum, kemur í ljós, að þær eru einmitt allar á ríkisábyrgðunum, og það eru ekki umframgreiðslur án heimildar, því að ríkinu er skylt að greiða sínar ábyrgðir. Það er bara áætlunartala, sem hefur reynzt of lág. Það er ekki hægt að deila á neinn fyrir að láta greiða nauðsynlegar greiðslur vegna ríkisábyrgða. Þannig eru umframgreiðslur í venjulegri merkingu á 20. gr., þ. e. a. s. á þeim köflum hennar, sem fjalla um fjárlagagreiðslurnar, engar, ef við drögum þennan ábyrgðamismun frá.

Þetta er hvort tveggja nokkuð óvenjulegt, því að það hefur oft viljað verða þannig, að þó að menn hafi ekki borgað ólöglega, þá hafa orðið umframgreiðslur. En umframgreiðslur eru ekki allar ólöglegar greiðslur, því að það er fjöldinn allur af lögum, sem segir, hvað eigi að borga. Síðan er áætlað í fjárl., hvað muni þurfa, og það verður að greiða eftir lögum, þó að það kunni að vera miklu meira en það, sem áætlað er í fjárl. Það getur því enginn þm. verið þekktur fyrir að slá því föstu, að umframgreiðsla hljóti að vera greidd án heimildar.

En þá eru það allir hinir liðirnir, sem koma mismuninum á frv. svona hátt, eins og hv. þm. benti á. Hvernig stendur á því, að þetta frv. um ríkisreikninginn skuli við fyrstu sýn benda til, að þetta, sem hv. þm. sagði, gæti átt rétt á sér?

Ég skal nú lesa þá liði, sem koma þar til greina og gera það að verkum, að þessi mismunur verður þarna svo mikill á fjárlögum og reikningi. Það er fyrst eignaaukning og aukið rekstrarfé ríkisstofnana. Fyrir því er engin fjárveiting og er aldrei, en þetta er til orðið þannig hjá bæði ríkiseinkasölunum og fleiri stofnunum, að það hafa aukizt hjá þeim birgðir, kannske vörubirgðir og alls konar rekstrarfé. Þá kemur það þarna út sem gjaldaliður, þó að það sé aldrei í fjárlögum gert ráð fyrir slíku, því að stundum minnkar rekstrarféð og stundum eykst það. Hér er því ekki um neinar umframgreiðslur að ræða eða neitt, sem líkist slíku, þó að þetta komi í reikningshaldinu á „eignahreyfingar út". Þá er lagt í húsbyggingarsjóð áfengisverzlunarinnar 366 þúsundir, sem er líka fé, sem áfengisverzlunin fær að halda og setja í þennan sjóð af sínum hagnaði. Þá er til byggingar landsspítala 3 millj. 675 þús., sem tekið er að láni, kemur þarna sem útgjaldaliður á eignahreyfingum. Það er ekki umframgreiðsla, því síður heimildarlaus greiðsla, því að þetta er gert eftir heimild í fjárlögum á 22. gr. Loks koma veitt lán, og það er mjög há fjárhæð. Það er til ýmissa 4 millj. 812 þús. Það er allt samkv. heimildum, sérstökum heimildum í 22. gr. og á fleiri stöðum. Og svo er til sementsverksmiðju, rafveitna ríkisins, Sogsvirkjunarinnar samtals um 14 millj., sem eru aðflutningsgjöld, sem þessar stofnanir áttu að borga, en með sérstöku fjárlagaákvæði var heimilað að lána þeim. Það er fært tekjumegin, með tekjum ríkissjóðs, og svo aftur sem lán til þessara stofnana á 20. gr. og er því langt frá því að vera umframgreiðsla í venjulegri merkingu þess orðs, því síður gert án heimildar. Það er greinilega heimilað og ráðgert í fjárlögunum að hafa þetta svona. Þá er bráðabirgðagreiðsla til raforkusjóðs, sem er bráðabirgðalán, sem raforkusjóði var lánað um áramótin, en aftur hefur verið jafnað eftir stutta stund og mun standa í sambandi við úthlutun til framkvæmda af erlendu lánsfé, um 12 millj.

Þá er liður, sem heitir „greitt af lausaskuldum", 34 millj. 322 þús., og kemur það sem „útgjöld" líka á frv. og er inni í þeirri fúlgu, sem hv. þm. taldi að hefði verið greidd án nokkurrar heimildar úr ríkissjóði. Það er hreinlega lækkun á lausaskuldum ríkissjóðs um 34 millj. Það er afar hart, að hv. þm. skuli rísa upp með miklum þjósti og kalla það með stórsökum að lækka lausaskuldir ríkissjóðs um 34 millj. og 300 þús. En reikningslega kemur það svona út, því að það er ekki gert á fjárlögum ráð fyrir því að lækka lausaskuldirnar. Það ræðst, hvort efnahagurinn verði þannig, að það reynist mögulegt.

Ef maður lítur á þetta blessaða plagg, sem heitir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum, þá geta menn í flýti ályktað, að þarna væri um venjulega umframgreiðslu að ræða. En það þarf að líta aðeins á, hvað þetta er í raun og veru, áður en dómurinn er felldur.

Loks er liður, sem heitir „greitt af geymdu fé". Það eru 26 millj. og það eru ekki greiðslur í neinu heimildarleysi, heldur eru það fjárveitingar fyrri ára, sem hafa verið geymdar,

ekki notaðar þá, en menn eiga aðgang að eða hafa átt aðgang að á þessu ári. Og á móti er svo annar póstur, sem er kallaður „geymslufé" eða ónotaðar fjárveitingar og er nákvæmlega 26 millj. líka. Það er nú raunar tilviljun auðvitað, að þetta skuli standast alveg á tölulega. Þessir liðir á 20. gr. eiga í sjálfu sér ekkert skylt við ríkisútgjöld þess árs, sem reikningurinn er gerður fyrir, en kemur samt inn í reikningsskilin auðvitað eins og allt það, sem útborgað er.

Þarna eru 60 millj., sem greiddar eru af lausaskuldum og greitt af geymdu fé, og ekkert eiga skylt við, að fé hafi verið greitt án heimildar. Þetta fannst mér nauðsynlegt að kæmi fram. Það er því alveg byggt á misskilningi, að þarna hafi orðið umframgreiðslur í stórum stíl. Þvert á móti hefur verið óvenjulega lítið um þær.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hafði hér þau orð áðan, að það hlytu að vera tómir órar hjá mér, að ríkisstjórnarpólitíkin mundi leiða til atvinnuleysis og hruns, eða eins og ég orðaði það, að ríkisstj. væri að skipuleggja atvinnuleysi og hrun. Ég hef nokkrum sinnum minnzt á það hér, að sú lánsfjárstefna, sem ríkisstj. rekur, hennar alræði í lánamálum, hennar okurstarfsemi og hennar alræði í útflutningnum, það, hvernig hún hindrar alla möguleika landsmanna til þess að bjarga sér sjálfir, að þetta mundi leiða til þess, að hér yrði atvinnuleysi og hér yrði efnahagslegt hrun, m. ö. o.: svo og svo mikið af smáatvinnurekendum mundi missa sínar eignir og það mundi verða lífskjararýrnun og atvinnuleysi hjá alþýðu manna.

Ég hef sagt, að ég áliti, að þetta hlyti að vera vísvitandi hjá ríkisstj., að hún stefndi að þessu. Það væri svo glöggt, að þetta yrði afleiðingin af hennar pólitík, að maður gæti ekki ætlað hæstv. ráðherra svo vitgranna, að þeir sæju það ekki. Þess vegna hef ég notað orðalagið, að ríkisstj. væri að skipuleggja atvinnuleysi og hrun. Ríkisstj. hefur allt vald yfir íslenzkri verzlun og allt vald yfir íslenzkum lánsfjármálum, og ef afleiðingarnar af hennar pólitík með þessu alvelda hennar verða atvinnuleysi og hrun, þá lít ég svo á, að þetta sé hún vísvitandi að skipuleggja, af því að ég frýi þeim ekki vits, ráðherrunum.

Nú segir hv. 1. þm. Vestf.: Þetta eru órar. Það er alveg óhugsandi. — Nú veit ég hins vegar ekki nákvæmlega, hvort hann meinar, að það sé óhugsandi, að þetta verði afleiðingin af pólitík ríkisstj. eða að það sé óhugsandi, að þetta sé það, sem ríkisstj. stefni að því að skapa. Og nú vildi ég spyrja hv. 1. þm. Vestf.: Álítur hann, að pólitík ríkisstj. hafi tekizt, eða álítur hann, að pólitík ríkisstj. hafi mistekizt, ef það verður atvinnuleysi og hrun? Ég álít, að pólitík ríkisstj. hafi tekizt, ef það verður atvinnuleysi og hrun, vegna þess að ég geng út frá því, af því að ég ætla þessum mönnum fullt vit, að þeir stefni að því að fækka þeim mönnum á Íslandi, sem eiga atvinnutæki, fækka þeim mönnum, sem eru bjargálna, og setja þeirra eignir og nýjar eignir í hendurnar á fáum ríkum mönnum, jafnvel eignir, sem bæjarfélög eða ríkið hefur átt. Ég álít, að þetta sé stefnan. Einn þátturinn í því að skapa og koma fram þessari stefnu er að rýra kjör hjá almenningi, þannig að hann hugsi ekki lengur til að verða bjargálna, og gera hann atvinnulausan. Og ef þetta verður afleiðingin af pólitík ríkisstj., sem mér virðist liggja í augum uppi að hver maður hljóti að sjá, þá held ég, að pólitík ríkisstj. hafi tekizt frá hennar sjónarmiði. Hins vegar virtist mér hjá hv. 1. þm. Vestf., að hann hugsaði á gamaldags máta, eins og hann má raunar hugsa sem þm. fyrir Vestfirði, því að það yrði ekki mikið eftir af þeim, þegar svona pólitík væri búin að standa nokkurn tíma á Íslandi, — mér virtist hann hugsa upp á nokkuð gamaldags máta, ef hann héldi, að ríkisstj. ætti að hugsa um það t. d., að fátækir hreppar úti um allt land, smáútgerðir hér og hvar, gætu blómgazt; og svo framarlega sem það yrði ekki, þá hlyti pólitík ríkisstj. að hafa mistekizt, vegna þess að ríkisstj. gæti ekki gengið neitt annað en gott til gagnvart þessum aðilum. Vill þess vegna hv. 1. þm. Vestf. svara mér: Álítur hann, að pólitík ríkisstj. hafi mistekizt, ef hér verður atvinnuleysi og hrun? Og ætlar hann þá, ef hennar pólitík hefur mistekizt að hans áliti, að hætta að styðja hæstv. ríkisstj.? Ég veit, að það mun ríða henni að fullu, og ég vil ákaflega gjarnan hafa einhverja hugmynd um það, hvort ríkisstj. hefur fylgi í sölum Alþ. fyrir því að leiða atvinnuleysi og hrun yfir Íslendinga eða hvort það finnist góðir drengir í hennar hóp, menn, sem hafa svo mikla ábyrgðartilfinningu gagnvart atvinnuþróuninni á Íslandi, að þeir muni rísa upp, ef þetta verður afleiðingin af hennar pólitík. Og ég held satt að segja, að við þurfum ekki að bíða lengi eftir að sjá þá afleiðingu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég tek að sjálfsögðu með þökkum þeim upplýsingum, sem hv. 1. þm. Austf. gaf hér í sambandi við ríkisreikninginn. Það út af fyrir sig raskar ekki hinu, að ég óska mjög eftir því, að hv. fjhn. segi álit sitt um þá liði, sem sérstaklega er vísað til aðgerða Alþingis í sambandi við greiðslurnar, og skal ekki ræða það atriði nánar á þessu stigi málsins.

Hvað snertir fyrirspurn frá hv. 3. þm. Reykv., þá vil ég fyrst og fremst benda honum á, að það eru hreinir órar, að nokkurt atvinnuleysi sé fram undan. Það sýnir bara, hvernig hans heilabú er, að hann getur ekki hugsað sér annað en atvinnuleysi, af því að ákveðin stjórn situr hér að völdum, þó að hann viti, að það er útilokað að manna út heilan hóp af togurum, sem verða að liggja hér bundnir, vegna þess að það er ekki hægt að fá menn til að starfa á þeim. Þetta bendir ekki til þess, að það sé að verða eitthvert atvinnuleysi í landinu. Og ef hann vill athuga þær atvinnuleysisskýrslur, sem liggja fyrir, þá mun hann geta séð, að það er ekkert nálægt því, að hér sé um atvinnuleysi að ræða. Þess vegna er allt of fljótt fyrir mig að fara að svara um það, hvort ég vil halda áfram að styðja ríkisstj., sem hann heldur að

sé að skapa atvinnuleysi í landinu, en ég veit að ekki á sér stað í veruleikanum. Ég vil einnig leyfa mér að beina því til hv. þm.: Hefur hann gert sér ljóst, hve mikla erfiðleika sú stjórn, sem hann studdi, vinstri stjórnin, skildi hér eftir og hvernig sú stjórn var búin að torvelda stórkostlega trausta fjárhagslega þróun, og alveg sérstaklega, hvernig hún var búin að eyðileggja álit landsmanna og vilja um að halda áfram að starfa á eigin ábyrgð um afkomu framleiðslunnar? Er það þetta, sem hann hefur alveg gleymt? Hvers vegna sagði mikill meiri hluti þjóðarinnar við síðustu kosningar: Aldrei aftur vinstri stjórn? (**Gripið fram í:** Hún sagði einmitt: Aftur vinstri stjórn.) Það var vegna þess, að hún vissi, að vinstri stjórnin gafst upp við að leysa vandann. Hvers vegna hélt ekki vinstri stjórnin áfram fram af brúninni, eins og hæstv. þáv. forsrh. lýsti að hann væri að fara með hina flokkana með sér? Og hvers vegna var ekki þessi flokkur einmitt, Alþb., hvers vegna vildi hann ekki ljá þáv. forsrh. lið til þess að halda áfram, ef ske kynni, að hann gæti snúið við og færi ekki fram af brúninni með öll atvinnumál í landinu?

Ég get sagt hv. þm. það, að skömmu eftir uppgjöf vinstri stjórnarinnar átti ég persónulegt samtal við Hermann Jónasson. Tjáði ég honum, að ég ásakaði hann ekkert fyrir það, þó að hann gæti ekki lagað vandann, því að það þarf meira en meðalmann til þess að laga fjárhagsmál þjóðarinnar og erfiðleika með slíkan flokk við hliðina á sér eins og Alþb. En hitt ásakaði ég hann fyrir, að leggja ekki sjálfur fram fyrir sína hönd og síns flokks ákveðin úrræði um það, hvernig ætti að leysa vandann, í stað þess að þjóta í burt úr stjórninni. Og svar Hermanns Jónassonar var, að það hefði verið samningsrof við Alþb. að bera fram tillögur, jafnvel þó að þær væru skynsamlegar og nauðsynlegar, svo lengi sem þeir héngu í stjórninni.

Þegar þjóðin vissi um þetta, sagði hún réttilega: Aldrei aftur vinstri stjórn, sem semur um, að foringinn megi ekki bera fram skynsamlegar tillögur í vandamálum, — aldrei framar menn, sem setja það inn í stjórnarsamningana á bak við tjöldin, að ekki megi bera fram á Alþ. nægilega skynsamlegar tillögur til þess að bjarga frá voðanum. — Heldur hv. 3. þm. Reykv., að það sé þessi samfylking, sem ég vil styðja til þess að leysa þann vanda, sem nú er fyrir höndum, — þann vanda, sem 99% var skapaður í stjórnartíð vinstri stjórnarinnar? Og það hefði verið allt annað að eiga við að halda áfram uppbyggingu hér í þessu landi, ef sú óhamingja hefði ekki skeð hér, að vinstri stjórnin sat við völd í nærri tvö og hálft ár.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er aðeins stutt athugasemd, fyrst við erum komnir út fyrir ríkisreikningana, en hins vegar er það svo sjaldan, sem við fáum tækifæri til að ræða hér við þm. stjórnarliðsins, að það er ekki nema von, að það sé notað.

Hv. 1. þm. Vestf. svaraði ekki minni spurningu, hvort hann áliti, að pólitík ríkisstj. hefði tekizt eða mistekizt, svo framarlega sem atvinnuleysi yrði, og hvort hann mundi hætta að styðja ríkisstj., svo framarlega sem atvinnuleysi yrði. Hann sagði aðeins, að það væru hreinir órar, að atvinnuleysi sé fram undan. Ef við færum nú saman t. d. fljúgandi til Ísafjarðar á morgun, hvað mundum við þá reka okkur á fyrst, ef við færum að athuga, hve blómlegt atvinnulífið væri þar núna? Ef við gengjum niður að hraðfrystihúsinu, sem Ísfirðingur hefur þar, og sæjum slagbrandana þar fyrir dyrunum sem afleiðingu af pólitík ríkisstj., sæjum atvinnuleysið, sem væri að byrja þar, ef við flygjum svo frá Ísafirði til Siglufjarðar, af því að nefndin, sem bæjarstjórn Siglufjarðar sendi hingað með fulltrúum allra flokka í bæjarstjórninni til þess að tala við ríkisstj., mun víst ekki hafa talað neitt við okkur tvo, — ef við heimsæktum þá og spyrðum, hvernig ástandið væri þar, hvernig skyldi það vera? Ætli það sé ekki að byrja sams konar atvinnuleysi á Siglufirði núna og það, sem þjáði Siglufjörð allan tímann frá 1950 og fram til 1956, þegar menn voru að flýja þaðan burt, lokuðu íbúðum sínum, skildu þær mannlausar eftir og gátu ekki selt þær, eða þegar atvinnuleysi var, eins og hann þekkti bezt og var þá að berjast hér út af sjálfur, eins og það var á Bíldudal á þeim árum, 1952 og þar í kring? Það er þetta ástand, sem er að byrja aftur úti um land og magnast, ef sú afturhaldspólitík í fjármálum, sem ameríska auðvaldið smeygir hér inn á Íslandi, nær einhverjum tökum á að stjórna hérna. Hv. 1. þm. Vestf. veit eins vel og ég, að þeirri efnahagspólitík, sem nú er tekin upp á Íslandi, er fyrst og fremst stjórnað af einum manni í stjórnarráðinu, sem er efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. og beinn útsendari Alþjóðabankans hér á Íslandi, og að þessi efnahagspólitík og framkvæmdin á henni er skilyrði fyrir öllum þeim lánum og öðru slíku, sem stjórnin er að betla um í Ameríku. Og nákvæmlega sama var ástandið eftir 1950, þegar lán voru tekin þar þá, þegar annar efnahagsmálasérfræðingur, sem hét annað, var hér og skapaði það ástand, sem hv. þm. kannast ósköp vel við og hann þurfti sjálfur að vera að berjast á móti, neyðarástandið á Bíldudal, sem þá var.

Það er ekki nóg með, að þetta atvinnuleysisástand sé að byrja úti á landi. Þetta atvinnuleysisástand er að byrja hérna í Reykjavík núna. Það þarf ekki annað en ganga hér á milli t. d. mannanna, sem hafa með byggingar að gera, til þess að spyrja þá að því, hvað þeir leggi í margar nýjar byggingar núna. Og það endist ekki eilíflega að ljúka þeim gömlu. Það er að byrja hérna líka. Svo framarlega sem hv. 1. þm. Vestf. heldur, að þetta séu órar úr mér, þá er honum farið að fara eitthvað svipað og þeim manni, sem var atvmrh., ef ég man rétt, eða fjmrh. hérna, — ég á við Björn Ólafsson, — í samstjórn Framsóknar og Sjálfstfl. 1951 og neitaði því, að það væri atvinnuleysi í Reykjavík, þannig að það urðu mörg hundruð verkamenn daginn eftir að fara til hans upp í Arnarhvol til þess að sýna honum atvinnuleysingjana í Reykjavík. Ég held þess vegna, að við

ættum ekki að deila sérstaklega mikið um þetta.

Togararnir eru ekki bundnir hér núna, nýju togararnir, vegna þess að það fáist ekki neinir menn á þá. Þeir eru bundnir vegna þess, að þeir eru að drepast, þeir sem eiga þá, undir afleiðingum gengislækkunarinnar. Við fórum ekki þannig að, þegar við vorum að hjálpast að við að kaupa togara til Íslands fyrir 15 árum, að við dengdum á þá menn, sem höfðu lagt í það sína peninga að kaupa togara hingað, gengislækkun, þannig að togararnir væru orðnir óstarfhæfir af fjármálalegum ástæðum, þegar þeir kæmu hingað heim. En það er það, sem var gert núna. Þeir togarar, sem kosta núna 40 millj. kr., og menn verða svo að standa undir vöxtum, sem eru kannske upp í 12%, þá þarf ekki neina manneklu eða neitt slíkt til að leggja þeim í kirkjugarðinn hérna. Við getum gengið saman hér niður í togarakirkjugarðinn til þess að sjá nýjustu togara Íslendinga þar. Og það hefur þó aldrei verið meiningin og hefur aldrei skeð áður, þegar við höfum haft eitthvað með það að gera að reyna að útvega Íslendingum togara, að það sé farið beint með nýjustu og beztu togarana í kirkjugarðinn. Það er afleiðingin af pólitík núv. ríkisstj. Það þarf ekki að kenna neinum verkamönnum um það. Þessi ríkisstjórn hefur fengið mesta starfsfrið, sem nokkur ríkisstjórn á Íslandi hefur nokkurn tíma fengið til að sýna afleiðingarnar af sinni pólitík, vegna þess að þessar afleiðingar þurftu að fá að koma í ljós. Þessar afleiðingar eru svo glæpsamlegar gagnvart þjóðinni.

Ég ætla ekki að þreyta þolinmæði forseta meira að sinni. Við fáum hvort sem er alltaf tækifæri til að talast við.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það var út af ummælum hv. 1. þm. Vestf., sem ég kvaddi mér hér hljóðs til þess að gera örstutta athugasemd við ræðu hv. þm.

Hv. þm. hélt því fram, að þjóðin hefði sagt: Aldrei framar vinstri stjórn. — Ég vil benda þessum hv. þm. á, að það var enginn flokkur í þessu landi, sem stóð eins vel að þeirri stjórn og Framsfl. Það var heldur enginn flokkur í þessu landi, sem fékk eins mikla fylgisaukningu í kosningunum á s. l. ári og Framsfl. Þetta segir allt annað en þessi hv. þm. vildi vera láta.

Hv. þm. hélt því fram, að það væri verið að fást við erfiðleikana frá vinstri stjórninni. Sannleikurinn er hins vegar sá, að s. l. ár var lifað á sjóðunum, sem vinstri stjórnin skildi eftir. Vegna þess að þeir eru nú upp étnir, er verið að fást við erfiðleika frá núverandi valdasamsteypu, sem þessari hæstv. ríkisstj. ætlar ekki að takast að leysa, þó að hv. þm. héldi því fram, að nú væri verið að leysa vandann. Hvaða vanda er búið að leysa í efnahagsmálum íslenzku þjóðarinnar? Vandinn er aldrei meiri en nú, eftir að stjórnarliðar hafa farið með völdin í landinu í tvö ár. Það eru því öfugmæli í meira lagi, sem þessi hv. þm. hélt hér fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 4, n. 198).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1958, hefur verið til athugunar hjá fjhn. hv. d., og hafa tölurnar verið bornar saman við ríkisreikninginn. Sjálfar niðurstöðutölur ríkisreikningsins gætu sjálfsagt gefið tilefni til einhverra hugleiðinga, en ég mun ekki víkja að því að þessu sinni. Hins vegar hefur fjhn. séð ástæðu til þess að vekja athygli á tveim till. yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna. Hin fyrri er við 17.—22. gr., sem varða rekstur ríkisútvarpsins og viðtækjaverzlunar ríkisins, en hliðstæðar athugasemdir þessu hafa birzt í ríkisreikningunum frá yfirskoðunarmönnunum um langt árabil. Ég held, að mér sé óhætt að segja, að fyrst hafi eitthvað hliðstætt þessu komið fram árið 1948 og síðan árlega. Önnur athugasemdin er varðandi greinarnar 48—51 og snertir Tryggingastofnun ríkisins, atvinnuleysistryggingasjóð og lífeyrissjóð togarasjómanna. Þessar eða hliðstæðar athugasemdir hafa einnig um alllangt árabil verið í ríkisreikningnum, að vísu ekki jafnlengi og hinar fyrri, en þó mjög lengi, og hefur fjhn. talið rétt að beina því til ríkisstj. að taka þessi atriði sérstaklega til athugunar.

Fjhn. hefur annars orðið sammála um að mæla með því við hina háu deild, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Jón Pálmason: Herra forseti. Fyrst þannig hittist á, að ég er mættur hér á Alþ., þegar þessi ríkisreikningur er til meðferðar, þykir mér ástæða til að segja um hann nokkur orð.

Menn vita það, að á hverjum tíma eru reikningsskilin, hvort sem er hjá einstökum félögum eða stærri heildum eins og ríkinu, bezta sönnunin um það, hvernig hafi verið með málin farið á því ári, sem reikningsskilin eru gerð fyrir.

Þessi ríkisreikningur er þess vegna bezta sönnunin um það, hvernig stjórnarfarið var á því ári, sem hann er fyrir, á árinu 1958, og þó má segja, að reikningurinn gefi þar ekki fullnægjandi skýringar á, vegna þess að inn á hann vantar áreiðanlega eina allra stærstu stofnun ríkisins, sem er útflutningssjóður. Eins og kunnugt er, var ríkissjóðnum skipt í tvennt árið 1956 og annar hlutinn kallaður útflutningssjóður og inn á hann færð öll gjöld, sem eru og hafa verið til dýrtíðarráðstafana, niðurgreiðslu á vöruverði, útflutningsuppbóta o. s. frv. Nú er það svo, að við yfirskoðunarmenn gerðum um það athugasemd 1956 og 1957, að reikningur þessa sjóðs er ekki á ríkisreikningnum, eins og vera ber, en fengum þau svör, að

það þætti ekki ástæða til að hafa hann þar með, enda þótt reikningshaldari, sem er okkar ríkisbókari, væri þeirrar skoðunar, að okkar skoðun í þessu efni væri rétt. Nú hefur það komið í ljós, þegar einstakir menn eru að bera saman ár, að þá tala sumir þeirra og skrifa á þá leið eins og þessi sjóður sé ekki til eða hafi ekki verið til. Útgjöld ríkisins á árinu 1958 eru, eins og menn sjá á reikningnum, samkvæmt sjóðsyfirliti 945 millj. kr., en útgjöld útflutningssjóðs voru á þessu ári 692 millj. kr., eða samtals útgjöld ríkisins að þessu samtöldu 1637 millj. kr.

Með þessu er þó sagan engan veginn öll sögð, því að í fyrsta lagi er þess að geta, að útflutningssjóður var lítil stofnun fram til þess, að lög voru sett, hin alþekktu lög 29. maí 1958, um gífurlega skatta á þjóðina til þessa sjóðs og uppbætur langt umfram það, sem áður hafði þekkzt. Þessi löggjöf hafði þess vegna ekki verið í gildi nema hálft árið 1958. En hún var í gildi allt árið 1959, og þá kom fyrst að fullu í ljós, hvaða þýðingu hún hafði árið allt. Auk þessa er þess að geta, sem ég hef oft vikið að áður, að reikningar ríkisins hafa verið lengi færðir þannig og eru, að útgjöld ríkisins eru í raun og veru mörg hundruð milljónum króna hærri en fram kemur í samlagningu reikningsins. Þetta stafar af því, að fjöldi af stofnunum ríkisins er gerður upp þannig, að það er tekið inn í samtölu reikningsins aðeins mismunur á tekjum og gjöldum. Þannig er þetta með allar hinar stóru ríkisstofnanir, sem tilheyra 3. gr. fjárlaga. Þannig er þetta með öll sjúkrahús ríkisins og margar fleiri stofnanir, þar á meðal þrjár veigamiklar og dýrar stofnanir, sem eru raforkumálin, flugmálin og Tryggingastofnunin.

Hæstv. fimrh. vék að því um daginn við fjárlagaafgreiðsluna, að þetta væri í athugun. En ég geri ráð fyrir því, að það muni engin ríkisstjórn jafnvel þora að breyta þessu í það horf að taka inn á ríkisreikning samtölu af öllum gjöldum og öllum tekjum, vegna þess að það þýddi í samlagningu geysilega hækkun á útgjöldum frá því, sem hefur verið, og það væri gott verkefni fyrir þá menn, sem hafa tilhneigingu til að blekkja með óraunhæfum samanburði.

Varðandi annað, sem hér kemur til greina og athugasemdir okkar yfirskoðunarmannanna varðandi þennan reikning beinast sérstaklega að, þá er það mjög svipað og verið hefur á undanförnum árum, að það eru aðallega þrjú meginatriði, sem við höfum gert athugasemdir um og við teljum að sýni óreiðu í stjórnarfari. Það eru í fyrsta lagi umframgreiðslur frá ákvörðun fjárlaga. Það eru í öðru lagi sífellt vaxandi óinnheimtar tekjur í árslok. Og það eru í þriðja lagi sívaxandi útlán hjá ríkisstj. til hinna og þessara hluta, sem hætt er við að innheimtist illa, og samfara því mjög vaxandi ríkisábyrgðir. Þetta þrennt er það, eins og menn geta séð, ef þeir lesa okkar athugasemdir, — þessir þrír flokkar eru það, sem okkar aðfinnslur beinast fyrst og fremst að.

Þessu frv. um afgreiðslu ríkisreikningsins 1958 fylgja, eins og hv. þm. vita, fjáraukalög upp á 140 millj. kr., og hefur svo verið um langa tíð, að fjáraukalög eru svo há, að það gefur ákaflega illa bendingu um það stjórnarfar, sem ríkt hefur og náði hámarki á árinu 1958.

Þau fjáraukalög, sem fylgja þessum reikningi, eru eins og venjulega í þremur flokkum.

Í fyrsta lagi eru það stofnanir á 3. gr. fjárlaga, og hækkunin þar frá fjárlögum er hvorki meira né minna en 27 millj. kr., enda er það svo um sumar þessar stofnanir, eins og við yfirskoðunarmenn höfum margoft bent á, að þær haga sér þannig eins og engin fjárlög séu til og er þó ríkisútvarpið í því efni langverst.

Í öðru lagi eru svo umframgreiðslur á rekstrarreikningi, sem sé á 7.—19. gr., og umframgreiðslurnar á rekstrarreikningi, sem fylgja þessum ríkisreikningi, eru 63 millj., og sýnir það, að þar er margt nokkuð sukkkennt á því ári, sem hér er um að ræða. Ég skal ekki fara mikið út í það að rekja þetta, ef ekki er gefið til þess sérstakt tilefni, en menn geta séð það á reikningsfrv. sjálfu, á fjáraukalögunum og á þeim athugasemdum, sem við höfum gert varðandi þetta. Ég skal aðeins nefna eitt dæmi, og það er umframgreiðslan á 19. gr., sem er samkvæmt fjáraukalögunum hvorki meira né minna en 8.4 millj. Þar á meðal er, eins og við bendum á í athugasemd, greiðsla til 38 nefnda, sem er á milli 1200 og 1300 þúsund, og í þessari syrpu allri er að mínu áliti ljótasta sukkskýrsla, sem sézt hefur á ríkisreikningi frá því fyrsta, að ég fór nokkuð um þá að fjalla.

Varðandi óinnheimtar tekjur, þá eru þær sívaxandi, og því miður er það svo, að það er hjá flestum stofnunum meira og minna. Stærstu upphæðirnar samkvæmt þessum reikningi eru í fyrsta lagi 40 millj., sem eru óinnheimtar hjá embættismönnum ríkisins, sýslumönnum, bæjarfógetum og tollstjóra, og var þó niður fellt á þessu ári meira en nokkru sinni hefur áður þekkzt, sem sé á fimmtu milljón kr., sem ófáanlegt. Í öðru lagi eru það hjá símanum 8 millj., hjá tóbakseinkasölunni 12.6 millj., hjá skipaútgerðinni 5.8 millj., flugmálunum 4.4 millj., vélasjóði ríkisins 5.9 millj., hjá sölunefnd setuliðseigna 7.6 millj. Og svo kemur stóra rúsínan, sem er langhæst af öllum þessum óinnheimtu tekjum, og það er hjá tryggingastarfseminni. Hjá Tryggingastofnuninni sjálfri eru óinnheimtar tekjur 48 millj., hjá atvinnuleysistryggingasjóði 17.2 millj. og hjá lífeyrissjóði togarasjómanna rúmar 4 millj. Það lakasta í þessu er, að það kemur í ljós, að það verður í þessu sambandi ákaflega mikil hlutdrægni á milli þeirra, sem skilvísir eru, og hinna, sem borga ekki, því að það er svo á þessu ári og hefur reyndar verið svo áður, að það eru mörg sýslu- og bæjarfélög, sem borga alltaf skilvíslega upp, en önnur standa ekki í skilum, eiga ógreitt kannske alveg ársframlagið og sum meira. Þetta hlýtur fyrr eða síðar að hafa það í för með sér, að þetta fer enn vaxandi og er mjög hættulegt atriði.

Þá er í þriðja lagi, sem ég skal aðeins víkja að, að það hefur verið sívaxandi og kannske aldrei meira en á þessum árum lánað út fé til hinna og þessara framkvæmda, — og mér skilst, að það haldi áfram enn, — sem fært er að vísu

ríkinu til eigna, en hætt er við, að illa gangi að innheimta. Það er t. d. færð til eigna enn öll sú syrpa, sem kölluð hefur verið atvinnubætur, og ég geri ekki ráð fyrir, að gangi vel að innheimta þær upphæðir víðast hvar, enda hefur fjöldi manna skilið það svo jafnvel, að það þyrfti aldrei að borga sumt af því fé. Eins er um það, sem fært er á 20. gr. sem eignahreyfingar, þá er það allt saman — öll þau lán — fært sem eign hjá ríkinu, en er einskisverð eign margt þar og þar á meðal þær stóru upphæðir, sem á síðustu árum hefur orðið að greiða vegna vanskila á ábyrgðarskuldum.

Að lokum skal ég svo aðeins geta þess, að samkvæmt þessum reikningi er það eitt alvarlegasta atriðið, að ríkisábyrgðirnar hafa þotið upp mjög geigvænlega á þessum síðustu árum, og ég hygg, að svo sé enn.

Ég vildi nú rétt aðeins víkja að þessum atriðum hv. alþm. til skýringar, úr því að ég er hér staddur, en að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þennan reikning, nema eitthvert sérstakt tilefni gefist til.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að svara hv. síðasta ræðumanni mörgum atriðum, en ég hef ástæðu til að ætla, að það kunni að vera líkt með farið fleiri atriði eins og eitt, sem ég þekki nokkuð vel og veit, að hér var illa sagt frá. Hann leyfði sér, hv. þm., að tala um sukk og óreiðu í sambandi við óinnheimtur og nefndi til dæmis um það vélanefnd ríkisins. En hann lét það ógert að skýra, hvernig þessu er og hefur verið farið. Þessar óinnheimtur þar eru einfaldlega það, sem skurðgröfur vélasjóðs hafa unnið úti um sveitir landsins, og það er margra ára gömul venja, sem hefur skapazt með samkomulagi, að greiðslur fyrir slíka vinnu hafa verið inntar af hendi með greiðslu jarðræktarframlags, þegar það hefur fengizt greitt eftir áramót, venjulega komið nærri vordögum. Að tala um sukk og óreiðu í sambandi við svona færslu á milli ára, það tel ég ekki eiga erindi hingað. Eins og ég sagði áðan, gæti ég látið mér detta í hug, að með fleiri atriði, sem hv. þm. nefndi, væri farið á líkan hátt, en ég læt þetta atriði nægja, af því að ég þekki það og veit, hvernig þessu er varið.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefði getað sparað sér þessa athugasemd, því að hér fór ég ekki að neinu leyti vilhallt eða rangt með, og það hefði verið miklu betra fyrir hann að hreyfa ekki þessu máli heldur en að rjúka upp á þennan hátt, því þó að það sé rétt, að sú regla hafi skapazt, að vélasjóði sé borgað með styrkjunum í árslok, þá er hér komið út í svo miklar öfgar, að það dugir ekki til. Ég fór ekkert út í að tala um þetta að öðru leyti en því að nefna bara upphæðina, sem væri þarna óinnheimt. En úr því að hv. þm. víkur að þessu, skal ég fara nánar út í þetta eftir athugasemdinni, og þá er því þannig varið á þessu ári, að það eru útistandandi í árslok hjá þessum vélasjóði 5.9 millj., en allar tekjur á árinu fyrir skurðgröfur eru miklu minni, þær eru ekki nema 4.8 millj. M. ö. o.: það er óinnheimt miklu meira hjá þessari stofnun heldur en allar árstekjurnar, og þess vegna vil ég halda, að það sé ekki alveg út í bláinn, þó að við yfirskoðunarmenn gerum athugasemd við svona ráðstafanir. Hitt er náttúrlega ósköp eðlilegt, að það sé mikið af skurðgröfuleigum, sem borgast ekki fyrr en í árslok. Það er út af fyrir sig rétt hjá þessum hv. síðasta ræðumanni. En svona er þetta á ýmsum sviðum, að það er komið alveg út í öfgar með óinnheimtar tekjur víðs vegar í starfsemi ríkisins.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Ég læt mér í léttu rúmi liggja um mitt upprok, eins og hv. síðasti ræðumaður orðaði það. En það er eitthvað bogið við meðferð talna hjá hv. ræðumanni, þar sem hann segir, að allar tekjur vélasjóðs fyrir skurðgröft hafi verið á þessu ári 4.8 millj., því að samkvæmt ríkisreikningnum fyrir þetta ár er framlag til framræslu rétt við 10½ millj. Að vísu kemur þarna til, hvað gröfur vélasjóðs hafa grafið og hvað aðrar gröfur. En það er vitað mál, að vélasjóðsgröfurnar eru meiri hlutinn af gröfum landsins. Því miður hef ég þetta ekki sundurliðað. En það er furðulegt, ef það getur átt sér stað, að gröfur vélasjóðs grafi innan við helming, því að óumdeilanlegt er það, að rekstur á gröfum vélasjóðs og afköst hafa verið með ágætum og meira en staðizt samanburð við gröfur, sem hafa verið í eigu einstakra ræktunarsambanda yfirleitt. Auðvitað eru undantekningar frá þessu á báða vegu.

Ég skal bæta einu orði við, út af þessu, sem hv. þm. sagði. Það hefur nefnilega borið nokkuð mikið á áhuga hans fyrir bændunum, þegar hann hefur verið hér staddur á þingi, m. a. í fyrravetur. Hann hefur þá og raunar löngum fyrr verið harður kröfumaður fyrir hönd bænda, jafnvel allra manna kröfuharðastur hér á hv. Alþ., talað um, að hlutur þeirra væri lágur og lítill og að þeim þyrfti að hlynna. En hann má gera sér það ljóst, að ef á að afnema þetta, að bændurnir megi geyma greiðslu á skurðgreftinum, þangað til ríkisframlagið kemur, þá er það ekki leið til að hlynna að bændum eða styðja þá í framfarabaráttunni. Einhvers staðar yrðu þeir að taka peninga til þess, og vitanlega væri ekki hægt að kippa þessu í lag á annan hátt en að bændurnir væru kevrðir út með það fé, sem þessi vinna kostar, áður en ríkisframlagið kemur.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Ég skal ekki eyða löngum tíma, en hv. 2. þm. Norðurl. v. og endurskoðandi ríkisreikninga m. m. var í gær að leika sér svolítið að tölum við 2. umr. um ríkisreikninginn, og það er út af því og þeim orðaskiptum, sem á milli okkar fóru, sem ég vildi segja örfá orð til viðbótar. Hann taldi mér

ekki henta að rjúka upp, eins og hann orðaði það, og taldi líka, og það var náttúrlega aðalatriðið, að dráttur á innheimtu hjá vélasjóði væri kominn út í öfgar, sem ekki dygði, þar sem útistandandi hefðu verið í árslok 1958 nálega 6 millj. kr., sem væri hærra en allar tekjur sjóðsins.

Ég hef svolítið athugað þessi mál síðan í gær, og kemur þá í ljós það, sem ég í gær gizkaði á í síðari ræðu minni, að það er síður en svo, að hér sé um nokkurt áhættuspil að ræða fyrir vélasjóð. Það er nefnilega svo, eins og hv. endurskoðanda hefði átt að vera kunnugt, að vélasjóður hefur allmikla umsetningu umfram sjálfa vélaleiguna og einnig umfangsmikla varahlutaverzlun til skurðgröfustjóranna og ræktunarsambandanna. Á árinu 1958 seldi hann varahluti og viðgerðir fyrir nálega 3 millj. kr. Þar til viðbótar selur hann einnig skurðgröfustjórunum yfirleitt rekstrarvörur aðrar en olíur. Það þarf þess vegna ekki að undra, þótt eitthvað sé óuppgert um áramót af viðskiptum við líklega um 50 skurðgröfustjóra, sem flestir annast líka viðgerðir á vélunum og hafa í langflestum tilfellum reikninga á vélasjóð á móti rekstrarvöruúttekt, og ræktunarsamböndin borga venjulega sín varahlutakaup af skurðaframlaginu, þegar það kemur. Ræktunarsamböndin búa, eins og kunnugt er, við mikinn rekstrarfjárskort, og þetta er fyrirgreiðsla við þau, sem er óhjákvæmileg. Það má líka geta þess um leið, að vélasjóður hefur ekki þurft að afskrifa af þessum viðskiptum, svo að umtalsvert sé. Þá bera reikningar vélasjóðs fyrir 1958 það með sér, að um hálf millj. af þessu, sem sjóðurinn átti útistandandi í árslok, er vegna fyrirframgreiðslu upp í varahluti og eina nýja skurðgröfu, sem í pöntun var. Og enn er þess að geta, að reikningar vélasjóðs fyrir 1958 eru þannig upp settir af löggiltum endurskoðanda, að reikningsupphæðin segir lítið til um viðskiptaveltuna. Veltan er nálega þrisvar sinnum hærri en reikningsniðurstaðan, og vélaleigan er lítið meira en ⅔ hlutar af tekjum vélasjóðs.

Til þess að bæta úr þessu er eitt ráð, svo að vélasjóður þurfi ekki að eiga svona fjárhæðir útistandandi í reikningslok. En það er ekki heldur nema eitt ráð til við því, og það er, að ríkissjóður greiddi sinn hluta kostnaðarins við skurðgröftinn fyrr en verið hefur. Það má hv. endurskoðandi vita, að það yrðu ekki mörg ræktunarsambönd, ef það yrði þá nokkurt, sem gæti tekið skurðgröfur vélasjóðs á leigu, ef þessi fyrirgreiðsla væri ekki fyrir hendi. Ef ætti að taka þann hátt upp að krefja bændurna um allan kostnað við skurðgröftinn hálfu til heilu ári fyrr en þeir fá ríkisframlagið, þá yrðu ekki grafnir miklir skurðir á Íslandi með því fyrirkomulagi, því að skurðgröfur vélasjóðs grafa um ⅔ af öllum skurðum, sem grafnir eru, — og hvað mundi þá ræktuninni líða á eftir? Það er því ekki nema tvennt til um hv. 2. þm. Norðurl. v., annaðhvort hefur hann ekki hugsað út í, hverjar afleiðingar það hefði fyrir landbúnaðinn, ef farið yrði að hans ráðum um þetta atriði, eða áhugi hans fyrir velferð sveitanna og hagsmunum bændanna er minni en hann hefur oft viljað vera láta. Ég vil ekki aðeins vona, ég vil mega trúa því, að hér sé fyrra atriðið til staðar, að hann hafi ekki hugsað dæmið til enda, áður en hann talaði hér í gærdag.

Um það atriði, að ríkissjóður greiði framlagið til skurðgraftarins framvegis fyrr en verið hefur, vil ég líka vona, að hv. 2. þm. Norðurl. v. taki það til athugunar. Hann ætti að hafa góða aðstöðu og væntanlega mjög sterka aðstöðu til þess að fá því framgengt nú um áramótin, þar sem hann er áhrifamaður stjórnarflokks. Með því móti gæti hann ekki aðeins fengið reikninga vélasjóðs fyrir yfirstandandi ár áferðarfallegri og meira að sínu skapi, heldur mundi hann einnig skapa vélasjóði, ræktunarsamböndunum og bændunum, sem hafa leigt skurðgröfurnar á þessu ári, mjög mikil þægindi fram yfir það, sem verið hefur. Það væri vissulega miklu meira virði en útlit reikninga vélasjóðs, enda eins og ég sagði áðan aldrei stafað nein hætta af því fyrir sjóðinn, þó að hann hafi átt einhverjar milljónir útistandandi við reikningsuppgjör.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, vegna þess að síðasti ræðumaður gaf jafnvel í skyn, að það hafi eitthvað staðið á ríkissjóði að greiða það, sem honum ber, á skurðgröft. Ég vil aðeins í tilefni af þessu spyrja hv. ræðumann: Er það svo, að greiðslur frá ríkissjóðs hendi hafi dregizt lengur en ástæða er til, eða er mögulegt að hefja þessar greiðslur fyrr en úttekt hefur farið fram á því, sem verið er að vinna? Ég held, að það verði að mæla skurðina og taka þá út, og þegar skýrslur hafa komið til Búnaðarfélagsins um framkvæmdirnar, þá ætla ég, að a. m. k. á því ári, sem nú er að líða, hafi ekki staðið á að greiða styrkinn.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hélt nú, að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði fengið nóg af þeim orðaskiptum, sem hér fóru fram í gær, og séð það eins og aðrir þm., að hans aths. var þýðingarlaus og ástæðulaus, því að hvað var það, sem maðurinn var að mótmæla? Það var það eitt, að ég las upp nokkrar tölur um óinnheimtar útistandandi tekjur hjá ýmsum stofnunum og nefndi þar á meðal vélasjóð ríkisins, sem á útistandandi 5.9 millj. Þetta gat ekki þessi hv. þm. þolað. Það þurfti ekki annað en nefna þessa stofnun og þá rauk hann upp, eins og hér væri verið að sýna þessari stofnun fjandskap, sem náttúrlega kom ekki til neinna mála. En úr því að honum er þetta svona viðkvæmt og kemur hér aftur, þá þykir mér sönnu næst að lesa upp aths. okkar yfirskoðunarmanna og svarið, sem við fengum við henni. Annars vil ég líka ítreka það, svo að það valdi ekki neinum misskilningi hér hjá hv. alþm., að þessar aths. okkar yfirskoðunarmanna allar eru nú og raunar oftast þannig til komnar, að við verðum að vera allir sammála um að undirskrifa þær. Og það eru þess vegna jafnt aths. fulltrúa Framsfl. og Alþfl. eins og mínar, sem hér er

um að ræða. En aths. um vélasjóð er á þessa leið:

„Samkvæmt reikningi vélasjóðs ríkisins fyrir árið 1958 eru útistandandi skuldir sjóðsins í lok ársins kr. 5.998.409,71. Vafalaust má telja, að meginhluti þessara skulda sé vegna skurðgröfuvinnu, enda bendir skuldalisti fyrirtækisins til þess, að svo sé. Allar tekjur fyrirtækisins fyrir skurðgröfuvinnu á árinu nema kr. 4.824.-896,17. Útistandandi skuldir vélasjóðs í lok ársins eru því kr. 1.173.513,54 meiri en allar tekjur sjóðsins á árinu fyrir skurðgröfuvinnu. Hvaða ráðstafanir hefur stjórn sjóðsins gert til þess að innheimta þessar skuldir og koma þessum viðskiptum í betra horf?"

Þetta er nú öll aths., sem ég fór þó ekkert inn á í byrjun í gær, og sjá allir menn, að hún er hógvær og kurteisleg í alla staði, eins og yfirleitt er um allar aths. okkar yfirskoðunarmanna. En hvert er svarið? Það er bezt, að hv. alþm. athugi það. Já, hvernig er svarið, sem stjórnin gefur? Atvmrn. hefur svarað aths. með eftirfarandi grg. frá framkvæmdastjóra vélasjóðs:

„Hinn 8. marz s. l. skrifaði ég ráðuneytinu bréf, sem skýrir þetta mál að mestu leyti. Til viðbótar því, sem þar er sagt, skal það tekið fram, að allir skuldunautar hafa verið rukkaðir, sumir oft. Erfiðustu innheimturnar hafa verið faldar lögfræðingum til meðferðar."

Það er komið svo langt, að það hefur verið talið nauðsynlegt að fela lögfræðingum innheimtu á þessum skuldum. Þó að bréf frá 8. marz fjalli um reikninga ársins 1959, gildir það jafnt um reikninga 1958. Grg. framkvæmdastjórans frá 8. marz 1960 er á þessa leið:

„Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd og búnaðarfélög skulda skurðgröfuleigur, sem allar verða teknar af ríkisframlagi vegna framræslu. Bæjarfélög, ríkisstofnanir og fyrirtæki skulda flest varahluti og þjónustu, sem þeim hefur verið látið í té. Sum hafa þegar greitt skuldir sínar, önnur hafa haft góð orð um að gera það fljótlega. Skuldir skurðgröfumanna eru þannig til orðnar, að vélasjóður sér þeim fyrir skurðgröfuflekum og vírum, en þessa hluti eiga skurðgröfumenn að greiða. Allir eiga þeir mótreikning á vélasjóð fyrir eigin viðgerðarvinnu og ýmislegt, sem þeir hafa greitt fyrir vélasjóð á verkstæðum úti á landi. Í mörgum tilfellum eiga þessir menn hærri reikninga á vélasjóð en þeir eru taldir skulda á ársreikningum. Gangskör var gerð að því í janúar og febrúar s. l. að fá skurðgröfumenn til þess að gera reikningsskil. Erfitt hefur reynzt að ná til örfárra manna, vegna þess að þeir hafa horfið að öðrum störfum."

Nú er það eðlilegt, að þeir menn, sem hafa ekki séð skuldalista þessa fyrirtækis, viti ekki um það, hvernig því er varið, en hann sýnir, að það er mjög ólíklegt, að vel gangi að ná þessu öllu saman inn, enda er reynslan sú, að samkv. reikningi ársins 1959 hafa útistandandi skuldir þessa sjóðs hækkað upp í 6.6 millj. Ég held þess vegna, að það hefði verið alveg óhætt fyrir hv. 4. þm. Norðurl. e. að spara sér þessa aths., sem var ekki nokkurt minnsta tilefni til út af þeim orðum, sem ég sagði í þessu sambandi í gær.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Út af fsp. hæstv. landbrh. um, hvort eitthvað hafi staðið á ríkissjóði að greiða skurðgröfuframlagið og hvort mögulegt væri að hefja greiðslu á framlaginu fyrr en úttekt hefði farið fram, vildi ég aðeins segja þetta: Já, því miður. Mér er persónulega kunnugt um, að það gekk svolítið erfiðlega að fá ríkisframlagið á s. l. sumri, því miður. En ég hef ekki áfellzt það. Ég svo sem gizka á, að hæstv. landbrh. hafi átt þar í örðugleikum, og ég hef ekki gefið nokkurt tilefni til umr. um það, En um það, hvort mögulegt væri að hefja greiðslu fyrr en úttekt hefur farið fram, er svarið auðvitað eitt nei. Það er ekki mögulegt. En úttekt er ætíð lokið fyrir áramót. Það liggur þess vegna alltaf fyrir um áramót, hvað það er. Það getur dregizt einhverja daga, máske einhverjar vikur, að það sé gerð grein fyrir því, vegna úrvinnslu gagna, en slíkt skiptir að jafnaði ekki mörgum mánuðum.

Þá var það hv. 2. þm. Norðurl. v. Ég skal nú ekkert fara að metast um það við hann, hvor okkar hefur fengið meira af þessu orðaskaki í gærdag. Hann taldi, að hann hefði ekkert annað gert en að lesa upp nokkrar tölur og ég hefði ekki þolað, að þessi stofnun væri nefnd. Þetta var alls ekki það, sem gaf mér tilefnið, heldur það, að þó að hann nú segði, að hann hefði verið með hógvær og kurteisleg orð, þá voru orð hans um vélasjóð þau, að þetta væri komið út í óefni, sem gæti ekki gengið. Það voru þau orð, sem komu mér til að hlusta ekki á þetta alveg þegjandi. Nú skýrir hann frá því, að það sé búið að afhenda skuldirnar við vélasjóð lögfræðingum. Ég skal ekki bera brigður á, að það sé rétt. En ég vildi biðja hv. endurskoðanda að upplýsa, hvort það væru skuldir við ræktunarsambönd, því að það er eins og hann sjálfur upplýsti áðan, þá hefur það atvikazt svo, að vélasjóður hefur skipt við ýmsa fleiri, svo sem ríkisfyrirtæki og bæjarfélög. Skyldu ekki liggja þar þessar skuldir, sem hefur þurft að fá lögfræðing til að innheimta? Það er náttúrlega landbúnaðinum óviðkomandi.

Þá endurtók hann það enn, að útistandandi væri meira en tekjur af leigu, og þótti það óskaplegt. Ég tel, að á því sé nokkuð full skýring það, sem ég sagði áðan, að vélasjóður selur varahluti og vinnu fyrir nálega 3 millj. kr., umfram skurðgröfuleiguna, og ég skýrði, hvernig háttað væri viðskiptum hans við þessa aðila, sem að landbúnaðinum snúa. En svo eru eftir skýringum hv. endurskoðanda viðskipti við aðra, og það vissi ég raunar um áður og vissi, að vanheimturnar eru einmitt þar á ferðinni, en ekki hjá þeim fyrirtækjum, sem snúa að landbúnaðinum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur, sem eru á milli þessara hv. tveggja þm. Það má undarlegt virðast, að hv. 4. þm. Norðurl. e. skuli vera að reyna að mæla því bót, að svo mikið er útistandandi

úr vélasjóði hjá bæjarfyrirtækjum og öðrum aðilum, alveg óskyldum landbúnaðinum.

Ég vil aðeins árétta það, sem ég sagði hér áðan, að ekki hefur staðið á því að greiða jarðræktarstyrk í neinu formi á þessu ári, og það er ekki rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að ég hefði átt í erfiðleikum með að fá þennan styrk frá fjmrn. Það hefur ekki verið komið til mín með aðfinnslur um, að þar hafi verið tregða á greiðslum, enda er það fullvíst, að jarðræktarstyrkurinn hefur ekki verið greiddur seinna á þessu ári en undanfarin ár og ég ætla nokkru fyrr. Og hvers vegna er þá hv. þm. að halda þessu fram hér? Hefði ekki stjórn Búnaðarfélagsins komið til mín og óskað eftir aðstoð, ef á því hefði staðið að fá þessar greiðslur? Það er ég alveg viss um.

Um það, að búið sé að taka út verkin fyrir áramót, þá er það rétt. Það er venjulega mælt á haustin, áður en snjóar koma, en úttekt er raunverulega ekki búin, fyrr en skýrslugerð er lokið og útreikningum, sem byggjast á úttektinni. Þess vegna er það ekki tilbúið fyrr en seinni hluta vetrar, — sjaldnast. Búnaðarfélagið verður að ganga eftir styrknum til þess að fá hann greiddan. Og það hefur ekki verið komið til mín og óskað eftir aðstoð að fá hann, fyrr en hann hefur verið hafinn. Þess vegna er það út í hött að segja, að það hafi verið tregða á þessu og að ég hafi átt í erfiðleikum hvað þetta snertir.

Ég vildi aðeins taka þetta fram til þess að fyrirbyggja misskilning, sem gæti hlotizt af þeirri fullyrðingu, sem hv. þm. viðhafði hér áðan.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 227).

4. Heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi.

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til að veita Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi á Íslandi [6. mál] (stjfrv., A. 6).

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Með þessu litla frv. þarf ekki langa framsögu. Ég vil aðeins geta þess, að nokkur undanfarin ár hafa farið fram rannsóknir af hálfu þýzks byggingarvöruverzlunarfirma á því, hvernig möguleikar væru á að hagnýta sér hraungjall það, sem finnst í milljónum tonna hér suður á Reykjanesskaganum, til byggingarvöruframleiðslu.

Þetta efni, þetta hraungjall, sem þarna liggur, hefur lítið verið notað til annarra hluta en til ofaníburðar á vegum og reynzt þó þar heldur illa, því þó að vel vinnist úr því í fyrstu, þá rýkur það mjög greiðlega í burtu, því að það er svo létt. Hins vegar hafa verið byggðar úr því nokkrar plötur, steinar og plötur, og reynzt, að því er ég ætla, vel, enda hafa athuganir þessa þýzka firma staðfest það, að tekniskt sé þetta efni mjög heppilegt til byggingarhlutaframleiðslu, t. d. til framleiðslu á byggingarsteinum og einangrunarplötum o. þ. h. En það, sem máli skiptir í þessu sambandi þar að auki, er, að flutningar á því eru dýrir, og þess vegna hefur það verið nokkrum vafa bundið, hvort takast mætti að framleiða þetta til útflutnings, svo að arðvænlegt væri.

Nú hefur hins vegar þetta firma komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta mundi vera hægt og auk þess unnt að greiða nokkurt fjármagn fyrir leyfi til að taka efnið og svo náttúrlega vinnulaun til þeirra manna, sem við þetta vinna, hafnargjöld fyrir að koma því út í skip og ýmislegt annað þess háttar, þannig að á s. l. vori var gerður samningur á milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og þessa firma um það, að firmað fengi rétt til að hagnýta sér þessi efni innan takmarka bæjarlands Hafnarfjarðar gegn þóknun, sem þar er ákveðin.

Skilyrði fyrir því, að þetta yrði gert, var það, að firmað sjálft hefði flutninginn með höndum, vegna þess að það taldi sig eiga flutningatæki, sem hentuðu og geta komið flutningskostnaðinum neðar en aðrir mundu geta gert. En þá er það, að þessi flutningur á efninu til sjávar verður starfræksla, sem útlendingur framkvæmir, og til þess að mögulegt sé að veita leyfi til slíkrar starfrækslu, þarf sá, sem leyfið fær, að vera búsettur hér á landi.

Efni þessa frv. er eingöngu það að undanþiggja þennan mann, sem þennan atvinnurekstur ætlar að stunda, því skilyrði laganna, að hann sé búsettur hér á landi. Þetta er, að því er mér er tjáð, stórt verzlunarfirma, sem hefur mörgum hnöppum að hneppa og um ýmsa hluti aðra að hugsa en þó að í þetta væri ráðizt, og þess vegna ekki sanngjarnt að gera það að skilyrði, að maðurinn hafi fasta búsetu hér á landi.

Það varð þess vegna úr, að félmrn. gaf út brbl., sem eru birt sem fskj., um það, að atvinnuleyfi skyldi veitt firmanu í þessu skyni, til þess að hagnýta þetta efni og koma því til sjávar og jafnframt, ef það teldist heppilegt, að stunda einhvern iðnað, eftir að efnið væri komið saman á einn stað, jafnvel þilplötugerð og steinagerð eða eitthvað þess háttar, ef heppilegra þætti að gera það hér á landi, og einnig til útflutnings.

Ég tel svo ekki, að um þetta þurfi að hafa fleiri orð. Mér finnst þetta liggja í augum uppi, og svo fannst einnig þeim, sem samband hefur verið haft við um þetta mál.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að að umr. lokinni verði málinu vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 24. fundi í Nd., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 6, n. 87).

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta er flutt til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 14. júní s. l. Í forsendum fyrir lögunum segir, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi gert samning við Friedrich Karl Lüder verkfræðing í Kiel í Þýzkalandi um vinnslu hraunefnis í landi kaupstaðarins, en slík vinnsla hefur í för með sér þörf viss atvinnurekstrar hér á landi. Eigi er heimild í lögum til þess að veita útlendingum leyfi til atvinnurekstrar í landinu, nema þeir séu þar heimilisfastir. Þar eð umræddur Friedrich Karl Lüder á ekki lögheimili hér á landi, ber brýna nauðsyn til þess, að heimild sé gefin í þessu sérstaka tilfelli, til þess að veita atvinnurekstrarleyfi, þó að atvinnurekandi sé ekki heimilisfastur hér á landi.
Iðnn. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt. Ég legg til, að því verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:1 atkv.

Á 25. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 25. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 26. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 6, n. 195).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir á þskj. 6, er nánast staðfesting á brbl., sem gefin voru út 14. júní s. l. Iðnn. hefur yfirfarið þetta frv., og eins og í nál. hennar segir á þskj. 195, þá mælir n. einróma með samþykkt frv.
Efni þess er, eins og frá er greint í grg., það að veita Þjóðverja að nafni Friedrich Karl Lüder atvinnurekstrarleyfi í Hafnarfirði til vinnslu hraunefnis.
Iðnn. mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 228).

---

5. Bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga** [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér í meginatriðum sömu ákvæði og lög nr. 67 frá 1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga. Hér er um að ræða viðauka við ýmis gjöld, sem samþykkt höfðu verið og framlengd nú um margra ára skeið ár frá ári. Þó eru nokkrar breytingar í þessu frv. frá gildandi lögum, þeim sem ég nefndi, og skal ég rekja þær breytingar.
Eftir að þessi umgetnu lög voru sett fyrir síðustu áramót, voru nokkur ákvæði þeirra tekin upp í efnahagsmálalögin, en það voru ákvæði um innheimtu vitagjalds, um lestagjald og sérstakt innflutningsgjald af benzíni. Þar sem þessi ákvæði eru í efnahagsmálalögunum, hafa þau verið felld niður úr þessu frv. Enn fremur eru í fjórða lagi skipaskoðunargjöld, sem verið hafa í sams konar frumvörpum áður, ekki tekin í þetta frv., vegna þess að sett hefur verið reglugerð samkv. lögum frá 1947, um eftirlit með skipum, um gjöld fyrir skoðun skipa.
Það, sem þetta frv. fjallar þá um, og er þar alls staðar um að ræða framlengingar, eins og þær hafa verið gerðar frá ári til árs, það er heimild til að innheimta stimpilgjald og leyfisbréfagjöld með viðauka, um gjald af innlendum tollvörutegundum með viðauka, um bifreiðaskatt, um innflutningsgjald af hjólbörðum og viðauka við vörumagnstoll og verðtoll.
Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að sú heimild haldist, sem verið hefur, að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum, eins og greinir í niðurlagi 4. gr. frv. Að því er stefnt og að því er unnið að endurskoða tollskrána og alla löggjöf um aðflutningsgjöld. Það er mikið verk og er ekki tilbúið enn, og verður væntanlega ekki unnt að leggja hina endurskoðuðu tollskrá fyrir þetta þing. Þess vegna þarf að framlengja þessa gjaldaviðauka,

eins og verið hefur undanfarin ár. En við endurskoðun tollskrár og annarrar löggjafar um aðflutningsgjöld verður að sjálfsögðu stefnt að því að fella þessa viðauka þar inn í.

Ég vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 101).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í fyrsta lagi í sér heimild til handa ríkisstj. til þess að innheimta með viðauka nokkur gjöld til ríkissjóðs, í öðru lagi heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum.

Frv. þetta er í rauninni gamall kunningi að því leyti, að sams konar frv. hafa á mörgum undanförnum þingum verið hér til meðferðar. Á síðasta þingi var sú breyting gerð á þessu, eins og kunnugt er, að nokkrum frumvörpum um heimildir til þess að innheimta þessi gjöld með viðauka var þá steypt saman í eitt frv. Eru þær heimildir, sem það frv., sem hér liggur fyrir, felur í sér, samhljóða þeim, er samþykktar voru á síðasta þingi. Þó er það svo, að þetta frv. er að því leyti allmiklu minna að vöxtum en það frv., sem lá fyrir hv. deild á síðasta þingi, að ýmsar af þessum heimildum hafa nú verið staðfestar með öðrum lögum, eins og nánar getur um í grg. fyrir frv. Má þar t. d. nefna það, að nú hafa verið sett sérstök lög um söluskatt. Enn fremur hafa sumar þessara heimilda í breyttri mynd verið teknar upp í löggjöf þá um efnahagsmál, sem sett var á síðasta þingi, þannig að í 17. gr. þeirrar löggjafar eru nú ákvæði um benzínskatt, í 19. gr. um vitagjald skipa og í 20. gr. um lestagjald af skipum. Enn fremur hefur nú verið lagt fram sérstakt frv. um skemmtanaskatt. Og sömuleiðis er gjaldaviðauki á skipaskoðunargjöld ekki tekinn með í þessu frv., þar sem sett hefur verið reglugerð um þau gjöld.

Afgreiðsla frv. í nefndinni hefur orðið sú, eins og nefndarálitið á þskj. 101 ber með sér, að nefndin er sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, enda hefur ekki verið ágreiningur um það á undanförnum þingum. Tveir hv. nefndarmanna, þeir 1. og 5. þm. Norðurl. e., skrifa þó undir nefndarálitið með fyrirvara, sem ég tel víst að þeir muni gera grein fyrir við umræðuna.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekkert að athuga við framsögu hæstv. frsm. fjhn., sem talaði hér áðan. Ég hef sem fjárhagsnefndarmaður mælt með frv. þessu, en skrifað þó undir nefndarálitið með fyrirvara. Ég tel rétt út af fyrir sig að samþykkja frv., þar sem vafalaust mun nú ekki af því veita frekar en að undanförnu að afla ríkissjóði þeirra tekna, sem það gerir ráð fyrir. Hins vegar lízt mér þannig á fjármálastefnu hæstv. ríkisstjórnar í heild, að hafa beri gegn henni allan fyrirvara, og þess vegna hef ég skrifað undir þetta nál. með fyrirvara.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 11. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d. skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 22. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fram í Ed. og var samþykkt þar óbreytt og einróma. Frv. felur í sér í meginatriðum sömu ákvæði og l. nr. 67 frá 1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga. Hér er um að ræða viðauka við ýmis gjöld, sem samþ. höfðu verið og framlengd ár frá ári um margra ára skeið. Þó eru nokkrar breytingar í þessu frv. frá gildandi lögum og skal ég rekja þær.

Eftir að þessi lög frá 1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga, voru sett fyrir síðustu áramót, voru nokkur ákvæði þeirra tekin upp í efnahagsmálalögin. Það voru ákvæði um innheimtu vitagjalds, um lestagjald og sérstakt innflutningsgjald af benzíni. Þessi ákvæði, sem sett voru inn í efnahagsmálalögin, hafa því verið felld niður úr þessu frv. Þá eru skipaskoðunargjöld, sem hafa verið í sams konar frv. áður. Þau eru ekki tekin í þetta frv., vegna þess að sett hefur verið reglugerð samkv. l. frá 1947 um eftirlit með skipum, og er af þeirri ástæðu óþarft að hafa í þessu frv. ákvæði um skipaskoðunargjöldin. Það, sem þetta frv. fjallar þá um, eru sem sagt framlengingar, eins og þær hafa verið gerðar frá ári til árs, að undanteknum þeim, sem ég nefndi, en það er heimild um að innheimta stimpilgjald og leyfisbréfagjöld með viðauka, gjald af innlendum tollvörum með viðauka, um bifreiðaskatt, innflutningsgjald af hjólbörðum og viðauka við vörumagnstoll og verðtoll.

Gert er ráð fyrir því, að sú heimild haldist, sem verið hefur, að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum nauðsynjavörum, eins og greinir í niðurlagi 4. gr. frv. Nú er að því unnið að endurskoða tollskrána og alla löggjöf um aðflutningsgjöld. Er það mikið verk, og verður væntanlega ekki unnt að leggja hina endurskoðuðu tollskrá fyrir þetta þing. Þess vegna þarf að framlengja þessa gjaldaviðauka nú, eins og verið hefur undanfarin ár, en við endurskoðun tollskrár og aðflutningsgjalda annarra verður að sjálfsögðu stefnt að því að fella þessa við-

auka þar inn í. Ég vil leggja til, að frumvarpinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjárhagsnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 214).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft til meðferðar frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga. Með frv. þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1961 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár. Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að haldist heimild sú, sem verið hefur til að fella niður aðflutningsgjöld á nokkrum nauðsynjavörum. Sú breyting er þó helzt á þessu frv. frá fyrri lögum, að um einstaka tekjustofna hafa verið samþykkt sérstök lög, svo sem um söluskattinn, og hann því felldur út úr þessu frv. Sama gegnir og um nokkra aðra tekjuliði, sem á sínum tíma voru felldir inn í lögin um efnahagsmál.
Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til við hv. d., að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Þó hafa tveir nm., Einar Olgeirsson og Skúli Guðmundsson, skrifað undir það með fyrirvara. Það er till. n., að hv. d. samþykki þetta frv. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 233).

---

6. Fjáraukalög 1958.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1958 [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1958 er í samræmi við tillögur og ábendingar yfirskoðunarmanna ríkisreikninga og með svipuðum hætti og venja er. Ég legg til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og til fjvn. með 31 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 211).

Frsm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fengið frv. til fjáraukalaga fyrir 1958 til meðferðar, og hefur nefndin borið það saman við ríkisreikning og ekkert fundið við það að athuga. Eins og kemur fram í áliti nefndarinnar, eru nefndarmenn á eitt sáttir um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, og vonum við. að hv. alþm. fallist á það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 240).

---

7. Fjáraukalög 1959.

Á deildafundum 22. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1959 [113. mál] (stjfrv., A. 147).

Á 18. og 20. fundi í Sþ., 23. og 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var frv. enn tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1959 er samið eftir ríkisreikningi fyrir það ár. Að venju hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna afhent tillögur sínar til fjmrn. um fjárveitingar á fjáraukalögum, og hafa þeir lagt til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir þeim umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn sýnir. Frv. er sem sagt samið í samræmi við þær tillögur.
Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 212).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjvn. hefur yfirfarið frv. til fjáraukalaga fyrir árið

1959 og ekki fundið neitt athugavert við það og leggur einróma til, að það verði samþ.

Það bar á góma meðal fjárveitingarnefndarmanna, að í frumvörpum til fjáraukalaga er að vísu ekki allt tekið með, en sú venja mun hafa skapazt í sambandi við þessi frumvörp. En segja má, að það komi ekki að sök, sérstaklega þegar reikningar fyrir viðkomandi ár eru jafnframt lagðir fyrir þingið, þar sem allt sést, bæði hvað tekjur og gjöld hafa farið fram úr áætlun eða orðið undir áætlun. En í frumvörpum til fjáraukalaga eru einungis teknir þeir gjaldaliðir, sem hafa farið fram úr áætlun, og þó ekki allir, t. d. er ekki tekinn alþingiskostnaður þar með.

Þess má þá einnig geta í sambandi við fjáraukalög fyrir árið 1959, að umframgreiðslur á gjaldaliðum fjárlaga það ár hafa orðið óvenjulega litlar, og jafnframt má á það benda, að frá því ári munu ekki vera neinir ógreiddir víxlar upp á framtíðina.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja í tilefni af einni setningu, sem fram kom í ræðu hv. frsm. fjvn. Þegar hann nefndi, að fjvn. hefði rætt það, að ekki væru allir liðir teknir með, t. d. ekki alþingiskostnaður, þá er það að segja, að það hefur aldrei verið í tugi ára, að það væri leitað viðbótarfjárveitingar fyrir gjöld, sem alþingiskostnaður fer fram úr áætlun, því að það er Alþingi sjálft, sem hér á hlut að máli, og það þarf ekki að leita samþykkis fyrir þeirri fjárveitingu, sem þess eigin kostnaður fer fram úr áætlun. Um þetta var einu sinni deila hér, og síðan hefur því ekki verið hreyft, að það þyrfti að leita aukafjárveitingar, hvað mikið sem alþingiskostnaður færi fram úr áætlun. Ég vildi aðeins taka þetta fram, til þess að það valdi ekki misskilningi, að það sé einhver vanræksla af hálfu okkar yfirskoðunarmanna að hafa ekki lagt til, að þessi liður væri einnig tekinn með.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Því miður gat ég ekki verið hér á fundinum í gær, þegar þetta frv. var hér til umræðu, til þess að hlýða á framsöguræðu hv. 5. þm. Vestf. Vegna þeirra ummæla, sem Alþýðublaðið hefur eftir honum í dag, vil ég taka eftirfarandi fram:

Eins og ég skýrði frá hér í gær í framsöguræðu minni fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir 1958, þá stóð fjvn. óskipt að álitinu bæði árin. Framsögumenn voru valdir með tilliti til þess. Ég leit svo á, að aðild nefndarinnar í heild þýddi það, að framsöguræða okkar framsögumanna ætti nánast að vera endurtekning á því nál., sem við höfðum undirskrifað. Ég taldi þess vegna ekki rétt að fara að telja það til ágætis í fjármálastjórninni 1958, sem ég hefði gert, ef ég hefði talað í umboði míns flokks. Ég leit svo á, að af hálfu hins frsm. mundi slík greinargerð einnig verða. En ég sé það af frásögn Alþýðublaðsins, að svo var ekki, heldur var þar á lofti haldið ágæti fjármálastjórnar Alþfl. 1959. Ég tel, að hér sé ekki rétt að farið, þar sem aðild nefndarinnar í heild var að framsögunni. Þess vegna mótmæli ég þessari vinnuaðferð. Í sambandi við það, sem þessi hv. þm. sagði, vil ég segja það, að ég held, að þjóðin hafi orðið vör við óreiðuvíxlana frá ríkisstjórninni, er ríkti 1959, eða þeirri stefnu, sem upp var tekin með stjórnarsamstarfinu 1959 og síðan, þar sem á þjóðina hafa verið lagðar álögur á annan milljarð, þó að hins vegar tækist að afgreiða greiðsluhallalausan ríkisbúskap árið 1959, vegna þess að eytt var fyrningunum frá 1958.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Mér datt það ekki í hug í gær, að sú athugasemd, sem ég lét fylgja fjáraukalögunum fyrir 1959, þyrfti í sjálfu sér að vekja upp neinar umr. Ég hélt satt að segja, að það væri leyfilegt að geta þess hér í þinginu, þegar svo vel tekst til, að þannig er á málum haldið, að fjárlög ríkisins eru þrædd betur en venjulegt er. Og ég vil bæta því við þetta, að einmitt árið 1959 voru það þrír stærstu flokkar þingsins, sem báru ábyrgð á efnahagsmálunum, og þar í liggur kannske skýringin á því meðal annars, að útkoman varð sú, að mér er sagt, að það hafi ekki nema einu sinni áður komið fyrir, að umframgreiðslur hafi orðið jafnlitlar og þær urðu þá. Í framhaldi af þessu vil ég bæta því við, að að þessu leyti getur auðvitað hv. Framsfl. eignað sér líka það hól, sem ég lét falla um þetta fjárhagstímabil.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 241).

---

8. Almannatryggingar (stjfrv.).

Á 35. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [133. mál] (stjfrv., A. 197).

Á 36. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar gerðar voru á síðasta Alþingi hinar miklu breytingar á lögunum um almannatryggingar, þá var gert ráð fyrir því, að fram yrði að fara enn heildarendurskoðun á þessum lögum, og þá gert ráð fyrir, að tekin yrðu til meðferðar ýmis atriði, sem vitað var um að kölluðu á úrlausn.

Í nefnd til að framkvæma þessa endurskoðun voru skipuð á síðastliðnu hausti þau Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem var skipaður formaður nefndarinnar, Gunnar J. Möller hrl., frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J.

Magnússon og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri. Þessi nefnd hefur tekið til meðferðar ýmis ákvæði almannatryggingalaganna, en þó hagað sínum vinnubrögðum, það sem af er, þannig, að fyrst hefur verið tekið fyrir skerðingarákvæði almannatryggingalaganna, sem gera ráð fyrir því, að 1. jan. n. k. falli úr gildi hin meira og minna vel þokkuðu ákvæði laganna um það, að þeir, sem nokkrar tekjur hafa, missi í við útborgun elli- og örorkulauna og geti raunar orðið fyrir því að fara á mis við þessar greiðslur að fullu, ef tekjurnar ná vissu marki. Vinnubrögðum nefndarinnar hefur þess vegna verið hagað þannig, að þetta atriði hefur verið tekið fyrir sérstaklega, og um það og það eitt er þetta frv., sem hér liggur fyrir, bæði að slá föstum ýmsum atriðum, sem við það eru tengd, og gera á lögunum þær leiðréttingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi. Hinum atriðunum, sem nefndin hefur til meðferðar, hefur hún frestað, en heldur áfram sínu starfi og mun leggja niðurstöðuna af því fyrir, þegar starfinu er lokið.

Ég vil aðeins undirstrika hér, að þetta er ekki endanlegur árangur af starfi nefndarinnar, heldur einungis fyrsti þátturinn, sem hefur verið reynt að flýta og koma á framfæri fyrir áramótin, af því að skerðingarákvæðin falla niður nú um þessi áramót. Frv. er þess vegna ákaflega einfalt, en ég skal reyna að rekja nokkuð ákvæði þess.

Í 1. gr. er því slegið föstu, að allir, sem hafa náð 67 ára aldri, skuli eiga rétt til ellilífeyris, og þar með er fellt niður þetta ákvæði, sem í gömlum lögum hefur verið, að nokkur tekjuöflun af hálfu ellilífeyrisþega geti orðið til þess að draga úr og jafnvel afnema að fullu greiðslu ellilauna. Jafnframt er í 1. gr. ákvæði um það, að ef ellilífeyrisþegi óskar ekki eftir því að taka ellilaunin, strax og hann er orðinn 67 ára, þá geti hann fengið sinn ellilífeyri hækkaðan um sem svarar 7½% á ári fyrir hvert ár, sem hann dregur að taka þennan lífeyri. Í eldri lögum um þetta efni hafa raunar verið svipuð ákvæði, þannig að þeir, sem áttu rétt til að taka ellilaunin, gátu frestað því, ef þeir vildu, og fengið þannig síðari lífeyri hækkaðan. Það var fram að árslokum 1955 um 5% hækkun að ræða, sem mest gat komizt upp í 40% hækkun eftir 8 ár. En árið 1956 var hundraðshlutanum breytt í 7½% og í 60%. En með þessu frv. er hægt að ná allt að 67% hækkun á lífeyri og með talsvert örari hækkun en hefur verið gert ráð fyrir áður. Þetta er nú sérstaklega fram komið vegna þess, að nú taka lögin til allra, líka þeirra, sem nokkrar tekjur hafa, og þess vegna má telja það ekki ólíklegt, að einhverjir, sem nokkrar tekjur hafa og eru vinnufærir, kjósi að fresta lífeyrisgreiðslunum eitthvað og njóta þess þá aftur með hærri greiðslum síðar. Og eins og ég segi, ef menn geta og vilja fresta greiðslunum um fimm ár, þá geta þeir komizt upp í það að fá lífeyrisgreiðslurnar hækkaðar um 67%.

Í 2. gr. er ekki um neina efnisbreytingu að ræða, heldur einungis tekin af öll tvímæli um örorkulífeyrinn og hvað hann sé hár.

Sama má segja um 3. gr. Það er ekkert annað en sem leiðir af aðalatriði málsins, að orðið „óskertur" í nokkrum greinum frv. er fellt niður og sem sagt lögin lagfærð í samræmi við aðalbreytinguna.

Í 17. gr. eru gerðar nokkrar breytingar á barnalífeyrisgreiðslunum. Þar var í gildi skerðingarákvæði, þannig að ef ekkja með börn naut barnalífeyris, þá gat hún átt það á hættu, ef hún giftist aftur, að þurfa að lenda í því, ef síðari maður hennar var vel efnum búinn, að barnalífeyririnn félli niður. Það er afnumið með þessari grein. Þá eru enn nokkur ný ákvæði í gr. um, hvernig með skuli fara, þegar ekkill á að sjá fyrir börnum, eða ég vildi segja, að aðalkjarninn væri sá, að hann nyti sömu bóta og ef konan yrði öryrki eða móðir barnanna yrði öryrki.

Þetta eru raunar aðalatriði frv.

Ég sé svo ekki ástæðu til að rekja þetta mál frekar. Það er ákaflega einfalt og búið að vera á döfinni æði lengi. Ég skal í því sambandi nefna, að í almannatryggingalögunum frá 1946 er ekki gert ráð fyrir því, að þessi skerðing á ellilífeyrisgreiðslunum standi nema í fimm ár. En það varð nú úr, að sá frestur var ekki fimm ár, heldur tíu ár, og svo er þetta enn tekið upp í almannatryggingalögunum frá 1956, þannig að þar er bætt enn fimm árum við, eða ekki gert ráð fyrir því, að þetta afnám skerðingarinnar komi til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 1961. M. ö. o.: því hefur verið frestað æ ofan í æ að afnema þessi skerðingarákvæði og nú fyrst horfið að því í fullri alvöru að gera það.

Ég get nú ekki, eins og liggur í hlutarins eðli, gefið nákvæmar upplýsingar um kostnaðinn við þessa framkvæmd. Það er gert ráð fyrir því, að hann verði eitthvað rúmar 20 millj., kannske 22 eða þar í kring, og að verulegum hluta greiddur úr ríkissjóði, en áætlunartala um þetta hefur þegar verið tekin inn í fjárl. eða var tekin upp í fjárlagafrv., og samþykkt þessa frv. breytir þess vegna engu um fjárþörf almannatrygginganna fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í sjálfu fjárlagafrv. Ég hefði því talið það skemmtilegt og raunar æskilegt, að frv. hefði getað orðið afgr. fyrir áramótin, þegar þetta á að koma til framkvæmda, og vildi beina því til hv. nefndar, sem frv. fær til athugunar, hvort hún sæi sér ekki fært að flýta afgreiðslu málsins svo, að þetta gæti orðið.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr., herra forseti, vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n 207).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Á s. l. ári voru í sambandi við efnahagsmálaráðstafanir hæstv. ríkisstj. framkvæmdar stór-

felldar umbætur í tryggingamálum þjóðarinnar. Fjölskyldubætur voru hækkaðar mjög og eru nú greiddar með hverju barni. Mæðralaun voru hækkuð og aðrar bætur lífeyristrygginganna, svo sem ellilífeyrir, örorkulífeyrir, barnalífeyrir, fæðingarstyrkur, ekkjubætur og ekkjulífeyrir, hækkuðu einnig mjög verulega. Jafnframt voru slysabætur hækkaðar. Allar miðuðu þessar hækkanir á bótum og lífeyrisgreiðslum að auknu félagslegu öryggi og bættri aðstöðu sjúkra og aldraðra, barnmargra fjölskyldna og þeirra, sem orðið hafa fyrir slysum eða öðrum skakkaföllum í lífinu.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir til 2. umr., er fyrst og fremst stefnt að niðurfellingu þeirra skerðingarákvæða, sem í lögum hafa verið um greiðslu ellilífeyris. Þessi ákvæði hafa komið í veg fyrir það að meira eða minna leyti, að gamalt fólk, sem leggur sig fram um öflun tekna, njóti ellilífeyris. Mun það almenn skoðun, að slík skerðing ellilífeyris sé hvorki æskileg né sanngjörn. Það er óheppilegt, að með lagaákvæðum um tryggingamál sé beinlínis dregið úr starfsvilja gamla fólksins. En nú er lagt til, að þessi ákvæði séu felld úr gildi og að frá næstu áramótum valdi tekjuöflun ellilífeyrisþega ekki skerðingu eða frádrætti á lífeyri þeirra.

Þetta mun samtals hafa í för með sér 21.9 millj. kr. útgjaldaaukningu á árinu 1961. Af þeirri upphæð greiðir ríkissjóður 7.9 millj. kr. eða 36%, hinir tryggðu 7 millj. kr. eða 32%, sveitarfélögin 4 millj. kr. eða 18% og atvinnurekendur 3 millj. kr. eða 14%.

Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur rætt þetta frv. í dag og mælir einróma með, að það verði samþykkt óbreytt. Hér er um að ræða merka umbót á tryggingalöggjöf þjóðarinnar, — umbót, sem verða mun fjölda aldraðs fólks í landinu til hagræðis og aukins öryggis á efstu árum þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögunum um almannatryggingar er komið frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ. shlj. við allar umr.

Ástæðan til, að það er borið fram nú, er sú, að um áramótin gengur í gildi sú breyt. á almannatryggingalögunum, að réttur manna til lífseyrisgreiðslna, ellilífeyris- og örorkugreiðslna, verður ekki lengur takmarkaður við tekjur samkvæmt þeim lögum, sem í gildi eru, en af því leiðir, að ýmis tæknisk atriði koma einnig til greina, sem eðlilegt er að breyta um sama eða svipað leyti.

Þegar almannatryggingalögin voru til umr. hér á s. l. vetri og gerðar voru á þeim þær miklu breyt., sem þá voru gerðar, var því lýst yfir, að enn væru þó óafgreidd allmörg atriði, sem þyrftu nánari endurskoðunar við, og var því þá heitið, að nefnd yrði sett til endurskoðunar á lögunum, eins og þau þá lágu fyrir. Þessi n. var svo skipuð í haust, og voru skipaðir í hana þeir Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstj., sem var skipaður formaður n., Gunnar Möller hrl., frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J. Magnússon og Sverrir Þorbjörnsson forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Þessi n. hefur starfað síðan og orðið ásátt um að taka út úr þetta eina atriði, sem hér liggur fyrir, en halda síðan áfram með starf sitt og leggja fyrir álit um önnur atriði, sem til umr. hafa verið í n., síðar. En þetta atriði um skerðinguna hefur oft verið til umr. áður, framkvæmd afnámsins hefur oft áður verið frestað, en nú er meiningin, að það komi til framkvæmda.

Í lögunum um almannatryggingar frá 1946 er gert ráð fyrir því, að þetta skerðingarákvæði almannatryggingalaganna verði afnumið eftir 5 ár. Þessi 5 ár urðu 10 ár, og í almannatryggingalögunum frá 1956 koma aftur 5 ár, þ. e. a. s. fresturinn á afnáminu var framlengdur til ársloka 1960. Þetta þýðir það, að gamlir menn, sem orðnir eru 67 ára, geta nú fengið sinn ellilífeyri greiddan, þó að þeir hafi nokkrar tekjur, en annars hefur það verið takmarkað við, að tekjurnar væru lægri en ellilífeyririnn, ef engin skerðing átti að koma til, og við tvöfaldan ellilífeyri átti að afnema greiðslurnar að fullu. Í sambandi við þetta hefur líka verið nokkuð breytt — og það má kannske segja að sé nýmæli í þessu frv. — ákvæðunum um, hvað mikið ellilífeyririnn getur vaxið, ef frestað er að taka hann. Í fyrri lögum um það mál hefur verið veitt fyrirheit — fyrst um 5% hækkun á ári, sem gat numið samtals 40% eftir 8 ára frestun, — árið 1956 var þessum hundraðshluta breytt í 7½% og 60% í heild, en samkvæmt þessu frv. getur hækkunin orðið eftir 5 ár 67%, ef frestað er að taka ellilífeyrinn til 72 ára aldurs.

Það er meiri ástæða nú, eftir að þetta frv. hefur verið samþ., að gera ráð fyrir því, að ýmsir muni verða til þess að fresta töku ellilífeyrisins, ef þeir hafa atvinnutekjur, sem duga þeim til framfærslu, og þess vegna er horfið að því ráði að reyna að gera þetta enn aðgengilegra en það hefur verið fyrr, en ætti þó ekki að skapa tryggingunum í heild mjög veruleg útgjöld, en þeim tryggðu auknar lífeyrisgreiðslur, þegar þeir fara að taka þær, hvort sem það verður einu eða fimm árum eftir að þeir eru 67 ára að aldri. Þetta má segja, að sé aðalkjarninn í frv. og þó raunverulega ekki nýr, því að hann hefur verið þar áður með lægri tölum, en ástæða er til þess að ætla, að hann komi meira til framkvæmda, eftir að hið almenna á-

kvæði hefur verið samþ., að allir 67 ára fái rétt.

Um önnur ákvæði frv. er það að segja, að þau eru flest til orðin sem afleiðing af þessu aðalatriði og þurfa raunverulega ekki skýringa við umfram það, sem í grg. stendur. Í 4. gr. eru þó ákvæði, sem þurfa kannske nokkurra skýringa. Þar hefur verið skerðingarákvæði á barnalífeyri, sem líka er lagfært nú, þannig að ef ekkja með börnum giftist á ný, þá valt það á efnahag og tekjum síðari manns hennar, hvort barnalífeyrir yrði áfram greiddur með börnunum. En með þessu frv., eins og það liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir, að barnalífeyririnn haldi áfram.

Enn fremur eru nokkur ákvæði í 4. gr. um það, að þegar kona verður öryrki að einhverju ráði, þá átti hún og hennar maður, sem átti að framfæra fjölskylduna, rétt til barnalífeyris, ef efnahagur hans takmarkaði ekki það, að hann fengi rétt til hans. Nú er tekið upp í 4. gr. ákvæði um það, eins og það er orðað í frv., „að tryggingaráð getur ákveðið að greiða ekkli allt að fullum barnalífeyri, ef fyrirsjáanlegt er, að tekjur hans hrökkva ekki til að sjá fjölskyldunni farborða.“ Það er sem sagt enginn munur gerður á því, hvort kona manns er öryrki á sjúkrahúsi eða hvort hún er dáin.

Fleiri atriði held ég að ég þurfi ekki að nefna. Greinarnar skýra sig sjálfar, að því leyti sem þær þurfa skýringa við.

Það, sem ég vildi segja svo um störf n., sem falin hefur verið endurskoðun á almannatryggingalögunum, er það, að þessi endurskoðun n. heldur áfram og hún tekur til þeirra atriða annarra, sem talin eru þurfa endurskoðunar við. En ég vildi leggja áherzlu á, vegna þess að skerðingarákvæðið samkvæmt gildandi lögum fellur úr gildi um áramótin, að þetta frv. nái fljótlega fram að ganga og verði orðið að lögum um áramótin, til þess að hvort tveggja fylgist að, niðurfelling skerðingarinnar og lagfæringar á lögunum, sem af skerðingunni leiðir.

Kostnaður við þetta verður náttúrlega nokkur, en hann er erfitt að áætla, því að það getur vel komið til greina, að einmitt þeir menn, sem hér fá rétt til lífeyris og ekki höfðu hann áður, noti ekki þennan rétt sinn strax, heldur geymi hann til þess að fá lífeyrinn hækkaðan síðar. Þess vegna getur það farið nokkuð milli mála, hver kostnaðurinn verður. Það hefur verið reynt að áætla hann og sú áætlun segir, að gera megi ráð fyrir 22 millj. kr. útgjöldum í allt vegna þessara ráðstafana. Þar af koma ekki á ríkissjóðinn nema kringum 8 millj. Annan kostnað greiða atvinnurekendur, hinir tryggðu og sveitarfélögin. En þessum auknu útgjöldum ríkissjóðsins hefur verið gert ráð fyrir í fjárlagafrv., sem lagt var fyrir þingið í haust, svo að það þarf engar frekari breyt. á fjárlögum að gera þess vegna.

Ég vildi svo leyfa mér að mælast til þess við þá hv. n., sem fær frv. til meðferðar, að hún flýti því, þannig að það gæti fengið afgreiðslu fyrir þingfrestun, svo að frv. gæti öðlazt lögum um áramót.

Ég vildi svo leyfa mér að óska, að að umr. lokinni yrði frv. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 197, n. 231).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir, þegar þetta mál var hér til 1. umr., eru þær breytingar, sem nú eru gerðar á almannatryggingalögunum, bráðabirgðabreytingar, sem eru aðallega í því fólgnar, að það hefur þótt nauðsynlegt að kveða nákvæmar á um framkvæmd þess atriðis, sem á að koma til framkvæmda nú um áramótin, að fella niður skerðinguna svokölluðu. Þá þótti nauðsynlegt, að löggilda þessar breytingar á lögunum, sem hér liggja fyrir. Þær eru, eins og ég sagði áðan, aðallega til þess að kveða nánar á um þessa niðurfellingu. Það hefur verið skipuð nefnd, eins og hæstv. félmrh. gerði grein fyrir, til þess að endurskoða lögin í heild, eins og lofað hafði verið á síðasta þingi, en sú endurskoðun er svo skammt á veg komin, að ég hygg, að ekki séu líkur til, að fullnaðarendurskoðun laganna komi fyrir á þessu þingi. Þess vegna var gripið til þess ráðs að leggja fyrir þessa bráðabirgðabreytingu.

N. samþykkti að mæla með, að þessi bráðabirgðabreyting sé gerð, en einn nm., hv. 9. þm. Reykv., áskildi sér raunar rétt til að skrifa undir með fyrirvara og hafði búizt við að gera grein fyrir þeim fyrirvara við þessa umr. Ég hygg, að fyrirvarinn hafi verið fólginn í því, að þm. hafi óskað þess, að einhverjar frekari breytingar væru gerðar á l., en þar sem nú er komið nálægt þingfrestun, þá geri ég ekki ráð fyrir, að tóm verði til þess. Ég skal ekki lengja þessar umr., nema tilefni gefist til, — eitthvað, sem menn vilja spyrja um frekar í sambandi við þetta, eða annað tilefni gefist til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 244).

---

9. Ríkisborgararéttur.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar [78. mál] (stjfrv., A. 86).

Á 12. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið samið í samræmi við þær reglur, sem fylgt hefur verið um veitingu ríkisborgararéttar undanfarin ár, og er í raun og veru ekkert frekar um það að segja. Ég hygg, að einhverjar fleiri umsóknir muni vera á leiðinni. Þær verða þá athugaðar við meðferð málsins hér í þinginu.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 14. des. var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 204, 189).

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. Alþingi berast nú á hverju ári margar umsóknir um íslenzkan ríkisborgararétt, og það hefur því verið föst venja, að allshn. beggja d. hafi haft samráð um afgreiðslu þessara umsókna og við hana höfð hliðsjón af ákveðnum og föstum reglum, sem allshn. beggja d. urðu sammála um og komu sér niður á og birtust í nál. í maímánuði 1955 upphaflega.

Upphaflega voru reglur þessar í fimm liðum, en síðar hafa þær verið gerðar nokkru fyllri og einum lið bætt inn í. Sá liður er nú 5. liður, sem birtist í nál. á þskj. 204.

Það er augljóst, að afgreiðsla á þessum málum má ekki vera á reiki, og nauðsynlegt, að samræmi sé haft við um afgreiðslu þeirra á milli d. þingsins. Fjórir þm., tveir úr allshn. hvorrar d., ásamt skrifstofustjóra Alþingis athuguðu því nú frv. á þskj. 86 sem og umsóknir, sem því fylgdu, ásamt allmörgum öðrum umsóknum, sem borizt höfðu beint til Alþingis.

Til þess að ljóst mætti verða þeim, sem eftirleiðis sækja um íslenzkan ríkisborgararétt, var horfið að því ráði að taka þessar reglur inn í nál., og það er gert einnig nú eins og undanfarin ár.

Ég tel óþarft að fara yfir þessar reglur, því að hv. þm. eru þær allar kunnar.

Er undirnefnd beggja allshn. hafði ásamt skrifstofustjóra Alþingis yfirfarið allar umsóknir og orðið sammála um afgreiðslu þeirra, voru þær teknar fyrir á fundi allshn. þessarar d. og varð hún sammála um afgreiðslu. Allir umsækjendur, sem getið er um í frv. á þskj. 86, 5 karlar og 5 konur, fullnægja að öllu leyti skilyrðum þeim, sem sett hafa verið.

Af öðrum umsóknum, sem höfðu borizt, fullnægja 14 umsækjendur, 8 konur og 6 karlar, settum reglum, og hafa því umsóknir þeirra verið teknar til greina, og flytur n. því brtt. við frv. á þskj. 204. Þess skal þó getið, að tveir umsækjenda, Elfriede Else Maria Krause, sem er í 6. lið á frv., og Hörður Gunnarsson, sem er í brtt. n., 5. lið, öðlast ekki fullan dvalartíma fyrr en í júlí 1961, en n. þótti samt rétt, þegar svo stóð á, að umsækjendur ná fullum dvalartíma fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, að þá verði umsókn þeirra samþ. með þeim fyrirvara, að þeir fengju réttinn, um leið og áskildum dvalartíma hefði verið náð.

Að öðru leyti hef ég ekki meira um þetta frv. að segja. Allshn. er sammála um að leggja til, að frv. á þskj. 86 verði samþ. með þeim breyt., sem n. hefur leyft sér að flytja á þskj. 189, og leyfir sér að óska þess að umr. loknum, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 189 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 216).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 216, n. 232).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. um veitingu ríkisborgararéttar, sem er á þskj. 216. N. varð sammála um að mæla með því, að frv. þetta yrði samþ. Um breyt. þær, sem gerðar voru á þessu frv. í Nd., er þess að geta, að um þær var fjallað af 4 þm., 2 kjörnum úr allshn. hvorrar deildar fyrir sig. og auk þess starfaði skrifstofustjóri Alþingis með nefndinni.

Það hafa á undanförnum árum skapazt alveg fastar reglur hér á Alþ. um það, hvernig ríkisborgararéttur skuli veittur eða hvaða skilyrði þurfi að uppfylla. Við athugun þessara fjórmenninga kom það í ljós, að allir þessir 10 umsækjendur ríkisborgararéttar, sem voru á upphaflega frv., fullnægðu þessum skilyrðum. Enn fremur bárust allmargar umsóknir, og af þeim uppfylltu 14 umsækjenda skilyrðin, og það eru þeir 14 menn, sem teknir eru í brtt., sem samþ. voru við frv. í Nd., þannig að þær breyt., sem þar voru gerðar, voru þess vegna raunverulega í samráði við allshn. beggja þd.

N. leggur sem sagt til einróma, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 245).

10. Fjárlög 1961.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1961 [1. mál] (A. 1).

Á 6. fundi Sþ., 24. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Þessi útvarpsumræða fer þannig fram, að fyrst flytur hæstv. fjmrh. framsöguræðu, og er ræðutími hans ekki takmarkaður. Því næst verða fluttar hálfrar stundar ræður af hálfu annarra þingflokka en ráðherrans og í þessari röð: Alþb., ræðumaður Lúðvík Jósefsson, hv. 4. þm. Austf., Alþfl., ræðumaður Birgir Finnsson, hv. 5. þm. Vestf., Framsfl., ræðumaður Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. Austf. Að lokum talar fjmrh. aftur og hefur stundarfjórðung til andsvara.
Hefst nú umr. og tekur til máls hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Frv. til fjárl. fyrir árið 1961 liggur hér fyrir til 1. umr. Áður en ég vík að frv. sjálfu, undirbúningi þess, sjónarmiðum og stefnu, sem það er byggt á, vil ég rekja afkomu ríkissjóðs á árinu 1959 og gera nokkra grein fyrir fjárhagshorfum þess árs, sem nú líður.
Ríkisreikningurinn fyrir s. l. ár er prentaður, og hefur honum verið útbýtt meðal hv. alþm. Yfirskoðunarmenn Alþingis hafa lokið endurskoðun og skilað aths. Þær eru nú hjá hlutaðeigandi ráðuneytum og forráðamönnum ríkisstofnana til athugunar og andsvara. Að fengnum þeim svörum munu yfirskoðunarmenn gera till. varðandi þau málsatriði, sem þeir hafa fundið að. Eru niðurstöður yfirskoðunarmanna ýmist með þeim hætti, að þeir telja málið upplýst með svarinu eða svo búið megi standa eða aths. sé til athugunar eða viðvörunar framvegis eða loks, að þeir vísa málinu til aðgerða Alþingis. Síðan er samið frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum og frv. til fjáraukalaga, þar sem upp eru teknar greiðslur þær úr ríkissjóði, sem hafa verið inntar af höndum umfram fjárlög.
Ríkisreikningur er ekki endanlega afgreiddur, meðferð hans ekki lokið, fyrr en Alþingi hefur afgreitt lög um samþykkt á honum og þau lög hafa verið staðfest.
Um langan aldur hefur haldizt sá siður í landi voru, að ríkisreikningur væri eigi afgreiddur endanlega fyrr en tveim eða þrem árum eftir að lauk reikningsári. Þetta eru bágir búskaparhættir. Þegar ég flutti fjárlagaræðu 8. febr. 1960, hafði t. d. enn ekki verið unnt að leggja fyrir Alþingi frv. um samþykkt á ríkisreikningi ársins 1957. Um þetta segir svo í fjárlagaræðunni:
„Á þessu verður nú gagnger breyting. Ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hraða þessum störfum svo, að ríkisreikningar fyrir árin 1957, 1958 og 1959 verði allir lagðir formlega fyrir Alþingi á þessu ári til afgreiðslu. Sú fasta regla þarf að komast á, að ríkisreikningur sé endanlega afgreiddur og lögfestur á næsta ári eftir reikningsárið."
Þessar fyrirætlanir hafa nú orðið að veruleika. Frv. um ríkisreikninginn fyrir 1957 var afgreitt á Alþingi 2. júní 1960. Frv. um ríkisreikning fyrir 1958 var lagt fram í byrjun þessa þings og er komið til n. Frv. um ríkisreikninginn 1959 verður lagt fyrir Alþingi nú á næstunni og væntanlega afgreitt fyrir jól.
Ríkisreikningurinn fyrir 1959 liggur fyrir prentaður, eins og ég gat um. Skal ég nú rekja niðurstöðutölur hans og gera stutt yfirlit yfir afkomu s. l. árs.
Á rekstrarreikningi urðu tekjur 1059.9 millj. eða 29.3 millj. umfram fjárl. Rekstrargjöld urðu 954.4 millj., eða 7.2 millj. umfram fjárl. Umframgreiðslur rekstrargjalda hafa þannig á árinu 1959 orðið svo litlar, aðeins ca. 0.76%, að einstakt er. Rekstrarafgangur varð 105.5 millj., eða 22.1 millj. meiri en fjárl. gerðu ráð fyrir. Innborganir á eignahreyfingareikningi urðu 159 millj., útborganir 239 millj. Helztu umframgreiðslur þar urðu þessar: Flugvallagerð 5.5 millj., atvinnuaukningarfé 4.2 millj., vanskil á lánum með ríkisábyrgð 9 millj. Aðrir fjárlagaliðir urðu rúmlega 1 millj. undir áætlun.
Langsamlega mestur hluti þeirra innborgana og útborgana, sem færðar eru á eignahreyfingareikningi utan fjárl., koma bæði sem innborganir og útborganir, svo sem tekin lán, sem eru endurlánuð, skuldabréf stóreignaskatts, sala fiskiðjuvers, geymslufé o. fl. En skv. þeim reglum, sem fylgt hefur verið undanfarin ár um útreikning á greiðslujöfnuði, varð hann á árinu 1959 hagstæður um 2 millj. og 61 þús., og er þá ekki reiknað með greiðsluafgangi ársins 1958, eins og gert var í fjárl. fyrir 1959.
Á árinu 1959 voru tvær ríkisstj. á Íslandi. Núv. stjórn tók við störfum 20. nóv., en meginhluta ársins, eða rúmlega 10½ mánuð, fór með völd ríkisstj. Emils Jónssonar, og var fjmrh. hennar Guðmundur Í. Guðmundsson.
Þegar fjárl. fyrir yfirstandandi ár voru samin, en þau voru afgr. á Alþingi í marzlok, var óvenjulega erfitt að áætla tekjur ríkisins. Að meiri hluta miðast þær við innflutning til landsins. Tekjuáætlun fjárl. varð því að byggjast á áætlun um innflutning vara á þessu ári. Nú var það eitt af meginatriðum viðreisnar-

innar að draga úr innflutningi til þess að jafna hinn geigvænlega halla á viðskiptum við útlönd, sem var að því kominn að hvolfa þjóðarfleyinu. Gengisbreytingin og sú verðhækkun á vörum erlendis frá, sem af henni leiddi, hlaut að draga úr innflutningi. Á hinn bóginn var líklegt, að viðskiptafrelsi og lausn úr innflutningsfjötrum, mundi auka innflutning. Ógerlegt var að segja fyrir fram með nokkurri vissu, hvernig viðureign þessara gagnverkandi afla mundi ljúka. Eftir vandlega íhugun var tekjuáætlunin ákveðin eins og fjárl. sýna. Var þá byggt á þeirri innflutningsáætlun, að heildarinnflutningurinn mundi verða rúmlega 2 200 millj. kr.

Hv. stjórnarandstæðingar deildu fast á ríkisstj. og þingmeirihluta fyrir þennan þátt í afgreiðslu fjárl. og töldu, að tekjuáætlunin væri allt of lág. En ríkisstj. vildi fara varlega um áætlun ríkistekna á slíkum tímum breytinga og óvissu. Reynslan hefur sýnt, að ríkisstj. hafði rétt fyrir sér og að hér var sízt of varlega farið.

Eftir því sem næst verður ályktað af þróun innflutningsmála, það sem af er þessu ári, er líklegt, að heildarinnflutningur í ár verði að vísu nokkru meiri en innflutningsáætlun fjárl. gerði ráð fyrir. En hins vegar breytist samsetning innflutningsins mjög verulega. Innflutningur hátollavöru hefur dregizt saman mun meira en gert var ráð fyrir. Af þessu leiðir, að tekjur ársins 1960 munu væntanlega ekki ná áætlun fjárl., eftir því sem nú horfir. Lítur út fyrir, að aðflutningsgjöldin í heild verði nokkrum milljónatugum lægri en fjárl. gera ráð fyrir. Sumir aðrir tekjuliðir fara fram úr áætlun, en þó ekki nægilega til þess að jafna tekjumissinn af aðflutningsgjöldum. Í heild verður því, eins og nú horfir, að gera ráð fyrir því, að nokkuð skorti á, að heildartekjur ríkissjóðs í ár nái áætlun fjárlaga.

Varðandi útgjöld ríkisins hefur verið kappkostað að halda þeim í skefjum, og er árangurinn sá, að ríkisútgjöldin verða á þessu ári í fyrsta sinn undir áætlun fjárlaga. Ríkisstj. leggur á það megináherzlu að mæta rýrnun tekna með sparnaði í útgjöldum, svo að jöfnuður náist í fjármálum ríkisins á þessu ári. Enn er of snemmt að segja um það með vissu, hver endanleg afkoma ríkissjóðs verður á árinu 1960, en allt bendir þó til þess, að takast megi að ná því markmiði, sem stefnt er að, jafnvægi milli gjalda og tekna. Fram að þessu hefur afkoma ríkissjóðs á árinu verið allmiklu betri en á sama tíma tvö undanfarin ár. Í lok september var viðskiptaskuld við Seðlabankann t. d. 50 millj. lægri en sömu daga 1958 og 1959. Hins vegar munu tiltölulega meiri gjöld koma til á síðustu mánuðum ársins en undanfarin ár vegna þess, hve almannatryggingar og niðurgreiðslur hækka í ár. Það er því ekki hægt að gera ráð fyrir, að þessi staða haldist, en hins vegar ætti ekki að vera hætta á greiðsluhalla.

Undanfarna áratugi hafa útgjöld fjárl. hækkað ár frá ári, svo að það hafa þótt litlar fréttir, þótt lögð væru fram á hverju þingi hæstu fjárl. í sögu þjóðarinnar. Einstakar útgjaldagreinar fjárl. hafa yfirleitt farið hækkandi, nema 19. gr., sem fjallar um óviss útgjöld, dýrtíðarráðstafanir, niðurgreiðslur og uppbætur, því að með þá grein hefur verið hringlað fram og aftur og þessi útgjöld ýmist höfð í fjárl. eða færð á útflutningssjóð eða dýrtíðarsjóð, eftir því sem henta þótti hverjum tíma og hverri stjórn.

Við undirbúning fjárlfrv. fyrir 1961 var reynt að snúa inn á aðra braut og freista þess að færa gjöldin niður. 14 eru útgjaldagreinar fjárl. Þessi viðleitni hefur borið þann ávöxt, að 10 af 14 útgjaldagreinum fjárl. lækka nú frá gildandi fjárlögum. Þótt ekki sé hér um stórar fúlgur að ræða, miðað við heildarupphæð fjárl., er það stefnubreytingin, sem máli skiptir. Risabygging ríkisins verður ekki endurskoðuð og endurskipulögð á nokkrum mánuðum, en mestu varðar, að starfið sé hafið með hentugum vinnubrögðum og réttu hugarfari.

En 4 útgjaldagreinar fjárl. er ekki unnt að lækka. Þvert á móti hækka þær og sumar verulega. Framlög ríkissjóðs til trygginga og fjölskyldubóta hækka frá gildandi fjárl. um 57 millj. kr. Hinar stórauknu fjölskyldubætur, sem lögfestar voru á síðasta þingi, eru greiddar í 9 mánuði þessa árs, en 12 mánuði næsta ár. Sama máli gegnir um 44% hækkunina á ellilífeyri og skerðingarákvæðið, að draga skuli frá ellilaunum þá upphæð, sem hið aldraða fólk vinnur sér inn, verður nú afnumið. Önnur grein, sem hækkar, er um eftirlaun og framlög til lífeyrissjóða. Hin þriðja er sjúkrahúsamálin og hin fjórða skólamál. Þessar fjórar greinar, félagsmál, eftirlaun, skólar og sjúkrahús, hækka samtals um um rúmar 73 millj. kr.

Í fjárlagaræðunni í febrúar ræddi ég nokkuð um nauðsyn þess að endurskoða starfskerfi og starfshætti ríkisins og taka upp skipulega hagsýslu (rationaliseringu) á vegum ríkisins. Til þess að ná raunhæfum árangri um sparnað í opinberum rekstri, aukna hagkvæmni og bætt skipulag þyrfti að vinna að því að staðaldri af kunnáttumönnum. Með þessum hætti hefur þegar verið unnið að ýmsum málefnum ríkisins, einstakir þættir teknir til rannsóknar, kannaðir ofan í kjölinn og gerðar tillögur um nýja skipan. Ég taldi þá upp tólf atriði, sem tekin yrðu til athugunar í sparnaðarskyni. Það hefur verið gert um þau öll, og mun það koma fram í yfirliti hér á eftir. En auk þeirra hefur fjöldi annarra atriða einnig verið tekinn til meðferðar. Í mörgum tilfellum eru þessar athuganir að sjálfsögðu enn á byrjunarstigi.

Þær lækkanir, sem gerðar eru í fjárlagafrv. frá gildandi fjárlögum, skulu nú raktar í stórum dráttum og einnig minnzt á önnur þau mál, sem unnið hefur verið að á þann hátt, er ég gat um.

1) Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir í 7. gr. fjárlaga. Vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru að miklu leyti bundnar af lánssamningum á skuldabréfum. Þessar greiðslur hækka nokkuð, aðallega vegna nýrra byggingarlána landsspítalans og framlags til alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs, en breytileg er vaxtagreiðsla af viðskiptaláni ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hefur verið

töluvert lægri að jafnaði á þessu ári en undangengin ár, og að því er stefnt, að viðskiptaskuld ríkissjóðs verði haldið svo í skefjum á næsta ári, að unnt sé að lækka vaxtabyrði ríkissjóðs af þeirri sök, og er sú áætlun lækkuð um 300 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

2) Kostnaður við forsetaembættið lækkar samkvæmt tillögu forseta Íslands um 38 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

3) Alþingiskostnaður er lækkaður um eina millj. kr. Sú lækkun er byggð á þeim ásetningi ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar, að þinghald verði styttra en tíðkazt hefur um hríð. Með bættum undirbúningi þingmála, samheldni og einbeitni ábyrgra ráðamanna má hafa skemmra þing og þó betri skil. Við röskari vinnubrögð Alþingis geta milljónir sparazt og vegur þess vaxið.

4) Í París hafa verið tvær skrifstofur á vegum Íslands, sendiráðið og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu og Efnahagssamvinnustofnuninni. Nú verða þessar skrifstofur sameinaðar undir stjórn eins sendiherra, í stað þess að tveir voru áður. Við þetta sparast rúmlega 800 þús. kr.

5) Kostnaður við þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn. er lækkaður um 320 þús. kr.

6) Kostnaður við álagningu skatta er lækkaður um rúmar 2 millj. kr. Samkvæmt núgildandi lögum er tekju- og eignarskattur ákveðinn af skattanefndum í hreppum og skattanefndum eða skattstjóra í kaupstöðum. Undirskattanefndir eru nú 219 að tölu og í hverri 3 menn, eða samtals 657 menn, en skattstjórar eru nú 10 í kaupstöðum. Nú er ráðgert, að þessu kerfi verði gerbreytt, landinu verði skipt í nokkur skattumdæmi, t. d. 8 að tölu, og í hverju þeirra verði einn skattstjóri, sem fari með skattálagningu og leysi af hólmi undirskattanefndir þær, sem nú fara með þessi störf. Með þessu á m. a. að vinnast lækkun útgjalda, meira samræmi um skattálagningu og betra eftirlit með framtölum. Gert er ráð fyrir, að núverandi yfirskattanefndir, 24 að tölu, verði einnig lagðar niður og skattstjórar taki við störfum þeirra. Skattstjórar með æfðu starfsliði eiga að ná betri árangri í störfum en menn, sem verða að vinna slík störf í hjáverkum. Er á engan hátt verið að vanmeta störf þeirra, þótt á þetta sé bent, heldur einungis drepið á þá staðreynd, sem hlaut að verða afleiðing af kerfinu sjálfu og því, hvernig að nefndunum hefur verið búið.

7) Skipting vegafjár undanfarin ár hefur verið óhagkvæm og mikið fé farið til spillis. Vegafénu hefur verið skipt í yfir 200 staði og oftlega komið smáupphæðir, niður í 10 þús. kr., á hvern veg. Í fjárlagaræðunni í febrúar var bent á, að eins og nú væri háttað vegagerð hér á landi, með stórvirkum vélum og tækjum, færi a. m. k. önnur hver króna til ónýtis við þessar smáu fjárveitingar. Þeim væri beinlínis fleygt í kostnað við flutninga á vélum og mannskap til og frá. Það væri til hagsbóta fyrir alla aðila, fyrir ríkissjóð og það fólk í byggðum landsins, sem á að njóta veganna, að upphæðirnar væru stærri og færri, þannig að hver króna nýttist betur.

Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri hefur verið mikill talsmaður þess, að hér yrði breytt um til bóta. Fjvn. brást vel við og lagði ótrauð inn á hina nýju braut við afgreiðslu gildandi fjárlaga, og niðurstaðan varð þessi: Árið áður, 1959, var fjárlagafé og benzínskattur til nýbyggingar vega samtals 21 millj. 180 þús. kr., og var því skipt á 219 vegi. Í ár var fé til nýbyggingar vega 16 millj. 480 þús. kr. á 13. gr. fjárlaga, 6½ millj. af benzínskatti og 4 millj. á 20. gr. til vegabóta, samtals í ár 26 millj. 480 þús., eða 5 millj. og 300 þús. kr. hærra en á árinu 1959. Þessu fé var skipt á 163 vegi í stað 219 í fyrra, en það er fækkun um 56 staði. Vegaféð í heild hækkaði því frá árinu áður um 25%, en vinnustöðunum fækkaði um 25%. Verður þetta að teljast verulegur ávinningur í fyrstu lotu til bættrar hagnýtingar á vegafé. Ég hef beðið vegamálastjóra að gera grein fyrir því, hver áhrif þessi fækkun fjárveitinga og hækkun hefur haft í sparnaðarátt. Um það segir í grg. hans:

„Í vinnuflokki, sem einungis fæst við undirbyggingu vega, eru oftast 1—2 jarðýtur og 5—6 menn við ræsagerð og þess háttar. Að flytja slíkan flokk með öllum viðleguútbúnaði kostar tæpast minna en 10 þús. kr. Flokkur, sem fæst við viðhald vega og þá einnig við að mölbera nýja vegi, hefur eina vélskóflu eða ýtuskóflu, 4—6 bíla og 3—4 menn. Flutningur á slíkum flokki kostar um 8 þús. kr., en þá þarf sérstök flutningatæki fyrir vélskófluna. Ef um ýtuskóflur er að ræða, má að jafnaði flytja þær á einhverri bifreið í vinnuflokknum, og sparast þá nokkurt fé og kemst kostnaðurinn niður í 5—6 þús. kr. Með hliðsjón af því, er að framan greinir," segir vegamálastjóri, „teldi ég ekki fjarri að áætla, að sparazt hafi um 8 þús. kr. að meðaltali við fækkun hverrar fjárveitingar, eða um 450 þús. kr. á fækkun fjárveitinga úr 219 í 163. Með því að hafa færri en stærri fjárveitingar til vega sparast auk flutningskostnaðar einnig töluverður fastakostnaður við verkstjórn, matreiðslu, aðdrætti og þess háttar, þar sem þessi fastakostnaður er nær hinn sami, hvort unnið er t. d. með einni eða 4—5 jarðýtum, svo að dæmi sér nefnt. Einnig er minni hætta á, að stór vinnuflokkur með mörgum vélum verði verklaus, þó að ein eða fleiri vélar bili, en það getur oft átt sér stað, þar sem aðeins er unnið með einni eða tveim vélum í vegi.

Það er enginn efi á því," segir vegamálastjóri að lokum, „að færri en stærri fjárveitingar eru spor í rétta átt, enda hefur fjvn. Alþ. oft verið gerð grein fyrir því og nm. sjálfum verið það vel ljóst, þó að erfiðlega hafi lengst af gengið að fá það sjónarmið viðurkennt í reynd."

Af þessum orðum og yfirliti vegamálastjóra má ráða, að hér hefur strax í fyrsta áfanga sparazt verulegt fé, a. m. k. ½ millj. kr. og væntanlega meira, og hefur það komið héruðunum til góða í meiri vegagerð.

Ég vænti þess, að Alþingi og fjvn. haldi áfram á þessari braut. Og sömu sjónarmið sem eiga við um vegagerð eiga einnig við um marg-

vislegar framkvæmdir aðrar, t. d. hafnargerðir.

8) Skipaútgerð ríkisins er rekin með miklum tilkostnaði fyrir ríkissjóð. Í fjárlögum ársins í ár er hallinn áætlaður 15 millj. kr. Síðan stofnað var til þessa fyrirtækis fyrir 30 árum, hefur bylting orðið í samgöngumálum. Með hinum miklu vegabótum hafa fólksbílar og flutningabílar tekið við hluta af verkefni strandsiglinga. Skipafélögin hafa nú mörg skip í förum við strendur landsins. Flug var ekki á þeirri tíð, en fjöldi flugvéla flytur farþega og farangur í allar áttir milli áfangastaða allan ársins hring. Það virðist tímabært að endurskoða siglingarnar við strendur landsins og freista þess, hvort eigi er unnt að draga úr hinum mikla kostnaði, en sinna þó samgönguþörfum landsmanna á fullnægjandi hátt.

Í sumar var norskt fyrirtæki, sem veitir aðstoð í hagsýslustörfum og hefur reyndum og þjálfuðum sérfræðingum á að skipa, fengið til að vinna að ýmsum hagsýslustörfum fyrir ríkisstjórnina. M. a. unnu sérfræðingar þess að athugun á fyrirkomulagsbreytingu á strandferðarekstri hér í því skyni, að lækka mætti kostnað við strandferðirnar án þess að draga nokkuð úr þjónustu þeirri, sem Skipaútgerð ríkisins hefur veitt. Fyrstu till. liggja nú fyrir frá hinu norska fyrirtæki, sem í stórum dráttum eru í því fólgnar að breyta svo tilhögun á strandferðaáætlunum, að skipin Hekla, Skjaldbreið og Herðubreið ein geti annazt svo góða þjónustu sem nú er veitt af þeim skipum auk Esju. Sparast þá rekstur Esju, en kostnaðarauki við það, að Hekla færi miklu fleiri ferðir en verið hefur, og annar kostnaðarauki við breytinguna er tiltölulega lítill. Í öðru lagi leggja þeir til að vinna að betri tækni í uppskipun og útskipun, sem reynd hefur verið í Noregi og sparað þar ótrúlega mikið fé og tíma. Sparnaður af þessum ráðstöfunum tvennum er áætlaður um 6¾ millj. kr., þegar miðað er við kostnað þann, er varð á árinu 1959.

Þessar till. eru nú til nánari athugunar í samgmrn., og fæst bráðlega úr því skorið, hvort rétt þykir að gera þessar breyt. að öllu eða einhverju leyti. En á þessu stigi var ákveðið að lækka hallann á Skipaútgerðinni í fjárlagafrv. um 5 millj., úr 15 í 10.

9) Póstmálin hafa lengst af verið rekin með halla, sem ríkissjóður hefur orðið að greiða. Fjárlög hafa jafnan gert ráð fyrir greiðsluhalla, þangað til á fjárlögum í ár, að ákveðið var, að pósturinn skyldi sjálfur standa undir útgjöldum sínum. Sama er um fjárlagafrv. fyrir 1961. Hér skal þó tekið fram, að á árinu 1958 og 1959 rættist betur úr en fjárlög höfðu ráðgert, og varð nokkur tekjuafgangur hjá póstinum þau ár.

10) Síminn hefur kostað ríkissjóð mikil fjárframlög að því leyti, að tekjur hans hafa hvergi nærri hrokkið auk rekstrarkostnaðar fyrir nýjum símalagningum og öðrum framkvæmdum. Greiðsluhalli símans, sem ríkissjóður hefur greitt, hefur verið síðustu 4 ár frá 2½ millj. upp í 13½ millj. á ári. Í þessu fjárlagafrv. er reiknað með því, að síminn standi sjálfur undir framkvæmdum sínum, og er þó alls ekki úr þeim dregið.

11) Sameining áfengis- og tóbakseinkasalanna hefur lengi verið rædd og flestum þótt sjálfsögð, þar sem hún mundi leiða til sparnaðar, en úr framkvæmdum hefur ekki orðið. Nú hafa hagsýslufræðingar framkvæmt rækilega rannsókn í því máli, varðandi sameiningu á yfirstjórn, bókhaldi og skrifstofuhaldi. Er það skoðun þeirra, að með sameiningu þessara tveggja fyrirtækja nægi 24 starfsmenn í stað 35, eins og nú er. Megi þannig fækka um 11 manns og muni sparnaður við það nema úm 1 millj. kr. á ári. Auk þess muni skrifstofuhúsnæði annarrar stofnunarinnar væntanlega nægja fyrir báðar. Ekki er lokið athugun á sparnaði við hina tæknilegu hlið, þ. e. framleiðslu, geymslu og afgreiðslu. Þessar till. eru nú til athugunar hjá forstjórum fyrirtækjanna, en frv. um sameiningu þessara tveggja fyrirtækja verður lagt fyrir þetta þing.

12) Skipaskoðun ríkisins hefur verið rekin með halla, sem hefur numið að jafnaði frá ½ millj. og upp í 730 þús. kr. á ári. Þessi halli er lækkaður í fjárlagafrv. nú niður í 106 þús. kr. Það verður að stefna að því, að þessi þjónusta sem og margvísleg önnur þjónusta, sem ríki og ríkisstofnanir veita, sé seld við sannvirði og standi undir sér, svo að ekki þurfi að jafna hallanum niður á almenning með hærri sköttum og tollum.

13) Kostnaður við eyðingu refa og minka í landi voru er nú um 4½ millj. kr. á ári. Það er ívið hærra en allt framlag ríkissjóðs til iðnaðarmála á Íslandi. Af þessum kostnaði greiðir ríkissjóður ⅔ hluta eða 3 millj., en sýslu- og sveitarfélög þriðjung. Ólafur Sigurðssonu ráðunautur á Hellulandi, sem ritað hefur og talað af meira viti en margir aðrir um minkaeldi, hefur stungið upp á því að létta þessum útgjöldum með öllu af hinu opinbera. Hann stingur upp á því að láta minkabúin, sem hljóta að rísa hér upp á næstu árum til stórfenglegrar gjaldeyrisöflunar fyrir þjóðina, greiða leyfisgjald, er varið sé til eyðingar villtra loðdýra. Þangað til sú góða tillaga kemst í höfn, verður að draga úr þessum ofboðslega kostnaði hins opinbera. Breyting á núgildandi fyrirkomulagi hefur verið undirbúin í samráði við veiðistjóra, og er fjárveiting í fjárlagafrv. lækkuð um 2 millj.

14) Nefndir eru margar í íslenzku þjóðfélagi, of margar og sumar hverjar of dýrar. Sumir menn vilja jafna nefndum og ráðum við plágur Egyptalands og helzt uppræta þær með öllu. Í lýðræðisþjóðfélagi hafa nefndir ýmsum nytsömum verkefnum að gegna, t. d. að kanna og undirbúa einstök þjóðmál til rannsókna og eftirlits. En hér þarf að hafa hóf á um fjölda nefndarmanna, kostnað við nefndir, ævilengd þeirra, því að fyrir kemur, að nefndir lifi of lengi, og jafnvel að það gleymist að hætta að borga þeim laun.

Athugun hefur farið fram í öllum ráðuneytum á nefndum og störfum þeirra eða starfsleysi, í því skyni að leggja niður þær

nefndir, sem ekki er talin þörf fyrir, og draga úr kostnaði. Þessari víðtæku athugun er ekki lokið að fullu enn. Fjöldi nefnda er til orðinn samkvæmt lagafyrirmælum og alþingisályktunum, og þarf þá oft lagabreytingar eða nýjar þingsályktanir til að leggja slíkar nefndir niður. Nú þegar hefur fjmrn. ákveðið að leggja niður eða gera till. til Alþingis um niðurlagningu 250 nefnda, sem undir það ráðuneyti heyra, og er þar langstærsti hópurinn að sjálfsögðu skattanefndirnar.

15) Tillögur hafa verið gerðar um breytingar á fyrirkomulagi við embætti ríkisféhirðis. Miða þær einkum að því, að bankar taki að sér útborgun launa fyrir ríkissjóð í ríkara mæli en nú. Nokkur framkvæmdaatriði eru enn ekki fullráðin, en víst er, að ný tilhögun mun spara töluvert fé.

16) Rækileg og gagnger rannsókn er hafin á fyrirkomulagi og starfsháttum í ýmsum ríkisstofnunum og embættum. Þess má vænta, að af henni leiði till. um endurbætur, er hafi í för með sér það tvennt, sem gjarnan má fara saman: sparnað fyrir ríkissjóðinn og bætta þjónustu.

17) Kostnaður við framkvæmd skyldusparnaðar hefur reynzt óhæfilega hár og óhæfilegt umstang lagt á herðar sparendum. Liggja nú fyrir till. til breytinga, sem losa sparendur við mikið ómak og jafnframt eiga að spara ríkissjóði á aðra milljón króna á ári. Kostnaður við framkvæmdirnar að óbreyttu fyrirkomulagi er áætlaður 2 millj. og 300 þús. kr. á næsta ári, en í fjárlagafrv. er þessi liður færður niður í 1 millj. kr.

18) Kostnaður við framkvæmd orlofslaga er lækkaður, vegna þess að fyrirhuguð er hagkvæmari framkvæmd þeirra laga.

19) Innflutningsskrifstofan var lögð niður á þessu ári. Losað var mjög um höft á innflutningi og gjaldeyriskaupum, og minnkuðu því verkefni þau, sem hún hafði með höndum. Við þeim tóku síðan gjaldeyrisdeildir bankanna og verðlagsnefnd, en verðlagsstjóri og skrifstofa hans hélt áfram. Gert er ráð fyrir að spara yfir 3 millj. kr. við þessar ráðstafanir.

20) Jarðboranir eftir jarðhita eru meðal þeirra framkvæmda, sem halda verður áfram með fullum hraða, svo mikil eru þau verðmæti, sem í aukinni hitaorku liggja. Kostnaður við jarðboranir er í ár tæpar 10 millj. kr., en mun verða á næsta ári um 12½ millj. með starfrækslu bæði gufuborsins mikla og hins nýja Norðurlandsbors. Eðlilegt er að telja slíkan kostnað að verulegu leyti með stofnkostnaði, þegar heita vatnið eða gufan verður virkjað síðar. Þess vegna er í ráði að stofna sjóð, er standi undir þessari starfsemi, og taki hann lán, er síðar teljist með stofnkostnaði væntanlegra virkjana. Í fjárlagafrv. eru veittar 6 millj. kr. í þessu skyni. Er það lækkun um 3.6 millj. frá gildandi fjárlögum, en eins og áður greinir, verður séð fyrir fjárþörfinni að fullu á annan veg.

21) Bifreiðakostnaður ríkisins er í sérstakri athugun, og verður síðar gerð grein fyrir niðurstöðum þeirrar athugunar og úrræðum til sparnaðar.

22) Húsnæði stjórnarráðs og ríkisstofnana þarfnast mikilla breytinga. Sumpart er skrifstofuhúsnæðið svo óhentugt, að ekki er hægt að koma við hagkvæmari og ódýrari starfsháttum. Sumpart er það mjög dýrt húsnæði, sem ýmis ríkisfyrirtæki hafa á leigu. Í yfirliti, sem gert var í sept. s. l. um leiguhúsnæði ríkisstofnana, kom í ljós, að ársleiga þeirra er 9 millj. Ríkissjóður verður að hraða því að koma upp eigin húsakosti fyrir sjálfan sig og sína starfsemi. Töluverðar fúlgur eru þegar í byggingarsjóði, og verulegan sparnað í rekstrarkostnaði ríkisins mundi það hafa í för með sér, ef ríkissjóður kæmi upp hentugu húsnæði fyrir flestar af skrifstofum sínum og stofnunum.

23) Greiðslur afborgana og vaxta vegna smíði varðskipsins Óðins eru lækkaðar í frv. um 3 millj. 750 þús. kr., vegna þess að hagstæðara lán mun fást vegna byggingar varðskipsins en nú er.

24) Ríkisábyrgðir á lánum fyrir ýmsa aðila og vanskil á þeim lánum, er á ríkissjóð falla, eru orðin geigvænleg. Á þessu ári verða greiðslur ríkissjóðs vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð væntanlega um 40 millj. kr. Þessar upphæðir hafa farið hækkandi ár frá ári síðasta áratug.

Í fjmrn. hefur verið samið frv. til laga um ríkisábyrgðir í samræmi við þál., sem Alþingi samþykkti fyrir skemmstu að tillögu hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnúsar Jónssonar. Þetta frv. um ríkisábyrgðir, sem miðar að því að tryggja betur hag ríkissjóðs en nú er og að betur sé fylgzt með fjárhag þeirra aðila, sem ríkisábyrgð fá, — og það er vissulega einnig þeirra hagur, — þetta mál verður rætt nánar á Alþingi, þegar frv. verður lagt fram, og skal ég því ekki rekja þetta vandamál frekar að sinni.

Ég skal nú gera grein fyrir helztu breytingum á gjaldahlið fjárlagafrv. frá gildandi fjárlögum til viðbótar því, sem ég hef þegar rakið.

7. gr. fjárlaga, vaxtagreiðslur af lánum, lækkar um 96 þús. kr., eins og fyrr er getið.

8. gr., kostnaður við æðstu stjórn landsins, lækkar um 38 þús. kr.

9. gr.: Alþingiskostnaður er áætlaður 9 millj. 550 þús. og lækkar um eina milljón.

10. gr. fjárlaga er þríþætt: 1. liður er kostnaður við stjórnarráðið, sem er áætlaður 19.4 millj. og lækkar um 162 þús., 2. liður er utanríkismál, áætlað 17.8 millj., og 3. liður tillög til ýmissa alþjóðastofnana, 3.8 millj. Þessir tveir liðir, sem eru einn rómverskur liður í gildandi fjárlögum, lækka samtals um 936 þús. Vegur þar þyngst sameining sendiherraembættanna í París. Samtals lækkar því 10. gr. fjárlaga um 1 millj. 98 þús. kr.

11. gr. A fjallar um dómgæzlu og lögreglustjórn. Kostnaður er áætlaður 77.3 millj. og hækkar um 1.2 millj., þar af 345 þús. aukinn kostnaður vegna landhelgisgæzlu, en rekstur hennar kostar nú 34 millj. kr. á ári auk vaxta

og afborgana af kaupverði hins nýja varðskips, Óðins.

11. gr. B, kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta, er samtals 26.3 millj. og lækkar frá gildandi fjárlögum um 1.6 millj.

11. gr. C, sameiginlegur kostnaður, lækkar um 50 þús.

11. gr. í heild lækkar því um 519 þús. kr.

12. gr. er um læknaskipun og heilbrigðismál. Þau útgjöld eru áætluð 49.2 millj. og hækka um 4.4 millj., þrátt fyrir það að rekstrarhalli heilsuhælanna á Vífilsstöðum og í Kristnesi lækkar um 850 þús. En hinn aukni kostnaður stafar að nokkru af því, að viðbygging landsspítalans verður tekin í notkun á árinu og þar þarf 40 nýja starfsmenn: lækna, hjúkrunarkonur og starfsstúlkur. Enn fremur tekur ríkissjóður nú að sér allan rekstrarhalla fæðingardeildarinnar, þar eð Reykjavíkurbær, sem áður hefur greitt ⅔ af rekstrarhallanum, hefur nú komið á fót fæðingarheimili, sem bærinn stendur einn straum af.

13. gr. fjallar um samgöngumál. A-liður, framlög til vegagerða, hækkar upp í 52 millj. alls, og til kaupa á vegavinnuvélum er hækkað um ½ millj. B-liður, samgöngur á sjó, lækkar um 5 millj. 250 þús., aðallega vegna þess, að hallinn á Skipaútgerðinni er lækkaður úr 15 millj. í 10. C-liður, vita- og hafnamál: framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta er óbreytt, 13.4 millj., til áhaldakaupa er hækkað um ½ millj., til hafnarbótasjóðs eru veittar 2 millj., eins og lög mæla, en sérstök aukaframlög til hafnarbótasjóðs vegna tveggja hafna áttu aðeins að gilda í eitt ár og falla því niður nú. Smávægilegar breytingar eru á öðrum liðum, 13. gr., flugmálum og veðurþjónustu. Heildarútgjöld 13. gr. lækka um 3.8 millj. kr.

14. gr. fjárlaga fjallar um kennslumál, söfn og listir. Sú grein hækkar um tæpar 12 millj. kr. Kostnaður við barnafræðslu hækkar um 2.8 millj. og við gagnfræðamenntun um 6.2 millj. Vegna nemendafjölgunar verða barnakennarar 42 fleiri en á síðasta skólaári, og gagnfræðakennurum fjölgar um 30. Þá eru veittar 930 þús. kr. til vísindalegra og hagnýtra rannsókna á grunnvatni á Íslandi.

15. gr., kirkjumál, áætlað 13.3 millj., lækkar um 109 þús. kr.

16. gr., til atvinnumála, áætlað 143.9 millj. og lækkar um 5.1 millj. Helztu breytingar eru þessar:

Framlög vegna landbúnaðarmála, 77.3 millj., lækka um 2.2 millj., og er það aðallega vegna lækkunar við eyðingu refa og minka.

Framlög til sjávarútvegsmála hækka um 1 millj., en til raforkumála lækka hins vegar um 3.6 millj. vegna þeirra breytinga, sem áður er getið, um fjáröflun til jarðborana.

16. gr. samtals lækkar um 5.1 millj.

17. gr., félagsmál, nemur nú 376 millj. kr. og hækkar um 55.7 millj., aðallega vegna aukinna almannatrygginga.

18. gr., eftirlaun og framlög til lífeyrissjóða, hækkar um 1½ millj.

19. gr., óviss útgjöld, — langhæsti liðurinn, niðurgreiðslur vöruverðs, er óbreyttur, aðrir liðir breytast nokkuð innbyrðis. Niðurstaða 19. gr. verður lækkun um ½ millj.

20. gr., eignabreytingar, lækkar um 10.3 millj. kr.

Heildartala útgjalda er 1552 millj., og er það 50.9 millj. hærra en í fjárlögum fyrir 1960, og greiðsluafgangur er áætlaður 817 þús. kr.

Á tekjuáætlun frv. verða nokkrar breytingar frá gildandi fjárlögum, og er þá höfð hliðsjón af reynslunni í ár.

Með vísun til þess, er ég sagði áður um væntanlegar tekjur yfirstandandi árs, eru áætlaðar tekjur af aðflutningsgjöldum lækkaðar nokkuð. Verðtollur er áætlaður 343.6 millj., lækkar um 21.4 millj. Innflutningssöluskatturinn eldri er áætlaður 148 millj., lækkar um 9 millj. Leyfisgjöld af bifreiðum eru áætluð 31 millj., lækka um 22 millj. Hins vegar hækka tekjur af ríkisstofnunum um 27.1 millj., upp í 290 millj., og ýmsir smærri tekjuliðir hækka nokkuð.

3% söluskatturinn og 8% innflutningssöluskatturinn, sem lögleiddir voru á síðasta þingi, eru í gildandi fjárlögum áætlaðir 280 millj., þar af fimmtungur eða 56 millj. til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þeir tóku gildi, er fjórðungur ársins var liðinn. Miðað við það, að þeir verði í gildi allt árið 1961, er gert ráð fyrir, að þeir skili rúmlega 350 millj., þar af rúmlega 70 millj. til sveitarfélaganna, í stað 56 millj. í ár.

Þær efnahagsráðstafanir, sem stofnað var til á öndverðu þessu ári, höfðu tvíþætt markmið: að binda endi á greiðsluhallann við útlönd og á verðbólguna innanlands. Til þess að ná þessum árangri var nauðsynlegt að skrá rétt gengi og afnema útflutningsbótakerfið, að halda útlánum bankanna innan þeirra marka, sem sparifjármyndunin setur, að reka ríkisbúskapinn án greiðsluhalla og að rjúfa tengingu kauplags og afurðaverðs við vísitölu. Til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem þessar nauðsynlegu ráðstafanir hlutu að leiða til, og jafnvel að eyða kjaraskerðingunni með öllu hjá þeim, er verst voru settir, voru ellilífeyrir og fjölskyldubætur hækkaðar stórlega og niðurgreiðslur nauðsynja auknar nokkuð. Í sömu átt miðuðu þær skattabreytingar, sem framkvæmdar voru, afnám tekjuskatts á almennum launatekjum og lækkun útsvara, en álagning söluskatts til að vega á móti tekjumissinum, er ella hefði hlotizt af þeirri lækkun.

Þó að enn sé skammt liðið, síðan þessar ráðstafanir voru framkvæmdar, og alllangur tími hljóti að líða, áður en þær bera fullan árangur, er nú þegar hægt að benda á þýðingarmikla áfanga, sem náðst hafa.

Gjaldeyrisstaðan hefur þegar batnað nokkuð, og má búast við verulegum bata hennar á næstu mánuðum. Þetta er því athyglisverðari árangur, sem innflutningur hefur á þessu sama tímabili verið gefinn frjáls að miklu leyti og útflutningsatvinnuvegirnir hafa beðið mikinn hnekki vegna verðfalls á fiskimjöli og lýsi og vegna lélegra síldveiða á s. l. sumri og lítils afla togaranna. Hækkun verðlags hefur ekki orðið meiri en gert hafði verið ráð fyrir

og óhjákvæmilega hlaut að leiða af breytingu gengisskráningarinnar. Vísitala framfærslukostnaðar, sem tekur tillit til hækkunar fjölskyldubóta og lækkunar beinna skatta, var 102 stig 1. okt. s. l., eða tveim stigum hærri en hún var, áður en þessar ráðstafanir komu til framkvæmda. Má búast við, að öll áhrif ráðstafananna komi fram í vísitölunni fyrir áramót og verði hún þá ekki yfir 104 stig. Úr því má gera ráð fyrir, að verðlag haldist stöðugt, svo framarlega sem kaupgjald hækkar ekki innanlands eða verðlag erlendis og svo framarlega sem bankaútlán aukast ekki um of og ríkisbúskapurinn er rekinn án halla.

Sparifjármyndun hefur þegar aukizt, og má búast við enn meiri aukningu hennar á næstunni, haldist verðlag stöðugt. Hækkun vaxtanna hefur haft greinileg áhrif í þá átt að draga úr eftirspurn eftir lánsfé og auka sparifjármyndun.

Það gat auðvitað ekki hjá því farið, að takmörkun bankaútlána og hækkun vaxta hefði í för með sér erfiðleika fyrir atvinnufyrirtækin í landinu, ekki sízt vegna þeirrar auknu rekstrarfjárþarfar, sem af gengisbreytingunni leiddi. Þessir erfiðleikar hafa reynzt miklir, og þeir hafa reynzt enn meiri en ráð hafði verið fyrir gert vegna verðfalls útflutningsafurðanna og aflaleysis. Samt sem áður hafa hrakspár stjórnarandstæðinga um atvinnuleysi ekki rætzt.

Eigi fullur árangur að nást af efnahagsráðstöfununum, verður að sjálfsögðu að halda fast við þá stefnu, sem í upphafi var mörkuð. Bankaútlán mega ekki aukast umfram sparifjármyndun, þau standa í beinu sambandi og hlutfalli við hana. Ríkisbúskapurinn verður að vera rekinn hallalaust. Og kaupgjald má ekki hækka, fyrr en gjaldeyrisstaðan er komin í eðlilegt horf, og þá að sjálfsögðu ekki meira en svarar til aukinnar framleiðni. Það kostar margvíslega erfiðleika í bili, ekki sízt vegna þeirra áfalla, sem þjóðarbúskapurinn hefur orðið fyrir í verðfalli og aflaleysi. En þegar fullur árangur hefur náðst af efnahagsaðgerðunum, þá skapast nýr grundvöllur fyrir bætt lífskjör og vaxandi velmegun fólksins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Nú eru liðnir 8 mánuðir, síðan Alþ. samþykkti sem lög hið nýja efnahagskerfi ríkisstj. Vegna almennrar óánægju með hið nýja kerfi bað forsrh. þjóðina um að sýna biðlund og veita ríkisstj. starfsfrið, svo að reynslan fengi að skera úr um gildi hins nýja efnahagskerfis. Þrátt fyrir þær miklu byrðar, sem lagðar voru á þjóðina, og þær sérstöku fórnir, sem vinnustéttirnar hafa orðið að færa vegna hinnar nýju efnahagsmálastefnu, hefur ríkisstj. fengið starfsfrið og þjóðin sýnt þá biðlund, sem um var beðið.

En nú er reynslutími hins nýja efnahagskerfis liðinn. Biðtíminn er búinn. Nú verður ríkisstj. að þola dóm þjóðarinnar yfir hinu nýja efnahagskerfi. Núverandi stjórnarflokkar hafa farið sameiginlega með stjórn landsins óslitið í nærfellt tvö ár. Þeir geta því ekki með sanngirni borið við stuttum stjórnartíma eða ónægum undirbúningi af þeim ástæðum. Efnahagsstefna ríkisstj. var líka sögð vandlega undirbúin og þaulhugsuð af hinum færustu sérfræðingum. En hvað segir svo átta mánaða reynsla af hinni nýju efnahagsstefnu, þeirri stefnu, sem ríkisstj. gaf nafnið viðreisn?

Þegar viðreisnin var samþykkt, lagði ríkisstj. á það megináherzlu, að stöðva yrði frekari skuldasöfnun við útlönd, hvað sem það kostaði. Þá var sagt, að byrði þjóðarinnar af vöxtum og afborgunum erlendra skulda væri orðin óbærileg og meiri en hjá nokkurri annarri þjóð, að undanskilinni einni, eins og það var orðað þá. En hvað hefur svo gerzt í þessum efnum á 8 mánaða reynslutíma viðreisnarstefnunnar? Samkv. nýlega gefnum upplýsingum ríkisstj. sjálfrar hefur hún tekið ný lán og heimilað einstaklingum og félögum að taka ný lán á þessum reynslutíma, sem nema samtals um 750 millj. kr. Lán þessi eru flest til tveggja ára, en önnur til nokkurra mánaða. Skuldasöfnunin við útlönd hefur því stóraukizt, en ekki minnkað. Vaxta- og afborganabyrðin hefur því líka aukizt, en ekki minnkað.

Annað höfuðatriði viðreisnarinnar var, að bæta þyrfti gjaldeyrisstöðu þjóðarinnar. Reynslan sýnir, að gjaldeyrisstaðan hefur stórversnað, séu þær gjaldeyrisskuldir taldar með, sem nú er stofnað til með stuttum vörukaupalánum eða gjaldfresti á innfluttum vörum.

Sparifjármyndun átti að aukast við hina nýju stefnu í peningamálum. Það hefur einnig reynzt rangt. Samkvæmt opinberum skýrslum bankanna nam aukningin á innstæðufé í bönkum og sparisjóðum 50.1 millj. kr. lægri upphæð á fyrstu 7 mánuðum yfirstandandi árs en hún nam á sama tíma árið 1959. Það er vitanlega með öllu rangt að segja frá þeirri sparifjáraukningu, sem nú hefur átt sér stað, eins og slíkri, að sparifjáraukning hafi aldrei átt sér stað hér fyrr. Hún hefur vitanlega verið allmikil á hverju ári. En aukningin hefur verið minni á þessu ári á sambærilegum tíma heldur en hún var á næsta ári á undan.

Þannig hafa ýmsir þýðingarmestu þættir peningamálanna farið gersamlega á annan veg en viðreisnarstefnan lofaði. Erlendu skuldirnar hafa aukizt. Greiðslubyrðin við útlönd hefur vaxið. Gjaldeyrisstaðan hefur versnað. Sparifjáraukningin er minni en hún var áður. Þetta eru staðreyndir, sem blasa við allra augum og þeim þýðir ekkert að neita.

En hver hefur svo reynslan orðið af viðreisninni á aðalatvinnuvegi þjóðarinnar? Þegar viðreisnarstefnan var lögfest, lýsti ríkisstj. því yfir, að höfuðverkefnið væri að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll. Og því var sérstaklega lýst yfir, að efnahagsráðstafanirnar væru við það miðaðar, að sjávarútvegurinn yrði eftirleiðis rekinn hallalaust, án bóta eða styrkja. Útgerðarmenn hafa þegar kveðið upp sinn dóm yfir viðreisninni. Að lokinni vetrarvertíð var haldinn fjölmennur fundur útvegsmanna á vegum Landssambands ísl. útvegsmanna. Þar lýstu útvegsmenn því yfir einum rómi, að hagur þeirra hefði stórum versnað við hinar nýju efnahagsráðstaf-

anir og ríkisstj. brugðizt gefnum loforðum, og til þess að undirstrika, hve alvarlegum augum útvegsmenn litu á þau nýju viðhorf, sem skapazt hefðu við viðreisnina, samþykktu þeir einróma þannig orðaða ályktun:

„Að gefnu tilefni telur fulltrúafundurinn, að í framtíðinni skuli ekki hefja vertíð, fyrr en tryggður hefur verið viðunandi starfsgrundvöllur fyrir fiskiskipaflotann og samningar undirritaðir við fiskkaupendur."

Þannig lýsa útvegsmenn því beinlínis yfir, að vertíð skuli ekki hafin að nýju, fyrr en viðunandi starfsgrundvöllur fáist fyrir fiskiskipaflotann aftur. Þessi samþykkt útvegsmanna í Landssambandi ísl. útvegsmanna er þungur dómur um viðreisnarstefnu stjórnarinnar. Og alvarlegur er hann fyrir ríkisstj., þegar þess er gætt, að mikill meiri hluti þeirra manna, sem samþykktina gerðu, voru stuðningsmenn hennar fram að þeim tíma, sem samþykktin var gerð.

Almennur fundur útvegsmanna á Austurlandi lýsti því yfir í sumar, að hann teldi, að hagur bátaflotans hefði versnað til mikilla muna við hinar nýju efnahagsráðstafanir og að ekki kæmi til mála að hefja vertíð að nýju að óbreyttum rekstrargrundvellinum.

Þannig er dómur útvegsmanna um þá nýju efnahagsmálastefnu, sem sérstaklega var ætlað að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll.

Útgerðarmenn eru ekki einir til frásagnar um það, hvernig viðreisnin hefur leikið sjávarútveginn. Það er á allra vitorði, að um 150 fiskibátar hafa að undanförnu legið bundnir vegna fjárhagsörðugleika. Tugir milljóna af vátryggingariðgjöldum bátaflotans eru í vanskilum, og afborganir og vextir af stofnlánum liggja í óreiðu. Hvert útgerðarfyrirtækið af öðru svíkst um að greiða kaup á tilskildum tíma og skuldarófan lengist í sífellu. Vaxtaokur viðreisnarinnar er beinlínis að leggja að velli hvert framleiðslufyrirtækið af öðru.

Algert skilningsleysi ríkisstj. og sérfræðinga hennar á málefnum framleiðslunnar hefur hvergi komið eins áþreifanlega í ljós og varðandi vaxtapólitíkina. Útflutningsframleiðslu okkar er gert að greiða þrefalda og fjórfalda vexti á við það, sem keppinautum okkar erlendis er gert að greiða. Augljóst er, að sérfræðingar ríkisstj. hafa enga grein gert sér fyrri áhrifum hinna háu vaxta í framleiðslukostnaðinum. Þegar hækkun vaxtanna var ákveðin, sögðu þeir, að verðlag í landinu mundi ekki hækka vegna vaxtahækkunarinnar og að þeir hefðu ekki tekið tillit til vaxtahækkunarinnar við útreikninga á afkomu sjávarútvegsins. Vaxtahækkunin mun þó nema 200—250 millj. kr. á ári, og meginið af þeirri fjárhæð leggst á beinan eða óbeinan hátt á útflutningsframleiðsluna.

Sem dæmi um það, hvernig vaxtahækkunin verkar á hag fiskiðnaðarins, skulu hér tilfærðar nokkrar tölur beint úr reikningum eins meðalstórs frystihúss. Árið 1959 voru öll vinnulaun hjá því frystihúsi, sem hér um ræðir, 3.3 millj. kr. Vaxtaútgjöld voru hins vegar 1 millj. Vaxtaútgjöldin hjá þessu frystihúsi hækka á þessu ári vegna viðreisnarvaxtanna um rúmlega 700 þús. kr., eða hækkunin nemur sömu fjárhæð og 22% hækkun á öllu kaupgjaldi hjá frystihúsinu hefði numið.

Haraldur Böðvarsson útgerðarmaður á Akranesi skýrði nýlega frá því í grein í Morgunblaðinu, að frystihúsin þar, sem greiddu í vinnulaun rúmar 20 millj. kr., þyrftu að greiða 8 millj. kr. í vexti. Af þeirri upphæð er hið nýja vaxtaokur 3—4 millj. kr.

Þannig kemur vaxtaokrið við framleiðsluna, þó að sérfræðingar ríkisstj. í efnahagsmálum og hún sjálf þykist ekkert sjá og ekkert vita og reikni ekki með slíkum auknum útgjöldum.

Stuðningsmenn ríkisstj. hafa líka áttað sig vel á því, hvað nú er að gerast t. d. í sjávarútveginum. Einar Sigurðsson útgerðarmaður og alþm. selur nú hvern fiskibát sinn af öðrum og leigir og selur frystihúsin, rétt eins og sá vondi sé á hælunum á honum. Og síðan hefur hann í frumvarpsformi hér á Alþingi tilkynnt, að nú hugsi hann sér að snúa sér fyrst og fremst að minkabúskap, þar sem hann muni vera miklu ábatasamari en sjávarútvegurinn.

Þannig blasir gjaldþrot viðreisnarinnar við, hvar sem litið er í íslenzkum sjávarútvegi. Þetta gjaldþrot viðreisnarinnar hefur orðið þrátt fyrir biðlund þjóðarinnar, þrátt fyrir það, að verkamenn og sjómenn og allir launþegar landsins hafa beðið og þolað áframhaldandi kauplækkun allan reynslutíma viðreisnarinnar.

En nú er reynslutíminn búinn. Nú hafa launastéttir landsins tekið á sig miklar fórnir í langan tíma til þess að sanna haldleysi kenninga þeirra manna, sem í sífellu hafa þrástagazt á því, að allir erfiðleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar stöfuðu af of háu kaupgjaldi vinnandi fólks.

Núverandi stjórnarflokkar lækkuðu með lögum frá Alþingi kaupgjald allra launþega strax í ársbyrjun 1959, og aftur var vegið í sama knérunn með gengislækkuninni á þessu ári. Kaupmáttur launa hefur verið minnkaður. En erfiðleikarnir í efnahagsmálum þjóðarinnar eru þó meiri en áður. Ríkisstj. treystir sér ekki til að neita með öllu þeim staðreyndum, sem við blasa um hag sjávarútvegsins, en hún á skiljanlega bágt. Sérfræðingar hennar og hún sjálf höfðu einmitt lagt á það höfuðáherzlu, að hin nýja stefna væri við það miðuð að koma rekstri sjávarútvegsins á hallalausan og heilbrigðan grundvöll án bóta eða styrkja. Ríkisstj. hefur því reynt að berja í brestina og finna skýringar á því, hvernig til hefur tekizt með viðreisnina.

Ein af skýringum ríkisstj., — ein af þeim, sem hæstv. fjmrh. var að reyna að nota hér í ræðu sinni á undan mér, — ein af skýringunum er sú, að erfiðleikar útgerðarinnar stafi nú af aflaleysi. Hér er um algera blekkingu að ræða. Aflinn í ár er meiri en nokkru sinni áður. Um það vitna opinberar skýrslur. Bátaflotinn veiddi um 30 þús. tonnum meira á síðustu vetrarvertíð en árið þar áður. Og síldveiðin, sem auðvitað var léleg, var þó miklu betri en hún

hefur verið mörg ár í röð, aðeins að árinu 1959 einu undanskildu. Afli togaranna er lélegur. En þó er ekki mikill munur á heildaraflanum nú og árið áður, þegar fullt tillit er tekið til þess, að nú hafa þeir siglt miklu meira en áður með aflann á erlendan markað, en það vitanlega hlýtur að hafa áhrif á heildaraflamagn þeirra.

Það er því alrangt, að aflaleysi eigi hér sök á erfiðleikum t. d. bátaflotans og fiskiðnaðarins.

Þá er önnur skýring ríkisstj. á því, hvernig komið er, sú, að gífurlegt verðfall á mjöli og lýsi hafi nú komið til og hafi ríkisstj. ekki getað séð slíkt fyrir. Hér er líka um rangan málflutning að ræða í meginatriðum. Verðfallið á mjöli og lýsi var skollið á mörgum mánuðum áður en viðreisnarlöggjöfin var samþ. á Alþingi. Það sést m. a. á því, að í grg. með gengislækkunarfrv. er það tekið fram skýrum orðum, að við ákvörðun hins nýja gengis hafi verið tekið tillit til verðfallsins á mjöli og lýsi. Hið rétta er líka það, að svo að segja öll síldarmjöls- og síldarlýsisframleiðslan 1959 lenti í verðlækkuninni, að talsverðu leyti vegna þess, að ríkisstj. neitaði útflytjendum um að selja þessar afurðir á þá markaði, sem jafnan höfðu haldið verðinu uppi.

Nei, um það ætti ekki að þurfa að deila, að viðreisnarstefnan hefur reynzt röng og útreikningar sérfræðinga ríkisstj. standast ekki próf reynslunnar. Það er staðreynd, sem ekki verður umflúin, að viðreisnin hefur gert hag útflutningsframleiðslunnar lakari en áður, að viðreisnin hefur lagt á herðar vinnandi almennings í landinu óbærilegar byrðar, að viðreisnin hefur ekki náð þeim árangri í peningamálum þjóðarinnar, sem ráð var fyrir gert. Þetta liggur ljóst fyrir. Þessu þýðir í rauninni ekki að neita.

En hvað er það þá, sem hefur gerzt í efnahagsmálum þjóðarinnar og hefur tekizt að ná fram? Í viðskiptamálum þjóðarinnar hefur orðið stórfelld breyting. Á átta fyrstu mánuðum yfirstandandi árs hefur þjóðin keypt inn vörur frá sex Vestur-Evrópulöndum og Bandaríkjunum fyrir 530 millj. kr. hærri fjárhæð en þessi lönd hafa keypt vörur af okkur fyrir. Á þessu tímabili höfum við t. d. keypt vörur frá Vestur-Þýzkalandi fyrir 261 millj. kr., en Vestur-Þýzkaland hefur keypt af okkur fyrir aðeins 41 millj. Þannig höfum við óhagstæðan verzlunarjöfnuð við Vestur-Þýzkaland á átta mánuðum, sem nemur 220 millj. kr., og það, sem þó er enn þá verra, er það, að Vestur-Þýzkaland kaupir aðallega af okkur ísvarinn fisk, þ. e. a. s. óunna vöru, sem miklu hagstæðara hefði verið fyrir okkur að fullvinna hér heima.

Á sama tíma og viðskiptin sveiflast þannig yfir, dregur úr viðskiptum okkar við þau lönd, sem greitt hafa hæst verð fyrir útflutningsvörur okkar og tekið þær vörur af okkur, sem oftast hefur verið erfiðast að tryggja örugga markað fyrir. Það er augljóst mál, að viðreisnin hefur náð þeim tilgangi að þvinga viðskipti þjóðarinnar yfir til ákveðinna landa, — landa, sem áður höfðu orðið undir í samkeppninni um viðskiptin við Ísland. Það var erlent peningavald, sem knúði ríkisstj. til þessarar stefnubreytingar. Sérfræðingar þess erlenda peningavalds hafa séð hagsmunum þess borgið.

Þessi nýja stefna í viðskiptamálum á eftir að reynast þjóðinni dýr. Hún mun fyrr en varir kalla yfir okkur markaðskreppur og verðfall útflutningsvaranna. Fyrsta sprettinn ganga þessi viðskipti á þann hátt, að landið gerist skuldugra og skuldugra við þessi útvöldu lönd vestrænnar samvinnu. En svo koma skuldadagarnir, og þá verðum við nauðugir viljugir að selja framleiðsluvörur okkar til þessara landa, jafnvel þótt verðlag þar sé okkur óhagstætt, en á þennan hátt skal reka Ísland, hvað sem það kostar, inn í vestræna efnahagskerfið. Bein afleiðing hinnar nýju efnahagsmálastefnu er margs konar öfugþróun, sem nú á sér stað í atvinnu- og efnahagsmálum landsins. Þannig hafa okurvextirnir leitt til þess, að sífellt sækir meira og meira í það horf, að framleiðsluvörur séu fluttar út óunnar eða sem minnst unnar. Þannig hefur t. d. útflutningur á ísvörðum fiski aukizt um 10 þús. tonn á þessu ári, á sama tíma sem fiskur til frystingar innanlands hefur minnkað að sama skapi. Hið sama gerist með saltfisk. Útflutningur á verkuðum saltfiski hefur minnkað um helming á þessu ári, en útflutningur á óverkuðum saltfiski vex að sama skapi. Hér er um öfugþróun að ræða, sem augljóslega stafar af vaxtaokrinu og lánsfjárkreppunni, sem ríkisstj. hefur skipulagt.

Hliðstæð öfugþróun hefur átt sér stað í fjárfestingarmálunum. Nú er það litla aðhald, sem gilti í þeim málum, úr sögunni. Nú er það lögmál gróðahyggjunnar, sem ræður, hvaða fjárfestingarframkvæmdir eiga sér stað. Og hver er svo reynslan? Hún er sú, að nú þjóta upp stærstu bíóhús, sem byggð hafa verið til þessa á Íslandi. Nú þjóta upp 8 hæða hótelbyggingar. Nú þurfa þessir aðilar ekki lengur að skammast yfir því, að þeir fái ekki fjárfestingarleyfi. Nú er það lögmál peninganna, sem gildir. En það fer heldur lítið fyrir byggingu framleiðslufyrirtækja. Frystihús og fiskverksmiðjur, sem voru hálfbyggð, geta verið það áfram. Lögmál peninganna hefur ekki áhuga á slíkum framkvæmdum.

Þá hefur viðreisnin ekki síður haft alvarleg áhrif á íbúðarhúsabyggingar almennings. Hin nýja stefna hefur stórlega dregið úr slíkum framkvæmdum, og hún hefur þegar orðið þess valdandi, að fjöldi fátækra manna hefur gefizt upp við það að eignast eigin íbúð og aðrir sjá fram á að tapa íbúðum sínum vegna lánsfjárkreppunnar og vaxtaokursins.

Viðreisnin hefur þannig lamað atvinnuvegina, skert lífskjör almennings, dregið úr æskilegum framkvæmdum, knúið þjóðina í óhagstæð viðskiptakjör og leitt af sér ýmiss konar öfugþróun í atvinnulífi þjóðarinnar. Afleiðingar viðreisnarinnar verða minnkandi þjóðartekjur. Þjóðin sem heild tapar. En hverjir

græða á viðreisninni? Það er augljóst, að það erlenda peningavald, sem mestu réð um, að hin nýja stefna í viðskiptamálunum var upp tekin, græðir. Og innanlands mun bankakerfið stórgræða, einkum þó Seðlabankinn. Bókfærður gróði bankanna verður varla undir 150—200 millj. kr. á þessu ári. Gróði bankanna kemur að verulegu leyti fram sem bókhaldslegt tap á atvinnuvegum landsins. Þá er enginn vafi á því, að nokkur iðnfyrirtæki hafa stórgrætt á gengislækkuninni. Er þar fyrst og fremst um þau fyrirtæki að ræða, sem lítil útgjöld hafa, sem eru í þeinum tengslum við erlent verðlag, en hafa þó fengið að hækka útsöluverð framleiðsluvöru sinnar til samræmis við erlent verðlag. Þá er vitað, að skipafélög þau, sem starfa á erlendum flutningatöxtum, hafa stórgrætt á gengislækkuninni, þar sem mikill hluti útgjalda þeirra, vinnulaunin, hefur fremur lækkað en hækkað. Og enginn vafi leikur á því, að ýmsir heildsalar hafa grætt vel á verðsveiflu gengisbreytingarinnar. Þessir aðilar hafa allir grætt. Þeir hafa fengið sinn drjúga hluta af því, sem almenningur í landinu hefur tapað á hinum nýju efnahagsráðstöfunum.

Það hefur lengi verið klifað á því sem aðalvanda íslenzkra efnahagsmála, að það sé tap á sjávarútvegi okkar. Í sífellu er talað um tap bátaflotans, tap fiskiðnaðarins, tap togaranna o. s. frv. Almenningur í landinu er löngu orðinn þreyttur á því að heyra um þessi töp útgerðarinnar og verða að þola ýmist þessar ráðstafanir eða aðrar til þess að bjarga aðalatvinnuvegi þjóðarinnar úr þessum sífellda taprekstri. Það er auðvitað rangt í grundvallaratriðum að tala um taprekstur sjávarútvegsins á þann hátt, sem gert er. Tap útgerðarinnar er bókhaldslegt. En raunverulega hefur þjóðarbúið hagnað af sjávarútveginum. Tap útgerðarinnar stafar af því, að ýmsir milliliðir í þjóðfélaginu fá að skattleggja hana langt úr hófi. Tap útgerðarinnar kemur m. a. fram sem 150 millj. kr. gróði bankanna. Tap útgerðarinnar kemur fram í 40—50 millj. kr. gróða olíufélaganna í landinu. Tapið kemur fram í gróða vátryggingarfélaga, í gróða skipafélaga, og síðast en ekki síst í gróða heildsala og annarra slíkra milliliða.

Það er þýðingarlaust með öllu fyrir núv. ríkisstj. að halda því lengur fram, að orsaka hins bókhaldslega taps útgerðarinnar sé að leita í of háu kaupgjaldi verkafólks og sjómanna. Nú liggur það svo ljóst fyrir sem verða má, að kaup íslenzkra verkamanna í fiskiðnaði okkar er lægra en kaup verkamanna í fiskiðnaði Noregs. Og nú liggur það líka fyrir, að fiskverðið, sem fiskiðnaðurinn í Noregi greiðir, er miklu hærra en íslenzki fiskiðnaðurinn getur greitt. Skýringin á taprekstrinum hér og hinu lága fiskverði liggur því ekki í of háu kaupgjaldi, eins og ríkisstjórnarliðið hefur reynt að halda fram, heldur í því, að hér liggja milliliðirnir með meiri þunga á framleiðslunni en þar. Þar taka bankarnir 2—3% í vexti, en hér 11—12%. Þessi mismunur einn gæti lyft fiskverðinu hér upp um 30—40 aura á hvert fiskkíló. Það kostar mikið að halda uppi í þjóðfélagi 170 þús. sálna 7 bönkum eða svipaðri bankastarfsemi og gerist með stórþjóðum. Það kostar nokkuð að halda uppi þremur olíuhringum og þreföldu dreifingarkerfi um allt land. Það kostar nokkuð að halda uppi 15—20 vátryggingarfélögum. Það kostar ekki lítið að gera út 300—400 heildsala. Og það er kostnaðarsamt fyrir litla þjóð að gera út ríkisstj., sem eyðir 41 millj. kr. á ári í beinan rekstrarkostnað og eyðir 77 millj. kr. í dómsmál og löggæzlu á hverju ári. Það er slíkur milliliðakostnaður sem þessi, sem hefur verið og er of þungur á framleiðsluatvinnuvegunum og heldur niðri lífskjörum almennings í landinu. Það er þessi milliliðakostnaður, sem þarf að minnka.

Hæstv. fjmrh. hefur hér gert grein fyrir öðru fjárlagafrv. viðreisnarstjórnarinnar. Auðvitað er þetta frv., eins og hið fyrra, fullkomlega í anda viðreisnarstefnunnar. Hið fyrra, sem lagt var fram á s. l. vetri, hækkaði ríkisútgjöldin um marga tugi milljóna þrátt fyrir raunverulegan samdrátt á verklegum framkvæmdum. Þetta frv. boðar enn hækkuð ríkisútgjöld og enn aukinn samdrátt í verklegum framkvæmdum og stuðningi við atvinnuvegina. Þegar fyrra fjárlagafrv. viðreisnarinnar var lagt fram, sagði Morgunblaðið, að það stefndi að stórfelldum sparnaði í rekstri ríkisins. Sá stórfelldi sparnaður snerist brátt upp í aukin útgjöld á flestum sviðum embættiskerfisins. En fjmrh. lofaði sparnaði og sagði, að nú skyldu slíkar till. undirbúnar. En hvar er sparnaðinn að finna á þessu frv., sem þó boðar hækkuð ríkisútgjöld, þegar allt kemur til alls? Jú, sparnaðurinn er á nokkrum liðum. En á hvaða liðum? Mestur á sparnaðurinn að verða á samgöngum á sjó. Þar á að spara 5 millj. kr. Sparnaðarleiðin er að selja Esjuna úr landi og láta það fólk, sem nú hefur fengið póstinn sinn og vörur einu sinni í mánuði eða kannske hálfsmánaðarlega, hafa eftirleiðis þriðjungi eða helmingi lakari þjónustu en það hefur haft hingað til. Vissulega er þetta sparnaður og ber að meta að verðleikum. Þá á að spara 1 millj. 950 þús. kr. á lækkuðum fjárveitingum til hafnarframkvæmda. Hér er líka um athyglisverðan sparnað að ræða. Þá á að lækka útgjöld við jarðboranir um 3.6 millj. Og svo á að lækka útgjöld til landhelgisgæzlunnar um 3 millj. 750 þús. kr., og fer ekki illa á því, eins og ráðgert er að halda á landhelgismálinu. Og svo á að spara 100 þús. kr. byggingarstyrk til Blindrafélagsins, og verður að segja, að þröngt hefur verið fyrir dyrum fjmrh. og mikill vandi á höndum að finna einhverjar sparnaðarleiðir, þegar gripið hefur verið til þess að spara 100 þús. kr. á blindum.

Það er auðvitað reginfjarstæða að tala um sparnað í ríkisrekstrinum samkv. fyrirliggjandi fjárlagafrv. Það eru hins vegar teknir upp ýmsir heimskulegir nýir eyðsluliðir, eins og t. d. Kvíabryggjuúthaldið, sem enn er komið á fjárlög og kostar nú ríkissjóð á ári um 1 millj. kr. En það, sem mestu máli skiptir, er, að raunveruleg þjónusta ríkisins við atvinnuvegi landsins fer minnkandi vegna vaxandi dýrtíðar. Tök-

um t. d. framlög til fiskileitar og fiskirannsókna. Sama fjárhæð er veitt í þessu skyni árið 1961 og var árið 1958. En það þýðir, að raunverulega verður dregið úr fiskileit og fiskirannsóknum um ⅓ frá því, sem þá var. Skip í leitarleiðangra kostar nú a. m. k. þriðjungi meira en það kostaði þá. Svona er raunverulega háttað framlögum ríkisins til stuðnings atvinnuvegunum og til verklegra framkvæmda. Þetta er stefna viðreisnarinnar. Þetta er einkenni þeirrar stefnu, sem nú er að reka atvinnuvegi þjóðarinnar í strand og þjarmar að lífskjörum fólksins í landinu.

Miklar hættur steðja nú að þjóðinni. Aðalatvinnuvegirnir eru að lamast vegna rangrar efnahagsstefnu. Útgerðarmenn boða stöðvun fiskiskipaflotans um næstu áramót. Launastéttir landsins eru að rísa upp. Þær una ekki lengur lífskjaraskerðingunni. Verkföll eru fyrirsjáanleg. Erlent vald sækir að þjóðinni með vaxandi áfergju. Það erlenda vald, sem hugsað hefur sér Ísland sem framvarðstöð í stríði og hentugan vígvöll og heldur landinu hersetnu, hefur nú einnig knúið fram stefnu sína í viðskipta- og efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er þetta sama erlenda vald, sem nú treður yfir ríkisstj. íslenzku og krefst sér til handa fiskimiðanna við strendur landsins, heimtar sjálfa lífsbjörg þjóðarinnar. Og ríkisstj. Íslands hefur gengið til samninga við hina erlendu ofbeldismenn, við þá menn, sem lítilsvirt hafa íslenzk lög, traðkað á rétti okkar og boðið okkur upp á að skjóta okkur eins og hunda í okkar eigin íslenzku landhelgi.

Svikin í landhelgismálinu eru undirbúin. Þar er aðeins beðið eftir tækifæri. Af fullkomnu sióleysi er stefnt að því að kljúfa þjóðina í landhelgismálinu. Það á að fórna vissum landshlutum, vissum íbúum landsins, vissum hluta af landhelginni, en aðrir eiga að sleppa, svona á yfirborðinu. En auðvitað sleppur enginn landsmaður. Auðvitað er með slíkum svikum verið að tapa landhelgismálinu í heild og fórna framtíðarhagsmunum allrar þjóðarinnar. Auðvitað er það aðeins blekking að lýsa yfir viðbótarfriðunarsvæðum fyrir utan 12 mílurnar á vissum stöðum við landið undir því yfirskini, að verið sé að friða meira af landgrunninu, þegar semja á við erlenda aðila á sama tíma um veiðar innan 12 mílna markanna annars staðar og minnka því stórlega friðun landgrunnsins þar. Ef einlægur vilji væri til þess að auka friðun fiskimiðanna á landgrunninu umfram það, sem nú er, ætti ríkisstj. að sjálfsögðu að notfæra sér landgrunnslögin frá 1948 og gefa út tilkynningu um aukna friðun á þeim svæðum án þess að slaka nokkurs staðar til frá 12 mílna reglunni, sem gilt hefur. Nei, friðunin, sem ráðgerð er fyrir utan 12 mílna mörkin, eru ætluð til þess að villa Íslendingum sýn, á meðan verið er að semja um undanhald í landhelgismálinu og hleypa hinu erlenda yfirgangsvaldi inn á viðkvæmustu uppeldisstöðvarnar við landið.

Verndun fiskimiðanna við strendur landsins er veigamesta undirstaðan í efnahagsmálum Íslands. Þessa undirstöðu á nú að færa úr skorðum. Þannig ætlar hið erlenda yfirgangsvald að tryggja stöðu sína í víghreiðrinu hér með lömuðu atvinnulífi landsins og undirstöðuveiku efnahagslífi. Það er margt, sem bendir til þess, að íslenzka þjóðin sjái betur í dag en oft áður, hvað raunverulega er að gerast í íslenzkum stjórnmálum, að hún sjái nú loppu hins erlenda valds, sem teygir sig eftir Íslandi öllu og ætlar sér að ráða öllum þess málum. Fyrsta verk þjóðarinnar til varnar verður að losa sig við núverandi ríkisstjórn, umbjóðanda hins erlenda valds.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hugleiðingar hv. 4. þm. Austf., Lúðvíks Jósefssonar, um landhelgismálið gefa mér tilefni til að segja þetta:

Það standa nú yfir athuganir á því, hvort unnt sé að fá Breta til að viðurkenna 12 mílna fiskveiðilandhelgi við Ísland. Að sjálfsögðu er unnið að umræddum athugunum með það eitt fyrir augum, sem landi og þjóð er fyrir beztu, þó að hv. stjórnarandstæðingar noti þetta viðkvæma mál, eins og öll önnur, til þess eins að gera ríkisstjórnina og stuðningsflokka hennar tortryggilega í augum þjóðarinnar. Meðan málið er á athugunarstigi, eins og hæstv. forsrh. upplýsti nýlega hér á Alþingi, mun ég ekki gera það frekar að umræðuefni. En ef svo kynni að fara, að viðræður okkar við Breta bæru engan árangur, verður ekki á eftir sagt, að ekki hafi verið reynt til hlítar að koma í veg fyrir frekari árekstra en þegar hafa orðið á fiskimiðunum milli Íslendinga og Breta út af þessu deilumáli.

Niðurstöðutölur á sjóðsyfirliti fjárlagafrv. næsta árs, sem hér liggur fyrir til umræðu, eru 1 milljarður 552 millj. 868 þús. kr. Nú mun láta nærri að áætla þjóðartekjurnar 7½ milljarð króna, og er þannig ljóst, að rúmlega ⅙ hluti þeirra fer um ríkissjóðinn. Veltur því á miklu, hvernig með þessa fjármuni er farið og til hvers þeim er varið, og eru fjárlögin þess vegna að jafnaði stærsta málið, sem afgreiðslu hlýtur á hverju þingi, og alltaf heyrast raddir, sem segja sitt á hvað: Það verður að spara í ríkisrekstrinum og skera niður útgjöld ríkissjóðs, — eða þá: Ríkið verður að veita meira fé til þessa eða hins. — Eru þær raddir sýnu háværari, sem heimta aukin útgjöld, og hefur þróunin sannað, að þær mega sín meira en hinar. Kyrja þær raddir gjarnan prósentusöng um það, að þeirra hlutur í útgjöldum eða framlögum ríkissjóðs hafi farið hlutfallslega lækkandi frá fyrstu tíð, alveg án tillits til þess, að stöðugt hafa verið að bætast við nýir útgjaldaliðir hjá ríkissjóði.

Það er að sjálfsögðu vandasamt fyrir Alþingi að meta á hverjum tíma, hvaða kröfum skuli sinnt og hverjum ekki, og verður meginreglan að vera sú, að fjárlög séu afgreidd án greiðsluhalla, en það er eitt af höfuðskilyrðum þess, að jafnvægi náist í þjóðarbúskapnum.

Þessa sjónarmiðs er gætt í því frv., sem fyrir liggur, þó að umsetning á rekstraryfirliti, samanborið við fjárlög þessa árs, hækki um 48 millj. 565 þús. kr., sem getur ekki talizt stór upphæð, þegar þess er gætt, að ýmis ríkisútgjöld, sem bundin eru með lögum og reglum, hækka af sjálfu sér.

Þetta kemur m. a. í ljós, þegar athugað er, hvaða útgjaldaliðir á rekstraryfirlitinu hafa breytzt til hækkunar frá fjárlögum yfirstandandi árs, en þeir eru þessir:

12. gr.: Til læknaskipunar og heilbrigðismála, hækkar um 4 millj. 375 þús. kr.

14. gr.: Kennslumál og til opinberra safna, bókaútgáfu og lista, hækkar um 11 millj. 927 þús. kr.

17. gr.: Til félagsmála, hækkar um 55 millj. 679 þús. kr.

18. gr.: Til eftirlauna og styrktarfjár, hækkar um 1 millj. 484 þús. kr.

Samtals eru þessar hækkanir 73 millj. 466 þús. kr.

Á móti þessu kemur lækkun á öllum öðrum liðum, sem nemur samtals 24 millj. 901 þús., og verður þá hækkun niðurstöðutölu, eins og ég áðan sagði, 48 millj. 565 þús. kr. Skylt er að geta þess, að í lækkun gjaldaliðanna er meðtalin lækkun á rekstrarafgangi, 12 millj. 587 þús. kr., en sé sú tala dregin frá, þá kemur í ljós, að lækkun útgjaldaliðanna, annarra en þeirra fjögurra, sem hækka, eins og áður var sagt, nemur 12 millj. 313 þús. kr. Er vissulega með þessu stigið nokkurt spor í þá átt að lækka útgjöld og spara í rekstri ríkisins.

Útgjöld á eignahreyfingum í III. kafla frv. lækka einnig um rúmar 10 millj. kr. umfram hækkanir, samanborið við fjárlög þessa árs. Lækka þar m. a. afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana um 2 millj. 165 þús. kr., og er það út af fyrir sig talandi vottur um batnandi hag.

Þessar staðreyndir benda til þess, að meiri festa og jafnvægi sé nú að færast yfir ríkisbúskapinn en verið hefur undanfarin ár, og er það eitt merki þess, að ráðstafanir stjórnarflokkanna í efnahagsmálum hafi heppnazt. Samt sem áður er það vafalaust svo, að lengra þarf að ganga á braut sparnaðar og hagsýni á hinu stóra búi ríkisins, og mundu við það lækka nokkrar upphæðir, t. d. með sameiningu áfengis og tóbaks, sem oft hefur verið rædd, en aldrei orðið úr fyrr en nú, að þetta er fyrirhugað samkvæmt upplýsingum hæstv. fjmrh. hér áðan. Öll slík viðleitni er að sjálfsögðu góðra gjalda verð.

Á hinn bóginn er vitað, að hjá ýmsum ríkisstofnunum skortir á um aukin framlög, til þess að þau geti veitt þá þjónustu, sem þeim er ætlað að veita, og af mínum stuttu kynnum af þessum málum virðist mér þörfin að því leyti vera mun meiri en möguleikarnir til sparnaðar. Vil ég í þessu sambandi nefna t. d. heilbrigðismál og skólamál.

Í heilbrigðismálunum erum við langt á eftir með sjúkrahúsabyggingar. Við höfum ekki unnið upp margra ára kyrrstöðu á því sviði, og þegar lýkur byggingu þeirra sjúkrahúsa, sem nú eru í smíðum, þarf strax að hefjast handa um stórfellda aukningu vegna hinnar öru fólksfjölgunar í landinu, sem nú nemur 3500—4000 manns á ári. Þarf í þessu efni að stórauka stofnframlög til nýrra bygginga, og jafnharðan vex kostnaður við rekstur sjúkrahúsanna, eins og kom fram í þeim upplýsingum, sem hæstv. fjmrh. veitti hér áðan, þegar hann sagði, að um 40 nýja starfsmenn þyrfti við það, að tengiálman í landsspítalanum verður tekin í notkun á árinu.

Sama máli gegnir um skólamálin. Þau hækka að þessu sinni um tæpar 12 millj. kr., eins og áður var sagt, og er gert ráð fyrir, að á árinu þurfi 42 nýja barnakennara og 30 nýja gagnfræðastigskennara, og má nokkuð af því ráða, hversu ört þessi mál vaxa og hver er meðverkandi orsök kennaraskortsins.

Félagsmálin, einkum almannatryggingar, taka einnig stöðugt meira til sín. Þannig er hækkun á framlagi ríkisins til þeirra nú 57 millj. 346 þús. kr., sem stafar aðallega af því, að sú hækkun bóta, sem varð á hluta úr þessu ári, gildir nú allt árið. Enn fremur falla skerðingarákvæðin svonefndu niður um áramót, og bótaþegum fjölgar. Alls hækka bótagreiðslur almannatrygginga um 70.7 millj. á næsta ári.

Auk þess sem þeir málaflokkar, er ég nú hef nefnt, knýja stöðugt á um aukin fjárframlög svo að segja af sjálfu sér, eru aðrir málaflokkar, sem eiga sér heilan her umbjóðenda, sem stöðugt biðja um aukin fjárframlög ríkisins. Þar á ég við t. d. vegamál, samgöngumál og atvinnumálin öll, og við þessar aðstæður þarf engan að undra, þótt fjárlögin fari árlega hækkandi. Meðan þjóðin hefur gjaldþol til þess að leggja fram þær tekjur, sem um ríkissjóðinn fara, er heldur ekkert við þessu að segja. Það er þá gleðilegur vottur um vaxandi framfarir og blómlegt atvinnulíf.

Hitt er svo aftur fráleitt, að ætla sér að ákveða útgjöld fjárlaga án tillits til gjaldþols skattgreiðenda eða jafnvel án þess að áætla nokkrar tekjur yfir höfuð á móti gjöldunum. En þess minnist ég frá afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár, að hv. framsóknarmenn lögðu til um 100 millj. kr. hækkanir útgjalda án þess að gera nokkrar tillögur jafnframt um öflun tekna. Sama leikinn léku hv. þm. Alþb., þegar þeir lögðu til, að útgjöld almannatrygginganna yrðu hækkuð um 200—300 millj., án þess svo mikið sem benda á, hvar féð skyldi tekið. Slíkar till. eru vitanlega engum til gagns en gera tillögumönnum sjálfum skaða með því að gera þá að viðundri.

Ég furðaði mig á því s. l. vetur, að hv. framsóknarmenn, sem hafa meiri reynslu en flestir aðrir í meðferð fjármuna ríkisins, — hafandi átt fjmrh. lengur en nokkur annar flokkur, — skyldu bregða þannig á leik í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En með því að líta í ríkisreikninginn fyrir árið 1958, síðasta árið, sem hv. 1. þm. Austf. var fjmrh., hef ég fengið á þessu nokkra skýringu. Þar kemur í ljós, að tekjur ríkissjóðs hafa farið 109 millj. kr. fram úr áætlunarupphæð fjárlaga. Kemur þetta fram sem 90 millj. 457 þús. kr. meiri rekstrarhagnaður en fjárlög gerðu ráð fyrir og í rúmlega 18½ millj. kr. umframgreiðslum á 7.—19. gr. Ekki mun þó þessi aðferð alltaf hafa heppnazt eins vel hjá fjmrh. Framsóknar og árið 1958, því að stundum urðu umframgreiðslurnar það miklar, að ríkissjóður kom út með greiðsluhalla í ráðherratíð hans. Það er augljóst, að á þennan hátt getur ráðríkur fjmrh.

og sú ríkisstj., sem hann á sæti í, dregið að verulegu leyti fjárveitingavaldið úr höndum Alþ. Í þeirri trú, að núverandi stjórnarflokkar ætluðu sér að fara þannig að, hafa líklega áðurnefndar till. Framsóknar um 100 millj. kr. útgjöld án tekna á móti verið fram bornar á s. l. vetri.

Þegar það féll í hlut Alþfl. að fara með stjórn landsins s. l. ár, sýndi það sig, að framsóknarmönnum var ekkert vel við það, að í ljós kæmi, að hægt væri að halda á þessum málum með öðrum hætti en þeir höfðu gert. Þeir fullyrtu þá, að fjárlögin væru fölsuð, bæði tekna- og gjaldamegin, og að með þeim væri verið að gefa út óreiðuvíxil upp á framtíðina.

Hver hefur svo dómur reynslunnar um þetta orðið? Reikningur ríkissjóðs fyrir árið 1959 liggur nú fyrir. Rekstrarreikningurinn sýnir, að tekjur hafa farið 29 millj. 281 þús. kr. fram úr áætlun fjárlaga, og kemur það fram sem 22 millj. kr. aukinn rekstrarhagnaður og rúmlega 7 millj. kr. umframgreiðslur á gjaldaliðum 7.—19. gr. Þannig hefur allur áróður Framsóknar í sambandi við fjármálastjórn Alþfl. s. l. ár misst gersamlega marks, en höfundar þessa áróðurs hafa orðið berir að því að beita sér utan stjórnar gegn aðgerðum í efnahagsmálum, sem þeir sjálfir töldu nauðsynlegt að framkvæma, þegar Framsfl. var aðili að ríkisstj. Og meira en það. Þeir rufu beinlínis vinstri stjórnina af því, að það náðist ekki samstaða um nein úrræði til þess að stöðva hina háskalegu verðbólgu, sem óhindruð hefði haft í för með sér vísitöluhækkun um 10 stig á mánuði.

Það er býsna fróðlegt að athuga afstöðu Framsfl. til málanna, eftir að hann hvarf úr ríkisstj. Hann hefur síðan snúizt gegn öllu, sem hann vildi þá, svo sem leiðréttingu á gengisskráningunni og stöðvun verðbólgunnar með afnámi kaupskrúfunnar, sem fólst í víxlverkunum hækkandi kaupgjalds og verðlags. Vandinn, sem sami flokkur gerði að fráfararatriði heillar ríkisstj., á nú ekki að hafa verið meiri en svo, að auðvelt hefði verið að lækna hann með lítils háttar aðgerðum.

Þegar skuldabyrðin erlendis var orðin slík, að 13% af verðmæti alls útflutnings þurfti til að standa undir vöxtum og afborgunum erlendra lána, þá átti, að því er framsóknarmenn segja nú, að vera auðvelt að bæta úr öllu saman með smávegis hókuspókus. Hvílík sinnaskipti á skömmum tíma! Ekki er þetta þó met. Framsfl. á sjálfur eldra met, sem stendur enn þá. Það er frá árinu 1950, þegar flokkurinn bar fram vantraust á ríkisstj. Ólafs Thors vegna gengisfellingar, en gekk síðan, eftir að vantraustið hafði verið samþykkt, í stjórn með Ólafi Thors til að framkvæma þessa gengislækkun.

Það þarf sérstaka eiginleika til þess að taka svona stökkbreytingum. Þeim eiginleikum er Framsfl. gæddur í ríkum mæli. Þannig er hann allra flokka róttækastur utan stjórnar, en eftir að foringjar flokksins eru setztir í ráðherrastóla, er flokkurinn íhaldssamastur allra. Þessir eiginleikar minna á kamelljónin í Afríku, sem skipta ört litum eftir því, hvar þau eru stödd. Þessa stundina hefur Framsókn tekið á sig rauðleitan hjúp og keppist við að vera róttækari en kommúnistar.

Það er að vísu umhugsunarvert, að stór flokkur eins og Framsfl., sem hefur aðalfylgi sitt meðal bænda landsins, skuli taka þá afstöðu, sem ég nú hef gert að umtalsefni. Víða erlendis hefur foringjum bændaflokka orðið hált á því að hafa jafnnáið samstarf við kommúnista og foringjar Framsóknar hafa nú. Ef þeir vilja ekki varast þau víti, þá er það þeirra mál. En hvað segja kjósendurnir?

Mestu máli skiptir það, að menn geri sér sem ljósasta grein fyrir aðdraganda þess ástands, sem hér hafði skapazt, þegar vinstri stjórnin fór frá, eftir að forsrh. þeirrar stjórnar hafði árangurslaust leitað til Alþýðusambandsþings til samþykkis þess á frestun vísitöluhækkunar. Þá blasti við algert hrun eftir tveggja áratuga verðbólguþróun, sem allir höfðu gefizt upp á að koma í veg fyrir og var í raun og veru ekki hægt að koma í veg fyrir, meðan kaupgjald og verðlag eltu hvort annað og allar kauphækkanir hurfu jafnóðum í verðbólguhítina. Hið óstöðuga verðlag dró úr sparnaði, en ýtti undir fjárfestingu og eyðslu umfram það, sem hæfilegt getur talizt að verja af þjóðartekjunum til slíkra hluta á hverjum tíma. Sífellt var gripið til bráðabirgðaráðstafana, sem entust ekki nema skamma hríð í einu, og stöðugt þurfti að fitja upp á nýjum úrræðum til þess að halda atvinnuvegunum gangandi. Hin stöðuga óvissa og hinar tíðu breytingar hafa á þessum árum sízt af öllu stuðlað að auknum afköstum þjóðarbúsins, og kaupmáttur launa hefur ekki haldizt jafnhár og hann var 1945 og næstu ár þar á eftir, þannig að kauphækkanir þær, sem orðið hafa í krónutölu á þessum árum, hafa ekki reynzt raunverulegar.

Þó vil ég geta þess, að samkvæmt töflu, sem hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, birti hér á þinginu s. l. vetur, hefur kaupmátturinn orðið hærri árið 1959 en nokkurt annað ár síðan 1949, en hann var s. l. ár 99 miðað við 100 árið 1955. Verðbólguþróunin hefur þannig sízt af öllu orðið launþegum til góðs, og lífskjör þeirra hafa ekki batnað, á sama tíma sem nágrannaþjóðir okkar hafa stórbætt lífskjör sín.

Stjórnarflokkarnir stefna að því með aðgerðum sínum í efnahagsmálum að skapa atvinnuvegunum traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll en þeir hafa átt við að búa undanfarin ár. Það er sannfæring mín, að sú stefna sé rétt, þó að alltaf megi deila um einstök atriði í sambandi við jafnróttækar og víðtækar ráðstafanir og þær, sem gerðar hafa verið.

Það er augljóst, að verkalýðssamtökin geta ráðið miklu um árangurinn af efnahagsaðgerðum stjórnarvaldanna á hverjum tíma. Þegar Alþýðusambandsþing kemur saman í næsta mánuði, bíða þess örlagarík ákvarðanir. Eiga launþegar að bíða átekta, þangað til meiri árangur hefur náðst af efnahagsaðgerðunum, eða eiga þeir að láta nú þegar til skarar skríða og

bera fram kröfur um hækkað kaup og gera þannig með ráðnum hug tilraun til þess að láta aðgerðirnar fara út um þúfur? Þessari baráttuaðferð varaði núverandi forseti Alþýðusambands Íslands einu sinni við með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Boga atvinnulífsins mega verkalýðssamtökin aldrei brjóta, því að þá dugir ekkert kaupgjald, hversu hátt sem er, til þess að tryggja velmegun hins vinnandi fólks. En þetta hafa kommúnistar aldrei látizt skilja og geta líklega aldrei skilið, enda hefur barátta þeirra stundum orðið áþekkust ofsóknartilraunum til þess beinlínis að koma atvinnulífinu í rústir."

Þessi orð forseta Alþýðusambands Íslands eru enn í fullu gildi, þó að höfundur þeirra hafi nú skipað sér í sveit með kommúnistum. Meðan verkalýðshreyfingin var enn þá í bernsku og hafði engu fengið áorkað í kjarabaráttunni, lá það í hlutarins eðli, að allt snerist um hækkun kaups fyrst og fremst og jafnframt bætt vinnuskilyrði, aukin félagsleg réttindi og eflingu samtakanna án tillits til nokkurs annars. En eftir að sá árangur hafði náðst, að samnings- og verkfallsréttur var viðurkenndur, kaupgjald hækkað, vinnutími styttur, aðbúnaður við vinnu stórlega bættur, margþætt félagsmálalöggjöf sett og félagasamtök verkalýðsfélaganna voru orðin þau fjölmennustu og áhrifamestu í landinu, — eftir allt þetta hlutu samtökin að haga baráttunni með tilliti til gerbreyttrar aðstöðu þeirra sjálfra og umbjóðenda sinna í þjóðfélaginu og m. a. taka tillit til greiðslugetu atvinnuveganna, eins og forseti Alþýðusambands Íslands hvatti réttilega til í framangreindum orðum.

Mönnum hefur líka lærzt á umliðnum verðbólguárum, að einhliða hækkun kaups í krónutölu er ekki raunveruleg kjarabót, — svo oft hafa verðhækkanir lífsnauðsynja gleypt kauphækkanirnar jafnóðum. Það er kaupmátturinn, sem mestu máli skiptir, og þá staðreynd hafa verkalýðssamtökin hvað eftir annað viðurkennt hin síðari ár. Þeirri stefnu vilja fulltrúar Alþfl. í verkalýðshreyfingunni fyrir sitt leyti að fylgt sé áfram, og í samræmi við það lögðu Alþfl.-menn í miðstj. Alþýðusambands Íslands nýlega fram till., sem þeir ætluðust til að yrðu ræddar við ríkisstj., áður en Alþýðusamband Íslands sendi frá sér frumdrög að sameiginlegum kröfum, þannig að hægt væri að gera sér grein fyrir, hvort hægt væri að fá fram lækkun verðlags, skatta o. fl., og meta það síðan, að hve miklu leyti slíkar ráðstafanir jafngiltu kauphækkunum í auknum kaupmætti. Ég les nú þessar till., með leyfi hæstv. forseta:

„Lögð verði höfuðáherzla á aukinn kaupmátt launa með það að markmiði, að 8 stunda vinnudagur gefi þær launatekjur, að unnt sé að framfleyta með þeim meðalfjölskyldu, og að raunverulegur kaupmáttur verði a. m. k. eigi lakari en hann var fyrir efnahagsaðgerðirnar síðustu. Til þess að ná þessu marki verði settar fram kröfur um:

I.

1. Almenn lækkun á vöruverði, m. a. með niðurfellingu á viðaukasöluskatti í tolli (8%), lækkun aðflutningsgjalda og ströngu verðlagseftirliti.

2. Útsvör af almennum launatekjum og þó sérstaklega á láglaunafólki verði lækkuð verulega.

3. Vextir verði lækkaðir af íbúðalánum og lánum til framleiðsluatvinnuvega.

II.

1. Hafin verði skipulögð starfsemi, er stefni að því að auka hagkvæmni í íslenzku atvinnulífi og í þeim tilgangi að örva framleiðslustarfsemina, auka og bæta framleiðsluna, nýta betur vinnuafl, hráefni og fjármagn. Tryggt verði, að framleiðsluaukning leiði til raunverulegra kjarabóta fyrir launþega og þeim fenginn réttur til íhlutunar um rekstur og stjórn atvinnutækjanna.

2. Tekin verði upp ákvæðisvinna í öllum þeim starfsgreinum, þar sem slíkt hentar. Þar sem eigi er unnt að koma við ákvæðisvinnu, verði verkamönnum tryggt fast vikukaup í stað tímakaups.

3. Almenn vinnuvika verði 44 klst. í stað 48, enda verði jafnframt gerðar ráðstafanir til, að stytting vinnuvikunnar leiði ekki til minnkandi framleiðslu.

4. Komið verði á almennum lífeyrissjóði fyrir alla launþega.

5. Í nýjum kjarasamningi verði ákvæði, er heimili uppsögn samninga, ef verðlag hækkar um 5% eða meira.

III.

Miðstjórnin fer fram á heimild sambandsfélaganna til þess að hefja viðræður við ríkisstj. um þau atriði, er greinir í I. lið 1—3, og samþykkir í trausti þess, að slíkt umboð verði veitt, að tilnefna til þessara viðræðna 4 menn úr hópi miðstjórnar. Miðstjórnin leggur áherzlu á, að viðræður þessar geti farið fram sem fyrst og niðurstöður þeirra liggi fyrir, þegar sambandsþing hefst, þannig að þingið geti markað stefnu samtakanna í þessum málum í heild."

Lýkur þar till. Alþýðuflokksmanna í miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Þeirri tilhögun, sem í þessum tillögum fólst, höfnuðu kommúnistar í stjórn Alþýðusambands Íslands, og hafa þeir nú sent dreifibréf til allra sambandsfélaga, þar sem þau eru hvött til þess að setja fram kröfur, sem jafngilda 33—40% kauphækkun.

Þessar kröfur eru í meginatriðum þessar, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Kaupkröfur 15—20%.
2. Almenn stytting vinnutímans í 44 klst. á viku, þannig að ekki verði unnið eftir hádegi á laugardögum. Kaupið verði sama og nú er fyrir 48 stunda vinnuviku.
3. Kaupgjaldsákvæði samninga falli úr gildi og nýjar samningaviðræður verði teknar upp, ef verðlag hækkar um ákveðinn hundraðshluta, t. d. 3%.
4. Krafa um, að fast vikukaup verði greitt alls staðar þar, sem hægt er að koma því við. Þar sem því verður ekki við komið, verði tímakaupið 4% hærra.

5. Allir eftirvinnutaxtar verði afnumdir, og öll vinna, sem unnin er umfram dagvinnu, verði einnig greidd með 100% álagi á dagvinnukaup.
6. Kröfur um almennt kvennakaup verði eigi lægri en kvennanefnd sú, sem kosin var á kvennaráðstefnu ASÍ s. l. vetur, hefur sett fram og birtar hafa verið sambandsfélögum í bréfum, dags. 20. sept. og 4. okt. s. l."

Ég vil nú í tilefni af því, sem gerzt hefur í þessum málum, rifja upp ummæli hv. 4. landsk. þm. og forseta Alþýðusambands Íslands í tímaritinu Vinnunni í nóv. 1958, eftir að hann hafði lýst því, að útflutningsatvinnuvegirnir teldu sig ekki geta risið undir stórkostlega auknum tilkostnaði vegna mikilla kauphækkana, sem þá voru fram undan.

Forseti Alþýðusambands Íslands sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er flestum ljóst, að þetta er leiðin til glötunar. Þessa braut má ekki renna til enda. Hún liggur fram af hengiflugi."

Síðan lýsti forseti Alþýðusambands Íslands því, hvernig deila ætti byrðunum á bak allra Íslendinga:

„Framleiðslan getur tekið á sig nokkurn hluta byrðanna. Ríkissjóður á að sýna nokkra viðleitni til sparnaðar, og auk þess getur hann staðið undir nokkurri niðurgreiðslu nauðsynjavara. Álagningu í heildsölu og smásölu á að færa aftur í sömu prósentu og s. l. ár. Ríki, sveitarfélög og einstaklingar eiga að draga nokkuð úr fjárfestingu á næsta ári. Bændur eiga að lækka framleiðsluvörur sínar um nokkur vísitölustig. Með því eykst sala þeirra. Og því eiga verkamenn að svara með því að falla frá nokkrum vísitölustigum af kaupi sínu. Nýja vísitölu á að taka upp í stað þeirrar gömlu."

Og í greinarlok sagði hv. 4. landsk. þm., forseti Alþýðusambands Íslands, þetta:

„Takmarkið með öllu þessu á að vera það, að kaupgjald og verðlag nemi staðar þar, sem það nú er, svo að atvinnulífið geti haldið áfram án nýrrar tekjuöflunar eftir þessa aðgerð og þjóðartekjurnar geti haldið áfram að vaxa, eins og þær gerðu á þessu ári. Það er raunar það eina, sem tryggt getur varanlegar kjarabætur."

Lýkur þar með tilvitnun í grein forseta Alþýðusambands Íslands frá haustinu 1958. Þá var hann jafnframt ábyrgur ráðherra. En það hvarflar ekki að mér að halda, að skoðanir hans hafi þá mótazt af því, að hann kunni vel við sig í embættinu. Ég tel ekki heldur, að hann hafi í umræddri grein túlkað sérstaklega sjónarmið atvinnurekenda. Ég álít, að skoðanir hans þá hafi mótazt af réttu mati á þeim hlutum, sem hann hafði góða aðstöðu til að meta, bæði sem forseti Alþýðusambands Íslands og ráðherra. Hins vegar er hv. forseti Alþýðusambands Íslands, 4. landsk. þm., nú sleginn þeirri skollablindu, að hann þekkir ekki rétt frá röngu og hefur gengið í félagsskap þeirra manna, sem stundum hafa hagað baráttu sinni þannig, að áþekkast er ofsóknartilraunum til þess beinlínis að koma atvinnulífinu í rústir, að því er hann sjálfur hefur sagt.

En afstaða eins manns skiptir ekki höfuðmáli í þessu sambandi, þótt hann gegni mikilvægri trúnaðarstöðu fyrir verkalýðssamtökin. Hitt er meira atriði, að verkalýðsfélögin, hvert um sig, og einstakir meðlimir þeirra geri sér sem ljósasta grein fyrir ástandinu og velji réttar aðferðir og réttan tíma til þess að fá kröfum sínum framgengt.

Blaðakostur kommúnista og Framsóknar hefur á undanförnum mánuðum keppzt við að lýsa því fyrir þjóðinni, að efnahagsmálaaðgerðir stjórnarflokkanna hafi gersamlega misheppnazt: útgerðin sé að stöðvast, bændur berjist í bökkum, verzlun og iðnaður séu aðþrengd, alla skorti lán til rekstrar og fjárfestingar, ekkert geti borið sig, og þennan söng söng hv. 4. þm. Austf. hér áðan. Út af fyrir sig er þessi áróður ekki heppilegur undirbúningur þess að bera fram kaupkröfur, því að hvar á að taka peningana, ef enginn getur borgað? Þegar þeir hinir sömu menn, sem hafa slíkan áróður í frammi, beita sér jafnframt fyrir 33—40% kauphækkunum, þá liggur í augum uppi, að þeir eru annaðhvort ekki trúaðir á eigin boðskap eða þá að þeir ætla sér að vinna stórkostleg skemmdarverk, — koma atvinnulífinu í rústir og koma af stað ölduróti upplausnar og glundroða, er geti skolað þeim á valdastóla í þjóðfélaginu.

Raunhæft mat á ástandinu er að mínum dómi á þessa leið:

Leiðrétting gengisskráningarinnar í febr. s. l. var óhjákvæmileg, vegna þess að svo var komið s. l. ár, að útflutningssjóður varð að greiða 86.7% bætur á útflutninginn, miðað við fobverð, en fékk ekki á móti í tekjur nema 68.5%. Mismunurinn var jafnaður með skuldasöfnun og erlendum lánum. Lengra var ekki hægt að komast á þeirri braut. En skekkjan í gengisskráningunni var orðin svo mikil, að leiðréttingin hlaut að hafa í för með sér verulegar verðhækkanir, sem snertu alla þjóðina, einstaklinga og fyrirtæki. Til þess að dreifa byrðunum voru jafnhliða gengisfellingunni gerðar ýmsar ráðstafanir. Bætur almannatrygginganna voru hækkaðar um rúmlega 200 millj. kr., og á þessu ári hækka þær, eins og ég gat um áðan, um 70.7 millj. til viðbótar. Tekjuskattur var lækkaður um 110 millj. Bæjar- og sveitarfélögum voru fengnar 56 millj. kr. af söluskatti til þess að gera þeim kleift að halda útsvörum óbreyttum eða jafnvel lækka þau. Til niðurgreiðslna á vöruverði voru í fjárlögum áætlaðar 302 millj. 900 þús. kr. Gerðar voru róttækar breyt. á skipun gjaldeyris- og innflutningsmála, er miða að því að gera innflutning raunverulega frjálsan og skapa skilyrði til heilbrigðrar verðmyndunar í landinu og bættrar þjónustu í verzlun og viðskiptum. Gjaldeyrisviðskipti voru auðvelduð og sparaðar rúmlega 3 millj. kr. með því að leggja niður innflutningsskrifstofuna. Útkoman er svo sú, að þessar ráðstafanir hafa í höfuðatriðum staðizt. Verðhækkanir munu nú allar komnar fram og hafa ekki orðið miklu meiri en ráð var fyrir gert, nema hvað auka hefur orðið niðurgreiðslur á innlendum landbúnaðarvörum og fiski, sem svarar 2 vísitölustigum meira en áætlað var, og var vísitala framfærslu-

kostnaðar hinn 1. þ. m. 102 stig, en mun ekki verða hærri en 104 stig í árslok.

Um þetta munu hv. stjórnarandstæðingar væntanlega segja, að til þess að ná þessu marki hafi nýlega verið „fiktað" við vísitöluna með því að taka tillit til lækkunar á skatti og útsvari í útreikningi hennar. Því er til að svara, að þarna var aðeins um sjálfsagða leiðréttingu að ræða. Ef sú leiðrétting hefði ekki verið gerð, hefði vísitalan verið röng.

Jafnframt þessu hefur kaupgjald haldizt stöðugt og gjaldeyrisaðstaða landsins út á við stórlega batnað, bæði í frjálsum gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri, sbr. upplýsingar þær, sem nýlega hafa verið gefnar hér á hv. Alþ. af hæstv. viðskmrh., en hann hefur greint frá því, að í lok febr. s. l. hafi yfirdráttarskuldir bankanna, að frádregnum gjaldeyrisinnstæðum, verið 557.9 millj. kr. Með slíkan skuldabagga á bönkunum var vonlaust að auka innflutningsfrelsi, þrátt fyrir leiðréttingu á gengisskráningunni. Og yfirdráttarheimildirnar hjá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington höfðu verið notaðar þannig hinn 1. þ. m., að búið var að verja 419.4 millj. til þess að losa bankana undan yfirdráttarskuldunum, og hafði þá gjaldeyrisstaða þeirra batnað um 7½ millj. kr. meira en notað hafði verið af yfirdráttarheimildunum hjá Evrópusjóðnum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum Hafa þessar yfirdráttarheimildir þannig ekki verið notaðar til eyðslu, eins og hv. stjórnarandstæðingar hafa haldið fram, og enn þá eru stórar fjárhæðir ónotaðar af þeim, sem gegna á næstunni hlutverki þess gjaldeyrisvarasjóðs, sem við höfðum þurft að vera búnir að eignast. Í vöruskiptagjaldeyri hafði aðstaðan hinn 1. þ. m. batnað um 87.3 millj. kr. Annar mikilvægur árangur af efnahagsaðgerðunum er aukning sparifjárins. S. l. ár jukust spariinnlán í viðskiptabönkunum og stærstu sparisjóðunum um 149 millj. kr., en á sama tíma í ár hafa þau aukizt um 188 millj. kr., eða um 39 millj. kr. hærri upphæð en s. l. ár, miðað við sama tíma.

Hv. 4. þm. Austf. gerði gjaldeyrisaðstöðuna og aukningu sparifjárins áðan að umtalsefni á þann hátt, sem honum er lagið. Hann fékk þær tölur út, sem honum hentaði, með röngum samanburði. Hann tók með í samanburðinum um gjaldeyrisstöðuna lán, sem veitt eru með 3 mánaða gjaldfresti, sem hafa ekki verið gefin upp áður, af því að engar skýrslur hafa verið til um þau, fyrr en hæstv. viðskmrh. gaf slíka skýrslu hér á Alþ. nýlega. Bankaábyrgðir eru nú ekki hærri en þær hafa verið áður.

Um sparifé fór hann eins að. Hann tók allt árið í samanburðinn, enda þótt „viðreisnin" hafi ekki staðið nema síðan í febr. s. l.

Að þessu leyti, sem ég nú hef nefnt, hafa aðgerðirnar í efnahagsmálunum borið árangur. Hins vegar hafa átt sér stað breyt. af völdum ytri aðstæðna, sem hefur ekki verið hægt að ráða við með neinu móti hér heima fyrir, og gera þessar breytingar það að verkum, að fullur árangur af efnahagsaðgerðunum lætur bíða lengur eftir sér en ella hefði orðið. Á ég þar við verðfall á fiskimjöli og lýsi frá því í des. í fyrra, sem veldur því, að tekjur þjóðarinnar verða í ár um 175 millj. kr. lægri en þær annars hefðu orðið. Enn fremur verður útflutningsverðmæti síldarafurða sennilega um 120 millj. kr. minna en s. l. ár. Er því útlit fyrir, að þjóðartekjurnar rýrni af þessum sökum um 300 millj. kr., og jafngildir það 12% lækkun útflutningsafurða, miðað við s. l. ár, og 4% lækkun þjóðartekna. Við þetta bætist svo, að afli togaranna hefur undanfarna mánuði verið með fádæmum rýr. Þegar á þetta er litið, álít ég, að verkalýðssamtökin og samtök launþega almennt verði enn um hríð að bíða með kauphækkunarkröfur af þjóðfélagslegri nauðsyn, ef bogi atvinnulífsins á ekki að bresta, eins og forseti Alþýðusambands Íslands orðaði það. Hins vegar verður að nota það svigrúm, sem efnahagskerfið gefur, til þess að rétta við hlut útflutningsatvinnuveganna og koma í veg fyrir, að þeir stöðvist vegna hins gífurlega tjóns.

Það skiptir mestu máli, að hin miklu og góðu framleiðslutæki, sem þjóðin á nú, verði rekin hindrunarlaust og haldið uppi fullri atvinnu. Fiskiskipastóllinn hefur stóraukizt í ár og undanfarin ár. Nýju skipin eru dýr og mörg þeirra að mestu í skuld og þurfa þess vegna mikið til sín í greiðslur vaxta og afborgana. Slík fyrirtæki eru í sjálfu sér ekki megnug þess að bera hátt kaupgjald. En aukning fiskiskipaflotans er grundvöllur að meiri gjaldeyrisöflun og aukningu þjóðarteknanna, en það er raunar hið eina, sem tryggt getur varanlegar kjarabætur, svo að enn séu notuð orð forseta Alþýðusambands Íslands.

Þannig virðist mér þetta dæmi liggja ljóst fyrir. Það er óhugsandi, að 300 millj. kr. tap þjóðarbúsins á einu ári geti orðið undirstaða raunverulegra kjarabóta. Má það teljast gott, ef hægt er að koma í veg fyrir, að slíkt áfall valdi almennri kjararýrnun. Ég neita því ekki að vísu, að æskilegt væri að bæta kjör þeirra lægst launuðu í þjóðfélaginu. En þá er að því að gá, að launajöfnuður hér á landi er slíkur, að ef einn fær hækkun, þá fer allt af stað, og áður en varir mundu hækkanirnar ná til 80% allrar þjóðarinnar. Það mundi ekki þýða raunverulega kjarabót, heldur aðeins setja verðbólguhjólið af stað á ný og rýra verðgildi peninganna. Kaupgjald og verðlag þarf að nema staðar, þar sem það nú er, svo að atvinnulífið geti haldið áfram án nýrrar tekjuöflunar. Og þess vegna hefur verið horfið frá þeirri stefnu, sem áður tíðkaðist, að bæta atvinnurekendum auknar launagreiðslur með hækkuðum bótum úr ríkissjóði og leyfa hækkun álagningar á vöruverð vegna hækkaðra launa í verzluninni. Þetta þýðir það, að atvinnurekendur verða nú að gera það upp við sig, hver sé raunveruleg greiðslugeta þeirra, áður en þeir fallast á kauphækkanir, og þetta verða launþegasamtökin að gera sér ljóst, ef þau vilja forðast langvinnar kaupdeilur. Í þessu efni færi bezt á því, að komið yrði á nánara samstarfi milli launþega og vinnuveitenda en nú á sér stað, þannig að fulltrúar launþega fengju aðstöðu til þess að láta trúnaðarmenn sína fylgjast með afkomu

fyrirtækjanna og jafnvel fá tillögurétt um rekstur þeirra og stjórn. Slíkt samstarf gæti ef til vill orðið til þess að forða óþarfa árekstrum og vinnutapi vegna verkfalla.

Ég þakka þeim, sem hlýtt hafa. Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Síðasti hv. ræðumaður hafði áhyggjur af kjósendum Framsóknarflokksins, en mörgum mundi þó finnast, að hann ætti að hugsa um þessar mundir um sína kjósendur.

Hv. þingmaður var mjög hissa á því, að Framsfl. hefði ekki viljað samþykkja gengislækkun fyrir ríkisstjórn Ólafs Thors 1950. En málið var þannig vaxið, að Framsfl. léði alls ekki máls á gengislækkun nema eiga þátt í framkvæmd hennar sjálfur og setja þau skilyrði fyrir henni, sem nauðsynleg voru, en þau skilyrði voru þau að ganga ekki inn á samdráttarstefnu, um leið og genginu var breytt.

Útgjöldin á fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, eru 51 millj. kr. hærri en á gildandi fjárlögum, 529 millj. hærri en á fjárlögum síðasta árs og 745 millj. hærri en á fjárlögunum 1958. Þannig hafa fjárlögin hækkað um nálega 100% á tveimur árum. Inn í þetta kemur að vísu, að niðurgreiðslur utan fjárlaga 1958 námu 49 millj., og mætti segja, að sú fjárhæð ætti að dragast frá hækkuninni til samræmingar. Sé það gert, hafa fjárlögin hækkað um því nær 700 millj. á tveimur árum.

Það stingur strax í augu, að í frv. er gert ráð fyrir, að nýi innflutningssöluskatturinn, sem á að gefa í ríkissjóð 168 millj., verði látinn standa áfram. Ríkisstj. var þó óþreytandi í fyrravetur að lýsa yfir því, að þessi skattur væri aðeins til bráðabirgða og yrði ekki framlengdur, enda var þetta böggull, sem komið var með eftir að aðalefnahagsáætlun ríkisstj. var lögð fram. Hér kemur því í ljós, að farið hefur verið aftan að mönnum í fyrra í þessu, og er það í samræmi við fyrirheit stjórnarflokkanna yfirleitt og þær efndir, sem á þeim hafa orðið.

Það vekur athygli, að í þessu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir nærri því sömu heildartekjum í ríkissjóð á næsta ári af þeim álögum, sem mokað var á almenning s. l. vetur, og á þessu ári. Þó gilda álögurnar á næsta ári fyrir allt árið. Hér eru því tekjur af þessum tollaálögum áætlaðar miklu lægri en nú. Það er sem sé gert ráð fyrir áframhaldandi samdrætti í þjóðarbúskapnum og því raunar minnkandi ríkistekjum af stórhækkuðum álögum. Fátt sýnir betur búskaparlagið, sem nú er upp tekið, en einmitt þetta, Og þetta sýnir einnig, hversu mikið hald er í þeim blekkingum stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar annað veifið, að ráðstafanir þeirra eigi ekki að hafa og hafi ekki í för með sér stórfellda kjaraskerðingu fyrir almenning.

Innflutningsáætlunin fyrir árið 1960, sem núverandi tekjuáætlun var byggð á, gerir ráð fyrir minni heildarinnflutningi til landsins en var fyrir tveimur árum. Þessi átti samdrátturinn að verða þegar á þessu ári vegna kjaraskerðingar og minnkaðra framkvæmda. Og nú er sýnilegt, að það á enn að herða ólina og samdrátturinn á að verða enn meiri og kjaraskerðingin, ef ríkisstj. fær að ráða. Ég mun víkja nokkuð að þessu síðar.

Fjmrh. talaði talsvert í fyrra um sparnaðarfyrirætlanir sínar, en menn yrðu að vera þolinmóðir þá, sparnaðurinn kæmi bráðum. Nú sjáum við, að því er enn lýst yfir í greinargerðinni, að erfitt sé að koma á aukinni hagkvæmni, eins og það er orðað, nema með löngum undirbúningi, og ekki er hin nýja stofnun til eftirlits með öllum hinum enn komin á fót, sem boðuð var í fyrra. En þó að þetta liggi nú fyrir, þá er okkur samt sem áður sagt, að þetta frv. marki tímamót. Það má til sanns vegar færa, að þetta fjárlagafrv. ásamt frumvarpinu í fyrra markar alger tímamót, þar sem fjárlögin eru á nokkrum missirum nærri því tvöfölduð, eða nákvæmlega tiltekið hækkuð um 700 millj. En það er ekki þetta, sem við er átt, heldur hitt, að þetta fjárlagafrv. marki tímamót í ráðdeild og sparnaði. Því er á loft haldið, að 10 af 14 útgjaldagreinum fjárlaganna lækki frá því í fyrra, þ. e. a. s. lækki frá þeirri methæð og langt fram yfir það, sem útgjöldin komust í fyrra við aðfarir ríkisstjórnarinnar þá.

Athugum svo ofur lítið nánar þessar greinar og í hverju lækkun þeirra á pappírnum liggur.

Vaxtaútgjöld eru áætluð 96 þús. kr. lægri, og þarf ekki langt mál um það. Skuldir þær, sem ríkissjóður stendur straum af, hafa verið að lækka stöðugt á undanförnum árum, og eru það ekki verk þeirrar ríkisstjórnar, sem nú situr.

9. gr.: alþingiskostnaður er áætlaður 1 millj. kr. minni en á gildandi fjárlögum. Auðvitað er þetta hrein áætlunarfjárhæð, og skal ég ekkert segja um það, hvernig þetta verður. En með þessu er þó glöggt sýnt, hvað þeir vilja. Það á að reyna að stíga enn eitt spor í áttina að því að gera Alþingi Íslendinga að málamyndaþingi, hliðstætt því, sem stigið var í fyrra, þegar alþingismenn voru sendir heim, á meðan ríkisstj. ákvarðaði, hvað gera skyldi í efnahagsmálunum. Auðvitað er ódýrara að stjórna með bráðabirgðalögum og stjórnarúrskurðum og umfangsminna að tilkynna ákvarðanir um hinar stærstu fjárveitingar t. d. í flokksveizlum stjórnarflokkanna en að ómaka sig við að leggja slík mál fyrir Alþingi og halda uppi þinghaldi. En hætt er við, að sá sparnaður, sem fást kynni með því að draga úr valdi Alþingis, gæti orðið þjóðinni dýrkeyptur. Þannig held ég að margir hugsi um þessar mundir, og óneitanlega geri ég ráð fyrir, að það sé ekki langt síðan margur andaði léttara, þegar Alþingi kom saman.

10. gr.: fjárveiting til ríkisstjórnarinnar er lækkuð um 1 millj. og 100 þús. af 42 millj., sem ráðherrann kom henni upp í í fyrra. Það, sem hér gerist, er þetta: Annað sendiráðið í París er sameinað hinu og þar með framkvæmd ráðstöfun, sem núverandi utanrrh. hefur fram að þessu komið í veg fyrir. Þessi lækkun er þó að verulegu leyti étin út með kostnaði við

nýtt efnahagsmálaráðuneyti og með því að flytja sendiherra inn í stjórnarráðið. Aðallækkunin á liðnum er svo fengin með því að lækka ýmsar áætlunartölur, eins og kostnað við þátttöku í alþjóðaráðstefnum, annan kostnað ráðuneytanna og slíka liði, alveg út í bláinn, og hefur enginn hugmynd um, hvort það verður nokkur raunveruleg lækkun eða ekki. En ekki þykir manni líklegt, að þessi stjórn verði til að draga úr utanferðakostnaði.

11. gr. lækkar um 520 þús. af þeim 105 millj., sem ráðherrann kom henni upp í í fyrra. Ýmsir liðir á greininni hækka, en lækkun kemur fyrst og fremst fram í því, að fjárveiting til eftirlits með skattaálagningu á að lækka um 2 millj. rúmlega. Ekkert liggur fyrir um, að nokkur raunverulegur sparnaður geti komið þarna til greina í reyndinni, og mundu sannast að segja margir álíta, að sízt hefði af því veitt að auka eftirlitið, um leið og hinn gífurlegi nýi söluskattur var á lagður, í stað þess að draga úr fjárveitingu til skattaeftirlitsins.

Samgöngumálagreinin lækkar um 3 millj. 800 þús. Á þeirri grein hækka ýmsir kostnaðarliðir. En það, sem fyrst og fremst veldur lækkuninni, er, að framlagið til hafnarbótasjóðs til hafnargerða er minnkað um 1 millj. 950 þús. og fjárveiting til strandferða lækkuð um 5 millj. Er ekkert um að efast, að þar er á ferð sú hugmynd að draga stórkostlega úr strandferðaþjónustunni, eins og kom greinilega fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan. Það er látið í veðri vaka annað veifið, að það eigi að gera skipulagsbreytingu til sparnaðar. En þess er skemmst að minnast, að þegar raforkuáætlunin var skorin niður um marga milljónatugi, var blygðunarlaust haldið fram um leið, að þar væri ekki um neitt minnkaðar framkvæmdir að ræða, sem allt reyndust hreinar rangfærslur. Síðan er því hér lýst yfir, að bláókunnugur maður frá norsku hlutafélagi hafi verið fenginn til að gera nýjar strandferðaáætlanir fyrir Íslendinga.

15. gr., til kirkjumála, lækkar um nálega 100 þús. kr. Sú lækkun er fengin með því að draga úr fjárveitingu til uppbyggingar í Skálholti, og sýnir það kotungshátt hæstv. ríkisstjórnar að draga úr þeirri fjárveitingu.

16. gr., framlag til atvinnuveganna, lækkar um 5 millj. 740 þús., og þar eru tvær „ráðdeildar"-ráðstafanir, sem skipta máli. Það á að láta bæjar- og sveitarfélög og aðra, sem þurfa á jarðbor að halda, greiða miklu meira fyrir vinnu borsins en áður hefur verið. Og þetta heitir sparnaður. Þá á að leggja 2 millj. kr. minna fram en áður til að útrýma refum og minkum, og er nú gefið í skyn, að ríkisstj. hafi fundið nýjar aðferðir til að koma þessum dýrum fyrir kattarnef. En vandlega er um það þagað, hverjar þessar nýju aðferðir séu. Eru menn að óreyndu áreiðanlega dauftrúaðir á, að hæstv. fjmrh. hafi fundið upp heppilegri aðferðir en áður til að vinna refi. Væri það alveg eftir öðru, að nú yrði dregið úr stuðningi við þá miklu herferð, sem hafin hefur verið gegn dýrbítum í landinu. En tæplega mundi hæstv. ríkisstj. telja slíkt til ráðdeildar, ef hún hefði nokkra nasasjón af því, hvílíku ógnartjóni þessar skepnur valda, ef þær fá að leika lausum hala. En kannske verður þessi lækkun bara á pappírnum, eins og svo margar hinar.

19. gr., framlag til óvissra útgjalda, virðist þó fjmrh. hafa lækkað á hné sér um 500 þús. kr., bara til að geta haft lækkunargreinarnar 10. En það er dálítið meira um þessa 19. gr. Á greininni er liður, sem nefnist „útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir". Sá liður er settur 5 millj. En mér er kunnugt um, að fyrir liggur áætlun framleiðsluráðs um, að í útflutningsuppbætur þessar muni þurfa 21 millj. á næsta ári. Verður því ekki betur séð en þessi eini liður sé settur á annan tug millj. of lágur vísvitandi og greinin svo lækkuð í staðinn um 500 þús., svo að hún geti komið með í sýndarskrum hæstv. ráðherra. Ekki er aðstaða til að kanna á þessu stigi, hvort meira er í frumvarpinu af svona löguðum sparnaði.

20. gr. fjárlagafrv., eignahreyfingar, lækkar um rúmar 10 millj. Á þeirri grein er framlag til byggingar varðskips lækkað um 3 millj. 750 þús., og hefur ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu, að það verði að taka þetta fé að láni, þar sem ekki sé hægt að verja svona stórri fjárhæð af 1½ milljarði til að auka landhelgisgæzluna, það verði að borga þetta seinna. Það er enginn smáræðis sparnaður. Þá lækka afborganir af skuldum landssímans um 2 millj. 150 þús., og á það ekkert skylt við neinar ráðstafanir af hendi núverandi ríkisstjórnar. Loks eru fjárveitingar af ríkistekjum til uppbyggingar á landssímakerfinu, 5.5 millj., algerlega þurrkaðar út og landssímanum ætlað sjálfum að standa undir framkvæmdum sínum af eigin tekjum. En landsmenn eiga að borga brúsann jafnt eftir sem áður með hinum gífurlegu hækkunum, sem orðið hafa á öllum þjónustugjöldum landssímans. Er þetta ekki svo lítill sparnaðarsigur.

Heildarniðurstaðan á rekstrarútgjaldahlið tímamótafjárlaganna er svo sú, að hrein aukning rekstrarútgjaldanna frá því í fyrra er 61 millj., sem bætist ofan á met hæstv. fjmrh. þá, eins og margupplýst hefur verið.

Kem ég þá að því, hvernig ástatt er nú orðið um fjárveitingar til verklegra framkvæmda.

Á árunum 1950—58 munu fjárveitingar til verklegra framkvæmda hafa numið 28.4% af útgjöldunum. Í fjárlögum þeim, sem núv. ríkisstj. stóð að fyrir yfirstandandi ár, voru verklegar framkvæmdir komnar niður í 19.7% af útgjöldunum. Og í þessu fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, nema framlögin til verklegra framkvæmda aðeins 18.4%. Þannig hafa verklegar framkvæmdir verið stórkostlega skornar niður. Mundu framlög til þeirra þurfa að vera 150 millj. kr. hærri en þau eru nú á frv., til þess að jafnmikið af álögunum á landsmenn gengi til framfaramála og áður. Svona gífurleg breyting hefur orðið á örstuttum tíma vegna stefnubreytinga í efnahagsmálum.

Er þetta fyllilega gert af ásettu ráði og hnitmiðað til að draga úr þeim stuðningi, sem ríkisvaldið hefur veitt almenningi í landinu við uppbyggingu atvinnuveganna og sinna eigin heimila. Er nú höfuðáherzla lögð á, að á undanförnum árum hafi allt of miklu fjármagni verið beint til stuðnings einstaklingum og félögum, sem höfðu ekki nógu mikil eigin fjárráð til þess að koma á fót atvinnurekstri. Höfuðmálgagn stjórnarinnar hefur t. d. haldið því fram skýrt og skorinort, að höfuðvandkvæði sjávarútvegsins stöfuðu af því, að of mörgum mönnum, sem ekki hafi haft nægilegt eigið fé, hafi verið hjálpað til þess að komast yfir framleiðslutækin með of miklum lánum til að kaupa tækin. Er hátíðlega heitið stefnubreytingu algerri í þessu, ef þeir megi ráða. Allir vita, hvað þeir álíta um landbúnaðinn að þessu leyti.

Þarna kemur einnig fram svo skýrt sem verða má mismunur á þeim þjóðháttum, sem Framsfl. vill hlynna að, og því búskaparlagi, sem hinir vilja hafa: Annars vegar að hlynna að því, eins og gert hefur verið á undanförnum 30 árum, að sem flestir geti verið sjálfstæðir efnalega og tekið þátt í framleiðslunni og átt sín eigin heimili, þótt ekki séu nægilega fésterkir til að kljúfa nauðsynlegan stofnkostnað óstuddir. Hins vegar er sú stefna, sem nú liggur til grundvallar öllu, sem gert er, að einungis hinir fésterkustu skuli fást við þessi mál, eiga framleiðslutæki, hús og þess háttar. Allir aðrir skuli vera á þeirra vegum og ekki fá stuðning þjóðfélagsins til þess að fást við þessi verkefni, sem að þeirra skilningi eiga að vera verkefni hinna ríku.

Það er enn eitt dæmi um, hvernig þessi stefna er í framkvæmd. Á þessu fjárlagafrv. er búið að lækka framlög til atvinnuaukningar í kaupstöðum og kauptúnum raunverulega a. m. k. um helming frá því, sem þau voru fyrir tveimur árum, þegar tillit er tekið til hækkaðs kostnaðar við öflun tækja. Ekkert fjármagn hefur þó verið þýðingarmeira en þetta fyrir uppbyggingu sjávarplássanna, þar sem skortur á eigin fjármagni heima fyrir veldur svo miklum erfiðleikum við að byggja upp atvinnulífið traustlega. Þetta sker ríkisstj. niður, því að það samrýmist ekki hinni nýju stefnu, sem er að hætta að styðja þá, sem hafa ekki nægilegt eigið fé fram að leggja. En hvernig halda menn, að þetta verki á uppbyggingu atvinnulífsins við sjóinn og í sveitunum? Öll framlög til landbúnaðarmála hafa verið stórkostlega skorin niður, enda er það ein af þeim áætlunum, sem hefur verið gerð innan vébanda Sjálfstfl., að fækka í bændastétt landsins.

Þá er athyglisvert, hvernig stjórnarstefnan hefur farið með fjárveitingar til vegamála í landinu. Í flestum löndum er reynt að stilla svo til, að benzínskattur renni til vegagerða og brúagerða. En hér var í fyrra ákveðið, að 85 aurar á hverjum benzínlítra, sem voru sumpart alveg nýjar álögur og sumpart fé, sem hafði runnið í útflutningssjóð, skyldu renna í ríkissjóð. Nemur þetta 42 millj. Af þessu fé voru aðeins 7 millj. settar í vegi og brýr. Framsóknarmenn gerðu margar tilraunir til að beina verulegum hluta af þessu fjármagni til nýrra vegagerða og brúagerða og þar á meðal til varanlegra vegagerða á fjölförnum leiðum. En allt var það árangurslaust. Með þessu lagi er vegamálum hér stefnt nálega til fullrar kyrrstöðu og þau reyrð í óleysanlegan hnút. Getur þetta alls ekki staðizt svo sem nú er nema í stuttan tíma. En einmitt þetta sýnir með öðru, í hvert óefni framfaramálum er stefnt með efnahagsmálastefnu núverandi hæstv. ríkisstj.

Um þetta fjárlagafrv. er því miður hægt að segja með fullum rétti í fáum orðum: Frumvarpið er að sjálfsögðu skilgetið afkvæmi þeirrar efnahagsmálastefnu, sem núverandi ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, og foreldri sínu líkt. Þar ræður ekki aukin ráðdeild, en á hinn bóginn talsverð sýndarmennska. Það er stefnt að aukinni eyðslu og auknum starfrækslukostnaði í fjöldamörgum greinum, en haldið áfram að draga úr framlögum til þeirra mála, sem mesta þýðingu hafa fyrir almenning. Þetta eru hæstu og mestu eyðslufjárlög, sem fram hafa verið lögð í sögu Alþingis, og um leið minnstu framkvæmdafjárlög, sem nú um fjölda ára hafa verið fram lögð.

Ég mun þá víkja nokkuð að efnahags- og framleiðslumálum almennt. Flestum mun enn í fersku minni skemmdarverk Sjálfstfl. í stjórnarandstöðunni 1956—58. Ég hef ekki tóm til að rekja þau hér í einstökum atriðum, en ég vil minna á, að svo lágt var lagzt, að forusta flokksins gerði allt, sem hún gat, til þess að reyna að spilla fyrir málefnum landsins út á við, reyna að koma í veg fyrir, að landið gæti fengið lán til bráðnauðsynlegra, arðvænlegra framkvæmda.

Svo langt var gengið, að stjórnarandstaðan stóð ekki einu sinni með málstað Íslands í landhelgismálinu örlagaríka sumarið 1958, þegar Bretar voru að gera það upp við sig, hvort þeir skyldu leggja í að sýna Íslendingum ofbeldi eða ekki. Það ætti svo að vera framhald þessa að svíkjast að þjóðinni í landhelgismálunum með samningum við Breta um landhelgina, og atburðir síðustu daga benda til þess, að svo eigi að fara. Ekkert getur stöðvað það nema ótti við nógu skörulega mótstöðu alls almennings í landinu.

Aðfarir stjórnarandstæðinga í efnahagsmálunum á þessum árum eru mönnum einnig í fersku minni. Þegar tekizt hafði að skapa þann vanda, að samtök náðust ekki um að falla frá nægilega mörgum vísitölustigum í kaupi og afurðaverði, til þess að endarnir næðu saman, og ríkisstj. hlaut að fara frá, — þegar svo var komið, að Sjálfstæðisfl. lét sína eigin menn gera úttekt á efnahagsmálunum, varð niðurstaðan sú, að skakkinn í efnahagskerfinu svaraði til áhrifanna af dýrtíðaröldunni, sem Sjálfstfl. hafði sjálfur reist.

Þegar vinstri stjórnin fór frá, var greiðsluafgangur á ríkisbúskapnum 60—70 millj., sem hin nýja valdasamsteypa notaði með mörgu móti til að halda sér á floti yfir kosningaárið. Framleiðslan var í örum vexti, og sýnt var

fram á í tillögum framsóknarmanna þá, að hægt var að leysa efnahagsmálin án þess að rýra kaupmátt launa frá því, sem hann var í febrúar og október 1958. Gjaldeyrisstaða bankanna var þá jákvæð um 80—90 millj. kr. Þegar núverandi valdasamsteypa tók við, seig strax á ógæfuhlið. Greiðsluafgangur var étinn út og gjaldeyrisstaðan orðin óhagstæð eftir árið. Allt var látið drasla, en hugsað um það eitt að ná völdunum.

Í kosningunum var því yfir lýst, að dýrtíðin væri stöðvuð og yrði svo áfram, enn fremur, að kysu menn Sjálfstfl., væri hægt að bæta lífskjörin. Strax eftir kosningar var blaðinu alveg snúið við og svikizt að mönnum með þá stefnu, sem nú er verið að framkvæma. Byrjað var allt í einu að halda því fram, að þjóðin hefði lifað stórkostlega um efni fram. En aðeins nokkrum vikum áður hafði því verið mótmælt harðlega, að nokkur ástæða væri til að efast um, að þeir gætu staðið við fyrirheit sín um stöðvun dýrtíðar og bætt lífskjör. Ríkisstj. hóf þá að flytja óhróður um efnahagsmál Íslands, og var því skrökvað, að þjóðarbúskapur Íslendinga hefði verið rekinn með stórkostlegum halla á undanförnum árum, þvert ofan í þær staðreyndir, að erlendu lánin höfðu verið notuð til arðgæfra framkvæmda, og þveröfugt við það, sem sýnt var fram á af einum kunnasta hagfræðingi landsins, að Íslendingar væru einmitt þá betur færir um að standa við skuldbindingar sínar út á við en nokkru sinni áður.

En þótt þannig væri reynt að sverta ástandið, eins og mögulegt var, og einskis svifizt, þá varð þó ekki lengra komizt en svo, að þáv. forsrh. lýsti því yfir, að skekkjan í efnahagskerfinu væri um 250 millj. kr., og fjmrh. mun hafa talað um 200—250 millj. Var þó málað eins svart og hægt var með tilliti til þess, sem ríkisstj. hafði í hyggju. Auðvelt hefði verið að finna leiðir til að jafna þann skakka, sem var í þjóðarbúskapnum, jafnvel eftir aðfarir þessarar valdasamsteypu árið 1959, með margfalt umfangsminni ráðstöfunum en þeim, sem ríkisstj. greip til. Hefur þráfaldlega verið fram á þetta sýnt, og mun ég koma að því síðar.

En ríkisstj. valdi ekki þann kost. Það var vegna þess, að nú átti, eins og hæstv. fjmrh. mun hafa orðað það í fyrra, að taka upp nýja þjóðfélagshætti. Nú átti að innleiða nýtt efnahagskerfi, efnahagskerfi stórkapítalismans, eins og hann er kenndur í bókum og framkvæmdur af ofsatrúarmönnum í þeirri grein. Slíkt gat auðvitað ekki orðið með því að halda áfram þeirri sömu stefnu, sem fylgt hafði verið við uppbyggingu síðustu áratuga og fyrst og fremst hafði verið mótuð af Framsfl. En sú stefna var öflugur stuðningur þess opinbera við framfaraáætlanir einstaklinga og almennra félagasamtaka í landinu og einstakra byggðarlaga. Þess vegna var ekki hægt að nota hliðstæð úrræði og áður.

Af þessum ástæðum var allt gert í senn í fyrsta skipti í sögu landsins: gengið lækkað, stórfelldar nýjar álögur innleiddar, dregið mjög úr framlögum þess opinbera og stuðningi við framkvæmdir almennings í landinu, vaxtaokrið innleitt og öflugar ráðstafanir gerðar til þess að draga úr útlánum til sjálfrar framleiðslunnar og til almennings. Er svo langt gengið í þessu ofan á vaxtaokrið og hina gífurlegu dýrtíðaraukningu, sem stafar af þessum ráðstöfunum, að Seðlabankanum er bannað að lána meira út á afurðir landsmanna í krónutölu en áður, enda þótt verðlag afurðanna hafi að krónutölu hækkað verulega vegna gengislækkunarinnar og rekstrarkostnaður stórhækkað allur, og ofan á þetta er bætt, að helmingurinn af öllum nýjum sparifjárinnlögum í landinu er dreginn inn í Seðlabankann.

Sýnt var fram á í fyrra, að verðhækkunaráhrif af öllum þessum ráðstöfunum gætu aldrei orðið undir einum milljarði og 100 millj. kr. Sýnt var einnig fram á, að þetta væri með öllu óframkvæmanlegt, án þess að af því leiddi upplausn í framleiðslu- og atvinnulífi og dýrtíðarhækkun, sem yrði óstæð bæði almenningi og framleiðslufyrirtækjum. Allt er þetta nú greinilega að koma fram, aðeins nokkrum mánuðum síðar. Augljóst er, að enginn atvinnurekstur á Íslandi þolir okurvextina og lánasamdráttinn, hvað þá almenningur, sem þarf að leita lána til lífsnauðsynlegustu framkvæmda. Fjöldi manna horfir nú beint fram á að missa eigur sínar fyrir lítið vegna þeirrar lánsfjárkreppu, sem ríkisstj. framkallar með því að lækka stórkostlega afurðalán Seðlabankans, draga inn helminginn af sparifénu og draga þar til viðbótar stórfé inn í bankakerfið, Seðlabankann, með okurvöxtum af framleiðslulánunum.

Mönnum er fyrir atbeina ríkisstj. neitað um lán til að bjarga eignum sínum, þótt gulltryggingar séu í boði, á sama tíma og helmingurinn af sparifénu er dreginn inn og neitað að lána út á framleiðsluna úr Seðlabankanum, eins og gert hefur verið áratugum saman.

Það var á allra vitorði í fyrra, að ríkisstj. miðaði ráðstafanir sínar þannig, að hún ætlaðist til að fá tröllaukinn greiðslufeng hjá ríkissjóði á þessu ári, sem átti að leggjast dauður í Seðlabankann og átti þannig að hjálpa enn til að ná af mönnum fé, þ. e. a. s. minnka kaupgetuna, auka kjaraskerðinguna. Enn fremur var því treyst, að samdrátturinn og kjaraskerðingin svona stórkostleg hlyti að verða til þess, að gjaldeyrisafgangur yrði mikill, áður en langt um liði. Enn er of snemmt að fullyrða nokkuð um niðurstöður í þessum greinum.

Þó er svo að sjá nú þegar, að allt komi þetta öðruvísi út og verr en ríkisstj. taldi sér trú um. Þó er erfitt að trúa því og verður ekki trúað, fyrr en það sést svart á hvítu, að enginn greiðsluafgangur verði hjá ríkissjóði þrátt fyrir þær óhemjuálögur, sem mokað var á landsmenn í fyrra, og þrátt fyrir að þær tekjur hefðu átt að gefa ríkissjóði meira en 200 millj. kr. meira en áætlað var á fjárlögunum, og það miðað við sama innflutning og var fyrir tveimur árum, 1958. Því verður þess vegna ekki trúað, fyrr en það sést svart á hvítu, að svo hörmulega sé komið, að það verði ekki greiðsluafgangur.

En það er þó sýnt nú þegar, að það hefur gleymzt að gera nógu mikið ráð fyrir þeim lamandi áhrifum, sem þvingunarráðstafanir ríkisstj. og kjaraskerðingin sjálf hljóta að hafa á framleiðslulífið og þjóðartekjurnar. Okkur er sagt, að enn verði út af þessu að lækka tekjuáætlun ríkissjóðs og fjárlaganna, þótt allar hinar gífurlegu álögur eigi að standa og meira að segja innflutningssöluskatturinn, sem lýst var yfir í fyrra að ætti að vera aðeins til bráðabirgða.

Allt er gersamlega í þoku um gjaldeyrisstöðuna, og lítið hafa bætt úr í því efni þær áróðurstölur, sem hæstv. viðskmrh. hefur látið koma fram undanfarið. Er sú talnaflækja öll hin furðulegasta. Það vita menn þó, að allt er löðrandi í vörukaupalánum, m. a. er búið að taka 433 millj. kr. lán, sem á að greiðast á þremur árum, og eru það hreinir glæfrar. Er það blekking, að allt sé það í lagi, því að bankayfirdrættir frá í fyrravetur hafi verið greiddir að sama skapi. Verulegur hluti af þeim yfirdráttum voru árstíðaryfirdrættir á móti óvenjulegum útflutningsvörubirgðum, sem áttu að greiðast niður af andvirði þeirra birgða, þegar þær fóru úr landi, ef allt hefði verið með felldu. Það er alveg ljóst, að það eru hreinir glæfrar að taka gífurleg lán til stutts tíma til almennra vörukaupa og binda þannig gjaldeyristekjur næstu ára fyrir fram, án þess að framleiðsluaukning komi á móti.

Það er fullvíst, að ráðstafanir ríkisstj. hafa nú áhrif í þá átt að minnka gjaldeyrisöflunina, og það er kannske það alvarlegasta af þessu öllu saman, auk þess sem það leiðir af sér á næstunni alveg óhjákvæmilega áframhaldandi dýrtíðarflóð. Dýrtíðaraukningin, vaxtaokrið og lánasamdrátturinn hafa þegar lamað framleiðslustarfsemina til lands og sjávar, og dregur því í vaxandi mæli úr heildartekjum landsmanna.

Dýrtíðarflóðið skellur með slíkum þunga á almenningi til sjávar og sveita, að fyrirsjáanlega hlýtur að leiða til gagnráðstafana, hversu mikil þolinmæði sem sýnd er. Út af framleiðslunni þarf að gera nýjar ráðstafanir.

Liggur auðvitað beinast við sem fyrsta skref að afnema vaxtaokrið, eins og framsóknarmenn hafa lagt fram frv. um á Alþingi, og létta lánsfjárkreppuna. Yrði þetta til að draga nokkuð úr afleiðingum þess, sem gert hefur verið, t. d. er vaxtaliðurinn alveg gífurlegur liður í allri framleiðslu og atvinnurekstri.

Augljóst er af öllu því, sem nú liggur fyrir, að ekki er nema að litlu leyti það komið fram, sem koma hlaut vegna þeirra miklu mistaka, sem urðu s. l. vetur. Fyrstu umferð í þeirri hringrás er ekki einu sinni lokið. Stjórnarliðið getur ekki komizt hjá að viðurkenna óbeint, hvernig komið er, en er að vonum mjög í vanda. Annað veifið er látið í skína, að líklegast sé til bjargar útveginum að veita kreppulán til þess að borga með okurvexti og mæta öðrum búsifjum, sem sjávarútvegurinn fær ekki undir staðið. Um landbúnaðinn heyrist ekki talað úr herbúðum ríkisstjórnarinnar. Væri þetta gert, yrði kerfið þetta: Hert að mönnum með vaxtaokri og lánasamdrætti og dýrtíð, en síðan skrapað saman kreppulánafé til þess að greiða með okurvextina og rekstrarhallann til bráðabirgða. Ekki mundi það lengi forða strandinu. Annað veifið er á hinn bóginn talað eins og ekkert verði gert.

Fyrirsjáanlegt er, að ríkisstj. neyðist til að auka uppbótakerfið enn á ný í margvíslegum myndum, enda raunar þegar byrjað á því við upphaf síldarvertíðar á þessu sumri, þar sem byrjað var að greiða uppbætur á saltsíldina. Aftur á móti er ekki enn fullljóst, hve almennt menn verða flæmdir frá eignum sínum og staðfestu, áður en almennar ráðstafanir verða gerðar vegna framleiðslunnar til lands og sjávar. Þannig er nú þessum málum komið, þótt ekkert óvænt hafi skeð, því að vitað var, þegar gengið var frá efnahagsmálaráðstöfunum á s. l. vetri, að verðfall var orðið á síldar- og fiskimjöli og síldarolíu. Síldarafli var lélegur, en alls ekki verri en oftast áður undanfarin ár.

Tæpast er svo haldinn fundur í landinu, að ekki komi fram gagnrýni á þessar aðfarir og bent á, hvernig komið er. Er slíkt að vonum. Viðbrögð forráðamanna stjórnarflokkanna við þessu eru mjög eftir öðru. Þeir hafa látið aðalmálgagn ríkisstj. ráðast með fúkyrðum að slíkum fundahöldum og er þeim líkt við samsafn fífla, sem standa fyrir hógværum og skynsamlegum ályktunum um það, hvernig komið er málefnum framleiðslu og almennings.

Stundum berast nú þær fréttir, að enn eigi að herða samdráttinn, hann sé ekki talinn nógu mikill enn, og ætti það þá víst að gerast með því að draga enn saman lánveitingar og frysta meira af sparifé landsmanna og herða að með öðru móti. Verði nú á hinn bóginn ekki snúið við, geta þessar aðfarir ekki verið miðaðar við neitt annað en að gera nú — án tafar — þá gerbyltingu, sem fyrir vakir, með því móti að koma atvinnurekstri allra þeirra, sem styðjast ekki við óþrjótandi auð eigin fjármagns, í strand. Er þá hugsunin, að þeir, sem hafa ekki fullar hendur eigin fjár, neyðist til að láta af hendi atvinnutæki sín, íbúðir og annað nú á næstunni, og þá treyst á, að þeir, sem meira eigið fjármagn hafa, stígi fram og kaupi fyrir lítið.

Þannig á þá að bæta úr því, sem aðalmálgagn ríkisstj. telur verst hafa tekizt á undanförnum árum, en það er, að allur fjöldinn af mönnum sé kominn inn í framleiðsluna og atvinnureksturinn og hafi komizt yfir ýmsar aðrar eignir án þess að hafa nógu mikið eigið fé. Þannig er það, sem forusta Sjálfstfl., sem fram að þessu hefur gengið með grímu og þótzt fylgjandi því, að sem flestir einstaklingar gætu notið sín, ætlar að vega aftan að mönnum með því að koma hér á ríki hinna fésterkustu. En tekst þeim að grafa þannig undan efnahag manna og það heilla byggðarlaga? Það eigum við eftir að sjá. Það kemur í ljós á næstunni, næstu mánuðum, næstu missirum. Um þetta verður háð mikil barátta, og þar dugir ekkert hik. Menn verða að snúast glöggt gegn þessu og láta það í ljós, og gæti þá komið

hik og það bjargað miklu og undirbúið ósigur þessarar stefnu.

Framsfl. sagði í fyrravetur greinilega, hvernig hann vildi leysa vandann. Flokkurinn lagði höfuðáherzlu á að halda áfram og draga hvergi úr þeim stuðningi, sem veittur hefði verið á undanförnum árum til uppbyggingar framleiðslu og atvinnulífi og þeirra framkvæmda, sem mesta þýðingu hefðu fyrir atvinnulífið og almenning. Dæmdist fjárfesting of mikil í heild, vildi flokkurinn láta velja úr þær framkvæmdir, sem helzt mættu bíða frá almennu sjónarmiði séð, og fresta þeim. En flokkurinn hefur ætíð verið alveg andvígur þeirri leið að takmarka fjárfestingu með því að gera framkvæmdir svo dýrar og draga um leið þannig úr stuðningi við þær, að engir nema þeir, sem hafa fullar hendur eigin fjár, gætu komið sér upp sjálfstæðri framleiðslu eða þaki yfir höfuðið. Flokkurinn vildi jafna þann skakka, sem var í efnahagskerfinu, með því að hækka hóflega yfirfærslugjaldið og stíga þannig enn skref í framhaldi af því, sem gert var 1958, til þess að draga úr uppbótakerfinu, því að jafna yfirfærslugjaldið var spor áleiðis út úr uppbótakerfinu. Flokkurinn vildi skattleggja eyðsluna einnig í því sambandi, í stað þess að nú færist skattabyrði landsmanna í auknum mæli yfir á brýnustu daglegar nauðsynjar. Flokkurinn vildi halda áfram að taka erlendis lán til arðbærra framkvæmda, jafnóðum og niður væru borgaðar eldri skuldir, en forðast eyðslulántökur.

Framsóknarmenn eru sannfærðir um, að uppbyggingarstefna þeirra, sem miðuð er við að leysa sem allra flest öfl úr læðingi til aukningar framleiðslu og framleiðni og gera sem flesta efnalega sjálfstæða, mundi auka þjóðartekjurnar og bæta lífskjörin, eins og reynslan sýnir að orðið hefur síðustu áratugina. En þeir áratugir eru glæsilegasta framfaratímabilið í sögu landsins. Allt það tímabil hefur Framsfl. verið eitt sterkasta þjóðfélagsaflið.

Núverandi stjórnarfl. sjá á hinn bóginn enga aðra leið til að keppa að jafnvægi í þjóðarbúskapnum en samdrátt, — meiri og meiri samdrátt og meiri og meiri þvingunarráðstafanir, sem kreppa að mönnum meira og meira. Ef þeir næðu jafnvægi með þessu móti um stundarsakir, en lengur yrði það aldrei, þá yrði það jafnvægi fátæktarinnar. Þessum hugsunarhætti hafnar Framsfl. algerlega. Hann er boðberi þeirrar stefnu að auka framleiðslu og framleiðni og ná jafnvægi velmegunarinnar. Það eru engir draumórar eða slagorð. Það nægir að vísa til þess, sem hér hefur skeð á síðustu áratugum.

Þeir, sem ekkert vilja nú sjá annað en hinar nýju þvingunarráðstafanir og enga möguleika aðra eygja en samdráttinn, hafa gert það að herópi sínu, að Íslendingar hafi lengi undanfarið lifað um efni fram. Hvernig fer fyrir þeim, sem lifir um efni fram? Hann verður fátækari og fátækari. Haldi menn efnum sínum — eða auki þau, lifa þeir ekki um efni fram. Hver vill bera sér það í munn, að íslenzka þjóðin sé verr efnum búin nú en hún var fyrir nokkrum árum? Áreiðanlega enginn. Efnahagur þjóðarinnar hefur batnað ár frá ári.

En þetta sýnir, að þessar staðhæfingar eru marklaus áróður þeirra manna, sem berjast um á hæl og hnakka og vilja fá þjóðina til að sætta sig við, að leitað sé jafnvægis fátæktarinnar. Þjóðin hefur glögga reynslu fyrir því, að það er ekki sú leið, sem á að fara, heldur hin að keppa áfram, eins og gert var, þangað til blaðinu var snúið við, — keppa áfram að jafnvægi velmegunarinnar. Það er leið, sem farin hefur verið með stórkostlega glæsilegum árangri á undanförnum áratugum, og þjóðin mun ekki una við, að snúið sé til baka á þeirri braut.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það fer vissulega vel á því, að það skuli vera tveir af ráðherrum vinstri stjórnarinnar, sem veljast til þess hér í kvöld að halda uppi árásum á viðreisnina og þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt var að gera í efnahagsmálum, vegna þess að þeir erfiðleikar, sem nú steðja að ýmsum vegna efnahagsaðgerðanna og ég lýsti í minni frumræðu, stafa auðvitað að mjög verulegu leyti af aðgerðum og framferði vinstri stjórnarinnar. Ýmsir af þeim erfiðleikum, sem nú steðja að, eru fyrst og fremst arfur fyrri ára og ekki sízt arfur frá vinstri stjórninni. Og mér er spurn, ef þessi uppbyggingarstefna Framsfl., sem hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, var að lýsa, hafði borið svo stórkostlega glæsilegan árangur á undanförnum árum, eins og hann lýsti, hvernig stóð þá á því, að vinstri stjórnin undir forustu Framsfl., sem hafði haldið uppi þessari glæsilegu, ágætu uppbyggingarstefnu, gafst upp við að stjórna landinu í desembermánuði 1958? Og hvernig stendur á því, að þessir tveir hv. þm., hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, og hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, báðir miklir áhrifamenn í vinstri stjórninni, gáfust gersamlega upp við að stjórna landinu? Í rauninni eiga þessir þm. alveg eftir að skýra þá afstöðu sína. Og þegar þessir menn leyfa sér að koma hingað með blekkingar og taumlausar árásir og rangfærslur um efnahagsaðgerðir núv. ríkisstj. og stjórnarflokka, þá halda þessir menn, að allur almenningur á Íslandi sé búinn að gleyma því, að það voru þeir, sem stjórnuðu landinu og gáfust upp við að stjórna því fyrir tveimur árum.

Af þeim atriðum, sem hér hafa komið fram í umr., skal ég svara nokkrum.

Í fyrsta lagi, — og í rauninni er hægt að taka ádeilur þessara tveggja þm., Eysteins Jónssonar og Lúðvíks Jósefssonar, nokkuð saman vegna þess, hve þær voru skyldar, eins og yfirleitt öll málfærsla, málflutningur og blaðamennska og starfsemi þessara tveggja flokka er, eins og þar sé einn flokkur að verki, — í fyrsta lagi talaði hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, um hina gífurlegu hækkun fjárlaga, og hann segir: Fjárlagafrv. er um 700 millj. kr. hærra en fjárlögin voru fyrir tveimur árum. —

Nú eru þessar tölur náttúrlega mjög villandi og blekkjandi. Hvernig stendur á því, að þessir tveir þm. telja aldrei með í tekjum eða útgjöldum ríkisins frá 1958 þær geysilegu álögur, sem runnu í útflutningssjóð, og þau gjöld, sem úr honum fóru? Þeir telja þetta aldrei með nema að örlitlu leyti. Þeir pilla út einhverjar smáupphæðir af tekjum og gjöldum útflutningssjóðs og búa svo til einhver dæmi á þeim grundvelli. Nú er það þannig, að útgjöld útflutningssjóðs voru t. d. á árinu 1959, árið áður en hann var lagður niður, hvorki meira né minna en 1135 millj. kr. Tekjur útflutningssjóðs voru fyrst og fremst yfirfærslugjöldin, fyrst 16% og síðan 55%. Þessar tekjur voru notaðar til útflutningsuppbóta. Ef það er rétt að telja aldrei með nema örlítið af tekjum og gjöldum útflutningssjóðs í samanburði við fjárlögin nú, þá er það í rauninni ekkert annað en viðurkenning þessara tveggja fyrrv. ráðh. vinstri stjórnarinnar á því, að vinstri stjórnin hafi tvisvar sinnum framkvæmt gengislækkun á sínum stutta valdaferli. Ef álagning 16% yfirfærslugjaldsins og síðar 55% á tímum vinstri stjórnarinnar á ekki að teljast til skatta eða útgjalda, eins og aðrar tekjur og gjöld ríkissjóðs, þá er þetta hrein viðurkenning á því, að vinstri stjórnin hafi framkvæmt tvær gengislækkanir á þeim 2½ ári, sem hún sat að völdum. Hingað til hafa a. m. k. fulltrúar Alþb. ekki viljað viðurkenna það.

Þessi samanburður og þessi tilbúnu dæmi hv. 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar, að fjárlögin hafi hækkað um 700 millj. kr., er allt saman byggt á sandi. En það má í þessu sambandi, auk þess sem ég hef áður getið um yfirfærslugjaldið og útflutningssjóðinn, geta þess, að á þessum tíma hafa framlög til félagsmála, fyrst og fremst til aukinna almannatrygginga, hækkað um hvorki meira né minna en 252 millj. kr.

Hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, minntist lítið á fjárlfrv., sem fyrir liggur. Ræða hans fjallaði að mestu um annað. En þegar hann tók sig til að fara að nefna fjárlfrv., þá virtust ádeilur hans í þeim efnum bera vott annaðhvort um, að hann hefði lítið lesið í frv., eða hann hefði ekki heyrt eitt einasta orð af því, sem ég sagði í minni frumræðu, eða, sem ég vil ekki ætla honum, að hann hafi farið viljandi með rangt mál. Hann segir í fyrsta lagi, að stjórnin vilji í fjárlfrv. lækka framlagið til landhelgisgæzlunnar um 3 millj. 750 þús. Ég skýrði það í minni frumræðu, að kostnaður við rekstur landhelgisgæzlunnar hækkaði í frv. um 345 þús. En þessi lækkun, 3.7 millj. rúmar, er eingöngu afborganir af láni vegna kaupa á varðskipinu Óðni, vegna þess að hagkvæmara lán fæst til þess að greiða kostnað við skipið. Svo leyfir þessi hv. þm. sér eftir þessar blekkingar að setja það í samband við einhverjar fyrirætlanir, sem stjórnin hafi í landhelgismálinu.

Annað, sem þessi sami hv. þm. leyfir sér að segja, er það, að nú eigi að draga úr jarðborunum fyrir hitaorku um 3.6 millj. Þetta segir hann nokkrum mínútum eftir að ég er búinn að upplýsa það hér í ýtarlegu máli, að það er ekki meiningin að draga úr jarðborunum, heldur auka þær, og fjár á að afla á annan veg til nokkurs hluta af kostnaðinum.

Í þriðja lagi segir þessi hv. þm., og hv. 1. þm. Austf., Eysteinn Jónsson, tók undir það með honum, að það eigi að skera niður hafnarframkvæmdir um 1.9 millj. Báðir þessir þm. vita betur. Á síðasta þingi var ákveðið að veita alveg sérstök fjárframlög úr hafnarbótasjóði, annars vegar til Akraness og hins vegar til Ólafsfjarðar, annars vegar til þess að standa undir alveg sérstaklega erfiðum greiðslum vegna fyrri framkvæmda á Akranesi og hins vegar til að bæta skemmdir vegna óveðurs í höfninni í Ólafsfirði. Allir þm. vissu það, að þessar tvær fúlgur, samtals 1.9 millj., átti að veita eingöngu í eitt skipti. Framlög til hafnarframkvæmda eru ekki skorin niður, það er tilbúningur.

Þá segir hv. sami þm., 4. þm. Austf., að það beri vott um hug stjórnarinnar til líknarmálanna, að strikaður sé út 100 þús. kr. styrkur til Blindrafélagsins. Í núgildandi fjárlögum hafði Blindrafélagið 100 þús. kr. byggingarstyrk, sem var tekinn inn í meðförum þingsins, eftir að félagið hafði sent umsókn til fjvn., og ég veit ekki betur en allir þm. hafi staðið að því. Það er þannig um ýmsa styrki, sem teknir voru inn í meðförum þingsins af fjvn. á síðasta þingi, að þeir eru ekki teknir upp í frv. nú, þegar af þeirri ástæðu, að engar umsóknir lágu fyrir um þessa styrki, t. d. þennan, þegar fjárlfrv. var samið. Þegar fjárlfrv. nú var samið, lá ekki fyrir nein umsókn frá þessu félagi um styrk og engin greinargerð um þessi mál. Ég tel alveg víst, að ef þetta félag og önnur líknarfélög, sem hafa haft einhverja styrki, sækja um það til fjvn., þá verði því tekið með velvilja og skilningi eins og jafnan áður. Auk þess vil ég geta þess í þessu sambandi, að hér er sérstakur sjóður til í landinu, erfðafjársjóður, sem hefur margra milljóna fjármagn, og honum er sérstaklega ætlað að veita lán og styrki til slíkra framkvæmda, eins og þessi ágæti félagsskapur, Blindrafélagið, hefur með höndum. Hér er lagzt nokkuð lágt hjá Lúðvík Jósefssyni í slíkri ádeilu og blekkingu.

Loks segir sami þm., eftir að hann hefði átt að heyra það, sem ég sagði um breyt. á starfsemi og skipulagi Skipaútgerðarinnar, að nú ætli stjórnin að draga úr þjónustunni við dreifbýlið um þriðjung eða jafnvel um helming.

Það var auðheyrður tónninn í hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, þegar hann talaði um hagsýslu og það, sem til sparnaðar mætti verða. Allt það, sem unnið hefur verið að, allt það, sem undirbúið hefur verið, allt það, sem ég skýrði frá hér í minni frumræðu, allt er það ómögulegt. Vegna hvers? Er það vegna þess, að hv. þm. hefur ekki minnsta snefil af áhuga á neinni aukinni hagkvæmni í rekstri ríkisbúsins eða áhuga á því að lækka útgjöld? Þegar lagt er til, að Alþingi sitji nokkru skemur en undanfarin ár og þannig sé spöruð 1 millj. kr., þá þýðir það á máli Eysteins Jóns-

sonar, að við ætlum að gera Alþingi að málamyndaþingi. Veit ekki þessi hv. þm., að á tíma vinstri stjórnarinnar var það orðið Alþ. og ríkisstj. báv. til algerrar háðungar, hvernig farið var með Alþ. Mánuðum saman eru alþm. látnir sitja hér aðgerðalitlir eða aðgerðalausir, meðan ríkisstj. var að rífast innbyrðis og reyna að koma sér saman við 19 manna nefnd og 6 manna nefnd svo og Alþýðusambandið um, hvað ætti að gera í efnahagsmálum. Á meðan er Alþingi haft hér gersamlega valdalaust, meðan beðið er eftir, hvort einhverjum nm. í 19 manna eða 6 manna n. þóknast að segja já eða nei. Var þetta til þess að auka virðingu þjóðarinnar fyrir Alþ.? Nei, ég er sannfærður um það, að vegur Alþ. mundi vaxa, ef það starfaði skemmri tíma, en af meiri myndarskap og röskleik en gert var á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þessi sami hv. þm. segir, að nú eigi að draga stórkostlega úr strandferðaþjónustunni, með því að tillögur liggi fyrir um það að taka strandferðaskipið Esju úr umferð. Jú, þetta er náttúrlega mikil árás á dreifbýlið. Ég vil þess vegna minna á það, að vinstri stjórnin setti á laggirnar sérstaka sparnaðarnefnd og þessi nefnd skilaði ýtarlegu áliti, mjög ýtarlegu. En náttúrlega var varla nokkur skapaður hlutur af hennar tillögum, sem vinstri stjórnin tók til greina eða treysti sér til að framkvæma, því að það hefur verið sama sagan með allar sparnaðarnefndir, sem Eysteinn Jónsson hefur átt hlut að, þær hafa verið látnar sitja að störfum, að kallað er, þær hafa verið látnar fá sínar greiðslur úr ríkissjóði, en tillögurnar hafa svo verið hunzaðar, vegna þess að áhugann eða manndóminn hefur skort til að koma þeim í framkvæmd. Þessi sparnaðarnefnd lagði m. a. til, að tekið sé til ýtarlegrar athugunar, hvort ekki sé rétt að selja Esju. Þeir gera grein fyrir því, hvers vegna þeir vilja selja Esju. Og þeir, sem að þessu stóðu, voru m. a. alþm. Ágúst Þorvaldsson, fulltrúi Alþýðubandalagsins, sem stundum situr á þingi sem varamaður, Ásmundur Sigurðsson, og aðalstarfsmaður n. var þm. Framsfl., Einar Ágústsson. Þessir menn stóðu að því. Og ég hef lesið þá till. þar fyrsta að taka þannig eitt strandferðaskipið til þess að spara rekstrarkostnað, en auðvitað byggt á því eins og nú að draga ekki úr þjónustunni við strjálbýlið. Það vill stundum verða þannig hjá þessum hv. þm., Eysteini Jónssyni, að þegar hann heldur, að hann sé að ráðast á andstæðinga sína, þá er hann að greiða högg sínum eigin samherjum.

Annars er rétt að minnast á það, þegar maður heyrir andann í þessum hv. þm. til sparnaðartillagna, þá er vel hægt að rifja það upp, að þegar hann tók við embætti fjmrh. 1950 og gengisbreyting var gerð, þá lagði hann fram í sinni fjárlagaræðu ýmsar till. um sparnað, sem hann sagði að væri þegar ákveðið að framkvæma. Ég hef nýlega farið yfir þennan sparnaðarlista hans. Hann er alllangur. En það er alveg undantekning, ef nokkuð af því, sem þessi hv. þm. talaði um og lofaði, var framkvæmt. Það var talað um að leggja niður þessa og þessa stöðu. Það var samþ. a. m. k. um eina. En sú sama staða var endurreist eftir eitt eða tvö ár af þessum sama hæstv. ráðh. Hann lagði m. a. fram frv. um það að sameina tóbaksverzlun og áfengisverzlun. Frv. dagaði uppi, vegna þess að hann fylgdi því ekki fram. Síðan, meðan hann hefur verið fjmrh., hefur hann tvisvar sinnum haft gullið tækifæri til að sameina þessar stofnanir, þegar forstjórastöður hafa losnað. Hvorugt tækifærið notaði hann, vegna þess að hann þurfti að koma einhverjum sínum mönnum að þessum störfum.

Þannig er það sama, hvar sem gripið er á, alltaf hefur verið sami áhuginn og viljinn hjá þessum hv. þm. til sparnaðar eða til að draga úr ríkisútgjöldum.

Ein sparnaðarnefndin, sem hann skipaði, athugaði vandlega allan bílakostnað og bílarekstur ríkisins, og hún lagði m. a. til og rökstuddi það mál mjög vel, að það væri rétt að selja 28 af bílum ríkisins. Hver var áranguriinn hjá fjmrh.? Af þessum 28 bílum, sem nefndin mælti einróma með að væru seldir og ríkið hætti að reka, var seldur einn bíll, og nokkru seinna voru nokkrir nýir keyptir í staðinn.

Þessi hv. þm. talar um það með mikilli fyrirlitningu, að það sé verið að sækja einhvern Norðmann til þess að skipuleggja strandsiglingar okkar hér heima. Hvað segir nú þessi hv. þm., þegar hann var fjmrh. 1950 og ætlaði að fara að spara allt og koma á betri vinnubrögðum? Þar segir hann í sinni fjárlagaræðu m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta, eftir að hann er búinn að telja upp nokkrar sparnaðartill. sínar: „En sérstaklega", segir hann, „er rétt að taka það fram, að ríkisstj. hefur gert ráðstafanir til að fá sérfræðing frá Bandaríkjunum til að skoða fyrirkomulag á starfrækslu ríkisins og alla vinnutilhögun ríkisins með það fyrir augum að koma á hagfelldari vinnubrögðum og bættu skipulagi. Það var ætlun stjórnarinnar, að þessi sérfræðingur gæti komið strax í sumar, en það hefur ekki reynzt mögulegt að tryggja aðstoð hans fyrr en nú, að hann er nýkominn til landsins. Munu till. hans verða teknar til íhugunar af ríkisstj., jafnharðan og þær berast, og ráðstafanir gerðar af ríkisstj. um þær breyt., sem hagfelldar virðast að slíkri athugun lokinni."

Þarna var eitt aðaláhugamál hans að fá bandarískan sérfræðing til þess að gera till., ekki um eitt atriði, eins og nú var verið að gera í þessu tilfelli, heldur allan rekstur ríkisins, hvar sem er. Ég býst við, að þessi sparnaðarsérfræðingur hafi unnið sitt verk. En mér er ekki kunnugt um það, og fylgdist ég þó nokkuð með starfi hans þá, — mér er ekki kunnugt um það, að Eysteinn Jónsson fjmrh. hafi látið framkvæma eina einustu af þeim till., sem frá honum komu. Annars er það svo með þennan sérfræðing, sem ég ræddi um í sambandi við Skipaútgerðina, að þar er um að ræða norskan verkfræðing, sem í fjölda ára hefur verið talinn þeirra fremsti sérfræðingur að því er snerti strandsiglingar og gert margar till. til stórfelldra umbóta við skipulagning-

ar á strandferðum við Noreg, og m. a. þess vegna þótti rétt að nota hans miklu reynslu til þess að gefa ábendingar í þessu efni.

Hv. 1. þm. Austf. hneykslast mjög á því, að framlög til verklegra framkvæmda séu skorin niður. Ég hef athugað, hvernig hefur verið um framlög ríkisins til verklegra framkvæmda við þær tvær gengisbreyt., sem framkvæmdar hafa verið áður, 1950 og 1958, þegar þessi sami þm. var fjmrh., og þegar maður talar um verklegar framkvæmdir, þá er venjulega átt við nýbyggingar vega, brúa, hafna og flugvalla. Þegar Eysteinn Jónsson leggur fram fjárlagafrv. 1951, næsta ár eftir gengisbreyt., þá eru þessi framlög til verklegra framkvæmda lækkuð í till. hans um 2.6 millj. frá fyrri fjárlögum. Í fjárlagafrv. sama fjmrh. fyrir árið 1959, sem var næsta fjárlagaár eftir lögfestingu 55% yfirfærslugjaldsins, eru fjárveitingar ekkert hækkaðar til vega, hafna og brúa, en um 1.8 millj. til flugvallagerðar. Í fjárlagafrv. því, sem hér liggur fyrir, sem er fyrsta fjárlagaárið eftir gengisbreyt., eru fjárveitingar til þessara verklegu framkvæmda hækkaðar um 8.7 millj., miðað við fjárlög ársins 1959, sem voru síðustu fjárlög fyrir gengisbreyt. Beri menn svo saman annars vegar framlög til verklegra framkvæmda eftir þessa gengisbreyt. og till. Eysteins Jónssonar fjmrh. við þær tvennar gengisbreyt., sem hann hefur staðið að.

Hér er mjög talað um það, að allar þessar aðgerðir stjórnarinnar séu á kostnað þeirra snauðu, það sé verið að koma á ríki þess fésterka, og Lúðvík Jósefsson talaði um auðhyggjuna, sem þessi stjórn stæði fyrir. Þar sem þessir tveir þm. voru ráðh. í vinstri stjórninni, þá er ekki úr vegi að líta aðeins stuttlega á, hvernig er nú búið að hinum fátæku, hinum öldruðu, hinum sjúku, öryrkjunum, einstæðum mæðrum og barnafólki, miðað við það, sem var í þeirra tíð. Ég vil bera saman framlögin til þessa fólks síðasta ár vinstri stjórnarinnar, 1958, annars vegar og framlögin í ár og næsta ár.

Ellilífeyrir til gamla fólksins nam árið 1958 66 millj. kr. Nú í ár er hann 121 millj. og verður næsta ár 148 millj. Lífeyrir og styrkir til öryrkja námu hjá vinstri stjórninni árið 1958 22.4 millj., eru nú í ár 40 millj. og næsta ár 44 millj. Mæðralaun námu hjá vinstri stjórninni 3.2 millj., eru í ár 11 millj. og næsta ár 12 millj. Fjölskyldubætur til barnafólksins voru árið 1958 22.8 millj., í ár 122 millj. og næsta ár 156 millj. Þetta eru heildarupphæðirnar. En hvað kemur svo í hlut hvers einstaks? Lífeyrir til hjóna var t. d. í tíð vinstri stjórnarinnar 14 758 kr. á ári, er nú 25 920 kr., hefur hækkað um meira en 70% frá tíð vinstri stjórnarinnar. Fjölskyldubætur vinstri stjórnarinnar til hjóna með 3 börn voru 1200 kr. á ári á fyrsta verðlagssvæði, en aðeins 900 á öðru verðlagssvæði, en eru nú alls staðar 7 800 kr. á ári.

Herra forseti. Ég sé, að tíma mínum er lokið, og skal því láta máli mínu lokið að þessu sinni. En ég vil aðeins að lokum geta þess, að ríkisstj. hefur í undirbúningi framkvæmdaáætlun fyrir næstu 5—10 ár, þar sem gert er ráð fyrir að gera áætlun um framkvæmdir, bæði til virkjunar vatnsorku, jarðhita, um hafnargerðir og vega, um kaup stórvirkra véla og um ný arðbær atvinnutæki á ýmsum sviðum. Þegar þessi áætlun liggur fyrir, er að sjálfsögðu ætlunin sú að leita fyrir sér um lántökur erlendis, lántökur á heilbrigðum grundvelli, en ekki eins og þær lántökur, sem t. d. í tíð vinstri stjórnarinnar voru framkvæmdar, því að það er öllum vitanlegt, að lántökur til Íslands með eðlilegum hætti, — á ég þá við lántökur eins og t. d. Alþjóðabankinn og ýmsar fleiri slíkar stofnanir veita, — engar slíkar lántökur hafa fengizt til Íslands síðan 1953. Í sjö ár hefur t. d. Alþjóðabankinn ekki talið fært að lána til verklegra framkvæmda á Íslandi. M. ö. o.: Ísland hefur ekki verið talið hæft til að fá lán með venjulegum hætti. Vinstri stjórnin sótti t. d. þá peninga, sem hún fékk, til Bandaríkjanna úr ICA-sjóði, alveg sérlegum sjóði, sem Bandaríkjaforseti hafði yfir að ráða í sérstöku augnamiði.

Þegar þessi framkvæmdaáætlun fyrir hin næstu ár liggur fyrir, þá mun að sjálfsögðu verða gerð nánari grein fyrir henni. En sú mun verða afleiðing þess, að ef efnahagsaðgerðirnar takast og þegar þær hafa borið árangur, þá opnast nýir og óvæntir möguleikar fyrir Ísland til þess að geta sótt fram til alhliða framkvæmda og aukinnar velmegunar á sem flestum sviðum og orðið gjaldgengur þátttakandi í þeim miklu framförum, sem að undanförnu og nú eiga sér stað um hinn frjálsa heim.

Umr. frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 26. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Fjvn. óskar ekki eftir að gera aths. við fjárlagafrv. við þessa umr., og vil ég því leyfa mér að leggja til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til 2. umræðu.

Forseti (FS): Samkvæmt þingsköpum eiga almennar umræður um fjárlagafrv., eldhúsumræður svokallaðar, að fara fram við 1. umr. En samkomulag hefur orðið um það milli formanna þingflokkanna, nú eins og undanfarin ár, að þessum almennu umræðum, eldhúsumræðum verði frestað þar til síðar á þinginu, og verða þær þá ekki í beinu sambandi við afgreiðslu fjárlaga. En til þess að svo megi verða, þarf heimild til afbrigða frá þingsköpum, og verður þeirra nú leitað.

ATKVGR.
Afbrigði um að fresta útvarpsumr. leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 171, 172, 173 og 174, 162, 163, 164, 170).
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. meiri hl. fjvn. á þskj. 171 ber með sér, hefur ekki náðst samkomulag í n. um afstöðu til fjárlagafrv. Öll n. stendur að vísu að brtt. þeim við gjaldabálk frv., sem fluttar eru á þskj. 162, en fulltrúar Framsfl. og Alþb. í n. lýstu sig andvíga brtt. við tekjubálk frv., sem fluttar eru af meiri hl. n. á þskj. 170. Enn fremur gerðu þeir fyrirvara um afstöðu til einstakra brtt. í hinum sameiginlegu tillögum n., að þeir áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við þær, sem kynnu fram að koma. Gera fulltrúar þessara flokka í n. grein fyrir sérsjónarmiðum sínum í sérstökum nefndarálitum.

Svo sem í nál. meiri hl. segir, hófst athugun frv. í n. nokkru áður en frv. var formlega til hennar vísað. Hefur n. síðan 19. okt. samfellt starfað að athugun málsins, og hefur því mætt æði mikið á nm. undanfarnar vikur. Vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka meðnm. mínum öllum fyrir ágæta samvinnu og umburðarlyndi við mig sem formann n. Vona ég, að fulltrúar stjórnarandstöðunnar í n. telji sig ekki hafa verið beitta neinum órétti í sambandi við vinnubrögð innan n., enda þótt að sjálfsögðu hefðu þeir viljað hafa hagað afgreiðslu einstakra mála nokkuð á annan veg.

Í nál. meiri hl. fjvn. við 2. umr. fjárl. fyrir árið 1960 var lögð áherzla á það breytta viðhorf, sem hlyti að verða við fjárlagaafgreiðslu næstu árin, ef efnahagsaðgerðir ríkisstj. bæru þann árangur, sem til væri ætlazt. Meðan verðbólguþróunin og víxlhækkanir kaupgjalds og verðlags voru í algleymingi og innflutningur miklu meiri en gjaldgeta þjóðarinnar leyfði, uxu tekjur ríkissjóðs eðlilega mikið ár frá ári. Afleiðingin varð sú, að aðhaldið um gjaldaaukningu var lítið og jafnan eytt öllum þeim tekjum, sem inn komu. Meginhluta þessa fjár var að vísu varið til þarflegra hluta, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að heppilegt hefði verið að geta lagt nokkurt fé til hliðar til þess að mæta áföllum á erfiðum árum, sem koma kynnu, því að alltaf má við því búast, að aflabrestur eða önnur óáran geti haft í för með sér verulegan greiðsluhalla hjá ríkissjóði. Er að sjálfsögðu heppilegra að eiga einhvern varasjóð til þess að mæta áföllum einstakra ára heldur en þurfa þá að grípa til skattlagningar, því að ætla má, að þá sé heldur ekki heppilegur tími til þess að auka álögur á þjóðina. Sem betur fer, hafa engin slík óvænt óhöpp hent þjóðarbúskapinn undanfarin ár, enda þótt verðbólguþróunin hafi smám saman leitt til þess alvarlega öngþveitis, sem ekki var auðið að komast út úr nema með hinum róttæku efnahagsaðgerðum á s. l. vetri. Þessar aðgerðir hafa m. a. þær afleiðingar, að í þjóðarbúskapnum jafnt sem búskap einstakra borgara verður að sýna meiri hagsýni og aðgæzlu um ráðstöfun fjármuna. Það verður að gæta þess vandlega að eyða ekki umfram það, sem efnahagurinn leyfir, og nú kemur ekki til mála að mæta auknum útgjöldum ríkissjóðs með nýjum álögum á þjóðina. Tími skatta- og tollahækkana er að baki, nema af skammsýni verði stefnt út í nýja ófæru. Stefnt er nú inn á nýjar og farsælli brautir í skattamálum og unnið að víðtækri athugun á tollalöggjöfinni, en á því sviði er þörf margvíslegra úrbóta, sem yfirleitt munu stefna í lækkunarátt. Jafnvægi í efnahagskerfinu innanlands og viðskipti við útlönd munu skerða mjög hina óeðlilegu árlegu aukningu ríkistekna undanfarin ár, og tekjuaukning ríkissjóðs hlýtur því á næstunni að ákvarðast af aukningu þjóðartekna og þjóðarframleiðslu.

Þetta eru þau fjármálalegu viðhorf, sem hafa verður í huga við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1961. Vegna skipulagsbreytinga og sem bein afleiðing af gengisbreytingunni hlutu fjárlög ársins 1960 að hækka mjög verulega frá fjárlögum fyrri ára. Þar sem gengisbreytingin gilti ekki allt árið 1960, koma öll áhrif hennar til aukinna útgjalda ríkissjóðs ekki fram fyrr en á árinu 1961. Telja má víst, að útgjöld ríkissjóðs beinlínis vegna áhrifa efnahagsaðgerðanna á s. l. vetri muni aukast um a. m. k. 55 millj. kr. á árinu 1961. Er bróðurpartur þeirrar upphæðar aukin útgjöld almannatrygginga, fyrst og fremst vegna fjölskyldubóta, sem gilda nú allt næsta fjárhagsár. Hefði ekki verið um þessar sérstöku hækkanir að ræða, hefði fjárlagafrv. nú beinlínis verið lægra en fjárlög ársins 1960.

Í nál. meiri hl. fjvn. við afgreiðslu síðustu fjárlaga var lögð á það rík áherzla, að nú yrði hafizt handa um allsherjarathugun á öllum þáttum ríkisútgjalda með það fyrir augum að takmarka þau, svo sem auðið væri. Og jafnframt benti ég í framsöguræðu á nauðsyn þess, að gerð yrði á því athugun, hve mikið ríkisútgjöld mættu aukast árlega, eftir að jafnvægi væri komið á í efnahagsmálum, án þess að afkomu ríkissjóðs væri teflt í hættu. Athugun á aukningu ríkisútgjalda miðað við stöðugt verðlag var gerð fyrir tveimur árum fyrir nokkur næstu ár þar á undan, og reyndist þá árleg útgjaldaaukning rúmlega 9%. Hygg ég, að sú aukning sé mun meiri en fær staðizt á jafnvægistímum, nema um mjög verulega aukningu þjóðartekna sé að ræða.

Við undirbúning þessa fjárlagafrv. hefur fullkomlega verið unnið í þeim anda, sem bent var á við afgreiðslu síðustu fjárlaga að ríkja þyrfti. Í mörgum greinum hafa verið gerðar ráðstafanir til þess beinlínis að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, og staðið hefur verið gegn allri útþenslu í ríkiskerfinu. Svo sem hæstv. fjmrh. lýsti í framsöguræðu sinni með fjárlagafrv., er nú unnið að kerfisbundinni athugun á vinnubrögðum í ýmsum ríkisstofnunum og athuguð úrræði til meiri hagsýni og

betra skipulags í ýmsum greinum ríkiskerfisins. Birtist árangur ýmissa þessara aðgerða í fjárlagafrv., en ýmis önnur atriði eru í undirbúningi.

Gera má ráð fyrir, að fjárlög ársins 1961 verði 85—90 millj. kr. hærri en fjárlög yfirstandandi árs. Ef frá eru taldar þær um það bil 55 millj. kr., sem eru óhjákvæmileg hækkun á framlögum til tryggingabóta og hlutatryggingasjóðs, sem eru sérstaks eðlis og leiða ekki til samsvarandi hækkunar 1962, þá er ekki um að ræða nema um það bil 2% útgjaldahækkun, miðað við fjárlög ársins 1960. Verður að telja, að sú hækkun sé mjög hófsamleg og vel innan þeirra takmarka, sem eðlileg mættu teljast á tímum efnahagslegs jafnvægis í þjóðfélaginu.

Fjvn. hefur ekki nema að mjög litlu leyti tekið tillit til þeirra margvíslegu óska, sem henni bárust um hækkun framlaga til margra mála. Er það raunar óskemmtilegt hlutverk að verða að neita um fé til margra nauðsynlegra verkefna, sem mikilvægt er að vinna að. En því miður verður margt að bíða í litlu þjóðfélagi, sem hefur takmörkuð fjárráð og hefur í mörgum efnum reist sér hurðarás um öxl. Það getur verið fróðlegt að vita, hve miklu aðrar þjóðir verja til ýmissa mála. En því miður er fjárhagsgeta okkar litlu þjóðar ærið miklu minni en flestra annarra þjóða, og við verðum því nauðugir, viljugir að bíta í það súra epli að geta ekki haft allt jafnfullkomið hjá okkur og er hjá þeim. Þetta breytir auðvitað ekki þeirri staðreynd, að við verðum að stefna fram á við til aukinna framkvæmda og framfara, en verðum ætíð að gæta þess að fara ekki hraðar en svo, að við kollsiglum okkur ekki.

Þótt mörgum muni vafalaust finnast sinn hlutur lítill eða jafnvel fyrir borð borinn í tillögum fjvn., þá er engu að síður staðreyndin sú, að fremur má með réttu saka n. um að ganga of langt í útgjaldahækkunartillögum sínum en hið gagnstæða, þannig að teflt sé í hættu því grundvallaratriði að hafa hallalausan ríkisbúskap, svo sem ég mun síðar víkja að. Það er höfuðnauðsyn að leita nú allra úrræða til sparnaðar og hagsýni í hinni fjölþættu starfsemi ríkisins. Þjóðin hefur orðið að taka á sig allþungar kvaðir og kjaraskerðingu um sinn, meðan hún er að koma efnahagsmálum sínum í eðlilegan farveg. Og það er sjálfsögð sanngirniskrafa þjóðarinnar til ríkisvaldsins, að þeir fjármunir, sem þjóðin verður að greiða til opinberra og sameiginlegra þarfa, séu notaðir af svo mikilli fyrirhyggju og hagsýni sem við verður komið og öll ónauðsynleg útgjöld skorin niður. Því miður er þó hægara sagt en gert að skera niður útgjöld ríkissjóðs og kröfur almennings um það efni oft harla óraunsæjar. Þau útgjöld, sem mest vega, snerta líka flest hagsmuni stórs hluta þjóðfélagsborgaranna, og því næsta vafasamt, að niðurskurður ríkisútgjalda í stórum stíl mundi valda nokkurri almennri ánægju. Engu að síður má þó án efa draga úr útgjöldum á ýmsum sviðum og koma á skynsamlegri starfsháttum, þótt flestar slíkar skipulagsbreytingar kosti áreiðanlega verulega mótspyrnu. En ekki tjóar annað en að brjóta slíka mótspyrnu á bak aftur, ef menn að athuguðu máli eru sannfærðir um, að breyting sé skynsamleg og nauðsynleg.

Fjvn. gerir ekki tillögur um niðurskurð ríkisútgjalda umfram þær lækkanir á ýmsum liðum rekstrarútgjalda ríkissjóðs, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., og ber vissulega að fagna þeirri stefnubreytingu, sem þar birtist. Svo sem fjmrh. réttilega tók fram við fjárlagaumræður við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960, hefur undirbúningslaus niðurskurður einstakra útgjaldaliða enga raunhæfa þýðingu, því að lækkun ríkisframlaga krefst í flestum greinum annaðhvort skipulagsbreytinga eða beinna löggjafarbreytinga, sem vel þarf að undirbúa, svo að niðurstaðan verði sú, sem að er stefnt. Fjmrh. hefur skýrt frá því, að ríkisstj. hafi ýmis slík mál til athugunar. En um leið og meiri hl. n. lýsir eindregnum stuðningi sínum við þessar ráðstafanir ríkisstj. til aukins sparnaðar og hagsýni í ríkisrekstrinum, höfum við talið rétt að benda í nál. okkar á allmörg atriði, sem við teljum nauðsynlegt að tekin verði til sérstakrar athugunar, að svo miklu leyti sem athugun sumra þeirra atriða er ekki þegar hafin, og að lagt verði kapp á að hraða þeim athugunum svo, að niðurstaða geti legið fyrir við undirbúning næsta fjárlagafrv. Sjálf hefur n. enga aðstöðu til að rannsaka þessi mál á viðhlítandi hátt á þeim skamma tíma, sem hún hefur til ráðstöfunar. Tilgreinir meiri hl. í nál. sínu 23 atriði, sem óskað er eftir að ríkisstj. taki til athugunar og rannsóknar, en jafnframt tekið fram, að ekki sé um tæmandi upptalningu að ræða á þeim málum, sem komið geti til greina að endurskoða með sparnað fyrir augum. Þessi atriði eru þó eigi valin af handahófi, heldur er í senn stuðzt við þá reynslu, sem menn hafa öðlazt við athugun einstakra fjárlagaliða, og enn fremur er stuðzt við álit og greinargerðir sparnaðarnefnda, sem skipaðar hafa verið á ýmsum tímum til þess að gera tillögur um sparnað og bætt vinnubrögð í ríkisrekstrinum, en því miður til þessa ekki verið framkvæmdar nema að mjög óverulegu leyti.

Um það skal ekkert fullyrt á þessu stigi málsins, hvort framkvæmanlegar eru allar þær breytingar, sem á er bent, né heldur, hvort af þeim öllum leiði sparnað. En það er þó engum efa bundið, að framkvæmd ýmissa þessara ábendinga mundi draga verulega úr kostnaði við þá tilteknu starfsemi. Ég mun ræða þessi atriði nokkru nánar, ýmist í sambandi við grg. mína fyrir öðrum tillögum n. í viðkomandi málum eða þá sérstaklega.

Ég vík þá að einstökum brtt. og mun jafnframt ræða nokkur sérstök atriði, sem ég tel miklu máli skipta að gefa gaum að. Þar sem í nál. er gerð allrækileg grein fyrir orsökum hinna einstöku brtt. n., þá mun ég ekki hirða um að gera þær allar að umtalsefni, heldur aðeins þær, sem ástæða er til að skýra nánar.

Brtt. fjvn. við gjaldabálk frv. leiða af sér rúml. 34 millj. kr. hækkun. Er verulegur hluti þessarar upphæðar nánast leiðréttingar á frv.,

byggðar á upplýsingum, sem ekki lágu nægilega ljóst fyrir, þegar frv. var samið í haust. Hæsta útgjaldatill. er 7 millj. kr. hækkun á áætluðum útgjöldum ríkissjóðs vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Samkv. lögum hvílir sú skylda á ríkissjóði að greiða uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, þannig að söluverð þeirra verði jafnhátt því verði, sem bændur fá fyrir sölu sömu afurða á innanlandsmarkaði. Fyrir fram gerðar áætlanir um þessi útgjöld hljóta að verða harla ónákvæmar, enda hefur reyndin orðið sú, að munað hefur mörgum millj. kr. á þeim áætlunum, sem ýmsir þeir aðilar, er þessi mál þekkja gerst, hafa gert. Þótt áætluð útgjöld ríkissjóðs vegna þessara uppbóta verði hækkuð í 12 millj. kr., má gera ráð fyrir því, að sú tala sé fremur of lág en of há. Þess ber að gæta í því sambandi, að uppbæturnar á útfluttu landbúnaðarafurðirnar munu vera sízt hærri en niðurgreiðslur á sömu vörum á innlendum markaði, þannig að ef útflutningurinn ykist verulega umfram það, sem hér er gert ráð fyrir, ætti að verða hliðstæð lækkun á útgjöldum ríkissjóðs vegna niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum seldum á innlendum markaði.

Að sjálfsögðu hefur sú skipan mála ýmsar hættur í för með sér, þegar ríkissjóður greiðir skilyrðislaust verðmismun vara, svo sem hér er gert. Virðist það því bæði eðlilegt og nauðsynlegt, að ríkisstj. fylgist vandlega með því, hvernig útflutningi landbúnaðarvara er hagað, þannig að tryggt sé, að allir markaðsmöguleikar séu notaðir til hins ýtrasta til þess að fá svo hátt verð sem mögulegt er og varan tilreidd á þann heppilegasta hátt til sölu á hinum erlendu mörkuðum. En ástæða er til að halda, að nokkuð skorti á, að þess sé gætt sem skyldi.

Svo sem kunnugt er, hafa vatnavextir tvívegis með stuttu millibili valdið stórskemmdum á þjóðveginum austur yfir Mýrdalssand. Var í fyrra varið um 4 millj. kr. til þess að bæta úr þeim skemmdum, sem þá höfðu orðið á veginum. En skömmu eftir þá viðgerð rauf vatnsflaumurinn aftur varnargarðana og færði jafnframt í kaf brú, sem gerð hafði verið þá um sumarið. Var þá enn hafizt handa um athugun tiltækilegra úrræða til þess að tryggja vegasamgöngur yfir Mýrdalssand. Gerði vegamálastjóri áætlun um lagfæringu á veginum og brúargerð, sem talið var að mundi kosta samtals um 6 millj. kr. Þegar mál þetta var til athugunar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960, þótti ekki einsýnt, hvort rétt væri að ráðast í framkvæmdir þessar í sumar eða bíða til næsta árs, ef þá kynni að sjást betur, hvernig vatnsrennslið hagaði sér. Var því tekin í 22. gr. fjárl. heimild til ríkisstj. til að verja þar 6 millj. kr. til samgöngubóta á Mýrdalssandi. Niðurstaðan varð sú, að ráðizt var í framkvæmdir þessar á s. l. sumri, og nemur kostnaðurinn við þær framkvæmdir 4.3 millj. kr. Þar sem engin bein fjárveiting er í fjárlögum yfirstandandi árs og litlar líkur til, að afkoma ríkissjóðs verði slík, að afgangur verði til að greiða svo háa umframgreiðslu, hefur fjmrn. óskað eftir því, að fjárveiting til þessara framkvæmda verði í fjárlögum ársins 1961. Hefur n. eftir atvikum talið rétt að mæla með því, að svo verði gert.

Þriðja stærsta útgjaldatillaga n. er 4 millj. kr. hækkun á áætluðu framlagi ríkissjóðs til hlutatryggingasjóðs. Framlag þetta miðast við hið skráða gengi á hverjum tíma, og varð því ekki á þessu framlagi nein hækkun við þá gengislækkun, sem framkvæmd var 1958 í formi yfirfærslugjalds, og verður hækkunin því meiri nú. Við undirbúning fjárlagafrv. höfðu ekki borizt réttar tölur um þennan útgjaldalið, en nánari athugun hefur leitt í ljós, að gera má ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs til hlutatryggingasjóðs á næsta ári, miðað við svipaðan útflutning og á þessu ári, muni naumast vera innan við 8.5 millj. kr., og verður því að hækka þennan gjaldalið um 4 millj. kr. Samtals valda þá þessir þrír liðir 15.3 millj. kr. útgjaldahækkun.

Tvær hækkunartillögur n. leiðir af væntanlegri samþykkt tveggja frumvarpa, sem nú eru til meðferðar í Alþ. Frv. ríkisstj. um ríkisfangelsi og vinnuhæli mælir svo fyrir, að árlega skuli varið 1 millj. kr. til þess að koma upp stofnunum þessum. Mun ætlunin að afgreiða það mál endanlega á þessu þingi, og verður því að gera ráð fyrir þessum útgjaldalið á fjárlögum næsta árs. Er ástandið í fangelsismálunum algerlega óviðunandi og brýn þörf úrbóta á því sviði.

Í öðru lagi er svo frv. ríkisstj. um breyt. á l. um bjargráðasjóð. Er þar gert ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs hækki úr 2 kr. í 5 kr. fyrir hvern mann, og leiðir þessi breyt. af sér, að framlag ríkissjóðs hækkar úr 360 þús. kr. í 900 þús. kr. á ári. Þar sem ráðgert er að lögfesta nú einnig þetta frv., er ekki um annað að ræða en hækka þennan fjárlagalið um 540 þús. kr.

Nokkrar breytingar eru gerðar á ýmsum útgjaldaliðum í sambandi við utanríkisþjónustuna. Nokkrir útgjaldaliðir þar hafa verið vanáætlaðir í fjárlagafrv., en þar er þó um óverulegar fjárhæðir að ræða. Vegna tilfærslu manna milli sendiráða í Stokkhólmi og París verður nokkur hækkun á launalið við sendiráðið í Stokkhólmi, en aftur á móti lækkun á launalið sendiráðsins í París. Veigamesta breyt. er sú, að lagt er til að taka upp aftur laun til sendiráðsritara við sendiráðið í London, sem í frv. var gert ráð fyrir að fella niður, þar eð ætlunin var að fækka í því sendiráði um einn sendiráðsritara. Telur utanrrn. ekki auðið að gera þessa breyt. nú um næstu áramót, þar eð ekki séu önnur störf laus þá fyrir umræddan sendiráðsritara. Ætlunin mun þó vera að gera breyt. í sendiráðinu í London, strax og tækifæri býðst. Væntir n. þess fastlega, að svo verði gert, en telur ekki verða hjá því komizt að ætla fé til greiðslu launa umræddra sendiráðsritara á næsta ári, svo að ekki verði um umframgreiðslu að ræða á þessum lið. Hins vegar hefur utanrrn. þegar gert ráðstafanir til þess að framkvæma þá fyrirætlun að leggja niður annað sendiráðið í París.

Í ábendingum meiri hl. fjvn. er lagt til, að athugað verði, hvort ekki sé auðið að fækka enn frekar sendiráðum Íslands erlendis, og þá bent m. a. á þá hugmynd, sem er ekki ný, að fækka um tvö sendiráð á Norðurlöndum. Við höfum nú sendiráð og sendiherra í þremur Norðurlandanna, en í hinu fjórða, Finnlandi, er þarlendur kjörræðismaður fulltrúi Íslands, og mun það mál manna, að hagsmuna Íslands yrði þar ekki betur gætt, þótt þar væri íslenzkt sendiráð. Með þessum orðum er þó engum aðfinnslum varpað að sendiráðum okkar á hinum Norðurlöndunum, því að ekki er að efa, að þau gæta skyldu sinnar. Það er hins vegar eðlilegt, þegar rætt er um hugsanlegan sparnað í utanríkisþjónustunni, að sú spurning vakni, hvort ekki sé nokkur ofrausn að hafa sendiráð bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Ekki aðeins hér á landi, heldur einnig á hinum Norðurlöndunum hafa verið allmiklar umr. um það, hvort hin nána samvinna þessara landa á öllum sviðum minnki ekki beinlínis nauðsyninna á föstum sendiráðum í löndunum. Á þessu eru þó vafalaust ýmsir annmarkar, og þegar þetta mál var rætt á þingi Norðurlandaráðs hér í Reykjavík í sumar, þótti ekki tímabært að gera neina ályktun um málið. Engu að síður er nauðsynlegt að athuga nánar hugmyndina um fækkun sendiráða á Norðurlöndum. Þótt nauðsynlegt sé að athuga öll hugsanleg úrræði til sparnaðar í utanríkisþjónustunni og mönnum vaxi mjög í augum kostnaður við hana, þá verðum við þó að gera okkur ljóst, að utanríkisþjónustan er okkur óhjákvæmileg nauðsyn, enda þótt hún hljóti að sjálfsögðu að vera lítilli þjóð hlutfallslega þyngri byrði en stórþjóð. Einkum verðum við að gæta þess að hafa virka utanríkisþjónustu í þeim löndum, þar sem við höfum viðskiptalegra hagsmuna að gæta, og þegar athuguð er sú mikla breyt., sem nú er að verða í heiminum með tilkomu fjölmargra nýrra sjálfstæðra ríkja, einkum í Afríku, vaknar eðlilega sú spurning, hvort ekki sé nauðsynlegt að taka upp beint stjórnmálasamband við þessar þjóðir og þá jafnvel setja upp eitt sendiráð í Afríku, sem gætti hagsmuna Íslands í hinum nýju lýðveldum þar. Höfum við þegar allmikil viðskipti við fjölmennasta ríkið þar, Nígeríu. En þótt þetta yrði talið nauðsynlegt, þá er full ástæða til að halda, að koma mætti við þeim sparnaði í utanríkisþjónustunni annars staðar, að ekki þyrfti að verða um neinn útgjaldaauka að ræða.

Nátengd utanríkisþjónustunni er þátttaka Íslands í margvíslegum alþjóðlegum samtökum og þingum og ráðstefnum á vegum þessara samtaka og enn fremur viðskiptasamningar Íslands við aðrar þjóðir. Viðskiptasambönd okkar verðum við að sjálfsögðu að rækja af kostgæfni, og það er okkur mikil nauðsyn að eiga aðild að margvíslegum alþjóðlegum samtökum. En kostnaður við slíkt getur orðið ærið þungbær, ef ekki er gætt ýtrasta hófs í sambandi við fulltrúasendingar á hinar ýmsu ráðstefnur og tölu sendimanna í viðskiptasendinefndum. Mér er kunnugt um, að ríkisstj. hefur fullan vilja á að takmarka þessar ferðir, svo sem auðið er, en ásóknin er mikil úr ýmsum áttum, og telur því meiri hl. n. ábendingu sína um þetta efni geta orðið ríkisstj. til stuðnings við takmörkun slíkra ferðalaga, enda við þátttöku í alþjóðlegum ráðstefnum og viðskiptasamningum sjálfsagt að nota fyrst og fremst sendiráð Íslands í viðkomandi löndum.

Óhjákvæmilegt þykir að fallast á ósk Vestmannaeyjakaupstaðar um nokkuð hækkað ríkisframlag til löggæzlu á vetrarvertíð. Á síðasta þingi var samþ. þál. um endurskoðun laga um lögreglumenn, og var þar gert ráð fyrir, að settar yrðu m. a. fastar reglur um kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í löggæzlu á hinum ýmsu stöðum, þar sem um sérstök útgjöld væri að ræða vegna aðkomufólks, einkum á vertíðum, í stað harla handahófslegra fjárveitinga til einstakra staða í fjárlögum. Dómsmrn. mun hafa falið ákveðnum mönnum að framkvæma þessa endurskoðun laganna, og er þess að vænta, að þeirri endurskoðun verði hraðað svo, að ákveðin niðurstaða verði fengin fyrir afgreiðslu næstu fjárlaga.

Lagt er til að hækka rekstrarfjárveitingar til Landsspítalans og Vífilsstaðahælis um 629 þús. kr. Er þessi hækkun óumflýjanleg vegna vanáætlunar í launagreiðslum á Landsspítalanum og til greiðslu á eftirstöðvum af kaupverði röntgentækja og framköllunartækja fyrir Vífilsstaðahæli. Í fjárlagafrv. er ráð fyrir því gert, að tengiálma hinnar miklu viðbyggingar Landsspítalans verði tekin í notkun seint á næsta ári. Mun sú viðbót valda mjög verulegri hækkun á rekstrarhalla Landsspítalans. M. a. er gert ráð fyrir, að ráða þurfi 40 nýja starfsmenn. Nauðsyn þessarar aukningar við húsnæði Landsspítalans er hins vegar hin brýnasta. Ljóst er þó, að þessum áfanga verður ekki náð með þeirri fjárveitingu til byggingar við ríkisspítalana, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Jafnframt er unnið að óhjákvæmilegum byggingarframkvæmdum við Kleppsspítala, m. a. byggingu ketilhúss, sem verður að ljúka. Þykir af þessum sökum ekki verða hjá því komizt að leggja til að hækka fjárveitingu til byggginga ríkisspítalanna um 2 millj. kr. Þykir ekki fært að leggja til meiri hækkun fjárveitingarinnar, þótt þess væri auðvitað mikil nauðsyn.

Fjárveiting til greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs til byggingar héraðssjúkrahúsa, fjórðungssjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana í Reykjavík hefur hækkað mjög lítið undanfarin ár, og hefur því afleiðingin orðið sú, að vangoldinn hluti ríkissjóðs í stofnkostnaði þessara mannvirkja eykst ár frá ári. Er nú svo komið, að vangreiddur hluti ríkissjóðs til heilbrigðisstofnana í Reykjavík mun nema um 10 millj. kr. og til annarra heilbrigðisstofnana, sjúkrahúsa og sjúkraskýla og læknisbústaða, um 5 millj. kr. Þykir af þessum sökum með engu móti verða hjá því komizt að hækka fjárveitingu til þessara framkvæmda um eina millj. kr., og hrekkur þó sú hækkun skammt til að greiða hinn áfallna kostnað. Er jafnframt lagt til að sameina þessa tvo fjárlagaliði.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er veittur

100 þús. kr. byggingarstyrkur Náttúrulækningafélagi Íslands til byggingar heilsuhælis félagsins í Hveragerði. N. leggur til, að þessi styrkur verði einnig veittur á næsta ári, þar sem hér er um mjög myndarlega og nauðsynlega stofnun að ræða, sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðismálastjórnarinnar, en byggingarframkvæmdir þessar hvíla þungt á félaginu.

Ekki hefur þótt fært í þetta sinn að hækka framlög til svokallaðra verklegra framkvæmda, þ. e. til vegagerða, brúa, hafna og flugvalla, og væri þó mikil nauðsyn að fá aukið fé til þessara mikilvægu framkvæmda. Enn vantar mikið á, að vegasamband sé viðunandi um allt land, en vegirnir eru lífæðar strjálbýlisins og þá einkum sveitanna. Með skilningi á þessari staðreynd var á yfirstandandi ári hækkuð fjárveiting til vegagerða um 4 millj. kr., auk þeirrar hækkunar, sem varð á fé til millibyggðavega af benzínskatti, og varð með þeirri hækkun komið í veg fyrir, að gengisbreytingin ylli samdrætti í þessum framkvæmdum. Mjög er mikilvægt að geta á næstu árum gert verulegt átak í vegamálum, en það verður naumast gert nema með sérstökum ráðstöfunum til fjáröflunar.

Fyrir nokkru samþ. Alþ. að tillögu fjvn. að fela ríkisstj. að láta gera framkvæmdaáætlun um vegagerð til nokkurra ára, einmitt með það fyrir augum, að hægt væri á skipulegan hátt að vinna að því að bæta og auka vegakerfið, þar sem þörfin er brýnust. Nýlega var tilkynnt, að hafinn væri undirbúningur að lagningu steinsteypts vegar milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Er þar um mjög dýra vegagerð að ræða, sem mun ekki verða auðið að hrinda í framkvæmd nema með lánsfé. Það er vafalaust rétt, að hvergi hafi verið meiri nauðsyn að hefjast handa um lagningu slíks vegar, miðað við þá gevsilegu umferð, sem er milli Reykjavíkur og Suðurnesja, sem hefur valdið því, að núverandi vegur þessa leið, ef veg skyldi kalla, er raunverulega ónýtur. Þótt lántaka til þessarar vegagerðar sé mikil nauðsyn, er því þó ekki að leyna, að hætt er við, að afleiðingin verði óskir og kröfur víðar að um lántökur til þess að ljúka brýnum vegaframkvæmdum. Af þessum sökum er enn brýnni þörf á að gera áætlun um vegaframkvæmdir í landinu næstu árin og fjáröflun til þeirra.

Við skiptingu vegafjár í fjárlögum yfirstandandi árs var fækkað mjög verulega þeim vegum, sem fjárveitingar voru veittar til. Í framsöguræðu sinni við 1. umr. fjárlaga nú gerði fjmrh. grein fyrir því, að þessi fækkun vega hefði leitt til verulegs sparnaðar fyrir vegagerðina. Þessar upplýsingar sanna ótvírætt, að hér hefur verið rétt stefnt, og þar sem brýn nauðsyn er að hagnýta sem bezt hið takmarkaða vegafé, er nú í till. fjvn. gert ráð fyrir að fækka enn frekar fjárveitingum til nýbyggingar vega, og hefur í meginatriðum verið fallizt á till. vegamálastjóra um skiptingu vegafjárins. Þessi nýskipan leiðir að sjálfsögðu ekki af sér neinn samdrátt í vegaframkvæmdum, nema síður sé, heldur verður varið fé í hina ýmsu vegi til skiptis og unnið í stærri áföngum í einu. Þegar til lengdar lætur, mun því þessi tilhögun verða öllum til góðs.

Reynt er nú eins og í fyrra að haga fjárveitingum til brúagerða þannig, að fjárveitingarnar séu nægilega háar til þess að ljúka þeim brúm, sem fé er veitt til. Þessi tilhögun leiðir hins vegar það af sér, að fjárveitingunum fækkar, og er nú að verða illmögulegt að skipta því fé, sem varið er til brúagerðar. Einkum verða á næsta ári miklir erfiðleikar með byggingu smábrúa, ef draga þarf frá smábrúafénu þær umframgreiðslur, sem orðið hafa á þessum lið í fyrra og á þessu ári, sem mun vera um 900 þús. kr. Er nauðsynlegt að taka það mál til sérstakrar athugunar, því að ella er hætta á því, að ýmsir vegir, sem byggðir verða á næsta ári, komi ekki að fullum notum, vegna þess að brýr vanti á smáár. Talið er, að enn séu óbrúaðar 200 smáár á þjóðvegum og um 100 á sýsluvegum. Fjárveitingum til endurbyggingar gamalla brúa er ráðgert að verja þannig á næsta ári, að byggð verði brú á Kotá í Norðurárdal, sem kosta mun rúma eina millj. kr., og enn fremur verði varið 400 þús. kr. af þessum fjárlagalið, til þess að auðið verði að ljúka endurbyggingu brúar á Sandá í Þistilfirði. Er af öryggisástæðum fyrir umferðina brýn nauðsyn að endurbyggja báðar þessar brýr.

Þegar rætt er um framkvæmdir í vegagerð, og raunar á það sama við einnig um hafnir og flugvelli, þá verður ekki hjá því komizt að gera sér grein fyrir því, hvílíkt undirstöðuatriði vélakosturinn er fyrir allar framkvæmdir á þessu sviði. Því miður hefur þeim þætti málsins jafnan verið allt of lítill gaumur gefinn. Allar þessar framkvæmdastofnanir ríkisins eru allt of illa búnar að vélakosti til framkvæmda, því að nægilegur vélakostur er bæði forsenda nýbygginga og viðhalds, svo sem málum er nú háttað. Ef vel hefði verið, hefði raunverulega þurft að verja ársfjárveitingum til nýbyggingar vega, hafnargerða og flugvallagerða eingöngu til vélakaupa fyrir þessar stofnanir. En því miður hefur reyndin jafnan orðið sú, að fjárveitingar til vélakaupa hafa orðið út undan í kappinu að fá sem mest fé til hinna einstöku framkvæmda. Vegamálastjóri hefur látið fjvn. í té mjög fróðlega greinargerð um, hve alvarlega horfi um vélakost vegamálastjórnarinnar, og er fróðlegt að athuga þá greinargerð, ekki hvað sízt með hliðsjón af þeim kvörtunum, sem víða heyrast um ónógan vélakost til viðunandi viðhalds á vegakerfinu. Vegagerð ríkisins á nú 133 stórar vinnuvélar, og var verulegur hluti þessa vélakosts í fyrstu keyptur notaður af sölunefnd varnarliðseigna í lok stríðsins. Síðan hafa árlega verið keyptar nýjar vélar fyrir fjárveitingar í fjárlögum og fyrir það fé, sem fengizt hefur við eðlilegar afskriftir vélanna. Sú aukning vélakostsins hefur þó verið algerlega ófullnægjandi, enda ekki við öðru að búast, þar sem á 10 ára tímabilinu 1951—60 var aðeins varið 6.8 millj. samtals til kaupa á vegavinnuvélum. Og til þess að skerða ekki um of framkvæmdafé brúa- og vegagerða

hefur leigugjaldinu verið stillt svo í hóf, að eingöngu hefur verið miðað við, að reksturinn bæri sig með lægstu hugsanlegum afskriftum. Í fjárlagafrv. nú er lagt til að hækka fjárveitingu til kaupa á vegavinnuvélum um ½ millj., eða í 1450 þús. kr., en sú upphæð hrekkur þó skammt, þegar þess er gætt, að t. d. veghefill kostar nú rúmar 800 þús. kr. Meðalaldur hinna 133 stóru vinnuvéla, sem vegagerðin á nú, er um 14 ár, og telur vegamálastjóri, að endurnýjunarverð þessara véla með núverandi verðlagi sé áreiðanlega yfir 100 millj. kr. Miðað við eðlilegan rekstur þyrfti því að vera hægt að verja 7—10 millj. kr. árlega til endurnýjunar eldri véla auk kaupa á vélum til viðbótar. Sé miðað við óbreyttar fjárveitingar til kaupa á vegavinnuvélum, yrði endurnýjunartími hverrar vélar a. m. k. 70—80 ár. Er af þessu ljóst, hve alvarlegt ástandið er á þessu sviði, og enn alvarlegra er það fyrir þá sök, að sum af tækjum vegagerðarinnar eru orðin svo gömul, að hætt er að framleiða þau og varahlutir því ófáanlegir. Það getur því hvenær sem er að því komið, að ógerlegt reynist að halda vegakerfinu við eða vinna að nýbyggingu vega vegna skorts á vinnuvélum. Komið mun hafa til greina, að vegagerðin fengi allmikið af vinnuvélum frá varnarliðinu, og er það vel. En hvernig sem málið verður leyst, þá er það ljóst, að einhver lausn verður að fást á þessu mikla vandamáli, og er þetta ástand orsök þess, að ein af sparnaðarábendingum meiri hl. n. til ríkisstj. er þess efnis, að leitað verði úrræða til þess að bæta vélakost framkvæmdastofnana ríkisins. Auðvitað er þar í bili um útgjöld að ræða, en einnig um leið óhjákvæmileg forsenda þess, að hægt sé af einhverju viti og hagsýni að leysa af hendi hið mikilvæga hlutverk þessara stofnana. Er brýn nauðsyn að gera um það ákveðna áætlun, hvernig koma megi þessum málum í viðunandi horf. Það hefnir sín að sjálfsögðu síðar, ef vanrækt er eðlileg endurnýjun vélanna, sem sýnilega hefur verið gert um langt árabil.

Þótt ég ræði hér sérstaklega um vegagerðina vegna þeirrar grg., sem vegamálastjóri hefur gert um vélakost þeirrar stofnunar, þá mun vélaskortur einnig vera tilfinnanlegur bæði hjá flugmálastjórninni og vitamálastjórninni. þannig að athugun málsins þarf að ná til allra þessara stofnana.

Ekki er lagt til að hækka fjárveitingu til hafnargerða og lendingarbóta, og er orsökin sú sama og um vegina, að fjárráð ríkisins leyfa ekki hækkun í þetta sinn, þó að þörfin sé einnig mjög brýn á þessu sviði. Viðhlítandi hafnir eru óhjákvæmileg forsenda útgerðar, og hinn stóraukni bátafloti landsmanna krefst að sjálfsögðu aukins hafnarýmis, og eru því hafnarframkvæmdir víða óumflýjanlegar. Fjvn. leggur til, að sama aukafjárveiting sé veitt hafnarbótasjóði vegna Akraneshafnar og á s. l. ári. Er hér um að ræða aukagreiðslu upp í vangoldið framlag ríkissjóðs til þessarar hafnargerðar, en Akraneshöfn varð fyrir þungum búsifjum vegna gengisbreyt. og fær með engu móti risið undir greiðslu afborgana og vaxta af skuldum hafnargerðarinnar nema með þessu viðbótarframlagi. Stendur hér alveg sérstaklega á um þessa höfn vegna hinna miklu skulda hennar í erlendri mynt. 28 millj. kr. lán það til hafnarframkvæmda, sem tekið var árið 1959, hefur bætt nokkuð úr fjárþörfinni, þó að sú aðstoð hrökkvi að vísu skammt, þegar þess er gætt, að allar meiri háttar hafnarframkvæmdir kosta nú milljónir kr. og jafnvel milljónatugi. Gert mun vera ráð fyrir því að veita nú nokkurt viðbótarlán til hafnargerða, en skipting þess fjár mun ekki vera ákveðin. Til þess að gera sér nokkra grein fyrir, hve stórt viðfangsefni sé hér um að ræða, má geta þess, að heildaráætlun vitamálastjóra um hafnarframkvæmdir á næstu árum nemur 222 millj. kr., og er áætlaður heildarkostnaður við hafnargerðir, sem nauðsynlegt er talið að framkvæma á árinu 1961, 87 millj. kr. Áðurgreint 28 millj. kr. hafnarlán hefur að sjálfsögðu þær afleiðingar að hækka framlög ríkissjóðs til hafnargerðanna, og mun vangreitt framlag ríkissjóðs um næstu áramót sennilega verða um 20 millj. kr. En þess ber þó að gæta til frádráttar, að ríkissjóður hefur gert betur en greiða sinn hluta til sumra hafna, og koma því til frádráttar, þegar á heildarupphæðina er litið, um 8 millj. kr. Gera má ráð fyrir, að hlutföllin verði ríkissjóði enn óhagstæðari um áramótin 1961—62. Fé er nú veitt til töluvert færri hafna en í ár, en upphæðir hlutfallslega stærri. Er þetta gert með það í huga, að fjárveitingarnar komi að meira gagni.

Þriðji liður framkvæmda, sem verður óbreyttur, eru fjárveitingar til flugvallagerðar, en einnig á því sviði er þörf mikilla nýrra framkvæmda. Flugið á við þá sérstöku erfiðleika að stríða, að það kemur síðar til sögu en bæði vegir og hafnir, og hefur því átt erfiðara með að vinna sig upp í þær fjárveitingar, sem vegagerðir og hafnargerðir hafa náð á löngu tímabili. Mjög veruleg hækkun varð þó á fjárveitingu til flugvallagerða á árinu 1959 og 1960. Flugvallagerðir eru þess eðlis, að brýn nauðsyn er að geta unnið á hverjum stað í sem stærstum áföngum, og hefur því n. talið rétt að mæla með till. meiri hl. flugráðs um skiptingu framkvæmdafjárins til flugvallagerða, en samkvæmt þeirri till. er fjárveitingunni nú skipt niður á mjög fáa flugvelli. Nokkur brýn verkefni önnur bíða úrlausnar, en til þess að geta sinnt þeim, hefði þurft að hækka fjárveitinguna um a. m. k. 2 millj. kr. Hér svo sem á öðrum sviðum verklegra framkvæmda var skortur á greiðslugetu ríkissjóðs sá þröskuldur, sem eigi varð yfir komizt, en ýmis þessara verkefna eru svo brýn, að þeim verður ekki lengi skotið á frest.

Þótt ég hafi hér talað um þá miklu þörf þess að verja meira fé til verklegra framkvæmda en talið hefur verið auðið að gera í þetta sinn, þá vil ég taka það skýrt fram, að fjárþörfin stafar ekki sérstaklega af afleiðingum gengisbreyt., því að betur var gert við þessa framkvæmdaliði nú en bæði við gengisbreyt. 1950 og 1958. Orsökin er blátt áfram sú, sem allir vita, að kröfurnar og þarfirnar fyrir nýja og full-

komna vegi, öruggar hafnir og flugvelli fyrir stórar flugvélar víðs vegar um landið hafa vaxið svo stórkostlega að undanförnu, að enginn kostur er að leysa úr þeim þörfum með hinum lágu árlegu fjárveitingum til þessara framkvæmda.

Ýmsir gera sér það til gamans að reikna út, hversu framlög til verklegra framkvæmda verði sífellt minni hlutfallslega af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Hafa hv. framsóknarmenn verið sérstaklega áhugasamir um þennan hlutfallaútreikning á þessu ári, en vegna þeirra verulegu hækkana á framkvæmdafé, sem samþ. voru í síðustu fjárlögum og stinga mjög í stúf við afstöðu sömu manna við gengisbreyt. 1950 og 1958, þegar þeir réðu fjármálunum, þá þykir ekki henta að nefna krónutöluna. Vitanlega er hlutfallareikningur þessi gersamlega út í hött, vegna þess að skipulagsbreyt. var meginorsök þeirra hækkana, sem urðu á fjárlögum 1960, miðað við árið 1959, auk hinna félagslegu kjarabóta, sem ætlað var að mæta hinum óhagstæðari áhrifum gengisbreyt. Allir skynbornir menn sjá auðvitað, að það er með öllu fjarstætt, að eðlilegt hefði verið eða framkvæmanlegt að hækka aðra útgjaldaliði ríkissjóðs hlutfallslega. Hitt er svo aftur á móti alvörumál, sem vert er að gefa gaum að, að árleg hækkun ríkisútgjalda til ýmissa rekstrarliða og þjónustu, og ber þar fyrst og fremst að nefna bæði tryggingamál og fræðslumál, sem árlega vega þyngst í hækkunum, er svo mikil, að lítið verður afgangs til hækkana á framkvæmdaliðum. Jafnvel þótt verðlag sé stöðugt, virðist mér sú hætta vera yfirvofandi, að bróðurpartur árlegrar tekjuaukningar hjá ríkissjóði gangi til þess að mæta hækkunum á rekstrarliðum fjárlaga, þannig að framlög til verklegra framkvæmda verði hlutfallslega stöðugt minni að óbreyttum tekjustofnum. Um þetta er þó ekki hægt að fullyrða á þessu stigi málsins, og vonandi er þessi kvíði ástæðulaus. En ætla má, að það liggi ljóst fyrir við undirbúning næstu fjárlaga, hversu horfir í þessum efnum.

Áður en ég hverf frá samgöngumálunum, vil ég minnast örfáum orðum á tvær brtt., sem snerta samgöngumálagreinina. Endanlegar niðurstöðutölur á kostnaðaráætlun alþjóðaflugþjónustunnar urðu töluvert hærri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., en sú tala er miðuð við bráðabirgðaáætlun, sem þá var gerð. Meginhluta þessa kostnaðarauka greiðir Alþjóðaflugmálastofnunin, en kostnaðarhluti Íslands af hækkuninni nemur samt 438 þús. kr., og verður að hækka fjárveitingu til alþjóðaflugþjónustunnar um þessa upphæð. Þá er einnig óhjákvæmilegt að hækka mjög verulega fjárveitingu til kostnaðarhluta Íslands við veðurþjónustu á Grænlandi. Nemur sú hækkun 666 þús. kr. Er Ísland samningsbundið til þess að greiða ákveðinn hluta af þessum kostnaði. Hækkanir þessar munu aðallega stafa af sæsímaleigum, en að auki má geta þess, að hlutfallstala hvers lands í greiðslu kostnaðar er miðuð við flug viðkomandi þjóðar yfir Atlantshafið, og endurskoðun hefur leitt í ljós, að hlutur Íslands í flugi yfir Norður-Atlantshaf hefur aukizt. Hækkar þá hlutur Íslands í heildarkostnaðinum samsvarandi.

Hin till. er um að veita sérstaklega 200 þús. kr. til Ferðaskrifstofu ríkisins vegna aðildar hennar að norrænum ferðaskrifstofum í Mið- og Suður-Evrópu.

Nokkuð er síðan vakið var máls á því innan Norðurlandaráðs og þá fyrst í áliti íslenzk-skandinavísku samgöngumálan., hvort ekki gæti verið hagkvæmt fyrir Ísland að gerast aðili að sameiginlegum landkynningarskrifstofum hinna Norðurlandanna í ýmsum löndum. Er ljóst, að Íslandi er það óviðráðanlegt að setja upp sjálfstæðar landkynningarstöðvar erlendis, og því sjálfsagt að íhuga þennan möguleika, úr því að hinar Norðurlandaþjóðirnar voru svo velviljaðar að vilja veita Íslandi aðgang að þessu sameiginlega útbreiðslukerfi þeirra.

Á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík s. l. sumar var svo loks samþ. þál. um þátttöku Íslands í sameiginlegri upplýsingaþjónustu Norðurlandanna fyrir ferðamenn, sem flutt var af fulltrúum allra Norðurlandaþjóðanna, m. a. Íslands. Viðræður hafa síðan farið fram milli forstjóra Ferðaskrifstofu ríkisins og Nordisk Turist Trafikkomité, sem er félag opinberra ferðaskrifstofa Norðurlanda. Hefur af Íslands hálfu verið talið heppilegast að fá aðild að landkynningarskrifstofum Norðurlanda, sem starfandi eru í Frankfurt, Zürich og Róm. Hefur forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins heimsótt allar þessar landkynningarskrifstofur og látið í ljós þá skoðun, að hér muni vera um mjög góðar stofnanir að ræða og með aðild að þeim gefist tækifæri til mjög víðtækrar landkynningar, ekki aðeins kynningar á landinu sem ferðamannalandi, heldur einnig á framleiðslu og menningu þjóðarinnar. Gert mun ráð fyrir, að Ísland greiði 5% af rekstrarkostnaði þessara skrifstofa. En að auki eru óhjákvæmileg ýmis útgjöld vegna aukinnar bæklingaútgáfu, kaupa á kvikmyndum, ljósmyndagerðar og uppsetningar og undirbúnings á gluggasýningum. Er því lagt til, að veittar verði 200 þús. kr. í þessu skyni.

Loks vil ég í sambandi við samgöngumálin nefna brtt. n. um 250 þús. kr. fjárveitingu vegna greiðslu kostnaðar við að setja olíukynditæki í dýpkunarskip vitamálastjórnarinnar, Gretti. Vitamálastjórnin hefur nokkrum sinnum áður beðið um fé til þessara framkvæmda, en án árangurs. Nú hefur engu að síður olíukynding verið sett í skipið, m. a. vegna þess, að á ýmsum stöðum var orðið ógerlegt að fá kol, auk þess að víst þykir, að hin nýja kynding geri rekstur skipsins mun hagstæðari. Ætlunin var sú að reyna að greiða kostnað við þessa breyt. af venjulegum rekstrartekjum skipsins, en þegar til kom, var breyt. dýrari en gert hafði verið ráð fyrir, og skipið varð þar að auki fyrir miklum tekjumissi, meðan á breyt. stóð. Þykir því ekki vera um annað að ræða en veita sérstaka fjárveitingu til greiðslu þessa kostnaðar. Er lagt til að veita nú 250 þús. kr. og að jafnhá upphæð verði veitt í næstu tvennum fjárlögum. Vegna

minni rekstrarkostnaðar skipsins verður þá um leið að leggja á það ríka áherzlu, að skipið verði rekið hallalaust.

Á þessu ári er lokið fyrsta 5 ára greiðslutímabili skólabygginga samkv. lögunum um fjármál skóla frá 1955. Hefði þá átt að vera lokið framlögum ríkissjóðs til 50 stærri og minni skólabygginga barnaskóla- og gagnfræðaskólastigsins, sem fyrsta fjárveiting var veitt til 1956. Því fer þó mjög fjarri, því að vegna breyt. á upphaflegum kostnaðaráætlunum og vegna verðhækkana á ríkissjóður enn ógreiddar um 18 millj. kr. til þessara skóla. Við afgreiðslu síðustu fjárlaga var af hálfu fjvn. bent á, að setja þyrfti einhverjar reglur um, hversu slíkar eftirstöðvar yrðu greiddar. Er nú gert ráð fyrir, að þessum eftirstöðvum ríkisframlaga verði skipt á 3 ár. Afleiðingin er sú, að í stað þess að framlög til skólabygginga hefðu nú lækkað verulega, ef allt hefði verið sem upphaflega var gert ráð fyrir, verður beinlínis að hækka fjárveitingar til byggingar barnaskóla og gagnfræðaskóla um rúmar 3.3 millj. kr. til þess að greiða hin lögboðnu framlög til þeirra skóla, sem nú eru í smíðum.

Þar sem reynslan af þessu fyrsta 5 ára tímabili er sú, að stofnkostnaður umræddra skóla hefur farið svo mjög fram úr áætlun, að eftir standa um 18 millj. kr. af hluta ríkissjóðs, þótti fjvn. brýna nauðsyn bera til að reyna að kanna eftir föngum, hversu ástatt væri um byggingarkostnað þeirra skóla, sem Alþ. hefur síðustu 5 árin samþ. að hefja mætti byggingu á. Óskaði því n. eftir því við fjármálaeftirlitsmann skóla, að hann reyndi að kanna þetta mál, svo sem kostur væri, í samráði við húsameistara ríkisins. Var af hálfu n. lögð áherzla á, að rannsakað yrði, hvort byggt hefði verið í samræmi við þær áætlanir, sem fyrir fjvn. voru lagðar, þegar byggingin var samþ., og ef svo væri ekki, hverjar breyt. hefðu verið gerðar og hvern kostnaðarauka hefði af þeim leitt. Enn fremur yrðu kannaðar aðrar orsakir til hækkunar byggingarkostnaðar umfram áætlun. Skólabyggingarnar eru svo þungur og síhækkandi útgjaldaliður fyrir ríkissjóð, að n. taldi sér skylt að kanna, hverra útgjalda væri að vænta næstu árin á þessum lið Fjármálaeftirlitið hefur ekki enn lokið athugun málsins, sem ekki er von, því að til þess að hún komi að tilætluðum notum, þarf að athuga hverja einstaka byggingu. Þegar er þó athugun svo langt komin, að augljóst er, að þetta vandamál þarf að taka mjög föstum tökum og setja nýjar og strangari reglur um bæði undirbúningsáætlanir og síðan framkvæmd bygginganna.

Gera má ráð fyrir, að heildarkostnaður skólabygginga, þ. e. barnaskóla og gagnfræðaskóla, sem samþ. hafa verið síðustu 5 árin, sé um 540 millj. kr. Kostnaðaráætlanir, sem samþykkt bygginganna hefur verið miðuð við, nema um 263 millj. kr. og sýnist þá byggingarkostnaður umfram þessar áætlanir ætla að verða um 280 millj. kr. Tölur þessar geta að vísu breytzt nokkuð, þegar öll atriði hafa verið endanlega rannsökuð, en ekki getur það numið mörgum milljónatugum. Rétt er að taka það fram til skýringar, að um 105 millj. af mismuninum stafa af skólabyggingum í Reykjavík, þar eð samþykktir ýmissa skóla þar hafa verið miðaðar við áfanga, en ekki heildarkostnað, en misskilningur orðið við áætlanagerð milli fræðsluyfirvalda ríkis og bæjar, sem ég hirði ekki að rekja nánar, enda sá misskilningur úr sögunni. Til þessara skólabygginga hefur ríkissjóður þegar greitt um 80.7 millj. kr. af kostnaðarhluta sínum, sem virðist muni verða um 303 millj. kr., og á þá eftir að greiða um 223 millj. samkv. þessum bráðabirgðatölum. Er þá að vísu reiknað með heildarkostnaðarverði skólanna í Reykjavík, en lögskylda er ekki að greiða til þeirra áfanga í þeim byggingum, sem enn hafa ekki verið samþ., en framhald þeirra bygginga verður þó naumast stöðvað, er þar að kemur.

Ekki verður hjá því komizt að benda á, að athugunin hefur leitt í ljós, að margir skólar hafa alls ekki verið reistir í samræmi við þær áætlanir, sem fyrir fjvn. voru lagðar, þegar bygging viðkomandi skóla var samþ. Skal ég ekki bera neinn af þeim embættismönnum, sem um þetta eiga að fjalla, sökum í því sambandi, en að sjálfsögðu verður að tryggja, að slíkt komi ekki fyrir.

Ég skal ekki ræða málið nánar á þessu stigi. En nauðsynlegt er að kryfja orsakir vandans til mergjar, þegar endanleg athugun fjármálaeftirlitsins liggur fyrir. Er sú athugun gerð í samráði við hæstv. menntmrh., sem hefur mikinn hug á að lagfæra það í skipulagi undirbúnings og framkvæmda skólabygginga, sem aflaga kann að fara. Er nú eftir till. hans einnig lagt til að ráða sérstakan eftirlitsmann með skólabyggingum, sem er óhjákvæmileg nauðsyn.

Í þessu sambandi verður að leggja á það áherzlu, að betri og nákvæmari samvinna komist á milli þeirra þriggja aðila, sem að áætlanagerð og eftirliti með framkvæmdum eiga að vinna, þ. e. fræðslumálastjórans, húsameistara og eftirlitsmanns skóla.

Ég skal í sambandi við þessa gagnrýni ekki láta hjá líða að játa þá sök fjvn., að hún hefur oft við samþykkt nýrrar skólabyggingar haft þann hátt á að samþ. bygginguna með mjög litlu tillagi á fyrsta greiðsluári. Er nauðsynlegt að hverfa frá þeirri venju, því að á þann hátt eru samþ. fleiri skólabyggingar en ella hefði verið og fjárveitingar til bygginganna fjögur síðari greiðsluárin verða óeðlilega háar.

N. fer nú mjög varlega í að mæla með samþykkt nýrra bygginga. Er lagt til að verja samtals til nýbygginga skóla 1650 þús. kr., en af þeirri upphæð gangi 450 þús. til bygginga á Eiðum, til endurbyggingar vegna brunatjóns, og 300 þús. kr. hækkun verði á fjárveitingu til byggingar iðnskólanna í Reykjavík og á Akureyri, hinn hlutinn gangi til nýbygginga barnaskóla, en engar nýjar gagnfræðaskólabyggingar eru samþ.

N. beinir þeim tilmælum til hæstv. menntmrh., að jafnhliða athugun á niðurstöðum rannsóknar fjármálaeftirlits skóla, er þær

liggja endanlega fyrir, beiti ráðh. sér fyrir athugunum og áætlunum um skólabyggingaþörfina, t. d. næstu 5 árin, svo að hægt sé að gera sér grein fyrir, hversu stórt viðfangsefnið sé, og meta, hvað viðráðanlegt sé í því sambandi. Skólamálin eru sá af hinum föstu rekstrarliðum ríkissjóðs, sem mest hækkar ár frá ári. Vafalaust er mjög erfitt að draga úr þeim útgjöldum, en meiri hl. n. telur þó rétt að beina þeirri áskorun til ríkisstj., að könnuð verði til hlítar öll úrræði í því efni.

Allmargar tillögur eru að venju gerðar um breytingar á 14. gr. B, en flestar eru þær tillögur smávægilegar og gefa ekki tilefni til sérstakrar greinargerðar.

Teknar eru upp fjárveitingar til tónlistarskóla og nokkurra leikfélaga, sem hafa ekki áður fengið styrki, og eru þær tillögur í samræmi við styrkveitingar til hliðstæðra aðila í fjárlögum áður. Styrkir á þessari grein til leikstarfsemi, tónlistarskólahalds og lúðrasveita eru meðal þeirra styrkja á greininni, sem eiga mestan rétt á sér. Styrkir þessir eru það litlir, að þeir skipta engu máli fyrir afkomu ríkissjóðs, en hér er hins vegar um mjög merkilega menningarstarfsemi að ræða, sem sjálfsagt er að reyna að örva. Sé hægt að stuðla að því, að hin glæsilegu félagsheimili víðs vegar um landið séu meira notuð til leik- og tónlistarstarfsemi heldur en til vafasamra dansleikja, þá er vissulega stefnt í rétta átt með notkun þeirra.

Veigamesta brtt. við þessa grein er um að veita 100 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði við fyrirhugaða listsýningu norræna listabandalagsins í Reykjavík haustið 1961. Sýningar þessar eru haldnar til skiptis á Norðurlöndum, og verður þessi sýning hin tíunda í röðinni. Síðast var sýningin haldin í Reykjavík haustið 1948. Er sjálfsagt, að Ísland eigi áfram aðild að þessum þætti norrænnar menningarsamvinnu.

Jafnframt því að leggja til að veita 70 þús. kr. til varðveizlu og geymslu hinnar miklu listaverkagjafar Ásgríms Jónssonar listmálara til íslenzka ríkisins er ástæða til að þakka alveg sérstaklega þessa höfðinglegu og dýrmætu gjöf. Hér er um að ræða yfir 420 fullgerð olíumálverk og vatnslitamyndir auk margra teikninga og á þriðja hundrað mynda, sem listamaðurinn hefur eigi talið fullgerðar. En það voru ekki aðeins listaverkin, sem Ásgrímur Jónsson arfleiddi íslenzka ríkið að, heldur einnig húseignin Bergstaðastræti 74, húsmunir þar og um 240 þús. kr. í peningum. Samkv. erfðaskránni skal því fé varið til viðhalds safninu og til sýninga á því í húsi Ásgríms, Bergstaðastræti 74. Ásgrími var það svo mikið kappsmál, að málverkasafnið yrði ekki ríkinu til fjárhagslegrar byrði, að hann heimilaði í erfðaskrá sinni, að selt yrði eitthvað af myndunum til þess að standast kostnað við sýningu þeirra og vörzlu. Auðvitað kemur ekki til mála að nota þessa heimild, því að það yrði ríkinu til hins mesta vansa, ef grípa þyrfti til slíkra úrræða. Hér er um verðmæti að ræða, sem eigi verða metin til fjár, og minnsti þakklætisvottur, sem þjóðin getur sýnt þessum stórbrotna og göfuga listamanni, er að reyna að tryggja það, að ekkert af þessari dýrmætu listaverkagjöf fari forgörðum. Vill enda svo vel til, að gæzla safnsins er í góðum höndum.

Í 14. gr. B fjárlaga kennir margra grasa, og hafa þar á liðnum árum smám saman verið teknir upp styrkir til hinna margvíslegustu verkefna og þar á meðal fjölmargir persónulegir styrkir. Flestir eru styrkir þessir til gagnlegra hluta og njótendur þeirra styrks maklegir. En rökin fyrir ýmsum þessum styrkjum eru þó harla vafasöm. Reyndin hefur orðið sú, að þegar einu sinni er byrjað að veita manni styrk á þessari grein, hefur verið erfitt eða jafnvel ómögulegt að losna aftur við styrkveitinguna. Þótt hér sé ekki um háar fjárhæðir að ræða, þá er mikil nauðsyn að reyna að stefna að því að þurrka út hinar persónulegu styrkveitingar á þessari grein, því að styrkveitingar sem þessar geta ekki fylgt neinum föstum reglum og verða því ætíð tilviljanakenndar. Menn kunna nú að spyrja, hvers vegna fjvn. geri þá ekki till. um að fella niður þessa styrki, heldur leggi nú jafnvel til að bæta við styrkjum til tveggja nafngreindra manna. Er því þar til að svara, að fjvn. hefur stundum gert tilraun til að fella niður styrki á þessari grein, en ég held, að það séu einu tillögur nefndarinnar, sem hafa verið felldar í þinginu. Og meðan hliðstæðir styrkir eru í fjárlögum, er ekki ástæða til að synja þeim tveimur efnilegu listamönnum um styrk, sem n. leggur til að teknir verði inn í 14. gr.

Af hálfu fjvn. hafa verið gerðar ákveðnar tilraunir til að forðast hina persónulegu styrki í fjárlögum. Má þar m. a. nefna, að n. tók upp í einu lagi fjárveitingu til tónlistarnáms erlendis og enn fremur til tónleikahalds erlendis og lagði til, að menntamálaráði væri falin úthlutun þess fjár, svo sem annarra námsstyrkja. Er þá hægt að fylgjast með því og meta það hverju sinni, hvort umsækjendur um styrk þennan eru raunverulega við nám. Því miður hefur þó þessi viðleitni n. ekki að fullu borið árangur, því að við undirbúning fjárlagafrv. hafa stundum verið teknir upp styrkir til nafngreindra manna, sem hefðu að réttu lagi átt að falla undir þennan heildarlið. Einmitt vegna þess, hve hér er oft um viðkvæm persónuleg mál að ræða, er ekki heppilegt að þurfa að ræða þau opinberlega í þingi, og því er það ein af ábendingum meiri hluta n. til ríkisstj., að allar núverandi styrkveitingar í 14. gr. B verði teknar til rækilegrar athugunar. Verði þá m. a. kannað, hvernig eru á vegi stödd þau verkefni, sem styrkir hafa verið veittir til, jafnvel um allmargra ára bil, og jafnframt er rétt að athuga, hvort ekki er hægt að losna algerlega við af greininni alla námsstyrki, ekki á þann hátt að fella þessa styrki niður, heldur með því að fella þá inn í heildarfjárveitingu, sem síðar yrði úthlutað af einhverjum tilteknum aðila, t. d. menntamálaráði, þannig að ekki verði um eilífðarstyrki að ræða. Ég veit, að viðfangsefni þetta er ekki auðvelt. En það er þó vert að kanna öll

úrræði til þess að koma betri skipan á fjárveitingar á þessari grein.

Í lögum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum frá 1945 var ákveðið, að ríkið skyldi leggja fram allt að helmingi kostnaðarverðs þeirra véla og verkfæra, sem vélanefnd ríkisins teldi þörf á til ræktunarframkvæmda samkv. þeim lögum. Var upphaflega ákveðið að leggja fram úr framkvæmdasjóði ríkisins 3 millj. kr. í þessu skyni. Með lagabreytingu árið 1950 var upphæðin hækkuð í 6 millj. kr. Og með lögum nr. 26 frá 1955 var ákveðið, að næstu 6 ár skyldi varið allt að 6 millj. kr. til kaupa á jarðræktarvélum í samræmi við helmingaskiptareglu laganna um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir. Þessi fjárveiting hafði verið greidd að fullu árið 1959 og var þá felld niður af fjárlögum, og hefur ekki verið veitt sérstök fjárveiting til kaupa á ræktunarvélum síðustu tvö árin, enda lagaskylda ekki til þess. Ástæðan til þess, að í umræddum lögum var ætíð miðað við tilteknar fjárveitingar, en ekki, svo sem t. d. um jarðræktarstyrkinn, aðeins tilgreint ákveðið hlutfall í greiðslu kostnaðarins, er sú, að í hinum upphaflegu lögum og síðari breytingum við þau hefur ætíð verið lögð á það rík áherzla, að söluverð vinnu ræktunarvélanna væri við það miðað, að hægt væri að fyrna þær með eðlilegu móti, og svo langt gengið í þessu fyrningarákvæði, að stjórn Búnaðarfélagsins var heimilað að halda eftir af jarðræktarstyrk til hlutaðeigandi ræktunarsambands þeirri upphæð, sem vangreidd væri í fyrningarsjóðinn. Hið stórhækkaða verðlag af völdum verðbólguþróunarinnar hefur hins vegar valdið því, að ógerlegt hefur reynzt að fyrna vélarnar með eðlilegu móti, og því var bætt við fjárveitingar úr ríkissjóði með lagabreytingu þeirri; sem ég hef nefnt. Með gengisbreyt. 1958 og 1960 hefur verð ræktunarvéla enn stórhækkað. Hæstv. núv. landbrh. skipaði á s. l. vetri nefnd til þess að athuga vélakost ræktunarsambandanna og hvort nauðsyn væri frekari aðstoðar af ríkisins hálfu um kaup ræktunarvéla. Það var einróma álit þessarar nefndar, að nauðsynlegt væri enn um sinn að veita slíka aðstoð. Í samræmi við þá niðurstöðu er nú lagt til að veita á næsta ári 1 millj. kr. til kaupa á ræktunarvélum, og er þá jafnframt gert ráð fyrir, að landbrn. setji um það reglur, hvernig þeim styrkveitingum verði hagað. Kemur einnig mjög til álita í þessu sambandi, hvort ekki á að leysa þetta vandamál að einhverju leyti með stofnlánum til vélakaupanna úr ræktunarsjóði, og er þess að vænta, að sú hlið málsins verði einnig athuguð. Á það verður einnig að leggja áherzlu, að fyrningarreglum laganna um húsagerðarsamþykktir sé fylgt til hins ýtrasta, og er þá auðvitað eðlilegt, að fyrningargjaldið sé hækkað, ef hækkanir verða á stofnverði vélanna.

Vegna mjög brýnnar fjárþarfar sandgræðslunnar er lagt til að hækka fjárveitingu til hennar um ½ millj. kr. Þótt með þessari hækkun sé sandgræðslunni gert mögulegt að sinna þeim verkefnum, sem sízt mega bíða, þá fer því þó fjarri, að sandgræðslan hafi yfir nægilegu fé að ráða til þess að sinna sínu mikilvæga hlutverki. Varnir gegn uppblæstri lands getur verið dýrt fyrir þjóðfélagið að draga á langinn, því að uppblásturinn bíður þess ekki, að mönnunum þóknist að gera sínar varnarráðstafanir. Öll hækkunin er færð á liðinn til nýrra sandgræðslugirðinga, því að þar mun þörfin brýnust, en ekki ber þó að skilja það svo, að eigi megi nota einhvern hluta þessarar fjárhæðar til annarra brýnni verkefna, svo sem sandgræðslustöðvanna. Höfuðatriðið er, að fjárveitingin verði notuð á hinn hagfelldasta hátt.

Að tillögu fjvn. hefur í sumar verið unnið að samningu framkvæmdaáætlunar um skógrækt næstu árin. Miðað við gróðursetningu einnar milljónar trjáplantna á ári, mun þurfa að hækka töluvert fjárveitingu til skógræktarinnar. Í ár var allmikið hækkuð fjárveiting til skógræktarinnar með hækkun á álagi á vindlinga, og er því ekki auðið að hækka aftur þessa fjárveitingu nú, þótt vissulega væri æskilegt að geta gert það. Skógrækt og sandgræðsla eru greinar á sama stofni og vinna báðar að því að græða upp landið. Skógræktin er stóri bróðirinn, bæði vegna þess, að hún hefur miklu meira starfsliði á að skipa, og þó ekki síður vegna hins, að henni hefur tekizt að fá þúsundir einstaklinga um allt land til þess að taka virkan þátt í skógræktarstarfinu. Slíkt áhugalið þyrfti einnig að fá við alhliða uppgræðslu landsins. Fyrsta stigið er að sjálfsögðu það að hefta alla frekari eyðingu gróðurlendisins. En við það má ekki láta staðar numið, heldur þarf einnig að sækja fram og vinna nýtt gróðurlendi með uppgræðslu sanda og fleiri gróðurlausra svæða í landinu. Þjóðinni fjölgar ört, og samhliða þarf búpeningi landsmanna að fjölga. En nú þegar er á ýmsum stöðum á landinu svo ástatt, að haglendi er fullbeitt, og jafnvel talið, að um ofbeit geti verið að ræða. Það þarf því að vinna að landgræðslumálunum, bæði í skógrækt og sandgræðslu, á skipulagsbundinn hátt, þannig að sem bezt nýtist það takmarkaða fjármagn, sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma. Ekkert sýnist eðlilegra en að sameina þessar tvær stofnanir, því að sérfræðingar skógræktarinnar munu einnig hafa þá menntun, er nauðsynleg er við sandgræðslustörf, og starfsmenn sandgræðslunnar geta vafalaust einnig sinnt skógræktarmálum. Það er því ein af ábendingum fjvn., að gerðar verði ráðstafanir til þess að sameina þessar tvær stofnanir. Tel ég ástæðulaust að færa fram fleiri rök fyrir þeirri tillögu.

Í landinu er margvísleg starfsemi að tilraunum í ýmsum greinum landbúnaðar, og er tilraunastarfsemi þessi í höndum ýmissa aðila. Á vegum tilraunaráðs jarðræktar eru tilraunabúin á Sámsstöðum, Reykhólum, Akureyri og Skriðuklaustri. Á vegum tilraunaráðs búfjárræktar er fjárræktarbúið að Hesti. Á vegum búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans er margvísleg tilraunastarfsemi, m. a. tilraunastöðin að Varmá. Þá er unnið að ýmsum tilraunum í jarðrækt og búfjárrækt á búnaðarskólunum. Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum hefur tilraunagróðurhúsarækt. Á vegum Bún-

aðarfélags Íslands eru svokallaðir sýnisreitir í jarðrækt og ýmis önnur tilrauna- og leiðbeiningastarfsemi, og á fleiri sviðum mun að þessum málum unnið. Öll er þessi starfsemi vafalaust gagnleg og nauðsynleg. En ástæða sýnist vera til að athuga, hvort eigi muni hægt að ná tilætluðum árangri, þótt tilraunastöðvum þessum verði eitthvað fækkað. Jafnframt virðist ástæða til að athuga, hvort samræmd sé sem skyldi starfsemi þeirra mörgu sérfræðinga, sem vinna að athugunum og rannsóknum á ýmsum þáttum landbúnaðar og jarðræktar. Um þetta skal ekkert fullyrt án nánari athugunar, en meiri hl. n. hefur þótt ástæða til að beina þeirri ábendingu til ríkisstj., að athugað verði, hvort eigi sé hægt að koma þessari starfsemi fyrir á hagkvæmari hátt, þannig að hún verði kostnaðarminni fyrir ríkið. Er með þeirri tillögu ekki til þess ætlazt, að dregið verði úr nauðsynlegri rannsókna- og tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins, því að áreiðanlega er með meiri og almennari þekkingu í þeim efnum hægt að bæta mjög afkomu landbúnaðarins.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til sjóvarnargarða um 100 þús. kr., og er fjárveitingunni skipt niður á 11 staði. Þrátt fyrir þessa hækkun er fjárveiting til sjóvarnargarða töluvert lægri nú en í fjárlögum yfirstandandi árs.

Í fjárlögum þessa árs voru veittar 50 þús. kr. til athugunar og vinnslu kísilleirs við Mývatn. Sú athugun hófst þó nokkru áður, og hefur að þessari rannsókn verið unnið af rannsóknaráði ríkisins og jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar. En að auki hefur fyrir milligöngu tækniaðstoðar Sambandslýðveldisins Þýzkalands fengizt hingað þýzkur sérfræðingur, sem mikla reynslu hefur í þessari grein, og benda bráðabirgðaniðurstöður hans til þess, að mjög geti verið um álitlega framleiðslu að ræða á kísilgúr við Mývatn og hægt sé að framleiða þar kísilgúr í mjög háum gæðaflokki. Skýrt hefur verið opinberlega frá meginatriðum í skýrslu hins þýzka sérfræðings, og sé ég því ekki ástæðu til að rekja þau nánar. En þótt kostnaðaráætlun hans sé í sumum atriðum vafasöm, þá eru niðurstöður hans þó svo jákvæðar, að óafsakanlegt væri að leggja ekki allt kapp á að fá gerða fullnaðarrannsókn á öllum þeim atriðum málsins, sem athuga þarf. Atvinnumálanefnd ríkisins hefur athugað rækilega niðurstöður hins þýzka sérfræðings og hefur mælt mjög eindregið með því, að nægilegt fé verði veitt til að ljúka rannsókn málsins sem fyrst. Rannsóknaráð ríkisins áætlar, að til framhaldsrannsóknarinnar þurfi 100 þús. kr., og leggur fjvn. til, að sú upphæð verði veitt í fjárlögum næsta árs.

Rannsóknir á hagnýtingu náttúruauðlinda og til eflingar atvinnuvegum þjóðarinnar er meðal mikilvægustu viðfangsefna okkar í dag. Flestar þjóðir leggja nú hið mesta kapp á fjölþættar vísindalegar rannsóknir, og verja margar þjóðir geysimiklu fé til slíkra rannsókna. Á þessu sviði sem mörgum öðrum eru hin takmörkuðu fjárráð Íslendingum mikill fjötur um fót. Þar sem hér er um undirstöðuatriði að ræða til eflingar atvinnulífi þjóðarinnar, verður samt að gæta þess, að rannsóknarstarfsemin verði ekki út undan. Atvinnumálanefnd ríkisins mun hafa samið mikinn lagabálk um skipun rannsóknarmála, og er það frv. nú til athugunar hjá ríkisstj. Hvort sem það frv. verður lögfest eða ekki, þá verður ekki hjá því komizt að gefa rannsóknarstarfseminni meiri gaum á næstu árum. Samkv. lögum um happdrætti Háskóla Íslands skal happdrættið greiða til ríkissjóðs 20% af nettó-ársarði í einkaleyfisgjald. Með lögum um náttúrurannsóknir frá 1940 er svo ákveðið, að fé þetta skuli renna til atvinnudeildar háskólans. Þótt það sé ekki beint fram tekið í l., þá mun hafa verið til þess ætlazt, að þetta fé gengi fyrst og fremst til þess að byggja upp atvinnudeildina og rannsóknastarfsemina. Í framkvæmd hefur þetta hins vegar orðið þannig, að um allmargra ára skeið hefur tekjuliður þessi verið færður atvinnudeildinni til frádráttar í fjárveitingu til atvinnudeildarinnar í fjárlögum. Með því er þó ekki öll sagan sögð, því að hafi einkaleyfisgjaldið verið hærra en nemur þeirri upphæð, sem færð hefur verið til frádráttar í fjárlögum, hefur mismunurinn runnið beint í ríkissjóð. Er það auðvitað fráleitt og beinlínis andstætt fyrirmælum laganna. Erfitt er að hverfa frá núverandi tilhögun í einu átaki, því að happdrættistekjurnar eru í fjárlagafrv. nú taldar munu nema 450 þús. kr. Hins vegar þykir sjálfsagt að stefna að því, að einkaleyfisgjaldið verði ekki fært til frádráttar fjárveitingu ríkissjóðs til atvinnudeildarinnar. Er lagt til, að frádráttarliðurinn verði nú lækkaður um 250 þús. kr., sem þýðir raunverulega 250 þús. kr. hækkun fjárveitingar til atvinnudeildarinnar, og er þá jafnframt gengið út frá því, að frádráttarliðurinn verði lækkaður um sömu upphæð næstu 2 ár, þannig að hann verði horfinn alveg í fjárlögum ársins 1963. Á næsta ári verða þá 500 þús. kr. af einkaleyfisgjaldinu teknar til frádráttar fjárveitingu ríkissjóðs, en ætlunin er, að það, sem umfram er af gjaldinu, renni allt til þarfa atvinnudeildarinnar skv. nánari ákvörðun viðkomandi ráðuneytis um ráðstöfun þess fjár.

Í fjárlögum yfirstandandi árs voru 135 þús. kr. veittar til tækninýjunga. Þessi fjárveiting er felld niður í fjárlagafrv. Nefndinni hafa hins vegar borizt nokkrar umsóknir þessa efnis, sem hún telur rétt að sinna að einhverju leyti, og leggur því til, að veittar verði í næstu fjárlögum 125 þús. kr. til tækninýjunga skv. nánari ákvörðun atvmrn.

Nefndin gerir ekki tillögur um neinar hækkanir á fjárveitingu til raforkumála. Í framsöguræðu sinni skýrði hæstv. fjmrh. frá því, að fjárveiting til jarðborana hefði verið lækkuð allmikið, og vantar mikið á, að sú fjárveiting nægi til þess að standa undir kostnaði við rekstur gufuborsins stóra og hins nýja jarðbors fyrir Norðurland auk kostnaðar við aðrar jarðboranir eftir heitu vatni, en áformað væri að leysa þessa fjárþörf eftir öðrum leiðum. Má vafalaust vænta þess, að löggjöf um þetta efni verði sett á yfirstandandi þingi, því að að sjálfsögðu er ekki ætlunin að draga úr þessum þýðingarmiklu framkvæmdum. Telja

má því vafalaust, að það vandamál verði leyst á viðhlítandi hátt. En raforkumálastjórnin hefur hins vegar gert tillögur um mjög mikla hækkun fjárveitinga, bæði til nýrra raforkuframkvæmda, raforkusjóðs og þá ekki síst til virkjunarrannsókna í stórám landsins. Þótt þess hafi ekki verið neinn kostur nú að hækka þessar fjárveitingar, þá er ljóst, að hér er um vandamál að ræða, sem taka verður til gaumgæfilegrar athugunar.

Skýrt hefur verið frá því opinberlega, að rannsóknir á vatnasvæði Hvítár og Þjórsár muni kosta um 40 millj. kr., og gefur það nokkra hugmynd um, hvílík geysileg viðfangsefni er hér við að fást. Fullnaðarrannsókn á Jökulsá á Fjöllum mun einnig vafalaust kosta milljónir króna, þótt bráðabirgðaathuganir séu þar ekki eins kostnaðarsamar. Gera má ráð fyrir, að takist að ljúka framkvæmd 10 ára rafvæðingaráætlunarinnar, svo sem ráð var fyrir gert. En dreifing raforkunnar er ekki nema önnur hlið málsins, því að hin aukna raforkunotkun veldur því, að stöðugt þurfa að vera í gangi nýjar virkjanir. Fjárfestingarþörfin í nýjum orkuverum er svo mikil og vaxandi, að lauslega hefur verið áætlað, að næsta áratug, 1960—70, tvöfaldist fjárfestingarþörfin, þ. e. að hin árlega fjárfestingarþörf hækki úr 90 millj. kr. fyrsta ár áratugsins í 180 millj. kr. árið 1970. Er hér um algerar lágmarkstölur að ræða. Útgjaldaþörfin skiptist auðvitað ekki nákvæmlega á einstök ár sem hér segir, heldur er þar um meðaltalstölur að ræða. Fjárþörfin verður þó að sjálfsögðu miklu meiri, ef til sögunnar kemur á þessu tímabili nýr mjög orkufrekur stóriðnaður. Þetta mikla viðfangsefni hlýtur að verða að taka í heild til athugunar og gera sér grein fyrir því, að hve miklu leyti þarf eða er auðið að leysa úr fjárþörf raforkuframkvæmdanna með beinum fjárveitingum í fjárlögum.

Auk tillagna nefndarinnar um fjárveitingu til bjargráðasjóðs, sem ég hef áður gert grein fyrir, gerir nefndin allmargar aðrar tillögur um breytingar á 17. gr. frv. Skv. lögum um vatnsveitur er ríkisstj. heimilað að veita sveitarfélögum eða vatnsveitufélögum aðstoð til vatnsveitugerðar með ríkisstyrk og ríkisábyrgð, sem má nema allt að 85% af stofnkostnaði veitunnar. Styrkur er þó bundinn því skilyrði, að fyrirsjáanlegt sé, að sveitarfélag eða vatnsveitufélag geti ekki með hæfilegum vatnsskatti staðið straum af stofn- og rekstrarkostnaði veitunnar. Fjárveitingar til styrktar vatnsveitum hafa á undanförnum árum verið alls ófullnægjandi til þess að greiða styrki til vatnsveitna, sem skv. vatnsveitulögum hefur verið talið óhjákvæmilegt að veita. Hefur þetta valdið miklum erfiðleikum, því að styrkir þessir renna einmitt fyrst og fremst til aðila, sem hafa litla fjárhagsgetu. Ógreiddar munu nú vera samþykktar styrkveitingar, er nema 1.4 millj. kr., og vitað er um dýrar vatnsveituframkvæmdir, sem fram undan eru. Lagt er því til að hækka fjárveitingu til vatnsveitna um 600 þús. kr., og er það um það bil tvöföldun fjárveitingar þeirrar, sem nú er í fjárlögum. Má þá ætla, að sæmileg lausn sé fengin á þessu vandamáli.

Undanfarin tvö ár hafa verið veittar í fjárlögum 150 þús. kr. hvort ár til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum. Vestmanneyingar eiga við mikinn vatnsskort að stríða, og vatnsboranir þar hafa reynzt árangurslausar. Hefur því orðið að leggja út í dýrar framkvæmdir til söfnunar vatni, og hefur bæjarsjóður Vestmannaeyja lagt fram á aðra millj. kr. í þessu skyni. Lagt er til, að veittar verði 150 þús. kr. til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum og þá sem lokafjárveiting, og nemur þá heildarfjárveitingin 450 þús. kr.

Í sumar hefur verið unnið að mjög kostnaðarsömum jarðborunum eftir neyzluvatni á mörgum bæjum í Kelduhverfi. Þar hagar svo til í stórum hluta sveitarinnar, að ekki er um annað vatn en úrkomuvatn að ræða, og er þetta ástand því algerlega til hindrunar, að hægt sé að reka kúabúskap á þessum jörðum. Vatnsboranir þessar hafa tekizt vel, en sums staðar hefur orðið að bora allt að 60 metra djúpar holur. Endanlega er ekki vitað um kostnaðinn, en fullvíst þykir þó, að heildarborkostnaður og dælur í borholurnar kosti hátt í 600 þús. kr. Kostnaður á hvern bæ er mjög mismunandi. Þótt heildarkostnaðinum yrði jafnt deilt niður á bændur þá, sem hlut eiga að máli, yrði hann lítt viðráðanlegur. Þar sem hér er um stóran hluta sveitar að ræða, virðist ekki óeðlilegt, að ríkissjóður hlaupi eitthvað undir bagga, svo sem ráð er fyrir gert í lögum um vatnsveitur, en þar er gert ráð fyrir, að styrkveitingar ríkissjóðs nái m. a. til vatnsgeyma, dæla og jarðborana. Er lagt til að veita nú 125 þús. kr. styrk til umræddra framkvæmda, en nauðsynlegt er, að félmrn. athugi nánar allar aðstæður og leiti samkomulags við aðila málsins um það, eftir hvaða reglu styrkurinn verði greiddur. Þegar endanlegar upplýsingar eru fyrir hendi um kostnað, verður að meta það, hvern viðbótarstyrk sé eðlilegt að veita til þessara vatnsborana, en eðlilegt sýnist vera að gera ráð fyrir því, miðað við þær upplýsingar, sem nú þegar liggja fyrir, að einhver viðbótarstyrkur verði veittur til þessara framkvæmda í næstu fjárlögum.

Þegar áætlun var gerð um greiðslu með börnum erlendra manna við undirbúning fjárlagafrv., mun hafa láðst að reikna með þeirri hækkun á barnalífeyri, sem lögfest var með breytingu á almannatryggingalögunum á þessu ári. Reynist af þessum sökum óhjákvæmilegt að hækka þennan fjárlagalið um 700 þús. kr., eða í 3 millj. kr.

Slysavarnafélag Íslands hefur gert nefndinni grein fyrir því, að með sívaxandi verkefnum og auknum tilkostnaði, m. a. vegna aðildar að kaupum nýrrar sjúkraflugvélar, sé félaginu algerlega um megn að standa undir nauðsynlegum útgjöldum til slysavarna með núverandi fjárveitingu. Að athuguðu máli telur því nefndin rétt að leggja til, að fjárveiting til almennra slysavarna verði hækkuð um 250 þús. kr.

Í gildandi fjárlögum eru Birni Pálssyni veittar 125 þús. kr. til að halda uppi sjúkraflugi.

Mun enginn telja þá fjárveitingu eftir, og óþarft er að ræða hin mörgu afrek Björns Pálssonar á þessu sviði. Nú er komin til sögunnar önnur sjúkraflugvél, sem staðsett verður á Akureyri. Á Tryggvi Helgason flugmaður þá vél að hálfu á móti Rauðakrossdeild Akureyrar og slysavarnadeild kvenna á Akureyri. Vélin kom til landsins 1. nóv. s. l. og hafði um miðjan ágústmánuð, þegar nefndinni var gerð grein fyrir starfsemi vélarinnar, farið í 40 lengri eða skemmri ferðir með sjúklinga. Mun tilkoma þessarar nýju sjúkraflugvélar og staðsetning hennar norðanlands bæta aðstöðu til sjúkraflugs og vera til mikils aukins öryggis. Er lagt til að veita Tryggva Helgasyni 75 þús. kr. styrk til að halda uppi sjúkraflugi. Þykir ekki ástæða til að ganga lengra í styrkveitingu, fyrr en betur verður séð, hvernig rekstrarafkoma og starfsemi flugsins verður.

Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík hefur um nokkurt árabil haft fastan styrk í fjárlögum, og var upphaflega ætlunin, að sá styrkur yrði notaður til tækjakaupa fyrir sveitina. Um alllangt skeið hefur einnig verið starfandi flugbjörgunarsveit á Akureyri, sem starfar á svipuðum grundvelli og flugbjörgunarsveitin í Reykjavík. Eru í sveitinni um 70 menn, sem allir vinna kauplaust að þeim verkefnum, sem þeir kunna að verða kvaddir til. Hefur flugbjörgunarsveit þessi oft komið til sögu, bæði þegar slys hafa orðið á flugvélum á undanförnum árum eða óttazt hefur verið um fólk í illviðrum, og hefur sveitin stundum orðið að leggja í leitir um hrikalegasta hálendi Norðurlands, þótt hún væri illa búin að öllum tækjum. Á þessu ári hefur sveitin ráðizt í kaup á ýmsum nauðsynlegum tækjum, svo sem sjúkrabíl, litlum fjallabíl, hjúkrunargögnum, talstöð o. fl., og hefur meginhlutinn af þessu verið fenginn hjá sölunefnd varnarliðseigna. Sveitinni er algerlega um megn að greiða af eigin rammleik þessi tæki nema að takmörkuðu leyti, og með hliðsjón af hinu mikilvæga starfi sveitarinnar á undanförnum árum þykir sanngjarnt að leggja til, að henni verði nú veittur 75 þús. kr. styrkur til tækjakaupa.

Hæstv. fjmrh. gerði í framsöguræðu sinni með fjárlagafrv. grein fyrir því, að felldir hefðu verið niður nokkrir byggingarstyrkir í 17. gr. fjárlaga, m. a. vegna þess, að engar umsóknir eða grg. hefðu legið fyrir frá viðkomandi aðilum. Fjvn. hafa borizt styrkbeiðnir ásamt fullnægjandi grg. frá öllum þessum aðilum og hefur lagt til, að svipaðir styrkir séu teknir upp til þeirra í fjárlögum næsta árs og þeir, sem eru veittir á þessu ári. Hæst þessara fjárveitinga er 150 þús. kr. styrkur til Blindrafélagsins í Reykjavík, sem nú vinnur að því að ljúka fyrsta áfanga byggingar félagsins við Hamrahlíð. Er áætlað, að kosta muni um 800—900 þús. kr. að ljúka þessum áfanga. Horfur eru á því, að erfðafjársjóður hlaupi undir bagga með láni og styrk allt að 600 þús. kr., og ætti því að mega takast að ljúka þessum áfanga. Allir eru styrkir þessir aðeins lítill hluti af byggingarkostnaði umræddra stofnana og eru nánast veittir sem viðurkenning fyrir það mikla framtak og fórnfýsi, sem viðkomandi aðilar sýna.

17. og 19. gr. fjárlagafrv. eru langhæstu útgjaldagreinar þess. Nema útgjöld á þessum tveimur gr. um 700 millj. kr. á næsta fjárhagsári, og af 85—90 millj. kr. heildarhækkun fjárlaga nú nemur hækkun á framlagi til almannatrygginga einna 58 millj. kr. Tryggingamálin sem slík ætla ég ekki að gera hér að umtalsefni, en aðeins benda á, að líklega má telja, að árleg hækkun útgjalda til almannatrygginga að óbreyttum tryggingalögum verði 10—12 millj. kr. á ári næstu árin.

Gert er ráð fyrir, að kostnaðurinn við niðurgreiðslu á vöruverði verði um 303 millj. kr. á næsta ári. Í sparnaðarábendingu meiri hl. n. er beint þeim tilmælum til ríkisstj., að hún athugi, hvernig hægt muni vera í áföngum að losna við niðurgreiðslurnar. Niðurgreiðslurnar eru mikilvæg aðstoð við neytendur, sem ekki er hægt að hverfa frá nema á löngu tímabili. Miðað við það, að jafnvægi komist á í efnahagsmálum, hlýtur hins vegar að verða að stefna að afnámi niðurgreiðslna í áföngum og reyna þá jafnframt að létta tollabyrðina. Ýmsar aðrar þjóðir, sem langt voru komnar á þessari braut, hafa síðustu árin verið smám saman að hverfa frá niðurgreiðslunum og er vert að kynna sér, hvernig að hefur verið farið í þessum löndum.

Athugun á eftirlaunagreiðslum í 18. gr. bíður að venju 3. umr. fjárlaga. Það má nú teljast vera orðin föst venja að veita opinberum starfsmönnum, sem láta af embætti fyrir aldurs sakir, einhver viðbótareftirlaun á 18. gr. fjárlaga. Þessi aukaeftirlaun hafa jafnan verið hálfgert vandræðafyrirbrigði, ekki vegna þess, að það fólk, sem þar á hlut að máli, sé ekki maklegt þeirra eftirlauna, sem því eru veitt, heldur vegna hins, að erfiðlega hefur gengið að setja fastar reglur um ákvörðun þessara viðbótareftirlauna og oftast verið einhver leiðindi af þeim sökum. Um allmargra ára bil hefur fjvn. þó reynt að mynda sér ákveðnar reglur, a. m. k. varðandi það hámark eftirlauna, sem skuli ekki farið yfir, og hefur nefndin staðið fast á þeirri reglu. Framlag ríkissjóðs til þessara viðbótareftirlauna er áætlað í fjárlagafrv. rúmar 5.6 millj. kr. Úr því að það er orðin almenn regla að veita einhver viðbótareftirlaun í 18. gr., sýnist langeðlilegast að endurskoða gildandi lög um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna með það fyrir augum að koma eftirlaunamálunum í það horf, að ekki þurfi að koma til viðbótareftirlauna í 18. gr. fjárlaga. Þá er hægt að framkvæma eftirlaunagreiðslurnar eftir fyrir fram ákveðnum reglum, þannig að eftirlaunaþegar vita nákvæmlega, hvers þeir eiga að vænta, og mætti þá smám saman fella viðbótarframlögin í 18. gr. niður. Þetta leggur meiri hl. n. áherzlu á að ríkisstj. taki til sérstakrar athugunar.

Einn er sá útgjaldaliður ríkissjóðs, sem hlýtur að valda miklum áhyggjum, og það eru hin stöðugt hækkandi útgjöld vegna greiðslna á ríkisábyrgðarlánum, sem eru í vanskilum. Vissulega þjóna ríkisábyrgðirnar góðum tilgangi, og á þennan hátt hefur verið hægt að veita mikilsverða aðstoð til atvinnuuppbyggingar víða um landið. En fyrir því þýðir ekki

að loka augum, að gálaus veiting ríkisábyrgða getur skapað geigvænlega hættu, því að einhvern tíma kemur að skuldadögum. Ég hef oft áður vakið máls á því, hversu alvarleg hætta hér væri á ferðum, því að hér er um útgjöld að ræða, sem enginn getur vitað, hversu mörgum milljónatugum kunni að skipta árlega. Umreiknað eftir gengisbreytingunum munu ríkisábyrgðalán nú nema rúmum 2300 millj. kr., og gefur auga leið, hversu alvarleg áföll kunna að verða af því fyrir ríkissjóðinn, ef mikil vanskil verða á greiðslu þessara lána. Ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþingi frv. um ríkisábyrgðir, og gefst tækifæri til þess að ræða þær nánar við meðferð þess frv., en ég taldi þó rétt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga að vekja athygli á því, hversu hér er um alvarlegan og síhækkandi útgjaldalið að ræða.

Fjvn. leggur til að veita ríkisstj. nokkrar heimildir í 22. gr. Skal ég fara nokkrum orðum um þær þessara tillagna, sem helzt gefa tilefni til frekari skýringa en felast í nefndaráliti meiri hl. nefndarinnar.

Í tilefni heimildartillögu um það að heimila ríkissjóði að ábyrgjast vörukaupalán það, PL—480, sem tekið verður á þessu ári, skal það tekið fram, að þótt ekki hafi verið leitað heimildar í fjárlögum til ríkisábyrgðar á þeim vörukaupalánum, sem tekin hafa verið á undanförnum árum, þá er hér ekki um að ræða neina breytingu frá fyrri venju í þessu efni. Sá háttur hefur undanfarin ár verið á hafður, að Framkvæmdabanki Íslands hefur tekið lán þau, er Íslandi hafa verið veitt skv. hinum svonefndu PL—480 vörukaupasamningum við Bandaríkin, en á hinn bóginn hefur verið ríkisábyrgð á lánunum. Hefur sú ríkisábyrgð verið veitt með heimild í lögum um Framkvæmdabanka Íslands. En ekki er nú eftir það stór upphæð af ábyrgðarheimild í þeim lögum, að hún nægi fyrir því vörukaupaláni, sem hér er um að ræða, og verður því aflað sérstakrar heimildar til ríkisábyrgðarinnar.

Vegna aflabrestsins á síldveiðum á s. l. sumri varð að greiða síldveiðiflotanum bætur úr síldveiðideild hlutatryggingasjóðs, sem nemur 9 millj. kr. Tekjur síldveiðideildar á yfirstandandi ári munu hins vegar ekki vera nema um 5 millj. kr., og varð því að grípa til þess úrræðis, sem áður hefur verið gert, að fá það, sem á vantaði, 4 millj. kr., að láni í hinni almennu deild sjóðsins. Lagt er til, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast umrætt lán, og jafnframt, að ríkissjóður taki að sér að greiða vexti af láninu, sem frá 1. okt. 1960 til 31. des. 1961 nema 350 þús. kr. Er þetta í samræmi við þær reglur, sem fylgt hefur verið áður við hliðstæða lántöku síldveiðideildar hjá hinni almennu deild hlutatryggingasjóðs.

Á s. l. þingi var samþ. þál. þess efnis að skora á ríkisstj. að koma upp klak- og eldisstöð fyrir lax og silung á hentugum stað á landinu, svo fljótt sem við verði komið. Voru í fjárl. þessa árs veittar 100 þús. kr. til undirbúnings þessum framkvæmdum. Viðurkennt er af öllum, sem til þekkja, að hér sé um hið mesta nauðsynjamál að ræða, sem geti lagt grundvöll að stóraukinni lax- og silungsveiði í ám og vötnum og beinlínis nýrri búgrein, sem ætti með litlum erlendum tilkostnaði að geta framleitt verulegt magn af verðmætri útflutningsvöru, er tímar líða. Lagt er til að veita í fjárlfrv. aftur 100 þús. kr. á næsta ári til undirbúnings eldisstöðinni. En sú fjárveiting hrekkur skammt, ef á að vera hægt að þoka málinu það áleiðis, sem nauðsyn krefur. Áætlað er, að 800 þús. kr. þurfi til þess að ljúka fyrsta áfanga verksins, sem ætlað er að ljúka á næsta ári, en síðan þurfi helming eftirstöðvanna hvort árið 1962 og 1963. Má gera ráð fyrir, að heildarkostnaðurinn við stöðina verði á fimmtu millj. kr. Þar sem ætla má, að stöð þessi geti haft verulegar tekjur, sýnist eðlilegt að freista þess að fá verulegan hluta stofnkostnaðarins að láni, og er því lagt til að veita ríkisstj. heimild til allt að 4 millj. kr. lántöku til byggingar eldisstöðvarinnar. Á þessu ári hefur töluvert verið unnið að undirbúningi að byggingu stöðvarinnar, þótt endanlegar áætlanir hafi ekki verið gerðar. Nákvæmlega hefur verið athugað, hvar heppilegast mundi að staðsetja stöðina, og virðist Kollafjörður líklegur staður, þótt ekki sé það kannað alveg til hlítar, og geta einnig fleiri staðir komið til greina. Nauðsynlegt er að veita ríkisstj. heimild til kaupa á landi fyrir stöðina, og er Kollafjörður sérstaklega nefndur í því sambandi, en heimildin þó ekki takmörkuð við þann stað. Mjög stórstígar framkvæmdir hafa á síðustu árum verið á þessu sviði, og dvelst veiðimálastjóri nú í Bandaríkjunum til að kynna sér helztu nýjungar í fiskeldi. Þar sem ætla má, að hér geti orðið um mjög arðvænlega atvinnugrein að ræða, virðist ekki ósennilegt, að einkaaðilar kunni einnig að vilja vinna að þessum málum og leggja fram fé til tilrauna í því skyni, og er þrátt fyrir heimild þessa sjálfsagt, að öll slík úrræði séu könnuð til hlítar. En höfuðatriðið er, að framkvæmdir mega ekki dragast óeðlilega.

Í fjárl. þessa árs var ríkisstj. veitt heimild til þess að ábyrgjast allt að 500 þús. kr. lán fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri til þess að gera tilraunir með síldarflutninga frá fjarlægum síldarmiðum. Til flutninga þessara leigðu verksmiðjurnar tvö norsk skip, sem báru hvort um sig 5 þús. hektólítra síldar. Fluttu skip þessi nokkra farma frá síldarmiðum fyrir Austurlandi til verksmiðjanna við Eyjafjörð, og var landað í flutningaskipin beint úr veiðiskipunum. Tilraun þessi bar svo góðan árangur, að ljóst sýnist vera, að mjög auðvelt sé að flytja síldina á þennan hátt frá síldarskipunum, og hefur það að sjálfsögðu, bæði þegar langt þarf að sækja síldina og síldveiði er mikil, hina mestu þýðingu fyrir síldveiðiskipin að geta losnað við síldina á þennan hátt. Því miður hvarf þó síldin svo stuttu eftir að skipin hófu flutninga sína, að leiga skipanna varð þungt áfall fyrir þessar tvær verksmiðjur, enda þótti ekki annað fært en kaupa síldina fullu verði af síldveiðiskipunum, þar sem hér var um fyrstu tilraun að ræða. Þar eð kostnaðurinn við tilraunina skall með fullum þunga á verksmiðjunum, en tilraunin hefur hins vegar almenna þýðingu í sambandi við

flutning síldar á þennan hátt í framtíðinni, þykir sanngjarnt, að ríkið taki á sig umræddar 50 þús. kr. í þetta sinn. N. hefur jafnframt fallizt á að mæla með sams konar ríkisábyrgð fyrir verksmiðjur þessar á næsta ári, en þó með því fororði, að um frekari ríkisstyrk verði ekki að ræða og verksmiðjurnar verði því að greiða þá fjárhæð að fullu. Þar eð flutningur síldarinnar á þennan hátt getur sparað nýja fjárfestingu í síldarverksmiðjum, þótt síldin leggist fjarri núverandi verksmiðjum, þá virðist þjóðhagslega skynsamlegt að greiða fyrir því, að hægt sé að koma við slíkum flutningum.

Ég hef þá rakið þær brtt. n. við gjaldabálk frv., sem virðast gefa sérstakt tilefni til frekari skýringa, og jafnframt vikið að ýmsum atriðum, sem mér sýnast máli skipta í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna almennt. Þar sem það hefur átt við, hef ég jafnhliða vikið að þeim sparnaðarábendingum, sem fram eru settar í nál. meiri hl. fjvn., en allmörg þeirra atriða eru þó enn ótalin, og mun ég víkja að þeim í sem styztu máli.

Bent er á, að spara beri eftir föngum útgjöld við veizluhöld á vegum ríkis og ríkisstofnana. Með þeirri ábendingu er ekki verið að gagnrýna sérstaklega núverandi eða fyrrverandi ríkisstj. í því efni, því að kunnugt er, að einmitt að undanförnu hefur verið reynt að spyrna hér við fótum. Ber vissulega að virða alla viðleitni í þá átt. En ýmsar venjur hafa skapazt í þessu efni, sem erfitt kann að vera að breyta. Auðvitað er ekki hægt að komast hjá ýmiss konar veizluhöldum á vegum ríkisins, einkum fyrir útlenda gesti, því að gestrisnir viljum við Íslendingar vera. En nokkur ástæða virðist þó vera til að álíta, að enn meira hófs og eftirlits mætti hér gæta, og virðist það m. a. vafasöm nauðsyn að hafa jafnan opinber boð fyrir fulltrúa á landsfundum og stéttaþingum, sem jafnvel koma árlega saman.

36 menn munu nú vera í lögregluliði Keflavíkurflugvallar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að halda þar uppi góðri löggæzlu. En með hliðsjón af því, hversu starfsliði þar hefur mjög fækkað, sýnist full ástæða til að athuga, hvort ekki megi einnig fækka í löggæzluliðinu.

Eftirlit með sparisjóðum og opinberum sjóðum eru ekki stórir kostnaðarliðir, en auðvelt ætti að vera að koma við því eftirliti án sérstakra útgjalda fyrir ríkissjóð. Er því æskilegt, að þeirri breytingu verði komið á, strax og fært þykir af öðrum ástæðum.

Safnað hefur verið að undanförnu nákvæmum skýrslum um bifreiðaeign ríkisins, og ýmsar athuganir hafa farið fram á heppilegri skipan þessara mála. Ríkið verður að sjálfsögðu að eiga margar bifreiðar, bæði vörubifreiðar og fólksbifreiðar, til afnota fyrir vissar ríkisstofnanir, svo sem framkvæmdastofnanir ríkisins og lögregluna og ýmiss konar eftirlit. En þörf ríkisstofnana og embættismanna fyrir bifreið er mjög mismunandi, og sýnist full ástæða til að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, hvort ekki sé rétt og hagkvæmt fyrir ríkið að fara meira inn á þá braut að láta starfsmennina eiga sínar bifreiðar, en greiða í þess stað bifreiðastyrki. Málið er þó svo margþætt, að ekki er auðvelt að gera um það ákveðnar tillögur án rækilegrar athugunar í hverju einstöku tilfelli. Mjög mikilli gagnrýni sætir það, hversu ríkisbifreiðar séu notaðar mikið til einkaþarfa viðkomandi starfsmanna. Er hér að sjálfsögðu um misnotkun að ræða, sem í mörgum löndum er tekið mjög hart á. Reykjavíkurbær hefur til aðhalds í þessu efni merkt allar bifreiðar bæjarins, og virðist ástæða til að athuga, hvort hið sama eigi ekki að gera við bifreiðar í eigu ríkisins.

Bent er á, að athugað verði, hvort ekki sé yfirleitt rétt að fylgja þeirri reglu að leita tilboða í öll þau verk, sem ríkið þarf að láta vinna, verði því við komið. Fyrir þinginu liggur nú sérstök þáltill. um þetta efni, og gefst þinginu tækifæri til að marka skoðun sína á málinu í sambandi við afgreiðslu þeirrar till.

Skipulag tollgæzlu utan Reykjavíkur er með þeim hætti, að þar er á ýmsum sviðum breytinga þörf. Kemur þar bæði til greina breyting á staðsetningu tollvarða, og enn fremur sýnist rétt að athuga til hlítar, hvort ekki sé hægt að koma við meiri sameiningu tollgæzlu og löggæzlu, því að tollverðirnir eru í raun og veru ekki annað en löggæzlumenn. Ýmsir tollvarðanna utan Reykjavíkur hafa mjög lítil verkefni, og sýnist hinum almenna borgara það ekki bera vott um neina sérstaka ráðdeild, þegar vitað er, að opinberir starfsmenn hafa ekkert fyrir stafni dögum og jafnvel vikum saman. Á framkvæmd sameiningar eru vafalaust margvíslegir annmarkar, en rétt sýnist að athuga alla slíka möguleika til hlítar.

Bent er á, hvort ekki muni auðið að leggja matvælaeftirlitið niður sem sjálfstæða stofnun og fela eftirlit þetta, sem mun fyrst og fremst vera mjólkureftirlit, iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans. Tel ég ekki ástæðu til að ræða þá ábendingu nánar, en ég hygg, að hæglega sé auðið að gera þessa skipulagsbreytingu og hún geti leitt til nokkurs sparnaðar.

Meginhluti tekna flugmálastjórnarinnar er af Keflavíkurflugvelli, og eru áætlaðar tekjur hans á næsta ári 16.4 millj. kr. Þessar tekjur eru eingöngu af millilandaflugi, og þar sem breytingar og framfarir í flugtækni og flugvélagerð eru mjög örar, þarf að hafa vakandi auga með því, að þessar tekjur gufi ekki upp einhvern góðan veðurdag. Vitað er, að ýmsir millilandaflugvellir hafa háð harða baráttu til þess að tryggja sér viðkomu flugvéla, svo sem Shannonflugvöllur á Írlandi, sem hefur gert margvíslegar ráðstafanir í þessa átt. Þótt engin ástæða sé til að halda, að utanrrn., sem er yfirstjórn flugvallarins, hafi ekki jafnan opin augun fyrir þessari hættu, og þegar hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja viðkomu flugvéla, svo sem með stofnun fríhafnarinnar, þá þykir þó meiri hl. n. rétt að benda á nauðsyn þess, að öll úrræði í þessu sambandi séu athuguð gaumgæfilega, því að hér er um mikið fjárhagsatriði að ræða. Rekstrarkostnaður Keflavíkurflugvallar, sem nemur rúmlega 10 millj. kr., er miðaður við mjög mikla starfsemi á flugvellinum, sem sjá má með samanburði við Reykjavíkurflugvöll, en rekst-

ur hans kostar aðeins 5.8 millj. kr. og verður ríkið þó að kosta viðhald þess flugvallar, en ekki Keflavíkurflugvallar. Er því ljós nauðsyn þess að athuga rækilega, hvort eðlilegt samræmi sé milli tilkostnaðar við flugvöllinn og tekna hans á hverjum tíma.

Full ástæða virðist vera til að athuga, hvort ekki sé auðið að fækka prestaköllum í landinu. Gera má að vísu ráð fyrir, að slíkar breytingar muni víða mæta mótspyrnu, enda varð sú raunin, þegar nokkrar tilraunir voru gerðar í þessa átt, er prestakallaskipunin var endurskoðuð síðast. Engu að síður er ekki hægt að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að víða eru prestaköllin of lítil, og miðað við núverandi starfshætti hafa viðkomandi prestar sáralítið að gera. Samgöngur eru nú víðast hvar orðnar svo góðar, að þær eru því ekki til hindrunar, að prestaköllin séu stækkuð, og mér er nær að halda, að það geti beinlínis orðið prestunum uppörvun í starfi þeirra að fá stærri viðfangsefni og þurfa ekki að nota meginhluta starfstíma síns til veraldlegra starfa. Víða um land verða prestar að sitja stórar og erfiðar jarðir, enda þótt þeir séu alls óvanir búskap, og meginhluti tíma þeirra fer í búskaparamstur. Hin andlegu viðfangsefni prestanna ættu að vera það mikil, að þeir gætu algerlega beitt huga sínum og starfskröftum að prestsstarfinu, og mætti vel hugsa sér launahækkanir þeim til handa við stækkun prestakallanna.

Sumir kunna að segja, að hér sé vegið að kirkjunni, en því fer víðs fjarri. Einmitt vegna sjálfrar kirkjunnar og álits hennar í landinu er það hin mesta nauðsyn að leita nýrra úrræða til þess að gera starf kirkjunnar lífrænna og reyna að vekja áhuga almennings, því að til lengdar hlýtur það að lama áhuga hvers prests að prédika yfir auðum kirkjubekkjum. Er því ekki einmitt full ástæða til að gefa því gaum, hvort ekki eigi að losa prestana við hið margvíslega veraldlega vafstur, sem þeir hafa með höndum víða um land, með því að veita þeim víðara starfssvið? Ekki er víst, að af þessum breytingum leiddi mikla fækkun presta, því að senn kemur að því, að fjölga verður prestum, þar sem þéttbýlið er mest. En fyrir ríkið mundi þó margvíslegur sparnaður af þessu verða, m. a. vegna fækkunar prestssetursjarða og embættisbústaða. Þetta mál ætti því að athuga rækilega og að sjálfsögðu hafa um það samráð við biskup landsins.

Ýmis sérþing eru nú haldin, sum árlega, sem algerlega eru kostuð af ríkissjóði. Má í því sambandi nefna búnaðarþing, fiskiþing og kirkjuþing. Vafalaust gegna þing þessi þýðingarmiklu og nytsömu hlutverki. En hætt er þó við, að ýmsar aðrar ráðstefnur telji sig engu ómerkari og njóta þó ekki slíkra fríðinda. Full ástæða virðist vera til að athuga, að hve miklu leyti eðlilegt sé, að ríkissjóður beri kostnað af þingum þessum, eða a. m. k. sé athugað, hvort ekki sé þá rétt að setja starfstíma þessara þinga ákveðin mörk, svo sem t. d. er um kirkjuþing.

Árlega verður ríkið að leggja fram mikið fé til bygginga og viðhalds á ríkisjörðum, en ekki er sjáanlegt, að neinar tekjur séu af þessum jarðeignum. Sjálfsagt virðist vera að reyna að selja þær þessara jarða, sem þarf ekki að nota sem embættisbústaði eða eru sérstaklega verðmætar vegna einhverra hlunninda, sem telja má mikilvægt fyrir ríkið að eiga.

Loks bendir n. á nauðsyn þess að endurskoða gildandi ákvæði um embættisbústaði og verði í því sambandi sérstaklega athugað, hvort ekki sé hægt að komast af án sérstakra embættisbústaða í stærstu kaupstöðum landsins, þar sem húseignir eru í fullu verði. Embættisbústaðir eru víða um land óhjákvæmilegir. En sannleikurinn er hins vegar sá, að embættisbústaðir eru embættismönnum hálfgerð hefndargjöf, og ég hygg, að margir embættismenn mundu fremur kjósa það að fá aðstoð í lánaformi til þess að koma yfir sig húsi, heldur en að fá embættisbústað, sem þeir verða að hrökklast úr, er þeir hafa náð aldurshámarki embættismanna. Fækkun embættisbústaða mundi hins vegar spara ríkinu verulegt fé.

Ég mun þá gera grein fyrir þeim meginatriðum, sem tekjuáætlun frv. er byggð á, og brtt. n. í sambandi við hana.

Þegar fjárl. fyrir 1960 voru endanlega afgr., var að vísu komið alllangt fram á fjárhagsárið, en engu að síður var mjög mikil óvissa um tekjuhorfur á árinu vegna gengisbreytingarinnar og þeirra áhrifa, sem hún hlaut að hafa, fyrst og fremst á innflutninginn. Af hálfu stjórnarandstæðinga var því þá haldið fram, að tekjuáætlun fjárl. væri allt of lág, og fluttu fulltrúar Framsfl. þá till. um stórfellda útgjaldahækkun með þeirri röksemd, að tekjur ríkissjóðs hlytu að verða 100—200 millj. kr. hærri en fjárl. áætluðu. Fjárlagaárið er að vísu enn ekki liðið, en allar líkur benda til, að eigi aðeins reynist fullyrðingar stjórnarandstöðunnar um of lága tekjuáætlun fjárl. rangar, heldur verði tekjur ríkissjóðs einnig beinlínis lægri en fjárl. gera ráð fyrir. Þegar þess er gætt, að tekjuáætlunin var við það miðuð, að gengisbreytingin hefði gilt allt árið, lætur þó nærri, að áætlunin standist. Hér kemur og á móti, að útgjaldahækkanir á ýmsum liðum voru einnig við það miðaðar, að gengisbreytingin gilti allt árið. Eru því allar líkur til, að bæði tekjur og útgjöld ríkissjóðs verði undir áætlun fjárl. En hvort greiðslujöfnuður næst, er enn vafasamt, og það virðist a. m. k. ljóst, að um greiðsluafgang verði ekki að ræða.

Þegar tekjuáætlun fjárl. fyrir yfirstandandi ár var gerð, var byggt á greiðslujafnaðaráætlun, sem gerði ráð fyrir 225 millj. kr. innflutningi á árinu á nýja genginu, að frátöldum innflutningi skipa og flugvéla. Var það um 20% lækkun innflutnings frá árinu 1959. Að því er tekjur af þessum innflutningi snerti, var fylgt áætlun um samsetningu hans, er hagstofan hafði gert. Sú áætlun var byggð á reynslu ársins 1958, þar sem sundurliðun innflutningsins 1959 lá ekki fyrir, þegar áætlanirnar upphaflega voru gerðar, og síðan valdar ákveðnar forsendur um það, hver áhrif efnahagsráðstafanirnar mundu hafa á samsetningu innflutningsins.

Eins og fram var tekið í nál. meiri hl. fjvn. þá, voru allar þessar áætlanir háðar mikilli

óvissu, þar sem ekki var hægt að vita nema með ágizkunum, hver áhrif efnahagsráðstafananna á heildarverðmæti og samsetningu innflutningsins mundu verða.

Á grundvelli ýtarlegrar athugunar, sem gerð var nú í nóvembermánuði, er áætlað, að innflutningur ársins 1960 verði um 2513 millj. kr., en það er um 10% meiri innflutningur en fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Stafar þetta eingöngu af miklum innflutningi á fyrsta ársfjórðungi, þ. e. a. s. rétt á undan og rétt á eftir að efnahagsráðstafanirnar komu til framkvæmda. Aftur á móti reyndist innflutningurinn í mánuðunum apríl—október 20% lægri en á sömu mánuðum ársins 1959, og er það sami samdráttur innflutningsins og áætlanir höfðu gert ráð fyrir á öllu árinu.

Þrátt fyrir þessa aukningu innflutningsmagnsins verða tolltekjurnar minni en gert var ráð fyrir. Er orsökin fyrst og fremst sú, að mun meira hefur dregið úr innflutningi hátollavara en áætlað var, þannig að hverjar 100 kr. innflutnings gefa af sér 10% minna í vörumagnstolli og verðtolli og 7,7% minna í söluskatti en reiknað hafði verið með.

Þar sem upplýsingar liggja enn ekki fyrir um tvo síðustu mánuði yfirstandandi árs, verður auðvitað að áætla innflutning og tolltekjur þeirra. Hefur í þeirri áætlun verið gert ráð fyrir, að innflutningurinn þessa mánuði verði 16% lægri en í sömu mánuðum ársins 1959, og er það í samræmi við lækkun innflutningsins í mánuðunum ágúst—október. Að því er tolltekjur þessa innflutnings snertir, hafa verið valdar tvær mismunandi forsendur. Önnur er sú, að hverjar 100 kr. innflutnings í mánuðunum nóvember—desember gefi af sér sömu tolltekjur og í mánuðunum janúar—október 1960, en hin, að hverjar 100 kr. innflutnings í mánuðunum nóvember og desember gefi af sér hlutfallslega jafnmiklu hærri tolltekjur en í mánuðunum janúar—október og þær gerðu á árinu 1959. Er hér um að ræða hinn hagstæðasta og óhagstæðasta möguleika um innflutning á þessum mánuðum, og hefur verið tekið meðaltal þessara áætlana. Er líklegt, að sú tala sé raunhæf.

Þessi áætlun um innflutninginn 1960 og tolltekjur ríkissjóðs á honum hefur verið lögð til grundvallar við áætlun tollteknanna á næsta ári. Hefur efnahagsmrn. gert áætlun fyrir 1961, þar sem gert er ráð fyrir, að innflutningurinn það ár verði 2400 millj. kr., þ. e. a. s. 16% minni en innflutningur ársins 1959 og 4.5% minni en hinn áætlaði innflutningur ársins 1960. Er jafnframt gert ráð fyrir sömu samsetningu innflutningsins og á yfirstandandi ári, þannig að hverjar 100 kr. í innflutningi gefi af sér sömu tekjur í aðflutningsgjöldum og áætlað er að þær gefi á árinu 1960.

Áætlun hefur einnig verið gerð um alla aðra tekjuliði ríkissjóðs á yfirstandandi ári. Virðast þeir ætla að standast áætlun fjárlaga, nema hvað einn lið ur bregzt verulega, og er það leyfisgjaldið, sem gert er ráð fyrir að gefi í ár aðeins 16.5 millj. kr., en áætlun fjárl. er 53 millj. Er orsökin mikill samdráttur í innflutningi bifreiða, sem m. a. stafar af því, að af viðskiptaástæðum hefur orðið að takmarka bílainnflutninginn við rússneskar bifreiðar.

Tekju- og eignarskattur mun í ár væntanlega gefa töluvert meira en fjárl. gerðu ráð fyrir, en ástæðan er eingöngu sú, að innheimtan hefur gengið betur vegna skattalagabreytingarinnar á þessu ári og veruleg upphæð komið inn af vangoldnum skatti frá fyrra ári. Getur því eigi orðið um slíkar viðbótartekjur að ræða á þessum lið á næsta ári, auk þess sem hætta er á enn frekari skerðingu vegna fyrirhugaðrar skattalagabreytingar á þessu þingi.

Í tillögum meiri hl. fjvn. er lagt til að hækka ýmsa liði aðflutningsgjalda um samtals 35.8 millj. kr. Er þá þanþol tekjumöguleikanna teygt til hins ýtrasta á öllum liðum, og verður innflutningur þó raunar að verða nokkru meiri en áætlun efnahagsmrn. gerir ráð fyrir, ef áætlunin um tekjur af aðflutningsgjöldum á að standast. Er því ljóst, að hér er teflt á svo tæpt vað, að ekki er hægt að gera ráð fyrir nokkrum tekjum til þess að mæta umframgreiðslum á fjárl., og verður því að forðast þær, svo sem raunar hefur verið gert á yfirstandandi ári. Verði því útgjöld ríkissjóðs aukin umfram það, sem till. fjvn. gera ráð fyrir, er næstum algerlega öruggt, að um greiðsluhalla verður að ræða á næsta ári.

Samkvæmt tillögum fjvn. hækka útgjöld frá fjárlfrv. um 34184944 kr., og samkvæmt till. meiri hl. n. hækka tekjuliðir frv. um 35.8 millj. Verður þá greiðsluafgangur á frv. samtals 2431797 kr.

Nokkur erindi bíða enn óafgreidd hjá n. til 3. umr. auk endurskoðunar á 18. gr. frv., sem að venju bíður 3. umr. Till. um styrki til flóabáta og vöruflutninga munu gerðar af samvinnunefnd samgöngumála.

Herra forseti. Ég hef þá rætt þau atriði í sambandi við athugun fjvn. á fjárlfrv., sem ég tel mestu máli skipta. Tillögur meiri hl. n. byggjast í grundvallaratriðum á því, að auðið sé að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl., en greiðsluhallalaus ríkisbúskapur er ein af þeim óhjákvæmilegu forsendum þeirrar efnahagslegu viðreisnar þjóðfélagsins, sem nú er unnið að.

Ég vænti þess, að þrátt fyrir ágreining um einstök atriði séu allir hv. þm. sammála um mikilvægi þess að hafa greiðsluhallalausan ríkisbúskap og afstaða þeirra til afgreiðslu fjárl. nú miðist við það. Því miður er ekki auðið að fella niður neinn af núverandi tekjustofnum ríkissjóðs, ef auðið á að vera að hafa hallalausan ríkisbúskap á næsta ári, en að sjálfsögðu ber að stefna að því að framkvæma tollalækkanir, strax og fjárhagsafkoma ríkissjóðs leyfir.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Eins og hv. form. fjvn. tók fram, þá skildi leiðir í n., þegar kom að því að afgr. málið til 2. umr. Svo mun og vera venja um störf fjvn., og er ekki nema eðlilegt, að svo sé. Ástæðan til þess, að fjvn. klofnar um afstöðu til fjárlagafrv., er ekki sú, að störf n. sem slíkrar gangi með vandræðum, meðan þar er starfað saman. Nm. hafa yfirleitt þann hátt á

að geyma deiluatriði sín, þangað til kemur út í þingsalina, og gera þar grein fyrir mismunandi skoðunum. Mér er það því ljúft að endurgjalda formanni þakklæti fyrir störf í n. svo og öllum öðrum nm. fyrir hönd okkar framsóknarmanna.

Eins og venja er til, gerði frsm. meiri hl. grein fyrir þeim till., sem talið er að n. standi sameiginlega að. Þessar till. eru, eins og venja er til, flestar bornar fram af meiri hl., ýmist erum við þeim fylgjandi eða látum þær afskiptalausar, þó að við höfum líka óbundnar hendur um að vera í andstöðu við sumar þeirra. Þannig er aðild okkar einnig að þeim till., sem frsm. meiri hl. hefur gert grein fyrir nú. Sumar þessar till. eru þó okkar till. ekki síður en hinna. Vil ég geta þess í sambandi við till. um skólamálin, að það eru sameiginlegar till. Það var aðeins einn skóli, sem við höfðum óbundnar hendur um afgreiðslu á hér í þinginu. Það var Eiðaskólinn. Ekki var það vegna þess, að ekki væri vilji í n. fyrir að leysa hans mál líka, en möguleikar voru ekki, og eru því nm. í minni hl. óbundnir af afgreiðslu þess máls.

Ýmsar fleiri till. eru hér nefndar, sem meiri hl. gerði grein fyrir, sem eru einnig okkar till.

Í fyrra gerðum við tilraun til þess að fá hækkað framlag til nýbyggingar Landsspítalans. Við gerðum þá einnig till. um að fá fjárveitingu til ræktunarvélanna og fleiri till. án árangurs. Nú hefur n. öll tekið þessar till. upp, og ber að fagna því, að svo skuli vera. Að vísu er þar að sumu leyti of skammt gengið, en viðleitnin er það, sem metið verður í þessu sambandi.

Um þær till. aðrar, sem á þessu þskj. eru, ætla ég ekki sérstaklega að ræða, heldur vitna til þeirrar grg., sem við höfum gert fyrir afstöðu okkar til þeirra.

Það vakti athygli mína nú um síðustu helgi, að Morgunblaðið minntist þess einu sinni enn með nokkrum söknuði, að tvö ár væru þá liðin frá því, að hin ágæta ríkisstj. fór frá völdum, vinstri stjórnin. Það er í sjálfu sér ekki nýtt að heyra úr herbúðum þeirra sjálfstæðismanna mikið talað um það, að slík stjórn skyldi hætta að starfa hér á Íslandi, og ef maður fer að skoða þetta betur, þá er hægt að lesa á milli lína mikinn söknuð yfir því, að þessi ágæta stjórn skyldi þurfa að hætta sínu starfi. Svo gengur þetta langt, er þeir Morgunblaðsmenn minnast vinstri stjórnarinnar, að þeir gleyma alveg sínum eigin afrekum, og er það lengra gengið en venja er í stjórnmálunum yfirleitt.

Í sambandi við þetta er rétt að minnast á það, hvernig stjórnarandstaðan starfaði á þeim árum, sem þessi stjórn sat í landinu. Við heyrum stundum talað um það nú, að hér sé óábyrg stjórnarandstaða. En hvernig var nú stjórnarandstaðan þá, og hvernig er hún nú? Ég mun síðar koma að stjórnarandstöðunni nú. En ég vil minna á það, að 1958 voru gerðar hér ráðstafanir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þær voru gerðar af knýjandi nauðsyn, og þær voru gerðar til þess að leysa málefni þjóðarinnar á farsælan hátt. Það er hægt að leiða rök að því, að ef þær aðgerðir hefðu fengið að njóta sín, þá hefðu þær orðið þjóðinni til mikillar gæfu. En þá var það stjórnarandstaðan á Íslandi, sem vildi ekki una þeim aðgerðum, heldur gekk þá mjög fram í því að reyna að eyða þeim og fékk til þess stuðning frá nokkrum hluta stjórnarliðsins.

Þetta vildi ég minna á nú í sambandi við þessar hugleiðingar Morgunblaðsins og söknuðinn yfir vinstri stjórninni, þ. e. a. s. falli hennar.

Þá er líka rétt að athuga það, hvenær ríkisstj. á að hætta að starfa. Auðvitað verður hún að hætta að starfa, ef hún hefur ekki þingfylgi. En hún á líka að hætta að starfa, leggja niður völd sín, ef hún gerir sér það sjálf ljóst, að hún getur ekki leyst þau verkefni, sem hún ætlaði að leysa. Þjóðarinnar vegna á hún þá að leggja niður völd til þess að gefa öðrum kost á að leysa þau mál, sem hún ætlaði sér að leysa, en tókst ekki.

En hvernig stendur nú á því, að það er alltaf að skjóta upp þessum sorgartón yfir fráfalli vinstri stjórnarinnar? Þegar við lítum á fjárl.frv. það, sem nú er til afgreiðslu, þá er ástæðan skýrð. Frá því að vinstri stjórnin fór frá fyrir tveim árum, hafa fjárl. hækkað um 700 millj. kr., ef tekin er niðurstaða þess fjárlfrv., sem hér er til 2. umr. Því var þó haldið fram, þegar fjárl. ársins 1958 voru lögð fyrir, að fjárl. væru þá orðin uggvænleg vegna þess, hve þau væru há. Síðan hafa þau hækkað yfir 80%, um 700 millj. kr. Það er ekki undarlegt, þó að það kenni víða saknaðar, þegar þess er minnzt, að einmitt fráfall vinstri stjórnarinnar er tildrögin til þess, að þróun fjármálanna hefur orðið svo óheillavænleg sem raun ber vitni um.

Í sambandi við fjármál vinstri stjórnarinnar og þeirra ríkisstj., sem voru hér á undan þeirri valdasamsteypu, sem nú fer með völdin í landinu, og í tilefni af því, sem hv. form. fjvn. drap hér á í upphafi máls síns, þá vil ég minna á það, að á árunum 1950—58, þau ár, þegar fjmrh. var úr hópi Framsfl., lækkuðu skuldir ríkissjóðs um yfir 76 millj. kr., að frádregnum sjóðum. Greiðsluafgangur þeirra ára var nettó 239 millj. kr. Honum var ekki eytt, eins og form. fjvn. gat um áðan. 133 millj. var úthlutað hér á Alþingi til nytsamra verka í landinu. Þar fengu sjóðir Búnaðarbankans til uppbyggingar í landbúnaði 52 millj. Þar fengu húsnæðismál, fiskveiðasjóður og verkamannabústaðasjóður og fleiri slíkar stofnanir í kaupstöðunum aðrar 52 millj., bjargráðasjóður 10 millj. og ýmsar framkvæmdir, svo sem hafnarframkvæmdir, skólaframkvæmdir og slíkar, til þeirra var varið 18 millj. kr. Greiðsluafganginum 1958 var hins vegar varið í rekstrargjöld ríkissjóðs, eins og kunnugt er í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og fjármálastjórn 1959. Eignaaukning ríkissjóðs mun hafa verið þetta tímabil um 1000 millj. kr. Beinir skattar voru stórlækkaðir frá því, sem þeir voru, þegar fjármálaráðherra Sjálfstfl. fór með þá, en svo vill til, að flestar skattahækkanir í þessu landi eru frá þeim tíma, þegar Sjálfstfl. átti fjmrh. Einmitt voru það skattarnir af lágtekjunum, sem fyrst voru lækkaðir, og það, sem mest

er um vert um þetta tímabil, er það, að afkoma þjóðarinnar í heild batnaði jafnt og þétt eins og afkoma ríkissjóðs. Það hélzt í hendur, og það er hið ánægjulegasta við þetta tímabil. Það er því ekki að undra, þó að enn þá heyrist harmagrátur jafnvel í hinum mestu andstæðingum vinstri stjórnarinnar yfir falli hennar, enda hefur sýnt sig, hvað það hefur kostað þjóðina.

Þennan inngang mun ég láta nægja um fjármál þjóðarinnar almennt á fyrri árum, en snúa mér að því að ræða þau viðfangsefni, sem nú er við að etja, og þá ætla ég að víkja fyrst að fjárlögum þeim, er nú eru í gildi, fjárl. fyrir árið 1960.

Eins og fram kom í ræðu hv. form., er nokkuð óljóst enn þá, hver afkoma ríkissjóðs kann að verða á þessu ári, enda er það ekki nema eðlilegt, þar sem það er ekki enn liðið. Þegar tekjuáætlun var hér til umr. fyrir fjárlög 1960, þá gerðum við ráð fyrir því, framsóknarmenn, að afkoma ríkissjóðs á þessu ári yrði verulega góð, og það var líka skoðun stjórnarsinna, að þannig mundi verða. Hins vegar var um það deilt, hvort ætti með afgreiðslu fjárlaga að ákveða, hvernig nota skyldi þann væntanlega greiðsluafgang, sem reiknað var með, eða geyma sér það þar til síðar og hann að vera í umsjá ríkisstj.

Ástæðan til þess, að við álitum, að greiðsluafgangur hlyti að verða verulegur á þessu ári, var í fyrsta lagi sú, að vitað var, að innflutningur í janúar- og marzmánuði var geysilega mikill, meiri en venja hafði verið. Okkur taldist því til, að samdrátturinn yrði óeðlilega mikill seinni hluta ársins og meiri en hægt væri með nokkru skynsamlegu móti að gera ráð fyrir, ef tekjuáætlun ríkissjóðs ætti ekki að skila afgangi. Þá var á það bent, að gert væri ráð fyrir því, að meira frelsi yrði gefið í viðskiptum þjóðarinnar en áður. Ef þessi staðreynd hafði við rök að styðjast, hlaut hún einnig að leiða til þess, ef ekki kæmi annað til, að viðskiptin yrðu örari og meiri. Í öllum umr. stjórnarsinna um kjaramálin var því haldið fram, að kjaraskerðingin mundi ekki fara fram úr 3%. Ef þetta fékk staðizt, var vitanlegt, að það var óhugsandi, að innflutningurinn drægist saman um 20%, jafnhliða því sem meira frjálsræði væri gefið í viðskiptunum. Þessu til viðbótar vil ég geta þess, að í ræðu, sem hæstv. fjmrh. flutti í útvarpið í vor í sambandi við eldhúsdagsumræður, benti hann á það, að staða ríkissjóðs hjá Seðlabankanum væri þá betri en verið hafði áður, svo að tugum milljóna nam. Það sýndi, að hann gerði sér einnig vonir um að fá góða afkomu hjá ríkissjóði á þessu ári. Nú skal ég að vísu ekkert um það segja, hvort niðurstaðan verður önnur en reiknað var með, en það er farið að tala um það, að jafnvel geti orðið halli eða a. m. k. minni tekjur hjá ríkissjóði en gert var ráð fyrir. Það sýnir því, ef svo verður, að samdrátturinn er fyrr á ferð og getuleysið meir ráðandi en jafnvel við gerðum ráð fyrir.

Um tekjuáætlun fjárlaganna fyrir árið 1961 er það fyrst að segja, að þar er í fullum blóma bráðabirgðasöluskatturinn, sem varð hér til á útmánuðum í fyrravetur. Eins og hv. þm. rekur minni til, var það sérstaklega tekið fram í grg. fyrir fjárlagafrv. árið 1960, að ekki væri gert ráð fyrir því að hækka söluskatt í innflutningi. Það þótti vissara, til þess að menn væru ekki í vafa, að taka þetta nú alveg af og sverja nú algerlega fyrir það. Þegar kom fram á góu, birtist frv. um söluskattinn, og þá var hann meira en tvöfaldaður. Þá var tekið fram, að þessi skattur ætti alls ekki að gilda nema árið 1960, og til þess að taka af öll tvímæli, var ákveðið, að hann skyldi heita bráðabirgðasöluskattur. Nú er hins vegar ekki talað um það í grg. fjárlagafrv., hvað tilvera hans er hugsuð langt fram í tímann. Að vísu er ekki farið að birtast hér á hv. Alþingi enn þá frv. um framlengingu hans, en gera má ráð fyrir, að það skjóti upp kollinum á jólaföstunni, svo að ríkissjóður njóti tekna hans, þó að áramótin komi.

Í sambandi við tekjuskattinn vil ég segja það, að eins og formaður lýsti í ræðu sinni áðan, munu tekjur hans reynast meiri á yfirstandandi ári en gert var ráð fyrir. Nú hefur það heyrzt hér meðal þm., að gert sé ráð fyrir, að breyting verði á lögunum um tekjuskatt á þessu ári. Ekki veit ég, hvað sú breyting kann að hafa í för með sér, en á það var bent af ráðuneytisstjóranum í efnahagsmrn. í fjvn., að meiri óvissa væri um tekjur af þessum skatti í ár en verið hefði, m. a. vegna þess, að meiri hluti hans væri nú á félögum, en afkoma fyrirtækja mundi ekki vera góð á þessu ári. Og það verður að segjast eins og er, að þessi ábending hefur við nokkur rök að styðjast. Þegar fjvn. fór að gera sér grein fyrir tekjuáætlun 1961, þurfti hún auðvitað að leita gagna til þess að geta byggt þessa áætlun sína á, og hún fór að spyrjast fyrir um það, hvernig áætlunin á fjárlagafrv. væri upphaflega gerð, og fékk svo vitneskju um það, að endurskoðuð tekjuáætlun mundi birtast nefndinni. Og það gerðist, hún birtist, og ráðuneytisstjórinn í efnahagmrn. gerði grein fyrir henni. Ekki var talið, að gert væri ráð fyrir því að þessu sinni að gera neina innflutningsáætlun, sundurgreinda eftir vöruflokkum. Þess háttar undirbúningur hefur þó verið gerður undanfarin ár, en ráðuneytisstjórinn taldi, að það mundi ekki verða gert að þessu sinni. Áætlunin, sem tekjurnar eru byggðar á, er innflutningur upp á 2.4 milljarða, og gert er ráð fyrir því, að samsetningurinn verði svipaður og hann er á yfirstandandi ári. Þó er það tekið fram í grg. ráðuneytisstjórans, að það sé fullmikil bjartsýni að gera ráð fyrir því, að svo verði, að fyrir ríkissjóð verði samsetningur innflutningsins eins hagstæður og hann er á þessu ári.

Engin áætlun lá fyrir fjvn. um gjaldeyristekjur á næsta ári. Það var heldur engin áætlun um notkun erlends lánsfjár. Það var ekki talin þörf að sýna nú. Hins vegar var nefndin upplýst um það, að tekjur af Keflavíkurflugvelli hefðu farið vaxandi á yfirstandandi ári og mætti gera ráð fyrir því, að sú búbót héldist.

Það, sem mér kemur á óvart í nál. meiri hl., er það, þegar talað er um ýtarlegar gjald-

eyrisáætlanir, sem legið hafi fyrir og meiri hlutinn hafi getað ákveðið sig eftir í sambandi við sína tekjuáætlun. Mér er ekki kunnugt um, að þessi ýtarlega áætlun hafi legið fyrir nefndinni. Það lá fyrir, sem ég hef lýst, og ég hef ekki trú á því, að formaður hafi leynt okkur nefndarmenn því, ef hann hefði fengið ýtarlega grg. frá ráðuneytinu. Ég lít hins vegar svo á, að hér sé verið að reyna að berja í brestina vegna þess, hvað þær áætlanir, sem ráðuneytið lét n. í té, voru ófullkomnar.

Um áætlanir, sem við höfðum við að styðjast í fjvn. um tekjur ársins 1961, mætti í stuttu máli orða á þessa leið, að grg. þeirra hefði verið svona:

Tekjuáætlunin er byggð á sennilegum innflutningi og rekstri rkisstofnana á yfirstandandi ári, sem líklega breytist annaðhvort til hins betra eða verra. Gert er ráð fyrir meiri samdrætti, þ. e. minni neyzlu, á næsta ári. Gert er ráð fyrir, að samsetningur innflutningsins verði þannig, að hann gefi ríkissjóði sömu tekjur og þetta ár. Óvarlegt er þó að treysta því.

Ef grg., sem svona er úr garði gerð, er ýtarleg, þá verð ég að segja það, að hér er fyndni uppi í meira lagi, og ber að virða það, þegar menn hafa hana til að bera, þegar annað skortir.

Þessu til viðbótar má þó geta þess, að tekjuáætlunin var gefin út í þremur mismunandi útgáfum: Í fyrsta lagi í fjárlagafrv. Í öðru lagi endurskoðuð áætlunin, sem ráðuneytisstjórinn lagði fyrir nefndina 24. nóv. Þessar áætlanir eru að vísu ekki mjög frábrugðnar, þar sem heildarniðurstaðan er hér um bil sú sama, en einstaka liðir tekjuáætlunarinnar eru þó nokkuð breytilegir. Í þriðja lagi er svo sú áætlun, sem meiri hl. fjvn. gerir viku seinna og er 30—36 millj. kr. hærri en ráðuneytisstjórinn taldi að nokkur tök væru að teygja tekjuáætlunina.

Ef það er rétt, að tekjuáætlunin 1960 muni ekki standast, og þó hefur það sýnt sig, að innflutningurinn á því ári mun verða meiri en gert er ráð fyrir að innflutningurinn verði á árinu 1961, þar við bætist svo, að gert er ráð fyrir, að samsetningurinn verði óhagstæðari til ríkistekna á næsta ári en hann er á yfirstandandi ári, þá fæ ég ekki skilið, að það sé hægt að hækka tekjuáætlunina um rúmlega 100 millj. kr., eins og gert er. Þess vegna sýnist mér, að tekjuáætlun fjárlaganna muni vera nokkuð laus í reipunum og hæpið, að allir þeir baggar, er þar eru bundnir, komi í garð.

Það, sem vekur svo athygli í sambandi við tekjuáætlunina, er það, að gert er ráð fyrir enn þá meiri samdrætti. Og þá er ástæða til að spyrja: Má gera ráð fyrir því, að samdráttur aukist á næsta ári, getuleysi fólksins verði meira en er á þessu ári? Þar koma þær skýringar, að fram eftir öllu þessu ári og jafnvel enn þá hefur fólkið í landinu búið við vöruverð að nokkru leyti, sem var hér ríkjandi, áður en viðreisninni var komið á. Það má því gera ráð fyrir meiri kjaraskerðingu hjá almenningi í landinu á næsta ári vegna þessa, sem ég hef nú skýrt. Enn fremur er nú þegar að byrja að bera á því, að samdráttur er að verða í atvinnulífinu. Í byggingariðnaðinum er nú farið að bera á atvinnuleysi, og jafnvel víðar er það farið að stinga upp kollinum. Stjórnarliðar hafa þó til þessa lagt á það ríka áherzlu, að ekki væri nú komið atvinnuleysi, svo að ekki hefði sá spádómur rætzt enn þá. En það er nú ekki langt síðan viðreisnin fór að hafa áhrif hér á landi og þessi þáttur einnig að segja til sín. Það má gera ráð fyrir því einmitt á næsta ári, eins og formaður gat um, að tekjuáætlunin sé spennt til hins ýtrasta, ef þær niðurstöður af árinu í ár eru líklegar, sem nú þykja einna líklegastar.

Þetta mun ég láta nægja um tekjuhlið frv. og snúa mér þá að gjaldahliðinni.

Þegar komið er að gjaldahlið þessa fjárlagafrv., rekur mann minni til þess, þegar fjárlagaræða fyrir 1960 var flutt hér á hv. Alþingi. Þá tilkynnti hæstv. fjmrh. nokkra sparnaðarliði, sem hann mundi beita sér fyrir og ríkisstj. að koma í framkvæmd. Hann gat þess þá, hæstv. ráðh., að vegna þess, hve stutt væri nú síðan hann settist í valdastólinn, hefði ekki tími unnizt til að koma sparnaði við, en áður en næstu fjárlög yrðu afgreidd, mundi sparnaðurinn verða sýnilegur. Og í áliti meiri hl. fjvn. var mjög að þessu vikið og talað um að taka þessi mál föstum og raunhæfum tökum, svo að sparnaðarráðstafanirnar yrðu raunhæfar á næsta fjárlagafrv. Og meiri hl. fjvn. hét því að styðja ráðh. vel og drengilega í sparnaðarfyrirætlununum. Það var því ekki laust við, að bæði ég og aðrir biðum þess með nokkurri eftirvæntingu að sjá fjárlagafrv. fyrir árið 1961, þar sem heildarendurskoðun á öllu útgjaldabákni ríkisins hafði farið fram með sparnað fyrir augum. En hvað skeður? Fjárlagafrv., sem við erum með til afgreiðslu hér í dag, er upp á 1588 millj. kr., það er um 87 millj. hærra en fjárlög yfirstandandi árs, og höfðu þau þó tekið verulegan kipp, svo sem kunnugt er. Þessu til viðbótar vil ég svo geta þess, að það er ekki vegna þess, að framlög til uppbyggingarinnar í landinu hafi verið aukin, nema síður sé, og það var auðfundið á ræðu hv. formanns hér áðan, að hann fann sárt til þess, að í fjárl., sem eru jafnhá og þessi, skuli ekki vera meira rúm handa uppbyggingunni í landinu en raun ber vitni um. Stephan G. talar um að „alheimta ei daglaun að kvöldum, því svo lengist mannsævin mest". Fjárlög íslenzka ríkisins eru við það miðuð að éta allt upp að kvöldum. Sú stefna hefði ekki verið heilladrjúg, ef henni hefði verið fylgt fram til þessa.

Þá vil ég næst víkja að því, hvort það hafi verið ástæða til, að fjárlög hækkuðu nú. Ég hef getið um sparnaðaráhugann, sem lýsti sér, þegar fjárlög voru lögð fyrir 1960, og átti að koma í framkvæmd við fjárlagaafgreiðslu 1961. En þessu til viðbótar vil ég leiða nokkur fleiri atriði fram, sem eru sönnun þess, að það var ekki ástæða til þess, að fjárlög hækkuðu nú. Þegar fjárlög fyrir árið 1960 voru undirbúin, var komið fram í janúarmánuð 1960, þess vegna er nú skemmra á milli en venja er til um fjárlagaafgreiðslu. Það hefur líka komið fram við fjárlagaafgreiðsluna nú, að þau fjárlög voru undirbúin með þeim hætti, að gert var ráð fyrir því, að gengisfallið hefði staðið frá upphafi árs-

ins. Þess vegna voru rekstrarliðir fjárlaganna hærri en var reiknað með að þeir komi til með að verða á þessu ári. Eins og kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. fjárlaga nú, gerði hann ráð fyrir því, að rekstrarútgjöld væru víða lægri en reiknað væri með á fjárlögum, og taldi það nýtt í sögunni. Það er ekki af því, að betur hafi verið á þeim málum haldið nú, heldur af hinu, að það var reiknað með hærri rekstrarútgjöldum en ætlazt var til að þau yrðu. Af þessari ástæðu áttu fjárlög þessa árs ekki að hækka, þar sem búið var að gera ráð fyrir áhrifum gengisbreytingarinnar að mestu. Þegar það er svo haft í huga, að fjárlög ársins 1960 hækkuðu hvorki meira né minna en um 356 millj. kr., þegar gerður er sambærilegur samanburður á þeim og næstu fjárlögum á undan, þá var nokkur ástæða til að álíta, að nú yrði spyrnt við fótum og menn færu sér hægt í að hækka fjárlög í næstu lotu. Svo kemur þar ofan á, að yfir var lýst, að fjárlögin yrðu tekin til heildarendurskoðunar með sparnað fyrir augum. Það var því ekki að undra, þó að mörgum hnykkti við, þegar fjárlagafrv. kom með 50 millj. kr. hækkun og nú við 2. umr. með 80—90 millj. kr. hækkun, eins og er líklegt að það verði, þegar það verður afgreitt hér á hv. Alþingi.

Þá munu menn spyrja: En hvernig var með sparnaðargreinarnar 10? Gera þær ekki sitt til þess að draga úr þessum háu fjárlögum? Og nú ber að virða það, sem vel er gert, og þá einnig að athuga tilraunina, sem gerð er á sparnaðargreinunum 10. Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir þessum 10 greinum sérstaklega í fjárlagaræðu sinni á mjög myndarlegan og skemmtilegan hátt, eins og hans var von og vísa. (**Forseti**: Má ég biðja ræðumann að gera hlé á máli sínu?) Sjálfsagt. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn í ræðu minni, er fundarhlé var gert, að víkja að sparnaðartillögunum tíu, er hæstv. fjmrh. lýsti í fjárlagaræðunni í haust.

Er þar fyrst sparnaður á „æðstu stjórn landsins", og hefur engin breyting orðið á því.

Þá er gert ráð fyrir, að vaxtalækkun verði hjá ríkissjóði, 96 þús. kr. Í nál. okkar er gerð grein fyrir því og ég gerði það fyrr í ræðu minni, að þegar Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. Austf., fór með fjármál ríkisins, lækkuðu skuldir ríkissjóðs verulega, og vaxtalækkun er eðlilegt framhald af því, en er hins vegar ekki neitt afrek hjá núverandi valdhöfum.

Þá er gert ráð fyrir, að alþingiskostnaður lækki um eina millj. kr., og segir í grg. frv., að gert sé ráð fyrir styttra þinghaldi. Um alþingiskostnað er það að segja, að hann er jafnan áætlaður, því að ekki er vitað, hver hann kann að verða, og er það greitt, sem hann kostar, hvort sem það er mikið eða lítið. Störf Alþingis metur þjóðin ekki eftir kostnaði, heldur eftir þýðingu þeirra mála, er þaðan eru afgr., fyrir þjóðina. Þetta Alþingi, sem nú situr, hefur verið aðgerðalítið, svo sem kunnugt er. Það mun nú vera búið að afgreiða tvö lagafrv. og eina þáltill. auk nokkurra fyrirspurna. Ríkisstj. hefur ekki gert mikið að því að leggja mál fyrir hér á hv. Alþingi, en hins vegar hafa stjórnarliðar setið á þeim málum, er við í stjórnarandstöðunni höfum flutt, og eru mál okkar nú öll í nefndum. Á fyrstu dögum þingsins var vísað til fjhn. frv. um vaxtalækkunina, sem hefur ekki fengizt afgr. þaðan, og svo er um fleiri mál, að þau eru yfirleitt í meðferð þingnefnda, án þess að nokkuð sé hugsað um að koma þeim áfram til afgreiðslu. Ef þannig er á þingmálum haldið og þinghaldið jafnforustulaust og það er hjá núv. hæstv. ríkisstj., þá má segja með réttu, að það sé ekki þörf á því, að Alþingi starfi lengi. En fyrir íslenzku þjóðina skiptir það mestu máli, eins og ég tók fram áðan, að málefnin, sem það afgreiðir, séu henni giftudrjúg, og það mun hún meta að verðleikum. Eins og forustu Alþingis hefur verið háttað hjá hæstv. ríkisstj., það sem af er þessu þingi, þá mun a. m. k. ekki vegur þess vaxa. Hvort milljónin sparist, það skal ég ekkert um segja.

Þá kem ég þar næst að stjórnarráðinu og utanríkisþjónustunni. Hæstv. fjmrh. lýsti því hér í fyrra, og að vísu hafði fyrirrennari hans í fjmrh.-embættinu lýst því við fjárlagaafgreiðslu 1959, að í utanríkisþjónustunni mætti mikið spara, og var vikið að því í nál. og framsögu meiri hl. fjvn. á síðasta þingi. Það átti í heildarendurskoðuninni, sem fjárl. áttu að fara í gegnum hjá hæstv. ríkisstjórn, sérstaklega að skoða þetta atriði. Og nú sjáum við árangurinn af því við fjárlagaafgreiðsluna hér í dag. Sú breyting, sem hefur verið gerð á utanríkisþjónustunni, er að annað sendiherraembættið í París er lagt niður. Við þetta sparast laun sendiherrans eða réttara sagt staðaruppbótin, sem honum var greidd þar, því að einn sendiherra er tekinn til starfa í utanrrn., svo að launagreiðslur falla ekki niður. En það, sem gerist hins vegar, er það, að kostnaður við önnur sendiráð og utanríkisþjónustuna hækkar meira en þessum sparnaði nemur, svo að til utanríkisþjónustunnar er hærri fjárveiting nú við 2. umr. þessara fjárl. en var á fjárl. yfirstandandi árs. T. d. hækka launagreiðslur við sendiráðið í Kaupmannahöfn yfir 300 þús. kr.

Á Alþingi í fyrra lögðum við Framsóknarflokksmenn fram till. til þál. um endurskoðun á utanríkisþjónustunni. Í þeirri till. var gert ráð fyrir því að endurskoða löggjöfina um utanríkisþjónustuna með það fyrir augum að gera hana ódýrari en raun ber vitni um. Þessi till. var ekki útrædd hér á þinginu, en komin var fram till. frá stjórnarliðinu um að vísa henni til hæstv. ríkisstj. og þá gert ráð fyrir því, að hún hefði þessi mál til sérstakrar athugunar.

Í einni ábendingunni, sem núv. meiri hl. fjvn. gaf ríkisstj. til sparnaðar, er bent á það, að meira megi að gera í utanríkisþjónustunni til sparnaðar, og í tillögum okkar framsóknarmanna er lagt til að gera á þessu nokkrar breytingar, og er það eðlilegt framhald af því, sem við höfum áður gert, bæði með því að flytja þáltill. í fyrra, og einnig kom það fram í framsöguræðu frá okkar hendi við afgreiðslu fjárlaga þá, að stefna bæri að því að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum, og ég hygg, að það sé mál manna, að sú stefna nái fram að ganga á Alþingi, þótt síðar verði.

Nú munu þeir stjórnarliðar e. t. v. halda því fram, að þetta mál sé ekki nógu vel undirbúið

til þess, að af því geti orðið sparnaður úr þessu á næsta ári. En þá er því til að svara, að þeir hafa tvö undanfarin ár rætt um það að vinna að samdrætti í utanríkisþjónustunni og m. a. drepið á það að sameina sendiráð á Norðurlöndum.

Sparnaðurinn, sem við gerum ráð fyrir að verði af þessu í ár, er ekki meiri en svo, að það má reikna með því, að hann geti orðið, þótt málið sé ekki meira undirbúið en enn er, þar sem gert er ráð fyrir, að launaliðirnir haldi sér, en annar kostnaður verði til sex mánaða. Okkar till. er um það, að eitt sendiráð verði og ríkisstj. ákveði staðsetningu þess. Frekari aðgerðir og athugun á utanríkisþjónustunni á að gera, eins og við lögðum til með þáltill. í fyrra, og í því sambandi getur það líka komið til athugunar, hvort einhvers staðar á ekki að taka upp ný sendiráð vegna hagsmuna okkar. Við eigum að miða utanríkisþjónustuna við hagsmuni okkar, en ekki við það form, sem við féllum í, þegar við tókum þessi mál í upphafi og var þá miðað við þau kynni, sem við höfðum haft af þjóðunum áður.

Lítils háttar lækkun er á greininni í heild til stjórnarráðsins og utanríkisþjónustunnar. Greinin er um 42 millj. samtals, en lækkunin er nú við 2. umr. 230 þús., og er það nánast tilviljun, þar sem gert er ráð fyrir, að „annar kostnaður" ráðuneytanna lækki, og getur vel verið, að svo fari, þótt engin vissa sé fyrir því.

Við leggjum einnig til í okkar tillögum, að dregið verði úr sendiferðum og utanförum, svo að kostnaður við utanríkisþjónustuna á þeim lið lækki líka.

Fimmta sparnaðartillagan, sem hæstv. ráðh. talaði um við 1. umr. fjárl. í haust, voru skattanefndirnar, sem eru mikill þyrnir í hans augum. Eins og kunnugt er, hafa undir- og yfirskattanefndir farið með skattamál úti um landið, en skattstofur aðeins verið á hinum stærri stöðum. Tala þessara skattanefnda er, eins og að líkum lætur, nokkuð há, þar sem ein skattanefnd er í hverjum hreppi, og er hér um að ræða 219 nefndir með 657 mönnum. En ef á það er litið, hver kostnaðurinn af þessum skattanefndum hefur verið, þá er það svo, að yfir- og undirskattanefndir kostuðu samkvæmt yfirstandandi fjárl. 2.1 millj. kr., en skattstofurnar 6 millj. Það mun þó hafa verið reyndin, að frekar hafi kostnaður við skattstofur orðið meiri en áætlað hafi verið, en öfugt með skattanefndirnar. Hæstv. ráðh. tilkynnti, að hann mundi leggja til breytingu á þessum málum og væri þar miðað við sparnað. Nú er allt í óvissu um það, hvernig framkvæmdin kann að verða, þar sem ekkert frv. liggur fyrir hér á hv. Alþingi um breytingu á meðferð skattamála, eins og boðað hefur verið. Heyrzt hefur, að hugmyndin sé að láta bæjar- og sveitarsjóði annast kostnaðinn af framtölum, og er það út af fyrir sig ekki sparnaður, þó að gjaldaliðir séu færðir yfir til annarra aðila og látnir auka þeirra útgjöld, en þannig mundi það verða, ef þessi breyting yrði á gerð. Það er ekki heldur séð, hvað væntanlegar skattstofur kunna að kosta, en eins og áður er fram tekið, hafa störf skattanefndarmanna aldrei orðið ríkissjóði dýr. Hins vegar er hér um nokkuð háa tölu nefnda að ræða, og ef hæstv. fjmrh. hefði sérstakan áhuga fyrir því að geta sagt, að hann hefði lagt niður margar nefndir, þá er þarna æskilegt verk að vinna frá hans bæjardyrum séð. En lítil áhrif mundi það hafa til þess að draga úr kostnaði hjá ríkissjóði, þó að þetta yrði framkvæmt.

Sá sparnaður, sem áætlaður er af þessari breytingu, er að mestu leyti étinn upp á greininni, því að hún lækkar aðeins um 270 þús. frá því, sem hún er á gildandi fjárl.

Sjötta sparnaðartillagan var á samgöngumálum. Þar hafði hæstv. ráðh. hugsað sér að spara allverulega. Sparnaður hans átti að vera fólginn í því að lækka til Skipaútgerðar ríkisins um 5 millj. kr. frá því, sem framlag til hennar var í fyrra. Að vísu var þetta ekki nema 3,3 millj. kr. sparnaður fyrir þessi fjárl., þar sem forstjóri Skipaútgerðarinnar hafði gert ráð fyrir minni halla en yfirstandandi ár, þar sem á þessu ári er óvenjumikill kostnaður hjá Skipaútgerðinni vegna flokkunarviðgerða á skipunum.

Á s. l. sumri fékk hæstv. ríkisstj. hingað norskan sérfræðing, sem dvaldist hér í 10—14 daga, og samdi hann áætlun um strandferðir við Ísland. M. a. er í till. þessa sérfræðings lagt til að selja Esjuna eða að öðrum kosti að láta hana liggja í höfn, en nota hana ekki til strandferða. Taldi sérfræðingurinn, að það mundi verða ódýrara að láta skipið liggja í höfn sem varaskip heldur en að nota það til strandferða. Var þá gert ráð fyrir, að Hekla ein annaðist hringferðir í kringum landið, og reiknað með, að hún yrði í fimm daga í ferðinni með því að lesta og losa. Mun það álit sjómanna, að ekki hafi verið reiknað með því, að vetrarveður yrði henni til tafar. Það vakti eftirtekt í þessum tillögum, að Heklan átti aðeins að koma við á þrem höfnum frá Reykjavík austur um land til Akureyrar. Hins vegar voru litlar breytingar gerðar á viðkomustöðum á Vestfjörðum.

Sparnaðartillögur hæstv. ráðh. munu a. m. k. að nokkru leyti eða jafnvel verulegu leyti hafa verið byggðar á tillögum þessa norska sérfræðings. Þetta álit hans mun þó ekki alls kostar hafa verið álitið æskilegt hér heima fyrir, því að önnur nefnd íslenzkra manna var þá sett í málið til þess að skoða það á nýjan leik. Að vísu hefur fjvn. ekki fengið að sjá það álit, er hún hefur skilað, en það mun þó mál manna, að tillögur norska sérfræðingsins séu að hennar dómi ekki nothæfar. Eins og málið stendur því nú, er það í sjálfheldu, en ekki reiknað með því, að hæstv. ríkisstj. hverfi að því ráði að nota tillögur norska sérfræðingsins, jafnvel þótt hún héldi sig fá þann sparnað, er ráð var fyrir gert, heldur er það von, að starfsemi útgerðarinnar verði með það eðlilegum hætti, að landslýður geti notið þeirrar þjónustu, sem hann þar hefur notið og hefur þörf fyrir. En ef svo á að verða, þá verður ekki hjá því komizt að hækka aftur þennan útgjaldalið í samræmi við það, sem forstjórinn lagði til, og gerum við, 1. minni hl., till. um, að svo verði gert.

Á þessari grein var einnig gert ráð fyrir því

að fella niður framlag til Akraneshafnar, sem hún fékk á s. l. ári, aukaframlag þá. En sú fjárveiting hefur verið tekin upp á nýjan leik, því að ekki þótti álitlegt að athuguðu máli að fella hana niður, enda höfðu aðstæður hafnarinnar á engan veg breytzt til batnaðar.

Til kirkjumála er lækkað um 109 þús. kr. Framlagið til Skálholts var lækkað heldur meira en þetta, en aðrir liðir hækkuðu þá lítið eitt. Ekki hefði þótt að ástæðulausu, þó að þessi fjárhæð hefði verið notuð til þess að bæta hag kirkjubyggingasjóðs, en sá sjóður er mjög fjárvana, svo sem kunnugt er, en hefur mörg knýjandi verkefni. Hins vegar hefur það verið skoðun hæstv. ríkisstj., að ríkið munaði meira um þessa fjárhæð en fátæka söfnuði, sem mun þó ekki vera skoðun almennings í landinu.

Áttunda sparnaðartillaga hæstv. ráðh. var að lækka framlag til atvinnumála. Sú grein hefur nú hækkað aftur í meðförum fjvn., svo að hún er nú hærri en fjárl. eru.

Þeir liðir, sem hæstv. ráðh. ætlaði að spara á, voru fyrst og fremst refa- og minkaveiðar. Talaði ráðh. mjög vel fyrir þessari till. og ætlaði að spara þarna um 1½ millj. Eins og kunnugt er, hafa þessi meindýr verið mjög skaðvæn, bæði bændum landsins og eins þeim, sem eiga veiðivötn og stunda fuglarækt. Minkurinn hefur gert hér stórkostlegt tjón, svo að Alþingi taldi, að ekki væri hægt sliku að una, og voru sett hér lög um það árið 1957, hvernig farið skyldi að því að eyða þessum meindýrum. Ekki orkar það tvímælis, að mikill árangur hefur náðst af þessum lögum, og vænta má þess, ef áfram verður haldið við eyðingarstarfið, eins og gert hefur verið, að þá muni takast að eyða þessum meinvættum og draga úr kostnaði, þegar fram líða stundir. Í sambandi við sparnaðartill. ráðh. vil ég líka benda á það, að þannig mun þessum málum hagað, að greiðsla kemur árið eftir, svo að kostnaður við að eyða þessum meindýrum á árinu 1960 verður greiddur með fjárveitingunni 1961. Ef þarna ætti að verða breyting á, yrði að byrja á því að breyta lögunum, áður en fjárveitingin er lækkuð. Þess vegna mun það einu gilda, hver fjárveitingin er áætluð í fjárl. Það verður að greiða það, sem lögin segja til og áfallið er, eins og nú er um minka- og refaveiðar á árinu 1960, sem koma til útgjalda 1961. Hér er því ekki um sparnað að ræða, heldur er aðeins verið að blekkja með því að gera of lága áætlun.

Annar liður var á þessari grein, sem lækkaður var líka, og það var liðurinn til rekstrar jarðboranna. Lækkunin frá núgildandi fjárl. var 3.6 millj. kr. Raforkumálastjóri hefur þó gert mun hærri till. um fjárveitingu á næsta ári vegna tilkomu borsins til Norðurlands. Þessi liður er, sem kunnugt er, helmingi lægri eða rúmlega það heldur en till. raforkumálastjóra um fjárveitingu. Í því sambandi er talað um að stofna sjóð, sem verði stofnaður með lántöku, og að hann verði látinn bera þann kostnað, sem ríkissjóður greiðir ekki. Þá er talað um, að þegar jarðboranirnar fari að gefa af sér tekjur síðar meir, verði þessi lán endurgreidd til sjóðsins. Ekki er neitt uppvíst um það á þessu stigi málsins, hvort möguleikar eru til þess að koma málinu fyrir á þennan veg, sem lagt er til, eða hvort hér er aðeins um áætlaða tölu að ræða til þess að gera niðurstöðutölu fjárl. lægri. En ekki mundi það vera talin góð búmennska, ef þessi tæki, sem við höfum sótzt svo mjög eftir að fá og það ekki að ástæðulausu, yrðu látin ónotuð, þegar þau eru komin.

Níunda sparnaðartill. er á 19. gr. fjárl., en sú gr. lækkaði um 500 þús. kr., og er það hald manna, að sú lækkun hafi fyrst og fremst verið gerð til þess, að sparnaðargreinarnar yrðu tíu. Í sambandi við þessa grein og það, sem segir í nál. meiri hl. og kom fram í ræðu hv. formanns, vil ég ræða nokkuð frekar um greiðslurnar vegna útflutnings á landbúnaðarvörum.

Í nál. segir frá því, að erfitt hafi verið að fá frá framleiðsluráði áætlun um þann kostnað, sem yrði af þessum útflutningi. Í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á, að fyrir fjvn. lá bréf frá framkvæmdastjóra framleiðsluráðs, sem er frá 26. okt. s. l. Þar skýrir hann frá því, að til útflutningsuppbóta þurfi að ætla á næsta ári 21 millj. 250 þús. kr. Þegar framleiðsluráðinu fóru að berast skýrslur um kjötmagnið frá slátruninni í haust, endurskoðaði framkvæmdastjórinn þessa áætlun sína og sendi þann 1. þ. m. inn til þingsins endurskoðaða áætlun og sýnir hún, að þörfin er 19.8 millj. kr., en áætlun fjárlfrv. 12 millj. Þegar er búið að flytja út $^{6}/_{7}$ hluta af landbúnaðarafurðunum, sem út verða fluttar samkvæmt þessari áætlun, svo að hér er því um þekkta tölu að ræða, en ekki tölu áætlaða út í loftið, og engum vandkvæðum bundið að fá þessa tölu örugga. Svo segir í grg. og kom einnig fram hér í ræðu formanns, að ef meira yrði flutt út en formaðurinn gerir ráð fyrir, þ. e. meira en fyrir þessar 12 millj., þá mundi sparast fé á niðurgreiðslum innanlands. Það mun hins vegar ekki vera, því að það er ekki gert ráð fyrir að flytja út meira af dilkakjöti en svo, að nóg verði eftir til neyzlu hér innanlands. Það hefur einnig verið áætlað og er þekkt tala, hvað gert er ráð fyrir að verði til sölu á innlendum markaði, og er þessi áætlun um útflutningsuppbæturnar umfram það. Hér er því um það að ræða, að það, sem þarf til þess, að við þetta lagaákvæði verði staðið, eru 19.8 millj. kr., en ekki 12, eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Þetta er eins greinilegt og vera má og liggur ljóst fyrir frá hendi framleiðsluráðs. Þess vegna hefði mátt spara sér að lækka um 500 þús. á 19. gr., því að það var nokkurn veginn vitað, að 5 millj. mundu ekki nægja til útflutningsuppbóta.

Framkvæmdafé á 20. gr. er lækkað. Þar er landssímanum látinn bera uppi kostnað við uppbyggingu símakerfisins og greiðslu á afborgunum af lánum, en áður fyrr hefur á þessari gr. fjárl. honum verið lagt fé, og á yfirstandandi fjárl. eru þetta 5.5 millj. kr. Á s. l. vetri voru þjónustugjöld landssímans hækkuð svo gífurlega, að gert er nú ráð fyrir, að hann geti staðið undir þessum kostnaði.

Þá er einnig önnur sparnaðartillaga á 20. gr.

fjárlfrv. Hún er á þann veg að breyta lánum vegna varðskipsins Óðins, og er talið, að ef sú breyting fæst, þá megi lækka liðinn um 3 millj. og 750 þús. kr. Ekki er skýrt frá því í greinargerð frv., hvort þetta muni takast, heldur eru það líkur, og finnst mörgum, að það sé varla ástæða til að draga úr framkvæmdafé 20. gr. frá því, sem er á yfirstandandi fjárlögum, þegar fjárlögin hækka þrátt fyrir það um 90 millj. kr., eins og þau koma til með að gera við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1961.

Þegar þessar sparnaðartill. eru endurskoðaðar, skoðaðar í þeirri staðreynd, sem þær nú eru, og litið er á rekstrarliðina, þá mun sparnaðurinn eða lækkanirnar alls vera 1.8 millj. kr. Og ef betur er að gáð, þá eru flestar lækkunartillögurnar áætlaðar till., svo að mér segir nú hugur um, að það gæti farið svo, að þegar væri búið að gera dæmið upp raunverulega, þá stæðu tvær eftir, það væru vextirnir, sem lækkuðu um 96 þús., og kirkjumálin, sem lækkuðu um 109 þús. Og það má þó segja með réttu, að það munar um minna en 200 þús. kr. sparnað á fjárlögum, sem eru upp á 1600 milljónir.

Það gegnir nokkurri furðu, þegar fjárlögin eru skoðuð í ljósi staðreyndanna, að það skyldi ske við 1. umr. þeirra, að þá eyddi hæstv. fjmrh. megninu af ræðu sinni til þess að tala um sparnað. En staðreyndin er hins vegar sú, að fjárlögin hafa hækkað sem svarar 10 millj. kr. á hverjum mánuði, frá því að afgreiðslu fjárl. 1960 lauk og þar til þessi verða afgreidd. Það er því ekki undarlegt, þó að Morgunblaðið tali um, að það sé dregið úr útgjöldum, og tali svo mikið um sparnaðartill. meiri hl. fjvn., sem enga sparnaðartillögu hefur flutt. Þetta er árangurinn af heildarendurskoðuninni, þar sem „raunhæfum sparnaði" er við komið. Meiri hlutinn fylgir svo stefnu ráðherrans og þylur í nokkrum liðum ábendingar um sparnað. En því er ekki að neita, að manni kemur til hugar, að hann telji, að það sé líklegt, að hæstv. núv. ríkisstjórn verði ekki langlíf og þess vegna geti komið til með, að aðrir framkvæmi sparnaðartill. Og verð ég að segja, að það er von þjóðarinnar, að þar muni hann reynast sannspár.

Þegar hér er komið sögu, er kannske ástæða til að athuga það nokkru nánar, hvort gjaldaliðir fjárlaganna eru ekki þannig áætlaðir, að gera megi ráð fyrir því, að þeir reynist lægri en þau reikna með, og þar muni leynast greiðsluafgangur í verulegum mæli. Nú ætla ég ekki að fara langt út í það, en ég vil þó leyfa mér að benda á nokkra útgjaldaliði, sem áætlun liggur fyrir um að þyrftu að vera hærri en fjárlfrv. gerir ráð fyrir.

Ég drap á það hér áðan, að útflutningsuppbæturnar eru vanáætlaðar um 7.8 millj. Það er tala, sem verður ekki vefengd. Ég drap líka á það, að forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur bent á, að það sé ekki hægt að gera ráð fyrir því, að minni halli verði á rekstri Skipaútgerðarinnar en 13.3 millj. kr., þ. e. 3.3 millj. kr. hærri fjárhæð en fjárlfrv. gerir ráð fyrir.

Um refi og minka er það að segja, að greiða verður þann kostnað, sem áfallinn er, því að kostnaðinn 1960 á ríkið að greiða 1961 og verður að greiða hann, hvað sem áætlað er í fjárlögunum um heildarkostnaðinn. Þó að lögum yrði breytt á þessu þingi, þá er samt ekki hægt að láta þau verka aftur fyrir sig. Til þess að draga úr þessum kostnaði yrði því að byrja á lagabreytingunni, en ekki að byrja á því að áætla lágar tölur.

Jarðboranirnar eru 3.6 millj. miðað við núverandi fjárlög, en yfir 7 millj., miðað við áætlun raforkumálastjóra. Vel má vera, að hæstv. ríkisstj. takist að finna leið til þess að koma þessum málum fyrir á annan veg, en það liggur ekkert fyrir um það nú.

Þá eru í till. raforkumálastjóra 2—3 millj., sem hann telur of lágt áætlað og engar líkur eru til að verði hægt að komast fram hjá.

Landhelgisgæzluna drap ég á áðan. Ekki er heldur vitað um, hvernig með þá greiðslu verður farið.

Á síðasta Alþingi var gerð hér breyting á lögum um landnám ríkisins, þ. e. um styrk vegna húsbygginga í sveitum landsins. Það er engin fjárveiting til þess að framkvæma þetta lagaákvæði. Það mun þó þurfa, ef það á að framkvæmast. Vel má með réttu segja, að ríkið geti komið sér hjá því nú, en þá er lítið gagn að lagabreytingunni.

Þegar þessar greiðslur eru teknar saman, þá munu vera hér fjárhæðir upp á 25 millj. kr.

Þessu til viðbótar vil ég svo geta þess, að hæstv. ríkisstj. hefur lofað að greiða tryggingagjöldin af fiskiskipaflota landsmanna, frá því að gengislögin gengu í gildi. Því er að vísu haldið fram, að útflutningssjóður eigi peninga í sínum fórum, sem geti a. m. k. að einhverju leyti komið til nota við þessa greiðslu á tryggingafénu. Um þann ágæta sjóð er það að segja, að það er svo sem ekki í fyrsta sinn, sem erfitt er að fá upp tölur um, hvernig fjárhag hans sé komið. Það bar oft hér á góma í fyrravetur um fjárhag útflutningssjóðs, og virtist vera nokkuð á reiki. En hvernig sem því er velt fyrir sér, þar sem þetta mál er enn þá allt óljóst, þar sem ekki liggur fyrir, hvað fjárhæðin er mikil, sem tryggingagjöldin kosta, og ekki heldur, hvað útflutningssjóður hefur til þess að greiða þau, þá er ekki gott að segja, hvað ríkissjóður kann að þurfa að kosta þarna til, en litlar líkur eru til þess, að hann komist hjá því að hafa nokkurn kostnað af þeirri ákvörðun hæstv. ríkisstj. að taka upp uppbótakerfið á nýjan leik. Þess vegna sýnist mér, að fjárlagaafgreiðslan sé ekki svo traust sem æskilegt væri, ef upplýsingar um afkomu ársins 1960 eða líkur fyrir afkomu ársins 1960 eru nokkurn veginn réttar.

Ég mun þessu næst snúa mér að því að ræða þær till., sem við gerum, framsóknarmenn, í sambandi við afgreiðslu fjárlaga nú.

Á síðastliðnu ári gerðum við nokkra tilraun til þess að fá verulega hækkun á fjárveitingum til verklegra framkvæmda og sýndum fram á það með ljósum rökum, að fjárveiting til þessara mála gæti ekki um langan tíma staðið svo sem þá var. Hv. formaður fjvn. ræddi þetta allýtarlega hér áðan, og var ljóst af máli hans, að hann hefur áttað sig á því, að hér þarf að

gera breytingu á. Hins vegar fékkst enginn hljómgrunnur fyrir því í fjvn. í fyrra að hækka þessi framlög, þó að nauðsyn bæri til. Að þessu sinni leggjum við ekki fram tillögur til breytingar fjárveitinga til þessara framkvæmda, m. a. vegna þess, að allt er á reiki um tekjuáætlunina og óvíst, hverju má treysta um niðurstöður fjárlaga. Þá var það líka, að á síðasta þingi kynntumst við það vel viðhorfi stjórnarliða til þessara mála, að það var óþarfi að þreyta kapp um að kynnast því á nýjan leik. Við höfum og á þessu þingi lagt fram frv. til breytinga á fjárveitingum til brúa og vega, og það er von okkar, að fyrr en seinna verði það mál að lögum, og ég verð að álíta, að formaður n. hafi átt við það, þegar hann ræddi um það hér áðan, að það yrði að endurskoða þessi mál og gera breytingu á um fjárveitingar til þeirra.

Við mundum hafa beitt okkur fyrir að hækka fjárframlög til ýmissa fleiri málaflokka, ef við hefðum mátt ráða fjárlagaafgreiðslunni og móta hana að okkar skapi. Þær till., sem við berum fram að þessu sinni, eru aðeins miðaðar við það eitt að bæta úr brýnustu nauðsynjum og fjárþörf, til þess að reyna að koma í veg fyrir, að fjárskorturinn verði til þess, að beinlínis sú starfsemi, sem þar um ræðir, bíði tjón af.

Ég vil byrja á því að ræða nokkuð um till. þær, sem við gerum til lækkunar á útgjaldahlið fjárl.

Í fyrsta lagi leggjum við til, að efnahagsmrn. verði lagt niður. Við teljum, að sú reynsla, sem af því ráðuneyti hefur fengizt, gefi ekki ástæðu til, að því sé við haldið, — hér er um aukið skrifstofubákn að ræða, — og það fari illa á því að vera að setja það upp samhliða því, sem talað er um sparnað og samdrátt í ríkisrekstrinum. Það er líka skoðun okkar, að það fari bezt á því, að hver ríkisstj. kveðji sér til ráðuneytis um efnahagsmál þá menn, sem hún treystir til, en þurfi ekki að leita til embættismanna, sem ef til vill eru henni mjög andstæðir í skoðunum um lausn þeirra. Og ég hygg, að sú muni verða reynslan í framtíðinni, að það þyki ekki heppilegt. Þess vegna leggjum við til, að þetta ráðuneyti verði nú þegar lagt niður. Ég get endurtekið það, að við teljum ekki, að þau gögn, sem frá því komu í okkar hendur við þessa fjárlagaafgreiðslu, hafi borið af því, sem áður hefur verið, nema síður sé.

Um utanríkisþjónustuna hef ég rætt áður og þarf því ekki að endurtaka það, en þar leggjum við til, að eitt sendiráð verði á Norðurlöndum og eitt sendiráð verði í París, en ekki aðeins lagður niður sendiherrann, eins og gert er ráð fyrir í till. ríkisstj.

Þá leggjum við til, að dregið verði mjög úr sendiferðum og sendinefndum til annarra landa. Hér er um sparnað að ræða, sem við teljum að þurfi engan undirbúning til að koma við. Það getur ríkisstj. ákveðið á hverjum tíma, hvað hún vill leggja í mikinn kostnað við utanfarir á ráðstefnur, og þess vegna þarf það mál ekki að vera til langrar afgreiðslu. Sama er að segja um till. okkar um að draga úr ýmsum kostnaði hjá ríkisstj. og ráðuneytunum og á 19. gr. fjárlaga. Við erum þar sama sinnis og meiri hl. fjvn., að við viljum láta draga úr veizlum og öðrum óþarfakostnaði, sem hægt er að komast hjá. Og það er alveg ástæðulaust að vera að flytja slíka till. í ábendingarformi, því að hver ríkisstj. getur framkvæmt hana þegar í stað, ef hún hefur vilja til. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til annars en að hv. stjórnarliðar geti lagzt á eina sveif með okkur um að lækka útgjaldaliðina á fjárl. sem öryggi fyrir því, að ekki verði of mikið í þessa liði eytt.

Það má vel vera, að menn telji, að við göngum of langt í að draga úr ýmsum kostnaði. En þá er því til að svara, að hæstv. ríkisstj. gengur að hvers manns dyrum og herðir að fjárhag þeirra, og þá er ekki nema eðlilegt, að þangað sé einnig komið. Við gefum sem sagt hæstv. ríkisstj. hér kost á að sýna sparnaðinn í verki, og við vonum, að hún taki því boði.

Þá leggjum við til, að okkar ágæta Kvíabryggja verði lögð niður á nýjan leik. Okkur finnst það satt að segja of mikil rausn að ætla að leggja 900 þús. kr. í að halda þarna 4—6 mönnum, sem er nú líklegt eftir fyrri reynslu að verði, og teljum, að það sé betur farið að nota þetta fé til annarra hluta.

Þá leggjum við einnig til að fella niður endurnýjun á bifreiðaeign ríkisins, sem talað er um á 20. gr. fjárlagafrv., og teljum, að sá liður eigi að vera hjá viðkomandi stofnunum. — Og sömuleiðis gerum við till. um að fella niður fyrningaliðinn.

Þessar lækkunartill. okkar eru um 13.7 millj. kr.

Útgjaldatill. þær, sem við leggjum til, eru eins og ég áður sagði, aðeins til þess að bæta úr brýnustu þörf, en ekki að öðru leyti miðaðar við það, sem við vildum að svipmynd fjárlfrv. væri.

Í fyrsta lagi leggjum við til, að hækkað verði til Skipaútgerðar ríkisins í þá fjárhæð, sem forstjórinn leggur til í sínum till. Hér er um þessa till. að segja, að ef ekki verður breytt eða dregið úr þjónustu útgerðarinnar, þá er hér bara um raunhæfari áætlun að ræða, því að ríkið kemst ekki hjá að greiða þann kostnað, sem af útgerðinni kann að vera, og þess vegna er það betra fyrir hæstv. ríkisstj. að fá þennan lið hækkaðan nú þegar heldur en þurfa að greiða fé umfram fjárveitingu á fjárlögum.

Við leggjum einnig til að hækka framlag til íslenzkra námsmanna erlendis, og er það út frá þeim vandræðum, sem þeir hafa átt við að búa vegna fjárskorts, og sumir hafa orðið að hætta námi, eftir að gengisbreytingin var gerð.

Við gerðum till. um það í fyrra, að veitt yrði fé vegna kaupa á jarðræktarvélum ræktunarsambandanna, sem fékkst ekki samþykkt þá. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að veita 1 millj. kr. í því skyni. Vitað er, að búið er að kaupa til landsins tvær jarðýtur, og mun kostnaður þeirra vegna vera a. m. k. 800 þús. kr., svo að þessi fjárveiting, sem lagt er til — 1 millj. — er þá sama sem uppétin, þar sem vélasjóður þarf einnig að fá sérstakt tæki, sem hann þarf að nota við skurðgröft á Vestfjörðum, og

gert er ráð fyrir að styrkur til hans muni vera um 200 þús. kr. Till. okkar er því miðuð við það, að hægt sé að kaupa inn aðrar tvær jarðýtur á næsta ári og eitthvað af smærri verkfærum. Hér er um að ræða það allra minnsta, sem við getum gert ráð fyrir að hægt sé að komast af með í sambandi við þetta mál. Það er, sem kunnugt er, þannig vaxið, að það má ekki láta það gerast, að hætt verði alveg að endurnýja þessi ágætu tæki, sem hafa verið svo mikil lyftistöng í okkar landbúnaði, vegagerð o. fl., svo sem kunnugt er.

Þá leggjum við til, að 100 þús. kr. fjárveiting verði til tilraunaráðs búfjárræktar, og er það hækkun vegna nauðsynjar við tilraun, sem búfjárræktarráðið er að gera.

Einnig leggjum við til, að hækkað verði til iðnaðar- og búnaðardeilda atvinnudeildar háskólans og Hestsbúsins um 500 þús. kr. samtals, og er hér líka um brýna nauðsyn að ræða vegna starfsemi þessara stofnana.

Þá leggjum við til, að hækkað verði framlag til fiskileitar um 1 millj. og til síldarleitar og fiskirannsókna um 1 millj. kr. Því verður ekki trúað, fyrr en á reynir, að hæstv. ríkisstj. sjái sér ekki fært að veita þessu máli lið. Í till. frá Fiskifélagi Íslands var farið fram á hærri upphæð en hér er lagt til til viðbótar því, sem er á frv. Þar var bent á það í sambandi við leit að nýjum fiskimiðum, að það væri ætlað að leita fyrir togarana, en afli þeirra hefur verið mjög rýr eins og kunnugt er. Og ég verð að segja það, að það er mjög skrýtin hugsun, sem liggur á bak við það, ef hægt er að veita álíka fjárhæð til vistheimilisins á Kvíabryggju eins og lagt er til að láta það ganga fyrir fiskileit. Þess vegna er það von okkar, að þessi till. nái fram að ganga og það verði hægt þá að jafna hana með því að fella Kvíabryggjuhælið niður.

Þá leggjum við einnig til að hækka atvinnuaukningarféð um 5 millj. kr. Ef sú till. verður samþykkt, þá verður til umráða álíka fjárhæð og var skipt á yfirstandandi ári. Eins og atvinnuhorfur eru nú í landinu, þá virðist það næsta ósennilegt, að minni þörf verði fyrir atvinnuaukningarfé en verið hefur, og ég held, að það verði að teljast hyggilegt að búa sig undir það að þurfa að leggja meira til atvinnumálanna en gert hefur verið og alls ekki minna. Þess vegna er það okkar till., að fjárveitingin verði sú sama sem hún var á yfirstandandi ári.

Þessar till. okkar til útgjalda eru þó aðeins lægri en till. okkar til lækkunar, svo að þær hafa ekki áhrif á niðurstöðutölur fjárlaga, nema 44 þús., sem væru þar til ágóða, og munum við ekkert sjá eftir því að leggja hæstv. ríkisstj. það til.

Ég vil svo segja það, að það er trú okkar og von, að hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðar taki höndum saman við okkur um þessar sparnaðartillögur og að rétta hlut þeirra, sem við leggjum til og brýn nauðsyn ber til að hækka fjárveitingar til.

Þessi fjárlög, sem nú eru hér til afgreiðslu, eru fyrstu fjárlögin, þar sem áhrifa frá efnahagsaðgerðum ríkisstj., „viðreisninni“, gætir. Efnahagsviðreisnin svokallaða hefur nú staðið í 9 mánuði, og þess vegna er áhrifa hennar víða farið að gæta. Hún hefur notið þess — ja, velvilja, ef maður ætti svo að segja, — að það hefur engin tilraun verið gerð til að trufla þau áhrif, sem hún kynni að hafa. Kostir hennar hafa því fullkomlega getað notið sín, og hefur stjórnarandstaðan hagað sér þar á annan veg en gert var sumarið 1958 og ég vitnaði til í upphafi ræðu minnar.

En hver eru áhrifin frá viðreisninni á afgreiðslu fjárlaga og afkomu þjóðarinnar? Það var talið í grg. fyrir efnahagsmálafrv. ríkisstj. í fyrravetur, að viðreisnin mundi skapa fjárhags-, viðskipta- og athafnalífinu traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöll. Eru áhrifin á þann veg, að atvinnu- og viðskiptalíf þjóðarinnar, grundvöllur þess sé traustari, varanlegri og heilbrigðari en verið hefur? Nei, áhrifin eru á allt annan veg. Fjármála- og viðskiptalíf íslenzku þjóðarinnar er nú keyrt í kút. Fram undan er meiri óvissa en nokkru sinni fyrr og meira getuleysi í fjármálum ríkissjóðs og þjóðarinnar. Og ef við lítum út um landsbyggðina, þá blasa áhrif viðreisnarinnar við alls staðar á þennan hátt. Afkoma í sveitum landsins er nú þrátt fyrir góðæri alvarlegri en verið hefur um langt árabil. Atvinnutækin liggja bundin hér í höfn, og gömul atvinnufyrirtæki riða til falls. Minnkandi atvinna er víða að segja til sín og minnkandi viðskipti í viðskiptalífinu. Þetta eru áhrifin, sem blasa við frá viðreisninni, eftir að hún hefur staðið í nokkra mánuði. Og hvað segja stéttirnar í landinu um áhrif viðreisnarinnar? Bændurnir sögðu á sínu þingi: „Efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj. koma hart niður á bændum“. Hvað sögðu útvegsmennirnir um efnahagsaðgerðir ríkisstj.? „Þær leiða af sér lömun þjóðarlíkamans“. Og hvað sögðu verkamennirnir á sínu þingi? „Fyrir hverja er stjórnað? Það er ekki fyrir okkur“, sögðu þeir. Þetta er vitnisburðurinn, sem viðreisnin fær eftir að hafa staðið í nokkra mánuði. Áhrifin eru óvissan og getuleysið. Það eru þessi einkenni og þau áhrif, sem viðreisnin hefur á fjárlagaafgreiðsluna í dag.

Og hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert? Það, sem hún er að gera nú, það er það, að hún er að brjóta niður kerfið, sem hún setti í upphafi þessa árs og átti að vera varanlegt. Hún er að taka aftur upp uppbæturnar með því að borga tryggingagjöldin. Hún lýsti því yfir, að atvinnuvegirnir skyldu standa á eigin fótum. Nú er því hins vegar yfir lýst, að það eigi að gera sérstakar ráðstafanir fyrir atvinnuvegina, þegar þingið komi saman á nýjan leik eftir áramótin. Því var lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að hún mundi engin afskipti hafa af vinnustöðvunum. Hún gaf út bráðabirgðalög, þegar átti að koma til fyrstu vinnustöðvunarinnar, og bannaði vinnustöðvunina. Því var lýst yfir, að aðgerðirnar ættu að vera til frambúðar, en þær hafa skapað glundroða, eins og ég hef þegar lýst. Því var lýst yfir, að það ætti að verða sparnaður í ríkisrekstrinum, en eyðslan stendur alls staðar upp úr, hæstu fjárlög, sem nokkurn tíma hafa verið afgreidd á Alþingi Íslendinga, minna varið til uppbyggingar en nokkru sinni fyrr. Þetta er árangurinn af viðreisn-

inni. Þetta er árangurinn af samdráttarstefnu hæstv. ríkisstj.

Ég sagði það hér í upphafi máls míns, að ríkisstj. yrði að vera þess meðvitandi, hvenær hún ætti að hætta að vera ríkisstj. Þegar ríkisstj. er farin að brjóta niður sín eigin verk, þegar hún er búin að tapa traustinu hjá þjóðinni, eins og núverandi hæstv. ríkisstj. er búin að tapa og ég hef lýst með áliti stéttanna, þá á hún að biðjast lausnar. Þá á hún að biðjast lausnar, því að hún hefur glatað hvoru tveggja: sínum málefnum og trausti þjóðarinnar. Það, sem þjóðinni er nú ljóst, er það, að hún þarf að brjóta á bak aftur samdráttarstefnu ríkisstj., til þess að hún geti aukið framleiðslu sína, til þess að hún geti aukið uppbygginguna í landinu, til þess að þróttmikið framfaralíf geti hafizt á Íslandi á nýjan leik.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka formanni fjvn. og öðrum nm. fyrir ágætt samstarf við undirbúning þessara fjárlaga, og tel ég mér skylt að geta þess, að þrátt fyrir mikinn og djúpstæðan ágreining um málefni, þá hefur aldrei komið til neins ósamlyndis í störfum n. og þau hafa í alla staði gengið snurðulaust.

Á s. l. vetri fékk ríkisstj. meirihlutasamþykki Alþ. fyrir margháttuðum breyt. á efnahagskerfi þjóðarinnar. Þessar breyt. voru fyrst og fremst fólgnar í því, að gengi ísl. kr. var skráð niður, þannig að nú þurfti fleiri ísl. kr. *á móti hverri einingu í mynt erlendra þjóða* en áður hafði þurft. Á var lagður nýr söluskattur, almennur söluskattur, sem nam 3% á alla vörusölu og þjónustu í landinu, og einnig var lagður nýr skattur á innflutning, þótt það væri nú með nokkuð sérstökum hætti og öðruvísi en í upphafi stóð til, þegar þær ráðstafanir voru boðaðar, sem ríkisstj. beitti sér þá fyrir. Þá aflaði ríkisstj. sér í þriðja lagi heimildar til þess að breyta öllum vaxtagreiðslum af lánsfé á þann hátt að taka hærri vexti af lánsfénu en áður höfðu verið leyfðir í ísl. lögum.

Þessir 3 þættir eru aðaluppistaðan í því kerfi, sem ríkisstj. sjálf nefndi viðreisn og taldi að mundi stefna að því, að allt fjárhagslíf Íslendinga kæmist í jafnvægi, framleiðsla mundi geta gengið snurðulaust og þjóðin mundi sigla inn í nýja velmegun.

Að vísu játaði stjórnin, að þessar ráðstafanir mundu ekki þýða blóma, alveg um leið og þær kæmust á. Þær höfðu margháttuð áhrif á greiðslur og tekjur ríkissjóðs. Fjárlög ríkissjóðs, *sem áætluðu tekjur og gjöld á árinu* 1959 1033 millj., hækkuðu við tilkomu viðreisnarinnar upp í rösklega 1500 millj., þ. e. um 45%, og þótt nokkur hluti af þeirri hækkun sé vissulega tilfærsla á milli útflutningssjóðs og ríkissjóðs, þá breytir það ekki því, að sá maður, sem áður þurfti að gjalda ríkinu 100 kr. í skatta og skyldur, þurfti nú fyrir hverjar 100 kr., sem hann áður varð að greiða, að borga ríkinu 145 kr. Þessi hækkun var svo geysileg, að Alþ. hafði ekki fyrr séð framan í neina slíka hækkun. En það vantaði ekki hjá ríkisstj. þá fremur en nú, að hún boðaði það, að í framtíðinni ætti allt að verða betra en það væri nú, og þess vegna var söluskatturinn á innflutning, sem ríkisstj. taldi nauðsynlegt að taka þá til bráðabirgða og nemur 8.8% af tollverði innflutnings, þ. e. a. s. í lögunum er svo skráð, að hann nemi 8%, en þar eð hann leggst einnig á áætlaða 10% álagningu, þá er hann raunverulega 8.8%, — þennan skatt taldi ríkisstj. ekki nauðsyn að hafa á þjóðinni nema til ársloka 1960. Það var að sjálfsögðu mikill léttir fyrir landsmenn, ef svo hefði verið í raun og veru, að þessi skattur gæti fallið niður, eins og áætlað var, um þau áramót, sem nú eru skammt undan. *Efnahagsmrn. ríkisstj. hefur áætlað*, að tekjur ríkissjóðs af þessum skatti muni á einu ári nema 175 millj., þ. e. a. s. álíka mörgum millj. kr. og margar þúsundir íbúa eru í landinu, en það þýðir að sjálfsögðu það, að að meðaltali verður hver þegn þjóðfélagsins, ungur sem gamall, að greiða 1000 kr. á ári upp í þennan skatt, og það skal vissulega viðurkennt, að það hefði verið mikil kjarabót, ef þessu hefði verið létt af þjóðinni, eins og lofað var.

Það var vitað í fyrra, áður en afgreiðslu viðreisnarfrv. var lokið, að í því leyndist a. m. k. 100 millj. kr. reikningsskekkja, að því er varðaði árið 1960. Hér er komin í ljós á þessum eina lið reikningsskekkja, sem nemur a. m. k. 175 millj. kr., og má segja, að framfarirnar í okkar þjóðfélagi séu allstórstígar á þessu sviði, enda þótt nú hafi um sinn kippt úr þeim á öðrum sviðum, því að nú er sem sagt áformað að hlaupa frá þessu loforði og leggja þennan söluskatt á að nýju á árinu 1961, og nú er ekki talað um það, að hann geti lagzt niður um þau árslok. En það er kannske ekki von á því, að um það sé enn talað, því að einhvern veginn hefur ríkisstj. enn ekki haft uppburði í sér til þess að leggja frv. til laga um þetta fyrir Alþ., og eru það vissulega vítaverð vinnubrögð að ætla sér að samþ. fjárlög, sem að svona geysilega miklu leyti eru byggð á tekjustofni, sem engin lög eru til um.

En auk loforðsins, sem af ríkisstj. hálfu var gefið um það í fyrra, að bráðabirgðasöluskatturinn ætti að falla niður við árslok 1960, þá gaf ríkisstj. einnig út langtum fleiri loforð. Ég hirði ekki að rekja þau öll, en vil þó aðeins minna á það, að eitt þeirra til viðbótar því, sem nefnt hefur verið, var loforðið um það, að upp skyldi tekin sérstök athugun á því, hvað væri hægt að spara á fjárlögum, og nú skyldi gangskör gerð að því, að fyrir næstu fjárlög, þ. e. a. s. þau fjárlög, sem við nú erum að fjalla um, yrðu gerðar till. um víðtækan sparnað á rekstrarliðum ríkissjóðs.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hér á Alþ. nú, að úr þessu loforði hefur harla lítið orðið, og verð ég sannast að segja að láta í ljós nokkra undrun mína á því, að eftir að hafa hlaupið svo greinilega frá því loforði og raunar gengið þvert á móti því, skuli ríkisstj. enn og hennar fulltrúar í fjvn. hafa sig upp í það að leggja hér fram á Alþ. og ræða hér í ræðustólum Alþ. með alvörusvip um það, að í framtíðinni standi til að spara geysilega mikið. Eftir þá frammistöðu, sem sýnd hefur verið í því efni, hefði ég talið það sæmilegast, að

menn hefðu verið sem allra fáorðastir um, hvað til stæði á næsta ári. En það hefur nú hver sinn smekk, og kann að vera, að það sé svo með ríkisstj. og hennar fylgismenn í fjvn., að þeir finni ekkert skoplegt við það að boða ofan á það, sem nú hefur skeð, sparnaðartill. í 23 liðum.

Hvað var það þá, sem gerðist í sparnaðarmálum ríkisstj.?

Hér hefur verið boðað, að samdráttur stæði fyrir dyrum á 10 af 14 útgjaldagreinum fjárlaga. Það skiptir ekki mjög miklu máli, á hvað mörgum greinum sparnaðurinn kemur fram. En hitt skiptir nokkru máli, hver hann er. Það er ekki vert að draga fjöður yfir það, sem gert hefur verið í þessa átt. Þegar fjárlagafrv. var lagt fram, kom í ljós, að á því höfðu verið gerðar lækkunartill., sem námu samtals eitthvað nálægt 20 millj. kr. En við hliðina á þeim sparnaðartill. fylgdu aðrar till., og þær voru ekki sparnaðartill. Þær voru til útgjalda, og þær námu 70 millj. kr., svo að hinn lofaði sparnaður varð því enginn. Þvert á móti, það varð 50 millj. kr. aukin eyðsla. Við það bætist svo, að nú í meðförum Alþ. á fjárlagafrv. hefur með samþykki ríkisstj., en mest þó fyrir kröfur ríkisstj. verið gerðar till. um 34 eða 35 millj. kr. aukningu enn við þær 50 millj., sem ríkisstj. hafði sjálf gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins ættu að aukast á næsta ári. Það er þess vegna sýnilegt, eins og tekið hefur verið fram af báðum þeim frsm. fjvn., sem hér hafa talað á undan mér, að fyrirsjáanleg er hækkun fjárlaga a. m. k. um 85 millj., — um 85—90 millj. hefur hv. form. fjvn. sagt, — og er augljóst, að það muni láta nærri. Þegar þess er nú gætt, að þessi hækkun fjárlaga um 85 millj. fer fram án þess, að nokkur minnsta breyt. hafi nokkurs staðar verið gerð á kaupgreiðslum ríkissjóðs, og þar með liggur það hreint fyrir, að hækkanirnar liggja allar í einhverjum öðrum liðum en kaupgreiðsluliðunum, verður ljóst, að það hefur að vísu verið stöðvað, það sem hefur verið kallað kapphlaup kaupgjalds og verðlags. Það hefur verið stöðvað með þeim hætti, að annar keppandinn, þ. e. a. s. kaupgjaldið, það hefur verið bundið niður, en hinum aðilanum í kapphlaupinu hefur verið gefin frjáls braut til hlaupanna. Það er sjáanlega með þessum hætti, sem þeir hv. stuðningsmenn ríkisstj. hafa hugsað sér leikreglur í kapphlaupi, því að þeir virðast vera einkar ánægðir með þetta.

En hvað er þá að segja um þennan 20 millj. kr. sparnað, sem áformaður var og eitt sinn var að brjótast í höfðum þeirra, sem að samningu fjárlagafrv. stóðu? Þessi sparnaður var, eins og áður er sagt, dreifður á margar greinar, og skal ég ekki hirða um að ræða hvern einstakan lið hans. Stærsti sparnaðarliðurinn var þó 5 millj. kr. lækkað framlag til Skipaútgerðar ríkisins. Því hefur hér áður verið lýst, á hverju það byggðist. Það sparnaðaráform byggðist á því, að ríkisstj. fékk sér norskan sérfræðing til þess að gera nýja áætlun um starfsemi og siglingar strandferðaskipanna við Ísland. Þessi áætlun gerði ráð fyrir nokkrum meginbreyt. á starfseminni. Í fyrsta lagi var gerð þar till. um, að Esjan yrði ekki lengur notuð til strandferða. Þá var gert ráð fyrir því, að strandferðaskipið Hekla hætti Norðurlandasiglingum, en sigldi allt árið kringum land og sigldi með geysilegum hraða, færi hringferðina um landið á um það bil 5 sólarhringum, en hætti viðkomu á flestum höfnum. Að vísu átti hún að koma við á fáeinum höfnum, og þar átti að fara fram mikil umskipun á vörum. Og það var einn liðurinn í áætluninni, að vörur allar áttu að setjast í geysistóra kassa í Reykjavík og hífast um borð í skipin í fáum, en stórum slumpum og með sama hætti upp úr skipunum, og lítur þetta á pappír ekki illa út. Ekki varð þó hjá því komizt að bera þessar norskættuðu till. undir íslenzka menn, áður en til framkvæmdanna kom. Það fylgdi með í umsögninni um norsku till., og mig minnir, að hæstv. fjmrh. hafi ítrekað það hér í fjárlagaræðu sinni á þingi, að það stæði svo sem hreint ekki til að skerða neitt þjónustuna við landsmenn með þessari breyt. á tilhögun Skipaútgerðarinnar. En þeir Íslendingar, sem um þetta fjölluðu, sögðu einfaldlega, að til þess að skip eins og Hekla gæti komizt á 5 dögum kringum landið og skilað sínu ætlunarhlutverki, þá þyrfti helzt að haga eitthvað svipað til við Íslandsstrendur og við strendur Noregs, að það væri hægt að sigla innan skerja, en það hafði nú láðst að taka tillit til þess í útreikningunum og samningu hinnar nýju áætlunar, og er því ljóst, að skipið getur í mörgum tilfellum alls ekki komizt hringferð í kringum landið á svo skömmum tíma. Því veldur íslenzkt veðurfar og þau skilyrði, sem við íslenzku ströndina eru. Í öðru lagi er ekki hægt að nota þá aðferð að flytja vörur í stórum vöruflutningakössum nema á þær hafnir, þar sem einhver viðbúnaður er til þess að annast þess háttar uppskipun, sem þannig var áformuð, að enn fremur þurfa bryggjur að vera þannig, að skip geti komizt að þeim á þeim tímum, sem ætlað er, en á það skortir stórlega á flestum þeim höfnum, sem áætlað var. Þá þótti það einnig öllum auðsætt, að lítill sparnaður væri að því að taka skip eins og strandferðaskipið Heklu úr sumarsiglingunum til Norðurlanda, sem gefa verulegan ágóða, og það, sem sparaðist með því, voru að vísu ekki útgjöld, heldur tekjur. Það er þess vegna sýnilegt, að af þessari áætlun getur ekki orðið. Þó að hún verði reynd, þá mun hún ekki spara það fé, sem menn hafa gert sér hugmyndir um. Og sömuleiðis er það á allra vitorði, að ef ætti að taka upp slíka áætlun, þá er það stórkostleg skerðing á samgönguþjónustunni við það fólk, sem nýtur þeirra samgangna, sem Skipaútgerð ríkisins veitir.

En það er vert að minnast á það í þessu sambandi, að þótt áformað hafi verið að þrengja kost Skipaútgerðar ríkisins, þá er raunar annar og hreint ekki svo lítilvægur liður varðandi samgöngur á sjó, sem ríkið veitir fé til, en það er styrkur til flóabáta, en með því að þeir eru allir í einkarekstri, hefur ríkisstj. ekki dottið í hug að reyna að spara neitt á þeim rekstri. Vil ég þó leyfa mér að halda því fram, að hann sé á mörgum sviðum ekki síður gagnrýnanlegur en rekstur Skipaútgerðar ríkisins.

Ég vék að því áðan, að sú hækkun, sem nú

er áformuð á fjárl., komi til með að ske, án þess að nokkrar kaupbreytingar hafi þar verið að verki. Ríkisstj. kýs að auka eyðslu sína um 85 millj., en halda óbreyttu kaupi starfsmanna ríkisins. Ef hér væri farið öfugt að og ríkisstj. hefði haft vilja til hins gagnstæða, að stöðva eyðslu sína, en gjalda fólki það kaup, sem það mætti vera sæmilega haldið með, — því að það er á allra vitorði, að flestir ríkisstarfsmenn eru mjög illa haldnir um kaupgreiðslur, eins og raunar allur þorri landsmanna, sem af kaupgreiðslu þarf að draga fram sitt líf, — þá hefði verið hægt að hækka kaup ríkisstarfsmanna um því sem næst 21%, án þess að upphæð fjárlaga hefði þurft að breytast frá því, sem hún er nú áformuð. En það var reyndar það, sem ríkisstj. vildi forðast, þótt hún vildi auka eyðsluna að öðru leyti.

Fjárlagaafgreiðslan, sem fram fór í fyrra, var fyrst og fremst samkvæmt áætlunum um verkanir viðreisnarinnar. Sú fjárlagaafgreiðsla, sem nú fer fram, er sú fyrsta, sem fer fram í ljósi nokkurrar reynslu af viðreisninni. Og hver er nú reynslan, sem fengizt hefur? Er hún sú, sem boðuð var, eða er hún eitthvað á aðra leið? Ég vil leyfa mér að rekja það örlítið, hvernig tekjustofnar ríkisins standa, að því er upplýsingar liggja fyrir um, en eins og mönnum er kunnugt, þá hefur ríkissjóður mestan hluta af tekjum sínum í formi tolla eða skatta af innflutningi. Innflutningur til landsins er því nátengdur fjárhagsafkomu ríkissjóðs, og eins og hér hefur verið rakið, þá stóð innflutningur með miklum blóma á fyrstu mánuðum yfirstandandi árs. Þá var flutt inn geysimikið magn af vörum og reyndar nokkuð fram eftir árinu, en viðreisnin tók einmitt gildi í febrúarmánuði eða um *mánaðamótin febrúar-marz*, og litlu eftir að hún hafði tekið gildi, þá dró mjög úr innflutningi til landsins. Voru þar tvö öfl að verki: Annars vegar það, að kaupgeta landsmanna fór þá þegar nokkuð minnkandi, enda þótt samdráttar í kaupgetunni færi ekki að gæta verulega, fyrr en leið lengra fram á árið. En það, sem hélt þó innflutningi uppi nokkuð, var það, að ríkisstj. leyfði í samræmi við boðað verzlunarfrelsi í viðreisninni, að heimilt skyldi íslenzkum aðilum að taka hömlulítið viðskiptalán erlendis til skamms tíma, og það var í rauninni ekki fyrr en þau verzlunarlán fóru nokkuð að falla í gjalddaga, sem verulega kippti úr innflutningnum, með þeim afleiðingum, að hann hefur nú dregizt saman nokkru meira en áætlað hafði verið að hann gerði að meðaltali á árinu. Hefur efnahagsmrn. nú gert áætlun um það, hvernig tekjur ríkissjóðs muni standast á því ári, sem nú er að líða. Þegar rn. gerði þetta, hafði það fyrir sér niðurstöðutölur tíu mánaða ársins, en áætlaði, hverjar tekjurnar mundu verða á þeim tveim mánuðum, sem þá voru eftir af árinu eða upplýsingar lágu ekki fyrir um. Rn. áætlaði, að áætlaðar tekjur í fjárl. mundu ekki standast. Það sýndi fram á, að verulegur samdráttur væri í sumum tekjuliðunum af innflutningnum, og í staðinn fyrir það, að fjárlög áætluðu tekjurnar rúmlega 1500 millj., þá kvað rn. upp úr með það, að upp á þetta mundi koma til með að vanta svo sem eins og hálfan fjórða tug millj. Það gerði einnig áætlun að fenginni þessari reynslu um það, hverjar tekjur ríkissjóðs mundu verða á árinu 1961, þ. e. a. s. hvernig hægt væri að áætla tölur tekna á árinu 1961 í þeim fjárl., sem nú eru til afgreiðslu. Niðurstaða rn. varð sú, að í heild mætti svo til ekkert breyta áætlunartölum um tekjur ríkissjóðs frá því, sem þær eru áætlaðar í fjárlagafrv. Eftir þessum áætlunum telja stuðningsmenn ríkisstj. í fjvn. sig ekki þurfa að fara. Þeir hafa sjálfsagt lært það af nokkurri reynslu að taka ekki of alvarlega áætlunartölur úr því rn., og sýnist mér þó, að margt hafi það rn. áætlað ólíklegra en þær tölur, sem það gefur upp nú, og a. m. k. mundi ég ekki þora að halda því fram, að áætlunartölur þess um tekjur á árinu 1961 væru of lágar. Það hefur hins vegar meiri hl. fjvn. gert og byggir sínar tillögur á því. Þetta ósamræmi, sem þarna er á milli áætlana efnahagsmrn. og meiri hl. fjvn., er með öllu óútskýrt og órökstutt, á hverju það raunverulega byggist, og er því greinilegt, að hér er annað tveggja stefnt að afgreiðslu fjárl., sem eru ekki raunhæf og halli kemur til með að verða á, eða þá að ríkisstj. telur sig eiga von einhverra þeirra tekna, sem hún leyfir ekki efnahagsmrn. sínu að gera áætlanir um opinberlega. (**Forseti**: Þar sem ég geri ráð fyrir, að hv. ræðumaður eigi enn eftir að flytja töluvert af sinni ræðu, vil ég biðja hann að láta það bíða, — við frestum fundi nú til klukkan **hálf níu**.) Jú, ég verð við því. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar hlé var gert á fundi, hafði ég farið yfir nokkur þau atriði, sem lutu að almennum hugleiðingum mínum um undirbúning þeirra fjárlaga, sem nú er unnið að. Ég hafði farið nokkrum orðum um það, að þær vonir, sem þjóðinni voru gefnar við setningu fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár, hafa nú brugðizt. Söluskatturinn af innflutningi er endurnýjaður, og sparnaður sá, sem lofað var, hefur ekki staðizt, heldur þvert á móti er nú efnt til nýrra aukinna útgjalda. Ég hafði einnig komið að því, að áætlanir meiri hl. fjvn. um tekjumöguleika ríkissjóðs eru í ósamræmi við áætlanir efnahagsmrn. og engar skýringar þar á gefnar, og leyfi ég mér þá að halda þar áfram, sem frá var horfið.

Í beinu samræmi við það, að hækkandi útgjöld á óbreytt kaup hljóta að þýða versnandi lífskjör hjá fólkinu í landinu, hljóta að þýða það, að á heimilum landsmanna verður að draga saman útgjaldaliði, verður að spara. Sú lagasetning, sem þessu veldur, hefur fyrir fram ekki verið borin undir neinn heimilisföður í landinu sérstaklega sem slíkan, heldur kemur það lagaboð beinlínis sem fyrirskipun til hans, og hann verður að haga rekstri síns heimilis í samræmi við það, sem orðið er. Og með því, sem ríkisstj. að sjálfsögðu gerir bæði með ráðstöfununum í fyrravetur, sem hún hefur nefnt viðreisn, og einnig með þeirri fjárlagahækkun, sem nú er unnið að, er alþýðuheimilunum í landinu beinlínis sagt að lifa í aukinni dýrtíð af óbreyttum tekjum. Maður skyldi nú ætla, að sú ríkisstj., sem þennan boðskap flyt-

ur, vildi sýna einhvern lit á því sjálf að vera heimilum landsmanna fyrirmynd í því að draga saman kostnaðinn. Sá sorglegi sannleikur er þó augljós, að þetta vill ríkisstj. alls ekki. Allt hennar framferði sýnir það, að hún hefur ekki hug á því að draga saman í þeirri starfsemi, sem hún sjálf hefur með höndum. Hún lækkar ekki eyðslu ríkisins, hún lækkar ekki eyðslu ráðuneytanna að neinum teljandi hlut, og auðsætt er, að þar sem hún þó gerir till. í þá átt, er um sýndarmennsku eina og einskæra að ræða. Við skulum taka t. d. þá ráðstöfun, sem ríkisstj. telur vera eina af þeim, sem hún getur stært sig af, sparnað í utanríkisþjónustunni, lagt niður annað sendiráðið af tveimur, sem Ísland hefur til þessa rekið suður í París. Því hefur reyndar verið áður lýst hér, að það er eiginlega ekkert, sem lagt er þarna niður, annað en sendiherraembættið á þeim stað, en í staðinn fá Íslendingar nú þá nýbreytni í embættismannaskipan, að settur verður sérstakur sendiherra í stjórnarráði Íslands, sem sagt sá sendiherra, sem lætur af störfum í öðru sendiráðinu í París, á að verða sendiherra Íslands í stjórnarráði Íslands og taka laun sín þar sem slíkur. Það er sýnilegt, að sú ríkisstjórn, sem gerir till. um slíkan sparnað, hefur engan sparnað í huga. Þess vegna er komið að því, að Alþingi verður að gera það upp við sig, hvort ríkisstj. á að líðast það að leggja sífellt á aukin útgjöld, sem þjóðin á að borga af óbreyttum tekjum, — ég segi óbreyttum, þó að vitanlegt sé, að tekjur muni rýrna vegna þess, að atvinna dregst saman, — hvort sú sama ríkisstj. á að fá leyfi Alþingis til þess að halda öllum sínum eyðsluliðum óbreyttum. Ég held, að tími sé kominn til þess, að Alþingi fyrirskipi ríkisstj. örlítið af svipuðum ráðstöfunum og ríkisstj. með atbeina síns þingmeirihluta hefur á þessu yfirstandandi og síðasta ári fyrirskipað þjóðfélagsþegnunum, ýmist með beinum launalækkunum eða með því að stórauka dýrtíð, en gera jafnframt allar þær ráðstafanir, sem í stjórnarvaldanna hálfu standa, til þess að halda öllum kaupgreiðslum óbreyttum. Þess vegna hefur Alþb. gert um það sínar till., að Alþingi geri á fjárlögum ráðstafanir, sem jafngilda nokkurri fyrirskipun til ríkisstj. um það, að hún verði að draga saman sína eyðslu, og væri þó vert að gera það í stærri stíl en gert er í till. Alþb. Ég kem síðar að því, í hverju þessar till. sérstaklega liggja, um leið og ég fer yfir og útskýri nokkrar þær till., sem ég hef hér gert sem fulltrúi Alþb. í fjvn.

Varðandi þær till., sem fjvn ber fram sameiginlega, þá er vert að taka fram, að Alþb. styður flestar þeirra, þótt það sé óskuldbundið um stuðning við einstakar till. En nokkrum þeirra hefur Alþb. reyndar lýst andstöðu sinni við, svo sem eins og till. um hækkun til íslenzku sendiráðanna erlendis og hækkun á framlagi til skrifstofubyggingar Atlantshafsbandalagsins í París. Það skal tekið fram varðandi tekjuhlið frv., að eins og lýst hefur verið, þá dregur Alþb. það mjög í efa, að hér sé byggt á traustum grunni um þær. Á hinn bóginn verða ekki auðveldlega gerðar till. um það, að tekjuliðirnir verði hækkaðir, innan þess ramma, sem viðreisnin, sem ríkisstj. enn heldur dauðahaldi í þrátt fyrir reynsluna. Innan þess ramma verða tæplega gerðar till. um verulega hækkun. Upphæð fjárlaganna verður þess vegna að vera mál ríkisstj. og hennar fylgismanna við afgreiðslu þessa frv., óuppáskrifað af stjórnarandstöðunni. Hins vegar hef ég miðað till. mínar, sem fylgja nál. 2. minni hl. fjvn., við það, að ekki breyti þær jafnvægi gjalda og tekna í fjárlögunum, sízt til hækkunar.

Ég vil því næst leyfa mér að gera stuttlega grein fyrir þeim till., sem þessu nál. 2. minni hl. fylgja.

Í fyrsta lagi eru gerðar nokkrar brtt. við 10. gr. fjárlaganna. Þær till. miða að því, raunar eins og till. 1. minni hl. fjvn., að sendiráð Íslands á Norðurlöndum, sendiráðin í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Osló, verði sameinuð í eitt sendiráð Íslands á Norðurlöndum og verði því valinn staður þar, sem stjórnarvöldunum þykir tiltækilegast. En það ber á milli till. Alþb. og fulltrúa Framsfl. um þetta atriði, að þeir ætla hinu nýja sendiráði nokkru meira fé til umráða en gert er í till. á þskj. 164. Ég hef ætlað, að það væri nægilegt fé fyrir hið nýja sendiráð að fá helminginn af fjárveitingunni til þriggja sendiráðanna og ætla því 1 880 200 kr., sem er nákvæmlega helmingurinn af því, sem sendiráðin þrjú hafa nú skv. fjárlagafrv. Við þessa ráðstöfun mundi ríkissjóði sparast nákvæmlega 1 880 200 kr.

Þá hef ég gert till. um, að niður verði fellt framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins og einnig sérstakt aukaframlag Íslands til skrifstofubyggingar þess bandalags suður í París, og er það í samræmi við till., sem allir þm. Alþb. hafa flutt hér í þinginu um, að Ísland taki upp hlutleysisstefnu í utanríkismálum og hætti þátttöku í hernaðarbandalagi því, sem nefnt hefur verið Atlantshafsbandalagið. Við þær till., ef samþykktar yrðu, mundi sparnaður ríkissjóðs nema rúmlega 1 millj. kr.

Við 11. gr. hef ég gert till. um, að framlag til ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli lækki um helming, og mundi ríkissjóði við það sparast útgjöld, sem nema 2 051 746 kr. Því hefur hér áður verið lýst mjög réttilega af hv. formanni fjvn. í framsöguræðu hans, að mjög er óeðlilegt, að þessi kostnaður sé svo hár sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, þótt ekki væri nema af þeim sökum, að stórlega hefur nú verið fækkað í því erlenda herliði, sem þessi ríkislögregla á við að stríða, og ætti þess vegna að vera einnig hægt að fækka í þessu lögregluliði.

Ég hef einnig gert till. um það, að stofnun sú, sem í fjárlagafrv. er kölluð vinnuhæli að Kvíabryggju, verði felld niður. Þetta nafn, „vinnuhæli", er í rauninni alrangt. Skuldafangelsi ætti þetta að heita, því að það er það, og ég leyfi mér að draga í efa, að það samræmist íslenzkum lögum, að mönnum sé haldið í skuldafangelsi. Ég vil með engu móti með þessum orðum réttlæta það, að menn svíkist undan merkjum um það að greiða þau gjöld, sem þeim ber að greiða. En auk þess sem hér er um að ræða hlut, sem er ákaflega vafasamur gagnvart íslenzkum lögum, þá er einnig gömul reynsla af því, að á hæli þessu, sem svo er

kallað í fjárlögum, hafa, meðan það var rekið, einkanlega verið innheimtar skuldir eins sveitarfélags, þ. e. a. s. Reykjavíkur, og er mjög óeðlilegt, að ríkissjóður borgi sérstaklega kostnað Reykjavíkur við að innheimta barnsmeðlög og að þetta nái að litlu eða engu leyti til annarra sveitarfélaga. En jafnvel þótt svo væri, að hér væri ekki sveitarfélögum landsins mismunað, þá hef ég þegar tilgreint ástæður fyrir því, að rekstur slíkrar stofnunar er í alla staði fráleitur. Með því að fella niður þennan lið mundi ríkissjóði sparast tæplega 1 millj. kr., þ. e. a. s. 900 þús., sem nú eru áætlaðar til rekstrar þessa skuldafangelsis.

Við 13. gr. fjárlaga hef ég leyft mér að gera nokkrar brtt. 13. gr. fjallar aðallega um samgöngumál. Því er raunar svo farið, að allar verklegar framkvæmdir þarfnast nú miklum mun fleiri króna til þess að geta haldið í horfinu heldur en áður var, þar sem kostnaður hefur mjög aukizt, bæði efniskostnaður og kostnaður við notkun véla. Það er vonlaust eftir þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, að ríkið geti í rauninni haldið í horfinu frá því, sem var fyrir fáum árum, um vegagerð, brúagerð, framlag til hafnarframkvæmda og flugvallagerðar, sökum þess, hve dýrtíðin hefur vaxið. Í þeim efnum hlýtur hið sama að ske hjá ríkissjóði og hjá íslenzkum heimilum, að þar verður að draga saman seglin, einnig í þessum efnum. Þó er það mín skoðun, að með því að gæta hófsemdar á þeim sviðum, sem minna varða í þjóðarbúskap okkar en þessir höfuðþættir, þá væri hægt að afhenda nokkru rýmri fjárhag til vegagerðar, brúagerða, hafnarframkvæmda og flugvallagerðar. Þess vegna hef ég gert nokkrar till. um hækkanir til framlags í þessu efni.

Um nýbyggingu þjóðvega hef ég ekki gert neina brtt., með sérstöku tilliti til þess, að þær 4 millj. kr., sem áætlaðar eru á 20. gr. fjárlaga til samgöngubóta á landi, hafa skv. reynslunni frá s. l. ári að langmestu leyti eða öllu leyti farið til vegagerðar. Þar með tel ég að til nýbyggingar þjóðvega sé ekki eins brýn þörf á framlagsaukningu og til nokkurra annarra þátta á 13. gr.

Ég hef gert till. um það, að framlag til endurbyggingar þjóðvega verði tvöfaldað, hækki úr 800 í 1600 þús. Þörfin í því efni kallar mjög að, enda eru nú fjölmargir þeir þjóðvegir, sem fyrst voru byggðir, orðnir allsendis ófullnægjandi og úr sér gengnir, enda byggðir fyrir allt önnur farartæki en nú tíðkast og með allt annarri og minni tækni. Þess vegna lít ég svo á, að mikil þörf sé á því að leggja fram aukið fé einmitt til endurbyggingar á þjóðvegum.

Varðandi brúargerðirnar hef ég gert till. um hækkun, sem samtals á tveim till. nemur rétt rúmum 2 millj. kr. Á framlagi til nýrra brúa hef ég gert till. um 1½ millj. kr. hækkun eða rúmlega það og til endurbyggingar brúa till. um hækkun, sem nemur ½ millj. kr. eða rétt rúmlega það.

Varðandi þessa liði skal það tekið fram, að að þeim samþykktum mundi ég að sjálfsögðu gera nýjar tillögur um skiptingu á einstakar framkvæmdir, en sé ekki ástæðu til þess að gera það að svo komnu, fyrr en séð verður, hvort Alþingi fæst til að hækka þessar upphæðir frá því, sem þær nú eru í tillögum fjvn., sem raunar eru svipaðar eða hinar sömu og í frv.

Þá hef ég gert tillögu um það, að framlag til vegagerðarinnar til kaupa á vinnuvélum verði tvöfaldað eða aðeins rúmlega það frá því, sem í frv. er, og er það í samræmi við tillögur vegamálastjóra, og vitna ég um nauðsyn þess til ræðu hv. formanns n., sem réttilega gat um það, að þörf vegagerðarinnar til endurnýjunar á verkfærum er í rauninni miklum mun meiri en hér er gert að tillögu og auðvitað margfalt meiri en framlagið, eins og það stendur í fjárlagafrv., gefur nokkrum möguleika til að framkvæma.

Lengi hefur staðið á fjárlögum liður einn til vegagerðar, þ. e. a. s. til styrktar steinsteypu eða malbikun á vegum í kaupstöðum. Þetta framlag nemur samkv. fjárlögum 95 þús. kr. og er svo sárlega lítið, að alveg eins væri hægt að fella það niður eins og láta það standa kyrrt, þar sem það er svo óverulegur þáttur í þessum kostnaði, að það getur engum orðið til hvatningar til framkvæmda í þessum efnum, hvað þá að það geti orðið nokkur stoð um greiðslu á framkvæmdum, ef unnar eru. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að hækka þetta fjárframlag og hef lagt til, að það verði hækkað upp í eina millj. kr.

Varðandi framlag ríkissjóðs til hafnargerðanna, þá er það ákveðið í lögum, að ríkissjóður á að greiða vissan hluta af hafnargerðarkostnaði, ýmist helming eða ⅔ eftir stærð hafnanna, sem unnið er í. Við þetta framlag hefur ríkissjóður illa staðið á undanförnum árum og safnazt stöðugt hærri upphæð, sem ríkissjóður á vangoldið til hafnargerðanna. Það er í rauninni ekkert annað en afgreiða fjárlög með halla að ætla ekki fyrir þessum greiðslum. Auk þess er þeim bæjar- eða sveitarfélögum, sem hafnargerðir hafa á prjónunum, sýnd ákaflega mikil ósanngirni með því að draga þau von úr viti á þeim greiðslum, sem þau eiga rétt á, ekki sízt með tilliti til þess, að öll munu þau annast slíkar framkvæmdir fyrir lánsfé, sem nú verður að gjalda af geysiháa vexti, en vextir af lánum til hafnargerða eru aldrei reiknaðir til kostnaðar við hafnargerðirnar að því er varðar framlagsskyldu ríkissjóðs, og kemur vaxtabyrðin því eingöngu á þau hreppsfélög, sem hafnargerðir hafa á sínum snærum. Ég hef lagt til, þótt það engan veginn komi málunum á réttan kjöl, að hér verði rýmkað örlítið um framlag af hendi ríkissjóðs, þannig að ríkissjóðsframlagið verði hækkað um röskar 2 millj. kr. og verði 15½ millj. í staðinn fyrir 13½ millj. kr. eða um það bil, sem það nú er samkv. till. meiri hl. fjvn. eða till. fjvn.

Við 16. gr. fjárlaga hef ég leyft mér að gera örfáar brtt. Sú fyrsta er varðandi framlag til mjólkurbúa og smjörsamlaga. Um það framlag gegnir um ýmsa hluti svipuðu máli og um framlag til hafnargerða, að í lögum um framleiðsluráð er ákveðið að ríkissjóður skuli greiða vissan hluta af stofnkostnaði mjólkurbúa. Við þetta hefur ríkissjóður illa staðið og liggur fyrir nokkur skuld af hans hálfu til þeirra, sem

mjólkurbú hafa reist, og sérstaklega er það mjög bagalegt fyrir þá, sem nú hafa í hyggju eða eru rétt að byrja á framkvæmdum í þessa átt. Nú er svo ástatt í þó nokkrum sveitum landsins, að þar verður beinlínis að stofna til mjólkurframleiðslu frekar en verið hefur og þar af leiðandi reisa ný mjólkurbú, en þeir, sem að þeim framkvæmdum standa, geta, eins og nú standa sakir, ekki gert sér vonir um að fá ríkissjóðsframlagið greitt fyrr en seint og síðar meir, og er það þess vegna mjög tilfinnanlegt og ekki sízt fyrir það, að í öllum tilfellum, þar sem þetta á við, eiga í hlut fátækir bændur, sem verða beinlínis að taka dráttinn á ríkisframlaginu sem beina kjaraskerðingu, annaðhvort með því að geta ekki komið við þeirri framleiðslu, sem þeim væri hagkvæmust, eða með því að borga óeðlilega hátt verð fyrir flutninga á sínum afurðum. Ég hef þess vegna lagt til, að framlagið til mjólkurbúa og smjörsamlaga verði hækkað úr 95 þús. í 2 millj., og er það í samræmi við útreikninga framleiðsluráðs á því, hver þörfin sé.

Þá hef ég gert tillögur um það, að liðirnir leit nýrra fiskimiða og tilraunir til nýrra síldveiðiaðferða verði styrktir af ríkissjóði með tvöföldu því framlagi, sem fjárlög gera ráð fyrir, eða rétt um það bil. Nemur þessi hækkun, sem ég hér hef gert, nokkuð á 4. millj. kr. Um nauðsynina á þeim hlutum þarf hér ekki langt að ræða. Hún er öllum landsmönnum kunnari en svo. Það hefur verið bent á það, að sérstaklega á togarafloti landsmanna nú í nokkrum örðugleikum, vegna þess að afli hefur ekki verið svo góður sem vænta hefði mátt. Svo var einnig komið á árinu 1957. En með því að þá var hafin mjög skipuleg og stórfelld leit nýrra fiskimiða, þá tókst að finna ný fiskimið, sem björguðu togaraflotanum, og ekki einasta togaraflotanum, heldur þjóðarbúinu að verulegu leyti, og færðu því mjög mikla björg í bú á árunum 1958 og 1959, og raunar hefur þess gætt fram á þetta ár, þótt nú sé tekið að daprast á þeim miðum og nauðsynin á því, að enn ný mið verði fundin, sé máske brýnni nú en nokkru sinni áður.

Á 17. gr. fjárlaga hef ég gert tillögu um, að framlagið til orlofsheimilis verkalýðssamtakanna verði hækkað úr 475 þús. í 1 millj. kr. Það er alkunna, að kaup manna er nú orðið svo lágt miðað við verðlag, að fjöldi manns hefur bjargað sér til þessa á því að leggja á sig aukna vinnu, vinna von úr viti, miklu lengur en venjulegan og lögákveðinn vinnudag. Þótt ýmsir séu nú þeir, sem ekki eiga þess lengur kost sökum rýrnandi atvinnu í landinu, má þó enn gera ráð fyrir því, að þetta verði helzta leið fjölda íslenzkra manna til þess að hafa í fjölskyldu sína og á. En að sjálfsögðu kallar það enn frekar en nokkuð annað á orlofs- og hvíldarheimili fyrir verkafólk, að svo langur vinnudagur skuli hér vera almennur sem raun ber vitni, og þess vegna tel ég, að þjóðfélag, sem stöðugt þrengir nú að hagsmunum sinna vinnandi manna og neyðir þá til þess að vinna óhóflega lengi, ætti þó að sýna þá litlu viðleitni í að koma til móts við þeirra þarfir að leggja fram sæmilega skammlaust framlag til orlofsheimilis þess, sem verkalýðsfélögin nú undirbúa að reist verði og rekið.

Ég er þá kominn að 19. gr. fjárlaga, og við hana hef ég gert aðeins eina brtt., en það er sú till., sem raunverulega er hugsuð sem fyrirskipun Alþingis til ríkisstjórnarinnar um, að hún skuli, eins og aðrir þegnar þessarar þjóðar, verða að sýna nokkurn sparnað. Till. er á þá lund, að þar verði ákveðið, að 10% lækkun skuli fram fara að meðaltali á öllum liðum 10. og 11. gr. fjárlaga, en það eru stjórnarráðið, utanríkisþjónustan, dómgæzlan, lögreglustjórnin, tolla- og skattastofnanir, að einum lið þó undanskildum, 19. lið 11. gr. A, landhelgisgæzlunni, hún megi haldast óbreytt, — en á öðrum liðum skuli að meðaltali spara 10%. Sá sparnaður, ef framkvæmdur yrði, mundi nema 11 237 525 kr. Ég hef áður farið nokkrum orðum um það, að ekkert er sanngjarnara en að Alþ. samþykki slíka till., eins og allt er í pottinn búið um fjárreiður þjóðarinnar, um fjárreiður ríkissjóðs og um fjárreiður almennings í landinu.

Þá hef ég að lokum á þskj. 164 gert till. til breyt. á 20. gr., um það, að flugvallagerð verði hækkuð um 2 millj. og fjórðung milljónar að auki og breytist úr 8 millj. 720 þús. í 11 millj. Það er sömuleiðis lítill vandi að rökstyðja það, að flugsamgöngurnar þurfa mjög á þessu að halda, og vitna ég enn til þess, sem hv. formaður fjvn. réttilega sagði um þær framkvæmdir, þar sem flugið er síðar til komið en aðrir þættir þeirra samgangna, sem við nú búum við, og mannvirki til flugvallagerða komu seinna til sögu en vegagerð, brúagerð og hafnagerð og þar af leiðandi kallar örar að, að fram sé lagt fé til flugvallagerðanna, heldur en nokkurra annarra samgangna á Íslandi, eins og þróunin hefur nú verið að undanförnu, og ekki er sýnilegt, að þar sé á nein breyting.

Ég vil svo að lokum geta þess í sambandi við þær brtt., sem ég geri, að auk þeirra brtt., sem ég hef lagt fram á þskj. 164 sem fulltrúi Alþb. í fjvn., þá hef ég leyft mér að gera á öðru þskj., sem reyndar er ekki komið, ásamt fleiri þm., till. til breyt. á 22. gr., þess efnis, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að 25 millj. kr. lán til að ljúka undirbúningi og hefja framkvæmdir við brúargerð í Óseyrarnesi yfir Ölfusá. Sú brúargerð er hv. þm. ekki allsendis ókunnug, þar sem um það hafa verið bæði á síðasta þingi og einnig nú gerðar tillögur af hálfu nokkurra stuðningsmanna ríkisstj., að þeirri brúargerð verði hraðað. Hins vegar hefur af þeirra hálfu ekki verið gerð nein till. um það, að ríkisstj. fengi heimild til þess að afla sér fjár til þeirrar brúargerðar. Er þó augljóst mál, að fé til hennar verður ekki tekið, svo að að verulegu gagni sé, innan þess ramma, sem hin almenna brúagerð hefur yfir að ráða. Það hefur verið áætlað, að þessi brú mundi kosta um 50 millj. kr. og sjálfsagt ögninni meira með núgildandi verðlagi, og þykir því rétt, að ríkisstj. eigi þess kost, ef hún vill fara eftir þörfum þess fólks, sem mjög þarf á þessari brú að halda, en það eru aðallega þeir, sem búa á Stokkseyri og Eyrarbakka

og í Þorlákshöfn, og enn fremur þeir, sem flytja vörur austur á bóginn um Suðurlandsundirlendið frá Þorlákshöfn, — ef ríkisstj. vildi koma til móts við þarfir þessa fólks og jafnframt uppfylla óskir þeirra stuðningsmanna sinna, sem hér hafa gert tillögur í þessa átt, þá leyfum við þm. Sunnl. í stjórnarandstöðunni okkur að lofa atfylgi okkar til þess, að slík heimild fáist og framkvæmd geti hafizt. En ekki breytir sú till. niðurstöðum fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir.

Þær brtt., sem ég hef gert, eru bæði um sparnað og um aukin framlög. Sparnaðartillögurnar nema alls 18 700 181 kr. En þær tillögur, sem ég hef gert um aukin framlög, nema 18 060 200 kr. Ég hef því gert tillögur á þskj. 164, sem, ef samþykktar yrðu, mundu bæta fjárhag ríkissjóðs um 639 981 kr. Þykir mér rétt að gera grein fyrir heildarniðurstöðum tillagnanna.

Varðandi þær tillögur, sem sýnt er að samþykktar verða og upplýst er að muni valda 85—90 millj. kr. hækkun á fjárlögum ársins 1961 frá fjárlögum þessa árs, vil ég taka fram, að ef þeim væri jafnað niður sem nefskatti á þjóðina, þá þyrfti hvert mannsbarn að borga nú á næsta ári 500 kr. til að standa undir útgjaldaaukningu ríkissjóðs. Það eru 2500 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Enginn skyldi ætla, að ekkert munaði um þessi nýju útgjöld. Ef við svo athugum, á hvers konar fólk þessi útgjöld eru lögð, þá er okkur vert að gera okkur grein fyrir því, að íslenzk alþýða, þ. e. a. s. þorrinn af íslenzku þjóðinni, er nú eftir nokkurra mánaða viðreisn komin niður á gamla fátæktarstigið og sér nú fram á rýrnandi atvinnu. Hér er þess vegna ekki um neitt hégómamál að ræða. Hér segir það lítið fyrir það fólk, sem af sinni fátækt á að greiða þessa gjaldaaukningu, þó að tillögunum um hana fylgi sparnaðaráætlun í 23 liðum um það, hvað gera á einhvern tíma í framtíðinni, ég tala nú ekki um, ef efndirnar á þeim sparnaði ættu að verða eitthvað í stíl við það, sem talað var um við afgreiðslu síðustu fjárlaga og allt gekk úrhendis. En þótt svo sé farið að sem hér er áætlað, þá er mikill vafi á því, að hér séu raunhæf fjárlög lögð fyrir. Ég fyrir mitt leyti hef mikinn grun um það, að ef ég og minn flokkur hefðum lagt fyrir svona fjárlög, þá hefðu þeir orðið ýmsir, sem staðið hefðu upp og talað um, að hér væri ekki með ábyrgum hætti staðið að málum. Þessu til sönnunar vil ég benda á það, að tekjuáætlun meiri hl. fjvn. er í ósamræmi við það, sem efnahagsmrn. áætlar, og skakkar þar nokkrum milljónatugum. Í öðru lagi er vitað, að ríkisstjórn Íslands hefur lofað að framkvæma útgjöld, sem hljóta að verulegu leyti að lenda á ríkissjóði. Á ég þar fyrst og fremst við loforð ríkisstj. um það að greiða að fullu öll vátryggingariðgjöld fiskiskipaflotans íslenzka fyrir árið 1960. Ég veit ekki, hversu hárri upphæð þessi iðgjöld nema, og á ég þar það sammerkt með ríkisstj. Íslands, hún veit það ekki heldur og vissi það ekki, þegar hún lofaði því. En það hafa fróðir menn áætlað, að þessi útgjöld mundu nema 90—100 millj. kr. Taldar eru miklar líkur til þess, að útflutningssjóður sá, sem ríkisstj. hingað til hefur talið að væri algerlega á hausnum og raunar réttlætt flestar sínar álögur á þjóðina með því, að útflutningssjóður væri með slíkum halla, — nú eru taldar líkur til þess, að útflutningssjóður geti borgað eins og 40 millj. af þessari upphæð, sem ríkisstj. hefur lofað. Ekki hefur verið sýnt fram á það neins staðar mér vitanlega, að ríkissjóður geti komizt hjá því að lenda í ábyrgð fyrir þessu loforði ríkisstj., og verður það þá rétt ein ríkisábyrgðin, sem heldur hefur verið óvarlega tekin. Ég hefði talið, að óvarlegt væri að ætla, að ríkissjóður slyppi við að borga svo sem eins og 50 millj. kr. út á þetta loforð ríkisstj. En við það bætist, að þetta loforð var gefið útvegsmönnum í s. l. mánuði, vegna þess að þeir sáu ekki fram á, að það væri neinn rekstrargrundvöllur fyrir sjávarútveginn á næsta ári. Engan veginn getur þó þessi greiðsla af almannafé gert neitt annað en að stoppa dálítið í það gat, sem á rekstrarafkomu sjávarútvegsins varð á yfirstandandi ári. Enn er með öllu ófundinn rekstrargrundvöllur fyrir sjávarútveginn á næsta ári. Og hvað sem ríkisstj. kann að segja um það nú við afgreiðslu þessara fjárlaga, hvort hún hefur í hyggju að gefa út álíka víxilblöð og hún gerði, þegar hún lofaði greiðslu vátryggingariðgjaldanna, eða ekki, þá er næsta ólíklegt, að útgerð geti hafizt um næstu áramót, nema til komi veruleg framlög úr ríkissjóði til viðbótar því, sem þegar er á hann fallið. Ekkert er áætlað fyrir þessu í fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir.

Hér hefur einnig verið upplýst, að verðbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir eru vanreiknaðar í frv., svo að nemur fram undir einum tug milljóna.

Þá hefði ýmsum framsýnum ríkisstjórnum þótt vert, áður en þær afgreiddu fjárlög, að leiða hugann að því, að A. S. Í. og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru bæði nýlega búin að halda þing sín. Á þingi Alþýðusambandsins var það staðfest, að verkalýðsfélögin mundu gera kaupkröfur á árinu, sem nema mundu 15—20% hækkun á almennu kaupgjaldi. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var nokkru róttækara og samþykkti á sínu þingi, að ríkisstarfsmönnum væri ólíft í starfi sínu, nema til kæmi a. m. k. 20—25% kauphækkanir. Ég veit ekki, hvað ríkisstj. Íslands hugsar um þessar kröfur, en óvarlegt mun það hverri ríkisstj. að gleyma því alveg, að það sé til fólk í landinu, en því virðist þessi ríkisstj. hafa gleymt. Hún man þá hins vegar, að það eru til einhverjar krónur, og í þær ætlar hún að ná, á því byggir hún fjárlögin sín, og hún segist ekki ætla að hafa fjárlögin með halla. Eftir er að sjá, hver verður framkvæmdin. Það færi betur, að íslenzka þjóðarbúið slyppi óskaddað út úr þessari fjárlagaafgreiðslu og út úr þeirri fjárlagastjórn, sem fyrirhuguð er samkv. því, en því miður verð ég að játa það, að ég er uggandi um hag íslenzku þjóðarinnar, að því er þetta varðar.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 180 og 184, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. samvn. samgm. (Sigurður Ágústsson): Herra forseti. Á þskj. 174 leggur samvinnunefnd samgöngumála fram nál. sitt, þar sem hún gerir tillögur um framlög úr ríkissjóði til flóabáta og vöruflutninga fyrir árið 1961. Nm. allir hafa skrifað undir nál., en einn nm., hv. 5. þm. Norðurl. v., með fyrirvara.

Framlög til hinna ýmsu flóabáta og vöruflutninga leggur n. til að verði að mestu þau sömu og veitt hafa verið úr ríkissjóði á árinu, sem er að líða. Þó eru tvær undantekningar. N. leggur til, að tillag til Norðurlandsbáts hækki um 40 þús. kr. og að Patreksfjarðarbátur verði hækkaður um 6500 kr. Á þessu ári voru veittar 10000 kr. til Arnarfjarðarbáts, en að fengnum upplýsingum telur n. ekki þörf á framlagi til bátsins á næsta ári. Þá hafa framlög tveggja báta til endurbyggingar lækkað um 70 þús. kr. frá því, sem þau voru á yfirstandandi ári.

Niðurstöður af till. n. um heildarframlög til flóabáta og vöruflutninga nema 4 millj. 58 þús. kr. Eins og brtt. n. á þskj. 180, VI, ber með sér, er þetta örlítið lægri fjárhæð en veitt var til þessarar þjónustu á yfirstandandi ári.

Á fundum n., þar sem fjallað var um þessi mál, kom fram ákveðinn vilji um það, að þessi þjónusta, sem nú er varið til fé úr ríkissjóði, rúmum 4 millj. kr. árlega, væri tekin til rækilegrar endurskoðunar með það í huga að bæta þjónustuna og koma henni í betra horf og hins vegar athuga, hvort ekki mætti takast að minnka að einhverju leyti það fjármagn, sem nú er varið úr ríkissjóði í þessu skyni. Þar sem þetta er sameiginlegt álit þeirra hv. alþm., sem skipa samvinnunefnd samgöngumála, geri ég ráð fyrir því, að síðar á þessu þingi muni n. flytja till. til þál. um áskorun til hæstv. ríkisstj. um nefndarskipun, sem annist þetta verkefni.

Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur nú eins og undanfarin ár verið n. til aðstoðar og veitt henni ýmsar nauðsynlegar upplýsingar í sambandi við rekstur hinna ýmsu flóabáta.

Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um nál. og brtt. n. á þskj. 180, en vænti þess, að hv. alþm. geti veitt brtt. n. fylgi sitt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. Er þar fyrst þess að geta, að hv. n. hefur orðið við óskum ríkisstj. um það að afgreiða frv. frá sér það tímanlega, að unnt væri að samþykkja fjárlögin endanlega um miðjan desember eða fyrir jólahlé. Í annan stað vil ég þakka n. og þá sérstaklega meiri hl. hennar og frsm. fyrst og fremst, sem um leið er formaður n., hversu vel hefur verið að unnið, farið vandlega í alla liði frv. ásamt erindum, og tillögur og nál. bera þess glöggt vitni, að hér hefur verið unnið af mikilli alúð og samvizkusemi. Ég vil sérstaklega þakka hv. frsm. og formanni fjvn. fyrir hans ýtarlegu og ágætu framsöguræðu, sem gerir það að verkum, að ég get haft mál mitt í styttra lagi, þar sem hann fór inn á svo mörg atriði, sem ég hefði ella hreyft, en hann gerði svo góð skil, að ég hef þar engu við að bæta.

Varðandi undirbúning fjárlaga hér á Íslandi held ég, að óhætt sé að fullyrða, að þar stendur margt til bóta. Ráðuneytin þurfa að leggja miklu meiri vinnu í undirbúning fjárlagafrv. en venja hefur verið hér hjá okkur. Ég hef að undanförnu nokkuð reynt að kynna mér undirbúning fjárlaga í sumum nágrannalöndum okkar, og er þar skemmst frá að segja, að þar virðast viðhöfð allt önnur og ólík handtök við slíkan undirbúning, auk þess sem meðferð fjárlagafrv., að ég tali ekki um eftirlit með því, að þeim sé framfylgt, er töluvert með öðrum hætti og að ýmsu leyti öruggara annars staðar. Ég skal ekki út í þetta mál fara lengra að sinni, en hér þarf vissulega að verða breyting á. Undirbúningur hinna einstöku ráðuneyta, sem skila sínum tillögum til fjmrn., þarf að byrja miklu fyrr en verið hefur, og það þarf að vanda hann miklu betur en áður. Því aðeins að fjárlög séu rækilega undirbúin af hinum einstöku ráðuneytum og þær tillögur síðan vandlega athugaðar af fjmrn. eða fulltrúum þess í samráði við hin ráðuneytin, því aðeins að þetta sé vel og vandlega unnið, geta fjárlögin orðið svo traustur grundvöllur undir fjárstjórn ríkisins sem vera þyrfti.

Þetta er eitt af þeim stóru verkefnum, sem fram undan eru varðandi fjármál ríkisins sjálfs. En í þessu sambandi vil ég einnig geta þess, að gerð og uppsetning fjárlaga og ríkisreikningsins þarf einnig mjög að breytast. Á það hefur áður verið minnzt, að fjárlögin þurfa á marga lund að breyta um svip. Stundum er það nokkuð tilviljanakennt, hvort einstaka starfsgreinar ríkisins eru teknar með í fjárlögum eða ekki. Sumar stórar ríkisstofnanir, sem reka umfangsmikla starfsemi og velta milljónum, ef ekki tugum milljóna, eru alls ekki í fjárlögum. Í annan stað er það stundum svo, að starfsgreinar eða fyrirtæki eru sett inn í fjárlögin aðeins með niðurstöðutölum, þ. e. a. s. með mismun tekna og gjalda, en aðrar greinar teknar inn með öllum tekjum sínum og gjöldum sitt hvorum megin í frv. Þannig mætti lengi telja, auk þess sem vafalaust væri æskilegt að draga meira saman á sumum stöðum frv. það, sem saman á, en nú er dreift á fleiri greinar. En þó að þetta skipti nokkru máli, skiptir þó öllu meira máli að fá betra samræmi milli fjárlaga og ríkisreiknings heldur en nú er. Og sannleikurinn er sá, að í mörgum greinum er ákaflega erfitt fyrir þá, sem ekki eru þaulkunnugir rekstri ríkisins, að átta sig á ýmsum útgjöldum og tekjum ríkisins með samanburði milli fjárlaga og ríkisreiknings.

Eitt glöggt dæmi um þá óvissu, sem er, vil ég nefna. Og það er varðandi ákaflega þýðingarmikinn lið eða þýðingarmikla mynd af ríkisbúskapnum, en það er varðandi sjálfan greiðslujöfnuðinn, hvort hann er hagstæður eða óhagstæður og þá hversu mikið. Það er svo, að ýmsar skoðanir og túlkanir eru uppi um það, hvernig eigi að skýra greiðslujöfnuð og hvernig eigi að finna hann út. Ef við tökum t. d. síðasta ár, 1959, þá er hægt að fara eftir þremur mismunandi kenningum eða túlkunum um greiðslujöfnuð. Þá er hægt með góðum rökum að segja, að greiðsluafgangur síðasta

árs hafi verið 2 millj., að hann hafi verið 12 millj. og hann hafi verið 25 millj. Allar þessar tölur hafa verið settar upp, og ég hef heyrt rökstuðning fyrir þeim öllum.

Hér er eitt dæmi þess, að það þurfa að koma ákveðnar reglur varðandi gerð og uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings til þess að fá samræmi, því að annars verður erfiður allur samanburður milli ára og erfitt að átta sig á raunverulegri afkomu ríkissjóðsins. Um þetta mál er ný löggjöf í undirbúningi. Ég get ekki sagt á þessu stigi, hvenær hún verður tilbúin og lögð fyrir Alþingi, en í það hefur þegar verið lögð nokkur vinna að afla gagna um, hvernig sumar aðrar þjóðir haga þessum málum, og verður síðan eftir föngum unnið úr því, eftir því sem bezt á við okkar þjóðarbúskap.

Varðandi undirbúning þessara fjárlaga, sem hér liggja fyrir, þá greindi ég nokkuð í fjárlagaræðu minni við 1. umr. frv., í hverju sú undirbúningsstarfsemi hefði verið fólgin, en m. a. hefur á þessu ári verið lögð í það mikil vinna að skipuleggja betur og koma á hagkvæmari grundvöll ýmiss konar starfsemi ríkisins. Ég taldi í fjárlagaræðunni upp 25 atriði, sem að hefði verið og væri unnið. Auk þeirra er auðvitað fjöldi annarra atriða, sem unnið er að því að rannsaka og reyna að finna, hvort unnt er að fá vinnubrögð, sem eru hagkvæmari og ódýrari fyrir ríkið, án þess þó að draga úr þeirri þjónustu, sem ríkið þarf og á að veita gagnvart fólkinu.

Ég skal ekki fara neitt að ráði út í þessi atriði hér, nema einstaka þeirra að gefnu tilefni. En ég vil sérstaklega beina þakklæti til meiri hl. fjvn. fyrir þær ábendingar, sem gerðar eru í nál. hans, í 23 liðum, sumir þeirra hafa verið í athugun, en sjálfsagt er að kanna eftir fremsta megni, hvort ekki megi gera þar umbætur á og spara fé og koma á bættum vinnubrögðum. Þessar ábendingar verða að sjálfsögðu teknar til greina, eftir því sem föng eru á.

Nú er það svo, að á þessu ári hafa verið tekin upp ný vinnubrögð að vissu leyti varðandi þessi atriði, en það er skipuleg starfsemi, þar sem hver starfsgrein er tekin fyrir sig af hinum fróðustu og færustu mönnum, sem á algerlega hlutlausan, óhlutdrægan og ópólitískan hátt reyna að finna hin beztu vinnubrögð og hagkvæmustu. Í þessu efni hefur verið reynt að nota aðstoð nokkurra erlendra sérfræðinga og fyrirtækja, sem hafa mjög mikla reynslu í þeim efnum og hafa á að skipa hinum reyndustu og færustu sérfræðingum. Ég skal ekki fara út í einstök atriði þessa, en ég er í engum vafa, að í mjög mörgum greinum munu þessar athuganir og ábendingar bera góðan ávöxt. Hitt er svo annað mál, að vitanlega getur það oft verið, að ábendingar hinna sérfróðu finni ekki náð fyrir augum ríkisstj. á sínum tíma og þykja af einhverjum ástæðum ekki heppilegar eða framkvæmanlegar, auk þess sem það verður öllum mönnum að vera ljóst, að það, sem kann að henta um þetta og þetta verkefni í öðrum löndum, á ekki alltaf við hjá okkur.

Í þessari starfsemi allri saman hefur verið gerbreytt um vinnubrögð. Áður fyrr var sá háttur á hafður, að flestar nýjar ríkisstjórnir skipuðu sparnaðarnefndir, sem áttu að rannsaka og spara allt milli himins og jarðar í ríkisrekstrinum. Oft komu ýmsar góðar ábendingar frá þessum sparnaðarnefndum. Því miður voru hins vegar ýmsar tillögur þeirra ekki nægilega grundaðar, málin höfðu ekki verið rannsökuð nægilega niður í kjölinn. Og sú sorglega staðreynd blasir við, að tiltölulega sáralítið af tillögum sparnaðarnefnda undanfarinn áratug hafa komið til framkvæmda.

Ríkisstj. væntir sér árangurs af þessum nýju vinnubrögðum, sem eru ekki neitt einsdæmi hér, heldur eru tekin upp eftir þeim starfsháttum, sem nágrannaþjóðir okkar hafa haft í þessum efnum nú um nokkurra ára skeið, og allir þar, sem um þessi mál fjalla, eru sammála um, að þessi vinnubrögð gefi betri árangur en hinar gömlu sparnaðarnefndir, sem venjulega voru þá skipaðar stjórnmálamönnum, þingmönnum eða öðrum slíkum ágætismönnum.

Í öllu þessu umtali um niðurskurð og sparnað og hagkvæmari vinnubrögð er eitt meginboðorð, sem verður að hafa í huga, og það er það, að sú forsenda sé fyrir hendi, ef á að lækka útgjöld hjá ríkinu, lækka þau í fjárlagafrv., að þá liggi raunhæf rannsókn fyrir, þannig að þetta sé ekki aðeins út í loftið, einhver sýndarmennska, heldur sé þarna um raunverulega framkvæmdamöguleika að ræða. Nú skal ég strax taka það fram, að vitanlega getur mönnum í slíkri starfsemi og slíkum undirbúningi missýnzt, og má vera, að menn hafi meiri trú í byrjun á því, að breytingar leiði til sparnaðar, heldur en raun verður á. Þetta er auðvitað algilt lögmál í öllu mannlegu samfélagi. En hitt nær náttúrlega engri átt, og ég hélt sannast sagna, að sá hugsunarháttur væri varla lengur til hér á Alþingi, að demba inn tillögum um ýmiss konar niðurskurð, jafnvel svo að milljónum skipti eða tugum milljóna, þó að allir viti, að það er gersamlega útilokað að framkvæma þær tillögur, og flm. sjálfir geta ekki bent á, hvernig eigi að framkvæma þær, og standa eins og þvörur, þegar þeir eru spurðir um það. Mjög glöggt dæmi og það gleggsta nú er að sjálfsögðu sú tillaga, sem hv. 2. minni hl. fjvn. ber hér fram á þskj. 164, nr. 20. Það er sams konar till. og hann flutti á síðasta þingi. Það er um 10% lækkun að meðaltali á öllum kostnaði hjá stjórnarráðinu, utanríkisþjónustunni, dómgæzlu, lögreglustjórn, tolla- og skattstofum. Þegar hann flutti þessa till. hér í fyrra, þá lagði ég fyrir hann nokkrar spurningar: Í fyrsta lagi: Þýðir þessi tillaga það, að það eigi að lækka laun starfsmannanna, sem þarna vinna, um 10%? Í öðru lagi: Ef ekki er svo, þýðir þessi tillaga þá, að það eigi að segja upp tíunda hverjum starfsmanni? Eða eru það einhverjir sérstakir kostnaðarliðir, sem á að lækka, sem samtals nemi þessari upphæð? Engri þessara spurninga gat hv. flm. eða frsm. 2. minni hl. svarað. Ég veit, að hv. alþm. minnast þess, að við fengum engar skýringar á þessu. Hann sagði bara: Þetta er ríkisstjórnarinnar að framkvæma. Sem sagt, Alþ. á að fyrirskipa þetta, án þess að flm. hafi hugmynd um, hvernig eigi að framkvæma það, svo er það bara á

valdi ríkisstj. og á hennar ábyrgð — og hennar skömm, ef ekki tekst að framkvæma þetta. Svona er ekki hægt að vinna að aukinni hagkvæmni, sparnaði eða niðurfærslu á útgjöldum, og þetta er til lítillar sæmdar fyrir þm., sem að slíkum tillögum standa.

Ég veit ekki, hvort það ber vott um meiri ábyrgðartilfinningu hv. 1. minni hl., Framsfl., að þeir hafa ekki viljað standa að þessari sýndartillögu. En þó að Framsfl. hafi ekki fengizt með í þetta sjónarspil, þá er hann ekki alveg saklaus í þessu efni, og það þarf ekki að nefna mörg dæmi þessa til að sannfærast um, að hér er rétt með farið.

Hv. 1. minni hl., þ. e. a. s. framsóknarmenn, þeir bera fram tillögur um það að fella niður í fjárlögum fyrir 1961 með öllu fjárveitingu til sendiráðanna í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Osló. Nú er þetta mál, sem oft hefur verið rætt og margir menn, bæði í stjórnarliðinu og stjórnarandstöðunni, hafa áhuga á, að sameina þessi sendiráð í eitt, eins og framsóknarmenn leggja til. Þetta mál hefur verið mjög rætt á Norðurlöndum líka, hvort þau treystu sér til þess að fækka sínum sendiráðum og sameina. Nú er það ein af ábendingum hv. meiri hl. fjvn., að þetta mál verði kannað, og að sjálfsögðu verður það kannað eftir föngum. En þó að sú yrði niðurstaðan eftir athugun og rannsókn í þessu máli, að rétt þætti að sameina öll sendiráðin í eitt, þá er það gersamlega útilokað — og það ætti hv. 1. minni hl. n. að vera ljóst — að láta slíkt koma til framkvæmda 1. jan. næsta ár. Ég býst við, að allur undirbúningur undir slíkt mál, þó að fast væri fram gengið, mundi taka langan tíma, og allt þetta starfsfólk, sendiherrar og annað starfsfólk sendiráðanna, á auðvitað lagalegan rétt á sínum uppsagnarfresti, þannig að jafnvel þó að hægt yrði að framkvæma þetta, þá er það alveg út í bláinn að ætla að fella niður þessi framlög með öllu frá og með 1. jan. n. k.

Ég skal ekki nefna hér fleiri dæmi. Þó er ekki úr vegi að minnast hér á eitt atriði, sem báðum hv. minni hlutum og frsm. þeirra verður ákaflega tíðrætt um, og það er hin nafntogaða Kvíabryggja. Það er ein af sparnaðartillögum þeirra að fella niður fjárveitingu til vinnuhælisins á Kvíabryggju og þar með að leggja það hæli niður. Það er ekki úr vegi aðeins að rifja það upp, hvernig á þessum lið stendur.

Svo er ákveðið í gildandi framfærslulögum, og það ákvæði hefur alllengi verið, að þeir styrkþegar, og þar á meðal barnsfeður, sem standa ekki skil á sínum barnsmeðlögum, þannig að sveitarfélögin verða að greiða fyrir þá þessar vanskilaskuldir, og þegar innheimtutilraunir hafa reynzt árangurslausar, þá er heimild til þess, að valdsmaður úrskurði, eins og það er orðað í l., þessa styrkþega eða þessa vanskilamenn, ef þeir hafa ekki fyrir heimili að sjá, til þess að vinna af sér þessar vanskilaskuldir á vinnuhæli. Nú hefur það reynzt í framkvæmd hjá mörgum sveitarfélögum, að áhrifaríkasta ráðið hefur verið það að hóta þessum vanskilamönnum með slíkri afplánun. Það var hins vegar komið þannig fyrir allmörgum árum, að ríkið, — en á ríkinu hvílir sú skylda að hafa hæli starfrækt, bæði fyrir dæmda afbrotamenn og fyrir þá, sem eiga að afplána þessar vanskilaskuldir, það er skylda ríkisins að hafa slík vinnuhæli, reisa þau og reka á sinn kostnað, — nú var svo komið, að ríkið gat ekki fullnægt þessari skyldu. Það var yfirfullt á vinnuhælinu á Litlahrauni, og ríkisstj. eða dómsmrn. neitaði að taka þessa menn til afplánunar, vegna þess að svo mikið væri af dæmdum mönnum, að það væri ærið nógur vandi að láta þá afplána, þó að hinir væru ekki teknir líka. Nú var það ljóst um leið, að ýmis sveitarfélög töpuðu stórkostlegu fé, vegna þess að þessir vanskilamenn hirtu ekki um að borga, vegna þess að þeir vissu, að þeir yrðu ekki látnir afplána, það væri ekkert vinnuhæli til. Ríkið hélt að sér höndum, neitaði að gegna sinni lagaskyldu í þessu efni. Þá gerðist það, að Reykjavíkurbær, sem þurfti að leggja á hverju ári út margar milljónir vegna þessara vanskilamanna og fékk það ekki endurgoldið, bauð ríkisstj. að byggja slíkt vinnuhæli á sinn kostnað, létta þeim kostnaði af ríkinu gegn því, að ríkið tæki svo að sér rekstur þessa hælis. Á þetta féllst þáv. ríkisstj. Þannig er þetta vinnuhæli til komið, og þann tíma, sem það var rekið, gerði það mjög mikið gagn, þannig að alger breyting varð á því, hvað miklu meira greiddist inn af þessum vanskilaskuldum heldur en áður. Hér var því um það að ræða, að Reykjavíkurbær hafði létt af ríkinu þessari skyldu og sparað því þannig stórkostlegt fé með byggingu nýs vinnuhælis.

Nú er það vitaskuld út í loftið að benda hér á rekstrarkostnað slíks hælis annars vegar og hins vegar, hvað margir vistmenn séu þar á hverjum tíma. Vitanlega er gildi svona hælis fyrst og fremst fólgið í því að knýja menn til greiðslu, þannig að þeir komi alls eigi á hælið, og sú hefur verið meginþýðing þessa vinnuhælis. Þó að aldrei hefði komið einn einasti vistmaður á þetta heimili, þá hefði það samt gert stórkostlegt gagn með því að knýja þessa menn til þess að borga samtals svo að mörgum milljónum skiptir til sveitarfélaganna. Vinstri stjórnin gerði svo það sér til sæmdar að ganga á gefin loforð og rifta samningum og leggja niður þetta hæli. Þegar núv. ríkisstj. taldi það sjálfsagt og skyldu sína að standa við fyrri samninga og að gegna þessari skyldu að reka slíkt vinnuhæli fyrir þessa vanskilamenn, þá rísa þeir hér upp, bæði í fyrra og eins nú, hv. fulltrúar Framsfl. og Alþb., berja sér á brjóst og eru afskaplega hneykslaðir yfir þessu, og ein aðalsparnaðartillaga þeirra í sambandi við fjárlögin er nú að leggja niður þetta vinnuhæli, til þess að þessir vanskilamenn geti hlakkað og hætt að borga, vegna þess að það er ekki hægt að hóta þeim með þessari afplánun.

Þetta vildi ég láta koma fram hér vegna þess, hve mikilla rangfærslna gætir í málflutningi þessara manna varðandi þetta mál.

Í rauninni hlýtur okkur að furða nokkuð á því, hverjar undirtektir og viðtökur hv. stjórnarandstöðu hér í umr. eru undir þær ýmsu tillögur og ábendingar, sem gerðar hafa verið til sparnaðar og aukinnar hagsýni, því að yfir-

leitt eru viðtökurnar þessar, að þessar tillögur til aukinnar hagsýni eða sparnaðar í ríkisrekstrinum, ýmist á þetta að vera árás á hinar dreifðu byggðir, fólkið úti á landsbyggðinni, eða reynt er að hafa það í fíflskaparmálum. Því miður eru þetta ákaflega neikvæð vinnubrögð. Um sumt er sagt: Þetta er ekki nema sjálfsagt, þessu höfum við alltaf verið að berjast fyrir, eins og t. d. að hafa ekki tvo sendiherra í París, heldur sameina sendiráðin. Nú segja þessir ágætu menn: Þetta er auðvitað sjálfsagður hlutur, og við erum búnir að berjast fyrir þessu lengi. — En sannleikurinn er bara sá, að þó að það sé sjálfsagt í munni framsóknarmanna og Alþb., þá kom vinstri stjórnin sæla því samt ekki í verk að gera þetta.

Hv. frsm. 2. minni hl., hv. 6. þm. Sunnl., fór hér með ýmsar fullyrðingar, sem ég skal aðeins rekja, beinar rangfærslur. Hann sagði í fyrsta lagi, að ríkisstj. hefði lofað miklum sparnaði, og lét svo orð falla um það, að ríkisstj. hefði lofað að lækka fjárlögin fyrir 1961 frá því, sem þau eru í ár. Þessi hv. þm. lét orð falla á þá leið, að hinn lofaði sparnaður hafi orðið stórfelld hækkun á útgjöldum þessa frv. frá því, sem er í ár. Mér er ekki kunnugt um það, að hvorki ég né neinn annar úr stjórnarflokkunum hafi nokkurn tíma lofað því eða gefið nokkurn ádrátt um það, að útgjöld fjárl. á árinu 1961 yrðu lægri en í ár. Það hefur okkur aldrei dottið í hug, vegna þess að vitanlega vissum við það, frá því að síðustu fjárlög voru afgreidd, að ýmsir stórir liðir fjárl. og þá sérstaklega tryggingarnar og fjölskyldubæturnar mundu stórhækka á árinu 1961 frá því, sem var á árinu 1960. Og um leið og báðir frsm. minni hl. töluðu um hinar miklu hækkanir á fjárlagafrv. frá því, sem er í ár, þá slá þeir því báðir föstu, að þetta beri vott um hina gífurlegu eyðslu. Sem sagt, útgjaldahækkunin er eyðslustefna.

Í hverju er nú þessi hækkun fólgin? Hv. frsm. meiri hl. lýsti því hér mjög skilmerkilega, í hverju eru fólgnar þær hækkanir, sem verða nú í fjárlagafrv. frá gildandi fjárlögum. En langsamlega mesta hækkunin er auðvitað vegna almannatrygginganna. Hún er upp undir 60 millj. kr. Það er upp undir 60 millj. kr., sem fjölskyldubæturnar og hækkun almannatrygginganna útheimtir á árinu 1961 frá árinu 1960. Og það er alrangt, sem hv. frsm. 2. minni hl. hélt fram, að fjárlögin fyrir 1960 séu í einu og öllu eða útgjöld þeirra byggð á því, að þessi útgjöld, eins og þau urðu eftir gengisbreytinguna eða efnahagsaðgerðirnar, hefðu átt að gilda fyrir allt árið 1960, vegna þess að þessi stóri liður, tryggingarnar og fjölskyldubæturnar, var miðaður við ¾ ársins í ár, en alls ekki allt árið. Í grg. frv. er þetta skýrt tekið fram, þar sem segir svo — með leyfi hæstv. forseta — á bls. 99 um 17. gr.: „Framlag til almannatrygginganna hækkar í heild um 57.3 millj. kr.“ Síðan segir, að hækkunin til lífeyristrygginganna stafi m. a. af hækkun þeirri, sem varð á bótagreiðslum á þessu ári, 1960, en nú muni gilda allt árið 1961 í stað hluta úr ári 1960. Þetta eitt veldur 34 millj. kr. hækkun. Í öðru lagi er svo nokkur hækkun í fjárlagafrv. vegna hins fyrirhugaða afnáms skerðingarákvæðisins. Nú vil ég spyrja þessa hv. frsm.: Þegar þeir tala um, að öll hækkun fjárlaganna stafi af eyðslu og bruðli, er það skoðun þeirra, að almannatryggingarnar séu eyðsla? Er það skoðun þeirra, að 40 eða 44% hækkunin til gamla fólksins sé eyðsla og bruðl? Er það skoðun þeirra, að hækkun fjölskyldubótanna sé eyðsla? Eða hvað eiga mennirnir við með þessu? Í annan stað stafa svo hækkanir fjárlaga af auknum kostnaði við sjúkrahús og skólahald. Telja þessir hv. þm. það til eyðslu, sem á að saka stjórnina fyrir, að meiri kostnaður er við skólahald, vegna þess að Íslendingum fjölgar og þ. á. m. skólaskyldum börnum og unglingum. Þess vegna þarf fleiri skólahús, þess vegna þarf fleiri kennara. Telja þeir þetta bruðl og eyðslu? Nú eru í smíðum miklar nýjar spítalabyggingar og stækkanir þeirra, sem fyrir eru, og sjúkrarúmum mun stórfjölga á næsta ári, og þar með er hægt að greiða að nokkru úr þeim mikla vandræðum með sjúkrarúm, sem hér hafa verið. Þetta þýðir auðvitað mikinn aukinn kostnað. Telst þetta til eyðslu og bruðls? Nei, þessir hv. frsm. verða að gæta sín nokkuð, að þeir fái ekki þau skeyti, sem þeir beina að stjórnarflokkunum, sjálfir framan í sig.

Þá er hér mjög haft á orði, bæði í nál. og framsöguræðum þessara hv. þm., hversu gífurlega fjárlögin hækki. Eins og ég gat um, þá á þetta fyrst og fremst að stafa af eyðslu og bruðli og óhófi og sukki. En þegar maður fer svo að bera saman, hverju þeir halda fram um hækkun fjárl., þá er það næsta fróðlegt. Nú vil ég taka það fyrst fram, að það er ákaflega erfitt um allan samanburð í þessu efni, bæði af ástæðum, sem ég gat um í upphafi minnar ræðu, en einnig af því að á undanförnum árum, áður en gengisbreytingin var gerð, var tekið upp á þeim kúnstum að skipta ríkissjóðnum upp og kalla annan partinn útflutningssjóð eða framleiðslusjóð og hinn partinn ríkissjóð. Þessi samanburður um núgildandi fjárlög og fjárlög áður og hversu mikið þetta hafi hækkað er í meginatriðum byggður á þeirri reginblekkingu, að útflutningssjóðnum er að verulegu leyti sleppt út úr þessu dæmi. Þetta er ekki aðeins fullyrðing, heldur sannar hv. frsm. 1. minni hl., Framsfl., þetta sjálfur, þar sem hann ruglast gersamlega í því, hvernig þessi samanburður á að vera. Hann segir í nál. á þskj. 172 á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, það er á bls. 5:

„Fjárlög þessa árs hækkuðu um 356 millj. frá fjárlögum ársins 1959 með sambærilegum samanburði milli þessara tveggja ára.“

Nú munu fjárlögin fyrir 1961, eins og tekið er fram í nál. meiri hl., hækka um 85—90 millj., og þá ætti hækkunin frá 1959 að vera um 450 millj. kr. eftir þessum samanburði. Hvað segir svo þessi sami hv. frsm. í sinni framsöguræðu? Hann segir: „Fjárlögin hækka um 700 millj. eða 80%.“ Eftir hans eigin dómi ætti þessi tala, 700 millj., alls ekki að vera „sambærilegur samanburður“, svo að ég noti hans orð í nál., enda eru þetta ekki sambærilegar tölur. En svona er af hendi framsóknarmanna

slegið út í loftið hinum og þessum tölum, án þess að nokkur grundvöllur eða eðlilegur samanburður sé þar hafður á milli. Í rauninni er það líka þannig, að þessi samanburður er, eins og ég tók fram, ákaflega örðugur, því að það er svo mikið matsatriði og getur verið eilíft deilumál, hvað af tekjum og hvað af gjöldum útflutningssjóðs á að taka með í samanburði við fjárlögin og hvað á undan að fella. Það er ekki hægt að fara þá einföldu leið að taka t. d. aðeins yfirfærslugjaldið, 55% yfirfærslugjaldið, eins og það var t. d. upp á síðkastið, vegna þess að tekjur útflutningssjóðs voru ýmsar fleiri, og við skulum taka t. d. innflutningsgjaldið. Innflutningsgjaldið, hvort á heldur að telja það með venjulegum tolltekjum eða aðflutningsgjaldatekjum ríkissjóðs eða telja það sambærilegt yfirfærslugjaldinu, sem sagt til þess, eins og yfirfærslugjaldið, að leiðrétta hina röngu gengisskráningu? Ég hef minnzt á það hér áður, hvað allur slíkur samanburður er erfiður. Og sannleikurinn er sá, að nú hefur Framsfl. alveg greinilega fallið í þessa gildru, þar sem hann í nál. og framsöguræðu notar tölur, sem gersamlega stangast á í þessu sambandi. Vitanlega þarf engan að undra, þegar gengisskráningu er breytt, þegar gengið er lækkað eða viðurkennd gengislækkun, svo að ég orði það nú rétt, þó að útgjöld ríkisins og þar með fjárlagafrv. hækki. Þetta gerðist vitaskuld 1950, þegar Framsfl. stóð ásamt Sjálfstfl. að gengislækkun. Þetta sama gerðist auðvitað 1958, þegar gengið var lækkað í dularbúningi. Það þarf auðvitað engan að undra.

En þegar talað er um þessi hæstu fjárlög og þessar stórkostlegu hækkanir, og eitt slagorðið er það, að nú séu enn lögð fram hæstu fjárlög á Íslandi, þá vil ég fyrst geta þess, að þessi staðhæfing er í hæsta máta barnaleg, því að hver maður, sem eitthvað þekkir til fjármála hér, veit það ósköp vel, að um leið og fólkinu fjölgar í landinu, þá aukast þjóðartekjurnar með bæði fólksfjölgun og aukinni starfsemi, auknum afla, aukinni framleiðslu. Að óbreyttum tekjustofnum öllum hljóta auðvitað tekjur ríkissjóðs að hækka, um leið og þjóðartekjurnar hækka, og um leið og fólkinu fjölgar, eru auðvitað fjöldamargir útgjaldaliðir, sem hækka af sjálfu sér. Þess vegna er það í rauninni það eðlilegasta, að fjárlög eins árs verði alltaf bæði um tekjur og gjöld nokkru hærri en árið á undan í þjóðfélagi, þó að væri fullt jafnvægi, ef þar er eðlileg fólksfjölgun og eðlileg þróun atvinnulífsins. Það er slagorð, sem mér finnst að þessir hv. þm. ættu að leggja niður, að vera að gaspra alltaf um þessi hæstu fjárlög frá ári til árs.

Þegar talað er nú um þessi hæstu fjárlög og þessa gífurlegu hækkun fjárlaga, sem hneykslazt er á, þá koma mér í hug orð hv. frsm. 1. minni hl., 3. þm. Vesturl., að hann talaði um þetta tímabil, þetta glæsilega og ánægjulega tímabil 1950—58. Mér skildist, að þetta væri ánægjulegasta og glæsilegasta tímabil í sögu þjóðarinnar. Það hafa líklega ekki verið neinar hækkanir á fjárlögum á þessum árum, þegar fjmrh. Framsfl. fór með ríkissjóðinn öll þessi ár.

Ég sé hér á tölum um rekstrartekjur og gjöld ríkisins, að á fyrsta ári þessa ánægjulega tímabils, 1950, voru tekjur samkv. fjárlögum 298 millj., en á síðasta ári þessarar glæsilegu fjármálastjórnar Framsfl. höfðu þessar tekjur — og gjöldin tilsvarandi — hækkað úr 298 millj. upp í 805 millj. Þetta var nú hækkunin, tæpar 300 millj. upp í rúmar 800 millj., og þó er þess að gæta, að 1958 er búið að leika þann skollaleik að kljúfa í sundur ríkissjóðinn og fleygja parti af tekjum og gjöldum ríkisins yfir í útflutningssjóðinn, svo að ef ætti að hafa sambærilegar tölur, þá er þetta orðið miklu hærri upphæð en þessar 805 millj.

Þegar litið er á þennan samanburð frá 1950—58, þá hlýtur maður náttúrlega að dást að því, hversu Framsfl. hefur stjórnað fjármálum landsins á þessu tímabili bæði glæsilega og sérlega ánægjulega.

Ég held, að ef sú hækkun á fjárlögum, sem nú á sér stað, eins og segir í nál. hv. 1. minni hl., fari með þeim hraða, að helzt minni á kappakstur, að þessi hækkun frá 1950—58 undir hinni ánægjulegu handleiðslu Framsfl. minni á kappakstursbraða, sem fer langt fram yfir lögleyfðan akstursbraða hér á landi a. m. k.

Tekjuáætlun þessa fjárlagafrv. hefur orðið nokkuð að umræðuefni hér, og er því haldið fram, að tekjuáætlunin sé laus í reipunum, eins og hv. frsm. 2. minni hl. orðaði það, og í ósamræmi við áætlanir ráðuneytisstjóra efnahagsmrn. Ég vil nú fyrst taka það fram, að vitanlega gætir jafnan, ekki aðeins nú, heldur jafnan nokkurrar óvissu um áætlanir á tekjum ríkissjóðs. Þar eru svo mörg öfl og stundum gagnverkandi öfl, sem ráða, að ákaflega er erfitt að segja þar um fyrir fram. Og alveg sérstaklega þegar jafnmiklar breyt. verða í þjóðfélaginu og í sambandi við gengisbreyt., hinn frjálsa innflutning og yfirleitt viðreisnarráðstafanirnar, þá er að sjálfsögðu ákaflega erfitt að gera nákvæmar tekjuáætlanir fyrir næsta ár. Þannig hefur reynzt á þessu ári. Þegar fjárlög fyrir árið 1960 voru samin, var að sjálfsögðu reynt eftir föngum að gera sér grein fyrir, hver innflutningurinn mundi verða á þessu ári, og svo í samræmi við það aðflutningsgjöldin, sem eru mikill meiri hluti tekna ríkissjóðs. Í þetta var lögð mikil vinna og reynt að gera sér sem gleggsta grein fyrir því. Var mönnum auðvitað ljóst, að þar tókust á ýmis öfl, sum, sem bentu til þess eða unnu að því að draga úr innflutningnum, og önnur til að auka hann. Á ég þar annars vegar við gengisbreyt. og þá kjaraskerðingu, sem af þessum ráðstöfunum hlyti að leiða í bili, og hins vegar afnám innflutningshafta og aukið innflutningsfrelsi. Það verður sú einkennilega niðurstaða á þessu ári, að innflutningurinn í heild verður nokkru meiri en áætlað var, en hins vegar verða tollatekjur ríkisins væntanlega nokkru minni en áætlað var. Þetta hefur verið skýrt hér rækilega, en stafar fyrst og fremst af því, að þó að innflutningsmagnið verði meira, þá dregst saman miklu meira innflutningur af hátollavörum en öðrum vörum. Í sambandi við samningu þessarar tekjuáætlunar fyrir 1961 er það í fyrsta lagi, að sú áætlun, sem efnahagsmála-

ráðunauturinn lagði fyrir fjvn., sú áætlun um tekjur er svo að segja sú sama og er í frv. Þar er ekkert misræmi á milli. Spurningin er þá, hvort rétt hafi verið að gera þær till. um hækkanir á tekjuáætlun, sem gerðar eru í till. meiri hl. n., og ég held, að það sé fullfast að orði kveðið að tala þar um verulegt ósamræmi, vegna þess að mörg af þessum atriðum eru algert matsatriði. Sýnist eitt þessum og annað hinum, og það, sem hér munar, er ekki meira en um 2%. Það, sem meiri hl. fjvn. leggur til að tekjuáætlunin í heild hækki, mun nema í kringum 2%. Þegar maður athugar, hvílíkt matsatriði er hér um að ræða og óvissu, eins og jafnan er í sambandi við innflutningsáætlun og tekjuáætlun fyrir næsta ár, þá held ég, að þetta sé hverfandi lítið og alls ekki réttmætt að tala um neitt ósamræmi þarna í milli.

Ég gat þess, að það væri ekki óvissa um tekjuáætlunina aðeins nú, heldur hefði oft verið áður, og ég held, að þegar maður lítur yfir t. d. undanfarinn áratug, annars vegar tekjuáætlanir fjárlaga og hins vegar ríkisreikninginn, og sér þar, hverjar tekjurnar urðu, þá sýnir það, að töluvert mikil óvissa hefur stundum verið.

Tökum t. d. tvö ár, árin 1950 og 1951. Árið 1950, snemma á árinu, var gerð gengisbreyting. Á því ári voru tekjur ríkisins áætlaðar 298 millj., og reynslan varð mjög nærri þeirri spá. Rekstrartekjurnar urðu um 306 millj., fóru aðeins lítillega fram úr áætlun. Á næsta ári eftir gengisbreytinguna, árið 1951, áætlaði Alþ. eða þáverandi fjmrh. og fjvn. tekjurnar 298 millj. Í það skipti urðu þær 414 millj. Þarna skakkaði af 298 millj. áætlunum hvorki meira né minna en 116 millj. kr. Þannig má lengi rekja. Stundum reynast tekjurnar mjög nærri áætlun. Stundum, sem betur fer sjaldan, hefur vantað upp á, að tekjurnar nái áætlun. Stundum eru þær langt fyrir ofan. Ég bendi aðeins á þessi dæmi til þess að sýna, hversu mikil óvissa hlýtur alltaf að ríkja um tekjuáætlun og innflutningsáætlun, og miðað við þá reynslu, sem við höfum haft, held ég, að ekki sé hægt með sanni að tala um neitt ósamræmi í till. meiri hl. fjvn. annars vegar og hins vegar áætlun efnahagsmrn.

Í sambandi við tekjuáætlunina vil ég minnast á eitt, og það er 8% innflutningssöluskatturinn, sem lögfestur var á þessu ári. Hv. frsm. 2. minni hl., 6. þm. Sunnl., fór þar með stórrangfærslu sína nr. 2 í sinni ræðu. Hann heldur því blákalt fram, að því hafi verið lofað, að þessi 8% innflutningssöluskattur yrði alls ekki framlengdur á árinu 1961. Þetta eru hrein ósannindi. Ég veit ekki til, að nokkur maður, hvorki úr ríkisstj. né stjórnarflokkunum, hafi gefið slíkar yfirlýsingar. Þvert á móti. Í umr. hér á Alþ. lýsti ég því yfir að gefnu tilefni hvað eftir annað, að um það væri ekkert hægt að segja, hvort þennan innflutningssöluskatt þyrfti að framlengja á árinu 1961. Ég tók það fram. Það, sem nú er verið að ákveða, er þetta: Hann er nauðsynlegur til að jafna halla á fjárlögum ársins 1960. Um það, hvort þarf að framlengja hann að einhverju leyti eða öllu leyti eða unnt verður að fella hann niður, er ekki unnt að segja fyrr en næsta haust, þegar fjárlögin fyrir 1961 koma til meðferðar. Þessu var lýst yfir af mér oftar en einu sinni hér í Alþ. Það eru því gersamlega staðlausir stafir, þegar er verið að búa til hér nú, að það hafi verið gefin einhver loforð um það, að þessi skattur yrði ekki framlengdur. Slíkt hefði manni náttúrlega aldrei dottið í hug, að fara að gefa slíkt loforð fram í framtíðina. Það má vera, að þessi hv. þm. ætli að byggja þessar staðhæfingar sínar á því, að á síðasta þingi var aðeins ákveðið um það, að hann skyldi gilda fyrir þetta ár, og að hann var nefndur bráðabirgðasöluskattur. Nú er vitað, að á annan áratug hafa á hverju einasta þingi verið framlengdir frá ári til árs margir tekjustofnar, ekki einn, heldur margir. Þeir hafa verið kallaðir bráðabirgðaskattar, það hefur verið bráðabirgðaframlenging, sem átti aðeins að gilda fyrir það ár. Var þá Framsfl. í áratug á hverju einasta þingi að svíkja sín loforð, margsvíkja, með því að framlengja þessa skatta? Eða var þessi hv. þm., 6. þm. Sunnl., í tíð vinstri stjórnarinnar alltaf að svíkja einhver gefin loforð með því að greiða atkv. með því og berjast fyrir því, að þessir bráðabirgðaskattar allir saman yrðu framlengdir? Ef á að leggja þann skilning í orð þessara hv. frsm. tveggja, að ef skattur er aðeins ákveðinn til eins árs í senn, þá séu það einhver svik að framlengja hann næsta ár, þá eru þeir fyrst og fremst að saka sjálfa sig um svik árum saman. Vitanlega nær það engri átt að leggja slíkan skilning í gjöld eða tekjustofna, sem þannig eru framlengdir frá ári til árs. Og ég tek það enn einu sinni fram, að það eru gersamlega staðlausir stafir, að nokkur loforð hafi verið gefin um það, að þessi skattur yrði ekki framlengdur á þessu ári, heldur skýrt tekið fram, að það yrði að meta við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1961.

Nú er það öllum ljóst, sem hafa kynnt sér fjárlögin og horfurnar, að ríkissjóður má ekki við því að missa á næsta ári þennan tekjustofn, ef á að afgr. fjárlög tekjuhallalaus, sem ég vona þó að allir séu sammála um, og ef ekki á að leggja á nýja skatta eða aðflutningsgjöld. Nú er það stefna ríkisstj. hvort tveggja að afgreiða hallalaus fjárlög og að leggja ekki á nýja skatta eða aðflutningsgjöld.

Það er rétt, að ég komi hér að þriðja stóra ranghermi hv. 6. þm. Sunnl., og sannast sagna hélt ég, að sá reyndi þm., sem veitti fjvn. forstöðu um skeið og kynntist mjög fjármálum ríkisins, væri gætnari maður og orðvarari en fram kemur í hans ræðu hér, því að hann lýsir því yfir hreinlega, að ríkisstj. hafi gefið loforð um að greiða að fullu öll vátryggingargjöld íslenzka fiskiskipaflotans fyrir árið 1960 og þetta nemi hvorki meira né minna en 90—100 millj. kr., upp í það muni fást úr útflutningssjóði væntanlega um 40 millj. kr. Þetta eru staðlausir stafir algerlega. Það er ekki nokkur minnsti fótur fyrir þessu. Ríkisstj. hefur engin loforð, engar yfirlýsingar gefið í þessa átt. Ég get lýst því yfir líka hér, að úr ríkissjóði verður á næsta ári ekki greiddur einn einasti eyrir í þessu skyni. Ég býst við, að flestir hv. þm. viti mætavel, hvað hér er um að ræða. Það, sem

útgerðarmönnum hefur verið sagt, er það, að ríkisstj. muni fallast á það og mæla með því, að þegar útflutningssjóður er endanlega upp gerður, verði það, sem eftir stendur í honum, notað til hagsmuna eða þarfa sjávarútvegsins.

Þegar hv. 6. þm. Sunnl. fer nú með svona ranghermi hér, þá getur það eiginlega ekki stafað af öðru en að annaðhvort hefur hv. þm. trúað Þjóðviljanum eða Þjóðviljinn hefur trúað honum, — ég veit ekki, hvort er það rétta. Út af þessari skáldsögu sinni finnur hann það svo, að það vanti m. a. í gjaldabálk þessa frv. hvorki meira né minna en líklega 50—60 millj., sem ríkisstj. sé búin að lofa að greiða af hendi á næsta ári, en alls ekki sé áætlað fyrir. Trúi því hver sem er og hver sem vill, að ríkisstj., hvort sem það er þessi eða önnur, mundi leyfa sér að afgreiða fjárlög með slíkum hætti.

Enn fremur segir hann, að útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir séu vanreiknaðar sem nemi upp undir einum tug milljóna og þetta sé gert vitandi vits. Hver er nú sannleikurinn í þessu? Sannleikurinn er sá, að þeir, sem kunnugastir eru þessum útflutningsmálum landbúnaðarafurða, eru ekki á einu máli um það, hverjar uppbæturnar muni verða á næsta ári. Það er mjög vægt til orða tekið að segja, að þeir séu ekki á einu máli, heldur greinir þá svo stórkostlega á, að þær áætlanir, sem ég hef heyrt frá ýmsum fróðum mönnum á þessu sviði, eru frá 10 millj. upp í 22 millj. kr. og svo ýmsar tölur þar á milli. Framleiðsluráðið sjálft hefur sent tvær áætlanir til fjvn., og skakkar þar nokkru, að vísu ekki mjög miklu, á milli, en sem sagt, það voru ekki liðnar margar vikur, þangað til framleiðsluráðið sjálft hélt því fram, að fyrri áætlunin væri röng og ætti að vera þó nokkuð miklu lægri. Ég skal ekkert fullyrða um það, hverjar útflutningsuppbæturnar verða, en eftir nákvæma athugun á þessu máli hefur það orðið niðurstaðan að áætla 12 millj. í fjárlögum næsta árs fyrir þessu. Í sambandi við það mál vil ég taka mjög undir það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér, að þau mál þurfa gagngerðrar endurskoðunar við og sú skipan, sem höfð er á þessum útflutnings- og uppbótarmálum landbúnaðarins, hún getur ekki staðizt til lengdar. Kerfið allt saman þarfnast gagngerðrar endurskoðunar. Vitanlega getur það ekki staðizt, að ríkissjóður greiði uppbætur án þess að geta í rauninni nokkur áhrif haft á það, hvað þær verða miklar, m. a. vegna þess, að útflytjandinn hefur ekki nokkurra hagsmuna að gæta í því, hvaða verð fæst fyrir vöruna. Ríkissjóður skuldbindur sig til að borga það, sem á vantar, og í annan stað, að höfð skuli um meginhluta þessa útflutnings alger einokun. Ég efa ekki, að þeir, sem standa að þessum útflutningi, séu samvizkusamir og góðir menn, en skipulagið sjálft verður auðvitað að taka til gagngerðrar endurskoðunar.

Ég skal, þótt af mörgu sé að taka og æskilegt hefði verið að svara ýmsu, sem fram hefur komið í ræðum og nál. minni hl., ekki fara út í öllu fleiri atriði að þessu sinni, en mun koma nánar síðar og þá einkum við 3. umr. að sumum þeirra atriða, sem hér hefur verið um rætt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 185, sem útbýtt var á fundinum, leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að tala fyrir brtt., sem eru á þskj. 180, og hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr. um fjárlögin núna og mun ekki gera það, en hafa aðeins örfá orð sem inngang að því, sem ég segi um brtt. Ég mun við annað tækifæri, sem væntanlega gefst hér síðar, ræða nokkuð um efnahagsmálastefnu ríkisstj. og fjárlögin í því sambandi og hvernig nú er komið og hvað við blasir í því efni. Hv. frsm. 1. minni hl. hefur gert þessum málum svo rækileg skil við þessa umr., að þar þarf ekki við að bæta, og ég veit, að hann muni svara ýmsu af því, sem hæstv. fjmrh. vék að honum, og get ég alveg gengið fram hjá því.

Ég vil þó aðeins segja, að þessi fjárlög eru ömurleg mynd af þeim áhrifum, sem samdráttar- og kjaraskerðingarstefna ríkisstj. hefur þegar haft á þjóðarbúskapinn, — ömurlegri mynd en jafnvel þeir, sem svartsýnastir voru á þetta flan, gátu hugsað sér fyrir fram að blasti við eftir aðeins örfáa mánuði. Ég vil einnig benda á, að það er ekkert spaug fyrir stjórnarandstæðinga að fást við tillögugerð í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, þar sem ekki hefur fengizt lögð fram gjaldeyrisáætlun fyrir næsta ár og þar með engin innflutningsáætlun, sem hægt er að kalla því nafni, og þá um leið engin grg. fyrir því, hversu mikið erlent lánsfé ríkisstj. hugsar sé að geta notað eða muni nota á því ári. En bara það atriði eitt að fá upplýsingar um, hversu mikið erlent lánsfé á að nota, er svo stórkostlegt, að það er alveg út í bláinn að ætla sér að reyna að gera till. um tekjuáætlunina t. d. án þess að vita það. En af einhverjum undarlegum ástæðum er þessu alveg haldið leyndu nú af þeim, sem fyrir þessum málum standa, og því ekki hægt að sjá, hvert verið er að fara í því efni.

Ég sagði, að ég mundi ekki svara hæstv. fjmrh., og ég mun ekki heldur gera það að ráði. Hann talaði hér talsvert um endurbætur á fjárlögum og reikningshaldi, sem hann hefði í hyggju, og væri gott, ef hann gæti komið slíku í framkvæmd, því að vafalaust stendur margt til bóta í þeim efnum og væri það ekki nema eðlileg þróun. En fram að þessu hef ég ekki orðið var við aðrar breyt. verulegar á uppsetningu fjárlaganna í þessum skilningi af hendi hæstv. ráðh. og þess meiri hl., sem hann styður, en þá að taka upp á því að telja framlög til vegagerðar með eignaaukningu ríkissjóðs, á 20. gr., telja það auknar eignir ríkissjóðs, sem lagt er fram í vegi af atvinnuaukningarfé, og mun fæstum finnast það vera til bóta í reikningsfærslu ríkisins eða til að gera þær línur skýrari eða gleggri á nokkurn hátt. En á hinn bóginn mun vera í þessu að einhverju leyti stuðzt við fordæmi frá reikningsfærslu Reykjavíkurbæjar, sem hefur ekki þótt til sérstakrar fyrirmyndar að þessu leyti. Það væri betur, ef hæstv. ráðh. auðnaðist að gera betur en byrjunin bendir til, og mjög gott væri að mínu viti að setja reglur um, hvernig upp skuli

gerður frá ári til árs greiðslujöfnuður ríkissjóðs, sem við tölum svo oft um. Að vísu hafa skapazt um þetta nokkuð fastar venjur, en það mundi engu spilla að hafa þær fastari.

Áður en ég kem að brtt., þá get ég ekki heldur stillt mig um að benda aðeins á þann — ég vil segja skrípaleik, sem hér er leikinn um alvarlegt efni, þar sem eru ráðstafanir eða öllu heldur bollaleggingar og athuganir á möguleikum á sparnaði í ríkisrekstrinum. En þessum leik er þannig háttað eða einum þætti í honum, að í fyrra taldi hæstv. fjmrh. upp 12 atriði, sem hugsanlega væri hægt að spara, og í fjárlagaræðunni núna benti hann á 25 liði, sem taka mætti til athugunar í þessu sambandi. Eins og gefur að skilja, er sumt af því sömu liðirnir og hann ræddi um í fyrra. Síðan tekur meiri hl. hv. fjvn. fjárlögin og bendir á 23 liði, sem þurfi að athuga og sennilega væri hægt að spara á, og sumt af því eru auðvitað enn hinir sömu liðir og voru í þessum 25, sem hæstv. ráðh. benti á. Síðan er það næsti þáttur í leiknum, að hæstv. ráðh. kemur hér og þakkar meiri hl. fjvn. með alveg sérstökum kurteisistilburðum fyrir að hafa nú bent á þessa liði, sem væntanlega sé hægt að spara á. Þetta er það, sem gerzt hefur.

En ekki flytur meiri hl. fjvn. eina einustu till. til lækkunar á fjárlögunum eða í sparnaðarátt. Ekki eina, ekki um eina krónu. Það eina, sem fram kemur um þetta, eru þessar bollaleggingar, sem að verulegu leyti eru sífelldar endurtekningar. Á hinn bóginn er nú miklu minna rætt um ýmislegt af því, sem mikið var um talað fyrr í haust, svo sem um sparnað og nýjar aðferðir við að eyða refum og minkum og nýjar aðferðir við strandferðir og annað slíkt. Af hverju ætli það sé? Þetta leyfi ég mér að kalla skrípaleik með alvarleg málefni. Síðan kemur svo hæstv. fjmrh. og áminnir menn mjög, með mjög sterkum orðum, um, að það megi engin sýndarmennska eiga sér stað í meðferð þessara mála og allra sízt þegar um það sé að ræða að leita að sparnaðarleiðum og flytja till. í því efni. Loks er svo aðalmálgagn ríkisstj. látið lýsa því yfir, að niðurstaðan af þessu öllu saman sé, að ríkisútgjöldin séu að lækka og margar og merkar sparnaðartill. komi frá meiri hl. fjvn., og það þó að ekki sé ein einasta till. — ekki ein — frá meiri hl. fjvn. um nokkra lækkun á nokkrum lið í fjárlögunum og fjárlögin hækki við þessa umr. að tilhlutan þessa meiri hl. um 35 millj. og samtals um 85 millj. frá því í fyrra. Þetta heitir lækkun á ríkisútgjöldum og stórmerkilegar till. um sparnað í ríkisrekstri. Þetta leyfi ég mér að kalla skrípaleik, þakkarávörp flutt á víxl um þessar margumtöluðu ábendingar, sem sumar virðist vera búið að nota þrisvar, þannig að samanlögð tala hinna merku ábendinga er með því móti komin upp í 60.

Hæstv. fjmrh. fann að því, að bent væri á þá stórfelldu hækkun, sem væri á fjárlögunum, og taldi grautað þar tölum og erfitt um samanburð. Það er alls ekkert erfitt. Það á að bera saman útgjöld fjárlaganna, eins og þau liggja fyrir núna, því að niðurgreiðslurnar eru á þeim núna, og fjárlögin eins og þau voru 1958, og bæta þar við þeim niðurgreiðslum, sem inntar voru þá af hendi utan fjárlaga. Með þessu móti verður samanburðurinn laukréttur, og þá er hækkunin 700 millj.

Hæstv. fjmrh. sagði, að framsóknarmenn ættu ekki að vera að tala um þetta, vegna þess að fjárlögin hefðu hækkað á 8 árum úr 300 millj., held ég hann hafi sagt, upp í 800 millj. eða eitthvað þar um bil. Þetta er að vísu stórkostleg hækkun, það skal játað, 500 millj. á 8 árum. Þar kom til verðbólguþróun og ýmislegt fleira, sem of langt er út í að fara. En á hinn bóginn sýnist mér, að það sé öllu meiri hraði að hækka um 700 millj. á tveimur árum, en 500 á átta.

Það var mjög merkileg yfirlýsing, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. í sambandi við útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir. Ég veit ekki betur en hæstv. ríkisstj. hafi samið um þetta mál á sínum tíma við Stéttarsamband bænda, þau séu í raun og veru liður í samningi við Stéttarsambandið, þessi ákvæði, sem lögfest voru um útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir. Nú segir hæstv. ráðherra alveg blákalt, að þetta geti alls ekki staðizt, þetta verði að breytast og það fyrr en síðar. Er það þá meiningin hjá hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn að svíkja það, sem samið hefur verið um við Stéttarsambandið í sambandi við þá málamiðlun, sem náðist í fyrravetur? Er það ætlunin? Það væri mjög æskilegt, að hæstv. landbrh. gæfi skýrari yfirlýsingar um, hvað það er, sem til stendur samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjmrh. Hvaða breytingar eru það, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að gera á þessu samkomulagi og hæstv. fjmrh. talaði um? Það virtist vera einhver mjög veruleg takmörkun á þeim ákvæðum, sem nú hafa verið lögleidd. Hvað er það, sem hæstv. ríkisstj. hefur í huga í þessu? Ég sé ekki betur en það sé nauðsynlegt, að hæstv. landbrh. geri hér alveg hreint borð og geri þetta gleggra en fram kom hjá hæstv. fjmrh. — Ég sé, að hæstv. landbrh. er farinn, kannske hefur honum brugðið svo við það, sem hæstv. fjmrh. sagði. En ég vænti, að hæstv. fjmrh. vilji koma þessari fyrirspurn á framfæri við hæstv. landbrh.

Ég skal þá snúa mér að brtt. Við höfum hér fjórir þingmenn af Austurlandi flutt nokkrar brtt., sem ganga ekki mjög langt. Þær eru á þskj. **180.**

Það er fyrst tillaga um að auka framlag til Hellisheiðarvegar um 100 þús. kr. Þessi vegur á að tengja Vopnafjörð og Fljótsdalshérað og mundi stytta þá leið feikilega mikið, eins og allir þekkja, sem kunnugir eru á þeim slóðum. Það er að vísu veitt nokkurt fé til þessa vegar, en það mundi taka afar langan tíma að leggja hann, ef ekki verður hægt að fá meira fé til hans en nú er ráðgert í fjárlögum. Og þó að okkur sé ljóst, að það muni vera mjög erfitt að fá meiri hluta hér á hv. Alþingi fyrir því að hækka framlögin til verklegra framkvæmda, þá viljum við samt freista þess að gera þessa hógværu till. um, að framlagið til þessa vegar verði hækkað um 100 þús. kr.

Þá er till. um að leggja til Hróarstunguvegar austan Lagarfljóts 50 þús. kr. Þessi vegur hefur áður haft fjárveitingu á fjárlögum, en

hefur nú verið strikaður út, eins og margir aðrir vegir, sem hafa verið strikaðir út að tilhlutan núverandi hæstv. ríkisstj. og þingmeirihluta. Hér er um veg að ræða, sem liggur frá Lagarfljóti og inn á aðalveginn, sem liggur um sveitina, og þessi vegur er mjög þýðingarmikill vegna mjólkurflutninga og annarra flutninga, og leggjum við þess vegna til, að hann fái 50 þús. kr. framlag.

Þá er till. um að hækka framlag til Stöðvarfjarðarvegar um 100 þús. kr. En þannig er háttað með þennan veg, að þar er bæði um að ræða vegarlagningu til Stöðvarfjarðar frá Fáskrúðsfirði og enn fremur vegarlagningu áfram frá Stöðvarfirði til Breiðdals. Þar er um 7 km haft, sem þarf að leggja veg um, og þegar því er lokið, mundi vera hægt að fara í bifreiðum með allri sjávarströndinni fyrir Austfjörðum, og mundi það verða geysileg breyting á allri samgönguaðstöðu þar. En vegna þess að þessari fjárhæð þarf að skipta í tvo staði, þá er ekki hægt að ná neinum verulegum árangri með þeirri fjárveitingu sem er í fjárlögunum, þó að hún sé 310 þús. kr. Leggjum við því mjög eindregið til, að þessi fjárveiting verði hækkuð um 100 þús. kr., í 410 þús.

Þá eru fjórða og fimmta till. Það má í raun og veru tala fyrir þeim í senn. Það eru till. um að hækka framlögin til Berufjarðarvegar annars vegar og Geithellnavegar hins vegar um 40 þús. kr. til hvors vegar. Þessir vegir liggja með sjávarströndinni áfram um Beruneshrepp og Búlandshrepp og Geithellnahrepp og eru þess vegna liður í þeim vegi, sem liggur umhverfis landið, aðalþjóðbrautinni. En ástand þessara vega er mjög slæmt, og gengur afar hægt að bæta úr því með þeim fjárveitingum, sem nú eru. Viljum við því eindregið fara þess á leit, að hv. alþm. fallist á að hækka þessar fjárveitingar upp í 170 þús. kr. í hvorn veg.

Þá gerum við till. um að veita fé til Sandár í Jökuldal, sem er mjög slæmur farartálmi á Jökuldalnum austanmegin. Þar er um að ræða 350 þús. kr., og er það kostnaðurinn við að gera þá brú.

Enn fremur leggjum við til, að greitt verði tillag til brúar á Selá í Álftafirði, 150 þús. kr. Það hafa nú þegar verið veittar fyrir tveim árum 100 þús. kr. til þessarar brúar, en síðan hefur ekki fengizt viðbót, og mundi þó ekki vera hægt að ljúka henni fyrir þessar 150 þús. kr., sem hér er gert ráð fyrir. En það mundi þá vera komið fyrir meira en helmingi af andvirði brúarinnar, og erum við því með þessari till. að fara fram á, að það verði haldið áfram að safna fé, til þess að þessi brú geti orðið til. Hún hefur þýðingu fyrir innansveitarsamgöngur í Álftafirðinum, og enn fremur liggur sjúkraflugvöllur þeirra Álftfirðinga, þar sem kalla mætti handan árinnar, og er mjög nauðsynlegt að fá brú á ána einnig af þeim ástæðum.

Þá höfum við hér eina till. um hafnarframkvæmdir. Það er um að hækka framlag til Vopnafjarðarhafnar úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr., um 50 þús. kr. Á Vopnafirði er verið að vinna að mjög aðkallandi framkvæmd vegna atvinnulífsins á staðnum, og 100 þús. kr. framlag er of lítið til að hrinda því máli áleiðis. Leggjum við því eindregið til, að þetta verði fært upp í 150 þús. Hér er þó aðeins um að ræða lítinn áfanga af því mikla verki, sem vinna þarf í hafnarmálum Vopnfirðinga, ef vel á að verða. Vopnafjörður er nú orðinn afar þýðingarmikill staður vegna þeirrar aðstöðu, sem er þar til móttöku á síld, og þeirra síldar- og fiskimiða, sem þar liggja framundan og hafa reynzt árum saman og má jafnvel segja áratugum saman fengsæl á síldarvertíðinni.

Við hefðum gjarnan viljað flytja miklu fleiri till., einkanlega um hækkun á vegafé, en við vildum þreifa fyrir okkur fyrst með þeim till., sem hér liggja fyrir, hvort þær fá undirtektir. En það ber ekki að skoða þennan tillöguflutning af okkar hendi þannig, að við teljum á nokkurn hátt fullnægjandi að sinna aðeins þeim málum, sem hér eru fluttar till. um, því fer alls fjarri, heldur eru þessar till. fluttar til að fá bætt úr nokkrum ágöllum fjárlagafrv. að því er varðar fjárveitingar í okkar kjördæmi, en aðeins fáum ágöllum af mjög mörgum. Ég vil m. a. í því sambandi benda á þá óhæfu, sem framkvæmd var í fyrra, þegar strikaðar voru út fjárveitingar í mjög marga vegi og svo ekki teknar upp aftur í þetta fjárlagafrv., þannig að vegagerð hefur víða algerlega fallið niður.

Valtýr Guðjónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér á þskj. 184 brtt. við 11. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1961. Það er um hækkun á framlagi til vetrarlöggæzlu í Sandgerði úr 20 þús. kr. samkvæmt frv. í 40 þús. Ástæðan til þess, að brtt. er flutt, er sú, að það liggur fyrir, að nauðsynlegt er samkvæmt dómi sveitarstjórnar í Miðneshreppi að auka verulega löggæzlu í Sandgerði, og þörfin á aukinni vetrarlöggæzlu á þessum stað stafar af því fyrst og fremst, að skipshafnir utan af landi koma þangað á vertíð í sívaxandi mæli. Þar eru og tvær stórar fiskvinnslustöðvar, sem að nokkru eru reknar með aðkomufólki. Þessar aðstæður, sem fyrir hendi eru í Sandgerði, eru að vísu þær sömu og valda því, að hv. fjvn. hefur á þskj. 162 flutt brtt. til hækkunar á framlagi til vetrarlöggæzlu í Vestmannaeyjum á árinu 1961. En báðir þessir staðir hafa notið styrks undanfarið, Sandgerði t. d. 20 þús. Þá má geta þess líka í sambandi við Sandgerði, að þar er á Miðnesheiði nýreist radarstöð, sem hefur í för með sér verulega aukna umferð um hreppinn. Eins og þingmenn vita, er Sandgerði, eins og aðrar verstöðvar syðra, mjög mikilvæg útgerðarstöð, og ég tel mjög eðlilegt, að þessi liður í starfrækslu þessa sveitarfélags sé hækkaður, þótt ekki sé um meira en þetta lítilræði, út frá þeim aðstæðum, sem það á við að búa.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal láta mér nægja að fara fáum orðum um það, sem fram hefur komið í þessum umræðum, því að í sannleika sagt er ekki ýkja margt, sem hefur komið fram í framsöguræðum hv. frsm. 1. og 2. minni hl., sem gefur mér tilefni til þess að flytja hér langt mál, auk þess sem hæstv. fjmrh. hefur þegar svarað mjög rækilega ýmsum þeim atriðum, sem þar komu fram. Mun ég því spara mér að ræða

sérstaklega um það efni, en aðeins minnast á nokkur atriði, sem varða heildarmynd málsins.

Það er út af fyrir sig eftirtektarvert, og mér sýnist það nokkur vísbending um það, að meiri hl. fjvn. hafi farið nokkuð rétta leið í sambandi við afgreiðslu þessa frv., að raunverulega eru brtt. hv. minni hl. mjög smávægilegar. Þar er ekki um að ræða breytingar á neinum grundvallaratriðum frv., heldur er lagt til að hækka lítillega tiltölulega fáa liði, og þar er ekki um að ræða neinar stórar fjárhæðir. Hv. framsóknarmenn hafa t. d. ekki við afgreiðslu fjárlagafrv. nú tekið upp nein þeirra miklu útgjaldamála, sem þeir hafa flutt hér í þingi nú, og sýnist mér það benda til þess, að þeir hafi ekki ýkja mikla trú á, að möguleiki sé, miðað við fjárhagsafkomu ríkissjóðs nú, að leggja á hann slíkar byrðar sem þar er gert. Er þetta þeim síður en svo til lasts, og tel ég, að afstaða beggja minni hluta nú beri vott um miklu meiri skilning á raunverulegri aðstöðu til útgjaldahækkunar heldur en fram kom í till. þessara aðila í fyrra, einkum hv. framsóknarmanna, sem þá lögðu til að hækka útgjöld ríkissjóðs á annað hundrað millj. kr. frá því, sem meiri hl. fjvn. þá lagði til. Það er svo auðvitað ekki nema eðlilegt, að þessir frsm. stjórnarandstöðunnar láti þar fylgja með almennar hugleiðingar um það, að stefnt sé í ófæru með ríkisbúskapinn og að allt hefði verið á allt annan veg og miklu betra, ef þeirra flokkar hefðu ráðið, og svo skemmtiyfirlýsingar ýmsar, eins og þá, sem er að finna í nál. hv. 1. minni hl., að Framsóknarfl. hafi alltaf verið andvígur eyðslustefnu. Slíkar setningar eru skemmtilegar aflestrar og gera að sjálfsögðu engum neitt til og hafa enga þýðingu í sambandi við málið sjálft og eru sýnilega meira fram settar til þess að geta þó haft einhverja tilburði um það að gera einhvern ágreining um málið. Því er ekki einu sinni varpað fram af hálfu hv. stjórnarandstæðinga, að það séu fyrir hendi neinir möguleikar, eins og ástatt er, til að fella niður tekjustofna ríkissjóðs, sem þó hefur mjög verið haldið á lofti í þeirra málgögnum að bæri að gera nú. En ég hygg, að þessir aðilar hafi einmitt gert sér grein fyrir því, þegar þeir kynntust öllum aðstæðum málsins, að þess er því miður enginn kostur, eins og nú standa sakir.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa því raunverulega í meginefnum fallizt á þau grundvallarsjónarmið, sem meiri hl. n. hefur haft í sambandi við afgreiðslu fjárlagafrv. nú, og er það vissulega vel. Að vísu eru þær tillögur, sem eru fluttar af þeirra hendi til þess að jafna þau auknu útgjöld, sem þeir leggja til, ýmsar næsta óraunhæfar, a. m. k. til þess að þær geti valdið þeim sparnaði, sem þar er getið um, strax á næsta ári. En látum það vera, það er þó allavega viðleitni sýnd til þess að jafna metin, og útgjaldahækkanirnar eru ekki svo miklar, að hægt sé að segja, að þar sé farið með neinu ábyrgðarleysi að. Þetta skal játað.

Ég hef í framsöguræðu minni gert ýtarlega grein fyrir því, hvaða ástæður hafa legið til hækkunar fjárlaga, fyrst og fremst árið 1960 með gengisbreytingunni og síðan þeirri hækkun, sem verður á fjárlögum nú, miðað við þær tillögur, sem eru í fjárlagafrv. sjálfu og brtt. þeim, sem fjvn. öll stendur að, og hirði ég ekki að rekja hér aftur þær röksemdir, sem ég þar flutti fram, þar sem ég taldi mig hafa sýnt fram á það, að ef ekki hefðu komið til útgjöld nú, sem eru tengd sérstaklega við afleiðingar efnahagsráðstafana frá því í vor, en komu ekki fram í fjárlögum þessa árs, svo sem fjölskyldubæturnar og önnur framlög til almannatrygginga, sem eru meginhluti þeirrar hækkunar, sem nú verður á fjárlögum, þá mundi hækkun fjárlaga nú, miðað við fjárlög ársins 1960, ekki verða nema um 2%. Ég hygg, að sú hækkun sé svo hófleg, að menn verði að viðurkenna, sem sanngirni vilja sýna, að þar sé fyllilega haldið sér innan þess ramma, sem telja má að lengst sé hægt að komast varðandi takmörkun útgjalda. (**Forseti**: Má ég spyrja hv. þm., hvort hann fellst ekki á að gera hlé á ræðunni? Það var ætlunin að hafa fundarhlé, kaffihlé milli ellefu og hálftólf.) Jú, það er sjálfsagt, ef forseti óskar þess. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða í einstökum atriðum þær hækkunartillögur, sem hv. minni hlutar n. gera. Það eru vissulega allt þarfir hlutir, sem þar er að vikið, og hefði verið ánægjulegt að geta sinnt þeim verkefnum, en þar sem, eins og ég áðan gat um, sparnaðartillögur þessara hv. nefndarhluta eru ekki þess eðlis, að þess sé að vænta, að þær geti orðið framkvæmdar á næsta ári og skilað þeim sparnaði á móti, sem þar er gert ráð fyrir, þá tel ég, að enginn möguleiki sé til þess að samþykkja umræddar hækkunartillögur.

Það hlýtur að vekja töluverða athygli í sambandi við þessar umræður, hversu einkennileg viðbrögð hv. stjórnarandstæðinga eru í sambandi við þá viðleitni til sparnaðar í ríkisútgjöldum, sem hæstv. ríkisstj. hefur unnið að og meiri hluti nefndarinnar hefur leyft sér að taka undir og benda á allmörg atriði til viðbótar, sem talið er rétt að taka til athugunar í því sambandi. Það er talað um það hér, og gegnir einna mestri furðu, að þar skuli vera um að ræða þann mann, sem lengst hefur verið fjmrh., að allt þetta sparnaðartal sé skrípaleikur og þar fram eftir götunum. Að vísu er það þó kannske ekki svo undarlegt, að þessi fyrrv. hæstv. ráðh. skuli hafa þessi viðbrögð, því að reyndin er sú og hefur verið undanfarið meðan hann gegndi embætti fjmrh., að þá sá hann sjaldnast nokkra möguleika til þess að draga úr ríkisútgjöldum og fann yfirleitt flestum tillögum um það efni allt til foráttu. Ég skal fúslega játa, að ef það ætti að verða útkoman úr hugleiðingum manna um sparnað í ríkisrekstrinum nú, sem varð reyndin eftir gengisbreytinguna 1950, þegar hv. 1. þm. Austf. gegndi embætti fjmrh. og taldi þá upp í æði mörgum atriðum í fjárlagaræðu sinni — og fannst það víst ekkert hlægilegt þá — mörg atriði, sem hann sagði að ríkisstj. væri með til athugunar í sparnaðarátt, og skýrði þar jafnframt frá því, — sem mörgum þykir nú vera til lítils vegsauka fyrir núverandi hæstv. ríkisstj., — að það hefði verið ákveðið að fá bandarískan

sérfræðing til þess að leiðbeina stjórninni um sparnað í ríkisrekstrinum, — ef ætti ekki að verða meira úr þessum sparnaðarhugleiðingum nú en varð þá, þá er hægt að taka undir það, að það hefði verið verr af stað farið en heima setið, því að allar þær mörgu hugleiðingar, sem þá voru uppi um sparnað, runnu gersamlega út í sandinn.

Ég hef átt þess kost að hafa allmikil afskipti af fjármálum ríkisins allt frá árinu 1948, þegar ég starfaði að þeim málum í fjmrn., og hef því átt kost á að fylgjast með þeim hugleiðingum, sem uppi hafa verið um sparnað á hinum ýmsu tímum. Hinn bandaríski sérfræðingur, sem ég minntist á, kom hingað til lands og gerði sínar tillögur til þáverandi fjmrh., sem nú er hv. 1. þm. Austf., og mér er ekki kunnugt um, að neitt af þeim tillögum hafi verið framkvæmt. Síðan voru skipaðar sparnaðarnefndir, og er mér kunnugt um starf þeirra einnig, vegna þess að ég átti í þeim sæti, a. m. k. tveimur þeirra, og þessar nefndir gerðu einnig allmargar tillögur um sparnað og fæstar þessara tillagna hafa verið framkvæmdar eða nokkur tilraun gerð til að framkvæma þær af þáverandi fjmrh., núverandi hv. 1. þm. Austf. Og síðust þessara nefnda — eða kannske öllu heldur næstsíðust — var nefnd, sem starfaði á vegum vinstri stjórnarinnar og skilaði mjög ýtarlegu áliti og greinargóðu um mörg atriði, og þessi bók var upphaflega leyniplagg, sem ekki einu sinni fjvn. mátti sjá, enda kannske ekki undarlegt, því það var engin tilraun gerð til þess að framkvæma neitt af þeim tillögum, sem þar komu fram, nema þessa frægu tillögu, sem alltaf skýtur upp kollinum, að leggja niður Kvíabryggju. Ég held það sé eina tillagan, sem hafi verið framkvæmd, af þeim ábendingum, sem þar komu fram. Þegar þessa er gætt, þá kann vel að vera, að þeir menn, sem hafa haft mest með það að gera að framkvæma þá hluti á undanförnum árum, geti talað um það, að sparnaðarhugleiðingar séu nánast skrípaleikur, ef þeir byggja það á þeirri reynslu, sem þeir hafa um viðbrögð í sambandi við hugleiðingar um sparnað.

Ég vil leyfa mér að fullyrða, að það hafi ekki, eftir að ég fór að kynnast þessum málum, verið unnið að athugun á ríkisrekstrinum með alvarlega viðleitni til sparnaðar í huga af eins mikilli kostgæfni og nú hefur verið gert, og þó að mönnum kunni að þykja árangur þeirrar viðleitni eitthvað magur, þá stafar það ekki af því, að ekki hafi verið að þessum málum unnið, heldur stafar það af hinu, sem hæstv. fjmrh benti á og fyrrv. fjmrh. einnig oft réttilega benti á, hv. 1. þm. Austf., og ég hef einnig bent á hvað eftir annað, síðan ég fór að hafa afskipti af afgreiðslu fjárlaga, að sparnaður, sem á að skila raunverulegum árangri, verður að undirbúast rækilega. Og það er tilgangslaust, og það má segja, að það sé skrípaleikur að varpa fram alls konar tillögum lítt athuguðum, sem jafnvel fyrir fram er séð að ekki er nokkur leið að framkvæma nema þá á löngum tíma. Það má segja, að sé skrípaleikur. En hitt er ekki skrípaleikur, að gera ábendingar um ákveðin atriði, sem ljóst er að ekki er hægt að vænta framkvæmdar á, nema með skipulagsbreytingum, sem þurfa að gerast með ákveðnum fyrirvörum. Þetta held ég, að allir hljóti að viðurkenna, ef þeir með skynsemi og sanngirni líta á þessi mál.

Ég held því, að það sé ekki hægt að tala um það með neinni lítilsvirðingu, þó að bæði hæstv. fjmrh. og meiri hl. fjvn. hafi leyft sér að nefna hér í umr. á Alþingi og koma fram með ábendingar um það, hvaða atriði það væru, sem sérstaklega þyrfti að kanna með hugsanlegan sparnað fyrir augum. Ég skal svo hins vegar játa það, að þetta tal um sparnað, það má að því leyti segja, að það sé ekki raunhæft, að þessi sparnaður á þeim atriðum, sem oftast nær er um talað, þ. e. a. s. á hinum einstöku stofnunum og þar fram eftir götunum, er ekki líklegur til að skila stórum fjárhæðum. Sannleikurinn er sá, að ég hygg, að það séu fáar stofnanir hér í okkar landi, sem sé hægt að segja að sé gersamlega hægt að komast af án, og ég held, að yfirleitt sé starfsmannahald í opinberum stofnunum ekki mikið og mjög nærri því að vera lágmark þess, sem hægt er að komast af með. Það, sem auðvitað ræður hér öllu máli, hvort hægt er að framkvæma verulega lækkun á ríkisútgjöldum, er, hvort menn treysta sér til að fara inn á þá braut að lækka verulega liði, sem eru annaðhvort lögbundnir liðir í sambandi við margvíslega þjónustu, sem fólkinu er veitt, eða þá ýmiss konar framkvæmdaliði, sem eru ekki bundnir. Þessa liði er auðvitað hægt að lækka án fyrirvara. Þjónustuliðina er náttúrlega ekki hægt að lækka nema með lagabreytingum, en það er auðvitað hægt að lækka lið — við skulum segja eins og vegagerð og brúargerð. Það er ekki löggjafaratriði, og það er hægt að gera án nokkurs sérstaks undirbúnings. Því miður hefur líka reyndin orðið sú, og það er engin sérstök stjórn, sem á þar sök á, heldur vegna þess, hvers eðlis útgjöldin eru, að þegar að hefur þrengt, þá hafa þessir liðir verið skertir. Hitt er svo aftur annað mál, sem er sjálfsagt að gera sér grein fyrir og framfylgja, eins og ég benti á í framsöguræðu minni, að leita sérhverra úrræða til þess að koma starfsemi ríkisins fyrir á sem hagkvæmastan hátt, þannig að þjóðfélagsborgararnir hafi tilfinningu fyrir því, að skynsamlega sé varið þeirra fé og ekki eytt í óþarfa. Þetta eru þau atriði, sem er verið að vinna að og þarf með fullum krafti að fylgja eftir, og miðað við það, hve allt slíkt hefur á undanförnum árum átt erfitt uppdráttar og tekið langan tíma, þá verð ég að segja, að sá árangur, sem þegar er orðinn af þeim athugunum, er meiri en við hefði mátt búast, en ekki minni.

Þá vil ég að lokum aðeins víkja nokkrum orðum að þeim fullyrðingum, sem fram hafa komið um, að það hafi ekki verið hægt, eins og hv. 1. þm. Austf. sagði og raunar einnig frsm. 1. minni hl. fjvn., að mynda sér nokkra yfirsýn yfir tekjuhorfur á næsta ári, vegna þess að það hafi verið leynt einhverjum ákveðnum upplýsingum fyrir n. Ég skal þá fyrst taka það fram, að þær upplýsingar, sem við í meiri hl. n. höfðum til að byggja okkar álit á, voru þær hinar sömu og n. var gerð grein fyrir af ráðu-

neytisstjóranum í efnahagsmrn. og n. síðan afhent grg. um. Aðrar eða frekari upplýsingar um það efni höfðum við ekki, og ég hef því ekki leynt n. einu né neinu í því efni. Ég vil hins vegar ekki skrifa undir það, að það hafi ekki verið hægt á grundvelli þeirra upplýsinga að gera sér grein fyrir því, hverjar tekjuhorfur mundu verða á næsta ári. N. var skýrt frá því, hvað gert væri ráð fyrir að innflutningur gæti orðið mikill á árinu, og sú áætlun var að sjálfsögðu byggð á þeim gjaldeyristekjum, sem taldar voru geta orðið til ráðstöfunar, ella hefði enginn kostur verið þess að gera sér neinar hugmyndir um það, hver innflutningurinn gæti verið, og það er auðvitað fyrst og fremst innflutningurinn, sem skiptir máli í þessu sambandi. Menn geta svo að sjálfsögðu haft sínar grunsemdir um, að það hafi verið einhver skekkja í þeim áætlunum og ekki hafi verið reiknað með öllum gjaldeyristekjum í því sambandi. En hafi það verið gert, sem ég vil ganga út frá að hafi verið gert, þá að sjálfsögðu var þetta sú tala, sem n. skipti máli að fá, og á undanförnum árum hefur hún ekki haft aðrar tölur, að því fráskildu, að í fyrra var gerð nákvæm greiðslujafnaðaráætlun, sem lá fyrir n., þegar hún vann að undirbúningi fjárlfrv. þá, og raunar í hittiðfyrra líka, en bæði þessi ár voru fjárl. afgr. löngu eftir áramót.

N. var skýrt frá því, að ákveðin greiðslujafnaðaráætlun hefði ekki verið gerð umfram það, sem ráðuneytisstjórinn skýrði frá, heldur hefði aðeins verið gerð ákveðin áætlun um það, miðað við reynslu þessa árs og miðað við þær gjaldeyristekjur, sem væntanlegar væru á næsta ári, að svo miklu leyti sem hægt er um þær að segja, hvað ætla mætti að innflutningurinn gæti orðið í ár og hvað ætla mætti um samsetning innflutningsins.

Það er alveg rétt hjá hv. minni hlutum n., að áætlun meiri hl. um tekjur af aðflutningsgjöldum er mjög tæp, þó að segja megi auðvitað, að hún geti vel staðizt. Um það getum við ekkert sagt, vegna þess, eins og hæstv. fjmrh. sagði, að þá er þar þó ekki um að ræða nema 2% breytingu frá því, sem áætlun efnahagsmrn. er, og á undanförnum árum hafa ætíð orðið æði miklu meiri breytingar en nemur 2% til og frá í sambandi við þær áætlanir, sem gerðar hafa verið.

Um þetta getum við auðvitað endalaust deilt, hvort þarna sé raunveruleg tala fengin eða ekki og hvort tekjurnar muni verða nokkrum milljónatugum lægri eða hærri. En ég held ekki, að við græðum mikið á því. Ég held, að það sé rétt, sem hv. minni hlutar segja, að sú áætlun, sem okkur var gerð grein fyrir, muni vera mjög nærri lagi, það geti svo aftur munað nokkrum milljónum til eða frá í þeirri áætlun. Það er t. d. veruleg breyting, sem þar er gerð til lækkunaráttar frá fjárl. í sambandi við ríkisstofnanirnar, sem byggist á sölu núna síðasta mánuðinn. Það getur vel verið, að sú þróun verði áfram, — það vitum við ekki, — en það getur eins verið, að hún breytist, og það hefur því ekki þótt ástæða til þess að breyta frá þeirri áætlun, enda virðist allt benda til þess í þessum umr., að menn greini yfirleitt ekki mikið á um það, að þessar áætlanir séu nokkuð nærri lagi, og a. m. k. virðist það ljóst, að menn hafi ekki þá skoðun, að hér sé verið að fela neinar tekjur, sem vissulega hefur oft verið gert á undanförnum árum í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hér er gersamlega tíundað allt það, sem líkur eru til að fram komi, og því er ráðstafað fyrir fram af Alþingi í fjárl.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja hér umr. meira. Það eru margir hér enn á mælendaskrá, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara að ræða hér sérstaklega almennar hugleiðingar, sem fram komu hjá hv. frsm. minni hlutanna um fjármálastefnuna yfirleitt. Um hana ræddi ég í minni framsöguræðu og sé því ekki ástæðu til þess að taka upp aftur þau orð, sem ég hafði um það mál þá. Að svo miklu leyti sem einstakar tillögur, sem hér hefur verið útbýtt á sérstökum þskj., gefa tilefni til, þá mun ég síðar ræða þær í þessum umr., en tel rétt áður, að hv. flm. þeirra till. geri grein fyrir þeim.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki borið fram neinar brtt. við frv. að þessu sinni, en af því að mig langar til að ræða dálítið um einstakar greinar frv., hef ég kvatt mér hljóðs, því að mér skilst, að samkvæmt þingsköpum eigi slíkt að gerast við 2. umr., sem nú stendur yfir. En áður en að því kemur, verð ég að fara örfáum orðum um aðdraganda þess máls, sem hér liggur fyrir.

Það er örskammt síðan hæstv. núv. ríkisstj. átti eins árs afmæli. Ef ég man rétt, kom hún að stjórnarstörfum 20. nóv. í fyrra. Um það leyti hafði verið lagt fyrir þingið frv. til fjárl. fyrir 1960, en það frv. var aldrei tekið til 1. umr., hvað þá að meira væri gert því viðkomandi, og í stað þess fór hæstv. núv. fjmrh. að undirbúa nýtt fjárlfrv. Hann mun hafa lagt það fram nálægt mánaðamótum janúar og febrúar í fyrravetur, og 1. umr. um það fór fram hér í sameinuðu Alþingi 8. febr.

Aðalmálgagn ríkisstj., Morgunblaðið, sagði frá þessu frv. næsta dag, 9. febr. 1960, og sparaði þá ekki stóra letrið. Á forsíðu mátti sjá fyrirsögn með stórum stöfum, sem var þannig: „Stórfelldur sparnaður í opinberum rekstri fyrirhugaður“ — og vitnaði svo nokkuð í ræðu fjmrh. Og tveim dögum síðar, 11. febr., flutti Morgunblaðið þætti úr framsöguræðu Gunnars Thoroddsens fjmrh. við 1. umr. fjárlfrv., sem eins og áður segir fór fram 8. febr. Í fyrirsögn segir m. a.: „Gagngerðar endurbætur gerðar á fjármálakerfi landsins.“

Svo liðu tímar fram. Þetta frv. til fjárl. fyrir árið 1960 hlaut hér afgreiðslu, og einhvern tíma á næstliðnu sumri mun hæstv. ráðh. hafa farið að undirbúa það frv. til fjárl. fyrir árið 1961, sem hér liggur fyrir. Trúlega hafa einhverjir vænzt mikilla tíðinda af sparnaði, þegar fjárl.-frv. 1961 var lagt fram í upphafi þessa þings. Það hljóta þeir að hafa gert, sem tóku mark á hinum stóru orðum Morgunblaðsins í fyrravetur.

Þetta frv. var tekið til 1. umr. 24. okt. í haust, og einmitt um sparnaðinn sagði hæstv. fjmrh. þá m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Við undirbúning fjárlfrv. fyrir 1961 var reynt að

snúa inn á aðra braut og freista þess að færa gjöldin niður. Þessi viðleitni hefur borið þann ávöxt, að tíu af fjórtán útgjaldagreinum fjárl. lækka nú frá gildandi fjárl." Morgunblaðið sagði frá fjárlagaræðunni m. a. í leiðara blaðsins 26. okt. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Fjármálaráðherra drap á nokkuð af því, sem þegar hefði áunnizt í sparnaði ríkisins, og benti á, að nú hefði verið brotið blað í fjármálastjórn landsins með allmikilli lækkun útgjalda flestra gjaldagreina fjárlaga" o. s. frv. Þeir segja þarna, að það hafi verið brotið blað í fjármálastjórninni, en ekki í fjármálasögu. Hvort þetta brotna blað er einhver ráðh. eða hvað, ég veit það ekki, það er ekki skýrt nánar. Og fjórum dögum síðar, 30. okt., er einnig vikið að þessu máli í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins. Þar er undirfyrirsögnin: „Lækkun tíu útgjaldagreina." Og segir síðan: „Ekki er síður mikilsvert, að nú er horfið frá hinum sífelldu útgjaldahækkunum og þenslu ríkisbáknsins. Af fjórtán útgjaldagreinum fjárl. eru nú tíu lægri en í gildandi fjárl." Gleðiboðskapurinn færður þeim, er þetta lesa, enn á ný.

En það er athyglisvert við þennan samanburð, sem hæstv. ráðh. gerði í framsöguræðu sinni í haust, að hann ber saman við fjárl. 1960. Hann sjálfur undirbjó þau, og hann var aðalforingi stjórnarliðsins sem ráðh. fjármála við afgreiðslu þeirra á síðasta þingi. Hvers vegna ber hæstv. fjmrh. verk sín ekki saman við fjármálastjórn fyrirrennara sinna til þess að sýna muninn? Þykir það e. t. v. ekki heppileg aðferð til að fá út hagstæða útkomu fyrir sig? Nei, hæstv. ráðh. tekur þann kostinn að bera sig saman við sjálfan sig, og hann bendir þingi og þjóð á útkomuna: Tíu af fjórtán útgjaldagreinum lækka.

Þegar rætt er um íþróttir, er stundum nefnt orðið tugþraut. Mér hefur skilizt, að það sé keppni í tíu íþróttagreinum. En af ræðu hæstv. fjmrh., er hann flutti á Alþingi við 1. umr. þessa frv. 24. okt. s. l., má draga þá ályktun, að nú sé háð hörð keppni í fjórtán fjárlagagreinum. Keppendur eru þar tveir, þeir eru: Gunnar Thoroddsen, höfundur fjárlfrv. fyrir 1960, og Gunnar Thoroddsen, höfundur fjárlfrv. fyrir 1961.

Af ummælum hæstv. ráðh. skilst mönnum, að sigur í keppninni sé í því fólginn að lækka tölur á fjárlagagreinunum, og ráðh. sagði okkur í haust, að Gunnar 1961 væri sigurvegari í tíu greinum af fjórtán.

En til er nefnd hér í sameinuðu Alþingi, er fjvn. nefnist. Eitt aðalverkefni hennar er að fara yfir fjárlfrv., athuga það og undirbúa afgreiðslu þess í hendur þingsins. Fjvn. hefur lokið því starfi að þessu sinni og skilað áliti. Hún gerir aths. við útreikninga hæstv. ráðh. um útkomuna í einstökum greinum, og eins og nú er sýna útreikningar n., að sá keppandinn, sem hæstv. ráðh. taldi að hefði unnið í þremur ákveðnum greinum, hefur tapað þar. Fjvn. segir meira. Meiri hl. hennar, þ. e. a. s. stuðningsmenn fjmrh., segja í nál. sínu á þskj. 171, með leyfi hæstv. forseta: „Líklegt má telja, að útgjöld ríkissjóðs 1961 hækki um 85—90 millj. kr. frá fjárl. ársins 1960." Hlýtur þetta ekki að gera eitthvert strik í útreikninginn á stigafjöldanum hjá keppendunum? Þetta minnir á það, sem gerðist í einu af stærri fylkjum Bandaríkjanna í haust í forsetakosningunum. Þar voru nóttina eftir kjördag tilkynnt úrslit í þessu fylki eins og öðrum og gefið upp, að Kennedy hefði unnið þar. En svo var farið að endurskoða þetta síðar og m. a. að telja utankjörstaðaatkvæðin, sem höfðu verið ótalin, og eitthvað þurfti fleira að athuga, og þá kom það upp, að þetta snerist við, að hinn frambjóðandinn fékk fleiri atkvæði og þar með alla kjörmennina, því að þarna fyrir vestan hafa þeir ekki mikla trú á hlutfallskosningum, skilst mér, og hafa einhvern veginn bjargazt af til þessa dags án þeirra. Svona fór þetta þar. En er það sama að gerast hér? Ég spyr. Er þetta einnig að snúast við hér? Mér sýnast vera nokkrar horfur á því, að Gunnar 1961 tapi í keppninni, gagnstætt því, sem hæstv. ráðh. sagði okkur um veturnæturnar í haust.

Eins og ég þegar hef nefnt, ræddi hæstv. fjmrh. um ávöxt af verkum sínum í fjárlagaræðunni í haust, en hann sleppti alveg að nefna það stærsta. Hann gat þess ekki, hverjar breytingar hafa orðið í heild á gjöldum ríkissjóðs í ráðherratíð hans. Hann lét þess að engu getið, að síðan hann varð fjmrh., hafa fjárl. hækkað um nokkur hundruð milljónir króna. Ekkert er heldur á þetta minnzt í nál. meiri hl. fjvn., sem stuðningsmenn núv. ríkisstj. standa að. Mér finnst ástæða til að reyna að bæta úr þessari vanrækslu þeirra. Ég ætla því að gera hér samanburð til viðbótar þeim, sem hæstv. fjmrh. gerði í haust. Ég ætla að bera saman fjárlfrv., sem nú liggur fyrir, og fjárlögin fyrir 1959, sem eru þau síðustu, sem sett voru, áður en núv. hæstv. fjmrh. tók við því embætti. Ég ætla ekki að fara lengra aftur í tímann. Ég ætla ekki, a. m. k. ekki í kvöld, að leggja það á hæstv. ráðh. að hlusta á samanburð á frv. hans við fjárl. 1958, sem eru þau síðustu, sem vinstri stjórnin stóð að.

Hæstv. ráðh. sagði í haust í fjárlagaræðu sinni allmikið um lækkanir á einstökum greinum fjárl. Hann nefndi fyrst 7. gr., en þar eru færðir vextir, sem gert er ráð fyrir að ríkið þurfi að borga, og hann talaði þar um lækkun frá fjárl. ársins í ár. En hæstv. ráðh. gat þess ekki, að í ráðherratíð hans hefur þessi grein hækkað úr 5 millj. 353 þús. upp í 9 millj. 782 þús., þannig að hækkun á þessari grein í hans tíð, sem er nú ekki nema rúmt ár, eins og ég sagði áðan, er orðin 4 millj. 429 þús. Það lítur út fyrir, að vaxtaokrið snerti ríkissjóð dálítið eins og aðra í þessu þjóðfélagi.

Næst talaði hæstv. ráðh. um 8. gr., en þar er færður kostnaður við æðstu stjórn ríkisins. Hann sagði, að kostnaður við forsetaembættið lækkaði samkvæmt till. forseta Íslands um 38 þús. kr. Hins lét hann ógetið, að við fjárlagaafgreiðsluna fyrr á þessu ári, fyrir þetta ár, var þessi liður hækkaður um rúmar 130 þús., þannig að kostnaður við æðstu stjórn landsins hefur hækkað í ráðherratíð núv. hæstv. ráðh. um 96 þús. kr.

Næst talaði hæstv. ráðh. um 9. gr., en þar er færður alþingiskostnaður og kostnaður við

yfirskoðun ríkisreikninga, og ráðh. sagði, að sá kostnaður væri lækkaður um 1 millj. kr. En ef borin eru saman fjárl. 1959 og þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá er hækkun á þessum lið 998 þús. kr. Annars er það svo um þessa grein, að ég tel ekki ástæðu til að skrifa það á reikning ráðh., þótt einhver hækkun verði á henni, og þá ekki heldur að færa ráðh. til tekna, þótt einhver lækkun verði þar einhverju sinni, því að Alþingi er stjórninni æðra, og það fer náttúrlega eftir því, hve það situr lengi, hvernig fer um þennan kostnað.

Þá er það 10. gr., þ. e. til ríkisstj. og utanríkismála, og hæstv. ráðh. sagði, að þar sparaðist mikið fé í sambandi við sameiningu á skrifstofum landsins í París, og nefndi þar 800 þús., og kostnaður við þátttöku í alþjóðaráðstefnum væri lækkaður um 320 þús. En það sést nú við samanburð, að síðan þessi hæstv. ráðh. settist í ráðherrastólinn, hefur kostnaðurinn á 10. gr. aukizt um 9 millj. 656 þús. kr., og hv. fjvn. telur, að það þurfi enn að bæta við þetta 868 þús. og gerir till. um það, svo að þá er hækkunin á þessari grein orðin síðan í árslokin í fyrra yfir 10 millj. kr.

Svo er 11. gr. Þar er, eins og menn vita, dómgæzla og lögreglustjórn, innheimta tolla og skatta, sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur. Ráðherra talaði um það í haust, að kostnaður við álagningu skatta væri lækkaður um rúmar 2 millj. Hann ráðgerir að leggja niður skattanefndir, en óvíst er nú, hver sparnaður verður af þeim breytingum, sem þar kunna að verða gerðar. En hvernig sem fer um þetta, þá er það þannig, ef miðað er við þetta fjárlagafrv., sem hér liggur fyrir, að þá hafa útgjöld á 11. gr. hækkað í tíð núv. fjmrh. um 15 millj. 841 þús., og hv. fjvn. gerir tillögu um að bæta þar við 150 þús.

12. gr., sem eru heilbrigðismálin, mun hæstv. ráðherra ekki hafa talað um sérstaklega eða a. m. k. gaf ekki upp neina lækkun þar, enda er þar um verulega hækkun að ræða. Samkvæmt frv. hefur orðið hækkun á þeim lið upp undir 10 millj., og fjvn. telur þar þurfa að bæta við rúml. 1700 þús. kr.

Nokkur hækkun hefur orðið síðan 1959 á 13. gr., en er þó vitanlega miklu minni en þurft hefði að vera, til þess að hægt væri að koma fram jafnmiklum samgöngubótum og áður var. Hækkunin í krónutölu er sem sagt ekki nógu mikil til þess að vega á móti kostnaðarhækkuninni, sem orðið hefur í tíð núv. ríkisstj.

14. gr., þ. e. kostnaður við kennslumál, hefur hækkað á þessu tímabili yfir 40 millj. kr., og fjvn. leggur til að bæta þar við rúmlega 1900 þús.

Nokkur hækkun hefur orðið á 16. gr. síðan 1959, en þó tiltölulega langtum minni en á flestum öðrum fjárlagagreinum.

17. gr. hefur hækkað geysilega, eða eitthvað á 3. hundrað millj.

Á 19. greinina eru færð óviss útgjöld. Þar hefur einnig orðið hækkun. Samkvæmt frv., eins og það liggur fyrir, er hækkunin, miðað við fjárl. 1959, 149 millj. og 100 þús. En til þess að fá samanburðinn réttan þarf að draga frá þessu tæpar 113 millj. kr., sem útflutningssjóður lagði fram árið 1959 til niðurgreiðslu á vöruverði innanlands. Þessu þarf að bæta við gjöldin á 19. gr. 1959 til þess að fá samanburðinn réttan, og er það þá um 36 millj., þegar þetta er tekið til greina, sem 19. gr. hefur hækkað í tíð núv. hæstv. ráðherra, og fjvn. telur þörf á að bæta við þennan lið 7 millj. kr., flytur till. um það, en ýmsir telja, að þó vanti enn nokkra upphæð inn á þessa grein, sem fyrirsjáanlegt sé að þurfi að borga á næsta ári.

Um 20. gr. er það að segja, að 1959 voru útgjöld á henni 86.9 millj., en eru nú á fjárlagafrv. 107 millj. rúmar, og fjvn. leggur til að hækka þá grein útgjaldamegin um 4 millj. 650 þús.

Mér þótti rétt að gera þennan samanburð á einstökum greinum fjárlfrv. við fjárlögin, sem giltu fyrir árið 1959, sem — eins og ég sagði áður — voru þau síðustu, sem afgreidd voru eða samþ. hér á þingi, áður en núv. hæstv. fjmrh. tók að fara með þessi mál.

En aðalmálgagn ríkisstj. heldur áfram viðleitni sinni til þess að uppfræða landsmenn á sama hátt og áður, á sinn sérstaka hátt. Nú á þriðjudaginn var, — 6. des., segir í Morgunblaðinu frá fram komnu áliti meiri hl. fjvn. um fjárlfrv., og þar er stórletruð fyrirsögn á forsíðu, eins og fyrri daginn, og hún er svona: „Dregið úr útgjöldum ríkissjóðs.“ Þannig segir þetta málgagn frá því, sem er að gerast hér á Alþingi, þegar meiri hl. fjvn., flokksbræður þeirra Morgunblaðsritstjóra, gefur það út í sínu nál., að fjárl. verði nú 85—90 millj. kr. hærri en þau, sem gilda fyrir árið, sem nú er að líða.

Eins og ég gat um áður, þá sagði Morgunblaðið, að brotið hefði verið blað í fjármálastjórn landsins. Víst má viðurkenna, að mikil breyting hefur á orðið, síðan núv. hæstv. ráðherrar settust í stólana. Verði brtt. fjvn., sem hún öll stendur að — flytur, samþykktar nú og fjárl. þannig afgreidd, þá er útkoman sú, að ríkisútgjöldin hafa hækkað á eins árs valdatíma núv. ríkisstj. um 440—450 millj. kr. Og síðan núv. stjórnarflokkar tóku við stjórnartaumunum fyrir tveimur árum, hafa útgjöldin á fjárl. hækkað um 700 millj. kr. Á þeim tíma, sem þetta hefur verið að gerast, þessi breyting, hefur vinnandi fólk í landinu enga hækkun fengið á sínum tekjum til að mæta þessum viðbótarálögum. Og á sama tíma og þetta gerist, að fjárl. hækka svo mjög, er raunverulega dregið úr ríkisframlögum til verklegra framkvæmda. Hækkun framkvæmdakostnaðar er mjög mikil vegna dýrtíðarflóðsins, sem skollið hefur yfir í tíð núv. stjórnar. Hækkun í krónutölu á fjárveitingum til framkvæmda er langt frá því að vera nóg til þess að vega á móti kostnaðarhækkuninni.

Þannig er unnið af hálfu núv. stjórnarflokka, fjárl. hækkuð um hundruð millj. Hlutfallslega meira en áður fer í rekstrarkostnað ríkisins, hlutfallslega minna en áður til framkvæmda og stuðnings við atvinnulífið. Með þessu er stefnt á óheillabraut.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum þingmönnum Norð-

url. v. að flytja brtt. á þskj. 184 við till. hv. fjvn. á þskj. 162. Till. okkar er 3. till. á þskj. 184 og fjallar um það, að tekið verði upp framlag til íþróttahúss á Siglufirði að upphæð 200 þús. kr. Bygging þessa íþróttahúss hófst árið 1958 og er enn ekki lokið. Kostnaður við bygginguna fram til þessa hefur numið 1 millj. 328 þús. kr., og hefur bæjarsjóður Siglufjarðar greitt alla þá upphæð að undanteknum 34 þús. kr., sem íþróttasjóður hefur greitt. Heildarkostnaður við bygginguna er áætlaður 2.2 millj. kr. Siglufjarðarbæ er því um megn að ljúka byggingunni, nema til komi framlög frá ríkissjóði.

Íþróttahúsið er reist yfir sundlaugina á Siglufirði og hún því ónothæf, meðan á byggingunni stendur. Leiðir af þessu, að sundkennsla getur ekki farið fram á Siglufirði, á meðan svo standa sakir. Gátu Siglfirðingar t. d. ekki tekið þátt í Norrænu sundkeppninni á s. l. sumri. Íþróttahús þetta verður að miklu leyti notað fyrir gagnfræðaskólann á Siglufirði, og er því réttmætt að viðurkenna það sem skólahús. Menntmrh., fræðslumálastjóri og íþróttafulltrúi eru því meðmæltir og hafa allir lagt til, að framlag til hússins verði veitt á fjárl. Þessi meðmæli hafa þó ekki fundið náð fyrir augum hæstv. fjvn.

Þess finnast mörg dæmi, að hliðstæð íþróttahús í öðrum kaupstöðum landsins, svo sem Akureyri, Hafnarfirði og Seyðisfirði, hafi fengið framlög úr ríkissjóði. Verður ekki annað séð en setja eigi Siglufjörð skör lægra en aðra kaupstaði í þessum efnum. En það er einmitt sá hlutur, sem við flm. þessarar brtt. teljum ófært að una við.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég ætla að byrja á því að svara hér nokkrum atriðum úr ræðu hv. frsm. meiri hl. fjvn., 6. þm. Norðurl. e.

Hann talaði um það, að brtt. okkar væru smávægilegar, og mér skildist helzt, að hann liti svo á, að með því móti féllumst við á þau grundvallarsjónarmið, sem væru við afgreiðslu fjárl. Bæði í nál. okkar og í framsöguræðu minni í dag gerði ég grein fyrir því, hvers vegna tillögugerð okkar væri með þeim hætti, sem hún er. Það er af því, að við treystum ekki á fjárhag ríkissjóðs undir forustu þessarar hæstv. ríkisstj. Þess vegna töldum við þýðingarlaust að bera fram brtt., sem kostuðu veruleg útgjöld. Það var skoðun okkar við afgreiðslu fjárl. 1960, að þá yrði verulegur greiðsluafgangur, en eftir því sem hæstv. ríkisstj. telur nú, ætlar henni að takast að keyra fjármál þjóðarinnar þegar í kútinn á fyrsta ári, svo að þá er þess að vænta, að hún nái meiri árangri í samdráttarstefnunni, þegar lengra líður.

Þá talaði hv. þm. um, að það væri næsta broslegt að sjá það í nál. okkar, að Framsfl. vildi stilla álögum á þjóðina í hóf og fara með varfærni, en ekki eyðslu. Ég ætla ekki að fara langt út í þetta mál, en vil minna á það, að þegar Framsfl. fór með fjármál ríkissjóðs, þá var af þeim sjálfstæðismönnum því haldið mjög á lofti, og einnig við fjárlagaafgreiðslu 1959 var því haldið á lofti af þeim Alþfl.-mönnum, að það mætti mikið spara í ríkisbákninu, eins og þeir orðuðu það. Þeir hafa farið með fjármál ríkisins í tvö ár, og þið sjáið árangurinn af sparnaðarviðleitninni. Trúi svo þeir, sem trúa vilja, ef þessir flokkar hefðu fundið sérstaka eyðslu frá hendi framsóknarmanna, að það væri ekki komið fram. Við getum þess vegna endurtekið þessi orð og að Framsfl. vilji hafa hófsemi í álögum á þjóðina, enda sýndi ég fram á það í dag, að hann lækkaði skattana frá því, sem Sjálfstæðisfl. hafði lagt þá á.

Þá sagði hv. þm. frá þeirri reynslu, sem hann fékk af amerískra sérfræðingnum, sem var látinn athuga fjármál ríkissjóðs eftir 1950. Það er ein sönnun þess, hvað það er haldlítið fyrir okkur að vera að leita að erlendum sérfræðingum til þess að ráða fram úr fjármálum okkar. Hans till. hefðu verið notaðar þá, ef þær hefðu komið þjóðinni að haldi að áliti ráðamanna. En það hefur bara komið í ljós, sem einnig kemur fram núna, að erlenda sérfræðinga skortir þá þekkingu, sem íslenzkir þegnar hafa, og þess vegna verður okkur bezt að reyna á okkar eigin þekkingu og skilning á þessum málum.

Hv. þm. sagði, að meiri alvara væri nú sýnd í því að koma við sparsemi og hagkvæmni í ríkisrekstri en áður hefði verið. Ég verð nú að endurtaka það, sem ég hef sagt áður, að mér finnst harla lítill árangurinn af sparnaðarviðleitninni, og skal ég þó ekki vera að gera lítið úr þessari viðleitni hans og annarra. En ég hygg bara, að hann sé kunnugri ríkisrekstrinum núna en áður og þess vegna sé þetta álit hans fram komið. Það hefur verið sýnt fram á það, að árangurinn af sparnaðarviðleitninni er svo hverfandi lítill, að ég sé ekki, að hann sé meiri en hann hefur verið hjá fyrri ríkisstjórnum.

Þá gat hv. þm. þess, að upplýsingar þær, sem við hefðum fengið um tekjuáætlunina, væru þær sömu og þeir hefðu haft í höndum. Og það var einmitt þetta, sem ég gat mér líka til í ræðu minni, en taldi, að hv. meiri hluti hefði verið að gera meira úr þessum upplýsingum en efni stóðu til með því orðalagi, sem notað er í nál. Og það er einmitt þetta, sem hv. þm. staðfesti, og var það líka að mínu skapi að vita það og trúa því, að hann hefði ekki leynt okkur neinum upplýsingum. Þær voru bara ekki haldbetri, þó að hann reyndi að gera meiri mat úr þeim en efni er til. — Frekar held ég, að ég þurfi ekki að taka fram í sambandi við ræðu hv. þm.

Þá ætla ég að svara nokkru því, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., að því leyti sem það varðar þá ræðu, sem ég flutti hér í dag.

Fyrstu þættina í ræðu hæstv. ráðherra, um undirbúning fjárl., um væntanlega löggjöf um greiðslujöfnuð, um að skipuleggja betri og hagkvæmari vinnubrögð, um þetta ætla ég ekki sérstaklega að ræða. Fjórði þáttur í ræðu hans var að þakka meiri hlutanum fyrir sparnaðarábendingarnar, og hygg ég, að það verði það mesta, sem út úr þessum sparnaðarábendingum kann að koma, bæði þeim, sem áður hafa fram komið, og þeim, sem er verið að benda á hér nú, að það verði þakklæti frá meiri hluta fjvn. og hæstv. ráðherra á víxl, og verður þá að segja, að þær séu ekki alveg til einskis fram bornar.

Hæstv. ráðherra gat þess, að ekki væri gerlegt að vera með sparnaðartill., nema þær væru vel undirbúnar og búið væri að rannsaka það mál nokkuð áður. Þess vegna taldi hann, að þær sparnaðartill., sem við framsóknarmenn værum með, a. m. k. sumar þeirra, væru ekki nógu vel undirbúnar, og nefndi í því sambandi till. okkar um sameiningu sendiráða á Norðurlöndum. Ég vil minna á það, að þetta mál, um sameiningu sendiráðanna á Norðurlöndum, hefur verið til umr. við afgreiðslu fjárl. fyrir 1959, fyrir 1960 og nú í þriðja sinn fyrir 1961. Hæstv. núv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, þáv. fjmrh., lýsti því yfir við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1959, að unnið væri að víðtækum sparnaði í ríkisrekstrinum og m. a. í sendiráðum. Ríkisstj. mundi síðar gera till. um það. Og við afgreiðslu fjárl. í fyrra var því haldið fram, að þessi mál væru til athugunar og árangurs væri að vænta við afgreiðslu fjárl. nú. Það er því fullkomin ástæða til að ætla, að þetta mál sé komið af tilraunastigi, sé orðið svo vel undirbúið, að þess vegna sé hægt að framkvæma það. Auk þess er till. okkar með þeim hætti, að það er ekki ætlazt til þess, að sendiráðsmönnum sé sagt upp frá 1. janúar. Þessi sendiráð kosta í heild tæpar 4 millj., en við ætlumst til, að sparnaðurinn verði 1 millj. Það er miðað við, að það sé sex mánaða uppsagnarfrestur, fastir starfsmenn haldi þó launum sínum allt árið. Staðaruppbót fellur að sjálfsögðu niður og annar kostnaður eftir 6 mánuði. Er svo ætlazt til, að eitt sendiráðið sé starfrækt allt árið. Ég held því fram, að till., sem þannig er úr garði gerð, sé hvorki óraunhæf né illa undirbúin, ekki sízt þegar það er haft í huga, að búið er að vera að tala um þetta hér við tveggja ára fjárlagaafgreiðslu áður. Það er því fullkomin ástæða til að gera nú till. um að framkvæma það, sem hefur verið rætt um hér við tveggja ára afgreiðslu fjárl. Það, sem gerðist í sendiráðinu í París, var ekkert annað en það, að sendiherranum er kippt úr starfi hjá NATO, staðaruppbótin fellur niður, laun hans eru hins vegar tekin hér upp í ráðuneyti, en annar kostnaður við NATO-sendiráðið er áætlaður áfram á fjárl.frv. Það, sem við hins vegar leggjum til, er að leggja sendiráðið niður og hafa eitt sendiráð í París. Og það, sem á að gera í utanríkisþjónustunni, er að samþykkja þáltill., sem við fluttum í fyrra og munum flytja aftur um að endurskoða utanríkisþjónustuna með sparnað fyrir augum og á þann hátt, að það henti bezt okkar atvinnuháttum. Það er það, sem á að gera. Við þurfum að framkvæma þessa hluti. Það er nóg búið að tala um framkvæmdina. Það verður enginn samdráttur í utanríkisþjónustunni á þessu ári, því að það litla, sem sparast í París, er meira en étið upp við kostnað hjá öðrum sendiráðum.

Þá er það Kvíabryggja. Hæstv. ráðherra talaði um, að það ætti ekki að meta þetta eftir því, hvað margir vistmenn væru á staðnum. Það er nú það. Eftir hverju á þá að meta það? Það var allhá fjárhæð, sem hvert barnsmeðlag kostaði, þegar við reiknuðum það út 1958, — mig minnir, að það væri eitthvað á annað hundrað þúsund, miðað við þá vistmenn, sem þá höfðu verið á Kvíabryggju. Ég held því fram enn á ný, að betur sé varið þeirri tæpri millj., sem þarna á að verja, til fiskileitar en í starfsemina á Kvíabryggju.

Þá var hæstv. ráðherra mjög undrandi yfir því, hvað sparnaðartill. hans fengju slæmar undirtektir hjá okkur stjórnarandstæðingum, það væru bara kuldalegar undirtektir, sem þær fengju, og við gerðum lítið með þær. En hvernig undirtektir fengu sparnaðartill. okkar hjá hæstv. ráðherra? Ég var að lýsa þessu um sendiráðin. Ég hef ekki heyrt enn þá, þó að það eigi kannske eftir að koma fram síðar, að hann hafi fagnað sérstaklega þeim till., sem við gerum um sparnað. Þær eru þó sumar þannig, að það þarf engan undirbúning, eins og ég hef þegar lýst, svo sem með samdrátt veizluhalds og annað því um líkt.

Hæstv. ráðherra sagði, að við töluðum um eyðslu, og talaði m. a. í því sambandi um eyðslu, bruðl, óhóf og sukk. Nú vil ég taka það fram, að ég hef ekki rætt hér um bruðl, óhóf og sukk. Hins vegar, ef það er sparnaður að fresta greiðslu á varðskipinu Óðni, ef það á að færast undir sparnað, þá eiga útgjöld líka að færast undir eyðslu. Og ég get tekið það fram, að ég hef áður lýst því yfir á hv. Alþingi, að það eru útgjöld á fjárl., þar sem ég tel að miklu betur mætti verja fénu en þar er gert, og það háir liðir. Við lýstum því yfir, framsóknarmenn, við afgreiðslu fjárlaga 1959, að við teldum það varhugaverða leið að fara inn á niðurgreiðslurnar, eins og þá var gert. Það er að koma fram, að nú eru menn að viðurkenna það. Fleira mætti benda á af slíku tagi, þó að það verði ekki gert hér nú.

Þá talaði hæstv. ráðherra um það, að samanburður framsóknarmanna á ríkisútgjöldum nú og áður væri eitthvað skrýtinn og þeir hefðu fundið upp það lag, framsóknarmenn, að skipta ríkissjóðnum og þess vegna væri þessi samanburður ekki hliðstæður. Vitnaði hann þá í það, þegar við í grg. okkar vitnum til þess, hvað fjárlög hækkuðu á árinu 1960 frá því, sem var 1959, með hliðstæðum samanburði, og segjum, að það hafi verið 356 millj. kr. Hæstv. ríkisstj. var svo rausnarleg við þegna þessa lands, að hún sendi þeim hvíta bók í byrjun þessa árs. Þessi bók heitir Viðreisn, og fékk ég þessa bók eins og aðrir þegnar, og ég á hana. Þar stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Hrein útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna afnáms útflutningssjóðs nemur 113 millj. kr.“ Hvernig eru þessar 113 millj. kr. til orðnar? Það er mismunurinn á niðurgreiðslunum, það sem útflutningssjóður greiddi umfram það, sem hann fékk í tekjur frá ríkissjóði vegna þeirra. Þetta er sett hér upp í fjárlagafrv. hæstv. ráðh. fyrir árið 1960. Þar er þetta tekið fram. Mismunurinn er nákvæmlega 112.9 millj. kr. Þeir bæta þarna einu hundraði við í Viðreisninni. Það hefði nú ekki þótt mikið, ef ekki hefði verið meira. Og þannig er dæmið gert upp, sem við höfum sett upp hér í okkar nál. Fjárlögin 1958 sýndu niðurstöðutölur upp á 807 millj. kr. Því til viðbótar voru niðurgreiðslurnar á því ári, sem voru um 115.4 millj. kr. En á fjárlagafrv. fyrir 1958 voru 40 millj., sem var varið til niðurgreiðslna. Þegar

búið er að gera þetta dæmi upp, þá er niðurstaða á fjárlögum 1958, þegar útgjöld fjárlaganna eru tekin saman og niðurgreiðslurnar, 882.5 millj. kr., og ef þið dragið 882.5 millj. kr. frá útgjöldum fjárlaganna nú, eins og þau eru við 2. umr., þá er mismunur 706 millj. Því segi ég: Þetta er hliðstæður samanburður, og það er ómögulegt að vefengja hann. Niðurgreiðslurnar eru þau einu gjöld, sem ríkissjóður hefur tekið við af útflutningssjóði, og dæmið er gert upp með niðurgreiðslunum öll árin. Þess vegna er hér hvorki verið að lenda í flækja né fara með blekkingar, þegar þannig er gert upp. Hér er heiðarlega að farið og eins og á að gera hluti upp.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að það væru barnaleg ummæli að vera að tala um, að fjárlögin væru alltaf að hækka. Jú, það er nú það. Þjóðinni fjölgar, sagði ráðh. Það er rétt. Ég man eftir því í fjárlagaafgreiðslunni í fyrra, að við vildum halda því fram, framsóknarmenn, í sambandi við væntanlegan innflutning, að það væri eðlilegt að taka tillit til þess, að þjóðinni væri að fjölga, og þess vegna væri óeðlilegur samdráttur, sem gert væri ráð fyrir. Það var ekki talið eins hyggilegt þá. En það hafa fleiri lent í því að tala um þessa þróun, að fjárlög hækkuðu ár frá ári. Það hafa fleiri gert það en við framsóknarmenn og það miklu meira og með miklu sterkari orðum. Ég ætla að vitna í einn, sem ég vona að hæstv. ráðh. taki nokkurt mark á og virði okkur þó til vorkunnar, þó að við lentum inn á svipuðum barnaskap. Þetta er hæstv. núverandi sjútvmrh. Hann talaði við 1. umr. fjárlaga 1958 fyrir hönd síns flokks. Þá sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárlög hvers árs hafa sífellt verið hærri en ársins á undan. Þessi þróun er uggvænleg og stefnir greinilega í fullkomið óefni."

Þessi hv. þm., sem þá var, gerðist ráðh. eftir 2 mánuði og hefur verið í ríkisstj. síðan, en fjárlög hafa hækkað yfir 80% á þeim tíma. Þess vegna er það engin goðgá, þó að talað sé um hækkun fjárlaga, þegar hún gerist með þeim hraða, eins og í kappakstri væri, eins og hefur gerzt með hækkun fjárlaga á yfirstandandi ári.

Hæstv. ráðh. gat um það, að ég hefði ekki í ræðu minni í dag getið um hækkun fjárlaganna á hinu glæsilega tímabili á árunum 1950—58, þau hefðu hækkað þá. En það gerðist fleira á árunum 1950—58. Það, sem ég gat um í dag í sambandi við þau, var það, að afkoma þjóðarinnar í heild hefði batnað á þessu tímabili, og á þessu tímabili hefur kaup verkamannsins meira en tvöfaldazt. En á árunum 1958—60 hefur kaup verkamannsins verið lækkað með lögum og kjaraskerðingin þó mun meiri. Það er þessi breyt. og þessi samanburður, sem er óhagstæður fyrir hæstv. núverandi ríkisstj. Það var einmitt það, sem gerðist á árunum 1950—58, að afkoma þjóðarinnar í heild fór batnandi, en á árunum 1958—60 hefur hún farið versnandi. Það var mergur málsins. Þess vegna er hækkun fjárlaga á því tímabili með öðrum hætti en nú, þar sem hækkun þeirra stendur ekki í sambandi við launahækkun, eins og upplýst hefur verið hér í umræðunum.

Hæstv. ráðh. taldi að það væri hverfandi lítið, þó að tekjuáætlun væri hækkuð um 36 millj. kr. Ég ætla ekki að fara að deila við hann um það, því að slíkt er matsatriði út af fyrir sig, og má segja, að það muni ekki um keppinn í sláturtíðinni, þegar fjárlögin eru orðin svo há sem raun ber vitni um.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það væri með öllu rangt, að hæstv. ríkisstj. hefði tekið að sér að sjá um tryggingagjöld til fiskiskipaflotans. Ég verð að segja það, að ég hef ekki annað fyrir mér í því en ráðuneytisstjórann í efnahagsmrn. Hann lýsti því yfir inni í fjvn., og ég skrifaði það upp eftir honum, að ríkisstj. væri búin að taka að sér að greiða þau. Hann skýrði frá því, að það væri búizt við, að það væri hægt að leysa þetta með útflutningssjóði, en engin vissa eða trygging væri fyrir því, en ríkisstj. hefði samið við útgerðarmenn um að gera þetta.

Þá var hæstv. ráðh. að tala um útfluttar landbúnaðarafurðir og taldi, að það væri allt nokkuð á reiki um það. Ég skýrði frá því í ræðu minni í dag, að hér er ekkert á reiki. Það liggur ljóst fyrir, að það, sem þarf til þess að greiða útflutningsuppbæturnar, eru 19.8 millj. kr. Það er búið að flytja 9/7 hluta af þeim vörum úr landi, sem þessi greiðsla á að ganga til, og vitað um, að hitt fer. Þess vegna er það mál eins ljóst og eitt mál getur verið. Ég sé ekki, að það sé neitt við það að athuga, þó að framleiðsluráðið hafi endurskoðað þessa áætlun sína, og hún lækkar við endurskoðun um 1.4 millj. kr., vegna þess að það vildi gefa upp þá einu réttu tölu, sem mun verða gildandi. Þess vegna var þessi endurskoðun þeirra gerð. Við þetta er ekkert óljóst. Hins vegar verður hæstv. ríkisstj. að gera það upp við sig, hvort hún vill taka þessa tölu til greina eða ætla sér einhverja aðra tölu.

Ég held, að það hafi ekki verið fleira í ræðu hæstv. ráðh., sem ég þarf að svara. Hann leiddi hjá sér að tala um frekari sparnað, sem var uppistaðan í ræðu hans í haust. Ég geri ekki ráð fyrir því að taka þátt í þessari umr. meir, nema eitthvert sérstakt tilefni gefist til.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa ræðu. Menn eru syfjaðir og þreyttir, og ef talað er um fjármál yfirleitt, tekur það langan tíma. En ég hef leyft mér að leggja fram eina brtt., og þó að við vitum það, sem ekki erum stuðningsmenn stjórnarinnar, að það gengur illa að fá brtt. samþ., sem ef til vill er eðlilegt, þá vona ég, að þeir, sem völdin hafa, taki a. m. k. til athugunar þessa brtt., sem ég kem hér með.

Á síðasta þingi voru samþ. á Alþ. lög um breyt. á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Þetta er ein lagagrein og er þess efnis, að nýbýlastjórn sé heimilt að veita þeim bændum, sem hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðarhúsabygginga á sama veg og nýbýlastofnendum. Þessi lög voru samþ. af stuðningsliði ríkisstj., og ég leit svo á, að með þessu lagaákvæði vildi ríkisstj. og flokksmenn hennar að nokkru leyti bæta fyrir þá erfiðleika, sem efnahagslöggjöfin bakaði þeim, sem voru í framkvæmdum. Við vitum um

þá, sem voru að kaupa skip og byggja íbúðarhús, að það var aukið ákaflega mikið á fjárhagslega erfiðleika þeirra með þessari löggjöf. Skip munu hafa hækkað um 50% í verði. Byggingarefni hefur hækkað um 50—70%. Sú hlið, sem að bændum snýr, er þannig, að allur rekstrarkostnaður þeirra hefur aukizt til muna. Auk þess þrengdu þessar ráðstafanir mjög að öllum fyrirtækjum í landinu, þannig að verzlunarfyrirtækin, hvort heldur það voru kaupmenn eða kaupfélög, urðu að ganga miklu ríkara eftir skuldum og staðgreiðslum en áður var. Vextir voru einnig stórhækkaðir. Allt þetta orsakar það, að kjör þeirra, sem voru að fást við einhverjar framkvæmdir, urðu mjög erfið. Það var komið þannig aftan að mönnum, að þeir, sem voru t. d. búnir að panta skip, reiknuðu alls ekki með þessu. Þeir, sem voru að hefja byggingar, höfðu ekki heldur búizt við þessu. Þannig ber ríkisvaldið að nokkru leyti ábyrgð á þeim örðugleikum, sem þessir menn lentu í.

Nú er það svo með bændur, sem eru að byggja, að þeir eiga ekki eins þægilegt með það og útgerðarmennirnir að koma saman á fund, gera sínar kröfur og hóta að gera verkfall, ef ekki er gengið að þeim kröfum. Aðstaða þeirra er önnur og erfiðari. Þeir eru dreifðir og hafa ekki neinn sérstakan félagsskap með sér. Á landssambandsfundinum gerðu útgerðarmenn sínar kröfur og fóru fram á ýmsar kjarabætur hjá ríkisstj. Ég hygg, að ríkisstj. hafi í mörgum tilfellum tekið vel undir það að greiða úr erfiðleikum þeirra, og t. d. þóttust þeir hafa fengið vilyrði fyrir því, að þeim yrði hjálpað um rekstrarfé. Og það er vitað, að þeir eru að fá fyrirgreiðslu á ýmsan hátt, enda var ekki annað hægt. Ég er ekki að deila á ríkisstj. fyrir það, því að ekki var annað hægt. En ég álít, að ríkisstj. sé siðferðilega skyldug að veita þeim mönnum aðstoð, sem landbúnað stunda eða standa í framkvæmdum þar, ekki síður en þeim, sem stunda sjávarútveg. Ég hygg, að það séu ekki neinar ýkjur og að ég sé ekki að færa neitt til verri vegar fyrir ríkisstj., þó að ég segi, að þessar ráðstafanir hennar hafi aukið kostnað við byggingu íbúðarhúss um 100 þús. kr. í flestum tilfellum. Ég hygg, að það sé ákaflega örðugt að koma upp íbúðarhúsum nú fyrir minna en 300 þús. kr. eða jafnvel meira, þannig að þótt þeir fengju 25 þús. kr. framlag, eins og gert er ráð fyrir, því að þeir, sem reisa nýbýli, fá það, þá er það ekki nema um 25% af því, sem kostnaður við að reisa íbúðarhúsið hefur aukizt. Auk þess hefur kostnaður þessara manna við búrekstrinn á margan hátt aukizt. Það er til dæmis að verða mjög örðugt fyrir menn að kaupa dráttarvélar vegna þess, hvað þær hafa hækkað í verði, og önnur jarðvinnslu- og heyskapartæki.

Við höfum lagt hér nokkrir fram frv. þess efnis, að þessi styrkur yrði hækkaður upp í 40 þús., og það er alls ekki of mikið. Ég veit ekki, hvernig því frv. reiðir af, en við gerum okkur nú ekki miklar vonir um það, sem styðjum ekki ríkisstj., að fá samþ. frumvörp. Annars skal ég engu spá um það. En þó að þetta frv. yrði samþ., er engin fjárveiting fyrir hendi á þessum fjárlögum til að styrkja þessa menn.

Ég hef talað um þetta við Pálma Einarsson, og hann sagði mér, að hann gæti í mesta lagi lagt fram 750 þús. í ár til stuðnings mönnum, sem eru að byggja, og það er handa 30 mönnum, en að ári mundi hann ekkert fé hafa nema fá sérstaka fjárveitingu til þess, og hún er ekki fyrir hendi. Ég bjóst við, að ef til vill yrði fjárveiting samkv. þessari lagagrein aukin, en það hefur ekki orðið enn sem komið er. Nú veit ég, að margir, sem eru að byggja, gera sér vonir um að fá þarna stuðning. Og þó að þetta sé ekki mikið, þá munar það, þegar um óafturkræft framlag er að ræða. Þeir, sem eru að byggja, eiga margir ákaflega örðugt eins og nú standa sakir, og jafnvel lítill stuðningur getur bjargað því, að þeir gefist ekki upp.

Það eru ekki mörg býli, sem eftir er að byggja upp á, nokkur hundruð býli sennilega á öllu landinu. Það er því alls ekki tilfinnanlegur hlutur fyrir ríkisvaldið, þó að það bæti bændum þá kjaraskerðingu og þá erfiðleika, sem þeir verða fyrir vegna þessara ráðstafana, og þeir fái sömu kjör og þeir, sem eru að reisa nýbýli. Ég hygg, að þeirra hlutur sé alls ekki of góður fyrir því, því að allar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið nú síðustu árin, hafa miðað að því að auka erfiðleika og kostnað þessara manna við að gera nauðsynlegar framkvæmdir á jörðum sínum. Það dregur ríkissjóð ekki langt, þó að hann veiti eitthvert óafturkræft framlag til þeirra bænda, sem eftir eiga að byggja.

Það er oft verið að tala um það, að landbúnaðurinn njóti ákaflega mikilla styrkja, og á fjárlögum eru eitthvað á milli 70 og 80 millj., sem taldar eru til landbúnaðarmála. Það er miklu meira en til sjávarútvegsmála. Ég vil ekki fara í meting milli atvinnuvega, en ég vil aðeins leyfa mér að benda á það, að undir 16. gr. eru færðir ýmsir liðir, sem hreint ekkert koma bændum við. Þar eru m. a. taldir 11 skólar, 8 húsmæðraskólar, 2 bændaskólar og einn garðyrkjuskóli. Þetta er alls ekki hliðstætt hjá sjávarútveginum. Þar er t. d. sjómannaskólinn ekki einu sinni talinn með. Það er talið framlag til kvenfélagasambanda, og það eru talin framlög til skógræktar og sandgræðslu. Náttúrlega snertir skógrækt og sandgræðsla út af fyrir sig ekkert einstaka bændur frekar en aðra landsmenn og ætti því að færast í sérliðum. Það er talið framlag til jarðræktartilrauna og ótal margt fleira. Það, sem bændurnir fá í sinn vasa, er framlagið til jarðræktar og framræslu. Þeir eru að byggja og rækta landið. Og þeir vita það, bændurnir, að þó að þeir leggi fram lífsstarf sitt og fjármuni, þá geta þeir ekki selt þessi mannvirki, þegar þeir fara frá þeim. Þetta er því unnið fyrst og fremst fyrir þjóðfélagið.

Ég er ekki að segja, að ekki séu erfiðleikar fyrir þá, sem byggja í kaupstað. En sá er munurinn, að þeir geta í allflestum tilfellum selt það fyrir fullt verð, en bóndinn, sem leggur í húsabætur og jarðrækt, veit, að hann getur ekki selt þessi verðmæti eins og þau kosta, heldur venjulega fyrir sáralítið. Svo ber á það að líta, að landbúnaðarframleiðslan er alls ekki of mikil, og með vaxandi fólksfjölda þarf hún

að aukast. Við eigum því að fara varlega í það að láta býlunum fækka, en við þurfum að stækka búin á þeim jörðum, sem þegar eru til. Það getur í einstaka tilfellum verið réttlætanlegt, að jörð leggist í eyði, ef hún er illa sett með samgöngur og möguleika til rafvirkjunar, en í flestum tilfellum er það óhyggilegt að láta býlunum fækka, því að landbúnaðarframleiðslan þarf að stóraukast á næstu árum. Og í framtíðinni hygg ég, að það verði ekkert óarðvænlegra að framleiða sauðfjárafurðir til útflutnings heldur en hverja aðra vöru.

Ég vil ekki vera að telja neitt eftir af því, sem sjávarútvegurinn fær. En ég skal aðeins benda á það, að hér um bil allar þær ábyrgðir, sem ríkissjóður borgar, eru vegna sjávarútvegsins, beint eða óbeint. Ímyndið þið ykkur, að öll þau lán verði borguð, sem sjávarútvegurinn fær í bönkunum nú? Nei, þau verða ekki borguð. Ríkissjóður gengur t. d. í ábyrgð fyrir togara, sem er verið að kaupa nú fyrir um 40 millj. 90% af verðinu ábyrgist ríkissjóður, og þið þurfið ekki að ímynda ykkur, að þeir verði allir borgaðir. Það er þess vegna óbeinn stuðningur við sjávarútveginn á svo mörgum sviðum. En bændur hafa yfirleitt staðið í skilum með sín lán, hvað sem í framtíðinni verður.

Ég ætla ekki að fara í meting út af þessu, en ég vildi aðeins leyfa mér að benda á það, að þó að þessi 16. gr. sé dálítið há, þá eru þar framlög til menntamála og almennra þarfa og til að prýða og græða landið, en það er ekki styrkur til einstakra bænda, nema lítið brot af því, og þá eingöngu fyrir framkvæmdir, sem eiga að vera til varanlegra umbóta fyrir þjóðfélagið í framtíðinni.

Ég veit, að meðal þeirra manna, sem styðja ríkisstj., er fullkominn skilningur á þessu máli, og ég er viss um, að margir þeirra vildu styðja þá, sem standa í byggingum núna og eru við það að guggna af fjárhagserfiðleikum. Ég vildi bara benda þeim á, að það er ekki til neins að samþ. lög, — ég efast ekki um, að það hafi verið gert í góðri meiningu að samþ. þau, — en það er bara ekki nema skrípaleikur að samþ. þau, ef ekki er nein fjárveiting fyrir hendi til að fullnægja tilgangi þeirra.

Ég ætlast ekki til, að þessi brtt. verði borin upp við 2. umr. á morgun. En hún mun hins vegar koma til atkvgr. við 3. umr.. nema fjvn. vilji á einhvern hátt taka hana til greina, sem ég vona að hún geri, nú á milli umr.

Skal ég svo ekki fjölyrða meira um þetta að sinni.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er augljóst öllum, sem líta á fjárlagafrv. og till. hv. fjvn., meiri hl. hennar, að fjárhaldsmaðurinn á ríkisbúinu, ráðsmaðurinn þar, hæstv. fjmrh., lítur svo á, að það sé mikil þörf hækkaðra tekna til þess að standast útgjöldin við heimilishald ríkisins. En hins vegar er líka ljóst af fjárlagafrv., að það er ekki ætlazt til þess, að starfsmenn ríkisins, opinberir starfsmenn, þurfi til síns heimilishalds auknar tekjur. Ég sé ekki neitt, sem bendi til þess, að neitt eigi að lagfæra launakjör opinberra starfsmanna, — þar sé daufa eyranu snúið að samtökum opinberra starfsmanna, sem þó hafa nýskeð látið til sín heyra, og verður varla annað sagt en þau samtök hafi lög að mæla og ættu rétt á, að það væri viðurkennt af stjórnendum ríkisbúsins, að heimilishald fjölskyldnanna þurfi á hækkuðum tekjum að halda, eins og heimilishald ríkisins sjálfs krefst þess. Í þessu er ekkert samræmi og enn minni sanngirni. Sama má auðvitað segja um alla launamenn, ekki þá sízt hina lægst launuðu í þjóðfélaginu, verkafólkið. Það er engin sanngirni í því og ekkert réttlæti að ætla því fólki að búa við ekki aðeins óbreytt launakjör, heldur lækkuð launakjör, á sama tíma sem forráðamenn ríkisbúsins biðja um hvern tug milljóna eftir annan til aukinna útgjalda. En það er liðið langt á nótt, og ég ætla ekki að gera neinn eldhúsdag að hæstv. ríkisstj. almennt í sambandi við fjárlögin, heldur aðeins mæla nokkur orð fyrir till., sem ég flyt eða er meðflm. að.

Ég sé það, að einn af þeim liðum, sem á að lækka á fjárlögunum, er kostnaður vegna framkvæmdar orlofslaganna, liður, sem snertir hina lægst launuðu í landinu, verkafólkið. Hann skal lækka. Ég er því meðflm. að till. um það, að sá liður hækki lítillega, eins og ég tel nauðsyn til, og mun verða nánar gerð grein fyrir þeirri till. af 1. flm. hennar. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um það.

Á þskj. 185 flyt ég till., sem er nr. III á því þskj. Þar er í fyrsta lagi lagt til, að töluliður 52, Fjarðavegur, fái fjárveitingu, sem nemi 300 þús. kr., en honum eru nú ætlaðar 100 þús. kr. samkv. till. fjvn. Hér er um að ræða veg, sem liggur meðfram Álftafirði í Norður-Ísafjarðarsýslu, á að liggja um Kambsnes til Seyðisfjarðar, en byggðin í Seyðisfirði er ekki í neinu akvegasambandi, og hefur það tekið mörg ár vegna þess, hve fjárveitingarnar hafa verið smáar til þessarar vegargerðar, að þoka vegargerðinni út með Álftafirði áleiðis til Seyðisfjarðar. Í Seyðisfirði er rekið eitt stærsta sauðfjárbú á Vestfjörðum, og tveir aðrir bæir eru þar, sem þyrftu að komast í vegasamband, en það liggur við, að þessir bændur séu orðnir vonlausir um, að það gerist, meðan þeir eru á lífi, að Seyðisfjörður komist í akvegasamband við Álftafjörð og þar með við Ísafjörð, aðalmarkaðssvæði bænda um þessar slóðir. Ég hef farið hófsamlega í þetta og legg til, að fjárveitingin hækki um 200 þús. kr. Væri þá ef til vill hægt að gera akfært, a. m. k. að sumarlagi, frá Eyri í Seyðisfirði um Kambsnes og Álftafjörð til Ísafjarðar.

Þá legg ég til, að fjárveiting til Snæfjallastrandarvegar hækki úr 100 þús. kr. í 250 þús. kr. Þannig hagar þarna til, að akvegur var gerður í Snæfjallahreppi fyrir einum 12—14 árum frá Mýri inn að Lónseyri við Kaldalón, en síðan hefur verið rutt vegarstæði frá Ármúla og inn fyrir Kaldalón og út með Kaldalóni að norðanverðu og þar með stefnt að því, að Snæfjallahreppur kæmist í samband við vegakerfið.

Það eru, held ég, ein 8 eða 10 ár síðan yfirleitt hefur sézt nokkur fjárveiting á fjárlögum til byggðanna norðan Ísafjarðardjúps. Það eru fáir kjósendur á þessum slóðum, og það er máske þess, sem þeir gjalda. En þeir hafa líka

fengið að horfast í augu við það s. l. áratug eða vel það, að til þessara byggðarlaga væru engar fjárveitingar. Norðan Djúpsins eru 3 fámennir hreppar, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur og Grunnavíkurhreppur. Fjórði hreppurinn var eitt sinn til, Sléttuhreppur, einn af fjölmennustu hreppum Norður-Ísafjarðarsýslu með á sjöunda hundrað íbúa, en þar býr nú enginn maður. Hann hefur verið lagður í auðn. Á sömu leið virðist vera að fara með Grunnavíkurhrepp, sem hefur þó hin beztu lífsskilyrði fyrir allfjölmenna byggð. En í þeim hreppi er enn þá enginn akvegur nema örstuttur vegarspotti frá Grunnavíkurbryggju heim að Stað í Grunnavík. Þessi hreppur eða fólkið, sem þar býr enn, 40 manns eða svo, bíður eftir því ár eftir ár að komast í vegasamband að Djúpi, og gæti það fyrst orðið, þegar vegur hefði verið lagður út Snæfjallaströndina og vegatengingin, sem ég áðan gat um, inn fyrir Kaldalón, hefði komizt á. Full hætta er á því, ef hv. þm. opna ekki augun fyrir þeirri hættu, sem þarna steðjar að, að Grunnavíkurhreppur fari sömu leiðina og Sléttuhreppur, leggist í auðn, og það er nú einu sinni svona, að þegar fólk á þessum útkjálkum sér ekki, að ríkisvaldið vilji neitt að því stuðla, að byggð haldist, þá getur örvæntingin gripið fólk og landauðnin blasað við, fyrr en menn varir. Ég tel því, að það hefði verið full þörf á því að flytja till. um miklu hærri fjárveitingu en ég flyt þó till. um til Snæfjallastrandarvegar, til þess að koma vegargerðinni ekki aðeins inn fyrir Kaldalón og tengja þannig Snæfjallahreppinn við vegakerfið, heldur einnig að geta haldið vegargerðinni áfram út Snæfjallaströnd og áleiðis til Grunnavíkur, svo að fólkið þar sæi, að það væri þó að nálgast sú stund, að það kæmist í vegasamband við byggðirnar við Djúp. Ég teldi það því góðra gjalda vert, að fjárveitingin yrði hækkuð, þótt ekki væri nema úr 100 þús. í 250 þús., ef það mætti verða til þess að ljúka vegargerðinni fyrir Kaldalón. Þá gætu þó vaknað vonir um, að í framhaldi af því yrði svo t. d. á næsta ári og næstu árum haldið áfram vegargerðinni úr Snæfjallahreppi og áleiðis til Grunnavíkur. Ég vil því vona það, að þessi till. mæti skilningi hv. þm.

Í þriðja lagi flyt ég örlitla brtt. við lið nr. 55, tölulið 55, á 13. gr., Vatnsfjarðarvegur, á þá lund, að fjárveitingin hækki úr 20 þús. í 60 þús. kr. Ég sé ekki, hver er tilgangurinn með 10 og 20 þús. kr. fjárveitingum til vegagerða, með þeim tilkostnaði, sem nú er við slíkar framkvæmdir. Er það aðeins til þess að standast kostnað af flutningi tækja fram og aftur, án þess að verkið geti fengið neitt af fjárveitingunni? Ef það er ætlunin, þá geta 20 þús. kr. kannske dugað, en ef hitt er ætlunin, að einhver vegargerð verði til, að Vatnsfjarðarvegur lengist eitthvað, t. d. frá Skálavík og inn að Keldum, þá hygg ég, að ekki verði komizt af með minna en 50—60 þús. kr., eins og ég legg þarna til. Ég tel, að 10 og 20 þús. kr. fjárveiting til vegagerða hafi enga þýðingu, sé í raun og veru tilraun til að kasta fé.

Þá er það V. till. á þskj. 185, það er brtt. viðvíkjandi brúargerðum. Ef fyrri till. mín um hækkun fjárveitingar til Snæfjallastrandarvegar yrði nú samþykkt, þá væri þó ekki komið á vegasamband inn yfir úr Snæfjallahreppi til Nauteyrarhrepps, því að torfæra er þar á leið. Það er jökulsáin Mórilla í Kaldalóni, sem er nokkurt vatnsfall og þyrfti þá að brúa. Það er fyrst, þegar búið væri að brúa Mórillu og tvær aðrar smáár í botni Kaldalóns, sem Snæfjallahreppsbúar væru komnir í öruggt vegasamband við byggðirnar inn um Djúpið. Þetta er nokkurt mannvirki, brúin, sem þarna þarf að byggja, og hefur vegamálastjóri tjáð mér, að brúin mundi sennilega kosta um 500 þús. kr., og legg ég til, að nýr liður verði tekinn upp, til brúargerðar á Mórillu í Kaldalóni, 500 þús. kr.

Þá er önnur tillaga undir þessum rómverska lið, um það, að tekinn verði upp nýr liður, til bryggjugerðar á Drangsnesi, 200 þús. kr. Ég bar fram svipaða till. í sambandi við fjárlögin í fyrra, og var hún þá drepin. En ég fullyrði, að það er fyllsta þörf á því, að gerðar séu endurbætur á hafnaraðstöðu í kauptúninu Drangsnesi. Fyrir tveimur árum var keypt togskip, sem ætlað var að vera aðaluppistaðan í atvinnulífinu á Hólmavík og Drangsnesi, en að Drangsnesbryggju kemst þetta skip ekki, nema þegar hásjávað er og þegar bezt er og blíðast, þegar logn og ládeyða er. Þessa bryggju þarna þarf því að lengja, svo að skipið, sem keypt var til þessara byggðarlaga, geti athafnað sig þar og lagt þar afla á land, þó að ekki sé um að ræða hin beztu skilyrði. Að minnsta kosti þyrfti það að vera hægt, þó að lágsjávað sé.

Liður VII á þessu sama þskj. er till. frá mér um hækkun fjárveitingar í Tálknafirði, eða með öðrum orðum, að liðurinn hækki úr 275 þús. í 400 þús. kr. Hafnarmannvirki á þessum stað eru áætluð og teiknuð af vitamálastjóra og gert ráð fyrir, að þau kosti allmikið fé. Þarna er að vaxa upp álitlegt kauptún, bátafloti er þarna nýr og glæsilegur, skipin hafa farið stækkandi með ári hverju. Þarna eru nú þrír stálbátar, sem halda uppi öllu atvinnulífinu í byggðarlaginu. En það er eins með þennan stað, þennan blómlega og vaxandi stað, Tálknafjörð, eins og með Drangsnes, að bryggjustúfurinn, sem þar er, er þannig, hann er það stuttur, að hinir stærri bátar, sem nú eru þarna uppistaðan í atvinnulífinu, komast þar ekki að, nema þegar hásjávað er, og geta alls ekki undir neinum kringumstæðum athafnað sig allir þar við bryggju í senn, en það þyrftu þeir að geta gert til þess að geta stundað óhindrað veiðiskap.

Í annan stað legg ég til, að fjárveiting til Melgraseyrarbryggju verði hækkuð úr 100 þús. kr. í 250 þús. kr. Mér er kunnugt um það, að vitamálastjóri mun hafa lagt til, að til Melgraseyrarbryggju væru nú teknar á fjárlög 400 eða 500 þús. kr. En ég legg til í minni hófsemd, að liðurinn hækki aðeins úr 100 þús. í 250 þús. kr. — tel, að vonir standi til, að þá yrði byrjað á því að lengja Melgraseyrarbryggju, en flóabáturinn um Ísafjarðardjúp, Fagranes, hefur aðalviðkomustað við þessa bryggju. Ferðamannastraumurinn að sunnan og frá Ísafirði og Vestfjörðunum inn um Djúp beinist að þessum stað, en Fagranesið kemst ekki að Melgraseyrarbryggju, nema þegar hásjávað er. Þessa

bryggju þarf því að lengja, og vitamálastjórinn telur, að það kosti einar 500—600 þús. kr., og kemst þessi framkvæmd, svo nauðsynleg sem hún er, alls ekkert á stað með 100 þús. kr. fjárveitingu, hún er því næstum einskis virði. Á þeim grundvelli er ekki hægt að hefja framkvæmdir, en mundi ef til vill vera hægt, ef helmingur fjárins væri nú á fjárlagafrv., og þá þætti nokkuð víst, að önnur fjárveiting sams konar á næsta árs fjárlögum fyllti upp kostnaðinn. Mér er því ljóst, að ég legg aðeins til, að fjárveitingunni væri þokað það upp á við, að hægt væri að ráðast í að byrja á mannvirkinu, en langt í frá, að 250 þús. kr. dugi til þess að ljúka því.

VIII. liður á þessu sama þskj., 185, er till., sem ég flyt ásamt 5 öðrum þm., og er hún við 20. gr. fjárlagafrv. og er á þá leið, að atvinnu- og framleiðsluaukningarfé skuli í fyrsta lagi vera 11 millj. kr., eins og nú er á greininni, auk þess 10 millj. kr. sveitarfélögum til aðstoðar til að bæta tafarlaust úr atvinnuleysi, sem þegar er skollið á eða er yfirvofandi, og í þriðja lagi 4 millj. kr. til samgöngubóta á landi, allt eftir ákvörðun 5 manna nefndar, sem kosin er hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Liðurinn yrði þannig alls 25 millj. kr.

Það, sem er nýtt í þessari grein, er það, að ég legg til, að tekin sé upp fjárveiting að upphæð 10 millj. kr., sem skuli vera þeim sveitarfélögum til reiðu, sem neyðast til þess að ráðast í framkvæmdir til þess að bæta tafarlaust úr atvinnuleysi, sem er skollið á eða er yfirvofandi. Við vitum, að þeir staðir eru nú margir og þau sveitarfélög mörg, — verða sjálfsagt enn fleiri, áður en langir tímar líða, sem komast ekki hjá því að ráðast í sérstakar atvinnubótaframkvæmdir vegna atvinnuskorts. Sveitarfélögin munu vera lítt viðbúin að þurfa að gera þessar ráðstafanir, en ástandið hefur hríðversnað á síðustu vikum og mánuðum, svo að nú er það auðsætt, að alvarlegt atvinnuleysisástand er skollið á á mörgum stöðum hér á landi. Ég hygg því, að 10 millj. kr. upphæð mundi ekki hrökkva langt til þess að aðstoða sveitarfélögin í þessum vanda, en væri þó eins konar viljayfirlýsing af hendi ríkisvaldsins um, að það vildi bæta nokkuð fyrir sín stóru brot í þessum efnum, því að holskefla atvinnuleysisins er skollin yfir vegna samdráttarstefnu hæstv. ríkisstj. og einskis annars. Stjórnarstefnan hefur brotið niður atvinnulífið í landinu og skapað það atvinnuleysi, sem við horfumst nú í augu við og verður enn verra á næstu vikum.

X. liðurinn á þessu sama þskj. er till., sem ég flyt ásamt 5 öðrum þm. og er við 22. gr. fjárlaga, heimildagreinina, og er um það, að ríkisstj. verði heimilað að taka allt að 50 millj. kr. lán vegna húsnæðismálastofnunar ríkisins. Þetta lánsfé skal húsnæðismálastjórnin endurlána þeim húseigendum, sem vegna fjárhagsörðugleika eiga á hættu að missa íbúðir sínar, og skulu lánin veitast eftir nánari reglum, sem húsnæðismálastjórn setur í samráði við ríkisstj. Hér er ekki um það að ræða að auka það fé, sem húsnæðismálastofnuninni eða réttara sagt byggingarsjóði ríkisins er ætlað til almennra lánveitinga. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. ríkisstj. sjái fyrir nauðsynlegu fé til þeirrar almennu lánastarfsemi. En það ástand hefur skapazt vegna stjórnarstefnunnar, að fjöldi manns, sem hefur verið að brjótast í því að koma upp íbúð yfir höfuð sér og sinna, getur nú átt það á hættu, hvenær sem er, að missa íbúðirnar, ýmist hálfgerðar eða nýlega fullgerðar, vegna vaxtanna, vegna brestandi atvinnutekna og annarra ástæðna, og þá er hugsunin með þessari till. sú, að myndaður sé af ríkisvaldinu eins konar bjargráðasjóður húseigenda og að húsnæðismálastjórnin noti þetta fé, allt að 50 millj. kr., til þess að hjálpa þeim húseigendum, sem séu í þann veginn að missa íbúðir sínar. Þetta er þess vegna tillaga, sem tekur ekki á því að leysa almennt lánsfjárþörfina vegna húsnæðismálanna í landinu, heldur til þess að firra voða af þeirri stjórnarstefnu, sem nú er rekin, að því er snertir þá, sem verið hafa að brjótast í því að byggja handa sér íbúðarhúsnæði.

Ég vil vænta þess, að þessar till. mínar mæti skilningi, og tel þær allar vera þess eðlis, að fyllsta ástæða sé til fyrir hæstv. fjvn. að taka þær gaumgæfilega til athugunar og taka þær til greina.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður, enda langt liðið á nótt og verulegt ósamræmi í því að láta meginþorra þm. sofa sætum svefni, en okkur tiltölulega fáa vaka hér miklu lengur.

Ég ber fram 4 brtt. við fjárlögin, ásamt tveim öðrum þm. úr Suðurlandskjördæmi, og ætla ég að rifja þær upp og renna yfir þær, eins og röð þeirra er á þskj. 185.

Þá er fyrst til að taka, að við gerum till. um, að nýr liður komi við 11. gr. A. 9. k., til löggæzlu á Selfossi, 60 þús. kr. Í fyrra lá fyrir fjvn. beiðni um styrk í þessu skyni, til löggæzlu á Selfossi, sem fékk ekki nauðsynlega fyrirgreiðslu af hálfu nefndarinnar og var ekki afgreidd þá. Mér er sagt, að beiðni hafi engin legið fyrir frá sýsluyfirvöldum í Árnessýslu varðandi löggæzlukostnað á Selfossi nú í þetta sinn, og er það miður. En mér og öðrum flm. er mál þetta kunnugt og vitum, að mikil er þörf þess, að hér hlaupi ríkissjóður undir bagga og styrki svolítið þá viðleitni, sem átt hefur sér stað á Selfossi, að halda uppi löggæzlu. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Selfoss er mikil samgöngumiðstöð og sú mesta á Suðurlandi. Þar eru straumamót og meiri umferð en víðast annars staðar utan Reykjavíkur og nágrennis. Þetta gerir að sjálfsögðu nauðsynlegt, að haldið sé uppi nokkuð sterkri löggæzlu einmitt á Selfossi og þar í grennd. Og svo njóta að sjálfsögðu sveitirnar í kring góðs af, en þar er einnig mikil umferð, samkomuhald mikið og hvers konar umsvif. Nú hygg ég megi segja, að á Selfossi starfi tveir lögregluþjónar í fullu starfi og jafnvel þriðji af og til, þegar mest er að gera. Og þar er líka rekinn lögreglubíll, sem er jafnframt ætlaður til sjúkraflutninga. Kostnaður af þessu mun vera eitthvað á þriðja hundrað búsund krónur og er ætlað að færast í aukana. Þessi kostnaður

er að verulegu leyti og ég held að öllu leyti greiddur af Selfosshreppi og Árnessýslu.

Ég sé það, að á frv. til fjárlaga fyrir 1961 er styrkur af þessu tagi, löggæzlustyrkur, veittur ýmsum byggðarlögum og kaupstöðum, þar sem líkt stendur á. Og víst er það, að þetta mál snertir ekki aðeins Sunnlendinga eina, heldur og fjölmarga aðra landsmenn, sem fara um á þessum slóðum. Og ég sé ekki, að það sé í raun og veru nein ástæða til þess að synja um þennan styrk, og ég vil vænta þess, að fjvn. taki vel á þessu máli, ef til þess kemur, að hún um það fjalli, sem ég vil gera mitt til að verði, og hún sjái sér fært að taka þessa till. okkar þremenninganna allra vinsamlegast til greina.

Önnur till. frá okkur sömu þm. er á þá lund, að hækkaður verði liðurinn, sem fjallar um styrk til byggingar sjúkrahúsa, annarra en ríkissjúkrahúsa. Þar gerum við tillögu um, að sá liður hækki um 500 þús. kr., úr 5 millj. 275 þús. upp í 5 millj. 775 þús., og að þessi hækkun verði tengd byggingu tveggja sjúkrahúsa í Suðurlandskjördæmi, sjúkrahúsanna á Selfossi og í Vestmannaeyjum, 250 þús. kr. til hvors sjúkrahúss.

Það er alveg óhætt að slá því föstu, að í Suðurlandskjördæmi hefur þessi liður fjárlaga, þ. e. a. s. að því er varðar sjúkrahús og sjúkrahúsabyggingar og rekstur þeirra, ekki legið mjög þungt á ríkissjóði fram að þessu. En nú er svo komið, að í annan stað þarf að efla mjög sjúkrahúsið á Selfossi, en það verður væntanlega fjórðungssjúkrahús, en í sjúkrahúsalögum er fram tekið um fjórðungssjúkrahús á Suðurlandsundirlendinu.

Árnesingar hafa af mikill rausn og fyrirhyggju átt þátt í því að reisa sjúkrahús á Selfossi með, að ég hygg, einum 30 sjúkrarúmum. Það er rekið, að því er ég bezt veit, með miklum myndarbrag, og þar hafa starfað ágætir læknar, og svo er enn. Rangæingar og Vestur-Skaftfellingar njóta góðs að sjálfsögðu af þessu sjúkrahúsi og munu gera í framtíðinni. En til þess að sem bezt verði um búið og þetta sjúkrahús notist sem bezt, þarf að sjálfsögðu að stækka það að miklum mun, bæta við það hvers konar lækningatækjum og bæta um allan umbúnað. Þess vegna er þessi till. okkar þremenninganna fram komin, að við viljum með henni fyrst og fremst vekja athygli á því, sem gerist í sjúkrahúsmálum á Suðurlandsundirlendinu, jafnframt sem við strikum undir það, að þess er mikil þörf að vinna þar betur og meira að en gert hefur verið, þótt sæmilegt hafi verið. Og við væntum þess fastlega, að hv. Alþingi sjái sér fært að samþykkja þessa till. okkar.

Ég vil bæta við nokkrum orðum um sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Það kemur að sjálfsögðu ekki til mála, að Vestmanneyingar hafi nein tök á því né aðstöðu að nota væntanlegt fjórðungssjúkrahús á Selfossi. Þess vegna er það í raun og veru ekki út í hött, heldur afar eðlilegt, að það komi fram till. hér á hv. Alþingi um það, að bæjarsjúkrahúsið í Vestmannaeyjum njóti stuðnings um stofnun og rekstur sem fjórðungssjúkrahús væri, og næstu daga mun koma tillaga um það frá okkur fjórum þm. Suðurlandskjördæmis í Nd., að sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum njóti sömu kjara eða hlunninda og fjórðungssjúkrahús væri. Í samræmi við það leggjum við til í okkar till. á þskj. 185, að nú í fjárlögum fyrir árið 1961 verði veittar 250 þús. til byggingar á nýju sjúkrahúsi í Vestmannaeyjum. Það, sem fyrir er, er byggt fyrir röskum 30 árum, þá af tiltölulega miklum myndarbrag, en nú orðið er það talið úrelt og mjög um hönd að reka það miklu lengur. Þess vegna hafa Vestmanneyingar ákveðið að hefjast handa, strax og þeim er fengin sæmileg aðstaða í hendur, að reisa nýtt sjúkrahús, bæjarsjúkrahús í Vestmannaeyjum. Og þeir hafa í því skyni aflað fjár heima fyrir, og ég held, að ég megi segja, að í byggingarsjóði sjúkrahússins þar sé nú um 1 millj. kr. Og það var svo sem auðvitað og eftir Vestmanneyingum, að þeir létu athafnir eftir fylgja þessu sínu áhugamáli. Og þegar þetta er upplýst, þá vænti ég þess, að enn frekar verði vilji meiri hluta þm. fyrir því að koma á móti þeim áhuga, sem Vestmanneyingar sýna í þessu mikilvæga málefni sínu.

Þá er það þriðja till. okkar. Hún er á sama þskj., 185, IX. Hún fjallar um það, að nýr liður bætist við 22. gr. XVI, á þessa leið: að ríkisstj. hafi heimild til þess að verja allt að 200 þús. kr. til smíði dragferju á Tungnaá í Rangárvallasýslu. Þessi tillaga er fram komin vegna þess, að hreppsnefndir í Ásahreppi og Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu óskuðu eftir því á sínum tíma, eða í maí 1960, að gerðar yrðu áætlanir um dragferjusmíði á Tungnaá, í því skyni, að þessar tvær sveitir gætu hagnýtt sér sem bezt Holtamannaafrétt, sem er talinn með beztu afréttum. Ég hef átt tal við vegamálastjóra, og hann hefur tjáð mér, að áætlun liggi enn ekki að fullu fyrir, en muni gera það innan tíðar, þannig að vafalaust kemur til kasta ríkisstj. þegar á næsta ári að sinna þessu máli, og til að létta henni allan róður er þessi till. fram komin, heimild til handa henni að verja allt að 200 þús. kr. í þessu skyni. Það er ekki vafi á því, að þessi hjálp, dragferjusmíðin, mundi orka í þá átt, að þessar tvær sveitir, sem eru með hinum blómlegri á Suðurlandi og eiga mikla framtíð fyrir sér sem ræktunarhéruð, mundu færast mjög í aukana, ef þær gætu komið af höndum sér og til afréttar því sauðfé, sem nú er heima fyrir, milli 12 og 14 þúsund fjár, og er sífellt að fjölga og er nú sem stendur í fullkominni örtröð heima fyrir. Þetta er stórkostlegt mál, ekki aðeins fyrir þessa tvo hreppa og búendur þeirra, heldur og fjölda landsmanna, sem gjarnan vildu fara upp á hálendið, eins og það er líka girnilegt til fróðleiks og þægilegt til hvíldar fyrir fólk úr þéttbýlinu. Þessi ferja þyrfti náttúrlega að vera svo sterk og vel á sig komin, að á henni mætti flytja minni bíla, svo sem eins og jeppa og fólksbíla. En þegar komið er yfir Tungnaá, er vegur góður og e. t. v. óvíða betri í voru landi en einmitt á þessum slóðum.

Ég vildi vænta þess, að hv. Alþingi gæti séð sér fært að koma til móts við okkur flm. um þessa till. og samþykkja hana.

Þá er það fjórða till. frá okkur hinum sömu.

Fyrsti flm. þeirrar till. hefur rætt um hana nokkuð. Hún er á þskj. 185, XI. brtt. eða viðbótartill. við 22. gr. XIII, nýr liður, heimild að taka allt að 25 millj. kr. lán til að ljúka undirbúningi og hefja brúargerð yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi. Að sjálfsögðu er sú mikla framkvæmd, sem fyrirhuguð er, brúargerð við Óseyrarnes, í samræmi við þá áætlun að fullgera höfn, örugga og góða bátahöfn í Þorlákshöfn. Og ekki sízt er þessi till. af okkur upp tekin fyrir það, að stjórnarliðar hafa látið í skína með framburði tillagna, að þeir hefðu sérlegan áhuga fyrir þessari framkvæmd, brúargerð hjá Óseyrarnesi. Og til þess að þeir megi fá stuðning líka frá stjórnarandstöðunni, er þessi till. fram komin, og tel ég alveg vafalaust, að henni verði af mörgum þeirra vel tekið og hún rækilega studd, og á ég enda von þess.

Vil ég svo ljúka máli mínu, en vænti þess, að á þessum till. verði vel og vinsamlega tekið og að þær fái helzt allar, en þó þær veigamestu, fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Í fjárlagafrv. er á 17. gr. kostnaður vegna framkvæmdar orlofslaga áætlaðar 500 þús. kr., og er það 125 þús. kr. lægra en á núverandi fjárl. Í aths. við frv. segir, að lækkun þessi sé vegna þess, að í undirbúningi sé frv. um að breyta lögum um orlof í þá átt, að hætt verði að greiða orlof með orlofsmerkjum. Af þessu tilefni hef ég leyft mér, ásamt þrem öðrum þm., að flytja á þskj. 184 brtt. um að hækka þessa fjárveitingu úr 500 þús. í 625 þús. eða það sama og nú er.

Ég veit ekki, hvort menn gera sér almennt ljóst, hvað er hér á ferðinni. Hér er verið að breyta orlofslögunum eða boða breytingu á orlofslögunum, en tilgangur orlofslaganna er í fyrsta lagi sá að ákveða mönnum ákveðið sumarleyfi og í öðru lagi að sjá svo um, að fyrir hendi sé orlofsfé, þegar að sumarleyfinu kemur. Þetta gerist með tvennu móti. Menn í föstum störfum, á föstum launum, halda launum sínum óskertum orlofstímann. Hinir fá greitt með orlofsmerkjum og leysa síðan orlofsféð út, þegar að sumarleyfinu kemur.

Með því nú að fella niður orlofsmerkin, eins og boðað er, þá má segja, að þetta fólk sé raunverulega svipt orlofsfénu, og þá geta sennilega flestir gert sér í hugarlund, hve miklir möguleikar þessa fólks eru til þess að nota sér sumarleyfið, þegar orlofsfé er ekki fyrir hendi, því að með þessu móti verður það aðeins eyðslueyrir, borgað út með kaupi jafnóðum, og því eyðslueyrir, en ekki geymslufé til orlofstímans. Með þessu er tilgangur orlofslaganna stórkostlega skertur.

Það var flutt frv. þessa efnis hér í Alþingi í ársbyrjun 1959. Í grg. fyrir því frv. var sagt, að sá háttur að greiða orlofið út með kaupi hefði mikið farið í vöxt. Nokkuð er til í þessu. En ég hygg þó, að einmitt síðan þá hafi þetta þó frekar færzt í hina áttina aftur, að meira hafi verið greitt í orlofsmerkjum. Fyrir utan það, að með þessu er orlofsféð gert að eyðslueyri, þá er hættan á því, að menn glati orlofsfé, miklu meiri. Og ég vil benda á, að núna á síðustu tveim árum hefur það t. d. komið fyrir hér í Reykjavík, að fyrirtæki, sem hafa haft þann hátt á að greiða ekki í orlofsmerkjum, fyrirtæki, sem hafa haft allar skyldur til þess, en geymt þó orlofsféð, þannig að menn áttu að fá það greitt síðar, þessi fyrirtæki urðu gjaldþrota, og þetta var um leið glatað fé fyrir þá, sem áttu það inni.

Ég held, að það væri miklu frekar, eins og öll mál horfa núna, skylda ríkisstj. að herða á því, að farið væri eftir orlofslögunum með því að greiða í orlofsmerkjum, en hitt að afnema þessa skyldu.

Þegar frv. þetta kom fram í ársbyrjun 1959, mætti það mjög eindregnum mótmælum allrar verkalýðshreyfingarinnar, og þar greindust menn ekki neitt í afstöðu sinni til þessa eftir pólitískum skoðunum. Þar voru allir á einu máli. Þetta frv. dagaði uppi þá, og ég verð að segja, að það má alveg furðulegt heita, að hæstv. ríkisstj. skuli nú hreyfa þessu máli á ný án þess að gera minnstu tilraun til þess að hafa um það samráð við verkalýðshreyfinguna á einn eða neinn hátt, þar sem hún þó vissi, hver afstaða hennar er til málsins.

Það má vel vera, að kostnaður við framkvæmd orlofslaganna sé að einhverju leyti óhæfilega mikill eða óþarflega mikill. Um það vil ég ekkert fullyrða. En hitt vildi ég fullyrða, að verkalýðshreyfingin er áreiðanlega reiðubúin til að athuga alla möguleika, sem þar gætu orðið til sparnaðar, — en aðeins sparnaðar, sem ekki leiðir til neinnar skerðingar á þeim mikilvægu réttindum, sem verkafólki eru tryggð eða eiga að vera tryggð með orlofslögunum.

Ég vil því biðja þm. mjög alvarlega að athuga, hvað hér er á ferðinni. Þetta er ekkert smáatriði. Þetta er ekkert stór upphæð og hreinn hégómi í þeim miklu upphæðum, sem nú eru á fjárlagafrv. En hér er um að ræða að skerða verulega réttindi og möguleika fólks, þess fólks, sem sízt mætti við því, til þess að geta notað sér orlofsréttindin á viðeigandi hátt.

Ég vil því undirstrika það, að menn athugi gaumgæfilega, hvað hér er á ferðinni, og ég vonast til þess, að menn sjái sér fært að samþ. þessa brtt., og teldi eðlilegast og heppilegast fyrir málið á allan hátt, að hæstv. ríkisstj. sæi sig um hönd í þessu efni, og ef möguleikar eru þarna til sparnaðar, að það yrði þá gert í samráði við verkalýðshreyfinguna. Og þó að þessi auralækkun standi ekki í fjárl. sjálfum, þá yrði það ekkert síður sparaður eyrir fyrir hæstv. ríkisstj., ef möguleiki er til sparnaðar.

Ég vildi þess vegna sérstaklega vonast eftir því, að hið boðaða frv. sjái ekki dagsins ljós, og ég ætla a. m. k. þangað til að geyma mér öll stóryrði, sem annars væru ákaflega nauðsynleg, og alvöruorð, sem þyrfti annars að segja um þetta mál.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég flyt á þskj. 180 nokkrar brtt. við frv. til fjárl. og við brtt. hv. fjvn. á þskj. 162, og vildi ég skýra þær í örstuttu máli.

Fyrsta till. mín er um það, að á 13. gr. fjárl. bætist nýr liður, fjárveiting til Vatnsendaveg-

ar, og verði sú fjárveiting 130 þús. kr. Vatnsendavegur liggur til fremstu bæja í Eyjafirði fram, austan Eyjafjarðarár, einmitt á þeim slóðum þar í sveit, sem einna erfiðast er fyrir bændur að koma frá sér mjólkurframleiðslu sinni á vetrum. Vegur þessi var undirbyggður fyrir nokkrum árum fyrir fjárlagafé, en fjárveiting entist þá ekki til þess að bera ofan í veginn, og hefur svo staðið um hríð, að brotizt hefur verið eftir þessum vegi svo komnum. Að dómi yfirverkstjóra vegagerðarinnar nyrðra eru nú orðnar fyrirsjáanlegar skemmdir á því verki, sem þegar hefur verið unnið, ef ekki verður nú undinn að því bugur að ljúka gerð vegarins. Sýnist því ekki búmannslega að farið að draga á langinn fjárveitingu til þess að ljúka þessu verki, en sú upphæð, sem ég legg til að veitt verði til þessa verks, mundi nægja til þess, að svo yrði gert á næsta ári.

Rétt þykir mér að geta þess, að þess var kostur frá hendi meiri hl. fjvn., að n. flytti till. um þessa fjárveitingu, ef upphæðin yrði þá dregin frá öðrum fjárveitingum til vega í Norðurlandskjördæmi eystra. En allir tilkvaddir þm. kjördæmisins voru sammála um, að þær till., sem gerðar eru á þskj. 162, væru enn brýnni, og þar sem þeim sem öðrum var aðeins gefinn kostur á að færa til framlög milli einstakra liða, er sá einn kostur nú fyrir hendi að freista þess að fá þennan lið inn sem hækkun á heildarfjárveitingu.

Þá legg ég til, að framlag til Múlavegar verði hækkað úr 300 þús. kr. í 500 þús. kr., og yrði þá heildarframlag til hans 800 þús. kr., að viðbættu því fé, sem til hans er ætlað af benzínskatti. Ég hygg, að hv. alþm. sé svo kunnugt orðið um þessa vegarframkvæmd, að varla sé þörf á að hafa um hana mörg orð. En augljóst er, að þessi vegargerð getur nærri því að segja ráðið úrslitum um framtíð eins af stærri kaupstöðunum á Norðurlandi, þ. e. a. s. Ólafsfjarðarkaupstaðar. Í fyrrahaust, þ. e. a. s. fyrir viðreisnina, var áætlað, að þá skorti um 6.4 millj. kr. til þess að ljúka vegargerðinni fyrir Ólafsfjarðarmúla, og á s. l. ári nam fjárveiting til hans 600 þús. kr. Samkvæmt því kynnu menn að óathuguðu máli að álykta, að eftir væri framkvæmd, sem kostaði 5.8 millj. kr. En svo er þó ekki. Viðreisnin hækkaði áætlað kostnaðarverð vegarins úr 6.4 millj. í 7.9 millj., eða um 1½ millj. kr., miðað við núverandi verðlag. Það er því þannig, að þó að unnið hafi verið fyrir 600 þús. kr. á þessu ári, þá skortir nú meira fé á að ná takmarkinu en á vantaði fyrir viðreisn. Tveggja til þriggja ára framlag, eins og nú er ráðgert, fer aðeins til að vega á móti viðreisnarhækkuninni, og þó að fjárveiting yrði nú hækkuð í 800 þús. kr. og stæði svo framvegis, þá mundi samt taka 9—10 ár að ljúka þessari bráðnauðsynlegu vegargerð, og sýnist það ærinn tími og raunar miklu lengri en viðunanlegt geti talizt.

Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. 4. þm. Norðurl. e. till. að ósk bæjarstjórnar Ólafsfjarðar um heimild til ríkisábyrgðar vegna 3 millj. kr. lántöku, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hugðist taka til Múlavegar, en sú till. var þá felld af stjórnarliðinu, og þykir mér því tilgangslaust að sýna slíka till. nú. Hins vegar væri ekki óliklegt, að hv. Alþingi vildi fallast á að auka fjárveitingu svo, að verkið tæki ekki lengri tíma en það hefði gert með sömu fjárveitingu og veitt var s. l. ár, að óbreyttu verðlagi, sem sagt að bæta þessari framkvæmd viðreisnaraðgerðirnar.

Djúpidalur er þverdalur, sem gengur inn úr Eyjafirði fram að vestanverðu. Djúpadalsá er brúuð á þjóðveginum fram Eyjafjarðardal, en nauðsynlegt er og reyndar fyrirhugað að brúa hana framar, hjá bæ þeim, sem heitir að Völlum, og er áætlað, að sú brú kosti um 300 þús. kr. eða þar um bil. Þessi brúargerð hefur verulega almenna þýðingu fyrir samgöngur bænda í Djúpadal, en er auk þess nærri því að segja lífsnauðsyn þess eina ábúanda, sem nú býr austan árinnar og verður við núverandi aðstæður að brjótast daglega yfir ána á hestum með afurðir bús síns. Ég legg til, að þessari framkvæmd verði tryggð nauðsynleg fjárveiting, 300 þús. kr.

Það er öllum kunnugt, að Öxnadalsheiði er einn fjölfarnasti og mikilvægasti fjallvegur á Íslandi, og liggur um hana lífæð samgangna á landi, sem tengir allt austanvert Norðurland og meginhluta Austurlands við vegakerfið á Vestur- og Suðurlandi. Þýðing þessarar leiðar er ómetanleg, ekki aðeins til mannflutninga, heldur einnig í vaxandi mæli sem vöruflutningaleið, enda er nú orðið lögð höfuðáherzla á að halda veginum opnum á vetrum, svo sem nokkur kostur er á. En vegurinn um Öxnadalsheiði er ekki aðeins mikilvægur og fjölfarinn. Á vetrum er hann jafnframt einn hættulegasti vegarkafli á landinu, bæði sakir landslags og veðráttu. Nauðsyn þess að komast þennan veg árið um kring veldur því, að fast eru sóttar ferðir um veginn, einkum með stórum vöruflutningabifreiðum að vetrinum, þó að færð sé ill og slysahætta mikil. Svo segir í þekktu kvæði, að það sé „annað að kveðja á Kotum en komast í Bakkasel", enda hefur það alloft reynzt svo, að hörmuleg slys hafa orðið þar á heiðinni og að þeir, sem heilir hafa lagt á hana frá fremsta bænum í Norðurárdal, hafa kannske komizt við illan leik slasaðir í Bakkasel eða jafnvel týnt lífinu, áður en þangað var komið. Í sem skemmstu máli: Allir, sem þekkja til vetrarferða um Öxnadalsheiði, telja það höfuðnauðsyn, sem jafnvel líf manna geti oltið á, að í Bakkaseli sé öll aðstaða til þess að veita ferðamönnum allan beina og aðhlynningu á vetrum, og helzt, að þar væri svo búið, að þaðan mætti vænta nokkurrar aðstoðar, þegar í nauðir ræki. En svo er nú komið frá s. l. vori, að í Bakkaseli er auður bær, og leiðin milli bæja hefur lengzt um milli þriðjungs og helmings. Það þykir augljóst, að eina leiðin til þess að fá úr þessu bætt og auka öryggi á þessum hættulegasta fjallvegi landsins er sú, að búanda í Bakkaseli séu boðin slík fjárhagsleg friðindi, að þau nægi til þess, að byggð haldist þarna eða a. m. k. varðstaða á vetrum. Ég legg því til, að 12. liðurinn á 13. gr. fjárl. hækki um 30 þús. kr. og að 50 þús. kr. af því fé, sem varið er til

þess að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn, verði varið til þess að tryggja öryggi vegfarenda um Öxnadalsheiði.

Fjárveiting til Akureyrarhafnar hefur samkvæmt till. fjvn. verið lækkuð um 100 þús. kr. frá síðustu fjárlögum. Með tilliti til þess, að ríkið skuldar Akureyrarhöfn nokkuð á aðra millj. kr. og fyrirhugaðar eru þar mjög miklar framkvæmdir, jafnvel þær mestu hafnarframkvæmdir, sem um er að ræða í landinu, þá virðist þessi lækkun vera mjög ómakleg, og legg ég til, að fjárveiting verði óbreytt frá því, sem var á fjárl. þessa árs.

Þá legg ég einnig til, að hækkað verði framlag til dráttarbrautar á Akureyri um 250 þús. kr. Ef að líkum og vonum fer, verða framkvæmdir hafnar á næsta ári við dráttarbrautina, og mundi, ef allt færi sem menn vonast eftir, verða lokið á ekki lengri tíma en tveimur árum. Handbært fé til þess að hefja með byggingu dráttarbrautarinnar mun nú nema á milli 4 og 5 millj. kr., en áætlaður heildarkostnaður er nú orðinn um 20 millj. kr. Hér hefur viðreisnin komið við sögu eins og víðar. Afleiðing hennar hefur að þessu leyti orðið m. a. sú, að kostnaðarverð þessara framkvæmda hefur hækkað um a. m. k. 5—6 millj. kr. af hennar völdum, þ. e. a. s. hækkun af völdum viðreisnarinnar hefur orðið meiri en það fé, sem nú er handbært til framkvæmdarinnar. Hún hefur þannig raunverulega étið upp öll þau framlög, sem bæði Akureyrarbær og fjárveitingavaldið hafa hingað til veitt til hennar. Það er því mikil nauðsyn á, að framlagið til dráttarbrautarinnar verði nú hækkað, og tel ég, að hér sé farið fram á algert lágmark, miðað við það, að komið er nú að því að vinna verkið.

Þá legg ég til, að framlag til Húsavíkurhafnar verði hækkað um 75 þús. kr., úr 325 þús. í 400 þús. kr. Í Húsavík hefur verið nú um allmargra ára skeið unnið mjög skipulega og vel að hafnarframkvæmdum, sem eru lífsnauðsynlegar til þess að tryggja öryggi fyrir vaxandi bátaflota og nauðsynlega athafnamöguleika, og Húsvíkingum er rík þörf á nokkurri hækkun fjárveitingar í þessu skyni..

Fimmta till. mín á þskj. 180 er sú, að framlag til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, hækki úr 25 þús. kr. í 100 þús. kr. Þessi félagsskapur hefur á þeim liðlega tveim árum, síðan hann var stofnaður, unnið stórvirki í málefnum öryrkja, m. a. með félagslegu starfi, sem hefur vakið öryrkjana til mjög þróttmikilla athafna í sínum eigin málum og gefið þeim nýjar vonir um framtíð sína. Á Akureyri t. d. er þegar risið félags- og vinnuheimili þessa félagsskapar, og vinnustofum hefur verið komið á fót víðar. Og allt hefur þetta verið gert að mjög verulegu leyti fyrir fé, sem öryrkjarnir sjálfir hafa unnið sér inn eða safnað með ýmsum hætti. Það liggur nú fyrir, að fá verði þessum samtökum nauðsynlegan tekjustofn til þeirra brýnu og þjóðnauðsynlegu framkvæmda, sem þau hafa með höndum, með hliðstæðum hætti og gert hefur verið t. d. varðandi S. Í. B. S., Styrktarfélag vangefinna, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og fleiri hliðstæð samtök. En enn er slíkt ekki komið í höfn hér á hv. Alþingi og enginn fjárhagslegur stuðningur veittur þessum samtökum annar en 25 þús. kr. framlag til sambandsins og byggingarstyrkur til félags- og vinnuheimilis samtakanna á Akureyri, sem að sjálfsögðu er þakkarvert út af fyrir sig. En sambandi Sjálfsbjargarfélaganna er það brýn nauðsyn að fá ríflegra framlag en hér hefur verið fyrirhugað til hinnar almennu félagslegu starfsemi sinnar, m. a. til þess að geta haldið uppi upplýsingastarfsemi og félagslegri aðstoð við skjólstæðinga sína frá fastri miðstöð hér í Reykjavík. Og í raun og veru væri þessi þörf jafnbrýn, þó að hv. Alþingi bæri gæfu til þess síðar á þessu þingi að tryggja samtökunum tekjustofn til þess að koma upp vinnustofum fyrir öryrkja. Það er mín skoðun, að fáu fé sé öllu betur varið til almenningsheilla en því, sem fer til þess að styrkja sjúka og örkumla til sjálfsbjargar, né heldur sé líklegra, að annað fé skili sér betur aftur í afkomu landsmanna í heild.

Síðasta till. mín varðar flugvöllinn á Þórshöfn á Langanesi, en þar er, eins og hv. þm. er kunnugt, flugvöllur, sem hefur mjög mikla þýðingu fyrir samgöngur á Norðurlandi austanverðu og fyrir nyrðri byggðir Austurlands. M. a. fara um þennan flugvöll allar loftsamgöngur, aðrar en sjúkraflug til Raufarhafnar, en á sumrum eru þær samgöngur mjög mikilvægar fyrir síldveiðarnar og síldarsöltunina. Flugvöllurinn á Þórshöfn er svo til að öllu leyti gerður af náttúrunnar hendi, og hefur ekki verið kostað til meira en um 100 þús. kr. til þess að gera völlinn það, sem hann nú er, og mun slíkt algert einsdæmi um flugvöll, sem jafnmikil umferð er um og þennan flugvöll. En svo er nú komið, að vegna mikillar umferðar hefur völlurinn urizt svo upp, að ekki þykir verða hjá því komizt að mölbera hann allan með góðu bindilagi, 30—40 cm á þykkt. Er kostnaður við þá framkvæmd áætlaður í kringum 130 þús. kr., og gerir tillaga mín ráð fyrir því.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Ásamt hv. 3. þm. Reykv. flyt ég á þskj. 184 fjórar brtt., sem ég vildi gera grein fyrir með nokkrum orðum.

Fyrsta tillagan er, að framlag til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis og við Háskóla Íslands hækki úr kr. 6 millj. 595 þús. í 8 millj. kr. Sú gengislækkun, sem lögfest var s. l. vetur, hefur valdið stórfelldri kjararýrnun hjá öllum almenningi í landinu. Enn stórkostlegri gjaldaaukning en almenningur hefur orðið fyrir, lendir þó á þeim Íslendingum, sem erlendis dveljast tekjulausir og greiða þurfa erlendan gjaldeyri með íslenzkum krónum. Framlög til íslenzkra sendiráða erlendis hafa verið hækkuð um 50—70% vegna efnahagsráðstafananna. Sú útgjaldahækkun, sem af efnahagsráðstöfunum leiðir, er í því tilfelli að fullu greidd af ríkissjóði. En íslenzkir námsmenn, sem erlendis dveljast, hafa fengið nálega ⅓ hluta af námskostnaði sínum frá ríkissjóði, af þeim lið, sem hér er lagt til að verði hækkaður. Að vísu hafa íslenzkir stúdentar erlendis fengið með hækkuðum fjárveitingum á fjárl. bætur fyrir kostnaðarauka af verðhækk-

unum, sem svarar til þess hluta námskostnaðar, sem þeir hafa greitt með framlagi ríkissjóðs. En sú fjárveiting dugir ekki nema til ⅓ hluta af námskostnaði, og fyrir því, sem á vantar, hafa námsmenn séð með aðstoð aðstandenda sinna og ýmsir þeirra einnig með sumarvinnu hér heima. En efnahagsráðstafanirnar hafa lent á fjölskyldum þeirra og aðstandendum hér heima af slíkum þunga, að þeir aðilar geta sízt af öllu aukið sinn hlut af greiðslu námskostnaðarins. Þá hafa fargjöld hækkað svo verulega, að naumast er lengur um það að ræða, að námsmenn geti farið heim til sumarvinnu, eins og einstaka þó áður gerði. Það horfir því þunglega fyrir íslenzkum námsmönnum erlendis, og hér er um alvarlegt vandamál að ræða. Um þörf þjóðarinnar á sérmenntuðu fólki ætla ég, að ekki sé þörf að ræða hér, en vildi þó minna á, að spádómar um framtíðarviðgang hinna ýmsu þjóða eru í dag ekki hvað sízt miðaðir við það, hversu margt sérmenntað fólk þeim bætist á ári hverju. Það er því alvarlegt mál, að nú blasir það við, að vegna aðgerða Alþingis í efnahagsmálum s. l. vetur verði *hópur námsmanna, sem nú* þegar hafa sjálfir og þjóðin öll kostað miklu til langskólanáms, beinlínis að hverfa frá óloknu sérnámi, og auk þess mun að sjálfsögðu draga úr því, að ungir, efnilegir námsmenn geti hafið sérnám erlendis.

Vegna hins stóraukna kostnaðar við nám erlendis og þeirra alvarlegu viðhorfa, sem af því leiðir, hafa íslenzkir stúdentar, sem nám stunda þar, gengizt fyrir stofnun samtaka íslenzkra stúdenta erlendis. Í bréfi, sem samtökin hafa sent alþingismönnum, segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Snemma í septembermánuði s. l. komu nokkrir framtakssamir stúdentar sér saman um nauðsyn þess, að boðað yrði til almenns fundar með stúdentum, er nám stunda við erlenda skóla, og rætt, hvernig bezt yrði gengið til móts við hinn aukna námskostnað, sem varð eftir gengisfellingu íslenzku krónunnar á s. l. vetri, en láta mun nærri, að allur þorri námsmanna sjái sér ekki leið til áframhaldandi náms, ef ekki verður að gert.“

Og síðar segir svo um viðræður fulltrúa samtakanna við hæstv. menntmrh.:

„Þá lofaði menntamálaráðherra að leggja fram frumvarp á Alþingi um sameiningu lánasjóða stúdenta, er nám stunda heima og erlendis, og beita sér fyrir, að lán og styrkir yrðu hækkaðir, svo að næmi ⅔ hlutum árlegs námskostnaðar, og sérstök yfirfærsla veitt fyrir skólagjöldum.“

Enn hefur ekkert komið fram um efndir á þessu loforði, og á frv. til fjárlaga fyrir næsta ár er námsmönnum ætluð sama upphæð og á þessu ári. Þar sem nú er komið að afgreiðslu fjárlaga og ekkert liggur enn fyrir um umbætur í þessu efni, er því með brtt. þeirri, sem hér er flutt, lagt til, að styrkur til íslenzkra námsmanna erlendis hækki um 1 millj. 405 þús. kr., þannig að til námsmanna erlendis og við Háskóla Íslands verði veittar 8 millj. kr. í stað 6 millj. 595 þús., og er það vægilega í sakirnar farið. Leyfi ég mér jafnframt að vænta þess, að hæstv. menntmrh. geri hv. Alþingi kunnugt, hvernig ætlunin er að efna þau loforð, sem samtökum íslenzkra stúdenta erlendis hafa verið gefin.

Önnur brtt. fjallar um hækkun á framlagi til kennslukvikmyndasafns, þ. e. fræðslumyndasafns ríkisins. Um safn þetta og nytsemi þess var rætt í hv. Nd. fyrir skemmstu vegna frv. til laga um safn þetta, sem nú liggur fyrir Alþingi, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka neitt af því hér. En öll menntmn. Nd. hefur mælt með samþykkt frv. og er einhuga um þörfina á eflingu fræðslumyndasafnsins. Í 3. gr. frv., sem að öllum líkindum verður samþykkt á þessu þingi, eru ákvæði um, að Alþingi skuli í fjárl. veita fjárhæð til safnsins, eigi lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Skemmtanaskattur ársins 1959 nam 7 millj. 889 þús. kr. og virðist ætla að vera mjög ámóta á þessu ári. 4% af þeirri upphæð eru 315 þús. kr., en á frv. til fjárl. eru safninu ætlaðar 250 þús. kr. Þar sem öll líkindi eru á því, að frv. um fræðslumyndasafn ríkisins verði samþykkt á þessu þingi, vildi ég sérstaklega benda hv. fjvn. á þetta misræmi, sem þarna kemur til með að verða. Menntmn. Nd. var sammála um, að lágmarksfjárhæðin, sem tilgreind er í frv. um fræðslumyndasafn ríkisins, sé of naum, en var hins vegar ekki að öllu leyti sammála um leiðir til þess að bæta úr því. Ég hefði talið eðlilegast, að fjárveitingin til safnsins verði á fjárlögum ákveðin nokkuð fyrir ofan lágmarkið, sem lagafrv. gerir ráð fyrir, og legg ég til, að framlag til safnsins verði á árinu 1961 350 þús. kr. í stað 250 þús. á fjárlagafrv. og nálega 315 þús., sem lagafrv. gerir ráð fyrir, og er þar ekki gengið lengra en svo, að ég leyfi mér að vænta þess, að hv. alþm. geti almennt fallizt á þá hækkun.

Þriðja brtt. er um hækkun á framlagi til skálda, rithöfunda og listamanna úr 1 millj. 260 þús. í 2½ millj. kr. Það er alkunna, að á sama tíma og þjóðin hefur undanfarin ár varið stöðugt hærri upphæðum jafnt til efnalegrar uppbyggingar og fræðslu- og menningarmála ýmiss konar, þá hafa framlög ríkisins til skálda, rithöfunda og listamanna dregizt aftur úr öðrum fjárveitingum. Hvort sem miðað er við verkamannalaun eða annað, kemur í ljós, að listamenn hafa dregizt stórlega aftur úr öðrum. Spurt kann að vera, hvort þjóðin hafi efni á því að hækka listamannalaun. En hitt er eðlilegra, að spurt sé, hvort hún hafi efni á því að hækka þau ekki. Ef til vill hefur þjóðinni aldrei fremur en nú verið brýn þörf að meta réttilega nauðsyn á öflugu starfi skapandi listamanna. Það, sem veitir okkur rétt til að kallast sérstök þjóð, er tunga okkar og sjálfstæð menning. Þegar landið liggur nú í þjóðbraut og erlend áhrif og hvers kyns innflutt erlend menning og ómenning flæðir yfir, þá er þjóðinni ekki hvað sízt þörf á starfi skapandi íslenzkra listamanna. Rithöfundar, skáld og listamenn eru í fremstu víglínu í varnarbaráttu þjóðarinnar fyrir sjálfstæðri menningu og eigin tungu. Þess vegna meðal annars megum við ekki láta framlag til þessara aðila dragast stöðugt aftur úr.

Lagt hefur verið fram á Alþingi frv. um úthlutun listamannalauna. En stærsti gallinn við það frv. er sá, að það tryggir ekki hærri fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna en verið hefur til þessa. Og frv. er lítils virði, án þess að sú fjárveiting hækki, og það er ekki til neins að setja nýjar reglur um skiptingu á listamannafé, þegar svo til engu er að skipta. Hér er því lagt til, að framlag til rithöfunda, skálda og listamanna verði hækkað í 2½ millj. kr. Væri sú fjárhæð samþykkt, yrði það lítils háttar undirbygging undir hin væntanlegu lög um úthlutun listamannalauna.

Fjórða brtt. er um hækkun á framlagi til ríkisútgáfu námsbóka úr 1 millj. 350 þús. kr., sem er ⅓ kostnaðar við útgáfuna, í 4 millj. og 50 þús., og er þá gert ráð fyrir því, að ríkið kosti að fullu ríkisútgáfu námsbóka, en innheimta sérstaks námsbókagjalds falli niður. Er það í samræmi við frv. til laga, sem ég hef flutt í hv. Nd. um niðurfellingu þess. Ég tel námsbókagjaldið vera óréttlátan nefskatt, sem lendir eingöngu á barnafjölskyldum, jafnt fátækum sem ríkum. Útgáfu ríkisins á námsbókum á að greiða með almennum tekjum ríkissjóðs, en óeðlilegt að taka þann þátt af útgjöldum ríkisins út úr og láta barnafjölskyldur greiða hann sérstaklega. Álagningu og innheimtu skattsins fylgir óþarfa skriffinnska, og ógerlegt er t. d. að beita skýrsluvélum við álagningu hans, heldur verður að tína sérstaklega út úr manntali þá heimilisfeður, sem greiða eiga skattinn. Þá má á það minna, að hæstv. ríkisstj. hét því við afgreiðslu efnahagsmálanna s. l. vetur að fella niður skatt þennan, en við það loforð hefur enn ekki verið staðið. Hæstv. menntmrh. hélt því að vísu fram í Nd. fyrir skömmu, að úr þeim svikum hefði verið bætt með auknum niðurgreiðslum, sem jöfnuðu upp skattinn. Hafi niðurgreiðslurnar verið auknar til þess að mæta námsbókagjaldinu, þá hafa þær áður verið gleyptar af öðrum hækkunum, sem eru fram yfir það, sem ráðgert hafði verið, og lítið verður eftir af þeim upp í námsbókagjaldið, þegar ríkisstjórnarflokkarnir hafa framlengt bráðabirgðasöluskattinn að upphæð 168 millj. kr., sem átti að vera til bráðabirgða, en samkvæmt frv. á sá skattur að haldast, þótt almenningur hafi verið látinn trúa því, að hann ætti aðeins að gilda árið 1960, enda gilda rökin fyrir honum aðeins varðandi það ár. Ég held því, að ríkisstjórnarflokkarnir ættu að standa við loforð sitt um niðurfellingu námsbókagjaldsins og gera á fjárlögum ráð fyrir því, að ríkið greiði allan kostnað af ríkisútgáfu námsbóka. Það loforð var ekki stærra en svo, að jafnvel núverandi hæstv. ríkisstj. ætti að vera fært að standa við það.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Þar sem ég mun vera síðasti ræðumaður hér í nótt og nú er alllangt liðið á nóttu og menn eru búnir að hlusta á samfelld ræðuhöld frá því kl. hálftvö í gær, þá skal ég reyna að stytta mál mitt, eftir því sem ég get.

Við 3. þm. Norðurl. v. höfum leyft okkur að flytja brtt. á þskj. 185, IV. Brtt. er við 13. gr., undir liðnum: Til millibyggðavega. Við leggjum sem sagt til, að til Siglufjarðarvegar ytri séu veittar 500 þús. kr. af fé því, sem áætlað er til millibyggðavega, í stað 200 þús., eins og fjvn. lagði til.

Þegar athugaðar eru till. fjvn. um það, hvernig því fé skuli varið, sem áætlað er til byggingar vega milli héraða, sést, að Siglufjarðarvegur ytri hefur ekki átt miklu fylgi að fagna hjá fjvn. og vegamálastjóra, hvað sem því veldur. Sjálfsagt er það allmiklum örðugleikum bundið að skipta þessu fé, svo að ekki sé hægt að benda á ósamræmi á milli hinna ýmsu staða og vega, sem lagt er til að fé verði veitt til. Þá er og vitað, að alþm. hinna ýmsu héraða og aðrir forustumenn viðkomandi sveitarfélaga sækja það mjög fast að fá sem hæstar fjárveitingar til hinna ýmsu vega. Þörfin fyrir lagningu nýrra vega á milli héraða er að sjálfsögðu mikil. En hinu vil ég þó leyfa mér að halda fram, að óvíða muni vera meiri þörf fyrir lagningu vegar á milli héraða en til Siglufjarðarvegar ytri. Sú vegarlagning er ekki eingöngu miðuð við áhuga- og nauðsynjamál okkar Siglfirðinga, heldur er lagning vegarins beinlínis lífshagsmunamál fyrir það fólk, sem búsett er í útsveitum Skagafjarðar, þ. e. a. s. það fólk, sem á heima í Fljótum, Sléttuhlíð og Höfðaströnd. Þessar sveitir hafa til skamms tíma verið langt á eftir öðrum sveitum Skagafjarðar með ræktun. Bændur þar hafa að langmestu leyti stundað fjárbúskap og það oft og tíðum við mjög erfið skilyrði, m. a. vegna mikilla snjóa og síðast, en ekki síst, vegna lélegs vegasambands. Nú er að verða á þessu allmikil breyting. Nú er kominn sæmilegur vegur út í Haganesvík, og vonir standa til, að þegar þeirri vegarlagningu verði lokið, sem væntanlega verður á komandi sumri, verði bílfært meiri part vetrar til Haganesvíkur. Bændur í útsveitum Skagafjarðar stefna nú að því að stórauka ræktun og koma upp stærri mjólkurbúum en þeir hafa haft hingað til og þá með það fyrir augum að geta selt mjólkina frá búum sínum til mjólkursamlags.

Nú er það öllum ljóst, sem til þekkja, að bezta og nærtækasta sölusvæði þeirra bænda, sem búsettir eru í Fljótum og Sléttuhlíð, er Siglufjörður, enda binda bændur í þessum sveitum vonir sínar við það að geta selt afurðir búa sinna þangað og þá fyrst og fremst mjólkurafurðir. Er nú þegar hafinn undirbúningur að því að koma þar upp mjólkurvinnslustöðvum. Til þess að sala bændanna á mjólk til Siglufjarðar geti orðið örugg, þannig að hægt verði að flytja mjólkina daglega til Siglufjarðar allt árið, þarf vitanlega vegasamband við Siglufjörð að breytast allmikið frá því, sem nú er. Til þess er aðeins ein leið fær, og hún er sú að leggja veg, nýjan veg, sem reyndar er byrjað á, út Almenninga og í gegnum fjallið Stráka. Þetta mikla hagsmunamál Siglfirðinga og Skagfirðinga hefur verið dagskrármál um nokkur ár, en því miður hefur það ekki náð að öðlast þann skilning hjá ráðamönnum þjóðarinnar, sem æskilegt væri. Ég skal fúslega viðurkenna, eins og ég reyndar tók fram hér áðan, að ríkissjóður hefur í mörg horn að líta og þeir eru margir staðirnir á landi voru, sem

þurfa að fá bætt vegarsamband, en þegar tekið er tillit til allra aðstæðna og sérstaklega þegar það er þá haft líka í huga, hver hlutur Siglufjarðarkaupstaðar er í atvinnulífi þjóðarinnar, fullyrði ég, að enginn staður á landinu hefur meiri rétt til bættra samgangna en Siglufjörður. Þetta viðurkenna flestir, sem til þekkja. En það er oft annað að viðurkenna staðreyndir en framkvæma þær. Þrátt fyrir það, þó að fjvn. hafi ekki séð sér fært að leggja til, að veitt verði hærri fjárveiting til Siglufjarðarvegar ytri en raun ber vitni, viljum við flm. þó vænta þess og vonast til þess, að hv. alþm. sjái sér fært að styðja till. okkar og greiða henni atkv.

Um aðrar þær brtt., sem ég er meðflm. að og hér hefur verið mælt fyrir, mun ég ekki ræða frekar, en mæli eindregið með því, að þær verði samþ.

Um fjárlagafrv. sjálft mætti að sjálfsögðu margt segja. Ýmislegt er þar á annan veg en við þm. Alþb. hefðum óskað að væri. Nægir þar að benda á, að um raunverulegan samdrátt er að ræða á flestum liðum til verklegra framkvæmda, miðað við þær aðstæður, sem fyrir hendi eru. Er þetta því verra sem það er vitað, að nú þegar er farið að gæta allmikils samdráttar og minnkandi atvinnu í sumum atvinnugreinum, svo sem í húsbyggingum, iðnaði o. fl. Því miður stefnir að því hröðum skrefum, að atvinnuleysið láti á sér bæra. Þetta eru alvarlegir hlutir, ekki eingöngu fyrir það fólk, sem nú sér atvinnuleysisvofuna nálgast hröðum skrefum, heldur fyrir þjóðina alla. Sú þjóð, sem býr við atvinnuleysi, er sannarlega illa á vegi stödd. Verður að vænta þess, að hæstv. ríkisstj. og Alþ. geri allt, sem hægt er, til þess að forða þjóðinni frá böli atvinnuleysisins. En því miður verður að segja það eins og það er, að fátt bendir þó til þess, að stjórnarvöldin hafi gert sér grein fyrir því, hvert stefnir, ef áframhald verður á þeirri óheillabraut, sem nú horfir, en óhjákvæmilega hlýtur að stefna að samdrætti á flestum sviðum atvinnulífsins og þar með að almennu atvinnuleysi. Á móti slíkri óheillaþróun mun hið vinnandi fólk í landinu beita sér af alefli. Ísland er svo auðugt land, að það er hrein fjarstæða, ef hér á eftir að koma atvinnuleysi. Slíkt óheillaástand verður ekki þolað. Sú ríkisstjórn, sem getur ekki stjórnað landinu á þann veg, að allir, sem geta og vilja vinna, hafi nægilega atvinnu og hana sæmilega borgaða, á engan tilverurétt. Slíkri ríkisstjórn ber að segja af sér tafarlaust.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. lengi. Menn eru nú teknir að þreytast að sitja undir umr., þegar komið er fram á óttu. En ég get þó ekki alveg látið hjá líða að gera svolitla athugasemd við ræðu, sem hæstv. fjmrh. hélt hér í kvöld og gerði að umtalsefni í henni nokkur atriði varðandi það, sem ég hafði sagt í minni framsöguræðu, eða varðandi þær till., sem ég hafði gert við fjárlagafrv.

Í fyrsta lagi var hann mjög óánægður með þá till., sem ég hafði gert um, að ríkisstj. skyldi gert að lækka um 10% ákveðna kostnaðarliði. Þetta er hliðstæð till. og ég gerði við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs, og áttum við þá nokkurn orðastað um mál þetta, svo sem hann minntist á í ræðu sinni. Hann hélt því fram nú, að ég hefði aldrei svarað spurningum sínum, sem hann lagði fyrir mig þá. Ég get ekki alls kostar fallizt á, að hér sé rétt með farið hjá honum, því að ég svaraði þeim einmitt með annarri spurningu, sem hann hefur látið ósvarað, en hún er á þá leið, að ríkisstj. hafi á sínum tíma, þegar hún lét samþ. hér á Alþ. þær kjaraskerðingar, sem viðreisnarlögin hafa í för með sér, aldrei að því spurt á alþýðuheimilunum, hvað ætti að spara, hún hafi einungis uppálagt þeim að framkvæma sparnað, og á sama hátt sé það sanngjarnt, að ríkisstj. sé nú af Alþ. fyrirskipað að framkvæma sparnað, sem hún verður sjálf að ákveða, á hvaða liðum hún vill framkvæma innan þess ramma, sem till. er gerð um. Þ. e. a. s. hún á að framkvæma 10% lækkun að meðaltali á þeim liðum, sem þar eru taldir. Hvort þar eigi að fara fram uppsögn tíunda hvers starfsmanns eða lækkunin fari fram með öðrum hætti, það er rétt, að ég hef ekki gert sérstaka till. um það. Ég tel rétt, að húsbóndavald ríkisstj. nái til þeirra hluta. Hinu er alls ekki að neita, að á vissum liðum teldi ég, að það væri ekkert útilokað að láta sér detta í hug, að það væri hægt að fækka starfsliði, svo sem eins og um 1/10. Ég held meira að segja, að í sjálfri ríkisstj., sem allt fram til daga þessarar stjórnar komst af með 6 ráðherra og stundum færri, væri hægt að hugsa sér, að það væri fækkað jafnvel bara um 1/7 í ríkisstj. sjálfri. En það er hennar mál. Ég tel fullkomlega tíma til þess kominn, að ríkisstj. séu gefin slík tilmæli af Alþ. og það sé ekki nema í samræmi við það, sem ríkisstj. með tilstuðlan síns þingmeirihl. hefur gefið þjóðinni.

Þá hélt ráðh. því fram, að ég hefði farið rangt með í mínu máli þrjú atriði. Ég hef haldið því fram, að ríkisstj. hafi lofað afnámi söluskattsins, 8.8% skattsins, en hæstv. ráðh. vill ekki við það kannast, að slíkt loforð hafi nokkru sinni verið gefið. Ég leyfi mér því að gera grein fyrir því, á hverju ég byggi mínar röksemdir, og held því fram, að þá sé ég hættur að skilja mitt móðurmál, ef ríkisstj. hefur ekki gefið það fullkomlega í skyn, að þessi skattur ætti ekki að takast af þjóðinni nema á yfirstandandi ári. Í lagafrv., sem ríkisstj. lagði fram um mál þetta á s. l. þingi, er þessi söluskattur í rauninni ekki í lagabálkinum sjálfum, heldur er honum komið fyrir í ákvæði aftan við hinar tölusettu greinar frv., í bráðabirgðaákvæði, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá gildistöku laga þessara og til ársloka 1960 skal til viðbótar 7% söluskatti samkv. 3. kafla laganna greiða 8% af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10%.“

Í grg. fyrir frv. þessu er sérstaklega um þennan viðbótarsöluskatt fjallað og færð þau rök fyrir álagningu hans og engin önnur rök tilnefnd í frv.: „að af þeim sökum, að skattur þessi“ — þ. e. a. s. almenni 3% skatturinn — „getur eigi komið til framkvæmda, fyrr en

nokkuð er liðið af árinu, er fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fæst ekki sú fjárhæð, sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir. Hefur því verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur.“ Og síðan segir áfram í þeirri grg.: „Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8%, eða úr 7% í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960.“ Ekki vænti ég þess, að hæstv. fjmrh. vilji halda því fram, að hinn almenni söluskattur eigi nú ekki að gilda allt árið 1961. En með því að vitað er, að hann á að gilda allt árið, er einmitt fallin úr gildi sú höfuðröksemd og sú eina röksemd, sem tilfærð var í frv. um söluskatt fyrir þessum viðbótarsöluskatti. Ég tel mig því hafa byggt það á fullum rökum að telja, að þennan skatt hafi átt að afnema nú í árslokin. Það er svo enn annað mál, ef ríkisstj. ætlar að iðka þann hátt að segja svona hluti, sem allir hljóta að skilja á einn veg, þannig að skattinum sé ekki ætlað að verka nema árið 1960, að segja það þannig, að það sé ekki beint tekið fram, að hann verði afnuminn í árslokin, og ætla síðan að skjóta sér bak við það, að það sé bara misskilningur hjá fólki, sem hafi skilið lög og skýringar ríkisstj. við lög eins og beint liggur við. Það er þá bara vitnisburður um það, að ríkisstj. hafi hugsað sér að reka hreina blekkingarstarfsemi og segja í rauninni allt annað en hún meinar eða a. m. k. að segja hlutina þannig, að hún hafi eftir á einhvern möguleika til þess að leggja í röksemdir sínar allt annan skilning en látinn hefur verið í veðri vaka, á meðan hún var að fá lögfest þau ákvæði, sem hún þurfti á að halda þá að sinni. Og því er raunar alls ekki hægt að neita, að ríkisstj. hefur leikið þennan leik stundum, og það er greinilegt, að hverju fer hér í þessu efni.

Þá mun hæstv. fjmrh. einnig hafa haldið því fram, að lækkun fjárl. hafi aldrei verið lofað. Það er auðvitað hægt að halda því fram með sama rétti. En hins vegar verður það tæplega misskilið, hvert farið er í nál. stuðningsmanna ríkisstj. fyrir fjárlagaafgreiðslunni fyrir yfirstandandi ár. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, eftir að fjallað hefur verið um það, að óhjákvæmileg forsenda fjármálalegs jafnvægis í þjóðfélaginu sé að halda gjöldum ríkissjóðs innan þeirra marka, er gjaldgeta þjóðarinnar leyfi, — þá segir þar orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Það er álit meiri hl. n., að við undirbúning næstu fjárl. verði að framkvæma slíka heildarathugun ríkisútgjalda og gera allar tiltækar ráðstafanir til sparnaðar. Till. um það efni verða ekki fram bornar án rækilegrar athugunar og undirbúnings, sem fjvn. er ekki unnt að framkvæma á fáum vikum.“ Hér er greinilega gefið í skyn, að það eigi að spara á fjárl. — og að spara á fjárl., það leyfir hver almennur maður sér að líta svo á að geti leitt til lækkunar á fjárl. Ég vil leyfa mér að halda áfram ívitnuninni í þetta nál. þáv. meiri hl. fjvn., sem er hinn sami og meiri hl. fjvn. nú. Hann segir í áframhaldi af þessu: „Því miður hafa flestar sparnaðaráætlanir á undanförnum árum ekki borið mikinn árangur, og er því mikilvægt, að málin verði nú tekin föstum tökum og raunhæfar sparnaðarráðstafanir gerðar. Tekur meiri hl. n. undir ummæli fjmrh. í framsöguræðu hans fyrir fjárlfrv. og væntir þess fastlega, að næsta fjárlfrv. beri þess merki, að verulegur árangur hafi orðið af viðleitni fjmrh. í þessu efni.“

Ég verð að biðjast afsökunar á því, þó að ég hafi skilið þessi ummæli svo, að þau föstu tök, sem lofað var að taka undirbúning fjárl. til að framkvæma á þeim sparnað, hafi átt að þýða það, að ríkisútgjöldin gætu lækkað. Ég hygg, að ég sé ekki heldur einn um þann skilning. En þetta hlýtur þá að stafa af því, að ríkisstj. leggur einhvern allt annan skilning í venjulegt mælt mál heldur en fólk í landinu almennt gerir. En það er einnig í samræmi við það, að háttalag ríkisstj. er í mörgu ákaflega frábrugðið því, sem almenningur í landinu verður að láta sér lynda, m. a. það, að almenningur í landinu verður að spara, en ríkisstj. harðneitar að spara. Það fer margt á milli hjá þjóðinni og ríkisstj., það er vissulega rétt.

Hið þriðja, sem hæstv. fjmrh. taldi mig ekki hafa farið rétt með, var það, að ég skýrði frá því, að ríkisstj. hefði gefið Landssambandi íslenzkra útvegsmanna eða aðalfundi þess sambands loforð um það, að af opinberu fé skyldu greidd öll iðgjöld íslenzka fiskiskipaflotans á árinu 1960. Hæstv. fjmrh. telur, að slíkt loforð hafi ekki verið gefið, heldur verði þessi gjöld aðeins greidd að því marki, sem útflutningssjóður eða afgangstekjur hans við uppgjör hrökkva til. Því er nú verr, að líklega er fundarstjórinn frá aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem á sæti hér á Alþingi, hv. 4. þm. Vesturl. (JÁ), genginn til hvílu, en það hefði verið hægurinn nær, þar sem hann birti aðalfundi Landssambandsins þessi boð ríkisstj. og hafði þau bréfleg, að hann hefði verið beðinn um að útvega hér þingheimi bréf þetta, þannig að það mætti upp lesast hér á Alþingi, svo að enginn þyrfti lengur að fara villur vega um það, hvað í því stóð, og máske verður þessu við komið, áður en afgreiðslu fjárl. lýkur. Ég vildi a. m. k., ef plagg þetta verður ekki birt hér í þingsölum, mælast til þess, að fjvn. fái a. m. k. um það að fjalla eða það að sjá, því að það gegnir sama máli, að bæði ég og allir þeir, sem ég hef talað við af þeim mönnum, sem sóttu þennan fund, standa í þeirri meiningu eftir orðanna hljóðan í þessu umrædda bréfi, að ríkisstj. hafi tekizt þessa skuldbindingu á herðar. Hitt er svo annað mál, að hér er um geysiháa fjárhæð að ræða, hér er um að ræða fjárhæð, sem ætla má að nemi 90—100 millj. kr., og ekki vitað, hve mikið er til af fé í útflutningssjóði upp í, og raunar þó vitað, að þar er ekki til fé sem nemur þessari fjárhæð. Þá er það býsna hæpin ráðstöfun, að ein ríkisstj. skuli geta án alls samráðs við Alþingi gefið út slík loforð, en ég stend í þeirri meiningu, að svo hafi verið gert, og tel mig hafa fyrir því fullar sannanir. En það er að sjálfsögðu býsna merkilegur boðskapur fyrir framhaldsaðalfund Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem koma á saman hinn 12. þ. m., ef það kemur nú upp úr dúrnum, að sjálfur

fjmrh. þjóðarinnar neitar því, að þetta loforð hafi verið gefið, og efast ég ekkert um, að það verður tekið til endurskoðunar og athugunar á þeirri samkomu, og er til mikilla nytja, að það skuli hafa komið fram, að slíkt er dregið í efa, því að mér er kunnugt um, að útgerðarmennirnir sjálfir hafa ekki talið neinn vafa á því, að hér hafi verið gefið hreint loforð um þetta, og sjálfsagt eru þeir í góðri trú um, að við það verði staðið.

Ég hef þess vegna ekkert aftur að taka af því, sem ég hef sagt um þessi efni. Hér hefur heldur ekkert komið í ljós, sem hrekur eitt eða neitt af því, enda þótt fjmrh. hafi sína skoðun í málinu, sem fer ekki algerlega saman við mína skoðun.

Ég mun að þessum upplýsingum gefnum láta útrætt um málið að sinni, en vænti þess, að Alþingi verði, áður en afgreiðslu fjárl. lýkur, gerður kunnur sá boðskapur, sem frá ríkisstj. hefur farið til Landssambands íslenzkra útvegsmanna, því að hér ber mikið á milli þess, sem skilningur útvegsmanna er, og hins, sem hæstv. fjmrh. upplýsir, og má það ekki fara á milli mála, hvað hér hefur raunverulega verið gert. Er það enda heldur leiðinlegt í vinnubrögðum, að ekki skuli þegar eftir að ríkisstj. hafði lagt fram bréf, eins og hún gerði í þessu tilfelli, hafa verið kunngert Alþingi, sem undirbjó fjárl., hvað þar var um að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 8. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 171, 172, 173 og 174, 162, 163, 164, 170, 180, 184, 185).

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 170,1—4 samþ. með 31 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 162,1 samþ. með 34 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 170,5 samþ. með 31 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
6.—9. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 163,1—3 felldar með 32:23 atkv.
— 164,1 kom ekki til atkv.
— 162,2 samþ. með 31:19 atkv.
— 163,4 felld með 32:16 atkv.
— 164,2 tekin aftur.
— 163,5 felld með 32:21 atkv.
— 164,3 kom ekki til atkv.
— 162,3 samþ. með 32:18 atkv.
— 162,4 samþ. með 36:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, SÓÓ, SkG, ÞÞ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, EystJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR KJJ, FS.

nei: LJós, AGl, BjörnJ, EðS, EOl, GeirG, GJóh, HV, KGuðj.

ÓlJ, PÞ, SE, ÁB, BFB, BP, GH, GíslG, HÁ, HS, HermJ, VG, KK greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁÞ, FRV) fjarstaddir.
Brtt. 162,5 samþ. með 33:15 atkv.
— 163,6 felld með 32:18 atkv.
Brtt. 162,6 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 162,7 samþ. með 33:16 atkv.
— 163,7 felld með 32:24 atkv.
— 164,4 kom ekki til atkv.
— 162,8 samþ. með 36:10 atkv.
— 163,8 felld með 32:20 atkv.
— 162,9—10 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 164,5—6 felld með 47:9 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 162,11 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 164,7 felld með 43:8 atkv.
— 185,I tekin aftur.
— 162,12 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 184,I felld með 28:20 atkv.
— 163,9 felld með 34:22 atkv.
— 164,8 kom ekki til atkv.
— 163,10—11 felldar með 31:17 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
Brtt. 162,13—15 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 185,II felld með 32:13 atkv.
— 162,16—17 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 162,18 samþ. með 47 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 162,19.1—51 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 185,III.1 felld með 32:10 atkv.
— 162,19.52 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 185,III.2 felld með 32:11 atkv.
— 162,19.53—54 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 185,III.3 felld með 32:12 atkv.
— 162,19.55—72 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 180,I.1 felld með 32:12 atkv.
— 162,19.73—74 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 180,I.2 felld með 33:13 atkv.
— 162,19.75—86 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 180,II.1 tekin aftur.
— 162,19.87—89 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 180,II.2 tekin aftur.
— 162,19.90—98 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 180,II.3 tekin aftur.
— 162,19.99—100 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 180,II.4 tekin aftur.
— 162,19.101—121 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 180,II.5 tekin aftur.
— 164,9 felld með 32:9 atkv.
— 162,20.a.1—6 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 185,IV tekin aftur.
— 162,20.a.7—16 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 162,20.b samþ. með 44 shlj. atkv.
— 164,10 felld með 31:11 atkv.
— 162,21.1—4 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 185,V.1 felld með 31:10 atkv.
— 162,21.5—9 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 180,III felld með 30:12 atkv.
— 162,21.10—11 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 180,IV tekin aftur.
— 162,21.12—17 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 164,11 felld með 32:8 atkv.
— 162,22 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 164,12—13 felldar með 31:10 atkv.
— 180,V tekin aftur.
— 163,12 felld með 33:19 atkv.
— 180,VI samþ. með 42 shlj. atkv.
— 164,14 felld með 34:9 atkv.
— 162,23.1 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 180,VII.1 felld með 31:11 atkv.
— 162,23.2 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 180,VII.2 felld með 31:11 atkv.
— 162,23.3—9 samþ. með 45 shlj. atkv.

Brtt. 185,V.2 felld með 32:10 atkv.
— 162,23,10—18 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 180,VII.3 felld með 32:12 atkv.
— 162,23.19—23 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 185,VI tekin aftur.
— 162,23.24—34 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 185,VII.1 felld með 32:11 atkv.
— 162,23.35—37 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 180,VIII felld með 31:22 atkv.
— 162,23.38—41 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 185,VII.2 felld með 33:11 atkv.
— 162,23.42—45 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 162,24—30 samþ. með 46 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 162,31—32 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 184,II felld með 32:14 atkv.
— 163,13 felld með 33:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, VG, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁB, BFB, BjörnJ.

nei: EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, FS.

2 þm. (FRV, ÁÞ) fjarstaddir.
Brtt. 162,33—40.6 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 184,III tekin aftur.
— 162,40.7—24 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 162,41—42 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 164,15 felld með 32:23 atkv.
— 184,IV.1 felld með 33:8 atkv.
— 162,43—45 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 184,IV.2 felld með 33:10 atkv.
— 162,46—49 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 184,IV.3 felld með 33:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞÞ, AGl, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, GeirG, GJóh, HV, HermJ, VG, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ.

nei: SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BP, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, FS.

SE, SkG, ÁB, BGuðm, EystJ, GH, GíslG, HÁ, HS, PÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÁÞ, FRV) fjarstaddir.
Brtt. 162,50—66 samþ. með 43 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
15. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 162,67 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 184,V.1 tekin aftur.
— 163,14 felld með 31:22 atkv.
— 162,68 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 163,15 tekin aftur.
— 162,69 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 163,16 felld með 31:18 atkv.
— 184,V.2 tekin aftur.
— 162,70—72 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 164,16 tekin aftur.
— 162,73—75 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 164,17 felld með 31:8 atkv.
— 163,17 felld með 33:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, HermJ, VG, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, FS.

BP greiddi ekki atkv.
3 þm. (AGl, ÁÞ, FRV) fjarstaddir.
Brtt. 164,18 felld með 31:8 atkv.
— 163,18 felld með 30:20 atkv.
— 162,76—80 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 163,19 tekin aftur.
— 162,81 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 163,20—21 felldar með 30:17 atkv.
— 162,82—84 samþ. með 46 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv.
Brtt. 162,85—87 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 164,19 felld með 31:22 atkv.
— 184,VI tekin aftur.
— 162,88—92 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 180,IX.1 tekin aftur.
17. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 34:1 atkv.
Brtt. 162,93 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 163,22—23 felldar með 31:17 atkv.
— 164,20 felld með 37:8 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 163,24 felld með 30:18 atkv.
— 162,94 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 164,21 felld með 31:8 atkv.
— 162,95.1—5 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 180,IX.2 felld með 32:11 atkv.
— 162,95.6—9 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 162,96—97 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 162,98.a samþ. með 39:5 atkv.
— 162,98.b samþ. með 44 shlj. atkv.
— 185,VIII felld með 33:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, KGuðj, LJós, BjörnJ, EðS, EOl, GeirG, GJóh, HÁ.

nei: IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, FS.

HermJ, VG, KK, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁB, BFB, BP, EystJ, GH, GíslG, HS greiddu ekki atkv.
3 þm. (AGl, ÁÞ, FRV) fjarstaddir.
Brtt. 163,25 felld með 33:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, VG, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁB, BFB.

nei: EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, FS.

BP greiddi ekki atkv.
3 þm. (FRV, AGl, ÁÞ) fjarstaddir.
Brtt. 163,26 felld með 28:16 atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.

21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar við atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 162,99 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 185,IX felld með 31:19 atkv.
— 185,X felld með 33:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já:. BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, VG, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, ÁB, BFB, BjörnJ.
nei: EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, GÍG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, SÓÓ, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, FS.
3 þm. (FRV, AGl, ÁÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eggert G. Þorsteinsson: Heimild sú, sem till. þessi felur í sér, er þegar fyrir hendi í lögum um húsnæðismálastofnun ríkisins. Verður því að ályktа, að till. sé óþörf og flutt í einhverjum annarlegum tilgangi. Þess vegna segi ég nei.

Brtt. 162,100.a—d samþ. með 40 shlj. atkv.
— 162,100.e samþ. með 34:2 atkv.
— 162,100.f—g samþ. með 47 shlj. atkv.
— 184,VII samþ. með 45 shlj. atkv.
— 185,XI felld með 31:7 atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 190, 218, 219, 220, 225, 235).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál til þess að útskýra brtt. þær, sem fjvn. flytur nú við þessa 3. umr. Mun ég rekja, eftir því sem ástæða er til, brtt. þær, sem nefndin stendur öll sameiginlega að á þskj. 218, og einnig brtt., sem eru á þskj. 225. Ég mun rekja till. í þeirri röð, sem þær eru á þskj., og gera lítillega grein fyrir orsökum þess, að nefndin hefur tekið þessar till. upp. Ég skal áður taka það fram, að það voru mjög mörg erindi, sem nefndinni bárust, bæði á meðan stóð á 2. umr. málsins, og voru þá af eðlilegum ástæðum ekki tök á að taka afstöðu til þeirra í nefndinni, og einnig á milli umr., en eins og brtt. nefndarinnar bera með sér, er aðeins mjög lítið af þeim till., sem n. hefur tekið upp sameiginlega, enda var afgreiðslan við það miðuð að reyna að halda sér innan þess ramma, sem greiðsluafgangur á frv. eftir 2. umr. leyfði, og ég mun að lokum fara nokkrum orðum um, hvernig það mál kemur út.

Fyrsta brtt. er um það að hækka um 15 þús. kr. styrk þann í 13. gr. fjárlaga, sem veittur er til þess að halda við byggð á ýmsum stöðum í landinu, sem fyrst og fremst er gert vegna vegasamgangna og öryggis af þeim ástæðum. Er það gert í samráði við vegamálastjóra, og er ætlunin, að þessi styrkur gangi til Hreðavatnsskála, en þeim skála verður nú haldið opnum í vetur til gistingar, sem talið er til mjög mikils hagræðis og öryggis, einkanlega fyrir þá, sem eiga leið til og frá Vestfjörðum. Þessum skála hefur ekki áður verið haldið opnum að vetrinum. Hótelið Bifröst, sem er þarna í nágrenni, er ekki starfrækt að vetri til og því ekki um neina gistingu þar að ræða. Hefur n. í samráði við vegamálastjóra lagt til að hækka liðinn með hliðsjón af því, að þessi veitingastaður fái smávægilegan styrk.

2. till. er um það að hækka Skipaskoðun ríkisins. Þetta er þannig til komið, að það eru laun skrifstofustúlku, sem hér er um að ræða. Þetta mál hefur með eðlilegum hætti borið að, og hefur verið viðurkennt af nefnd þeirri, sem á að hafa eftirlit með opinberum rekstri eða starfsmannahaldi ríkisins, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn að ráða þessa skrifstofustúlku. Það hefur því verið ákveðið af ráðuneytinu í samræmi við þá niðurstöðu og því að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en gera ráð fyrir launum hennar.

Þá kem ég að þeim liðnum, sem er langstærsti liðurinn, og var raunverulega fyrir vangá, að sú upphæð var ekki tekin inn við 2. umr. fjárlagafrv., en það er einnar millj. kr. styrkur til byggingar umferðarmiðstöðvar í Reykjavík. Eins og hv. þm. er kunnugt, er gert ráð fyrir því, að sérleyfisgjald renni fyrst og fremst til þessarar umferðarmiðstöðvar. Það hefur á undanförnum árum verið notað til þess að greiða halla af Ferðaskrifstofu ríkisins. Það var að vísu með sérstakri samþykkt látið ganga til baka, þannig að ekki hefur nema hluti af því gjaldi runnið til að greiða hallann. Hann hefur verið greiddur á síðasta ári beint úr ríkissjóði. En nú er gert ráð fyrir því, að allt gjaldið renni til umferðarmiðstöðvarinnar. Það yrði mikilvægasta mál að koma þessari umferðarmiðstöð upp. Hér eru mikill fjöldi sérleyfisbifreiða við vegar að af landinu, sem hafa fastar ferðir til Reykjavíkur, einkum með vöruflutninga, og hefur verið mikið vandamál með staðsetningu og afgreiðslu þeirra bifreiða. Það er gert ráð fyrir, að kostnaðurinn við fyrsta áfanga byggingar umferðarmiðstöðvarinnar, sem hafinn var á þessu ári, muni nema um 4.5 millj. kr. Það mun að vísu verða nokkru meira, því að það hefur ekki verið tekið tillit til allra verðhækkana, sem orðið hafa við gengisbreytinguna. Það er gert ráð fyrir, að hægt verði að leggja um 2 millj. kr. nú þegar fram af fé sérleyfisgjaldasjóðs. En um það hefur verið samið hins vegar, eins og gert er ráð fyrir í lögunum, milli ríkisins og bæjarstjórnar Reykjavíkur, að þessir aðilar leggi einnig fram vissar fjárhæðir í þessu skyni, og hefur verið gert ráð fyrir, að Reykjavíkurbær leggi fram árin 1961 og 1962 500 þús. kr. hvort árið og veitt yrði fé í fjárlögum síðan, 1 millj. kr. 1961 og 500 þús. kr. 1962, til miðstöðvarinnar og þá gert ráð fyrir, að með því fé og tekjum sérleyfisgjaldasjóðs muni takast að koma umferðarmiðstöðinni upp.

Þá er lagt til að gera smávægilega breytingu á launaliðum háskólans. Þar er, eins og hv. þm. sjá, ekki um neina hækkun að ræða, heldur aðeins um tilfærslu milli stundakennslu og

fastra launa, sem byggist á því, að eðlilegra þykir að taka upp laun setts prófessors, sem gegnir til bráðabirgða prófessorsstöðu dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, inn á fastlaunalið heldur en greiða það af stundakennslulið, eins og gert hefur verið, og er því brtt. við það miðuð að koma þessu í eðlilegra horf. En það hefur, eins og áður sagði, engin áhrif til hækkunar á fjárlögin.

Þá kem ég næst að 6. brtt. n., en það er um námskeið fyrir íþróttakennara, um það, að fjárveiting til þessara námskeiða hækki um 50 þús. kr. Það hefur verið mikið á það sótt að bæta aðstöðu íþróttakennaraskólans, en hefur ekki verið talið fært að leggja fé fram til byggingar hans, svo sem um hefur verið beðið. Það er hins vegar mjög mikilvægt atriði í starfsemi þessa skóla að þjálfa íþróttakennara, og ætlunin er að reyna að gera það sem mest á þann hátt að halda námskeið hér og þar um landið, sem íþróttakennararnir sæki úr viðkomandi svæðum, og þykir nauðsynlegt og eðlilegt með hliðsjón af þeim sess, sem íþróttakennslan skipar í skólum, og einnig vegna hinnar miklu íþróttastarfsemi fjölmargra æskulýðsfélaga víðs vegar um land að stuðla að þessari fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins. Er því lagt til að verða við ósk íþróttafulltrúa um hækkun fjárveitingar þessarar sem nemur 50 þús. kr.

Þá er 7. brtt., sem er um það að taka upp 36 960 kr. fjárveitingu til Blindravinafélags Íslands vegna rekstrar blindraskólans. Blindravinafélag Íslands hefur sérstakan styrk í fjárlögum, og enn fremur er undir menntamálafjárveitingum fjárveiting til þess að greiða laun kennara við blindraskólann. Eins og hv. þm. vita, hefur það verið þannig um skeið, að ríkið hefur að öllu kostað málleysingjaskólann og þá á þann hátt, að nemendur þar hafa ekki þurft að greiða nein skólagjöld eða kostnað við sitt uppihald þar. Þetta hefur hins vegar ekki verið með blindraskólann. Þar eru mjög fáir nemendur, en hins vegar er það eðlilegt og sjálfsagt, að þeir njóti sömu hlunninda og þeir nemendur, sem eru í málleysingjaskólanum. Hér er um misræmi að ræða, sem ég veit, að allir muni telja sjálfsagt að reyna að bæta úr af hálfu þjóðfélagsins, svo sem auðið er, og þessi till. miðar að því að taka upp fjárveitingu til þess að greiða uppihaldskostnað þeirra nemenda, sem eru í blindraskólanum, og annan kostnað við að halda skólanum uppi til viðbótar við kennaralaunin, sem greidd eru nú.

8. liðurinn er smáupphæð til viðhalds sögulegra minja í Reykholti. Þessi liður hefur áður verið í fjárlögum, og það þykir eðlilegt og nauðsynlegt að stuðla að því, að tryggilega sé við haldið þeim merku minjum ýmsum, sem þar eru, og því er lagt til, að þetta fé verði veitt í því skyni og það verði undir eftirliti þjóðminjasafnsins eða þjóðminjavarðar.

Þá er smábreyting gerð í 9. till. á fjárveitingu til tónlistarkennslu á Siglufirði. Þar hefur verið sú aðferð viðhöfð, að bæjarstjórnin hefur skipt þessari upphæð. Hins vegar hafa borizt n. óskir um það, að því yrði skipt í fjárlögunum sjálfum, og þá hefur þótt eðlilegt að miða skiptinguna við það, að styrkurinn skiptist að hálfu milli skólanna, og hefur styrkurinn jafnframt verið hækkaður um 5 þús. kr.

Þá er 10. till., sem ég þarf ekki að skýra sérstaklega. Það er framlag til lúðrasveitar Kópavogs. Það er 10 þús. kr. fjárveiting, sem er í samræmi við þær fjárveitingar, sem hafa verið veittar slíkum fyrirtækjum. Þessi umsókn barst ekki fyrr en 2. umr. lauk, og er hún því tekin hér inn nú.

Þá er 11. till. um það að hækka fjárveitingu til Búnaðarfélags Íslands um 150 þús. kr. Nánari athugun hefur leitt í ljós, að það muni hafa verið óeðlilega lækkuð áætlun sú, sem Búnaðarfélag Íslands gerði við undirbúning fjárlaga, og það muni verða mjög erfitt fyrir Búnaðarfélagið að standa undir starfsemi sinni með óbreyttri fjárveitingu. Hefur því verið talið rétt að leggja til, að fjárveitingin hækki um 150 þús. kr., eins og gert er með þessari till.

Þá er 12. brtt. Það er um fyrirhleðslu við Svartá í Geitlöndum í Borgarfirði. Það mál lá ekki fyrir n. endanlega upplýst við 2. umr., en síðan hafa borizt þau gögn, sem áskilin eru til þess að taka afstöðu til slíkra mála, og er gert ráð fyrir því í áliti vegamálastjóra, að kosta muni um 80 þús. kr. að gera þessa fyrirhleðslu, og jafnframt upplýst, að það séu mjög verðmikil beitilönd, sem þarna séu í stórhættu, ef ekki sé að gert og með hliðsjón af þeim upplýsingum öllum þykir rétt að leggja til, að í þetta skipti verði veittar 35 þús. kr. til þessara framkvæmda og þá gegn ⅓ hluta greiðslu annars staðar frá, þar sem hér er ekki um fyrirhleðslu í sambandi við samgöngubætur að ræða.

Fjárveiting til skógræktar er óbreytt í fjárlagafrv. frá fjárlögum þessa árs. Skógræktin fékk allmiklar auknar tekjur við hækkun á vindlingagjaldi við afgreiðslu síðustu fjárlaga. Það hefur hins vegar komið í ljós, að fjárhagur skógræktarinnar er mjög þröngur, og er hér einkum um það að ræða, að skógræktarfélögin geta ekki með þeirri fjárveitingu, sem nú er í fjárlögum og fjárlagafrv., fengið viðunandi styrk til sinnar starfsemi. Það mun hins vegar viðurkennt af öllum, að starfsemi skógræktarfélaganna skilar margföldum arði, vegna þess að þar fæst einnig fram mjög mikil sjálfboðavinna og dýrmæt, og því má ekki sú starfsemi dragast saman. Með hliðsjón af þessum vandræðum er lagt til, að hækkað verði framlag til skógræktarfélaganna um 100 þús. kr. Það er að sjálfsögðu engan veginn fullnægjandi, en það þykir þó ekki fært að ganga lengra í þetta sinn, og þetta mun vera nokkur bót á þeim vanda, sem þar er við að stríða.

Á síðasta ári var sótt um aðstoð af hálfu Sölufélags garðyrkjumanna til tækjakaupa í sambandi við svokallaða gufusuðu jarðvegs. En þar er um að ræða framkvæmdir, sem eru til þess fallnar að uppræta mjög hættulega og eyðileggjandi sjúkdóma í gróðurhúsum. Það þótti ekki fært þá að veita aðstoð til kaupa slíkra tækja, vegna þess að þar var um mjög dýr tæki að ræða og sótt um styrk, sem þótti ekki með neinu móti fært að veita. Nú hefur þetta verið endurathugað hjá þeim garðyrkjumönnum, og niðurstaðan hefur orðið sú, að það mun auðið að fá tæki, sem séu miklum mun ódýrari en

hin fyrri, til þess að framkvæma þetta verk. Öllum sérfræðingum ber saman um, að hér sé um hið brýnasta mál að ræða, og þar sem hér er um algeran aukakostnað að ræða fyrir þessa aðila til að verjast þessum sjúkdómum, sem bætist ofan á annan framleiðslukostnað þessara vara, þá þykir eftir atvikum rétt að mæla með því, að veittur verði Sölufélagi garðyrkjumanna 50 þús. kr. styrkur til kaupa á þessum tækjum. En það er ekki nema lítill hluti af kaupverði tækjanna, þannig að þrátt fyrir þennan styrk verða þó garðyrkjumenn að leggja á sig allveruleg fjárframlög, til þess að auðið verði að fá þessi tæki og vinna það verk, sem þarna þarf að vinna í sambandi við notkun þeirra.

Svo sem hv. þm. sjá, gerir 15. till. ráð fyrir nokkurri hækkun á fjárveitingu til Fiskifélags Íslands. Þessi fjárveitingarhækkun er í beinu samræmi og sambandi við 17. brtt. n., sem felur í sér tilsvarandi lækkun á fjárveitingu til iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans, og stafar þessi breyting af því, að eðlilegt þykir að færa nokkurn hluta af starfsemi iðnaðardeildarinnar yfir til Fiskifélagsins, þ. e. gerlarannsóknirnar. Sú starfsemi hefur nú um skeið verið þar til húsa, og vinnur mjög mikilvægt hlutverk einmitt í þágu sjávarútvegsins, þannig að þeir aðilar, sem með þessi mál hafa að gera, telja eðlilegt, að þessi hluti af starfi iðnaðardeildarinnar sé færður yfir til Fiskifélagsins. Er þessi breyting beinlínis gerð með það í huga. Það eru ýmis atriði í sambandi við þetta mál sem enn eru ekki útkljáð, svo sem ráðstöfun á tækjum, en það ætti ekki að skapa nein vandkvæði í þessu sambandi, þar sem hér er um tvær ríkisstofnanir að ræða, að ráðuneytið eða ríkisstj. taki það til athugunar á árinu, um leið og þessi breyting verður gerð, hvaða ráðstöfun verður höfð á þessum tækjum. En það ætti ekki að þurfa að hindra breytinguna út af fyrir sig. Þessi breyting hefur ekki í för með sér nein aukin útgjöld fyrir ríkissjóð, eins og brtt. sýna.

Það hefur komið í ljós, að það er hin brýnasta nauðsyn að efna til sérstakra námskeiða fyrir matsmenn á skreið og saltfiski, og hefur verið gerð kostnaðaráætlun um, hvað væru lágmarksútgjöld í því sambandi, og áætlar fiskmatsstjóri, að það séu 85 þús. kr. Er lagt til með hliðsjón af mikilvægi þess, að þetta mat sé í góðu lagi, að þessi umrædda og umbeðna upphæð verði veitt til námskeiðanna.

18. brtt. n. er um það að veita 50 þús. kr. styrk til jarðborana að Hellnum á Snæfellsnesi. Þar er við mikinn vatnsskort að stríða, og hafa ýmsar tilraunir verið gerðar til úrbóta. Það er ljóst, að þetta verður allkostnaðarsöm framkvæmd, en hins vegar ekki þarna nema um 6 býli að ræða, sem undir þessu eiga að rísa, og þykir því vera óumflýjanlegt að leggja til, að einhver aðstoð verði veitt. Þetta mun ekki geta fallið undir lögin um vatnsveitur, og verður því að gera sérstakar ráðstafanir í því sambandi. Endanlega liggur ekki fyrir, hver kostnaður af þessu verður. En það er hins vegar ljóst, að þótt veittar verði 50 þús. kr., er það svo lítill hluti kostnaðar, að það fer engan veginn upp fyrir það mark, sem styrkt hefur verið á sambærilegum stöðum.

Ég hirði ekki sérstaklega að rekja brtt. n. við 18. gr., eftirlaunagreinina. N. stendur öll sameiginlega að þeim till., og það hefur verið reynt að hafa hliðsjón af þeim reglum, sem fylgt hefur verið undanfarin ár við ákvörðun þessara viðbótareftirlauna. Ég minntist á það í framsöguræðu minni við 2. umr. fjárlaga, að þetta væri mál, sem taka þyrfti til sérstakrar athugunar í framtíðinni, og hirði ég ekki um að endurtaka þau ummæli hér. Það er auðvitað alltaf mikið álitamál, þegar ekki er hægt að fara eftir alveg föstum reglum, hvaða tölur eru alveg nákvæmlega réttar í sambandi við veitingu slíkra eftirlauna, og sýnist vafalaust sitt hverjum um það. En ég fullyrði það eitt, að það hefur verið reynt í n. að hafa hliðsjón af því, sem áður hefur verið gert í því efni, og reyna að meta þetta algerlega hlutlaust með hliðsjón af þeim aðstæðum, sem fyrir hafa legið, og atvikum.

21. brtt. n. er um nokkra hækkun, 50 þús. kr., á fjárveitingu til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum. Hér er bæði um að ræða heimtaugagjald rafmagns og hitaveitu. Þessi gjöld eru þess eðlis, að það verður ekki skotið á frest að greiða þau. Það eru engin grið gefin, hvorki af rafmagnsveitunum né hitaveitunni, í því efni, og það var ljóst, að með þeirri fjárveitingu, sem var, yrði engan veginn hægt að standa undir þeim. Og það er næsta leiðinlegt, ef þyrfti að koma til þess, að það yrði gengið að embættisbústöðum ríkisins og þeir seldir upp í vanskilagjöld af þessum sökum.

Þá koma hér enn nokkrar viðbótarbrtt. við 22. gr. fjárlaga, og skal ég lítillega víkja að þeim.

Það er þá í fyrsta lagi að ábyrgjast fyrir Dráttarbraut Akraness allt að 3.5 millj. kr. lán. Það er gert ráð fyrir því að byggja þar nýja dráttarbraut, sem gert er ráð fyrir að kosti um 4.8 millj. kr. Þessi ábyrgðarheimild er í fullu samræmi við það, sem Alþ. hefur áður samþ., þegar slíkar framkvæmdir hafa átt hlut að máli, og þar sem hér virðist vera um gott og traust fyrirtæki að ræða og ljóst er, að nauðsynin er þarna mjög brýn, þá hefur n. þótt rétt að mæla með því, að einnig yrði veitt ríkisábyrgð til þessarar dráttarbrautar, ef hún réðist í þessa framkvæmd á árinu.

Á fjárlögum yfirstandandi árs voru veittar 10 millj. kr. til ýmissa endurbóta á síldarverksmiðjum á Austurlandi. Þessi ábyrgðarheimild var óskipt í fjárlögum, en henni hefur síðar verið skipt af ríkisstj., þannig að síldarbræðslan á Seyðisfirði fái 2 millj. kr., síldarvinnslan í Neskaupstað 3 millj. og síldarverksmiðja Vopnafjarðar 4 millj. Ekki er enn notaður nema hluti af þessum ábyrgðarheimildum. Þar sem öll þessi verk eru hins vegar í gangi, þykir ekki ástæða til þess að endurnýja þær heimildir, enda þótt fjárhagsárið sé á enda. Hins vegar hefur athugun leitt í ljós, að þessar 10 millj. hrökkva ekki til að standa undir þessum framkvæmdum, og leggur því n. til, að veittar verði 5.5 millj. til viðbótar, sem ráðstafað verði til endurbóta á þessum verksmiðjum, og er þá gert

ráð fyrir því, að af þeirri ábyrgðarheimild fari ein millj. kr. til Seyðisfjarðarverksmiðjunnar, 2 millj. til Neskaupstaðarverksmiðjunnar og 25 millj. til Vopnafjarðarverksmiðjunnar. Þessi ábyrgðarheimild er veitt með sams konar ákvæði og sömu skilyrðum og þær 10 millj., sem eru á fjárlögum ársins í ár.

Í fjárlögum þessa árs er ríkisábyrgðarheimild allt að 10 millj. kr. til skipasmíðastöðva innanlands, sem veitt er með það í huga að stuðla að innlendum skipasmíðum. Þegar hafa verið notaðar um 2 millj. kr. af þessari heimild, og ætti því í rauninni að nægja að veita 8 millj. kr. N. hefur hins vegar þótt eðlilegt, að hér væri beinlínis um endurveitingu að ræða, þar sem það er efnislega svo, að hér er ekki um nýja ábyrgðarheimild að ræða, og þótti þá eðlilegast að taka upp heimildina orðrétta eins og hún var í fjárlögum ársins í ár, miðað við 10 millj. kr., sem að sjálfsögðu ber að skilja á þann hátt, að þar í séu faldar þær 2 millj., sem þegar er búið að nota, en þarna yrði þá aðeins um endurveitingu að ræða.

Flugfélagið Loftleiðir hefur nú í hyggju að kaupa nýja flugvél, þá þriðju af hinum stóru, eða svipaða flugvél og þær tvær, sem það nýlega hefur fest kaup á. Þessi flugvélakaup, mun óhætt að fullyrða, hafa gefið mjög góða raun. Kaup vélanna hafa verið mjög hagstæð og starfsemi Loftleiða hefur verið og er mjög traust og sívaxandi, þannig að allt virðist benda til þess, ef ekki kemur eitthvað sérstakt til, að kaup á flugvél til viðbótar geti orðið til þess að styrkja enn starfsemi félagsins, og ætti að vera áhættulaust, miðað við það, hve verð þessarar vélar er hagstætt miðað við flugvélaverð nú, að veita þá ríkisábyrgð, sem hér er lagt til, enda er gert ráð fyrir því, að ríkisábyrgðin takmarkist við, að hún fari ekki yfir 70% af kaupverði flugvélarinnar.

Á fjárlögum að undanförnu hafa verið veittar miklar ríkisábyrgðir í sambandi við kaup á gistihúsum, og aðalábyrgðin, sú sem notuð hefur verið, var ríkisábyrgð vegna eignayfirfærslu á Hótel Borg. Í fjárlögum yfirstandandi árs var svo einnig önnur ábyrgðarheimild, sem hefur nú fallið niður, þar eð hún hefur ekki verið notuð, og mun óráðið um það enn, hvað í því efni gerist á næstunni. En þar sem hér hefur verið veitt fyrirgreiðsla, sem sjálfsagt og eðlilegt var að veita á sínum tíma, þá er eðlilegt, að það vakni upp hugmyndir um, að þar sem um vandræði er að ræða í sambandi við hótelbyggingar annars staðar á landinu, þar komi fram beiðnir um slíka ábyrgð. Að sjálfsögðu er eðlilegt að fara mjög varlega í því efni, og eðlilegast væri að sjálfsögðu, að sett yrði löggjöf um gistihúsamál og þá eftir atvikum einnig um ferðamannamál, að það yrði tengt saman, og þá yrðu þar ákveðin ákvæði um aðstoð ríkisins við að koma upp gistihúsum. Kostnaðarsöm endurbygging fer nú fram á gistihúsinu á Blönduósi, sem er mjög brýn nauðsyn að sé þar starfandi. Það hefur því þótt sanngjarnt að leggja til, að ríkisábyrgð yrði veitt, að sjálfsögðu að áskildum öruggum tryggingum, fyrir allt að ½ millj. kr. í sambandi við endurbyggingu þessa gistihúss, með hliðsjón af þeirri miklu nauðsyn, sem er á, að þarna sé starfandi slíkt gistihús. Ég vil jafnframt varpa því fram og beina því til hæstv. ríkisstj., að það verði tekið til athugunar, hvort ekki sé rétt og nauðsynlegt að setja sérstaka löggjöf um gistihúsamál og þá eftir atvikum í sambandi við almenna ferðamálalöggjöf, þar sem settar verði reglur um það, að hve miklu leyti rétt sé og eðlilegt, að ríkissjóður styðji slíkar byggingar.

Þá flytur n. sem f-lið 22. brtt. sinnar brtt., sem flutt er samkvæmt ósk og beiðni samvinnunefndar samgöngumála, en þannig mun vera, að endurathugun á rekstrarafkomu Djúpbátsins h/f eða flóabáts þess fyrirtækis hefur leitt það í ljós, að taldar eru mjög litlar líkur til, að starfsemi þess báts geti gengið með viðunandi hætti á þessu ári vegna minnkandi flutninga, sem jafnan leiðir af bættum samgöngum, og því þykir nauðsynlegt til þess að tryggja útgerð bátsins, þar sem með engu móti er talið, að sú starfsemi megi niður falla, að heimila ríkisstj. að greiða allt að 100 þús. kr. viðbótarstyrk til bátsins, ef rannsókn leiðir í ljós, að slíkur styrkur sé óhjákvæmilegur til að tryggja rekstur bátsins allt árið.

Þá er a-liður 23. brtt., sem er um það að útvega eða lána ræktunarsjóði Íslands, byggingarsjóði sveitabæja og veðdeild Búnaðarbankans allt að 36 millj. kr. Hér er ekki nákvæmlega um það sagt, hvor leiðin verður farin í þessu efni, en það þykir ljóst, að það sé nauðsynlegt að fá sérstaka fjárlagaheimild, til þess að öruggt sé, að ríkisstj. hafi nauðsynlegar heimildir til að ganga frá þessum málum á þann hátt, sem eðlilegast sýnist vera að athuguðu máli. Þetta fé mun þegar hafa verið tryggt, og afgreiðsla lánanna er þegar hafin. En það er ekki endanlega frá því gengið enn þá, hvernig lánunum verður fyrir komið, og því eru hafðir þessir tveir möguleikar í sambandi við heimildarákvæðið, hvort það verða sjóðirnir sjálfir, sem beint taka lánin, eða þá að það verði ríkisstj., sem taki þau og endurláni sjóðunum. Báðir þeir möguleikar eru opnir eftir þessari heimild.

Þá er önnur till. undir þessum lið sú að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 2 millj. kr. lán fyrir Samband ísl. berklasjúklinga vegna byggingar vinnustofnana fyrir öryrkja. S.Í.B.S. hefur tekið að sér að koma upp vinnustofnunum fyrir fleiri öryrkja en berklasjúklinga, eins og hv. þm. mun kunnugt, og hefur verið unnið að miklum framkvæmdum og merkilegum á því sviði. Það þykir hins vegar ljóst, að þeim verði ekki komið áfram með nægilegum hraða með því fé, sem happdrættið veitir S.Í.B.S. sem fastan tekjulið, og sé því nauðsynlegt að hafa ábyrgðarheimild til þess að greiða fyrir lántöku sambandinu til handa til þessara framkvæmda. Hér er bæði um hina þjóðnýtustu starfsemi að ræða, eins og allir munu sammála um, og enn fremur um stofnun að ræða, sem er það fjárhagslega traust, að ekki ætti að vera ástæða til að halda, að það sé nein áhætta fyrir ríkissjóð að ganga í slíka ábyrgð.

Á þskj. 225 er einnig brtt. við 22. gr. um það að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að einnar millj.. kr. rekstrarlán vegna síldarverk-

smiðjunnar Rauðku. Þessi heimild hefur verið í fjárlögum um margra ára bil, og þykir ekki verða hjá því komizt að leggja til, að hún standi einnig nú. Hinu er ekki að leyna, að hér er um mál að ræða, sem er næsta vafasamt og óeðlilegt. Þetta var veitt á sínum tíma vegna sérstakra fjárhagslegra örðugleika, og lánsstofnanir munu hafa gengið á lagið með það að setja skilyrði um slíka ábyrgð til þess að tryggja sig. Þetta verður að teljast mjög óeðlilegt, og það væri æskilegt og raunar nauðsynlegt, að af ríkisstj. hálfu yrði athugað, hvort í framtíðinni væri ekki hægt að koma þessum málum fyrir á þann hátt, að þessa ríkisábyrgð þyrfti ekki að veita, og þá að sjálfsögðu þó ekki á annan veg en þann, að hægt væri með öðrum hætti að sjá þessari verksmiðju fyrir nauðsynlegu rekstrarfé.

Ég hef þá, herra forseti, gert grein fyrir þeim brtt., sem n. sameiginlega stendur að. Þær eru, eins og hv. þm. sjá, ekki margar né heldur stórar í sniðum, að undanskilinni fjárveitingu til umferðarmiðstöðvarinnar, einni millj. kr., sem, eins og ég gat um áðan, láðist af vangá við 2. umr. að taka þá upp, sem eðlilegt hefði verið, því að það hefur ekkert nýtt gerzt í því máli síðar. Þetta var samningur, sem áður hafði verið gerður um skiptingu framlaga til þessa fyrirtækis.

Eftir 2. umr. fjárlaga var greiðslujöfnuður á frv. á sjóðsyfirliti hagstæður um 2 465 297 kr. Brtt. n. nú, og þar af eru 350 402 kr. hækkun á eftirlaunagreininni, nema samtals 2 045 402 kr., þannig að greiðslujöfnuður yrði að þeim samþ. 419 895 kr. Geta hv. þm. af því séð, að það er ekki mikið svigrúm hér til aukinna útgjalda. En að því var stefnt, eins og ég sagði í upphafi míns máls, að ekki yrðu gerðar frekari brtt. en svo, að þær rúmuðust innan ramma þess afgangs, sem var á fjárlagafrv. eftir 2. umr., þannig að náð yrði því marki, sem ég hygg að allir séu sammála um að þurfi að ná og raunar er fullkomlega viðurkennt í brtt. minni hl. bæði við 2. umr. og nú að verði að stefna að, en það er að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að þessum orðum mæltum að mæla með því, að fjárlögin verði samþ. við 3. umr. með þeim breyt., sem ég hef hér gert grein fyrir, að fjvn. öll stendur að.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Við 2. umr. um fjárlögin gerðum við framsóknarmenn bæði í nál. og í framsöguræðu grein fyrir afstöðu okkar til fjárlagafrv. í heild og einstökum þáttum þess. Það hefur ekkert nýtt komið fram á milli umr., svo að ég get í því sambandi vísað til þeirrar greinargerðar um afstöðu okkar til fjárlaganna í heild.

Mig langar til í sambandi við þessa umr. að spyrja hæstv. fjmrh. um eitt atriði, sem ekki fékkst upplýst í fjvn., en það er: Hvaðan kemur fé til þess að leggja veginn til Keflavíkur? Það hefur verið sagt frá því í blöðum og útvarpi, að hafin er nú vegagerð úr varanlegu efni til Keflavíkur, en það er alveg óljóst, hvernig eða með hvaða hætti fjár er aflað til framkvæmdanna. Nú er því ekki að neita, að ef maður ætti von á fleiri slíkum framkvæmdum, að fé dytti úr skýjum niður til þeirra, þá væri það að sjálfsögðu nokkurt gleðiefni. Hins vegar er það nokkuð fráleitt, að Alþ. sé ekki kunnugt um það, sem þarna er að gerast, og þess vegna vænti ég þess, að hæstv. fjmrh. geti nú við þessa umr. upplýst, hvaðan þetta fé kemur, sem þarna er verið að nota, og hvort við ættum von á meira slíku.

Þá vil ég geta þess, að við lögðum fram nokkrar till. til sparnaðar við 2. umr. fjárlaganna, til þess m. a. að reyna, svo að ekki yrði hægt móti að mæla, hver sparnaðarvilji stjórnarliða væri, og gáfum við þá hæstv. ríkisstj. kost á því að spara það, sem hún hafði bezt ráð á, og buðumst til að standa að þessum sparnaði með henni. Svo fór nú um afgreiðslu þeirra till. við 2. umr., að þær voru felldar gegn von okkar af þeim stjórnarliðum. Við gerum nú enn á ný tilraun til þess að vita, hvort sparnaðaráhugi þeirra er ekki kominn á það stig, að til framkvæmda komi, og leggjum því til að draga nokkuð úr ríkisútgjöldum til þess að mæta þeim till., sem við m. a. flytjum til að fá bætt úr sárustu vandræðum í þeim kjördæmum, sem við erum fulltrúar fyrir. Það er von okkar, að hæstv. ríkisstj. hafi nú nokkuð áttað sig á því, að ekki er nóg að telja upp sparnaðartill. í mörgum liðum, þær verða ekki teknar alvarlega, nema eitthvað sé sýnt í verki. Niðurstaða fjárlagafrv. sýnir hins vegar, eins og það er og meiri hluti fjvn. leggur til að það verði, að þar fyrirfinnst enginn sparnaður.

Þá flytjum við á sérstöku þskj. till. til breyt. auk þeirra, sem ég hef nú þegar getið til sparnaðar, þ. e. á þskj. 219, og er þar veigamest till. okkar um breyt. á 16. gr.

Það var upplýst, að í áætlun Búnaðarfélags Íslands fyrir undirbúning fjárlaga á yfirstandandi ári var gert ráð fyrir minni framkvæmdum í sveitum en verið hefur, og samkvæmt þeim upplýsingum, sem við höfum aflað okkur, hefur samdrátturinn einnig sagt til sín í ýmsum framkvæmdum úti um sveitir landsins. Vegna þessa má gera ráð fyrir því, að það þurfi ekki að nota þá fjárveitingu, sem ætluð er til að greiða með styrki til jarðræktarframkvæmda, útihúsabygginga og vegna skurðgraftar á næsta ári, en hins vegar teljum við nauðsyn, að þetta fé verði notað til landbúnaðarins. Við 2. umr. fjárlaga gerðum við tilraun til þess að fá fjárveitingu til þeirra liða, sem hér eru taldir, en það tókst ekki. Nú förum við fram á það við hv. Alþ., að það heimili ríkisstj. að verja því fé, sem þarna kynni að verða afgangs, á þann hátt, sem greinir í till. okkar, þ. e. til kaupa á jarðræktarvélum, til ráðgefandi nefndar í útihúsabyggingum í sveitum, til nautgriparæktarsambandanna, til mjólkurbúa og smjörsamlaga og til dreifingar á áburði. Við gerum ráð fyrir því, að ef svo færi, að afgangurinn af þessum útgjaldaliðum yrði ekki svo mikill sem þessari fjárhæð nemur, sem við hér leggjum til, þá verði stjórn Búnaðarfélags Íslands kvödd til ráðuneytis um það, í hvaða röð og að hve miklu leyti þessir liðir kæmu þá til. Okkur finnst, eins og ég áðan sagði, eðlilegt, að þetta fé gangi til landbúnaðarins og yrði

notað til þess, að samdráttarstefnan yrði ekki meiri en orðið er og heldur til þess að draga úr henni.

Þá flytjum við aftur tvær till., sem við tókum til baka við 2. umr. og gerðum tilraun til þess að fá samstöðu um í fjvn., en tókst ekki, og viljum fá vilja Alþ. um afstöðu til þeirra.

Þá flytjum við á sérstöku þskj., nr. 225, till. til heimildar á 22. gr. ásamt fulltrúa Alþb. í fjvn., Karli Guðjónssyni, þar sem við leitum eftir samþykki Alþ. fyrir því, að ríkisstj. sé heimilt að gera bráðabirgðabreyt. á launakjörum ríkisstarfsmanna á næsta ári, þannig:

Í fyrsta lagi: Laun samkv. gildandi launalögum, sem fara stighækkandi eftir starfsaldri, hækki á tveim árum í stað fjögurra, þannig að byrjunarlaun verði samsvarandi launum með tveimur aldurshækkunum og hækki síðan á tveim árum í hámarkslaun.

Í sambandi við þessa till. vil ég segja það, að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að það mun vera víða þannig í framkvæmd, að yfir þessa launaflokka er hlaupið, þegar nýir starfsmenn eru ráðnir. Hér er um svo lág laun að ræða, að þau þykja ekki mannsæmandi, enda er það þannig í 13. flokki, að mánaðarlaun eru á fyrsta ári kr. 3196.52, og eftir að þau eru komin í þá hæð, sem þau geta orðið hæst í þessum launaflokki, eru þau kr. 3959.52. Í 14. launaflokki eru þó enn þá lægri laun. Þar eru mánaðarlaun byrjandans 2806 kr., en komast upp í kr. 3578.02. Hér er um svo lág laun að ræða, að brýna nauðsyn ber til að leiðrétta þetta, og leggjum við því til, að Alþ. heimili ríkisstj. að gera þessa leiðréttingu, enda mun framkvæmdin víða vera þannig, að þessir launaflokkar eru ekki notaðir. Er því miklu eðlilegra að heimila ríkisstj. að gera þessa breyt. með samþykki Alþ., en eins og kunnugt er, er það þannig í fyrstu 7 launaflokkunum, að þar eru hámarkslaun strax og maðurinn kemur í starfið.

Þá leggjum við til í öðru lagi, að þessir neðstu launaflokkar, sem ég ræddi um hér áðan, verði algerlega felldir niður, og vitna ég í það, sem ég þá sagði um það.

Í þriðja lagi gerum við ráð fyrir því, að starfsmaður, sem hefur verið í þjónustu ríkisins í 10 ár samfleytt, fái launahækkun sem svari tilfærslu um einn launaflokk.

Í launalögum er það fram tekið um vissa starfsmenn, að eftir að þeir hafa starfað í fimm eða tíu ár, þá færast þeir sjálfkrafa á milli launaflokka, eins og hér er ætlazt til að allir ríkisstarfsmenn geri. Í því sambandi má nefna stjórnarráðsfulltrúa, sem þannig færast til, fulltrúa í Hagstofu Íslands, löglærða fulltrúa hjá dómurum, símritara og símvirkja og verkstjóra í sömu greinum, talsímakonur og langlínuvarðstjóra; enn fremur hjúkrunarkonur, þær færast til um launaflokk að fimm árum liðnum.

Reykjavíkurbær gerði þá samþykkt í ársbyrjun 1956, að starfsmenn bæjarins skyldu færast til í launaflokkum eftir tíu ára þjónustu. Þess vegna þykir okkur flm. eðlilegt, að starfsmenn ríkisins njóti einnig sömu hlunninda.

Þessar tillögur voru til meðferðar á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fengu þar verulegan meiri hluta. Í stjórn bandalagsins voru þær einnig til meðferðar nú fyrir stuttu, og stóð hún einróma að samþykkt um það að fara þess á leit við Alþingi, að þessar breytingar yrðu gerðar. Þó er stjórnin þannig skipuð, sem kunnugt er, að þar eru menn úr mismunandi pólitískum flokkum. Hér er líka um þær leiðir að ræða að gefa ríkisstj. heimild til þess að ráða fram úr málum starfsmanna ríkisins, án þess að almenn launahækkun eigi sér stað, heldur er hér miðað við, sem hefur og verið grunntónninn í öllum okkar till. í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, að bæta úr því, sem brýnast er og ekki er hægt að komast hjá. Þessar till. okkar eru í samræmi við það.

Þá leggjum við í fjórða lagi til að hækka laun barnakennara um 8%.

Eins og kunnugt er, hefur mikill hörgull verið á lærðum kennurum í kennarastöður nú á síðasta ári og sérstaklega í ár. Horfir þetta víða til stórvandræða, og í sumum kaupstöðum landsins er það svo, að börn fá ekki fullnægjandi kennslu vegna kennaraskorts. Ástæðan fyrir þessu er talin vera sú, að kennarastéttin búi við þau launakjör, að menn sæki ekki til hennar. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, hversu mikils virði góð kennarastétt er hverju þjóðfélagi. Hún hefur meiri áhrif á æsku landsins en velflestir aðrir, að foreldrum undanteknum, og þó taka kennarar í æ ríkara mæli einnig við hlutverki foreldranna. Þess vegna skiptir það miklu fyrir þjóðina í heild, að í þá stétt veljist hæfir menn, sem eru starfi sínu vaxnir, enda var kennarastéttin þekkt að slíku hér áður fyrr. Nú er hins vegar komið svo, að í þessa stétt sækja menn ekki, og horfir til stórra vandræða. Till. okkar er því flutt, eins og hinar, til þess að bæta úr þessum vandræðum.

Árið 1956 var með reglugerð, sem gefin var út þá, gerð breyting á launum gagnfræðaskólakennara. Þeir höfðu áður fengið laun einum launaflokki hærri en barnaskólakennarar. En með því að þeim voru þá ákveðin 9 mánaða laun, þó að starfið væri ekki nema 8 mánuði, þá breikkaði bilið á milli þessara kennara, eins og kunnugt er. Ef nú yrði horfið að því að hækka laun barnakennaranna um 8%, þá yrði bilið á milli launagreiðslnanna svipað eftir þá breytingu og það var, áður en reglugerðin frá 1956 var gefin út. Þess vegna sýnist allt mæla með því, að þessi breyting verði gerð. Og þjóðarnauðsyn krefst þess, að að kennarastéttinni verði þannig búið, að hún geti áfram gegnt sínu göfuga hlutverki og mótað æsku þjóðarinnar, svo að hún megi að sem beztu gagni koma.

Þessar till. okkar eru allar fluttar í heimildarformi, svo að hæstv. ríkisstj. gefst þannig kostur á að meta það, hvað hér er um að ræða. Og ég efast ekkert um, að þegar hún hefur kynnt sér málavexti, þá muni hún telja þessa tillögugerð alla sanngjarna og til þess fallna að leysa hana frá vandræðum, sem hún að

öðrum kosti gæti lent í. Það er því von mín og okkar allra flm., er að þessum till. standa, að þær nái fram að ganga hér á hv. Alþingi, og við teljum, að fjárlagaafgreiðslan reynist þjóðinni betri, ef þær verða samþykktar.

Björn Pálsson: Herra forseti. Frv. það til fjárlaga, sem hér er til 3. umr., er líkt því, sem samþykkt var fyrir árið 1960. Bæði frv. byggjast á þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru með efnahagslöggjöfinni í febrúar 1960. Tekjur og gjöld hækka um 80—90 millj., en þær hækkanir eru einkum vegna þess, að efnahagslöggjöfin og þær ráðstafanir, sem þeirri löggjöf fylgdu, náðu ekki til alls ársins 1960, og vegna þess að gert er ráð fyrir, að skerðingarákvæði almannatryggingalaganna gildi ekki nema til ársloka 1961. Ég hef ekki rætt efnahagsmál á þessu þingi, vegna þess að ég hef álitið, að tæplega væri tímabært að dæma um árangur þeirra ráðstafana, sem stjórnarliðar annaðhvort í háði eða alvöru kenna við viðreisn. Ég álít hins vegar, að nú sé nokkur reynsla fengin í því efni, þó að löggjöfin sé ekki nema 9 mánaða gömul, og afleiðingarnar því engan veginn allar komnar fram enn þá.

Við 2. umr. fjárl. var metingur um það milli núv. hæstv. fjmrh. og fyrrv. fjmrh., hv. 1. þm. Austf., hvor þeirra hefði verið stórtækari í að hækka fjárlög. Taldist svo til, að sá fyrrv. hefði hækkað þau úr 300 millj. kr. í 800 millj. kr. á átta árum, en núv. fjmrh. hefði tekizt að hækka þau um 700 millj. á tveimur árum. Ég ætla ekki að blanda mér í þá deilu, en staðreynd er, að útgjöld eru samkv. ríkisreikningi 1959 954 millj. kr., en áætluð útgjöld 1961 tæpar 1600 millj. Hækkunin er því 650 millj. Frá því **ber að draga 113 millj.** kr. gjöld vegna niðurgreiðslna, sem ríkissjóður tók að sér vegna útflutningssjóðs. Er því raunveruleg hækkun rúml. 500 millj.

Ég tel vafasamt, hvort réttmætt er að kenna fjmrh. hækkun fjárl. Fjmrh. framkvæmir aðeins ákvarðanir Alþingis. Sé sami ráðherra til margra ára, hlýtur hann eðlilega að ákveða stefnuna að verulegu leyti, en fjmrh., sem tekur við fjárl. í fyrsta sinn, verður ekki sakfelldur, ef um sök er að ræða, frekar en aðrir forráðamenn þeirra flokka, sem að stjórninni standa. Tekjuliðir þeir, sem mest hækka, miðað við 1959, eru söluskattur, verðtollur og innflutningsgjald, sem rennur í ríkissjóð.

Þeir gjaldaliðir, sem mest hækka, eru til félagsmála, á þriðja hundrað millj., niðurgreiðslur, kennslumál og dómgæzla. Eðlilegt má teljast, að gjöld ríkisins hækki nokkuð árlega vegna fólksfjölgunar og að einhverju leyti vegna aukinnar og bættrar þjónustu. Það þarf fleiri skóla, fleiri sjúkrahús, fleiri kennara og fleiri lækna með vaxandi fólkstölu. Nokkur hluti af hækkun fjárl. er af þessum ástæðum. En meginástæðan á rætur sínar í efnahagslöggjöfinni, sem samþykkt var á síðasta þingi. Afleiðingar þeirra ráðstafana eru þó eigi allar komnar fram, því að líklegt er, að vinnulaun eigi eftir að hækka að mun, og veldur það eðlilega mikilli hækkun fjárlaganna.

Fjmrh. ræddi nokkuð um sparnað í fjárlagaræðu sinni. Ég skal ekki fara mikið út í það hér, aðeins minnast á örfá atriði. Hann ræddi mikið um fækkun nefnda og ráðgerði m. a. að leggja niður allar skattanefndir í sveitum og kauptúnum. Vafalaust eru margar nefndir til, sem lítið gagn gera og sumar e. t. v. ógagn. Er eigi ástæða til að lasta það, þó að slíkar nefndir séu niður lagðar. Ég er hins vegar eigi sammála fjmrh. um, að til bóta sé að leggja niður skattanefndir í dreifbýlinu. Kostnaður við þær er 1.5 millj. Vafasamt er, hvort um sparnað væri að ræða, þó að verkefni þeirra væri unnið á einum stað í hverju kjördæmi. Sveitarfélögin vilja hafa sínar skattanefndir, því að gjaldendurnir vita, að kunnugir geta haft betra eftirlit með framtölum en þeir, sem þekkja ekki til. Tekjuskattur er raunar lítill nú, en óvíst er, hve langæ sú löggjöf verður. Álíti ríkisstj. kostnaðinn við skattanefndirnar of mikinn, er betra fyrir hreppsfélögin að greiða hann að einhverju eða öllu leyti en að skattanefndirnar séu lagðar niður, því að þær eru nauðsynlegar, til þess að eitthvert vit verði í niðurjöfnun útsvara. Undirskattanefndum er greitt í kaup samkvæmt ríkisreikningi 1959 6% af þeirri heildarupphæð, sem eytt er í innheimtu tolla og skatta. Skattstofan í Reykjavík kostar ríkið hins vegar á fimmtu millj. og skattstofur utan Reykjavíkur um 1900 þús. Undirskattanefndir vinna fyrir mjög lágt kaup, ég held 100 kr. á dag. Verk þeirra þyrfti að vinna annars staðar, ef þær væru lagðar niður. Það verk mundi verða verr unnið. Sparnaður mundi því verða vafasamur, en óþægindi mikil fyrir dreifbýlið. Nokkru öðru máli gegnir um yfirskattanefndir. Þar skiptir minna máli, þó að umdæmin verði stækkuð, þó að ég telji tvísýnt, að um sparnað yrði að ræða.

Fjmrh. talaði um að koma rekstri ríkisskipa fyrir á annan og hagkvæmari hátt en verið hefur, og sagðist hafa fengið norskan mann til að athuga, á hvern hátt það mætti verða. Ég hef takmarkaða trú á að fá erlenda menn til að gefa okkur fyrirmæli um, hvernig eigi að reka hluti hér á landi. Staðhættir eru ólíkir og strjálbýlið meira en í flestum öðrum löndum. Nokkrir útlendingar hafa verið fengnir og fæstir orðið að miklu liði. Veldur þar e. t. v. nokkru um, að oft er erfitt að framkvæma skynsamlega hluti fyrir flokkadrætti og ósanngjörnum kröfum. Ég hygg, að Íslendingar eigi nóga menn með hagnýtum gáfum, en ráðamennirnir hafi ekki verið nógu fundvísir á þá, enda í sumum tilfellum sýnt nokkurn áhuga á því að losa sig við þá. Ég vil þó engan veginn gera lítið úr viðleitni ráðherrans í að spara, þó að árangur hafi enginn orðið hér til. Ég get vel gengið inn á, að reka megi Skipaútgerð ríkisins á hagkvæmari hátt en verið hefur, án þess að þjónustan við fólkið verði lakari. En hvort það verður framkvæmt á réttan hátt, það er annað mál.

Ég skal einnig viðurkenna, að ýmsar ábendingar frá meiri hl. fjvn. eru skynsamlegar og geta orðið til bóta. En hvorki fjvn. né ráðherrann hafa bent á atriði, sem valdið geta veru-

legri lækkun á fjárl. Þeir minnast t. d. ekki á fjölskyldubætur með tveim fyrstu börnum, sem kosta um 100 millj. Og þeir tala ekki um, að ríkið greiðir til atvinnuleysistrygginga yfir 26 millj. kr. og bæjarfélög og fyrirtæki þurfa að greiða svipaða upphæð. Sjóður þessi greiddi hálfa millj. í bætur árið 1959. Vaxtatekjur þessa sjóðs eru sennilega 10—20 millj. í ár, þannig að eignir hans aukast um 60—70 millj. Við þurfum ekkert atvinnuleysi að hafa, ef vel er stjórnað. Vextirnir einir eru nægilegar tekjur fyrir þennan sjóð. Atvinnuleysisstyrkir geta ekki gefið einstaklingunum þá lífsgleði og heilbrigði, sem vinnan gerir. Þess vegna þurfa allir að hafa vinnu, sem vinnufærir eru. Fólkið í landinu greiðir gjöldin til atvinnuleysistryggingasjóðsins í gegnum vörukaup og útsvör. Útgerðarmenn, fiskvinnslustöðvar og aðrir atvinnurekendur greiða sinn hluta. Gjald þetta hefur ekki mátt taka lögtaki hjá skipum. Það líkaði jafnaðarmönnum illa og laumuðu því ákvæði í lögin, svo að nú má selja bátana, ef gjaldið er ekki greitt. Jafnhliða því, sem fé er mokað í þennan sjóð, er lagt hátt útflutningsgjald á útfluttan fisk. Væri það fært niður, gæti fiskverðið hækkað um 20 aura pr. kg. Vitanlega væri hægt að fella útflutningsgjöldin niður og ná peningunum á annan hátt, ef þeirra er þörf, enda gera fáar þjóðir það að skattleggja útflutningsvörur sínar. Útgerðarmennirnir heimta hærra verð fyrir fiskinn. Þeir hafa fengið fleiri og fleiri krónur, en jafnframt minni krónur, þannig að hagur þeirra hefur ekki batnað. Þetta er vafasamt stjórnarfar.

Ég gat þess, að ástæðan fyrir hækkun fjárl. væru ráðstafanir þær í efnahagsmálum, sem gerðar voru í byrjun þessa árs. Það er því ekki úr vegi að athuga tilgang þeirra og áhrif. Gengið var fellt frá því, sem það raunverulega var, til þess að koma rekstri atvinnuveganna á traustan og heilbrigðan grundvöll, og var talið, að gengislækkunin væri miðuð við þarfir vélbátaflotans. Á landssambandsfundum ísl. útgerðarmanna um daginn var talað um þetta, og útgerðarmenn voru að tala um, að þeir þyrftu að fá meira fyrir fiskinn. Þetta er víst venja. En þeir báru sig nú óvenjulega illa. Formaður landssambandsins sagði, að það mundi ekki vera hægt að fá ríkisstj. til þess að leggja fé fram til að hækka fiskverðið. Það var talað um að fá ríkisstj. til þess að greiða tryggingargjöldin, og ég vil taka það fram hér, að nefnd sú, sem talaði við ríkisstj., lýsti því yfir, að hún hefði fengið þvert nei viðvíkjandi því. Hins vegar var fundin lausn á því máli, eins og þið vitið allir. Og þeir peningar eru ekki teknir frá ríkinu, það er misskilningur. Þetta eru peningar, sem útgerðarmenn áttu raunverulega, sem búið var að taka af þeim í gegnum fiskverðið. Þeir áttu þessa peninga. Það, sem gert var, var aðeins, að ríkisstj. féllst fyrir sitt leyti á, að þetta fé gengi til þess að greiða tryggingar skipanna, enda samkomulag hjá útgerðarmönnum að láta 2½% gjaldið gilda til áramóta og nota það svo til að greiða tryggingarnar af bátunum. En formaður landssambandsins gat þess, að eina ráðið til þess að útvega útvegsmönnum betri kjör, það væri að fella krónuna meira. Ég var satt að segja hálfhissa, því að öll þessi ár, síðan ríkisstj. fór að hafa einhver afskipti af verði fisksins, þá er alltaf verið að fella gengið. Útgerðarmennirnir hafa fengið fleiri og fleiri krónur fyrir fiskinn, en jafnframt minni krónur, og ekkert batnar hagur útgerðarinnar. Ég hélt því, að menn væru búnir að fá nóg af þessu. En á landssambandsfundinum kom þetta fram hjá formanninum, að hann áleit, að það væri til bóta fyrir útgerðarmennina að fella gengið meira. Ég vildi því aðeins sýna fram á það í örfáum orðum, hve mikil fjarstæða þetta er.

Landssambandið — eða stjórn þess — gerir áætlun um rekstur vélbáta fyrir hvert ár. Þetta er lagt fyrir fund. Ég fékk þessar áætlanir. Þær eru í tvennu lagi, bæði fyrir línubát og eins fyrir bát, sem gerir bæði út á net og línu. Það er áætlað, að bátur, sem gerir út á net og línu, hafi í tekjur yfir vetrarvertíð, þ. e. frá áramótum og fram í maí, 1453 þús. kr. Er þá miðað við meðalafla, eins og hann var s. l. ár. Ef við athugum svo þá liði, sem eru háðir genginu, þá eru þeir beita, sem er áætluð að fenginni reynslu 59 þús., olía 67 þús., veiðarfæri 445 þús., viðhald skips 92 þús., tryggingar skips 95 þús., fyrningar 179 þús., — því að þær breytast vitanlega við breytt verðlag skipanna, ef endurnýja þarf skipin, þá eru þau orðin dýrari, — og akstur 7 þús. Samtals eru þeir liðir, sem hafa áhrif á gengið eða réttara sagt fylgja genginu, 944 þús. af 1453 þús. kr. tekjum. Og svo kemur nú kaupið. Fyrrv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, var þarna staddur, og hann komst svo að orði, að hann væri á móti gengisfellingu, því að það væri ekki nema til þess að stela kaupi af mönnum. Ég var honum algerlega sammála. Ég sá það einnig í Þjóðviljanum um daginn, að hann var að tala um, að gengið hefði verið fellt of mikið. En mér datt bara í hug, að þegar ég flutti tillögu um að fella gengið minna, þá greiddi þessi hv. þm. og fyrrv. ráðherra atkvæði á móti því, og þá var tekið 27% meira af hverjum einasta launamanni í landinu en ástæða var til. Sem sagt, hann greiddi atkvæði á móti því að taka ekki 27% af hverjum einasta launamanni í landinu. En ég var honum alveg sammála um, að fyrst og fremst er gengislækkun til að snuða launþega og sparifjáreigendur, fyrir utan alla þá spillingu og brask, sem gengislækkun hefur í för með sér.

En nú er komið annað í dagsins ljós. Ég skal játa það, að á vertíðinni í fyrra græddum við ofur lítið á gengislækkuninni, af því að þá fengu sjómennirnir jafnmargar krónur og minni krónur, en krónufjölgunin kom í hlut útgerðarinnar, þannig að útgerðarmennirnir græddu dálítið. Sjómennirnir gera skilyrðislaust þá kröfu nú að fá prósentur af brúttóafla. Vegna gengisbreytingarinnar gera þeir þá kröfu. Það er sennilega ómögulegt að komast hjá kauphækkun. Nú reikna ég með að við komumst ekki af með að borga sjómönnunum minna en 30%, og er þá reiknað með orlof og hlutur yfirmanna.

Og 30% af 1453 þús. er 445 þús. Þegar við leggjum saman þessar 445 þús. og 944 þús., sem alveg fylgja genginu, þá eru eftir 60 þús., sem útgerðarmaðurinn getur grætt á því að fá fleiri krónur. Ef um 20% gengislækkun væri að ræða, gæti hann grætt á því 12 þús. og tilsvarandi, ef um annað væri að ræða. Þarna sjáið þið, hve mikil blekking það er að halda, að útgerðin græði á gengislækkun. Þessu fylgja svo öll þau óþægindi, sem skapast af aukinni verðbólgu, aukinni fyrirhöfn við að útvega rekstrarfé.

En sagan er ekki öll sögð, því að síld var veidd í sumar. Ég reiknaði út, hvað meðalbátur hefði fengið í afla, og það var um 390 þús. kr. brúttó, þá er átt við meðaltalið. Af því er hlutur skipverja um 60% eða 234 þús. Hlutur skips er 156 þús. Nú þarf að kaupa nót fyrir ½ millj., og vextir af því, miðað við þá vexti, sem nú eru, eru um 60 þús. yfir árið, og afskrift af nót mundi vera hæfileg um 100 þús. Þetta eru 156 þús., þannig að hlutur skipsins fer allur upp í kostnað við vexti og afskrift af nót. Þá eru þeir liðir eftir, sem hækka vegna lækkandi gengis, og það er viðhald skips, sem ég reikna á 50 þús. — viðgerðir og annað slíkt, tryggingar af nót og bát og skipi að þeim hluta, sem kemur af síldarútveginum, ég reikna þetta á 70 þús., og olía á 40 þús. Þetta er um 160 þús. Sú upphæð, sem tapast vegna gengislækkunarinnar, er um 160 þús. á síldarútgerð, en við græðum 60 þús. á vertíðinni, þannig að fyrir útgerðarmann í ár mundi þetta þýða, að hann tapaði sem svaraði 100 þús. kr. á gengisfellingu, m. ö. o. ef það væri fellt um 50%, þá mundi hann verða að borga 50 þús. kr. meira vegna gengislækkunarinnar. Ég bý ekki þessar tölur til, þetta er staðreynd, þetta er gert eftir áætlun landssambandsins um fiskinn, en hitt reiknaði ég út sjálfur. Ég skal taka það fram, að þetta er bátur, sem bæði veiðir með línu og net, og veiðarfærakostnaðurinn er meiri við hann.

Þess vegna verðum við að gera okkur ljóst, að það er gersamlega ómögulegt að bæta hag útgerðarinnar og í raun og veru íslenzka þjóðarbúsins nema með því að reka útgerðina á hagkvæmari hátt. Það er ekkert nema fíflaskapur að ætla alltaf að heimta fleiri og fleiri krónur. Við verðum að hafa skip, sem henta til veiðanna, við verðum að reyna að komast af með minni kostnað í veiðarfæri, við verðum að reyna að gera afurðirnar sem beztar, þannig að það sé hægt að selja þær fyrir sem hæst verð, og við verðum að reyna að afla þeim sem beztra markaða. Þetta er undirstaðan undir allri okkar velmegun í framtíðinni og undirstaðan undir því að mestu leyti, hvort við eigum að vera sjálfstæð þjóð fjárhagslega eða ekki. Ég skal játa það, að þeir græddu á gengislækkuninni, sem mest öfluðu á síldinni. En þeir, sem minna öfluðu, töpuðu líka enn meira. Viðvíkjandi togurunum ætla ég líka að benda á það, að þeim mun minna sem þeir afla, þeim mun meira skaðast þeir á gengislækkun, vegna þess að þeir verða að kaupa jafnvel meira en bátarnir af hlutum, sem háðir eru genginu. Þegar ástandið er eins og nú, að togararnir afla lítið, þá skaðast þeir á gengislækkuninni. En ef þeir afla mjög mikið, sem sagt ef þeir græða, þá græða þeir auðvitað fleiri krónur, en um leið minni krónur. Allar kenningar um, að það sé hægt að leysa eitthvert vandamál útvegsins með gengislækkun, eru því ekkert nema helber vitleysa. Hins vegar er ekki hægt að ásaka þessa stjórn eingöngu fyrir það, vegna þess að þetta hefur verið gert áður. Það hefur verið látið undan og jafnvel sumir fúsir að láta undan. Það var meira að segja í tíð hinnar ágætu vinstri stjórnar, að alltaf var látið undan. Útgerðarmennirnir heimtuðu fleiri og fleiri krónur, og það var gengið að þeirra kröfum, — það kom allt fram sem gengislækkun. Þá voru hækkaðar tekjur útflutningssjóðs, hækkað yfirfærslugjaldið, sem þýddi ekkert annað en gengislækkun. Og árangurinn er, að ástandið hefur aldrei verið verra. Ég hitti útgerðarmann úr Vestmannaeyjum um daginn hérna á götunni. Hann sagði mér, að það sæist varla króna í Vestmannaeyjum. Ég fór að inna hann eftir því, hvernig á þessu stæði. Jú, það kemur í ljós, að þeir höfðu ekki fengið eitt einasta net í fyrra fyrr en eftir gengislækkun. Vestmanneyingar eru stórreiðir yfir þessu. Hér fengu þeir netin að mestu leyti áður en gengið breyttist, í Vestmannaeyjum alls ekki. Það eyðast mikil veiðarfæri í Vestmannaeyjum. Útkoman er þessi, að gengislækkunin og hin mikla verðhækkun á netunum verður til að skaða þá.

En þetta eru ekki einu ráðstafanirnar, sem eru til erfiðleika fyrir íslenzkt atvinnulíf. Vextirnir eru eftir. Að meðaltali voru vextir hækkaðir um 4%, og vaxtahækkunin var tiltölulega meiri á afurðalánin en á almenn lán, þannig að afurðalán hækkuðu úr 5% eða 5½% upp í 9 og 9½, en víxlar úr 7½ í 11½, eftir því, hvort þeir voru framlengdir eða ekki. Þetta er stærri liður fyrir atvinnulífið í landinu en menn gera sér í fljótu bragði ljóst. Fyrir verzlanir, sem þurfa að liggja með vörubirgðir, þýðir þetta 50—80% hækkun á öllum vinnulaunum. Fyrir fiskvinnslustöðvarnar þýðir þetta 10—15% hækkun á vinnulaunum, og meira ef húsin eru að miklu leyti í skuld. Fyrir bónda, sem kaupir vörur sínar að mestu leyti snemma á vorin, þýðir þetta 5—6 þús. kr. útgjöld, bara á hans rekstrarvörum, og ef hann er í miklum lausaskuldum, þá er það auðvitað miklu meira.

Útgerðarmaður á skip, við skulum reikna með gömlu skipi, og skuldar milljón í lausaskuldum. Vaxtagreiðslur hans hækka um 40 þús. Útgerðarmaður kaupir nýjan bát, sem kostar 6 millj. Við skulum segja að hann fái ⅔ úr fiskveiðisjóði. Þá þýðir þetta með verðhækkunum, með því, sem skipið hækkaði vegna gengisbreytingarinnar, og vátryggingarhækkun um 300 þús. kr. útgjöld.

Og svo skulum við athuga, hvort þetta muni vera hyggilegt fyrir þjóðarbúið. Þetta leggst svo að segja allt á atvinnulífið í landinu. En hverjir græða? Það eru nú mörg hundruð millj. í sjóðum hér. Það eru þeir, sem græða,

og það er fyrst og fremst þeirra sparifé, sem vex nú, ef um aukningu er að ræða. Seðlabankinn græðir. Það er raunar mjög ýkt, hve mikið hann græðir, því að hann græðir í raun og veru ekki nema á seðlaveltunni, vegna þess að hann greiðir hærri innlánsvexti en hann gerði áður, þannig að þar er varla um meira en tæplega 20 millj. kr. að ræða yfir árið. Svo græða vitanlega sparifjáreigendur. En það er bara takmarkað fé, sem hinar starfandi hendur eiga í landinu. Það eru fáeinir menn, sem eiga mikla peninga, en þeir, sem taka þátt í atvinnulífinu og framkvæmdunum, eiga ekki peninga, annaðhvort litla eða enga. Þannig eru það þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem meira starfa, þeir, sem þrýsta blóðinu út í þjóðarlíkamann, með því að auka framleiðsluna, það eru aðallega þeir, sem greiða þetta, en hinir dauðu aðilar, sem græða, eða þeir, sem minna hafast að, að ógleymdum okrurunum, því að þetta eru góðir tímar fyrir þá. Þetta verðum við að gera okkur ljóst.

Sjútvmrh. lofaði í byrjun þessa árs, að útgerðin skyldi búa við sömu kjör og hún hefði gert undanfarið. Ég efast ekkert um, að ríkisstj. ætlaði að efna þetta loforð. En mér var strax ljóst, þegar sjútvmrh. lofaði þessu, að þá gat hann ekki leyst verðbólguna. Í framkvæmdinni varð þetta þannig, að það var reiknað út, hvað þeir áttu að fá, útgerðarmennirnir, fyrir fiskinn, en það var bara ekki tekið tillit til áhrifa vaxtanna, — og þegar til framkvæmdanna kom, þá eðlilega neita frystihúsin að greiða eins og ætlazt var til að þau gerðu, þannig að útkoman er sú, að útgerðarmennirnir fá í kringum 20 aurum lægra verð en upphaflega var reiknað með að þeir þyrftu að fá, til þess að þeir hefðu sömu kjör og áður. Það er eðlilegt, að þeir séu ekki ánægðir í Vestmannaeyjum og útkoman sé slæm hjá þeim. Þeir þurftu að kaupa netin, eftir að gengið breyttist, og vaxtahækkunin hefur verkað þannig, að þeir fá um 30 aurum minna fyrir hvert kg af fiski en þeir hefðu annars fengið.

Ég efast ekki um, að ríkisstj. ætlaði sér að standa við loforðin, en það bara var ekki gert.

Nú biðja útgerðarmennirnir um hærra verð fyrir fiskinn. Ég sé ekki, að það sé nokkur vegur að leysa þann vanda öðruvísi en lækka vextina. En með vaxtalækkun það verulegri, að vextir verði svipaðir og þeir voru, geta þeir fengið kjarabætur, sem svara til 30 aurum á hvert fiskkíló. Það var rætt töluvert um þetta á landssambandsfundinum, og ég hélt því fram, að við ættum ekki að gera aðrar eða meiri kröfur en það, vegna þess að ef væri farið að heimta framlög, hvort sem væru myndaðir sjóðir til þess að greiða framlög eða ekki, þá endurnýjaði það bara verðlækkun krónunnar og nýja verðbólgu.

Það er ekki úr vegi að líta yfir þá mánuði, sem liðnir eru, frá því að þessar efnahagsráðstafanir voru gerðar, og athuga í stórum dráttum árangurinn. Ég hef aðeins reynt þetta. Ef við tökum útflutning og innflutning, þá er það þannig miðað við sama tíma í fyrra, að þá var greiðslujöfnuður á út- og innflutningi óhagstæður um 300 millj., en er nú óhagstæður um 422 millj. Nú er krónan minni, okkur ber að gæta þess, en svo kemur annað til greina, og það er, að það voru miklar birgðir síldarafurða á áramótum og þær hafa verið fluttar út. Það er búið að flytja út meginið af síld og lýsi eða mikið af því. Peningar fyrir það eru sennilega ekki nema að nokkru leyti komnir inn, en samt sem áður gefur þetta dálítið villandi hugmynd. Greiðslujöfnuðurinn var óhagstæðari en venjulega í fyrra, en það lá að mestu leyti í því, að birgðir höfðu aukizt. Skipainnflutningur hefur verið talsverður í þessari upphæð, yfir 300 millj., en enn á eftir að koma skipainnflutningur á hagskýrslur fyrir allan síðari hluta ársins. Ég get ekki fullyrt, hvað hann verður mikill, en það er alveg gefið mál, að vegna skipainnflutningsins verður greiðslujöfnuður mjög óhagstæður í desember. Það er ekki ólíklegt, að innflutningur skipa á árinu verði 500 millj. kr. Þó get ég ekki fullyrt um það. Nú er ekki nema gott eitt um þetta að segja, ef það væri brýn þörf fyrir öll þessi skip, en það er það bara ekki. Ef við lítum yfir tímabilið, frá því að vinstri stjórnin sagði af sér, þá horfir það þannig við, að þá var greiðslujöfnuður hagstæður um 49 millj. kr., og þá voru fastar skuldir ríkis, einstaklinga og stofnana 726 millj. Það eru tvö ár liðin síðan. Ég get ekki fullyrt, hvernig það stendur nú, en eftir því sem ég kemst næst, þá voru fastar skuldir á s. l. áramótum 934 millj. Það er ekki hægt að fullyrða, hve mikið skuldir hafa vaxið á þessu ári, en það mun láta nærri, að af þeim lánum, sem tekin voru í fyrravetur, sé búið að eyða um ⅔ hlutum, og svo hafa safnazt miklar skuldir fyrir skip, sem keypt hafa verið á árinu. Það er lánað sennilega 60% af verði báta og um 80—90% af verði togara. Það skiptir ábyggilega hundruðum milljóna. Það er því hætt við, að á þessum tveimur árum hafi skuldirnar aukizt um 70%. Ég hygg, að það viti eiginlega enginn nákvæmlega, hverjar skuldirnar eru, vegna þess að það hafa verið tekin vörulán, eftir því sem hægt hefur verið, ytra, vegna hinna háu vaxta hér innanlands, og peningaþenslan hefur því orðið á þann hátt, að það hafa myndazt erlendar skuldir bæði fyrir skip og vörur, í stað þess að mjög takmarkað var að því gert áður.

Jónas Haralz kom á landssambandsfundinn til okkar og sagði þar, að á næstu árum og á þessu ári, skildist mér, þá færu 20% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar í greiðslu vaxta og afborgana af skuldum. En í aths. eða í grg., sem fylgdi efnahagsmálafrv. í fyrravetur, er gert ráð fyrir, að hæst geti það komizt í 15.8% af útflutningnum og af heildargjaldeyristekjunum í 11.4%. En nú kemur Jónas Haralz og segir, að það þurfi 20% af heildarútflutningi þjóðarinnar, í staðinn fyrir að í efnahagsmálafrv. er gert ráð fyrir, að það þurfi í mesta lagi 15.8%. Þannig er auðséð, að þetta hefur stórversnað. Það fer náttúrlega eftir því, hvað á að borga mikið af skuldunum á hverju ári, hversu mikið þarf, en auðséð er á þessu, að hagurinn út á við hefur stórversnað. En í grg. fyrir þessu efnahagsmálafrv. var þetta talin

óhæfa. Þegar vinstri stjórnin sagði af sér, var þetta ekki meira en í mesta lagi 10—12%, sem hámarkið átti að verða. Á þessum tveimur árum, því að skuldir uxu um nærri 200 millj. árið 1959, hafa ástæður þjóðarinnar versnað þannig, að það hefur farið úr 10—12% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar, sem þurfti, þegar vinstri stjórnin sagði af sér, en nú þarf um 20%, eftir því sem Jónas Haralz segir sjálfur, og ég hygg, að þetta muni láta nærri, þannig að ég sé ekki, að við séum á uppleið. Þegar þurfti um 10—11% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar til að standa undir vöxtum og afborgunum, þá sagði hagfræðingurinn, að við værum að fara fram af brúninni. En hvert erum við komnir nú? Erum við ekki komnir fram af henni?

Menn eru misjafnlega góðir fjárhirðar. Sumir eyða litlu heyi og hafa hjörðina í góðu lagi. Aðrir eyða miklu heyi, og hjörðin þrífst illa hjá þeim. Það fyrsta, sem hygginn bóndi gerir, ef hann er heytæpur og þarf að spara heyið, er að líta eftir öllu vel sjálfur. Ég álít, að það, sem ríkisstj. hefði átt að gera, því að náttúrlega var sjálfstæðismönnum það ljóst, eftir því sem þeir sögðu sjálfir, að við værum komnir nálægt brúninni, þegar vinstri stjórnin segir af sér, þá áttu forráðamenn þessara flokka að setja sig rækilega inn í málin og athuga, hvað bæri að gera, áður en ráðizt væri í nokkurn hlut. Menn eru misjafnlega slysnir. En af hverju kemur slysnin? Hún kemur af því, að menn athuga ekki nógu vel, hvað þeir ætla að fara að gera. Þeir athuga ekki, hvar þeir stíga og hvað þeir gera. Menn eru fyrst og fremst slysnir af því. Það, sem forráðamenn þessara flokka áttu að gera, var að athuga í byrjun, hvað þurfti að gera. En í stað þess er ráðizt í að kaupa fleiri tugi af skipum. Það eru tvennar kosningar þetta ár. Það var tilkynnt, að verðbólgan væri stöðvuð, og fólkið trúði því. Það þurfti að koma sér vel við kjósendurna, og það þurfti að skapa eldmóð. Þá er mönnum gefið leyfi til að kaupa og bankarnir ábyrgjast greiðslu á tugum af skipum án tillits til þess, hvort við þyrftum þeirra með eða ekki. Þetta er í raun og veru verðbólgustefna. Þetta miðar að því að auka atvinnulífið í landinu og festa fé. Það er ekki nema gott um þetta að vissu leyti að segja, en þetta þarf bara að vera í hófi. En svo líður árið, og þá er tekin upp alveg þveröfug stefna. Þá er tekin upp kyrrstöðustefna, þá er farið í aðra átt, og þá eru gerðar ráðstafanir, sem gera þeim mönnum, sem hafa ráðizt í þessi skipakaup, ómögulegt að reka skipin. Slysin verða nefnilega af því, að hlutirnir eru ekki athugaðir fyrir fram, og margt af þessum mönnum getur áreiðanlega ekki borgað skipin, því að það er gersamlega ómögulegt að reka þau, það veit hver einasti maður. Það er hægt fyrir menn, sem eru ríkir, þeir geta náttúrlega látið eitthvað af eignum sínum í þau og baslað áfram án þess að fara á hausinn, en menn, sem eiga ekki fjármagn, geta ekki rekið þau. Fyrst er mönnunum leyft að flytja inn skipin, og það er stefnan að auka atvinnulífið og það er verðbólgustefna, en svo eru gerðar ráðstafanir til þess, að þeir geti ekki rekið skipin á heilbrigðan hátt. Þetta er að athuga ekki hlutina nógu vel, áður en lagt er upp í ferðalagið. Þetta getur verið dýrt og er of dýrt fyrir litla þjóð. Það má vel vera, að vinstri stjórninni hafi mistekizt um ýmislegt og þeim stjórnum, sem á undan henni voru, en það var yfirleitt athugað, þegar farið var að kaupa skip, að það væri hægt að borga þau.

Það er sagt um Ameríkumenn, að þeir séu fljótir að byggja, en þeir séu lengi að athuga, hvernig þeir eigi að byggja. Það tekur miklu lengri tíma að teikna húsið og gera allar áætlanir viðvíkjandi því heldur en að byggja það. En þetta veldur því, að húsið getur gert sitt gagn og er ef til vill gallalítið, þegar búið er að byggja það.

Annað slys, sem vill til, er í afurðasölunni. Það hefur verið mikið fjasað um það, hve síldarafurðir hefðu fallið. En hvað gerist? Árið 1959 áttu þeir, sem áttu síldarmjöl, kost á að selja fyrir 17 kr. prótein-einingu. Þetta er upplýst. En það er ekki gripið tækifærið. Og svo er beðið með mikið af þessum síldarafurðum, þangað til þær kolfalla, bæði lýsi og síldarmjöl, og svo er loks selt fyrir 11 kr. prótein-einingin. Sumir hafa sagt mér, að þetta væri af því, að þeir hefðu ekki fengið nógu fljótt afgreitt leyfi til að selja síldarmjölið. Ég efast nú um, að það sé, — ég skal ekki segja um það, ef ríkt hefði verið gengið eftir því, — en ef svo er, þá er þarna einhver klaufaskapur á ferðinni. En svo kemur árið 1960. Þá skyldi maður nú ætla, að ekki væri gerð vitleysa. Jú, jú, þá fer síldarmjölið að hækka, en þá flýta Íslendingar sér að selja, áður en það hækkar. T. d. hækkaði lýsið úr 49 sterlingspundum tonnið í £ 62 eða eitthvað svoleiðis. Sumir seldu fyrir í kringum £ 50, og aðrir komust upp í £ 56, en það er varla nokkur, sem hefur komizt í hámarkið. Ég er ekki að kenna einstökum mönnum um þetta og alls ekki ríkisstj., en ég segi: Þetta er of dýrt fyrir okkur. Það er miklu nær að hafa í sendiráðum okkar úti í löndum slynga verzlunarmenn heldur en að hafa þar einhverja menn, sem gera ekki neitt. Og það borgar sig ekkert betur fyrir okkur en að hafa slynga verzlunarmenn, launa þá vel. Þeir þurfa að hafa beint samband við framleiðendur hér á landi, svo að svona vitleysur komi ekki fyrir. Norðmenn gripu tækifærið, þegar stóð á því, að Íslendingar seldu, og fylltu í skarðið og ef til vill fleiri aðilar. Þegar Íslendingar ætluðu að selja, þá var búið að fylla markaðinn. Þeir hafa haft menn, sem voru betur vakandi. Frumskilyrði fyrir þjóð, sem hefur jafnmikla utanríkisverzlun og við, er að hafa slynga verzlunarmenn, og við erum ekkert of góðir til að borga þeim sæmilega. Það þarf bara að velja þá vel, og þeir þurfa að vera vakandi. Það er svo mikið undir þessum mönnum komið. Ég bendi ekki á þetta til að ásaka neinn, heldur af því, að við höfum ekki efni á þessu. Norðmenn gátu borgað síldina sína þrefalt hærra í sumar en við og vafalaust að einhverju leyti vegna þess arna.

Ef við lítum nú yfir þetta allt, þá sé ég ekki, að árangurinn sé mikill af þessum miklu ráð-

stöfunum, sem gerðar voru hér í fyrra. Þær hafa gert mörgum mönnum erfitt fyrir. Þetta er reiknað út hér allt saman, e. t. v. af hagfræðingum og að einhverju leyti af öðrum, ég skal ekkert fullyrða um það, en þetta er allt saman reiknað út. Útgerðarmennirnir úti á landi ráða engu um þetta, bændur í sveitum ráða engu um þetta, en þetta hefur þau áhrif á alla þeirra lífsafkomu, að það gerbreytir henni, og það er anzi hart fyrir mistök, vitlausa útreikninga og ástæðulausar athafnir að skapa þeim mönnum, sem standa í hörðustu lífsbaráttunni í þjóðfélaginu, erfiðleika, sem þeim er illmögulegt að ráða við. Ég veit, að það er ekki gert af illvilja, en það er bara hörmulegt, að það skuli koma fyrir.

Ég hitti kaupfélagsstjóra í gærkvöld frá einu allra efnasterkasta félagi á landinu, og hann sagði mér, að bændur hefðu aldrei átt eins erfitt og nú síðan 1935 á sínu verzlunarsvæði. Og hvað hefur skeð? Þetta er eitthvert allra bezta ár, sem hefur komið. Það hlýtur einhver klaufaskapur að vera í hirðingunni á hjörðinni.

Árangurinn af þessum ráðstöfunum, — ég sé ekki, að hann sé neinn, ekki nokkur einasti. Það aukast skuldirnar. Það er eitthvað að. Og það er m. a. þetta, að þegar ríkisstj. segir fólkinu að spara, þá er búið að gera ráðstafanir til að fjárfesta tugi og hundruð milljóna fyrir hluti, sem eru ekki nauðsynlegir fyrir okkur, og á ég þar við skipin. Og það er búið að gera yfirsjónir í utanríkisviðskiptum. Það er tvennt, sem gert var, sem var óframkvæmanlegt. Það var að lækka gengið svona mikið án þess að auka peningaveltuna í landinu að sama skapi. Það átti að halda útlánastarfseminni hér um bil óbreyttri, en verðfella krónuna jafnmikið og gert var. Þetta var hlutur, sem ekki var hægt að gera. Þetta skapaði mikla lánsfjárkreppu og erfiðleika fyrir atvinnurekendur og öll fyrirtæki í landinu, og það er búið að leika hvert einasta fyrirtæki hörmulega í landinu í mörg undanfarin ár vegna sífelldrar verðþenslu, því að það þarf alltaf meira og meira rekstrarfé, og það er ekki til staðar.

Annað, sem ríkisstj. gerir, er að hækka vextina svona mikið. Ég sé ekki, að árangurinn sé nokkur, bara hreint enginn, nema ef Seðlabankinn hefur grætt fáeinar milljónir, sem hann tapar auðvitað öllum aftur. En því var verið að gera þetta? Og þetta veldur því, að það er ekki hægt að reka svo að segja nokkurn heilbrigðan atvinnurekstur í þessu landi án tekjuhalla.

Það, sem ég álít að eigi að gera nú, það er að draga úr verðbólgunni, hækka gengið um ca. 20%. Það ætti enn fremur að létta af sköttum. Þá þyrfti ekki fjölskyldubætur með tveimur fyrstu börnum. Það mætti draga úr atvinnuleysistryggingum. Ef útgjöld lækkuðu hjá ríkinu, þá væri hægt að lækka söluskattinn. Þetta mundi valda verðlækkun á vörum, sem svaraði 30—40%, og sú verðlækkun mundi hindra það, að menn færu í verkfall.

Það, sem þarf enn fremur að gera, er að lækka vextina, því að það er ógerlegt að reka heilbrigt atvinnulíf með þeim vöxtum, sem nú eru. Ef ríkisstj. lækkar vexti, en gerir ekkert annað, þá koma kaupkröfur. Og hvað gerir ríkisstj. þá? Þá fer hún að taka þær gjafir aftur, sem hún er búin að gefa fólkinu nú. Hún dregur úr fjölskyldubótum og öðrum framlögum til félagsmála, og hún lækkar niðurgreiðslurnar. Hún getur í raun og veru ekkert annað gert. Þetta er leikaraskapur, sem hefur verið að gerast hjá okkur. Það er um það að velja, hvort við eigum að vera með svona leikaraskap eða hvort við eigum að halda verðbólgunni niðri, hafa gengið stöðugt og ganga ekki eins langt og við erum búnir að við að þynna út verðgildi íslenzkrar krónu.

Þriðja leiðin er til fyrir ríkisstj., og það er að gera hreint ekki neitt. En þá verður hún til í þeirri gjá, sem hún stendur í nú, í staðinn fyrir að hún þarf að hafa sig upp úr gjánni með skynsamlegum ráðstöfunum. Ef hún gerir ekki neitt, þá verður hún til í þessari gjá, ef hún ekki einu sinni lækkar vextina, af því að það er ekki von, að fólkið í landinu þoli það, að fáeinir menn reikni út einhverja vitleysu til að gera lífsafkomu óbærilega, til þess að gera ráðstafanir, sem er ekki brýn þörf á að gera.

Að lokum vildi ég svo segja þetta: Ég veit, að það hafa margir erfiðleikar orðið á vegi þessarar ríkisstj. og m. a. aflabrestur togaranna. En það má bara alltaf búast við þessu. Það eru margir sekir, en enginn hefur haft hærra um það en vinur minn, 3. þm. Reykv. (EOl), að það þyrfti að kaupa togara. Það var alltaf allra meina bót að kaupa togara, og vinstri stjórnin byrjaði á því að auglýsa, að hún ætlaði að kaupa 15 stóra togara. Sem betur fer fórst það fyrir, og hygg ég, að það sé okkar ágæta flokksforingja, 1. þm. Austf. (EystJ), að þakka að nokkru leyti, því að honum var aldrei um að taka lán hjá Rússum. En hvað sem um það er, þá er það engin lausn að kaupa togara, ef ómögulegt er að reka togarann, þannig að hann beri sig. Og það er satt að segja ekki hægt að lá þessari ríkisstj. ákaflega mikið, þó að hún keypti 4 togara eftir allt þetta togaramas, sem hefur verið hér. Mér er það fyrir löngu ljóst, að bátarnir eru miklu hentugri atvinnutæki hjá okkur en togararnir, og ef við eigum að vera efnalega sjálfstæð þjóð, þá verðum við að athuga það, að skapa þessum bátum þau skilyrði, að það sé hægt að reka þá á heilbrigðum grundvelli.

Og að lokum, — ég er ekki að tala í landhelgismálinu, en ég vildi bara segja það, að með því að færa inn landhelgina, þá er hætt þessum eina þætti í okkar atvinnulífi, sem við getum treyst á, þannig að við getum verið efnalega sjálfstæð þjóð í framtíðinni. Ef möguleikar fyrir þann lið atvinnulífsins eru skertir, þá er ég hræddur um, að við verðum ekki efnalega sjálfstæðir í framtíðinni. En það er í raun og veru það eina sjálfstæði, sem lítil, varnarlaus smáþjóð getur treyst á.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér hér ásamt hv. 3. þm. Vesturl. að flytja nokkrar brtt. við fjárl., og það gerðum við

ekki fyrr en fullsannað þótti, að hv. meiri hl. fjvn. treysti sér ekki til að mæla með þessum till. Fyrst þótti rétt að reyna til þrautar, hvort ekki væri möguleiki á að koma þessum málum fyrir, án þess að þyrfti sérstaklega að flytja um það brtt. við þessa fjárlagaafgreiðslu.

Þá er það till. á þskj. 225, þ. e. IV. till., Ólafsvíkurhöfn. Í Ólafsvík hefur farið fram í sumar sem leið og í haust allmikil og kostnaðarsöm viðgerð á höfninni þar, og það hefur þurft m. a. að grafa og sprengja til þess að fá stærra og betra athafnasvæði fyrir bátana, en þeir munu vera á vertíð þar nálægt tuttugu. En afli þar er mikill og aflasæl fiskimið skammt undan landi. Fólkið þarna er mjög duglegt og athafnasamt. Það er því eitt af fyrstu skilyrðum þess, að hinar miklu gjaldeyristekjur þjóðarinnar, sem þarna berast að landi í miklum afla, fái skjóta og góða fyrirgreiðslu. Það vita þeir bezt, sem sjóinn hafa stundað. En fjárhagur hafnarinnar er ekki góður, því að til þess að gera hinar miklu umbætur nú hefur orðið að taka fé að láni, bæði það fjármagn, sem á að fara til annarra mannvirkja á þessum stað, og einnig það fjármagn, sem hefur verið hugsað að greiða með fjárframlögum þess opinbera nú á næsta ári og jafnvel í framtíðinni. Það er því mjög þýðingarmikið, að hægt sé nú að halda hindrunarlaust áfram þeirri endurbót, sem nú er hafin á Ólafsvíkurhöfn, og ég vænti þess, að Alþingi sjái sér fært að bæta úr í þeim efnum umfram það, sem hv. meiri hl. fjvn. hefur treyst sér til að mæla með. Ég treysti því, að hv. alþm. samþykki þessa till., sem við höfum borið hér fram á þskj. 225 undir lið IV, því að þarna er um mjög aðkallandi mál að ræða.

Þá er það önnur till. á sama þskj., undir II. lið, það er Akraneshöfn. Till. okkar er sú, að tillagið á fjárl. verði hækkað um 200 þús. kr., þannig að fjárveitingin verði hin sama og var veitt fyrir yfirstandandi ár. Ég fæ ekki betur séð en þörfin sé engu minni fyrir Akraneshöfn nú en hún var einmitt á þessu ári, því að það er kunnara en frá þurfi að segja og hefur komið mjög greinilega fram í umr. um fjárl., að allt verðlag í landinu hefur farið stórhækkandi. Og þegar að öðru leyti er litið á Akranesbæ og það ástand, sem hefur þar skapazt, þá fæ ég ekki séð, að þörfin sé minni fyrir fjárveitingu til þessara mannvirkja að ári en hún er nú í ár.

Þá er það í þriðja lagi till. á þskj. 225, undir II. lið, 1. liður, brúargerðir, Haukadalsá. Í s. l. 15 ár hefur alltaf fengizt fjárveiting í eina eða tvær brýr á fjárl. fyrir Dalasýslu. En svo undarlega hefur við brugðið við þá fjárlagasamþykkt, sem fram fór á s. l. vetri, að þar fékkst engin fjárveiting til brúargerðar, og hið sama vofir yfir nú, að því er meiri hl. hv. fjvn. hefur látið frá sér fara. Og þetta á sér stað á þeim tímum, sem viðreisn átti að hefjast í landi voru, mikil og góð viðreisn undir forustu þeirra manna, sem lofuðu óbreyttu verðlagi og óbreyttu ástandi, og undir forustu þeirra manna, sem lofuðu, að þeir skyldu leiða þjóðina til bættra lífskjara, þ. e. sjálfstæðismennirnir. En þessi nýja viðreisnarstefna svonefnda hefur í sannleika sagt kollkeyrt efnahag ríkisins svo mikið, að ráðandi menn í fjármálum þjóðarinnar sjá sér ekki fært að skyggnast það langt, að þeir sjái neitt inn til dala. Þeir skyggnast aðeins með ströndinni, þeir þurfa hvorki langt né gott útsýni. En því hefði enginn trúað af þessum mönnum, sem kusu frambjóðendur Sjálfstfl. við síðustu kosningar, að það mundi þýða það, að framkvæmdir minnkuðu, og það, að dýrtíð yxi og lífskjör fyrir allan almenning í landinu versnuðu. Svo rómuðu sjálfstæðismenn það, hvað þeir mundu bæta lífskjörin, að það var ekki von, að þetta fólk tryði því, að framkvæmdin á því yrði allt önnur.

En þetta fólk var blekkt af þessum mönnum, sem nú fara með völdin. Það var blekkt með fögrum loforðum, ginnandi stefnuskrá, sem stungið var í ruslakörfuna, um leið og hæstv. ríkisstj. sté í stjórnarstólana.

Ég lýsti í fyrra við afgreiðslu fjárl. aðstöðu þess fólks, sem í hlut á, þegar um þá brú er að ræða, sem ég fer fram á fjárveitingu til, og þess vegna ekki ástæða til að gera það öllu frekar nú, en þó vil ég segja um það nokkur orð.

Aðstaðan er þannig, að þarna þarf fjöldi fólks daglega að fara yfir mikið vatnsfall, sem oft tekur örum breytingum, og því mikil hætta, sem jafnan vofir yfir þeim, sem þurfa að leggja leið sína þarna yfir. En eftir öllum eðlilegum leiðum hefði Haukadalsá verið brúuð á síðastliðnu sumri, ef framvinda mála í Dalasýslu hefði verið á sama veg og hún hefur verið á *undanförnum árum, ef ríkt hefði jafnmikill* velvilji til þeirra, sem dreifbýlið byggja, eins og hefur verið á undanförnum árum. Ég sé, að hv. 6. þm. Norðurl. e. brosir, og mér þykir vænt um það, að hann skuli brosa. En hann má gjarnan muna þá tíð, er hann sté hér fyrst í þingsalinn og virtist þá vera áhugasamur mjög um þessi mál, og ég hafði sannarlega þá trú á honum, að hann mundi siztur manna bregðast í þessum efnum. En segja má um þá, sem styðja hæstv. ríkisstj. nú, og ríkisstj. sjálfa, að svo bregðast krosstré sem önnur tré. Það má vera, að einhverjir hugsi sem svo: Hvað er þetta fólk að gera með að byggja þennan dal? Því flytur það ekki eitthvað, þar sem það þarf ekki á brú að halda og getur verið nær þjóðlífinu og því, sem þar fram vindur? Enn vil ég benda á það, að í Haukadalnum eru sauðlönd góð og þar eru afréttir miklir og betri en víða annars staðar þekkist í landi voru. Og fólkið þar er trygglynt, duglegt og traust og því alls góðs maklegt. Það hefur líka lagt sinn skerf til lands og þjóðar, og það væntir þess aftur á móti, að þjóðfélagið kunni að meta það, sem það hefur gert fyrir sína þjóð, því að það trúir því tæplega, að eitt einasta vatnsfall þurfi að verða því ævarandi fjötur um fót við þá framleiðslu, sem það innir af hendi. Þetta fólk vissi það líka, að með þeirri skipan, sem var, áður en kjördæmabreytingin átti sér stað, hefði það ekki þurft að bíða svona lengi. En kjördæmabreytingin og þau loforð, sem gefin hafa verið síðan, þetta hefur allt brugðizt því, og því verð-

ur það að bíða miklu lengur en ella. Till. þessi um ½ millj kr. er að vísu ekki nægjanleg til þess að fullgera brúna á næsta ári. En það er verulegur munur á því fyrir þá, sem þarna búa, hvort þeir eygja einhverja möguleika á því að fá brúna á næsta ári eða þeir eygja engan möguleika. Og því höfum við flm. leyft okkur að bera þessa till. fram, til þess að Alþingi sýndi þessu fólki það, að þess yrði ekki langt að bíða, að til framkvæmda kæmi í þessum málum. Ég vænti því þess, að hv. alþm. lýsi, þegar til atkvgr. kemur, fylgi sínu við þessa till., því að hér er um verulega mikið og aðkallandi mál að ræða.

Ég hafði hugsað mér að flytja till. einnig um fjárveitingu til brúargerðar á Valshamarsá á Skógarströnd. En sem kunnugt er, þá hefur sú á valdið mörgum erfiðleikum og þá ekki síst Skógstrendingum, sem daglega leggja þarna leið sína. En þar sem hv. 2. þm. Vesturl., Sigurður Ágústsson, hefur sagt mér, að þessi brú muni koma á næsta ári, þá sé ég ekki ástæðu til að flytja um það brtt. við fjárl., þar sem á að sjá fyrir þessu máli á annan hátt, og vil ég þakka hv. þm. fyrir þann dugnað og áhuga, sem hann hefur sýnt í því að koma því máli í helga höfn.

Ég vil svo að lokum mælast til þess, að hv. þm. samþykki till. þær, sem ég hef hér mælt fyrir, þar sem þær eru allar þess eðlis, að þær eru mjög þýðingarmiklar, ekki einungis fyrir það fólk, sem byggir hlutaðeigandi staði, heldur ekki síður fyrir þjóðina alla. Það var að vísu ástæða til að ræða margt um fjárlögin, en það hafa margir gert og sagt margt, mikið og gott og lýst þeim réttilega, og ég ætla mér ekki að tefja tímann með því. En ég endurtek óskir mínar til þm. um það, að ég vænti þess, að þeir vilji styðja þær till., sem ég hef hér mælt fyrir.

Eysteinn Jónsson: Ég mun ekki ræða um fjárlögin almennt. En áður en ég kem að því að tala fyrir brtt., sem við flytjum 4 þm. af Austurlandi, vil ég aðeins minnast á eitt atriði annað. Hæstv. ríkisstj. hefur látið þess getið utan þings, — ég held það hafi verið í haust, — að hún mundi standa fyrir því, að lagður yrði vegur til Keflavíkur, myndarlegur vegur, og þessi vegargerð er nú hafin. Um málið sjálft vil ég segja, að ég tel, að þarna sé byrjað á því að framkvæma mikið þjóðnytjamál, sem lengi hefur dregizt, og sé ekkert nema gott um það að segja, að í þessa nauðsynlegu framkvæmd er ráðizt. En hæstv. ríkisstj. hefur aldrei gefið neina yfirlýsingu eða tilkynningu eða skýrslu um þetta mál á Alþingi, og ég heyrði áðan, þegar frsm. minni hl. talaði, mér til nokkurrar undrunar, að það hafa ekki heldur fengizt fram í fjvn. neinar upplýsingar um það, hvernig þessi vegargerð er kostuð. Er hún kostuð af ríkissjóðstekjunum, eða er hún kostuð af lánsfé, sem ríkisstj. hefur fengið milli handa, eða er hún kostuð af einhverju öðru fé og þá hvaða fé? Ég heyrði, að hv. frsm. minni hl. spurði um þetta, og mér sýnist mikil nauðsyn á því, að hæstv. ráðherra gefi hv. Alþingi upplýsingar um þetta. Ég vildi þess vegna taka undir þessa ósk hv. frsm.

Við fluttum hér fjórir þm. af Austurlandi nokkrar brtt. við 2. umr., sem teknar voru þá til baka og eru nú endurfluttar, og sé ég ekki ástæðu til þess að endurtaka neitt af því, sem ég sagði þá um þær, en vísa til þess.

Þá höfum við bætt við örfáum till., sem ég vil fara um fáeinum orðum.

Það er fyrst, að meiri hl. sá, sem hér ræður húsum, lækkaði fjárveitingar til Breiðdalsvegar um 50 þús. kr. í fyrra. Kom það mjög illa niður, vægast sagt. Nú leggjum við til, að úr þessu verði bætt og fjárveitingar til vega í þessum dal gerðar jafnháar því, sem þær voru áður. Í dalnum er afar mikið ógunnið að vegagerð og ástand þeirra mála langt frá því að vera í æskilegu horfi.

Þá hvarf þessi sami meiri hl. að því í fyrra að fella algerlega niður smáfjárveitingu, sem hafði verið til að lagfæra veg út í svokallaða Vöðlavík. Hún liggur á milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. Í þessari vík eru fimm heimili, sem styðjast nokkuð jöfnum höndum við land og sjó, þó meira við land. Þangað liggur grýttur vegarslóði, sem hægt er að fara á jeppum og vörubifreiðum, þegar bezt lætur um veðráttu, en annars alls ekki. Undanfarin ár hefur verið reynt að laga þarna ofur lítið á hverju ári fyrir smáfjárveitingu, sem verið hefur í því skyni, og hefur þá verið farin ein ferð og unnið fyrir viðhaldsfé og svo þetta fé til endurbótanna. En síðan núv. þingmeirihluti fann upp það snjallræði, að það ætti að hafa fjárveitingar til veganna sem allra fæstar, og felldi niður þessa fjárveitingu, þá fer vegavinnuflokkurinn eingöngu til þess að vinna fyrir viðhaldsféð og loku fyrir það skotið, að nokkuð sé lagaður þessi vegarslóði frá því, sem hann er nú. Það er alger kyrrstaða. Slíkt er ömurlegt og getur ekki staðizt, því að það er mikil ástæða til þess að hlynna að því, að þessi fimm heimili geti verið þarna áfram. En litlar horfur eru á því, að svo verði, ef þessi nýja stefna í vegamálum á að standa í framkvæmd mjög lengi. Það fara þangað vegavinnumenn eftir sem áður með þessa fáu viðhaldsaura, en þeim er bara algerlega bannað að laga nokkuð veginn í leiðinni, eins og þó áður var gert, fyrir þá tiltölulega litlu fjárhæð, sem veitt var.

Nákvæmlega sömu sögu er að segja um vegarspotta, sem kallaður er Dalavegur. Hann liggur inn í Fáskrúðsfjarðardalinn. Þar eru einnig fjögur mjög myndarleg heimili, sem hafa afar mikla framleiðslu. Þangað liggur vegarslóði, sem er ófær, ef nokkuð er að veðri, en hægt að slarka þarna á vörubílum, þegar bezt lætur, alveg eins og á hinum staðnum. Það er látið í þennan vegarspotta örlítið viðhaldsfé á hverju ári og var áður smáfjárhæð til endurbóta líka, 15 þús. kr. En í fyrra, þegar þessi nýja, snjalla stefna var tekin upp, voru þessar 15 þús. kr. strikaðar út, þannig að vegavinnuflokkurinn fer eftir sem áður á vettvang, en hefur aðeins þessa fáu viðhaldsaura, en er algerlega bannað að laga nokkuð veginn. Við

leggjum til, að úr þessu verði bætt og aftur tekin upp þessi litla fjárveiting, sem var þó til að bæta veginn ofur lítið á hverju ári. Það er alveg sama um þetta að segja og í hinu dæminu: Ef þessi nýja stefna fær að vera í framkvæmd mjög lengi, þá eru ekki líkur til annars en að fólkið á þessum fjórum heimilum verði að gefast upp og flytja eitthvað annað, en hvort það verður hagur fyrir þjóðarbúið, það er annað mál. Ég efast um, að framleiðsla þess verði meiri eða framlag í þjóðarbúið en það verður með því að nytja þennan dal og þau lönd, sem að honum liggja, en þar er óvenjulega heppileg aðstaða fyrir sauðfé.

Þá er till. um að leggja fram 35 þús. kr. til að halda áfram vegagerð inn norðurdalinn í Skriðdal. Það er nákvæmlega sama að segja um þetta og hinar fjárveitingarnar, nema þarna er um heldur hærri fjárhæð að ræða og hún miðuð við, að þarna sé hægt að gera nokkru meira en á hinum stöðunum. Það vantar veg þar á innstu bæina í dalnum. Þar er framúrskarandi aðstaða til framleiðslu á allar lundir, en samgöngur í lélegu lagi. Fjárveiting í þetta var strikuð út samkvæmt hinni nýju stefnu, og það er alveg nákvæmlega sama og með hinar. Það sparast ekki, að vegavinnuflokkur fari á vettvang, því að hann fer á vettvang og lagar ofur lítið til árlega á þessum slóðum, en honum er bara algerlega bannað að gera nokkrar endurbætur. Með öðrum orðum, það verður enn meiri sóun á verðmætum en áður, því að flokkurinn fer á vettvang og aðhefst meira en helmingi minna en áður og fer síðan heim. En fólkið situr með sárt ennið og fær enga úrlausn sinna mála.

Þá er brtt. frá okkur um að hækka aðeins ofur lítið framlag til Mýravegar í Austur-Skaftafellssýslu. Þar er verið að brúa Hornafjarðarfljót, sem er stórmerkileg framkvæmd, og frá brúnni þarf nýjan veg inn á þann veg, sem fyrir var um Mýrarnar og er aðalbrautin sunnan fljótsins. Að vísu eru settar í þetta 200 þús. kr., en það mun ekki duga til þess að koma brúnni í samband við sæmilegan veg, og flytjum við því till. um, að fjárveitingin verði ofur lítið hækkuð.

Í Öræfunum skortir ákaflega mikið á, að vegir séu komnir í sæmilegt horf, enda er þar erfitt um vegagerð, því að það þarf geysilega mikið að gera þar af ræsum og alls konar ráðstöfunum vegna vatnsins, sem þar sækir mjög á vegarstæðið. Flytjum við till. um að auka ofur lítið framlög til Öræfavegar.

Ég vil vonast eftir, að hv. alþm. sjái sér fært að fylgja þessum till., sem eru ekki stórvægilegar, en gætu þó haft óvenjumikla þýðingu, samanborið við það, hversu lágar fjárhæðir þarna er um að ræða.

Þá flytjum við till. um að tileinka Egilsstaðaflugvelli 250 þús. kr. af því fé, sem veitt er til flugvalla, en hafa þeim mun minna óráðstafað í frv. Rökin eru þau, að það er mjög slæmt ástand um alla fyrirgreiðslu fyrir farþega á Egilsstaðaflugvelli og það vegna þess, að þar hefur ekki verið nein viðunandi flugstöðvarbygging, heldur aðeins smáskúr, sem notazt hefur verið við. Nú hefur undanfarið verið unnið að því að koma upp nokkrum hluta af flugstöðvarbyggingu, en vegna þess að mjög aukið húsrými þarf fyrir vaxandi öryggisráðstafanir á flugvellinum, verður þessi fyrsta byrjun á flugstöðinni, sem nú er komin upp, allt of lítil til þess að bæta úr frumstæðustu og brýnustu þörfum fyrir húsnæði á flugvellinum. Þess vegna leggjum við til, að til flugvallarins verði veittar 250 þús. kr. til að byrja á næsta áfanga af flugstöðvarbyggingunni, sem er afar aðkallandi verk.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt með tveim hv. samþingismönnum mínum að flytja brtt. við 22. gr. fjárlagafrv. Þessi brtt. er nr. 7 á þskj. 225. Till. er um það, að veittar verði 100 þús. kr. til uppbyggingar Kolviðarhóls. Kolviðarhóll var um marga mannsaldra einhver fjölsóttasti áningar- og gististaður á landi hér, en með hinni auknu tækni og bættum samgöngum var hlutverki staðarins lokið sem slíks. Þessi gamli griðastaður ferðamanna, sem oft hafði bjargað mannslífum, varð allt í einu fyrir tímans rás óþarfur. En við staðinn eru tengdar margar sögulegar minningar, og margir eru þeir enn þá ofar moldu, sem hugsa hlýtt til staðarins og vilja, að vegur hans verði áfram mikill, þótt á annan hátt verði en áður var. Hinn vandaði húsakostur, sem á Kolviðarhóli stendur enn, hefur verið rúinn og rændur, síðan staðurinn fór í eyði, og það er ömurlegt að sjá þá eyðileggingu. Nokkrir áhugamenn um viðreisn Kolviðarhóls hafa stofnað samtök málinu til framgangs, og hafa þegar verið unnar þarna talsverðar umbætur, en miklu meira þarf til. Nú hefur verið stofnað til fjársöfnunar á Suðurlandi öllu og hér í Reykjavík og nágrenni staðnum til viðreisnar, og vil ég nú mega vænta þess, að hv. alþm. vilji koma þarna einnig til liðsinnis. Í því trausti er þessi brtt. fram borin.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Tveir hv. þm. hafa gert Keflavíkurveg að umtalsefni, en sú vegargerð er hafin fyrir nokkru. Þeir hafa beint þeirri fsp. til mín, hvernig fjár sé aflað til þeirrar vegargerðar, og skal ég svara þeirri fsp.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að afla fjár til þessarar vegargerðar af láni því, sem venjulega er kennt við PL-480 og m. a. er ákveðið um í 22. gr. fjárlaga nú, 30. lið, sem er heimild til ábyrgðar á þeirri lántöku samkvæmt samningi, sem gerður var í aprílmánuði s. l. Hvort fjár verður aflað að öllu leyti til vegargerðarinnar af þessu lánsfé, get ég ekki sagt um að svo stöddu, en til þeirra framkvæmda, sem nú eru í gangi, er ætlunin að afla fjár af þessu láni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég flyt nokkrar brtt. með hv. 2. þm. Vestf. við fjárlagafrv., og eru þær á þskj. 220.

Fyrsta brtt., sem við flytjum, er um 70 þús. kr. fjárveitingu í Gufudalsveg. Þessi vegur nær frá botni Þorskafjarðar vestur að Kletts-

hálsi eða yfir allan Gufudalshrepp. Vegurinn er því partur af leiðinni til Ísafjarðar. Í mörg undanfarin ár hefur verið fjárveiting í þennan veg, minnst 70 þús. kr. og upp í 100 þús. kr. Samt eru alllangir kaflar í þessum vegi aðeins ruddur bráðabirgðavegur og því ekki til frambúðar. En við opnun Vestfjarðavegar í fyrra, þegar leiðin til Ísafjarðar opnaðist, jókst að sjálfsögðu umferð um þennan veg í stórum stíl, en þá skeður það fyrirbrigði, að um leið og umferðin eykst svona mikið um þennan veg, þá er hætt að veita fé til hans. Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár eru einar 10 þús. kr. til vegarins, það var til þess að greiða skuld frá árinu áður, og skv. till. í fjárlagafrv. nú á enginn eyrir að fara til vegarins. Þetta má heita einstakt fyrirbrigði, þegar þarfirnar aukast svo gífurlega vegna umferðarinnar, að þá skuli hætt við að leggja nokkurt fé til vegarins.

En fleira kemur til en þetta, sem sýnir það, hversu mikil þörf er á að veita nokkurt fé til þessa vegar. Í undirbúningi er að koma upp mjólkurbúi í Reykhólahreppi. Bændur í Gufudalshreppi hugsa sér að verða aðilar að þessu mjólkurbúi, enda er atvinna þeirra mjög einhæf, hún er ekkert nema sauðfjárbúskapur. En þeir hugsa gott til þess að geta haft hér nokkru meiri fjölbreytni og bætt hag sinn verulega á því að vera aðilar að hinu væntanlega mjólkurbúi. En þeir geta það ekki, nema vegurinn, sem þeir eiga að nota til þess að koma afurðum sínum til búsins, sé viðunandi, en það er hann ekki, eins og hann er. Þess vegna verður það að kallast mjög óheppilegt, svo að ekki sé harðar að orði komizt, að um leið skuli vera hætt við að leggja fé í þennan veg. Till. okkar er mjög hógvær, hún er aðeins 70 þús. kr., eða jöfn því, sem var, þegar minnst var lagt til vegarins áður, þrátt fyrir þá hækkun á kostnaði við lagningu vega, sem orðin er og allir vita um. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái, að hér er um sanngirnismál að ræða.

Önnur till., sem við flytjum, er um 200 þús. kr. fjárveitingu í Suðurfjarðaveg í Arnarfirði. Um Arnarfjörð sunnanverðan liggja þrír vegir, Dalavegur um Ketildalahrepp, Suðurfjarðavegur um Suðurfirði og Bíldudalsvegur norðan Hálfdáns, sem tengir Bíldudal við Tálknafjörð. Í alla þessa vegi hafa verið fjárveitingar um langt skeið, ekki háar, en þó nokkrar. Á fjárlögum yfirstandandi árs voru þær lækkaðar mikið. En nú tekur steininn úr, því að nú á ekki að veita eina einustu krónu til neins vegarins af þessum þremur, — og þetta gerist sama árið og flugsamgöngur falla úr sögunni við Bíldudal, en þær hættu s. l. sumar. Það er því ekki hægt að gera það rækilegar en þetta að spara fé á Arnfirðingum. Bíldudalur er eini viðkomustaður flugvéla á Vestfjörðum, sem hefur verið lagður niður, og nú fá þeir þessa kveðju, að fá ekki einn einasta eyri í neinn af þessum þremur vegum, sem þeir eiga að nota. En Arnfirðingar leggja mesta áherzlu á Arnarfjarðarveg. Það er vegna þess, að Vestfjarðavegur hinn nýi liggur yfir Dynjandisheiði, ofan við bæina í Suðurfjörðum, og síðasti kaflinn á Suðurfjarðavegi er ógerður, sá kaflinn, sem á að tengja byggðina við þennan veg. Það mun vera um 9 km vegalengd. Þeim er þetta ákaflega mikið áhugamál, Arnfirðingum, og í gær barst mér svo hljóðandi símskeyti frá hreppsnefndinni á Bíldudal, með leyfi hæstv. forseta: „Skorum eindregið á fjárveitinganefnd, að hún hlutist til um, að tekin verði á fjárlög fjárveiting til Suðurfjarðavegar á Norðdalshlíð og þannig verði stuðlað að því, að Bíldudalsvegur verði tengdur hinni nýju Vestfjarðaleið, eins og önnur þorp á Vestfjörðum. Hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps."

Það er mjög skiljanlegt, að Arnfirðingar leggi áherzlu á að fá þennan stutta kafla, sem á vantar til að tengja þá við Vestfjarðaveginn. Það eru vaxandi samskipti þessara þorpa á Vestfjörðum við Ísafjörð, og nú er kominn akvegur til Ísafjarðar. En ef Arnfirðingar eiga að notfæra sér þennan akveg, þá verða þeir fyrst að fara yfir Hálfdán til Tálknafjarðar, síðan Mikladal til Patreksfjarðar, síðan Kleifaheiði til Barðastrandar, síðan Penningsdal á Dynjandisheiði, eða um 100 km leið til þess að komast upp á þennan veg, sem vantar um 9 km að ljúka við. Það er því af brýnni nauðsyn, að við flytjum þessa till. um, að byrjað sé á að veita fé í þennan stutta kafla, sem á vantar, og í fullu samræmi við óskir manna í Arnarfirði, eins og kemur fram í þessu símskeyti frá hreppsnefnd Suðurfjarðahrepps.

Þriðja till., sem við flytjum, er um hækkun á framlagi til Snæfjallastrandarvegar úr 100 þús. í 150 þús. Um þennan veg var flutt till. við 2. umr. fjárl., að hækka þessa fjárveitingu upp í 250 þús., en var felld. Við væntum þess, að hv. þm. geti þó fallizt á að hækka um einar 50 þús. Þarna stendur svo á, að þessi hreppur, þótt ekki sé hann stór, er ekki í neinu akvegasambandi við vegakerfið. Þar slitnar í sundur um Kaldalón, en aðeins vantar herzlumuninn til þess að tengja vegina saman í Nauteyrarhreppi og Snæfjallastrandarhreppi. Að vísu vantar brú á Mórillu, sem rennur niður í Kaldalón, en þó að sú brú fáist ekki á sama ári, þá geta þeir notfært sér veginn, því að áin mun vera fær undir flestum kringumstæðum að sumri til. Það er því ekki að ástæðulausu, að þessi till. er flutt, og má því líta á hana sem varatill. við þá, sem flutt var við 2. umr.

Fjórða till., sem við flytjum, er að hækka fjárveitingu í Reykjarfjarðarveg á Ströndum úr 390 þús. í 500 þús., en á fjárl. yfirstandandi árs voru þó veittar 525 þús. í þennan veg, svo að við förum ekki einu sinni upp í þá upphæð, sem nú er á fjárl. Árneshreppur er allfjölmennur og blómlegur hreppur, bæði til búskapar og til útgerðar, en þessi hreppur er ekki í neinu vegasambandi við þjóðvegakerfið. Það má því nærri geta, að þetta vegleysi hindrar mjög allar framfarir í þessum hreppi og kemur jafnvel í veg fyrir það, að nauðsynlegustu vélar fáist til ræktunar og annarrar starfsemi þar heima fyrir. En skv. óskum þeirra þar norður frá leggja þeir höfuðkappið á að koma veginum til Djúpavíkur. Vegna þess förum við fram á, að þessi upphæð sé hækkuð úr 390 þús. í 500 þús. kr.

Fimmta till., sem við flytjum, er um Strandaveg, að fjárveiting verði hækkuð úr 150 þús. kr. í 250 þús. Á s. l. sumri var unnið þarna að vegabótum fyrir lánsfé, og mun vera skuld um 170—180 þús. kr. Þessi fjárveiting, sem er núna í fjárlagafrv., dugir því ekki fyrir skuldinni. En auk þess er mjög aðkallandi að bæta lökustu kaflana í Kirkjubólshreppi rétt sunnan við Hólmavík, svo að sá vegur sé fær lengur en nú er raunin á. Það er því ekki hægt að segja, að þarna sé hátt farið, að óska eftir, að fjárveitingin verði þó ekki nema 25 þús. kr. lægri en hún var í fyrra. Ekki eru nú kröfurnar meiri hjá okkur en það. En Strandavegur er um 160 km á lengd, þó að hann sé ekki allur lagður, eins og sakir standa nú. Hann er álíka langur og frá Reykjavík og upp að Hreðavatni. Það sýnist því ekki fjarstæða, að það þurfi þessa upphæð í þennan veg.

Þá flytjum við á sama þskj. till. um bryggjuna á Kaldrananesi, það er við 13. gr. C, hafnarmannvirki. Á Kaldrananesi er hálfgerð bryggja, vantar þar bryggjuhaus og umbætur, bæði handa þeim, sem stunda þarna útgerð, og ekki síður vegna strandferðaskips, sem þarna á að koma við, en getur ekki komið við, af því að það vantar þessa viðbót við bryggjuna, nema aðeins í einstöku tilfellum, þegar veður er blíðast. Þetta eru einar 100 þús. kr., sem við förum fram á að veittar verði að þessu sinni til þess að endurbæta þessa bryggju, svo að þetta eina strandferðaskip, Herðubreið, þurfi ekki að fara fram hjá þessum stað, eins og verið hefur svo oft að undanförnu.

Loks flytjum við tvær till. um flugvelli við 20. gr. fjárlagafrv. Fyrri till. er um 150 þús. kr. framlag til flugvallar í Patreksfirði. Eins og ég nefndi áðan og eins og hv. þm. mun vera kunnugt, hafa Vestfirðir fram að þessu haft eingöngu sjóflugvélar til afnota, vegna þess að flugvellir hafa ekki verið til á Vestfjörðum fyrir stærri flugvélar, þar til nú í sumar, að unnt er loks að lenda á hinum ófullgerða flugvelli á Ísafirði, en skv. áætlun flugráðs er m. a. ráðgert, að flugvöllur komi á Patreksfirði. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, hvers virði flugvellir eru fyrir þessar byggðir, jafnvel sjúkraflugvellir koma oft að verulegu liði og eru mjög eftirsóttir. En Patreksfjarðarhreppur, Rauðasandshreppur og Tálknafjarðarhreppur hafa enga flugbraut, ekki fyrir sjúkraflugvél heldur, og er þarna um fjölmennt hérað að ræða. Það er því skiljanlegt, að þetta byggðarlag leggi áherzlu á það, að byrjað verði á fyrirhuguðum flugvelli þarna, því þó að ekki verði hægt að gera mikið fyrir þær 150 þús. kr., sem við leggjum til í þessu skyni, þá getur byrjunin haft þá þýðingu, að það verði sem sjúkraflugvöllur fyrst, og er því til mikils öryggis fyrir þessi byggðarlög. En á Patreksfirði einum búa um 900 manns. Ég vona því, að hv. þm. sjái sér fært að samþykkja þessa byrjunarfjárveitingu. Nú hef ég frétt fyrir skömmu, að endanlega muni sjóflugvélin, sem verið hefur í samgöngum, hætta ferðum seinni hluta vetrar, lengur muni hún ekki fá undanþágur til flugs. Verði það, þá má Vestfirðingum bregða við, þegar falla niður allar ferðir flugvéla til þessara staða, sem hafa notið þeirra um langa hríð til mikilla hagsbóta. Það er því ekki með nokkurri sanngirni hægt að neita þessum héruðum um, að farið sé að hefjast handa um byggingu flugvalla í staðinn fyrir þær flugsamgöngur, sem nú hljóta endanlega að falla niður.

Mjög svipað er að segja um aðra tillöguna, sem við flytjum á þessu þskj. um fjárveitingu til Hólmavíkurflugvallar. Þar er allgóður flugvöllur, en þarf tiltölulega litla lengingu til þess að Dakotaflugvélar geti lent þar. Sömu ástæður eru til þess að lengja þennan flugvöll. Þegar sjóflugvélin fellur úr sögunni, fellur annars allt flug niður þangað, en Hólmavík hefur löngum verið viðkomustaður Ísafjarðarflugvélarinnar. Fáist engin fjárveiting til þess að lengja þennan flugvöll, þá er fallið úr sögunni flug til Hólmavíkur. En við leggjum til, að 150 þús. verði einnig varið til þess að lengja þennan flugvöll á Hólmavík, svo að flugsamgöngur við það hérað þurfi ekki að fella niður, þó að svo fari, sem búizt er við, að sjóflugvélin falli úr sögunni nú í vetur.

Ég held, að þessar till., sem engar eru stórvægilegar, séu það sanngjarnar, að hv. þm. hljóti að líta á þær með velvilja.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. var flutt af hálfu Alþb. allmikið af till. um breytingu, sem þörf var að gera. Við höfum ekki endurtekið þessar brtt. nú. Það var a. m. k. að mínu áliti svo greinilega útgert um það þá, hver afstaða meiri hl. var til þeirra, að ég tel ekki þýða sérstaklega mikið að reyna að flytja þær aftur. Þó hef ég hér ásamt hv. 7. landsk. flutt tvær brtt. á ný, sem ég álít nokkuð sérstaklega horfa á um, og skal nú gera grein fyrir þeim. Þær eru á þskj. 235.

Í fyrsta lagi er till. um að hækka styrkinn til íslenzkra námsmanna, heima og erlendis. Við höfum flutt till. við 2. umr. fjárl. um, að hann yrði hækkaður úr rúmum 6½ millj. upp í 8 millj., og flytjum nú till. um, að það sé hækkað upp í 7½. Ég tel rétt, að það sé reynt með þessu móti, hvort ekki er hægt að fá meiri hl. þm. til þess að fallast á að bæta úr þeirri brýnu nauðsyn, sem er á því fyrir íslenzka námsmenn að fá meiri styrk en þeir nú fá.

Ég vil minna á eitt í þessu sambandi. Sú reynsla, sem jafnvel fremstu þjóðir heims hafa dregið af þróuninni í vísindum og tækni nú á tímum, er fyrst og fremst, að það verði að verja miklu meira fé en gert hefur verið til að sérmennta menn. Það er engum efa bundið, að við Íslendingar erum að dragast aftur úr á þessu sviði, og það að framleiða slíka sérmenntaða menn, það að skóla þá þannig, að þeir séu færir um að valda þeim verkefnum, sem þjóðfélagið þarf á að halda, það tekur tíma og kostar peninga. Ég held, að það sé þarna verið að hugsa um að gera ráðstafanir, sem fyrst koma að gagni jafnvel eftir 5—6 ár, og eigi að stuðla að slíkum ráðstöfunum, þá sé ekki ráð, nema í tíma sé tekið. Við viljum þess vegna reyna það, hvort ekki væri hægt að fá hv. meiri hl. þm. til þess að fallast á þessa till.

Þá leggjum við til í öðru lagi, það er brtt. á þskj. 235, III.2, að hækka styrkinn til skálda, rithöfunda og listamanna upp í 2 millj. Við höfðum lagt til við 2. umr. málsins, að hann yrði hækkaður upp í 2½, en það var fellt, og við viljum nú reyna þarna með lægri upphæð.

Eins og menn vita, er þessari upphæð útdeilt á meðal skálda, rithöfunda og listamanna. Tvö skáld fá þarna sérstök heiðurslaun, 33 þús., en annars er hæsti flokkurinn þarna með 20 þús. kr. laun. Við Íslendingar höfum stært okkur af því að vera sérstaklega þjóð skálda og höfum reynt að viðhalda út á við áliti okkar þjóðar ekki hvað síst á þeim grundvelli, svo að jafnvel aðrar þjóðir hafa orðið til að viðurkenna okkur. Og stundum hefur verið, t. d. í Danmörku, alveg sérstaklega vísað til þess, hve vel Alþingi Íslendinga gerði við sína listamenn. En þetta fer síversnandi hjá okkur núna. Þegar hinar tíðu gengisfellingar hafa átt sér stað, hefur það venjulega verið þessi þáttur, sem hefur orðið út undan og dregizt aftur úr.

Það er kunnugt úr okkar sögu, að okkur, sem nú lifum, þykir okkar forfeður hafa staðið sig heldur illa í þessum efnum. Það er alveg sérstaklega vitnað til þess, hve Alþingi hafi farið illa að gagnvart Þorsteini Erlingssyni á sínum tíma, og hefur oft verið um það rætt og þykir jafnvel smánarblettur á Alþingi. Á þeim tíma fékk Þorsteinn Erlingsson 600 kr. laun frá Alþingi, og vissulega var okkar land frekar fátækt þá, samanborið við það, sem það er nú. 600 kr., það er 2400 klst. vinna með verkamannakaupi, eins og það var þá. Alþingi þótti rétt að borga Þorsteini Erlingssyni verkamannalaun eins og fyrir 2400 klst. vinnu, og það hefur eftirkomendunum þótt smán. Þegar við úthlutum núna af því fé, sem varið er til skálda, rithöfunda og listamanna af Alþingis hálfu, þá eru hæstu launin, að undanteknum þessum tvennum heiðurslaunum, 20 þús., eða sem samsvarar um 900 klst. vinnu með núverandi verkamannakaupi. Við erum ekki hálfdrættingar við það Alþingi, sem okkur þótti gera frekar lélega við listamenn þjóðarinnar á sínum tíma. Við erum ekki hálfdrættingar.

Ég held, að við höfum ekki efni á því að vera svona naglalegir. Ég held, að það verði því meiri skömm okkar þings, ef við getum ekki séð af einum 2 millj. til þess að úthluta á meðal okkar skálda, rithöfunda og listamanna, og við erum þó alltaf að stæra okkur af því, hve miklum framförum okkar listir, okkar skáldmennt hafi tekið á þessum síðustu áratugum. Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að hv. þm. átti sig á því, að svona getur þetta ekki gengið, að láta þetta dragast aftur úr. Þetta kostar ekki eins mikið og eitt sendiráðið erlendis. Við bentum á það í fyrra og getum bent á það enn, að það er ekkert auðveldara en að spara þetta með því að leggja niður alóþarfa og jafnvel skaðlega þætti á fjárl., þannig að það eru ekki peningarnir, sem vantar aðallega. Spurningin er, hvort menn hafa þann skilning á því, sem íslenzka þjóðin fyrst og fremst á sinn heiður að þakka, að menn vilji verja til þess nokkru meira fé.

Við tölum um, að það hafi verið farið illa að við Sigurð Breiðfjörð hér á árunum. Sumt af okkar listamönnum býr ekki í betra húsnæði en hann dó í. Og ég held, að við ættum alvarlega að fara að hugsa um, hvernig við stöndum í þessum efnum, þegar verður farið að bera okkur saman við þá, sem hér stjórnuðu fyrir 100 árum, miðað við fjárhag landsins á báðum tímunum.

Svo höfum við leyft okkur að flytja hér eina litla till., sem ekki mundi skekkja fjárl., þótt samþykkt yrði. Það er till. nr. 3 um nýjan lið á 14. gr. til þess að kvikmynda daglegt líf á íslenzkum kotbæ, 60 þús. kr.

Ég hef öðru hvoru reynt við meðferð fjárl., sem ég hef annars ekki tekið sérstaklega mikinn þátt í, að fá fram smábrtt., sem að einhverju leyti miða að því að reyna að varðveita, þótt ekki væri nema í mynd eða máli, eitthvað af því, sem er að deyja út á Íslandi núna, og sjá til þess, að okkar afkomendur hefðu, þótt ekki væri nema á kvikmynd eða á stálþræði, aðgang að þeim sérstöku menningarfyrirbrigðum hjá okkar þjóð, sem þeir koma til með að eiga erfitt með að kynna sér seinna meir. Ég lagði til fyrir nokkrum árum, að það yrði reynt t. d. að koma upp hljómplötusafni og upptöku á stálbönd og annað slíkt frásagnarlist íslenzkrar alþýðu, á því, hvernig ömmurnar segja sínar sögur. Ég lagði til, að við létum taka upp og setja á varanlegt efni upplestur þeirra Davíðs Stefánssonar og Jóhannesar úr Kötlum á sínum beztu kvæðum. Það eru líklega 6 ár síðan. Það vita allir hv. þm. t. d., hve vel Davíð Stefánsson les upp og sérstaklega hve fögur hans rödd er og sérstaklega var. Ekkert af þessu var samþykkt. Ég tók eftir fyrir tveimur árum, að þá var einn framtakssamur maður, sem hefur einhvern skilning á menningu, sem hefur ráðizt í það að fá Davíð til þess að lesa inn á hljómplötu eitt af sínum kvæðum. Það var gott. En röddin var ekki lengur eins falleg og hún hafði verið. Við vorum of seint á ferðinni. Ég lagði það til 1955, eftir að Halldór Kiljan Laxness fékk Nóbelsverðlaunin, ef það mætti einhverju áorka, að hann væri fenginn til þess að lesa upp á stálband eina af sínum sögum, til þess að við ættum þetta. Mönnum fannst það líka óþarfi.

Það er því miður svo, að þær miklu breytingar, sem eru að verða á öllu okkar þjóðlífi, ganga svo ört fyrir sig, að fyrr en varir er það, sem okkur, sem nú erum að eldast, þótti sjálfsagt og menn gátu horft á, þegar þeir vildu, þá er það að hverfa og jafnvel víða horfið. Það er líka það, sem bætist við, að tækin, sem við höfum til að vinna með núna, eru ekki bara góð til þess að brjóta jarðveginn, þau eru líka ágæt til þess að rífa niður rústirnar af öllu því gamla, — klausturrústirnar á Reynistað, hvað þá annað, — það er auðvelt að plægja það niður með traktorum, og við Íslendingar erum furðu duglegir í því að brjóta niður það, sem til er af slíkum rústum, sem aðrir mundu afgirða og hafa sem helgireiti.

Við höfum reynt að varðveita nokkuð af okkar gömlu bæjum. Það eru þá fyrst og fremst

gömlu höfðingjabæirnir, sem við höfum gert að slíkum stöðvum. En mér vitanlega er ekki varðveittur einn einasti kotbær. Bæirnir, sem íslenzk alþýða yfirleitt bjó í, bæirnir, sem meginið af okkar starfi var unnið í fyrr á öldum, það voru lélegir bæir, og það var ekki gott í þeim að búa, og flestum, sem í þeim bjuggu, þótti vænt um það, þegar þeir gátu rifið þá, og voru þá að hugsa um leið, að minningin um fátæktina, berklana og annað af því vonda, sem við þá var tengt, hyrfi þá um leið. En þrátt fyrir alla þá fátækt og eymd, sem við bjuggum við í þessum bæjum, þá verður það nú samt sem áður svo, að eftirtíminn — framtíðin, hún verður stolt af því, að í þessu fátæka umhverfi skuli hafa verið skapað margt af því bezta, sem búið var til í Evrópu. Og nú fer það að verða svo, held ég, að það fer ekki að verða eftir einn einasti kotbær á Íslandi. Það eru miklar og góðar framfarir. En það er ekki að sama skapi ánægjulegt frá þjóðmenningarsögulegu sjónarmiði séð. Ef til vill verðum við, áður en allir menn eru útdauðir, sem hafa byggt þessa bæi, að láta byggja þá upp aftur, máske líka hér í Reykjavík, til þess að eiga þá þó til, eins og þeir hafa verið, svo að menn geti séð þá. Að fylgjast með, þegar börnin í Reykjavík koma og sjá hlóðir, endurbyggðar hérna jafnvel í Þjóðminjasafninu, það er lærdómsríkt fyrir okkur, sem höfum kannske ekki gert okkur næga grein fyrir því, hvernig það eru að hverfa hlutir, sem aldrei verða til aftur.

Ég lagði til fyrir nokkrum árum, að það yrði varið nokkrum tugum þúsunda króna til þess að kvikmynda daglegt líf á íslenzkum kotbæ, helzt afskekktum. Það hefur verið reynt að gera filmur, sem þá hafa átt að vera meira eða minna rómantískar filmur, um síðasta bæinn í dalnum eða eitthvað annað slíkt. En það, sem við þurfum að fá til þess að eiga sem þjóðmenningarsögulegt atriði, það er ofur lítil mynd af lífinu, eins og það hefur gengið fyrir sig dags daglega á þessum bæ, bara sem menningarsögulegt atriði. Og það fer að verða erfitt, af því að það dugir ekki að láta leika það, — það fer að verða erfitt að ná þessum myndum, ef við ekki grípum til þess að gera það.

Við leggjum til, að það sé varið 60 þús. kr. til þess að gera þetta. Ég skal engan veginn fullyrða, að það sé nægilegt, en ég veit, að það eru til margir menn, til allrar hamingju, með okkar þjóð, sem hafa áhuga á að reyna að halda þessum gömlu hlutum á kvikmynd eða öðruvísi, til þess að það hverfi ekki alveg. Ég veit t. d., til þess að ég nefni aðeins eitt nafn, að maður eins og Ósvaldur Knudsen hefur unnið okkar þjóð alveg ómetanlegt starf í því að ná á slíkar dokumentfilmur nokkrum atriðum úr lífi t. d. ýmissa okkar frægustu skálda, — við skulum segja eins og Halldórs Kiljans eða Þórbergs Þórðarsonar, — filmur, sem þjóðin, þegar lengra líður, jafnvel metur hátt upp í handrit. Mér finnst hins vegar, að Alþingi, sem sins nafns og sinna erfða vegna hefði þó átt að hafa forgöngu öllum fremur um slíkt viðhald þess gamla, sem hægt er, sé ákaflega sinnulaust um þessa hluti.

Ég treysti mér ekki til þess að fara að endurtaka allar þær till., sem við fluttum áður í þessa átt. Við tókum aðeins þessa litlu, ef verða mætti, að hún gæti fundið náð fyrir augum meiri hl. og bætt ofur lítið úr því sinnuleysi, sem við sýnum gagnvart þeim menningararfi, sem nú er daglega og árlega að hverfa úr okkar þjóðlífi.

Ég vil þess vegna mega vona, að hv. þm., þegar ekki er farið fram á meira en það, sem við gerum í þessum þrem till., — að þeir vilji a. m. k. athuga nú vel, hvort þeim fyndist ekki rétt að verða við því að samþykkja þær.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal láta mér nægja aðeins fá orð, enda ekki margt fram komið, sem gefur ástæðu til svars. Og ég skal fúslega játa það í framhaldi af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er ekkert sérstaklega ánægjulegt að þurfa að mæla gegn ýmsum af þeim tillögum, sem hér hafa komið fram, bæði sem hann flutti og aðrir, því að sannast sagna eru þetta allt þörf og góð mál, sem hér hefur verið imprað á. Og það er auðvitað sama sagan í sambandi við þessar tillögur eins og með svo ótalmörg mál, sem við erum með í fjvn. hverju sinni, að það væri vissulega mikið ánægjuefni, ef við gætum gengið þar lengra en fært þykir, og er það ekkert nýtt nú, heldur hefur það jafnan verið svo, að þarfirnar eru auðvitað miklu meiri en þau fjárráð, sem fyrir hendi eru.

Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á. Það er eitt atriði út af tillöguformi hjá hv. 1. minni hl. fjvn., sem ég tel að sé óeðlilegt, og það er sá háttur að ráðstafa fé eins og þeir gera ráð fyrir í sambandi við áætlunarliðinn um jarðræktarframlög. Það kann vel að vera og er vafalaust rétt, að þessi liður er áætlaður í fjárlagafrv. hærri en kemur til útborgunar. Þetta er hins vegar ekki fjárveitingarliður, heldur aðeins áætlunarliður, og það hefur æði oft komið fyrir áður, að þessi liður hefur verið áætlaður ríflega, en hins vegar hefur aldrei, að því er ég man eftir a. m. k., komið fram slík hugmynd, að ráðstafa fé, sem kynni að vera umfram á þessum lið, á þann hátt, sem hér er gert. Hér er raunverulega um beinar fjárveitingar að ræða, og skiptir ekki máli, þó að vísað sé til þess, að þarna kunni að vera fé aflögu, því að það fé kemur auðvitað ekki til útborgunar undir þeim lið, nema framkvæmdirnar séu innan þess ramma, alveg á sama hátt og það yrði að borga umfram á þessum lið, hvað sem fjárlög segðu, ef féð væri of lítið. Þó að þetta séu allt þörf og góð mál, sem gert er ráð fyrir að ráðstafa þessu fé í, þá finnst mér, að það sé enginn eðlismunur á ráðstöfun á þennan hátt og að flytja beinar tillögur um útgjöld til þessara framkvæmda.

Það er svo eitt atriði, sem ég vildi sérstaklega minnast á, brtt., sem flutt er af nokkrum hv. þm. á þskj. 225 um launamál opinberra starfsmanna. Það eru vafalaust allir sammála um það, að opinberir starfsmenn séu ekkert ofhaldnir af sínum launum, og þeir launaflokkar, sem þarna er vitnað í, hinir lægstu, það

séu lítt viðunandi laun, sem þar er gert ráð fyrir að greiða, og einnig, að það geti verið sanngjarnt og rétt að greiða kennurum uppbót, og önnur þau atriði, sem þarna er vikið að. En það er í rauninni allt annars eðlis, spurningin um það, hvort menn eru sammála þessu eða ekki. Það, sem ég álít að skeri úr í sambandi við fjárlagaafgreiðslu um þetta mál, er það, að ég tel, að þessar breytingar sé ekki hægt að gera í sambandi við fjárlög. Það getur auðvitað verið nauðsynlegt að áætla fé til þess að mæta lagabreytingum, sem kunna að hafa útgjöld í för með sér. En eins og frá þessum liðum er gengið hér, þá er beinlínis lagt til að breyta ákveðnum liðum launalaga á þann hátt, sem ég tel að sé með engu móti hægt að gera í fjárlögum, því að samkv. grundvallarreglum laga hefur það ætíð verið talið svo, að fjárlög gætu ekki breytt almennum lögum. Það eru að vísu dæmi þess, eins og menn vita, að það hefur verið ákveðin í fjárlögum t. d. allsherjar launauppbót til opinberra starfsmanna. Það er nokkurs annars eðlis. Hér er gert ráð fyrir að breyta innbyrðis hlutföllum og breyta beinlínis launalögum. Og ég vil leyfa mér að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki sé ástæða til þess að athuga, hvort það sé hægt að bera upp til afgreiðslu till. sem þessa. Ég er ekki að slá neinu föstu um það, en vildi skjóta því til hæstv. forseta að athuga það, hvort till. þessi væri ekki þann veg gerð, að það sé ekki hægt að bera hana upp sem brtt. í sambandi við fjárlög. Ég tek það skýrt fram, að með því er ég ekki á neinn hátt að fetta fingur út í efnisleg atriði till., sem öll geta vel verið til athugunar á sínum stað og sem breytingar við þau lög, sem hér er um að ræða. En öllum hv. þm. mun það vafalaust kunnugt vera, að launalög eru einhver viðkvæmasta löggjöf, sem hér er til meðferðar, og það getur að sjálfsögðu haft hinar víðtækustu afleiðingar og lítt orðið til sátta, ef farið er út í það, án þess að það sé íhugað alveg til hlítar, hvaða afleiðingar það hefur í för með sér, að breyta einstökum atriðum í launalögum.

Varðandi brtt. við ýmsa framkvæmdaliði, svo sem vegamál, vil ég aðeins segja það varðandi afskipti fjvn. í því efni, og er einkum tilefni til að segja það í sambandi við brtt. frá hv. 4. þm. Vestf., þar sem hann talaði um, að það væri óeðlilegt, að það hefðu verið lækkaðar fjárveitingar til einstakra vega á Vestfjörðum, að heildarfjárveiting til vega á Vestfjörðum er ekkert lækkuð. Það er það sama og um önnur kjördæmi, það hefur engin millifærsla verið þar gerð. Menn eru vafalaust sammála um, að það hefði verið æskilegt að fá slíkar hækkanir, allsherjarhækkanir. En hér hefur ekki verið á neinn hátt verr búið að þessu kjördæmi en öðrum, og þm. hefur verið gefinn kostur á því að færa til frá tillögum vegamálastjóra, ef þeir hafa talið, að fénu væri betur ráðstafað á annan hátt, þannig að til þess að fyrirbyggja þann misskilning, að menn haldi, að hér hafi verið um einhvern niðurskurð að ræða í fjvn., þá fer því víðs fjarri. Hér er aðeins um að ræða, að vegamálastjóri hefur talið, að þetta fé kæmi jafnvel betur að notum og væri brýnna að nota það annars staðar í viðkomandi kjördæmi. Það getur alltaf verið matsatriði, en það verður að hafa þá staðreynd í huga, þegar menn eru að tala um það, að einstakir vegir hafi verið lækkaðir eða jafnvel felldar niður fjárveitingar til vega. Menn geta svo vafalaust einnig deilt um það, hvort sú stefna sé rétt að öllu leyti að fækka fjárveitingum til vega, svo sem gert hefur verið í ár og s. l. ár. Það var upplýst af hæstv. fjmrh., að það hefði haft í för með sér stórmikinn sparnað, og ég hygg, að miðað við þau takmörkuðu fjárráð, sem eru til nýbyggingar vega, þá sé hyggilegt að hafa slíkan hátt á. Með því er ekki ætlunin að strika út neina vegi til frambúðar, heldur ætlunin, að það sé þá eitt árið varið í þennan veg og annað árið í hinn veginn og það komi þannig betur að notum.

Það mætti nú margt ræða hér í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Ég ætla að stilla mig um það til þess að lengja ekki þessar umr. meir. Mér þykir það að sjálfsögðu leitt, ef hann hefur orðið fyrir vonbrigðum af mínum áhuga um framfarir í landinu, en ég verð auðvitað að sitja með það álit hans, og hann verður að hafa þá skoðun á því, sem hann vill.

Varðandi það atriði, að það sé hart aðgöngu að fá ekki brú í Dalasýslu, þá vil ég vekja athygli á því, að það er ekki einstakt, að það sé ekki byggð brú í Dalasýslu, því að t. d. í minu eigin kjördæmi er nú veitt fé í eina brú í þremur sýslum og ekki þó einu sinni nægilegt til þess að ljúka þeirri brú. En ástæðan er auðvitað sú, að heildarfjárveiting til brúa hefur ekki verið hækkuð, og það er auðvitað rétt, að vissulega væri æskilegt að hafa það fé meira. En ég held, að miðað við það fé, sem við höfum haft til ráðstöfunar, hafi engin rangindi verið sýnd í því efni einum né neinum, eða ég a. m. k. vona, að það hafi ekki verið viljandi neins hlutur þar fyrir borð borinn. Hitt geta menn svo auðvitað deilt um — og raunar þurfa ekkert að deila um, að ef atvik hefðu verið þannig, að það hefði verið hægt að auka fjárveitingar til þessara þarfa, þá hefði það vissulega glatt mig engu síður en hv. þm. Umræður um það, að þetta hafi leitt af kjördæmabreytingunni, og aðrar þess konar bollaleggingar skal ég alveg láta liggja á milli hluta, því að ég held, að menn sjái nú, ef þeir íhuga það í alvöru, að það hafi haft harla lítil áhrif á þetta mál.

Þá vil ég aðeins segja það til skýringar varðandi brtt. þessa hv. þm. um Akraneshöfn, að það er alveg rétt, að það hefði verið vafalaust full þörf á að hafa fjárveitingu til hennar jafnháa í fjárlögum næsta árs eins og þessa árs. En það hefur bara orðið sú breyting þar á, að það eru fleiri hafnir, sem komnar eru á sama stig varðandi kröfur á hendur ríkissjóði um framlög, heldur en Akraneshöfn. Í vetur sem leið stóðu sakir þannig, að Akraneshöfn átti inni hjá ríkinu mun meira en nokkur önnur höfn á landinu. Nú er þetta breytt, og það liggur því í hlutarins eðli, að það er ekki hægt að hafa þessa einu höfn í sérflokki að þessu leyti, enda þótt hún vissulega sé í sérflokki

með fyrirgreiðslu, þar sem greiddar eru til hennar undir sérstökum lið 1.5 millj. kr., sem ég hygg að muni þykja allgóð aðstoð við þessa höfn, þó að enginn sé að telja það eftir, þannig að ekki sé hægt að segja, að hennar hlutur hafi á neinn hátt verið fyrir borð borinn.

Varðandi brtt. um það að ákveða ráðstöfun á því fé, sem óskipt er veitt til flugvallagerða og er ætlunin að síðar verði varið eftir því, sem sýnir sig, þegar kemur fram á árið, að þarfirnar séu brýnastar, þá held ég, að það sé ekki hyggilegt að ráðstafa því fé fyrir fram. Ég tel mig þess vegna með engu móti geta mælt með neinni tillögu um það efni. Og ég hefði haldið, að það væri jafnvel hyggilegt af þeim hv. þm., sem flytja till. um Egilsstaðaflugvöll, að taka hana fremur til baka heldur en láta ganga um hana atkv. hér í þinginu, því að ef svo færi, að hún yrði hér felld, þá mundi það geta jafnvel rýrt möguleika á því að verja sérstaklega fé til þessa flugvallar. Það eru margar þarfir, sem þarf að líta á í þessu efni, og það verður að meta það eftir því, sem tíminn sýnir að brýnast sé að verja einhverju fé til úrbóta. Þess vegna held ég, að reynslan hafi sýnt það árið í ár, að þetta hafi verið mjög hyggileg tilhögun og það sé því ástæðulaust að breyta út frá því nú.

Ég ætla svo, herra forseti, ekki að orðlengja frekar um þetta eða efna hér til neinna almennra umr. um fjárlögin almennt og læt því alveg hjá líða allar pólitískar aths., sem hér hafa komið fram. En ég held, að ég hafi minnzt á þau atriði, sem ég tel að máli skipti.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Reynslan varð sú við 2. umr. fjárl., að allar brtt. frá þm. í stjórnarandstöðunni voru felldar, hver og ein einasta. Þetta er auðvitað ekki uppörvandi. En samt vildi ég nú freista þess að bera fram við þessa umr. tvær litlar brtt. Þær eru báðar á þskj. 235, II og V.

Sú fyrri er við 13. gr. fjárl. um, að veittar verði til Vatnsfjarðarbryggju í Norður-Ísafjarðarsýslu 70 þús. kr. Það höfðu komið fram mjög eindregnar óskir um það, að fjárveiting fengist til þess að lengja ofur lítið og breikka þessa bryggju, sem er þýðingarmikið samgöngutæki fyrir héraðið, einkanlega um að breikka bryggjuna það mikið, að hún yrði fær vörubifreiðum. Út af þessu hafði verið um það rætt af Vestfjarðaþm. úr hópi stjórnarliðsins, að þess yrði freistað að fá fjvn. til að taka þessa litlu fjárveitingu upp nú við 3. umr., og hafði ég fram á síðustu stundu búizt við því, að svo yrði gert. En þetta virðist nú hafa annaðhvort gleymzt eða ekki fengið áheyrn, og þá vildi ég ekki láta hjá líða að minna á þetta, og held, að málið sé ekki stærra í sniðum en svo, að það væri vel hægt, ef vilji væri fyrir hendi, að verða við þessu.

Hin till. er um það að heimila ríkisstj. að verja allt að 700 þús. kr. til rekstrar þyrilvængju til póstflutninga, farþegaflutninga og sjúkraflúgs um Vestfirði, ef Flugfélag Íslands eða einhverjir aðrir aðilar kynnu að hefja rekstur slíkrar flugvélar á árinu. Það má kannske segja, að ekki séu miklar líkur til þess, að það verði gert, en ef svo yrði gert, þá er hér um svo mikla tilraunastarfsemi að ræða, að það væri alls ekki óeðlilegt, að slík byrjun yrði styrkt af ríkinu, meðan reynsla væri að fást af því, hversu mikilsverð þessi þjónusta væri fyrir fólkið í hinum dreifðu byggðum.

Hér áðan var á það minnzt, að allar líkur væru til, að flugsamgöngur við marga staði á Vestfjörðum féllu niður á þessu ári, vegna þess að hætt yrði flugi sjóflugvélar á Vestfjarðasvæðið, en það hefur einmitt verið sjóflugvél, sem þessum samgöngum við Vestfirði hefur haldið uppi. Þó að nálega sé fullgerður, og svo hafi verið um nokkuð mörg ár, flugvöllur rétt hjá Hólmavík og vanti líklega ekki nema svona 50 metra lengingu á þeim velli, til þess að hann sé nothæfur Dakota-flugvélum, eins og hér var sagt áðan, þá hefur þetta þó dregizt úr hömlu, að því er virðist vegna fjárskorts, mörg undanfarin ár, og nú, þegar sjóflugvélin er að hætta starfsemi, eru allar líkur til þess, að þessi litla lenging á Hólmavíkurflugvellinum, sem ekki fæst framkvæmd, valdi því, að flugsamgöngur við Strandasýslu falli með öllu niður.

Á ýmsum öðrum stöðum á Vestfjörðum, sem á undanförnum árum hafa notið þjónustu sjóflugvélarinnar, hagar þannig til — landslagi er þannig háttað þar í mörgum fjörðunum, — að þar verða ekki gerðir flugvellir, þó að fjármagn væri fyrir hendi. Slíkur staður er t. d. Súgandafjörður. Þar er enginn möguleiki til að byggja flugvöll, og sá staður og það blómlega kauptún, sem þar er, mundi þess vegna slitna algerlega úr tengslum við flugsamgöngurnar, ef ekki væri reynt eitthvað nýtt í þessum efnum, og þá kem ég ekki auga á annað en einmitt að gera tilraun með það, hvers virði flug þyrilvængju væri um Vestfjarðasvæðið til þess að annast bæði póstflutninga, farþegaflutninga og sjúkraflug, hvert sem væri í þessum landshluta.

Það er kunnugt, að slíkar vélar þurfa engan flugvöll. Þær geta setzt á hvern sléttan blett sem er. Þyrilvængja getur þess vegna komið á hvaða bæ, sem á þyrfti að sækja sjúkan mann, og hefur stundum verið gripið til aðstoðar herliðsins í Keflavík til þess að fá lánaða þyrilvængju, þegar sérstaklega hefur staðið á. En það er ekki hægt að lifa á slíkum bónbjörgum til langframa, og væri því ekkert eðlilegra en að íslenzka ríkið stuðlaði að því, að ein slík þyrilvængja væri til í eigu ríkisins eða einhvers aðila, sem tæki að sér rekstur slíks samgöngutækis og ræki það. En slíka byrjunarstarfsemi bæri að styrkja af almannafé. Það hefur oft verið um það talað að reka þyrilvængju í sambandi við okkar nýjasta og fullkomnasta varðskip, Óðin, og mun hafa verið gerður nokkur undirbúningur að því. Ég tel því ekki útilokað, að sú hugmynd komist í framkvæmd á árinu 1961, og ef svo yrði, þá væri að sjálfsögðu eðlilegt að staðsetja slíka vél einhvers staðar á Vestfjörðum og ganga úr skugga um það, hvort ekki væri hagkvæmt að annast farþegaflug og póstflutninga og

sjúkraflug einmitt með þessu tæki, þegar það væri staðsett í landi og ekki í þjónustu landhelgisgæzlunnar, sem það yrði ekki nema annað slagið. Skipherra á Óðni hefur tjáð mér, að auðvitað komi ekki til mála — það skilur líka hver maður — að hafa þyrilvængjuna staðsetta á skipsfjöl, nema þegar bezt væri og blíðast. Hún yrði að hafa bækistöð sína í landi, og er þá auðvitað sjálfsagt að hafa hana í einhverri notkun fyrir fólkið þess á milli. Það er þetta, sem fyrir mér vakir, og vona ég, að ég hafi gert hv. þm. það skiljanlegt. Ég teldi mjög eðlilegt, að heimild væri fyrir hendi fyrir ríkisstj. til þess að verja nokkurri upphæð fjár til þessara nota, ef til þess kæmi, að einhver aðili keypti þyrilvængju á árinu, og hugsanlegt væri, að slík tilraunastarfsemi væri gerð, sem að mínu áliti mundi ein vera fær um að leysa þau samgönguvandkvæði, sem skapast á Vestfjörðum við það, að sjóflugvélin hættir störfum.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það eru nokkur orð út af ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., frsm. meiri hl., sem ég vil segja þetta:

Í fyrsta lagi talaði hv. þm. um ráðstöfun okkar á fé á 16. gr. fjárlaga, þar sem við leggjum til, að því verði ráðstafað eins og segir í till. okkar, ef greiðsluþörfin á þeim liðum verður ekki eins mikil og gert er ráð fyrir. Í sambandi við þetta mál vil ég segja það, að mér er ekki kunnugt um það þau ár, sem ég hef setið hér á hv. Alþ., að það hafi legið jafngreinilega fyrir og nú, að þarna mundi verða nokkur afgangur, og minnist ég þess, að árið 1959, við fjárlagaafgreiðslu þá, var það kannað, hvernig horfur væru um þennan lið, og var hann lækkaður í samræmi við þá könnun. Ég tel ekkert óeðlilegt við það, þó að Alþingi leggi til, að þessu fé verði varið á þann hátt, sem við leggjum til, ef fyrir því er þingmeirihluti og það reynist svo, að greiðsluþörfin á þessum fjárlagaliðum verður ekki eins mikil og ráð er fyrir gert. Þetta er því eðlismunur á fjárveitingu. Þessi heimild kemur því aðeins til framkvæmda, að það þurfi ekki að nota fé í því skyni, sem fjárlögin gera ráð fyrir. Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni í dag og hef gert hér áður, þá eru þessar till. okkar fluttar af brýnni þörf og sem þrautaleið til þess að fá einhverja jákvæða afgreiðslu á þeim, og ég sé ekkert við það að athuga, þó að þrautaleiðir séu reyndar, þegar venjulegar leiðir eru ekki færar.

Út af hinu atriðinu, sem hv. þm. ræddi hér um, form. fjvn., út af till. okkar á þskj. 225 um að heimila ríkisstj. að gera þær bráðabirgðabreytingar á launakjörum starfsmanna ríkisins, sem þar er lagt til, þá taldi hv. þm., að það væri hæpið, að þær gætu staðizt frá lagalegu sjónarmiði. Nú ætla ég mér ekki að fara að gefa hér lagaskýringar, en fyrir því eru þó dæmi, að með fjárlagaheimild hefur breyting verið gerð á greiðslum til starfsmanna ríkisins. Hér er ekki um það að ræða að breyta launalögum, þar sem hér er aðeins um að ræða að gefa ríkisstj. heimild til þess að framkvæma þetta atriði laganna á næsta ári. Með því að fjárlögin falla úr gildi, þá er þessi heimild líka fallin úr gildi, og ég sé ekki eðlismun á því, þó að þetta sé gert með þeim hætti, sem við leggjum til, eða því, þó að við segðum, að á laun starfsmanna ríkisins í þessum launaflokki skyldi greiða þessa prósenthækkun á næsta ári. En þannig hafa verið framkvæmdar slíkar breytingar, og ég hefði haldið það, að starfsmenn ríkis og bæja, sem hafa í stjórn sinna samtaka lagt til að fá þessar breytingar, hafi líka gert sér grein fyrir því, að þær mundu ekki verða til þess að spilla samkomulagi meðal starfsmanna ríkisins og bæjarfélaganna, þar sem þetta er frá þeim komið. Þess vegna sé ég ekki ástæðu til, að það þurfi að kvíða því, og ég sé ekki heldur, að hér sé verið að breyta neinum lögum, þó að með heimild í fjárlögum sé verið að gefa ríkisstj. vald til þess að framkvæma þetta svo á næsta fjárlagaári. Launaflokkarnir standa eftir sem áður, og það gerist ekkert annað en að ríkisstj. er heimilt að greiða þessu fólki uppbætur á sín laun, af þeirri einföldu ástæðu, að flest er það í þeim launaflokkum, að það er ekki hægt að una við slíkt, enda hygg ég, að í framkvæmdinni sé því víða þannig háttað, að það sé hlaupið yfir þessa launaflokka, t. d. þegar nýr starfsmaður er ráðinn. Með þessari heimild gæti ríkisstj. líka komizt hjá því að missa úr þjónustu ríkisins marga ágæta starfsmenn, sem nú þegar eru að segja upp starfi.

Ég lít því svo á, að ef að því yrði horfið, sem formaður vék lauslega að, að vísa þessum till. frá, þá væri það ekkert annað en viljayfirlýsing hv. meiri hl. í málinu, en ekki af því, að hæstv. ríkisstj. treysti sér ekki til þess að framkvæma þessar till. Ég hygg, að það muni eitthvað vefjast meira fyrir henni heldur en framkvæmd á þeim, ef til er þingstyrkur fyrir að veita þessa heimild. Og ég hefði haldið, að það væri betra fyrir hæstv. ríkisstj. að hafa þessa heimild til þess að koma sér hjá mörgum vanda, sem kann að bíða hennar, ef slík samþykkt verður ekki gerð.

Þess vegna endurtek ég það, sem ég áðan sagði, að ég treysti á það, að hv. Alþingi verði við vilja ríkisstarfsmannanna, sem hafa óskað eftir að fá þessar breytingar fram nú og ekki frekari breytingar að sinni.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 19. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 225,I felld með 31:23 atkv.
— 220,I felld með 33:23 atkv.
— 235,I.1 felld með 30:25 atkv.
— 220,II felld með 30:25 atkv.
— 225,II.1 felld með 31:24 atkv.
— 235,I.2 felld með 31:25 atkv.
— 218,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 225,II.2 felld með 29:24 atkv.
— 220,III.1 felld með 31:24 atkv.
— 225,III felld með 32:20 atkv.
— 225,III varatill. felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.
nei: SÓÓ, US, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SI, SÁ.
2 þm. (GÍG, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 225,IV felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ.
nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SI, SÓÓ, US, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, SÁ.
2 þm. (GÍG, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 235,II felld með 31:12 atkv.
— 218,2—5 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 235,III.1 felld með 32:22 atkv.
— 218,6 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 225,V felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ.
nei: BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SÓÓ, US, AGb, AuA, SÁ.
SI greiddi ekki atkv.
2 þm. (GÍG, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 218,7—8 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 235,III.2 felld með 30:21 atkv.
— 235,III.3 felld með 30:19 atkv.
— 218,9—10 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 219,1 felld með 30:24 atkv.
— 218,11 samþ. með 41:1 atkv.
— 219,2 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ.
nei: KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SI, SÓÓ, US, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, SÁ.
BGuðm greiddi ekki atkv.
2 þm. (GÍG, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 219,3 felld með 29:18 atkv.
— 218,12—17 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 219,4 felld með 31:19 atkv.
— 218,18—19 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 225,VI.1 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 218,20 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 219,5—6 felldar með 26:15 atkv.
— 220,III.2 felld með 30:23 atkv.
— 235,IV felld með 30:23 atkv.
— 218,21 samþ. með 44 shlj. atkv.

Brtt. 219,7 felld með 29:24 atkv.
— 235,V felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ.
nei: SÓÓ, US, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓB, ÓTh, PS, DÓ, SI, SÁ.
BP greiddi ekki atkv.
2 þm. (GÍG, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 218,22 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 225,VI.2 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 218,23 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 225,VII felld með 27:21 atkv.

Forseti (SÁ): Ég vil fara nokkrum orðum í sambandi við þær fjórar tillögur, sem eru undir VIII. tölulið á þskj. 225. 6. þm. Norðurl. e. hafði hreyft því, að till. 3. þm. Vesturl. o. fl. á þskj. 225, tölul. VIII, um launamál opinberra starfsmanna, sé þess eðlis, að ekki sé leyfilegt að flytja hana sem brtt. við fjárlög, þar sé um að ræða breyt. á almennum lögum, þ. e. launalögum, sem ekki sé heimilt að gera í fjárlögum. 3. þm. Vesturl. telur, að till. feli ekki í sér breyt. á launalögum, heldur sé aðeins gerð breyting á greiðslum til starfsmanna ríkisins. Í stjórnarskránni er ákvæði um setningu venjulegra laga: Ekkert lagafrv. að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum má samþykkja, fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild, sjá 44. gr. stjórnarskrárinnar. Ef lagafrv. er samþ. í annarri hvorri þd., skal það lagt fyrir hina deildina, svo sem það var samþ. Ef þar verða breytingar á gerðar, fer frv. aftur til fyrri þd. Ef hér verða aftur gerðar breytingar, fer það að nýju til hinnar d., sjá 1. mgr. 45. gr. stjórnarskrárinnar. Nú gengur enn eigi saman og ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og er þá málinu lokið með einni umræðu í sameinuðu Alþingi, sjá 2. mgr. 45. gr. stjórnarskrárinnar Frv. til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir Sþ. og afgreiða við þrjár umræður, sjá 2. mgr. 42. gr. stjórnarskrárinnar. Setning almennra laga er mjög frábrugðin setningu fjárlaga. Það er því almennt álit fræðimanna, að venjulegum lögum verði ekki breytt í fjárlögum. Hins vegar er það vafalaust, að í fjárlögum má auka lögboðnar greiðslur.

Hér þarf því að leysa úr því, hvort tillaga sú, sem hér um ræðir, felur í sér breyt. á almennum lögum eða hvort einungis er aukið við lögboðnar greiðslur. Till. er svo hljóðandi:

„Frá Halldóri E. Sigurðssyni, Karli Guðjónssyni, Halldóri Ásgrímssyni og Garðari Halldórssyni.

Við 22. gr. XXXII. Nýr liður:

Ríkisstj. er heimilt að ákveða eftirfarandi bráðabirgðabreytingar á launakjörum starfsmanna ríkisins:

a. Laun, sem samkv. gildandi launalögum fara stighækkandi eftir starfsaldri, hækki á

tveimur árum í stað fjögurra ára, þannig að byrjunarlaun verði samsvarandi núverandi launum með tveimur aldurshækkunum og hækki síðan á tveimur árum í hámarkslaun launaflokksins.

b. Starfsmönnum, sem laun taka samkv. XIII. og XIV. flokki launalaga, verði greidd laun samkv. XII. flokki.

c. Starfsmaður, sem verið hefur í þjónustu ríkisins í 10 ár samfleytt, fái launahækkun, er samsvari hækkun um einn launaflokk.

d. Laun barnakennara verði greidd með uppbót, er nemur 8%."

Ég tel, að a- og b-liðir tillögunnar feli í sér breytingu á launalögunum, en að í c- og d-liðum sé aukið við lögboðnar greiðslur. Því úrskurðast: a- og b-liðum brtt. Halldórs E. Sigurðssonar o. fl. í VIII. tölulið á þskj. 225 er vísað frá, en c- og d-liðir koma til atkvæða á venjulegan hátt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í sambandi við þann úrskurð, sem hér hefur verið felldur, mun ég enga tilraun gera til að hrekja hann á einn eða neinn hátt. Ég ætla hins vegar að vekja athygli á því, að í þeim liðum, sem hér hefur verið vísað frá, þar sem ekki sé hægt að samþykkja þá inn í fjárlög, þá hagar því svo, að þótt forseti úrskurði nú, að þeir geti ekki komið til atkv. í fjárl., þá liggur það fyrir, að ríkisstj. framkvæmir þá með löglausum hætti eftir þessum úrskurði. Ég vil sem dæmi um þetta nefna það, að í 1. liðnum, þ. e. a. s. a-staflíðnum í till. VIII á þskj. 225, er gerð till. svo hljóðandi:

„Laun, sem samkv. gildandi launalögum fara stighækkandi eftir starfsaldri, hækki á 2 árum í stað 4 ára, þannig að byrjunarlaun verði samsvarandi núverandi launum með tveimur aldurshækkunum og hækki síðan á tveimur árum í hámarkslaun launaflokksins."

Mér er kunnugt um það, að af ríkisstj. hálfu er það til í framkvæmd, að menn, sem eiga að taka laun í ákveðnum launaflokki, eru ekki látnir taka byrjunarlaun, þó að þeir eigi að gera það samkv. launalögum, heldur eru þeir látnir byrja á hærri launum, jafnvel á fullum launum. Ég vil því leyfa mér, og það var efni þess, að ég bað hér um orðið, — ég vil því leyfa mér að spyrja forseta um það, hvort þessi úrskurður hans um það, að till. sem þessi megi ekki koma hér undir atkv. í fjárlögum, hljóti ekki jafnframt að þýða það, að ríkisstj. sé óheimilt að framkvæma lögin með þeim hætti að bregða frá launalögum í þessu tilviki, eins og mér er kunnugt um að gert er. Og þá vil ég einnig láta það í ljós, að ég lít svo á, að þetta sé úrskurður Alþingis þar um, að slíkt sé ólöglegt. Enn fremur teldi ég ástæðu til þess, þegar svo er komið með úrskurði eins og nú er, að forseti gerði á því úrskurð fyrir Alþingis hönd, hvernig fara á með það, sem þannig hefur verið greitt, t. d. á yfirstandandi ári, hvort ekki beri að innheimta það.

Forseti (SÁ): Það eru töluvert alvarlegar sakir, sem hv. 6. þm. Sunnl. ber — ég veit ekki, hvort það er á núv. hæstv. ríkisstj. eða fyrri hæstv. ríkisstj. Ég a. m. k. ber fullt traust til núv. hæstv. ríkisstj., að hún fari ekki út yfir það, sem launalög ákveða hverju sinni, og hef þar engu við að bæta.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins spyrja, vegna þess að það kom ekki fram í ræðu síðasta ræðumanns, hvort hér er um að ræða einstök tilfelli eða lögin eru þannig framkvæmd almennt, að allir, sem störfuðu í viðkomandi launaflokki, væru teknir inn eins og samsvaraði tveimur aldurshækkunum tveggja ára, því að það er auðvitað sitt hvað. Ef einstakir menn koma inn í launaflokk, þá er það auðvitað ekkert óeðlilegt, ef þeir hafa verið teknir úr öðrum launaflokkum eða hafa þá reynslu að öðru leyti í starfi hjá ríkinu eða öðrum, að þeir geti komið inn í launaflokkinn, þó að þeir byrji ekki í lægsta launaflokknum. En eins og ég segi, ég veit ekki, hvort hv. þm. átti hér við einstök tilfelli, einstaka menn eða framkvæmdina í heild, og það skiptir máli og sker úr í þessu sambandi.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í sambandi við þá ræðu, sem hv. 5. þm. Reykv. flutti hér áðan, vil ég aðeins gefa þá skýringu, að hér er ekki um að ræða tilfærslu á milli launaflokka, heldur er það ákvæði í launalögum, að nýir starfsmenn, sem taka til starfa hjá ríkinu, skuli byrja á því að taka laun í ákveðnum launaflokki, þannig að fyrsta starfsárið fái þeir lægst laun, á næsta ári fái þeir örlítið hærri og þannig stighækkandi áfram. Tillagan, sem nú hefur verið vísað frá atkvgr., á við það, að þetta verði framkvæmt með þeim hætti, að tveir fyrstu stigarnir, tvö fyrstu þrepin í aldurshækkun, án tilfærslu á milli launaflokka, falli niður, og það, sem ég vitnaði hér í um framkvæmd, á við um það, að þess munu dæmi nú þegar, að starfsmenn, sem byrja í þjónustu sinni hjá ríkinu og eiga lögum samkv. að taka laun samkv. einhverjum þeim flokki, sem ákveður aldurshækkanir stig af stigi, hafa verið látnir fá hærri laun en þeirra starfsaldur segir til um, í einstökum tilfellum og ekki í öllum tilfellum. Ég endurtek það hins vegar, hvert sem traust hæstv. forseta kann að vera á ríkisstj., að það megi líta svo á, að úrskurður hans sé úrskurður Alþ. um það, að þetta skuli í öllum tilfellum óheimilt, og ég hefði viljað mælast til þess, að það hefði verið sérstaklega um það fjallað. Ég geri ekki kröfu til þess, að forseti felli um það úrskurð á stundinni, en ég beini því til hans, að um það verði fjallað, hvernig fara eigi með þær greiðslur, sem þegar hafa verið á þessu yfirstandandi ári greiddar út úr ríkissjóði, þannig að þær hafa verið hærri en aldursflokkur þess starfsmanns, sem launin tók, segir til um samkv. launalögum.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég verð að lýsa undrun minni yfir þessum umr. Hv. formaður fjvn. hefur skotið því til hæstv. forseta, hvort hæstv. forseti telji, að ákveðnar tillögur geti þingsköpum samkvæmt komið hér til atkv. Hæstv. forseti hefur lýst sinni skoðun.

Hv. 1. flm. þessara tillagna kemur hér upp og segir: „Ég vefengi ekki þennan úrskurð", en byrjar svo almennar vantraustsyfirlýsingar til fyrrv. og jafnvel núv. stjórnar. Hvað á svona að þýða? Málið er tæmt, og okkur er vansæmd að slíkum umr. sem hann reynir að halda hér uppi. Ef menn hafa sakir á ríkisstj., þá er að bera þær fram á eðlilegan hátt, en ekki í sambandi við þennan forsetaúrskurð. Ég mælist því til, að forseti leyfi ekki frekari tafir við afgreiðslu fjárlaga. Ég hef aldrei heyrt borið fram vantraust á ríkisstj. í miðjum umr. eða í miðri atkvgr. um fjárlögin.

Forseti (SÁ): Umr. um tillögurnar er slitið, og verður gengið til atkv. um c- og d-liði.

Brtt. 225,VIII.c felld með 30:28 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, ÓB, ÓlJ, PÞ, SI, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB, BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV.

nei: SB, GuðlG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓTh, PS, DÓ, SÓÓ, US, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SÁ.

2 þm. (GÍG, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 225,VIII.d felld með 30:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BFB, BjörnJ, BP, EðS, EOl, EystJ, FRV, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, ÓlJ, PÞ, SE, SkG, ÞÞ, AGl, ÁÞ, ÁB.

nei: BGuðm, EggÞ, EI, EmJ, SB, GuðlG, JPálm, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JÁ, JÞ, JP, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓTh, PS, DÓ, SÓÓ, US, AGb, AuA, BGr, BF, BK, BBen, SÁ.

ÓB, SI greiddu ekki atkv.

2 þm. (GÍG, JSk) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 258).

11. Veð.

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 18 4. nóv. 1887, um veð [125. mál] (stjfrv., A. 178).

Á 34. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er flutt að beiðni bankanna. Yfir það hefur farið prófessor Ólafur Lárusson í því skyni, að ákvæði þess séu í fullu samræmi við löggjöfina um veð að öðru leyti. Í frv. eru fjögur meginatriði. Það er kveðið skýrara á en í gildandi veðlögum frá 1927 um heimild til þess að setja vissar vörur að sjálfsvörzluveði. En með lagabreytingu frá 1927 var sú breyting gerð á veðlögunum frá 1887, að útgerðarmanni var heimilað að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla skips síns á einu útgerðartímabili í senn til tryggingar lánum, sem hann tekur til útgerðarinnar á því hjá stofnunum þessum. Síðan hafa atvinnuhættir breytzt mjög verulega, og það þykir ekki vera tvímælalaust, að heimilt sé að veðsetja með þessum hætti ýmsar afurðir, sem voru ekki framleiddar, þegar þessi breyting var gerð.

Fyrsta breytingin, sem þetta frv. hefði í för með sér, ef samþykkt yrði, er sem sagt að gera tvímælalausa heimild útgerðarmanna, framleiðenda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra, sem slíkar vörur hafa til sölumeðferðar, til að veðsetja banka eða sparisjóði þessar afurðir að sjálfsvörzluveði, og enn fremur að heimila framleiðendum að veðsetja rekstrarvörur, svo sem salt og tunnur, til tryggingar lánum, sem útgerðarmenn taka út á þessi veðsettu verðmæti.

Þá er það og nýmæli í frv., að gert er ráð fyrir að bæta í löggjöfina ákvæði til þess að tryggja rétt lánsstofnana gagnvart þriðja manni, sem tekur við veðsettum afurðum eða afla með því móti, að veðsetningin falli niður. Það er m. ö. o. gert ráð fyrir því, að veðkrafa veðhafa flytjist, ef afurðin er seld, frá afurðinni sjálfri yfir á þá kröfu, sem myndast við sölu afurðarinnar til þriðja manns.

Í þriðja lagi er það nýmæli í frv., að heimild fjmrn. til þess að lækka lögákveðin þinglestrargjöld af skuldabréfum er víkkuð og látin taka til stimpilgjalda, sem virðist sanngirnisatriði.

Og í fjórða og síðasta lagi er það nýmæli í frv., að kveðið er svo á, að víxlar til framlengingar á afurðavíxlum, sem Seðlabankinn hefur endurkeypt, skuli undanþegnir stimpilgjaldi. En það má teljast sanngirnisatriði og fullkomlega eðlilegt, að stimpilgjald sé greitt aðeins einu sinni af hverju endurkaupanlegu afurðaláni, enda munu þessi lán ætíð vera endurgreidd þegar í stað, þegar gerð hafa verið skil til framleiðandans á andvirði vörunnar.

Ég vildi leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, n. 213).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um viðauka við lög nr. 18 4. nóv. 1887, um veð. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni þessa frv., það var gert svo ýtarlega í framsöguræðu hæstv. viðskmrh., enda fylgir því mjög tæmandi grg. En n. hefur orðið sammála um að mæla með því við hv. d., að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í fjarveru viðskmrh. vildi ég aðeins segja um þetta frv. eina eða tvær setningar, um leið og það er lagt fram í þessari hv. deild. Frv. hefur verið samþ., að ég ætla samhljóða, í Nd. Það er borið fram vegna tilmæla bankanna til þess að tryggja, að þeir, sem veðsetningar hafa haft um hönd eða orðið að veðsetja fjármuni sína, geti ekki farið í kringum núverandi veðlög. Það hefur nefnilega komið fyrir, að menn, sem hafa veðsett bönkunum ýmsa fjármuni, hafa getað selt þá án þess að sá, sem við vörunum tók, væri að nokkru leyti undir sök fyrir að hafa keypt þá án þess að greiða veðskuldina. Eitt kjarnaatriðið í þessu frv. er það, að sá, sem kaupir vöru, tryggi sér það fyrir fram, að hún sé ekki veðsett, þannig að hann geti greitt andvirði hennar til seljanda.
Að öðru leyti skal ég ekki fara út í frv. Ég hef ekki kynnt mér það svo rækilega, að ég vilji mæla fyrir því hér í einstökum atriðum. Ég þekki aðalefni þess og veit, að það er talið, af bönkunum aðallega, sem hafa vörur að veði, nauðsynlegt. Ég veit líka, að það hefur verið leitað til hinna færustu lögfræðinga um samningu þess og yfirlestur, og ætla, að það sé mjög nauðsynlegt, að það nái fram að ganga og helzt sem fyrst, áður en farið er að veðsetja bönkunum vertíðarafla skipanna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 178, n. 247).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. til l. um breyt. á veðlögum, sem hér liggur fyrir.
Með l. nr. 34 frá 1927 var sú breyt. gerð á veðlögunum frá 1887, að útgerðarmanni var heimilað að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði afla frá skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn til tryggingar lánum, er hann tekur til útgerðarinnar hjá þessum stofnunum. Með þessu frv., sem hér er til umr., er þessi heimild frá 1927 gerð miklu fyllri og víðtækari. Í 1. mgr. 1. gr. þessa frv. segir, að útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða og landbúnaðarafurða og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, sé heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörzluveði o. s. frv., en þar með eru í stað útgerðarmanns áður komnir framleiðendur sjávarafurða og landbúnaðarafurða og aðrir, sem hafa þessar vörur til sölumeðferðar. Þá er enn fremur eldri heimild um, að það sé eingöngu leyfilegt að setja þetta veð yfir eitt útgerðartímabil í senn, breytt þannig í þessu lagafrv., að það sé heimilt allt að heilu ári í senn. Og þá er einnig hér í þessu lagafrv. tekið fram, að veðsetningin nái til afla og afurða án tillits til verkunaraðferðar eða framleiðslustyrks. Enn fremur er tekið fram nýtt atriði um, að veðrétturinn nái einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda.
Í 2. mgr. 1. gr. þessa frv. er nýtt ákvæði til þess að tryggja rétt banka og lánsstofnana, ef svo kynni að fara, að veðsali léti hinar veðsettu vörur af hendi án þess að ganga frá greiðslu á þeim. Hér segir, að hafi eigandi veðsett afla eða afurðir eða afhent öðrum hinar veðsettu vörur, þá öðlast veðhafinn veðrétt, sams konar og hann átti í aflanum eða afurðunum, í kröfu fyrri eiganda á hendur þeim, sem við hinum veðsettu afurðum tók, um endurgjald af hans hálfu fyrir afla eða afurðir, sem af hendi voru látnar. Sá, sem við aflanum eða afurðunum tók, bakar sér gagnvart veðhafa ábyrgð á kröfu þessari, hafi hann greitt hana veðsala, áður en veðrétturinn í henni var niður fallinn. Hér hefur sem sagt verið sett inn ný regla og ekki að tilefnislausu, þar sem það mun oft hafa skeð, að þeir, sem hafa tekið sér fé að láni út á afla eða afurðir, hafa látið afurðirnar af hendi án þess að ganga frá greiðslu, og hafa þannig stofnað rétti veðhafans í hættu.
Þá er í 3. mgr. 1. gr. þessa frv. ákveðið, að fjmrn. sé heimilað að lækka þinglestrar- og stimpilgjöld af veðbréfum fyrir þessum lánum. Þetta er endurtekning á fyrra ákvæði, en þó að því leyti breytt, að þessi heimild náði áður aðeins til þinglestrargjalda, en hér er stimpilgjöldum bætt við, enda eru stimpilgjöldin yfirleitt hærri en þinglestrargjöldin og ekki síður ástæða að veita heimild til lækkunar á þeim.
Þá er enn fremur í 4. mgr. 1. gr. sett inn nýtt ákvæði um, að víxlar til framlengingar á afurðavíxlum, sem Seðlabankinn endurkaupir, skuli undanþegnir stimpilgjaldi.
2. gr. frv. er endurtekning á eldri reglum úr veðlögum.
Það ætti að vera ljóst, að með því að lögfesta þetta frv. er réttur banka og lánsstofnana tryggður mun betur en áður. En þó að þetta frv. kunni kannske við fyrstu sýn að vera fyrst og fremst byggt á hagsmunum lánveitenda, þá er það auðvitað ljóst mál líka, að þeim mun víðtækari tryggingareglur og víðtækari veðheimildir sem veittar eru, þeim mun betri aðstaða skapast fyrir útvegsmenn og framleiðendur sjávarafurða og landbúnaðarafurða að skapa sér möguleika til að fá lán, og þess

vegna er þetta frv. einnig til hagsbóta fyrir þá aðila.

Fjhn. hefur athugað þetta frv., og hún leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla ekki að andmæla þessu frv. Ég dreg ekki í efa, að till. sú til lagasetningar, sem í henni felst, sé sprottin af nokkurri nauðsyn. En ég vil aðeins taka það fram, að ég álít, að svo geti farið, að þessi lagasetning verði í sjálfu sér haldlítil, og það er í rauninni aðeins það, sem ég vildi taka fram. Ég vil ekki vera að tefja umræður hér með því að rökstyðja það, en sannleikurinn er sá, að þetta veð, sem þarna er gert ráð fyrir, verður svo víðtækt og óákveðið, að það er að mínu viti nokkuð óvíst, hver trygging verður í því fólgin, og ég held, þó að ég vefengi ekki orð hæstv. ráðh., sem hann lét falla, þegar hann fylgdi þessu frv. úr hlaði, að þetta mál hefði verið skoðað af færustu mönnum, að þá hefði þetta mál þurft enn betri athugunar við.

Ég sé t. d. strax við athugun á grg., að þar stendur, með leyfi forseta: „Og er því gerð skilgreining á útgerðarmanni og framleiðanda útflutningsafurða.“ Það er engin skilgreining á útgerðarmanni og framleiðanda sjávarafurða hér í þessum lögum, því miður. Hana vantar. Það er aðeins sagt: útgerðarmanni og framleiðanda sjávarafurða.

Eins og ég sagði, skal ég ekki tefja umr., ég vildi bara vegna síðari tímans hafa þennan fyrirvara á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 260).

---

12. Söluskattur (stjfrv.).

Á 23. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [130. mál] (stjfrv., A. 187).

Á 33. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum nr. 10 frá 22. marz 1960 er m. a. ákvæði um bráðabirgðainnflutningssöluskatt, 8 af hundraði. Um hann er svo ákveðið, að hann skuli innheimtur til ársloka 1960. Við undirbúning og meðferð fjárlaga fyrir árið 1961 er það ljóst, að til þess að afgreiða hallalaus fjárlög fyrir það ár er ekki unnt fyrir ríkissjóð að sleppa þessum 8% innflutningssöluskatti, og þar sem það hins vegar er stefna ríkisstj. annars vegar að afgreiða fjárlög hallalaus og hins vegar að leggja ekki á nýja skatta eða innflutningsgjöld, er flutt þetta frv. um að framlengja þennan söluskatt til ársloka 1961.

Ég legg til, að frv. þessu sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru ekki mörg orð höfð í framsögu fyrir þessu máli, enda má með vissum hætti segja, að þetta frv. sé óhreina barnið stjórnarflokkanna. Það verður að vísu ekki synjað fyrir faðernið, en glöggt má þó finna, að allir tiltækilegir tilburðir eru hafðir í frammi, til þess að komizt verði hjá því, að meira beri á því en ýtrasta nauðsyn krefur, svo tilgangslaust og raunar barnalegt sem slíkt þó er, þar sem eðli þessa afstyrmis er það að þrengja kosti almennings í landinu dag hvern árið um kring og minna menn þannig á tilvist sína, en þannig hefur þetta verið um þetta mál frá upphafi.

Þegar hæstv. núverandi fjmrh. lagði fram fjárlagafrv. sitt fyrir yfirstandandi ár í febrúar s. l., gat hann þess sérstaklega í grg. þess frv., að lagður yrði á almennur söluskattur, en hins vegar yrði ekki hróflað á nokkurn hátt við söluskatti af innflutningi, hann skyldi verða óbreyttur frá því, sem hann hafði verið á undanförnum árum. Þegar svo komið var að fjárlagaafgreiðslu, varð þó reyndin sú, að þetta loforð stóðst með þeim hætti, að söluskattur í tolli var hækkaður um ein litil 114%, þ. e. a. s. úr 7.7% í 16.5%, og var það gert á þann hátt að setja „til bráðabirgða“, eins og það var kallað, nýjan skatt á tollverð vöru, — skatt, sem nam 8.8%. Loforðið í fjárlagafrv. fyrir árið 1960, í grg. með því, var þannig orðrétt:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða.“

Ég held, að naumast sé hægt að gefa fyrirheit með öllu augljósari hætti. En þetta var sem sagt efnt með þeim hætti, að í stað hins áætlaða 154 millj. kr. innflutningssöluskatts var nú ákveðið, að hann yrði hækkaður í kringum 330 millj. kr., miðað við ársinnheimtu. En með miklum þunga var lögð áherzlu á, að þetta ætti aðeins að gilda til bráðabirgða, þ. e. a. s. til ársloka þessa árs, þá skyldi þetta óhreina barn stjórnarflokkanna borið út, enda var þetta svonefnda bráðabirgðaákvæði fyrst og fremst rökstutt með því, að öll hin nýja og stórfellda skattheimta til ríkissjóðs gilti aðeins í 9 mánuði á árinu 1960 og gæfi því ekki nægar tekjur það ár, en hins vegar yrði allt annað upp á teningnum árið 1961, þegar skattarnir yrðu innheimtir allt árið.

Við stjórnarandstæðingar vorum að vísu svo óskammfeilnir, að halda því fram, að hæstv. ríkisstj. og fjmrh. hennar hefðu getað séð það fyrir, að till. um nýja skattheimtu, sem borin var fram í marzmánuði, mundi ekki geta gilt

fyrir þrjá fyrstu mánuði ársins. En auðvitað var slíkri hótfyndni okkar ekki svarað. Hins vegar lásu menn stórar fyrirsagnir í Morgunblaðinu, eins og t. d. eftirfarandi þ. 15. marz s. l.:

„Söluskatturinn rýrir ekki kjör almennings."

Og þessa fjórum dögum áður:

„Söluskatturinn er ekki nýjar álögur, heldur tilflutningur á gjaldheimtu."

Þessar stóru fyrirsagnir voru enginn venjulegur Morgunblaðssannleikur. Þær voru orðréttar tilvitnanir úr ræðum hæstv. fjmrh. og hv. formanns fjhn. þessarar hv. d. Allar fullyrðingar þessara hv. þm. voru, eins og áður segir, byggðar á því, að vísu ranglega, að bráðabirgðasöluskattur yrði aðeins í gildi ¾ hluta ársins, eins og ég áður sagði. En sannleiksgildi þessara fullyrðinga má nú m. a. marka af samanburði á skattheimtu árið 1959, þ. e. síðasta fjárlagaár, áður en núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og þeirri skattheimtu, sem fyrirhuguð er á árinu 1961, en þessi samanburður lítur þannig út, að árið 1959 var söluskattur til ríkissjóðs áætlaður 145 millj. og tekjuskattur 130 millj. eða samanlagður söluskattur og tekjuskattur 275 millj., en á árinu 1961 verður sambærileg skattheimta þessi: Söluskattur til ríkissjóðs 438,5 millj., og er sá hluti söluskattsins, sem rennur til bæjarfélaganna og kemur til með að vega á móti útsvarslækkunum, þá frá dreginn. En svo er tekjuskattur áætlaður 75 millj. Þetta verða samtals 513.5 millj. Mismunurinn, þ. e. a. s. viðreisnarhækkun þessa hluta skattheimtunnar einnar, verður því 238 millj. eða að meðaltali nálægt 7 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Þannig hafa staðizt orð og gerðir þessara hv. þm. og stjórnarflokkanna. Við þessar tölur, sem ég nú nefndi, verður óhjákvæmilega að gera þá athugasemd, að þessi gífurlega aukna skattabyrði, að viðbættum öðrum ráðstöfunum stjórnarflokkanna í efnahagsmálum, þ. á m. gengisfellingunni, sem hækkaði verð allra neyzluvara almennings um nærri því 600 millj., er þegar farin, ef svo má segja, að éta sjálfa sig, og gefa þessar tölur því alls ekki rétta hugmynd um þær drápsbyrðar, sem raunverulega eru á landsmenn lagðar. Sem bein afleiðing efnahagsaðgerðanna og allrar hinnar nýju skattheimtu kemur sú staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá, að samdráttur er á öllum sviðum og m. a. í innflutningnum vegna hinnar skertu kaupgetu almennings og athafnagetu almennt í þjóðfélaginu, og hafa þá sjálfir skattstofnarnir rýrnað stórkostlega. Innflutningurinn hefur dregizt saman og mun gera það enn meira á næsta ári en nokkurn hefur órað fyrir, ef svo heldur fram sem horfir. Og sama er að segja um öll almenn viðskipti innanlands og einnig og ekki sízt atvinnuframkvæmdir.

Nýju skattarnir og verðhækkanirnar leggjast því á minni upphæðir en áður og þar af leiðandi á minnkandi getu almennings til þess að bera þær uppi og herða þess vegna sárar en áður að öllu eðlilegu athafnalífi og afkomu almennings. Hinar hækkandi tölur skattheimtunnar segja því ekki nær því alla sögu um þær þrengingar, — að maður ekki segi hörmungar, sem af stjórnarstefnunni leiðir, því að með fullri atvinnu og öru viðskiptalífi er að sjálfsögðu unnt að þola byrðar, sem menn kikna undir í því ástandi, sem nú er að skapast fyrir tilverknað stjórnarflokkanna.

Sú röksemdafærsla, sem nú gengur eins og rauður þráður í gegnum allar fjármálaræður hv. stjórnarsinna, er vissulega verð allrar athygli, og hygg ég, að sjaldan hafi heyrzt hér á hv. Alþ. öllu aumlegri málsvörn af hendi nokkurrar ríkisstj. né beinni viðurkenning á eigin afglöpum en í henni felst. Röksemdafærslan er eitthvað á þessa leið, þegar umbúðunum er sleppt utan af henni: Með efnahagsaðgerðunum hafa ný viðhorf skapazt. Skert kaupgeta almennings dregur stórlega úr innflutningi og öllum framkvæmdum í landinu. Af því leiðir, að tekjur ríkissjóðs minnka og þar með geta hans til þess að komast af án nýrra skatta.

Það lætur nærri, að þetta sé tekið orðrétt upp úr nál. meiri hl. fjvn. um fjárlagafrv. núna, og ég hygg, að fram hafi komið í ýmsum ræðum stjórnarsinna um frv. mjög keimlík röksemdafærsla. Eða m. ö. o., hér hefur verið búinn til vítahringur, sem hæstv. ríkisstj. hvorki getur né vill rjúfa, því að þá væri öll stjórnarstefnan í raun og veru rokin út í veður og vind, — vítahringur, sem lítur þannig út: Afleiðingar kjaraskerðingar og samdráttar verða óhjákvæmilega rýrnandi ríkistekjur, en rýrnandi ríkistekjur leiða aftur af sér nýjar álögur og þar af leiðandi enn meiri kjararýrnun og síðan koll af kolli áfram, meðan ekki er höggvið á hnútinn.

Þannig er nú komið fyrir þeim mönnum, sem mest töluðu um sína glæsilegu leið til bættra lífskjara fyrir rúmu ári. Hún er nú varla nefnd án kinnroða. En hins vegar grípa stjórnarsinnar til þess örþrifaráðs að viðurkenna óbeint, að þeir hafi leitt efnahagslífið út í þá sjálfheldu, sem þeir séu ófærir um að losa það úr.

Flutningur þessa frv. um nýja skattheimtu upp á 170 millj. kr. umfram það, sem lög nú heimila, er ein hinna greinilegu staðfestinga hv. stjórnarflokka á þessari sjálfheldu. Það mætti segja kannske, að það væri einn áfanginn í vítahringnum, en áreiðanlega ekki sá síðasti, ef þing og þjóð hindra það ekki, að áfram verði haldið á svipaðri braut. Það má að vísu segja, að flutningur þessa frv. komi hvorki mér né öðrum stjórnarandstæðingum á óvart. Við 2. umr. um söluskattsfrv. hér í hv. d. í marz s. l. sagði ég það fyrir, að hér væri ekki um nein bráðabirgðaákvæði að ræða, þó að svo væri látið heita þá til þess að blekkja auðtrúa fylgismenn hæstv. ríkisstj. og lægja óánægjuöldur í þeirri sveit yfir svikum hennar á kosningaloforðunum frá 1959.

Ég sagði þá frá því, að allir embættismenn hæstv. ríkisstj. hlægju að þeirri fjarstæðu, að þessi skattur mundi aðeins gilda árlangt, eins og lögfest var fyrir 9 mánuðum, og ég skoraði á hæstv. fjmrh. að gefa um það skýra yfirlýsingu, að skatturinn yrði afnuminn, eins og frv. þá gerði ráð fyrir, nú í árslokin. En hæstv.

ráðh. varð ekki við þeirri áskorun, heldur tók þann kost að þegja þunnu hljóði. Hins vegar gerði hann allt annað en að svara hreinskilnislega til þess að láta menn bæði utan þings og innan halda, að hér væri aðeins um að ræða eina af þeim bráðabirgðaaðgerðum, sem innan tíðar mundu leiða þjóðina inn á hinn slétta veg bættrar afkomu, — byrði, sem menn yrðu aðeins að bera í bili. Kjaraskerðing í bili, það var kjörorðið, sem stjórnarflokkarnir notuðu, þegar þeir voru að leiða efnahagslífið og afkomu almennings út í þá ófæru, sem nú blasir hvarvetna við og nú er notuð sem skálkaskjól til þess að halda enn lengra áleiðis á sömu brautinni.

Bæði af framangreindum ástæðum og einnig vegna þess, að aukning óbeinna skatta, sem leggjast með jöfnum þunga á lífsnauðsynjar almennings og á óþarfa eyðslu, en hlífa hinum tekjuhærri aðilum í þjóðfélaginu, — vegna þess að þetta er eitt helzta undirstöðuatriði núverandi stjórnarstefnu, er fullvíst, að hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. sérstaklega voru fyrir fram ákveðin í því að svíkja bæði bein og óbein fyrirheit um afnám þessa svokallaða bráðabirgðasöluskatts, sem hér er til umr. En enn skortir einurð eða kjark til þess að ganga hreint til verks og leggja til, að þetta skuli verða ein af þeim föstu skattabyrðum, sem þjóðin verður af þeirra völdum að þola.

Enn á það aðeins að heita svo, að leggja eigi þessa byrði á bök almennings í bili, í eitt ár. Hver skyldi nú ástæðan vera fyrir þessu? Ég held, að hún sé einfaldlega sú, að hæstv. ríkisstj. og flokkar hennar eru hræddir, hræddir við dóm þess fólks, sem gaf þeim völdin í þeirri trú, að loforð þeirra um stöðvun verðbólgu, loforð þeirra um batnandi lífskjör og önnur falleg fyrirheit væru gefin af heiðarlegum ásetningi, en ekki kaldrifjaðri ákvörðun um að ráðast með öllum tiltækilegum aðgerðum að lífskjörum þess. Þessi ótti er höfuðorsök þess, að þetta frv. er nú fyrst borið fram, þegar aðeins örfáir dagar eru eftir af þinghaldi fyrir hátíðir, en fyrir jólaleyfi þm. verður hæstv. ríkisstj. að hafa þvingað það fram gegnum þingið, þ. e. a. s. ef ákvæði fjárlaga eiga að standast. Sá dráttur, sem orðið hefur á því, að frv. væri lagt fram, er þeim mun athyglisverðari sem kunnugt er, að hæstv. fjmrh. boðaði það strax á fyrsta degi yfirstandandi þings, þ. e. a. s. í grg. sinni með fjárlagafrv. fyrir árið 1961. Það er því engu líkara en a. m. k. einhverjir í liði hæstv. ríkisstj. hafi a. m. k. viljað fela óhreina barnið, sem bera átti út um áramótin, almenningssjónum svo lengi sem nokkur kostur var. Eða hefur það kannske verið svo, að jafnvel innan hæstv. ríkisstj. hafi sú almenna andúð, sem fyrir hendi er á þessu afkvæmi stjórnarflokkanna, vakið verulegan beyg við þá ákvörðun hæstv. fjmrh. að magna þennan uppvakning enn á ný á hendur almenningi? Hafi svo verið, hefur það vissulega ekki verið að ófyrirsynju.

Á fundi í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur, sem haldinn var fyrir ekki alllöngu, var samþykkt gerð á þá lund að fela þingmönnum og að sjálfsögðu þar með ráðherrum flokksins að beita sér fyrir því, að þessi svonefndi bráðabirgðasöluskattur yrði afnuminn nú um áramótin, eins og lög gerðu ráð fyrir. Það er nú orðið hljóðbært um þessa samþykkt, enda þótt málgagn Alþfl. hafi stungið henni í bréfakörfuna. Það má því segja, að fréttin um þessa ágætu samþykkt Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur hafi ekki verið opinberlega staðfest. En sé hér eitthvað málum blandað, þá vænti ég leiðréttingar á því frá þeim hv. þm., sem gerst mega vita um samþykkt þessa, eins og t. d. hv. 10. þm. Reykv. En hvað sem þessu líður, er hitt staðreynd, að t. d. hv. 10 þm. Reykv. beitti sér fyrir því í stjórn Alþýðusambands Íslands nú fyrir skömmu, að Alþýðusambandið krefðist þess af hæstv. ríkisstj., að söluskattsviðaukinn yrði af tekinn, og enn fremur fyrir því, að viðræður yrðu teknar upp við ríkisstj. um það mál. Öll stjórn Alþýðusambandsins, þ. á m. þrír af flokksbræðrum þessa hv. þm., var honum fyllilega sammála um afstöðu til þessa máls og samþ. að æskja viðræðna við ríkisstj. því til framgangs. Var þessi hv. þm. meðal þriggja fulltrúa Alþýðusambandsins kjörinn til þess að ræða um málið við ríkisstj. og mun einn slíkur viðræðufundur hafa verið haldinn fyrir meira en mánuði. En hæstv. ríkisstj. hefur síðan slitið þeim viðræðum án þess að skýra þau viðræðuslit á nokkurn hátt. Slíka virðingu sýnir hæstv. ríkisstj. heildarsamtökum íslenzkrar alþýðu og þá um leið þeim hv. stuðningsmanni sínum, sem falinn var sá sérstaki trúnaður af þeirra hálfu að bera fram m. a. kröfu þeirra og ósk um, að hún efndi gefin fyrirheit sín í því efni, sem hér ræðir um. Á þingi Alþýðusambands Íslands báru Alþýðuflokksmenn enn fremur fram till. um afnám söluskattsviðaukans, og voru ekki skiptar skoðanir þar um nauðsyn þess. Þá bauð þingið það fram, að allar hugsanlegar aðgerðir í efnahagsmálum og þá að sjálfsögðu einnig afnám söluskattsviðaukans, sem kynnu að geta bætt kaupmátt launa, skyldu metnar til jafns við beinar launahækkanir og kæmu því til frádráttar hinum beinu launakröfum samtakanna. En slíkt þykir ekki einu sinni svara vert af hálfu hæstv. ríkisstj. Hún er sennilega að sýna styrk sinn með slíku framferði, en Morgunblaðið hefur nýlega lýst því hátíðlega, að núverandi ríkisstj. sé sterk stjórn, vegna þess að hún sé hafin yfir það að lítillækka sig með því að setjast að samningaborði með launþegasamtökunum.

Ég hygg, að það muni nú brátt sýna sig, hvernig alþýðusamtökin taka slíkum ögrunum, þegar lífshagsmunir þeirra eru í veði, ofan á allt annað, sem á undan er gengið.

Að sjálfsögðu kemur líka brátt á daginn, hvernig þeir hv. þingmenn, sem sérstaklega hefur verið falið bæði af umbjóðendum sínum í alþýðusamtökunum og einnig af flokksmönnum sínum að vinna gegn þessu máli, þessu frv., sem nú er fram borið, bregðast við slíkum yfirþyrmandi hroka, sem kemur bæði fram gagnvart þeim sjálfum og öllum þeim, sem hafa trúað þeim fyrir málefnum sínum. Ég

ætla engu að spá um það, hvort þeir hafa enn þá geð í sér til þess að krjúpa á kné eða hvort þeir muni standa uppréttir. En hitt segir mér svo hugur um, að alþýða manna muni svara fyrir sig. Hún mun að sjálfsögðu marka afstöðu sína og baráttu eftir yfirlætislegum stóryrðum Morgunblaðsins, en hún mun hins vegar gera sér fyllilega ljósa lífsnauðsyn þess að brjóta þann vítahring, sem nú er orðinn staðreynd í efnahagskerfinu, að hrakandi lífskjör kalla í sífellu á harkalegri skattpíningu — og öfugt. Þessi vítahringur verður með engu móti rofinn, nema með því að stórhækka raunverulega laun og brjóta með því þá fjötra, sem nú hefta með hverjum degi sem líður æ meira alla eðlilega blóðrás athafnalífs og fjármála í landinu. Það má vel vera, að hæstv. ríkisstj. standi við stóryrði sín um að setjast aldrei að samningaborði við launþegasamtökin, en hún um það, vil ég segja. Hún skal þá líka vera viðbúin að taka afleiðingunum, og þær verða vissulega verstar fyrir hana sjálfa.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um það að framlengja ákvæði um bráðabirgðasöluskattinn á þá lund, að þau ákvæði skuli gilda út árið 1961. En samkv. söluskattslögunum átti þessi skattur — bráðabirgðasöluskattur — að falla niður nú um áramótin. Þessi viðaukasöluskattur, 8.8% af innflutningsverðmæti, er nú áætlaður um 170 millj. kr. eða sem svarar því að vera 1000 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Það munar vissulega um minna, og það hefði vissulega mátt draga allverulega úr þeirri kjaraskerðingu, sem efnahagsaðgerðir núv. hæstv. ríkisstj. hafa leitt yfir þessa þjóð, ef það hefði verið staðið við gefin heit um að fella niður þennan viðbótarsöluskatt um áramótin. Það þarf engan að undra, þó að við stjórnarandstæðingar látum ekki slíka álagningu sem hér er um að ræða fara í gegnum þessa hv. d. án þess að hafa þar um nokkur orð. Þetta mál verður að sjálfsögðu athugað í nefnd, og gefst tækifæri til þess á síðara stigi að ræða það rækilega, eftir að sú athugun hefur farið fram, en mér þykir samt sem áður rétt þegar á þessu frumstigi málsmeðferðarinnar hér í deildinni að benda á nokkur atriði í sambandi við þetta mál, sem ég tel bera sérstakt vitni um blekkingar og vanefndir hæstv. ríkisstj.

Ég ætla að leyfa mér að fara nokkrum orðum um þennan söluskattsauka, sem hér er beðið um á árinu 1961. Jafnframt því sem rætt er um þennan söluskattsauka, verður tæplega hjá því komizt að víkja nokkuð að söluskattinum almennt og þeirri skattlagningaraðferð, sem þar er um að tefla. Vissulega er það svo, að þessi framlengingarbeiðni hæstv. ríkisstj. gefur ríkt tilefni til þess, að rætt sé nokkuð almennt um efnahagsmálastefnu ríkisstj. og það hrapallega skipbrot, sem hún nú þegar hefur beðið. Ég skal þó ekki fara langt út í þá sálma að þessu sinni.

Það er svo með þetta mál, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði grein fyrir og ég ætla ekki að endurtaka, að það virðist frekar haft hljótt um það, og því skýtur svona gjarnan upp nokkuð að óvörum. Þessi bráðabirgðasöluskattur kom yfir eins og reiðarslag á s. l. vetri. Það var svo, eins og þegar hefur verið tekið fram, að í þeirri bók, sem hæstv. ríkisstj. gaf út s. l. vetur og hún kallaði Viðreisn, var skýrt frá því, að til stæði að leggja á almennan söluskatt, og þar var nefnd sú upphæð, sem sá almenni söluskattur skyldi nema, en það var ekki vikið að því einu orði, að það væri ætlunin að hækka innflutningssöluskattinn, heldur var þvert á móti látið að því liggja, að hann ætti að vera óbreyttur. Þetta var þó miklu betur undirstrikað í greinargerð þeirri, sem fylgdi fjárlagafrv. því, sem hæstv. núv. fjmrh. lagði fram á Alþingi s. l. vetur. En þar sagði m. a. orðrétt svo — með leyfi hæstv. forseta: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi, en hann er áætlaður 154 millj. kr. með hliðsjón af reynslu s. l. árs og áhrifum væntanlegra efnahagsaðgerða.“ Í athugasemdum með efnahagsmálafrv. ríkisstj. var talað um hinn nauðsynlega nýja söluskatt, og í umr. á Alþingi um það mál var einnig rætt um hinn nýja væntanlega söluskatt, en það var ætíð þá um hann talað á þá lund, að hann skyldi vera hundraðsgjald og það lágt hundraðsgjald af innanlandsviðskiptum og allri þjónustu, en aldrei ýjað í þá átt, að innflutningssöluskatturinn yrði hækkaður. En svo kom þetta stóra slys á daginn, sem síðasti ræðumaður vék nokkuð að og ég skal ekki orðlengja um, að það kom fram mjög mikil reikningsskekkja í sambandi við þetta mál allt, — það kom sem sé á daginn, að það vantaði nokkra milljónatugi til, til þess að áætlanir ríkisstj. stæðust, og þá var gripið til þess ráðs að hækka innflutningssöluskattinn, sem hafði verið 7 eða 7.7%, hækka hann um 8.8%, þannig að innflutningssöluskatturinn skyldi vera 16.5%. En jafnframt var það svo sett fram á þá lund, að þessi viðbótarsöluskattur var ekki settur í þann kafla söluskattslaganna, sem fjallar um innflutningssöluskattinn, heldur var honum skotið inn í ákvæði til bráðabirgða. Og það var látið óspart í ljós, að þessi viðbótarsöluskattur ætti aðeins að vera til bráðabirgða, hann ætti aðeins að innheimtast á árinu 1960, eða þann hluta ársins, sem þá var eftir að líða. Þetta var sett allgreinilega fram í grg. með frv. að söluskatti á síðasta Alþingi. Þar sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. er lagt til, að lögleiddur verði 3% almennur söluskattur á vörusölu, vinnu og þjónustu á síðasta stigi viðskipta. M. a. af þeim sökum, að skattur þessi getur eigi komið til framkvæmda, fyrr en nokkuð er liðið af árinu, er fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fæst ekki sú fjárhæð, sem frv. til fjárl. gerir ráð fyrir. Hefur því verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur. Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8% eða úr 7% í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960. Eins og áður getur, hefur skammur tími verið til athugunar og undirbúnings máls þessa, og því er sú leið, sem hér er farin, að nokkru

leyti bráðabirgðaleið. Verður unnið áfram að málinu og væntanlega unnt að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um frambúðarlausn þess.“

Það er að vísu svo, að það má segja, að það sé ofur lítill fyrirvari í þessari grg., þar sem svo einkennilega er til orða tekið, að hér sé að nokkru leyti um bráðabirgðaleið að ræða. Og sannleikurinn er sá, að þessi framlengingarbeiðni, sem hér liggur fyrir, kemur framsóknarmönnum ekki í sjálfu sér á óvart, því að t. d. tók fulltrúi Framsfl., hv. 1. þm. Norðurl. e., fulltrúi Framsfl. í þeirri n., sem fjallaði um málið, fram í nál. sínu þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi skatthækkun er að vísu talin eiga að vera til bráðabirgða fyrir líðandi ár. En hver býst við öðru en framlengingu slíkra ákvæða? Engar líkur eru til, að ríkisstj. um næstu áramót telji sig mega missa þær 180 millj. kr., sem áætlað er að þessi skattauki gefi á heilu ári.“

Það verður nú ekki annað sagt en við framsóknarmenn og stjórnarandstæðingar raunar allir höfum að þessu leyti til reynzt harla sannspáir. En þegar þessi spá var sett fram hér á s. l. Alþingi og aðrar þvílíkar, þá voru þær kallaðar hinar verstu hrakspár.

Það er að vísu rétt, að hæstv. fjmrh., svo reyndur og greindur maður sem hann er, fór mjög í kringum það, hversu varanlegt gildi þessum söluskatti væri ætlað að hafa, en aðþrengdur varð hann þó að láta uppi um það nokkra skoðun. Hann sagði, ef ég man rétt, eitthvað á þessa lund: Það er ekki lagt til að þessu sinni, að 8% skatturinn standi nema þetta ár. — Og það má að vísu segja, að hann hafi með þessu orðalagi haft nokkurn fyrirvara. En ég staðhæfi það nú samt sem áður, að hann hafi í sínum ræðum um þetta mál lagt á það megináherzlu, þegar hann var að afsaka það, hvers vegna væri komið fram með þessa till. um viðaukasöluskattinn, að honum væri aðeins ætlað að standa til bráðabirgða.

Hæstv. fjmrh. var þá í nokkrum vandræðum með það, hvernig hann ætti að verja þessa ráðstöfun, m. a. vegna þess, sem búið var að segja í grg. fjárlfrv., og líka þeirra yfirlýsinga, sem gefnar höfðu verið af hálfu hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, og eins vegna þess, hvernig málgögn hæstv. ríkisstj. höfðu um þetta mál skrifað.

En hæstv. ráðh. taldi, ef ég man rétt, einkanlega þrjár ástæður. Hann lét þess getið í fyrsta lagi, að þegar — og þá var hann að afsaka þessa reikningsskekkju, sem kom þarna fram — um söluskattinn almenna hefði upphaflega verið rætt, þá hefði ekki alveg verið gengið út frá því, hvort hann yrði heldur 3% eða 4%, og hefði jafnvel fremur verið ætlazt til þess, að hann yrði 4%. Hann lét þess enn fremur getið, að undanþágur í söluskattsfrv. hefðu orðið meiri en gert hefði verið ráð fyrir, þær hefðu orðið viðtækari en gert hefði verið ráð fyrir upphaflega. En í þriðja lagi, og á það var, ef ég man rétt, aðaláherzlan lögð, gæfi söluskatturinn, sá almenni, minna en ráð hafði verið fyrir gert, vegna þess að hann stæði aðeins þrjá ársfjórðunga. Þessi síðasta röksemd ráðh. gaf auðvitað óbeint til kynna, að það mundi ekki verða þörf fyrir þennan viðbótarsöluskatt á árinu 1961, þegar hægt væri að innheimta almenna söluskattinn fyrir heilt ár. Og það er alveg öruggt, að hvað sem ræðum hæstv. fjmrh. leið hér á Alþingi, þá undirstrikuðu málgögn stjórnarflokkanna það hvað eftir annað rækilega, að þessum bráðabirgðasöluskatti væri aðeins ætlað að standa til áramóta. Hann mundi ekki verða innheimtur lengur, hann mundi ekki verða framlengdur. Það mætti áreiðanlega sanna þetta með ótal tilvitnunum í Morgunblaðið.

En þó að það megi segja samkvæmt því, sem ég hef þegar fram tekið, að þessi framlengingarbeiðni, sem hér liggur nú fyrir, komi stjórnarandstæðingum ekki á óvart, vegna þess að hún er í samræmi við það, sem þeir sögðu fyrir, þá hlýtur hins vegar þessi framlengingarbeiðni að koma stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. ákaflega á óvart, því að ef þeir hafa lagt trúnað á það, sem um þetta var sagt í málgögnum ríkisstj., þá máttu þeir vissulega ganga út frá því og treysta því, að þessi viðaukasöluskattur yrði ekki framlengdur. Og eins og áður hefur verið sagt, þá er hér sannarlega ekki um neitt lítilræði að tefla, þegar um er að ræða álögur, sem jafngilda þúsund króna álögum á hvert mannsbarn í landinu.

Það skal að vísu viðurkennt, að þessi söluskattsauki er í sjálfu sér að skömminni til skárri en sá almenni söluskattur, því að hinn almenni söluskattur, sem nú er lagður á alla hluti hér í landi og hvers konar þjónustu, er í eðli sínu ákaflega ranglátur og óheppilegur á allan hátt. Hann er ranglátur af því, að hann leggst þyngst á þá, sem þyngstar byrðar bera í þjóðfélaginu, að öðru jöfnu, leggst þyngst á þá, sem stærsta fjölskyldu hafa og að öðru leyti eru sízt um það færir að bera skatta, og hann er óheppilegur vegna þess, að aðferðin við innheimtu hans er á þá lund, að það er mikil hætta á því, að hann komi ekki allur til skila, og það er mikil hætta á því, að hann freisti þeirra manna, sem eiga að sjá um innheimtu á honum, til óskilvísi og jafnvel óheiðarleika. Sú freisting, sem þeim er búin í sambandi við innheimtu þessa skatts, er svo mikil, að það er, held ég, ekki ofsagt, þó að það sé gert ráð fyrir því, að þeir standist hana ekki allir og að þessi skattur komi þess vegna aldrei til skila. Og það er alveg augljóst, að þessi almenni söluskattur hefur mjög verkað og hlýtur mjög að verka í þá átt að hækka almennt vöruverð í landinu og auka þannig stórkostlega dýrtíð.

Það er vissulega svo, að það eru fleiri en stjórnarandstæðingar, sem eru þeirrar skoðunar eða hafa verið þeirrar skoðunar, að söluskattur væri óheppileg skattlagningaraðferð og að það væri varhugavert að leggja inn á þá braut að afla ríkissjóði tekna með söluskatti. Það var a. m. k. sú tíð, að annar af stuðningsflokkum hæstv. ríkisstj. leit svo á, að söluskattur væri ákaflega óheppileg og óhentug skattheimtuaðferð, ranglát og ósanngjörn. Og

m. a. af því, að það var nú vitnað af hv. síðasta ræðumanni, 5. þm. Norðurl. e., nokkuð til nýlega gerðrar samþykktar Alþýðuflokksfélags um þessi mál, þá þykir mér ekki óviðeigandi að rifja líka upp eldri stefnuyfirlýsingar þessa flokks um þetta mál. Og ég vildi mega — með leyfi hæstv. forseta — lesa það upp, sem Haraldur Guðmundsson þáv. alþm. og þáv. formaður Alþfl. sagði um söluskattinn í þingræðu á Alþingi 1953, en þá talaði Haraldur Guðmundsson ekki aðeins í sjálfs sín nafni, heldur talaði hann þá í nafni Alþfl., því að hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég álít — og Alþýðuflokkurinn er sömu skoðunar — að af — mér liggur við að segja — öllum þeim tollum, sem á eru lagðir hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili. Og það þarf ekki orðum að því að eyða, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er til innheimtu opinberra gjalda. Aðrir tollar ýmsir — ég vil nú ekki segja flestir — eru þó á lagðir með það sjónarmið fyrir augum, að þeir séu mismunandi þungir, eins og t. d. verðtollurinn, eftir því, hvaða vörur eiga í hlut, hvort hægt er að komast af án þeirra eða ekki. En til þessa sjónarmiðs er engan veginn tekið tillit við álagningu söluskattsins, heldur þvert á móti. Í öðru lagi liggur í augum uppi, að söluskatturinn hlýtur að hækka verðlag í landinu og þar með dýrtíðina a. m. k. sem skattinum nemur og þeirri álagningu, sem óhjákvæmilega hlýtur að koma á hann í öllum viðskiptum. Sú aukna dýrtíð, sem af þessu stafar, kemur svo fram í hækkuðum framleiðslukostnaði. Af því leiðir aftur, að útflutningsvörur okkar, sem framleiddar eru með þessum háa framleiðslukostnaði, verða torseldari og standa þess vegna lakar að vígi í samkeppninni við hliðstæðar vörur á heimsmarkaðinum. Tollur þessi og skattur er því hvort tveggja í senn ranglátur gagnvart þeim, sem greiða hann, og mjög óskynsamlegur frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar. Við leggjum því til, Alþýðuflokksmenn, að þessi skattur verði felldur niður."

Þessi orð Haralds Guðmundssonar standa í B-deild Alþingistíðinda 1953, bls. 109, og þetta er að mínu viti svo sönn og skynsamleg lýsing á söluskattinum, bæði söluskattinum almennt og þeim viðbótarsöluskatti, sem hér er um að ræða, að það er ekki á mínu færi að gefa þar á betri lýsingu.

En þó er það oft svo, að einn kemur öðrum meiri. Og annar hv. Alþfl.-þm. kvað einmitt á þessu sama þingi enn sterkar að orði en þáv. formaður Alþfl. Það var núv. hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason. Hann sagði um söluskattinn:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Það er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið á af íslenzka löggjafanum. Og það er ekki nóg með það, að hann sé ranglátur í eðli sínu. Framkvæmdin á söluskattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða um söluskattinn, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða. Það er auðvelt að svíkja tekjuskatt fyrir þá, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum. Það er margfalt auðveldara að svíkja söluskatt. Það er jafnopinbert leyndarmál og skattsvikin í tekjuskattinum, að þau eru gífurleg í söluskattinum."

Þessi orð hæstv. viðskmrh. má finna í Alþingistíðindunum frá 1953, B-deildinni, á bls. 81.

En Alþfl. virðist hafa skipt um skoðun í þessu efni, a. m. k. var hann á annarri skoðun í fyrravetur, þegar gengið var frá þessu frv. hér á Alþingi. Nú er eftir að vita, hvort Alþfl. hefur aftur skipt um skoðun, en til þess gæti bent sú samþykkt, sem Alþýðuflokksfélag Reykjavíkur gerði. En Alþfl. og Alþýðublaðið virtust í fyrravetur um skeið vera mjög spennt af söluskattinum. Það setti upp í leiðara, sem frægt er, skóladæmi eða dæmi fyrir skólabörn, þar sem það komst að þeirri niðurstöðu, að það væri auðvelt reikningsdæmi fyrir hvert skólabarn í landinu, að söluskatturinn gerði hvorki til né frá, ríkissjóður hefði haft þetta miklar tekjur eftir öðrum leiðum, nú tæki hann þessa sömu upphæð bara eftir öðrum leiðum, útkoman væri núll. En í þessu sambandi láðist Alþbl. að gera grein fyrir því, sem áður fyrr skipti nokkuð miklu máli í stefnu Alþfl., að það er ekki alveg sama, hvar skattarnir eru teknir. Og þó að jafnvel væri gengið út frá því, sem ekki var nú, að það væri rétt, að skattupphæðin, sem innheimt væri í ríkissjóð, hefði verið hin sama, þá var það vitaskuld svo, að þessi skattheimta, sem framkvæmd er með söluskattinum, kemur niður á allt öðrum aðilum en sú skattheimta, sem áður var og Alþbl. virtist vilja bera saman við þá. Þess vegna var það svo, að Alþbl. mun hafa fundið það fljótlega á eftir, að almenningur sætti sig ekki við þetta og almenningi fannst það ekki vera alveg sama, þó að upphæðin væri jafnvel sú hin sama, ef þetta væri tekið allt annars staðar en áður var. Þess vegna reyndi Alþbl. að gera yfirbót, og 11. marz 1960 var þar skrifað á þessa lund, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar lífskjör alþýðunnar eru svo kröpp, að hún getur ekkert leyft sér nema nauðþurftir, er að sjálfsögðu mjög óréttlátt að leggja á þær vörur söluskatt. Við þær aðstæður kemur skatturinn þyngst niður á þeim, sem sízt skyldi. Hér þarf einfalt kerfi, sem er auðskilið og sem minnst af undanþágum. Hér þarf umfram allt nákvæmt eftirlit með innheimtu skattsins, svo að honum verði ekki hreinlega stolið á leið frá neytanda til ríkiskassans. Það mun fara verulega eftir þessu framkvæmdaratriði, hvort almenningur sættir sig við skattinn eða ekki."

Þetta sagði Alþbl. 11. marz s. l.

Alþfl.-þm. samþykktu söluskattinn þrátt fyrir það, þó að Alþbl. segði, að það væri mjög

óréttlátt að leggja söluskatt á þessar vörur, sem til nauðþurfta teljast. Einu sinni var sagt: Hið góða, sem ég vil, það geri ég ekki, en hið vonda, sem ég vil ekki, það geri ég. Það lítur út fyrir, að Alþfl.-þingmönnum sé í þessu máli eitthvað svipað farið.

En einmitt í sambandi við þetta og vegna þess, að í þessari Alþýðublaðsgrein, sem ég las upp, er á það minnzt, að allt velti á því, að „haft sé nákvæmt eftirlit með innheimtu skattsins, svo að honum verði ekki hreinlega stolið á leið frá neytanda til ríkiskassans", eins og Alþbl. orðar það, þá vildi ég mega benda hv. Alþfl.-þm. á það og minna þá á, að fyrir þessari hv. d. liggur frv. flutt af okkur hv. 1. þm. Norðurl. e., þar sem lagt er til, að lögfest verði skipan, sem gefur almenningi færi á að fylgjast með skilum á söluskatti, en það frv. felur það í stuttu máli fyrst og fremst í sér, að fjórum sinnum á ári skuli bæjarfógetar og sýslumenn leggja fram skýrslur um álagðan söluskatt, sem sýni heildarupphæð söluskattsins hjá hverjum skattgreiðanda fyrir sig og skilaðan skatt, og eiga skýrslur þessar að liggja frammi almenningi til sýnis. Ég fæ ekki betur séð en það væri alveg tilvalið tækifæri fyrir hv. Alþfl.-þm. að standa nú að einhverju leyti við hin stóru orð Alþbl. og sinna ágætu foringja og tryggja með þessum hætti og ljá atbeina sinn til þess, að þetta frv. nái fram að ganga, og veita því þannig lið, að með þessum hætti verði það tryggt, að söluskattinum verði ekki hreinlega stolið á leiðinni frá neytanda til ríkiskassans, eins og Alþbl. orðaði það.

Ég hef talað hér dálítið um Alþfl. Það er kannske ekki rétt að halda áfram að gera það. En samt sem áður finnst mér einmitt ástæða til þess í sambandi við þetta mál að benda á, hversu gersamlega Alþfl. hefur skipt um stefnu í þessu máli, og það er sannarlega ekki að undra, þegar það er haft í huga, þó að síðasta Alþfl.-þing eða Alþfl.-fundur gerði samþykkt um, að það þyrfti að endurskoða stefnu flokksins, því að vissulega er stefnan í þessu söluskattsmáli orðin algert brot og í algeru ósamræmi við stefnu Alþfl. fyrr á árum. En það gildir raunar ekki aðeins um þennan söluskatt, heldur má segja, að það sé eiginlega svo í flestum málum, sem þessi hæstv. núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, að þar eru valdar, ganga alveg í berhögg við þá stefnu, sem Alþfl. áður fyrr fylgdi og hann taldi rétta. Fer ekki hjá því, að þeim, sem áður treystu Alþfl. og höfðu á honum mætur, renni þetta nokkuð til rifja. Það er eins og það hvarfli að manni úr þjóðsögunum sagan af umskiptingnum. Það kannast allir við þá sögu, þegar barn var á bæ, allra barna vænst og óx þar upp eins og laukur í túni, en svo var það eitt sinn, þegar húsfreyjan þurfti að víkja sér frá, að þá komust illar vættir að þessu barni, og þegar hún kom aftur, var komið í staðinn fyrir þetta væna og álitlega barn allt annað og óálitlegra, sem var á allt aðra lund en hið fagra og myndarlega barn, sem áður hafði verið. Það er eins og Alþfl. hafi orðið hér fyrir þessu sama, hann sé orðinn að eins konar umskiptingi í þeim fjötrum, sem hann er nú í hjá Sjálfstfl. Vel má svo fara, að hann leysist aldrei úr þeim fjötrum og endi sitt skeið sem umskiptingur. En þó er þjóðsagan ekki öll sögð með þessu, því að það kom fyrir, að þessir umskiptingar breyttust til hins betra, og óvættirnir, sem hafði hrifið hið betra barn, skiladi því aftur, einkanlega ef þessum umskiptingi var veitt hæfileg ráðning, þá sagði það til sín.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þátt Alþfl. sérstaklega í þessu söluskattsfrv., sem hér liggur fyrir, og í söluskattinum almennt. En vissulega væri ástæða til þess, ef þm. hans vildu hér á eftir gera grein fyrir því, hvernig stendur á þeim skoðanaskiptum, sem hjá þeim hafa orðið í þessum efnum. Og náttúrlega væri fróðlegt að fá það upplýst, hvort það er ekki rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði um samþykkt Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur, og væri fróðlegt að vita, hvort þeir ætla að fylgja þeirri samþykkt eftir, og þá skilst mér, að þeir muni trauðla geta greitt atkv. með þessari framlengingu á þessum viðaukasöluskatti, sem hér er farið fram á.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt mikið úr þessu. En ég sagði það í upphafi máls míns, að það væri í sjálfu sér ástæða til þess í sambandi við þetta mál, sem hér er til umr., og þá kjaraskerðingu, sem þetta frv. felur í sér fyrir allan almenning í landinu, að ræða nokkuð þá almennu efnahagsmálastefnu, sem fylgt hefur verið í tíð núv. ríkisstj., en sú stefna hefur, eins og ég sagði, beðið algert skipbrot. En merki þeirrar stefnu var hafið undir ákaflega háfleygum einkunnarorðum. Það kannast allir við það, hver yfirskrift var yfir þeirri stefnu. Hún var: Leiðin til bættra lífskjara. — Þess vegna er einmitt í sambandi við kjaraskerðingu eins og þessa, sem hér liggur fyrir, ástæða til að minna á aðrar þær kjaraskerðingar, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir og lagt á almenning í þessu landi, og bera saman við það, hvernig það verður samrýmt loforðinu um leiðina til bættra lífskjara.

Þar má í stuttu máli segja það, að þessi ríkisstj. hefur með sínum aðgerðum beitt sér fyrir því eða valdið því réttara sagt, að vöruverð allt í þessu landi hefur stórkostlega hækkað og dýrtíðin stórkostlega magnazt vegna þeirrar ofboðslegu gengisfellingar, sem framkvæmd var, og að hinu sama hefur einmitt stuðlað söluskatturinn og vaxtaokrið, hækkað vöruverðið og magnað dýrtíðina. Og það er einmitt það, sem alveg sérstaklega skilur á milli þeirrar gengisfellingar, sem hæstv. núv. ríkisstj. beitti sér fyrir, og þeirra gengislækkana, sem áður hafa verið framkvæmdar hér á landi og Framsfl. hefur átt hlut að, að samfara þeim gengisbreytingum, sem hann hefur tekið þátt í, hefur hann jafnan lagt á það áherzlu, að það væru gerðar samtímis ráðstafanir, sem drægju nokkuð úr þeim byrðum, sem óhjákvæmilega hlutu að fylgja gengisfellingunni og hlutu óhjákvæmilega samfara henni að leggjast á allan almenning. En það var einmitt hin algerlega breytta stefna, sem tekin var upp og núv. hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir, að það væri ekki nægi-

legt að framkvæma þessa gífurlegu gengisfellingu, heldur yrði einnig jafnframt henni að gera aðrar aðgerðir, sem verkuðu í sömu átt og legðust á allan almenning og stuðluðu þannig að samdrætti. Og að hinu sama hefur auðvitað stuðlað vaxtaokur og takmarkaðir lánsfjármöguleikar, þannig að mjög fáir geta nú fengið lán og þá auðvitað sízt þeir, sem helzt þyrftu lánanna með. En jafnframt því sem þessar byrðar hafa verið lagðar á almenning og dýrtíðin hefur verið mögnuð svo stórkostlega sem raun ber vitni, hefur það verið ákveðið, að afurðaverð og kaupgjald skyldi standa í stað. Afleiðingarnar af þessari stjórnarstefnu blasa nú hvarvetna við, og sú mynd, sem við blasir, er óglæsileg. Hún er í stuttu máli á þessa lund, að hvarvetna hefur dregið stórkostlega úr framkvæmdum, t. d. byggingarframkvæmdum. Það hefur dregið úr útgerðinni þannig, að hinir stóru togarar eru nú til sölu, og það hefur dregið úr útgerðinni þannig, að útgerðarmenn telja sig ekki geta haldið áfram útgerðinni að óbreyttum aðstæðum og gera stórkostlegar kröfur, sem kunnugt er og ég skal ekki eyða tíma í að rekja hér. Og hvers konar aðrar framkvæmdir, bæði í sveit og við sjó, hafa dregizt saman. Það má þess vegna segja, að það hafi kannske náðst sá árangur, sem sagt var fyrir að mundi leiða af þessum aðgerðum öllum saman, sem söluskatturinn og þá einnig viðaukasöluskatturinn er einn þátturinn í og ég þess vegna nefni líka hér, að þessar aðgerðir allar saman hafi leitt til samdráttar. Og það er öllum hugsandi mönnum ljóst, að þessar aðgerðir allar eru að leiða til kreppu í þessu landi. Það er að byrja kreppa í þessu landi, og það verður ekki langt þangað til, ef núv. ríkisstj. sér ekki að sér, að það fer að bera á alvarlegu atvinnuleysi í þessu landi. Og ég verð að segja það, að mörgu stendur mér hér stuggur af, en ég verð að segja það, að af fáu stendur mér meiri stuggur en atvinnuleysi. Og ég hygg, að fátt sé það, sem veldur meira böli hér á landi en atvinnuleysið. Það er einmitt þetta, sem þessi núv. hæstv. ríkisstj. er að leiða yfir þetta land með sínum aðgerðum. Hún er enn fremur, auk atvinnuleysisins, að leiða yfir það, að fjöldi manna hlýtur að missa sínar eignir, ef haldið verður áfram á sömu braut. Það er alveg augljóst mál, að fjöldi manna missir sín hús, missir sínar íbúðir, missir sín skip o. s. frv. Hjá þessu verður ekki komizt, ef ekki verður skipt um stjórnarstefnu.

Ég hef aldrei haldið því fram, að vandinn í efnahagsmálunum hafi verið lítill, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Ég hef hins vegar sagt, að hann hafi verið mikill, og hann var að nokkru leyti eða meðfram mikill vegna ábyrgðarlausra aðgerða, sem Alþfl.-stjórnin stofnaði til á árinu 1959, en gerði vitaskuld í skjóli Sjálfstfl. og hann kemst þess vegna ekki hjá að bera ábyrgð á.

Ég álít þessar aðgerðir, sem hæstv. núv. ríkisstj. stendur fyrir, vera háskalegar, og þó að vandinn hafi verið verulegur, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við, þá fer það ekki á milli mála, að vandinn nú er orðinn miklu, miklu meiri og geigvænlegri en þegar hún tók við völdum, og ég spái því, að sá vandi verði ekki auðleystur. Og það er alveg víst, að með hverjum degi sem líður og þessi hæstv. ríkisstj. fer með völd, þá verður sá vandi meiri. Þess vegna er það öllum fyrir beztu, að þessi hæstv. ríkisstj. fari frá völdum sem fyrst, þannig að þjóðinni og stjórnmálaflokkunum gefist kostur á því að athuga þessi mál frá grunni og taka til athugunar, með hverjum hætti er hægt að ná samstöðu um skynsamlega lausn þessara þýðingarmiklu mála og forða frá dyrum þeim voða, sem fram undan er, atvinnuleysi og eignamissi fjölda manna, ef ekki verður breytt um stjórnarstefnu. Það má segja, að ég hafi kannske farið nokkuð út fyrir þetta mál, sem hér er nánast til umr., en það hef ég einmitt gert vegna þess, að þessi söluskattsauki, sem hér er um að ræða, er einn liður í þessum kjaraskerðingarráðstöfunum hæstv. núv. ríkisstj.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er einfalt að formi og ekki langt að meginmáli. En hér er samt um að ræða stórt mál. Í þessu frv. felast ákvæði um háa skattheimtu, sem leggja á að nýju á herðar almennings í landinu, og löggjöfin um söluskattinn, sem þetta frv. er breyting á, er enn fremur einn liður í efnahagsmálakerfi núv. ríkisstj., sem hún sjálf og stjórnarflokkarnir hafa valið heitið viðreisn. Mér finnst því ástæða til að bæta nokkrum orðum við það, sem þegar er fram komið um þetta mál.

Þegar Alþingi var sett haustið 1959, lagði fyrrv. fjmrh. fram frv. til fjárlaga. Á tekjubálki þess frv. er söluskattur áætlaður 148 millj. kr. Þetta frv. hlaut þá einstæðu meðferð hér á hv. Alþingi, að fjmrh. fékkst ekki til þess að mæla fyrir því einu orði, heldur var því kastað í ruslakörfuna. En eftir þinghléið leggur hæstv. fjmrh. fyrir nýtt fjárlagafrv., og þá kom í ljós, að áætlun um söluskatt frá því, sem hið fyrra frv. gerði ráð fyrir, var hækkuð svo að hundruðum milljóna króna nam. M. a. er þá færður inn í fjárlagafrv. liður, sem fá átti með sérstökum söluskatti af vörusölu og þjónustu innanlands og átti að nema í heild 280 millj. kr. Í grg. þess frv., fjárlagafrv. núv. hæstv. fjmrh., er það tekið fram, eins og bent hefur verið á af þeim ræðumanni, sem síðast talaði, að það sé ekki fyrirhugað að hækka söluskattinn í innflutningi.

Þetta var sá boðskapur, sem alþm. var fluttur með fjárlagafrv. núv. hæstv. fjmrh. fyrir árið 1960. En skömmu síðar en það fjárlagafrv. hafði verið lagt fram flytur ríkisstj. frv. til laga um efnahagsmál, og í grg. þess frv. er vikið að þessum sérstaka þætti hins nýja kerfis, söluskattinum, og þar segir svo um söluskattinn, með leyfi hæstv. forseta: „Veruleg ný tekjuöflun verður einnig að koma til. Er það ætlun ríkisstj., að þeirra tekna verði aflað með nýjum söluskatti, og mun frv. um hann verða lagt fyrir Alþingi á næstunni. Er áætlað, að heildartekjur af þeim skatti verði 280 millj. kr. Af þeirri upphæð eiga 224 millj. kr. að

ganga til ríkisins, en 56 millj. kr. til sveitarfélaga.“

Hér kemur það ekki fram, fremur en í grg. fjárlagafrv., að ætlun hæstv. ríkisstj. sé að hækka söluskatt í innflutningi. En það kemur fram í grg. með efnahagsmálafrv., að taka átti upp nýtt kerfi, eins og við höfum nú þegar fengið nokkra reynslu af, og loforðin í sambandi við það kerfi voru ekki skorin við nögl. Í grg. fyrir efnahagsmálafrv. segir m. a. orðrétt þannig:

„Hér er ekki um að ræða ráðstafanir sama eðlis og þær efnahagsráðstafanir, sem tíðkazt hafa svo að segja árlega nú um skeið og snert hafa fyrst og fremst breytingar á bótakerfi útflutningsins og nauðsynlega fjáröflun í því sambandi, heldur algera kerfisbreytingu samhliða víðtækum ráðstöfunum í félagsmálum, skattamálum og viðskiptamálum.“

Og enn fremur segir orðrétt:

„Af þessum sökum er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstj. leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár. Með því móti telur stjórnin, að atvinnuöryggi sé bezt tryggt til frambúðar og líklegust skilyrði sköpuð fyrir aukinni þjóðarframleiðslu og batnandi lífskjörum.“

Enn liðu tímar fram, og þá flytur hæstv. ríkisstj. frv. til laga um söluskatt. Þá kemur það fyrst í ljós, gagnstætt því, sem þm. hafði verið boðað í sambandi við fjárlagafrv. og efnahagsmálafrv., að ætlunin var að knýja það fram að stórhækka söluskatt í innflutningi, þannig að til viðbótar þeim 7% söluskatti, sem innheimtur hafði verið og átti að haldast, var lagt til með bráðabirgðaákvæði í frv. að hækka þann skatt um 8% og að sú skattheimta yrði gerð til ársloka 1960. En þetta samtals nemur raunverulega 16.5%, þegar það álag, sem á þetta fellur, er með talið. Það var nú að nokkru rakið af þeim, sem talaði hér á undan mér, hv. 3. þm. Norðurl. v., hvaða rök hæstv. fjmrh. færði fyrir því, að nauðsyn bæri til að flytja þetta bráðabirgðaákvæði og knýja það gegnum þingið. En ég vil endurtaka það og leggja á það áherzlu, að meginröksemd ráðh. var sú, að vegna þess að hinn almenni söluskattur ætti ekki að gilda allt árið, þá þyrfti að grípa til bráðabirgðaráðstafana til þess að vega upp þá skerðingu, sem af því leiddi, og þessi röksemd átti að fela það í sér, að réttmætt væri að flytja þetta bráðabirgðaákvæði við söluskattsfrv. Nú er augljóst, að löggjöfin um söluskatt á að vera í gildi árið 1961, svo að þessi meginröksemd um, að sú skattheimta gildi ekki 12 mánuði ársins, er ekki lengur fyrir hendi. Þegar á þetta er litið, þessa meginröksemd, sem fram var flutt á síðasta þingi, er ekki í samræmi við hana það frv., sem nú er borið fram og er til umr. hér.

Við framsóknarmenn — og raunar stjórnarandstæðingar — bentum á, að það væru ekki líkur til, að hæstv. ríkisstj. teldi sig mega missa þann tekjustofn á árinu 1961, sem henni var fenginn í hendur með samþykkt bráðabirgðaákvæðisins á síðasta þingi. En bæði þessari viðvörun okkar og viðvörunum okkar um aðra þætti efnahagsmálanna var þá í engu sinnt. Þvert á móti túlkaði hæstv. ríkisstj. stefnu sína með þeim einstæða hætti og sérstaka að gefa loforðin út í hvítri bók undir skjaldarmerki íslenzka lýðveldisins. Þessa sérstöku ráðstöfun átöldum við stjórnarandstæðingar, og ef þeir, sem að því stóðu, eru ekki þegar búnir að sjá, að það er ekki akkur að því fyrir þá að eiga þessi loforð geymd í hvítri bók undir skjaldarmerki Íslands, eins og reynslan er nú þegar orðin á framkvæmd þeirra og stefnan sýnist fram undan í því efni, þá hygg ég, að þeir eigi eftir að átta sig á því, að þessi ráðstöfun hafi ekki verið eðlileg. Og hvar sem á er litið, þá blasir það við, hvernig loforðið um hinn trausta grundvöll atvinnulífsins er nú þegar komið. Hvað segja sjávarútvegsmenn um þessar mundir um hinn trausta grundvöll sjávarútvegsins, — og raunar er svipaða sögu að segja af öðrum atvinnuvegum með þjóðinni? Eða hvernig skyldi reynslan vera orðin af loforðinu um hinn varanlega grundvöll atvinnulífsins? Ég hef það fyrir satt, að um þessar mundir séu til athugunar sérstakar ráðstafanir vegna atvinnuveganna, af því að grundvöllurinn, sem lofað er í hvítu bókinni að leggja, reynist ekki varanlegur, því miður, vil ég nú segja. Og hvað skyldi þá vera um hinn heilbrigða grundvöll atvinnulífsins, sem lofað var að leggja? Skyldi vaxtaokrið, sem er einn þáttur í efnahagsmálastefnu stjórnarinnar, vera þáttur í því að skapa heilbrigðan grundvöll fyrir atvinnulífið í landinu? Stéttir þjóðfélagsins hafa að undanförnu látið uppi álit sitt á þeirri ráðstöfun, — álit, sem er gagnstætt því, sem ríkisstj. hefur viljað halda fram í því efni. Í fjórða lagi var lofað atvinnuöryggi. Hvað er að segja um það? Er það ekki orðið svo eftir nokkurra mánaða viðreisnarstjórn núverandi ríkisstj., að það er að gera vart við sig atvinnuleysi, sem hefur ekki verið til staðar í þessu þjóðfélagi um alllangt skeið, sem betur fer. Ég hygg, að það sé svo víða nú, bæði meðal iðnaðarstéttanna og á fleiri sviðum, að menn beri ugg í brjósti um atvinnuöryggið í þessu landi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir um framlengingu á bráðabirgðaákvæðum söluskattslaganna, staðfestir ásamt mörgu öðru, sem þegar er fram komið, að þær viðvaranir, sem við framsóknarmenn gáfum hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkum á síðasta þingi, voru ekki að ófyrirsynju gerðar.

Eins og ég hef þegar tekið fram, er sú meginröksemd, sem færð var fram á síðasta þingi fyrir nauðsyn þessarar skattheimtu, sem hér er til umræðu, ekki fyrir hendi nú. Hinn almenni söluskattur verður innheimtur skv. gildandi lögum allt næsta ár. Orsakir þess, að þetta frv. er nú fram borið, eru því aðrar en þær, sem fram voru færðar í fyrra. Orsakanna fyrir því er vitanlega að leita í þeirri reynslu, sem þegar er fram komin af stjórnarstefnunni, af viðreisnarstefnu stjórnarinnar, og hæstv. ríkis-

stj. er sjálf farin að átta sig á hver er. Þetta frv. er m. a. sönnun þess. Í þessu frv. felast ákvæði um skattheimtu, sem felur í sér mjög verulegar byrðar á almenning í landinu. Vegna þess er full ástæða til að minna á það, sem aðrir ræðumenn hafa þegar tekið fram, að sú skoðun hefur oft komið fram, sérstaklega af hálfu annars stjórnarflokksins, Alþfl., að söluskatturinn væri í eðli sínu ekki réttlátur tekjustofn. Hv. 3. þm. Norðurl. v. las hér orðrétt ummæli úr þingræðum forustumanna Alþfl., sem staðfesta þetta. Í þeim ummælum — og hinu sama hefur oft verið haldið fram í blöðum og ræðum manna um þessi mál hér á hv. Alþingi — kemur það glöggt fram, að sá er mismunur söluskatts og tolla, t. d. verðtolla, að þegar um tolla er að ræða, þá eru vörurnar flokkaðar eftir því, hve nauðsynlegar þær teljast, og hærri tollar lagðir á þær vörur, sem eru miður nauðsynlegar, og þeir, sem úr litlu hafa að spila, jafnvel aðeins naumlega til hnífs og skeiðar, hlíðra sér hjá að kaupa hina tollahærri vöru. En söluskatturinn leggst hlutfallslega með jöfnum þunga á allan varning, sem inn er fluttur, þar sem hið sama prósentugjald er reiknað af verði vörunnar. Af því leiðir, eins og fyrrverandi formaður Alþfl., Haraldur Guðmundsson, benti á svo skýrt og svo rökrétt, eins og hans var venja, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur og bitnar a. m. k. stundum harðast á hinum mannmörgu fjölskyldum og þeim, sem erfiðast eiga með að bera þungar fjárhagsbyrðar.

Ef til vill verður á það bent í þessu sambandi, að það sé ekki nýtt fyrirbrigði í þjóðfélaginu að innheimta söluskatt til ríkisins. Það er að sönnu rétt. En upphaflega var gripið til þessa ráðs í sambandi við uppbótakerfið, þó að síðar færi svo, að söluskatturinn yrði tekjustofn ríkissjóðs. En ef við lítum á, hve háar fjárhæðir hafa að undanförnu verið innheimtar til ríkissjóðs með söluskatti, og berum saman við það, sem gert er á þessu ári og fyrirhugað að gera næsta árið að minnsta kosti, þá sjáum við, að hér er mjög ólíku saman að jafna. Árið 1956 er söluskattur samkv. fjárl. fyrir það ár 120 millj. kr. Árið 1957 er skv. fjárl. fyrir það ár söluskattur 110 millj. kr. Árið 1958 er söluskattur til ríkissjóðs 115 millj. kr. Árið 1959 er söluskatturinn til ríkissjóðs 151.4 millj. kr. En á árinu 1960 eru söluskattarnir, sem þá eru lagðir á til ríkissjóðs, skv. fjárl. 381 millj. kr., og við það bætast 56 millj., sem renna til sveitarfélaganna, eða samtals innheimtar með söluskatti fullar 437 millj. kr. Og samkvæmt því, sem fyrirhugað er að innheimta með söluskatti á árinu 1961, þá virðast mér þær tölur vera þannig: Söluskattar af innfluttum vörum, 7%, 156.5 millj. kr., eins og liðurinn er nú orðinn eftir atkvgr. við 2. umr. fjárlagafrv., þar við bætast 282 millj.; þetta er samtals 438.5 millj. til ríkissjóðs, og við það bætist 71 millj., sem á að renna til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, þannig að á árinu 1961 virðist mér að eigi að innheimta 509 millj. kr. af landsfólkinu með söluskatti.

Nú kann einhver að benda á, að þær tölur, sem ég hef greint um söluskatt á árunum 1956—58 eða 1959, segi ekki allan sannleikann, vegna þess að á því tímabili rann hluti af söluskatti til útflutningssjóðs. Það er nú næsta erfitt að fá yfirlit yfir það, svo að öruggt sé, hve hár sá gjaldstofn var hvert ár um sig. En í skilríkjum, sem fylgdu efnahagsmálafrv. á síðasta þingi, er gert ráð fyrir, að ég ætla, að á árinu 1959 hafi sá skattur numið um 70 millj., og gefið í skyn, að hefði kerfið haldizt óbreytt og skattheimtan á árinu 1960, hefði hann ef til vill hækkað upp í 78 millj. kr. Ég ætla, að ég fari rétt með þessar tölur. En þess ber að gæta, þegar á þetta er litið, að með gengisbreytingunni tók fólkið í landinu á sig verðhækkanir, sem samsvöruðu því, sem áður hafði verið lagt á vöruverðið í söluskatti vegna sjávarútvegsins eða vegna atvinnuveganna. Það hefði því verið alls kostar eðlilegt, að um leið og gengisbreytingin var gerð, um leið og fólkið í landinu tók á sig þá verðhækkun, sem af henni leiddi, til þess að hið nýja gengi skilaði útflutningsatvinnuvegunum fleiri íslenzkum krónum en áður var, þá hefði verið alls kostar eðlilegt, að sá söluskattur, sem rann áður til útflutningssjóðs, félli algerlega niður, og er því í raun og veru hið eina rökrétta að strika hann algerlega út úr þessu dæmi.

En við þær tölur, sem ég hef nefnt um árið 1961, vil ég þó bæta einni athugasemd. Við 2. umr. fjárl. er liðurinn „söluskattur af innfluttum vörum, 7%“ hækkaður úr 148 millj. í 156.5 millj. kr. Vitanlega er hér um áætlunarupphæð að ræða, sem hæstv. fjmrh. og hv. meiri hl. fjvn., sem að þessari brtt. stóð, mun þykja sennilegt að standist. En þar sem 8% söluskatturinn, sem fjallað er um í þessu frv., leggst á sama gjaldstofn og 7% söluskatturinn, þá skilst mér, að hann muni í reynd skila hærri fjárhæð en áætlað er í fjárlagafrv., ef sú áætlun um 7% söluskattinn reynist rétt, sem þegar er búið að samþykkja. Mér skilst, að hvort tveggja sé reiknað af sama gjaldstofni. Kynni þá að fara svo, að á árinu 1961 yrði innheimt alls af þjóðinni jafnvel nokkrum mun hærri fjárhæð með söluskatti en þær 509 millj., sem ég gat um áðan.

Það er nú svo augljóst sem verið getur, það sem bent hefur verið á af mér og öðrum, sem talað hafa um þetta mál hér í dag, að sú meginröksemd, sem færð var fram fyrir nauðsyn þeirrar skattheimtu, sem hér er um að ræða, á því ári, sem nú er að líða, er ekki fyrir hendi á árinu 1961. Og þá er eðlilegt að spyrja: Hvers vegna er þá þetta frv. fram borið nú? Hver eru hin nýju viðhorf, sem hafa skapazt að þessu leyti, og hverjar eru orsakir þeirra? Ég ætla, að það liggi fyrir samkvæmt því, sem fram er komið í umr. hér á þingi og nál. fjvn., að tolltekjur ríkissjóðs muni ekki skila í ríkiskassann á þessu ári eins háum fjárhæðum og áætlað var og að ekki séu taldar líkur til, að á því verði breyting á næsta ári, og þess vegna reki nauður til að framlengja ákvæði um söluskattinn, sem átti að vera til bráðabirgða, til að vega upp á móti lækkun á tolltekjum ríkissjóðs.

Það vekur einnig eftirtekt í sambandi við þetta mál, að í fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár og í grg. með efnahagsmálafrv. og söluskattsfrv. í fyrra var áætlað, að hinn almenni söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands ætti að skila á heilu ári 280 millj. kr. Og til þess að staðfesta það enn að nýju, að sú skattheimta, sem fram fer á þessu ári samkvæmt bráðabirgðaákvæðum söluskattslaganna, væri gerð til þess að vega upp á móti því, að hinn almenni söluskattur er ekki innheimtur allt árið, þá var það staðfest með orðalagsbreytingu í fjárl. Í fjárlagafrv., eins og það var lagt fram á síðasta þingi af hæstv. fjmrh., er liðurinn orðaður þannig: „Af vörusölu og þjónustu innanlands 280 millj. kr.“ En sú eina breyting er gerð í þinginu, sem fram kemur í fjárl., eins og þau eru fyrir þetta ár, að liðurinn er orðaður svo: „Af vörusölu og þjónustu innanlands og bráðabirgðasöluskattur af innflutningi, 280 millj. kr.“ Fjárhæðin stendur heima, þessi bráðabirgðasöluskattur einungis lagður á og innheimtur samkvæmt fjárl. til þess að fylla upp í þá eyðu, sem skapaðist vegna þess, að hinn almenni söluskattur var ekki innheimtur allt þetta ár. Þetta er svo vel staðfest sem verið getur.

En sú breyt., sem á er orðin frá því, sem áætlað var, sú bitra reynsla, sem þegar er fengin af viðreisnarstefnu þeirri, sem stjórnarflokkarnir nefna svo, kemur m. a. fram í þessu frv. Þetta frv. sýnir það, að samdráttarstefna sú, sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir og framkvæmir, hefur orðið áhrifaríkari og náð áhrifum fyrr á atvinnuvegi og viðskiptalíf þjóðarinnar heldur en jafnvel þeir gerðu ráð fyrir. Þetta sýnir enn fremur ásamt öðru, að þau rök, sem við framsóknarmenn fluttum fram á þingi í fyrra í sambandi við þetta efnahagsmálakerfi, voru og eru gild. Og enn til áréttingar þessu má benda á, að hæstv. fjmrh. gerir sjálfur, að því er virðist, ráð fyrir svo miklum samdrætti, að nú áætlar hann ekki hinn almenna söluskatt 280 millj. á heilu ári, heldur einungis, samkvæmt fjárlagafrv., sem fyrir liggur nú fyrir árið 1961, 185 millj. Þessi samdráttur á tekjustofninum sjálfum grundvallast vitanlega á hinum mikla samdrætti, sem á sér stað í þjóðfélaginu.

En í beinu sambandi við þetta verður að benda á það, sem raunar aðrir ræðumenn hafa tekið fram, að hinn öri og mikli samdráttur, sem veldur þessari skerðingu á tekjustofninum sjálfum, bitnar vitanlega mjög hart á almenningi í þessu landi. Kjaraskerðing fólksins hefur þá að sjálfsögðu orðið enn þá meiri og örari en jafnvel búizt var við, þegar efnahagsmálalöggjöfin var knúin hér fram á síðasta þingi. Viðhorf stéttanna í þessu landi leynast heldur ekki. Stéttirnar hafa á undanförnum vikum og mánuðum, meðan þessi stjórnarstefna hefur verið framkvæmd, haldið sín þing, og þegar ályktanir, sem þar eru gerðar, eru lesnar niður í kjölinn, þá leynir það sér ekki, að það er samróma álit stéttanna, álit almennings í þessu landi, að kjaraskerðingin hafi orðið örari en jafnvel menn gátu búizt við í öndverðu og sé nú komin á það stig, að ekki verði til langframa við unað.

Það verður að segja, það vil ég taka fram að lokum, að löggjöfin, sem enn er í gildi um söluskatt, gaf ástæðu til að ætla, að þær mörgu milljónir, sem nú eru innheimtar á þessu ári samkvæmt bráðabirgðaákvæði söluskattslaganna, yrðu ekki lagðar aftur á almenning í þessu landi á næsta ári, vegna þess að hér er um bráðabirgðaákvæði að ræða. Þó að við framsóknarmenn bentum á þegar á síðasta þingi, að það væru litlar líkur til þess, að þessi skattheimta yrði niður felld við næstu áramót, þá er þetta ákvæði þannig í löggjöfinni, að almenningur hafði nokkra ástæðu til að vonast eftir því, að skattheimtan yrði ekki framlengd. Þetta bráðabirgðaákvæði var því örlítið ljós, dauf týra í þeim myrkviði, sem efnahagsmálaráðstafanir núv. ríkisstj. hafa reynzt gagnvart almenningi. En þetta frv., sem hér er til umr., ætlar að færa okkur heim sanninn um það, að jafnvel þetta daufa ljós ætli að reynast ljósið, sem hvarf.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. um framlengingu til eins árs á 8% innflutningssöluskatti hefur gefið hv. þingmönnum tilefni til þess að fara út í almennar umr. um efnahagsástandið og efnahagsaðgerðir ríkisstj. Ég ætla ekki að hefja slíkar almennar umr., heldur halda mér við það frv., sem hér liggur fyrir, og leiðrétta nokkuð af þeim misskilningi, sem hér hefur fram komið.

Það er þá í fyrsta lagi, að menn skyldu ætla af ræðum þessara hv. þriggja þm., að með þessu frv. væri verið að leggja stórfelldan nýjan skatt á þjóðina. Þetta er gefið í skyn af hv. þm., sem stóðu fast að vinstri stjórninni á sínum tíma, sem á hverju ári sinnar tilveru lagði stórkostlegar nýjar álögur á þjóðina. En málið liggur alls ekki þannig fyrir. Hér er ekki verið að leggja neinn nýjan skatt eða nýjar álögur á þjóðina. Það er um það að ræða að framlengja fyrir árið 1961 tekjustofn, sem er í gildi á árinu 1960. Hann er ekki hækkaður, hann er óbreyttur. Þetta vil ég segja hér í upphafi míns máls vegna þess, hversu ræður hv. þm. hafa gefið villandi mynd af því, sem hér er um að ræða. Hér er ekki um að ræða nýjar álögur, eins og tíðkuðust á hverju þingi í tíð vinstri stjórnarinnar, heldur framlengingu á óbreyttum tekjustofni, sem er í gildi.

Því hefur verið haldið fram í fyrsta lagi, að í fjárlagafrv. fyrir 1960, sem lagt var fram um mánaðamótin janúar og febrúar s. l., hafi því verið lofað, að söluskattur í innflutningi mundi ekki verða hækkaður. Það orðalag, sem vitnað er til í grg. frv. þá, er á þá leið, að þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi.“ Nú er það rétt, að þegar frv. var samið um áramótin 1959 og 1960, var ekki áformað að breyta söluskatti af innflutningi, og þessi orð standa í sínu fulla gildi. Þá var áformað að ná þeim 280 millj. kr., sem þurfti til þess bæði að vega upp á móti þeim miklu lækkunum, sem gerðar voru á ýmsum álögum, og vega einnig á móti

hinum auknu fjölskyldubótum og bótum almannatrygginga, — þá var áformað að ná þessum 280 millj. með smásöluskatti, þ. e. a. s. með söluskatti á síðasta stigi viðskipta.

Þegar fjárlagafrv. var samið og prentað, sem sagt um áramótin 1959 og 1960, hafði ekki unnizt tími til þess að semja frv. að söluskatti né hafa lokið öllum þeim margvíslega undirbúningi, sem það mál krafðist. Þegar verið var að semja það frv. og kanna þessi mál nánar, kom það í ljós í fyrsta lagi, að ekki mundi unnt að ná þessum 280 millj., sem þurfti, með 3% almennum smásöluskatti, og lágu til þess ýmsar ástæður. Niðurstaðan varð sú, að það, sem á vantaði, að 3% söluskatturinn gæfi þessa upphæð, yrði tekið fyrst um sinn með 8% innflutningssöluskatti.

Því er haldið fram hér og margendurtekið af hv. 5. þm. Norðurl. e. og af hv. 5. þm. Austf., að eina eða aðalástæðan, sem hafi verið færð fram fyrir þessu, væri sú, að 3% söluskatturinn gæti aðeins gilt í þrjá fjórðunga þessa árs. Þetta er rangt, og hv. 3. þm. Norðurl. v. viðurkenndi það hér og skýrði alveg réttilega frá því í sinni ræðu, að ég hefði talið upp í umr. um þetta mál þrjár meginástæður, — ekki þessa einu, — sem hv. þingmenn hafa viljað láta vera. Ástæðurnar til þess, að þessi 8% innflutningssöluskattur var lögleiddur, voru þessar:

Ein ástæðan var sú, að þegar fjárlfrv. er samið, var gert ráð fyrir því, að hinn nýi smásöluskattur gæti gilt meginhluta ársins. Hins vegar tók undirbúningur málsins það langan tíma og meðferð þess í Alþingi, að hann gat ekki náð nema til þriggja ársfjórðunga. Þetta var ein af ástæðunum, en ekki sú eina.

Í öðru lagi varð niðurstaðan sú við undirbúning málsins, að stórir liðir voru undanþegnir þessum 3% söluskatti, sem hafði ekki verið gert ráð fyrir í upphafi. Þannig var t. d. við undirbúning og endanlega afgreiðslu málsins ákveðið að undanþiggja hvers konar mannvirkjagerð þessum 3% söluskatti, en þetta er ákaflega stór liður, sem rýrði þennan skatt auðvitað verulega.

Og í þriðja lagi hafði í öndverðu, þegar fjárlagafrv. var samið, engu verið slegið föstu um það, hvort söluskatturinn, hinn almenni, yrði 3% eða 4% eða 5%. Við athugun málsins þótti ekki rétt að fara með hann hærra en 3%.

Allar þessar þrjár ástæður voru meginástæðurnar fyrir því, að til innflutningssöluskattsins þurfti að grípa.

Ég varð þess ekki var á síðasta þingi, að hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafi bent á aðra leið til þess að ná þessum nauðsynlegu tekjum ríkisins inn. Og að þetta hafi komið mönnum eitthvað sérstaklega á óvart, það er undarlegt að heyra það, vegna þess að öllum þm. var ljóst, strax frá því um mánaðamótin janúar og febrúar, þegar fjárlagafrv. var lagt fyrir, að þessum 280 millj. þyrfti að ná. Af orðum hv. 3. þm. Norðurl. v. mætti eiginlega ráða það, að hann hafi verið því fylgjandi eða a. m. k. talið það skárri leið, að við tókum ekki alla þessa upphæð með smásöluskatti á síðasta stigi, heldur skiptum þessum 280 millj. milli þeirrar leiðar og þessa innflutningssöluskatts, því að hann lét þau orð falla hér, að innflutningssöluskatturinn væri þó að skömminni til skárri en smásöluskatturinn.

Ég skal ekki fara út í orðræður um það, hvað felist í þessu orðalagi, að ekki hafi verið áformað að breyta núgildandi söluskatti. Ég hef skýrt frá því, að þegar fjárlfrv. var samið, var það ekki áformað. Hvort orðalagið er talið fela í sér eitthvert bindandi loforð um framtíðina, það ætla ég að sé dálítið einkennilegur skilningur á þessum orðum. Ég veit t. d., að þegar vinstri stjórnin var mynduð í júlílok 1956, hafði hún ekki áformað að segja af sér 4. des. 1958. Hún hafði þvert á móti áformað og fór ekkert dult með það, að hún ætlaði að sitja út allt kjörtímabilið. Telja þessir hv. þm., að það hafi verið svik af henni að segja af sér í desember 1958? Ég held, að það hafi ekki verið nein svik að þessu leyti, þó að hún hafi áformað að sitja út kjörtímabilið, auk þess sem ég tel, að það hafi verið mjög blessunarríkt spor fyrir þjóðina.

Í þessu sambandi er vitnað í það, að mér finnst heldur barnalega, að þegar sett eru bráðabirgðaskattalög, þá feli það orð í sér loforð um það, að þau verði ekki framlengd. Sannast sagna er það í rauninni furðulegt að þurfa að hlusta á þetta frá hv. þm. Framsfl., því að það er vitanlegt, að t. d. nú nokkuð á annan áratug hafa þeir staðið að því á hverju einasta þingi, nema kannske síðasta, að framlengja heila runu af bráðabirgðaskattalögum, sem hafa verið ákveðin frá ári til árs, þau skyldu aðeins gilda þetta ár, og svo í lok ársins hefur fjmrh. lagt fram frv. um að framlengja þau um eitt ár, og að þessu hafa þessir hv. þm. jafnan staðið. Nú koma þeir hér eins og álfar út úr hól og segja, að ef sett eru lög um, að vissar álögur skuli gilda fyrir þetta ár og það er kallað bráðabirgðaskattur, þá séu það hrein svik og óheyrt fyrirbrigði, að það sé framlengt um eitt ár. Hvar hafa þessir menn verið undanfarinn áratug?

Nú skal ég taka það fram, að mér er meinilla við hvers konar bráðabirgðaskattalög, og ég mun fyrir mitt leyti ekki feta lengi í fótspor sumra fyrirrennara um að halda því áfram heilan áratug eða á annan áratug að framlengja á hverju ári margs konar skattalög. Það er þvert á móti unnið að því nú að endurskoða tollskrána og öll aðflutningsgjöld og öll þessi bráðabirgðaskattalög til þess að steypa því saman í eina löggjöf, þannig að Alþingi geti sett skattalöggjöf og tollalöggjöf, sem er til frambúðar, en ekki þarf að vera að hringla með eða framlengja frá ári til árs..

Hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði hér margt skrýtilegt og skringilegt, m. a. það, að ég hefði verið að fela þetta mál. Hann talaði um margt í sambandi við það. En þegar maður athugar, að í fjárlagafrv. fyrir 1961, sem var útbýtt á fyrsta degi þingsins, er það skýrt tekið fram, að þennan 8% innflutningssöluskatt þurfi að framlengja, þá er það næsta furðulegt, að hv. þm. skuli koma nú og segja, að stjórnin hafi verið

að reyna að fela þessar fyrirætlanir. Með leyfi hæstv. forseta, á bls. 82 í frv. til fjárl. fyrir árið 1961, sem útbýtt var á fyrsta degi þingsins, stendur:

„Söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands og bráðabirgðasöluskattur af innflutningi (8%) er nú áætlaður 353 millj., en það er 73 millj. kr. hækkun frá fjárl. nú. Hækkunin stafar af því, að nú verður löggjöf um þetta efni væntanlega í gildi allt árið 1961."

Ef hv. þm. hefur lesið grg. fjárlagafrv., hefur þetta verið honum ljóst strax frá fyrsta degi þingsins. (**BjörnJ**: Ég tók þetta fram í minni ræðu.) Já, en hvers vegna segir þá hv. þm., að við höfum ætlað að fela þetta mál? Það er erfitt að skilja það.

Í sambandi við þetta vil ég aðeins skjóta því hér inn í, að sami hv. þm. segir, að Alþýðusambandið hafi farið fram á viðræður við fulltrúa frá ríkisstj., hafi einn viðræðufundur átt sér stað, síðan hafi stjórnin slitið þeim viðræðum án þess að rökstyðja það, — og talaði um, að slíka virðingu beri ríkisstj. fyrir alþýðusamtökunum. Hver er nú sannleikurinn í þessu? Mér er það kunnugt, vegna þess að ég átti ásamt hæstv. viðskmrh. viðræður við fjóra fulltrúa frá Alþýðusambandinu fyrir rétt rúmum mánuði. Í lok þeirra viðræðna var ákveðið, að annar viðræðufundur skyldi haldinn síðar. Það var ekkert ákveðið um, hvenær hann færi fram, en annar viðræðufundur skyldi haldinn síðar. Hann hefur ekki verið haldinn enn þá. En það hefur ekki komið eitt einasta orð frá fulltrúum Alþýðusambandsins um, að þeir óskuðu eftir þessum fundi. Ef áhugi væri mikill hjá fulltrúum Alþýðusambandsins fyrir næsta viðræðufundi, því hafa þeir þá ekki í heilan mánuð látið frá sér heyra? Svo leyfir þessi hv. þm. sér að fullyrða hér á Alþingi, að stjórnin hafi slitið þessum viðræðum og sýnt Alþýðusambandinu með því óvirðingu.

Ég hef lýst því yfir hér áður, m. a. fyrir tveim dögum í sambandi við umr. um fjárl. í Sþ., að því færi fjarri, að ég hefði gefið nokkuð í skyn um það, hvað þá gefið ádrátt um það eða loforð, að 8% innflutningssöluskatturinn yrði ekki framlengdur. Það er tilbúningur einn og staðlausir stafir, þegar hv. þm. eru að herma upp á ríkisstj., að hún eða ég hafi gefið einhver loforð um það, að þessi tekjustofn yrði ekki framlengdur. Þvert á móti, á síðasta þingi tók ég það margsinnis fram, bæði í þessari hv. d. og í Nd., að um það væri ekkert hægt að segja að svo stöddu, hvort þyrfti að framlengja þennan söluskatt að einhverju leyti eða öllu eða unnt væri að fella hann niður, það yrði að ákveðast og væri ekki hægt að ákveða það, fyrr en fjárl. fyrir 1961 yrðu tekin til meðferðar. Hv. 3. þm. Norðurl. v. vottaði þetta líka í sinni ræðu og var í því efni eins og fleirum miklu sanngjarnari og sannorðari en hinir tveir hv. þm., því að hann vitnaði þar m. a. í, að ég hefði ekki fullyrt neitt um það, hvort skatturinn yrði niður felldur um áramót. Hins vegar greip hann í það hálmstrá, að þótt ég hefði engu lofað um það, þá hefði Morgunblaðið lofað því. Með allri virðingu fyrir Morgunblaðinu, þá er ég ekki ritstjóri þess eða ábyrgðarmaður og get ekki ábyrgzt það, sem þar kann að standa. En ég held, að hv. þingmenn hljóti að viðurkenna, að af hálfu þess ráðh., sem lagði þetta frv. fram og fylgdi því í gegnum þingið í fyrravetur, hafi ekki orð fallið í þá átt, er gæfi í skyn nein loforð um það, að skatturinn yrði felldur niður á næsta ári, það yrði allt saman að athugast í sambandi við meðferð fjárlagafrv. fyrir 1961.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. ræddi hér um þá gífurlegu kjaraskerðingu, sem þessi skattur, innflutningssöluskattur, hefði í för með sér. Ég skal ekki fara að rekja þetta hér ýtarlega, en ég sýndi fram á það á síðasta þingi, og það stendur óhaggað, að þær breyt., sem gerðar voru á síðasta Alþingi á tekjustofnum, bæði á lögum um tekjuskatt, um útsvör, jöfnunarsjóð og söluskatt, höfðu það í för með sér, að fyrir meðalfjölskyldu þá, sem vísitalan er miðuð við, eru þessir nýju söluskattar léttbærari en þeir, sem af var létt. M. ö. o.: fyrir meðalfjölskyldu var lækkun tekjuskattsins og lækkunin í ár á útsvörunum og afnám 9% söluskattsins, þetta var til samans hærri upphæð en 3% söluskatturinn og 8% söluskatturinn á sömu fjölskyldu. Þetta liggur fyrir, og hv. þm. getur ósköp vel spurt hagstofuna, sem hefur reiknað þetta út, um það, hvort þetta er ekki rétt, þannig að þessar breytingar á skattalögunum urðu því fremur meðalfjölskyldu til hags en það gagnstæða.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, ætla, að það sé nægilega svarað því, sem fram hefur komið varðandi þetta sérstaka mál. En út í almennar umr. um efnahagsmál hafði ég ekki hugsað mér að fara í sambandi við þetta mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:2 atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 187, n. 194, 196 og 199).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðm, EggÞ, US, GTh, HermJ, JÁ, JÞ, ÓB, AuA, SÓÓ.

BjörnJ, KK, ÓlJ, PÞ greiddu ekki atkv.

6. þm. (ÁB, FRV, KJJ, MJ, SE, AGl) fjarstaddir.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. á þskj. 194 ber með sér, hefur fjhn. ekki getað orðið sammála um afstöðu til frv. þess, sem hér liggur fyrir. Við þrír, sem skrifum undir nál. á þskj. 194, mælum með því, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl. n., hv. 1. og 5. þm. Norðurl. e., hafa tjáð sig frv. andvíga og munu skila sérálitum. Það kom líka fram við 1. umr. málsins hér í hv. d., að skoðanamunur væri um afstöðu til þess, svo að það kemur ekki á óvart, að n. hefur klofnað í málinu, og tel ég í tilefni af því rétt að rekja með fáeinum orðum rök þau, sem að áliti okkar, sem stöndum að meirihlutaálitinu, hníga að því, að ekki sé fært,

eins og á stendur, að afnema aðflutningsgjöld þau, sem samkv. frv. skal framlengja.

Nú er það ekki svo að skilja, að okkur, sem stöndum að þessu meirihlutaáliti, sé það ekki jafnljóst og hv. stjórnarandstæðingum, að aðflutningsgjöld eru nú orðin hærri en góðu hófi gegnir og að æskilegt væri að fá þau lækkuð. Það má benda á ýmsa annmarka á hinum háu aðflutningsgjöldum. Fyrir utan það, að af þeim leiðir hærra verðlag en æskilegt er, má líka á það benda, að meðan aðflutningsgjöld eru svo há sem raun ber vitni um, næst aldrei að fullu sá megintilgangur gengisbreytingarinnar frá síðasta vetri að koma á samræmingu á milli hins innlenda og erlenda verðlags, sem m. a. kemur fram í óvenjulega miklum tilraunum til þess að smygla vörum inn í landið, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt. Þetta eru atriði, sem við gerum okkur fyllilega ljós, og með tilliti til þeirra er vel hægt að skilja, að óskir og kröfur komi fram um það frá stéttasamtökum og fleiri samtökum í þjóðfélaginu, að þessar álögur séu lækkaðar. Hitt er auðvitað fjarri lagi, að hér sé verið að leggja á einhverja nýja skatta. Þessi skattur hefur þegar staðið í hér um bil ár, og áhrif hans á verðlagið eru komin fram að fullu eða hér um bil að fullu. Með þeim verðhækkunum, sem af þessu leiddi, hefur verið reiknað, þegar áætlanir voru gerðar um áhrif efnahagsmálaráðstafananna, svo að hér er ekki um það að ræða, að verið sé að leggja neinar nýjar byrðar á fólkið, eins og sagt hefur verið í sumum málgögnum hv. stjórnarandstæðinga. En þessari hlið málsins voru gerð að mínu áliti fullnægjandi skil í ræðu hæstv. fjmrh. við 1. umr. málsins, og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það.

Hvað sem því líður, þó að ekki sé ágreiningur um, að það gæti verið æskilegt út af fyrir sig að lækka aðflutningsgjöldin, þá er það nú svo með allar aðgerðir í peninga- og fjármálum og raunverulega í kaupgjaldsmálum líka, — sem ég að gefnu tilefni mun víkja nokkuð að hér á eftir, — að með slíkum aðgerðum einum út af fyrir sig er ekki hægt að bæta hag almennings, nema ákveðnum efnahagslegum skilyrðum sé fullnægt. Ef hægt væri að bæta kjör almennings eftir vild með löggjöf á Alþingi, kaupgjaldssamningum og þess háttar, þá væri í rauninni ekkert efnahagsvandamál til, því að þá mundi varla á því standa, að slíkar samþykktir væru gerðar og sennilega einum rómi. Ástæðan til þess, að ég nefni þetta, sem í sjálfu sér ætti að vera augljósir hlutir, er sú, að hv. stjórnarandstæðingar haga oft málflutningi sínum um efnahagsmál þannig, að svo er að skilja, að það sé skoðun þeirra, að lífskjör fólksins í landinu séu á hverjum tíma ákveðin að geðþótta ríkisstj. og engu öðru. Ég hef nú í rauninni meiri trú á skynsemi og þekkingu hv. stjórnarandstæðinga en svo, að ég ímyndi mér, að þeir hafi sjálfir trú á slíkum málflutningi. Menn geta vitanlega haft ýmsar skoðanir á góðvilja hæstv. núv. ríkisstj. og annarra ríkisstj., sem með völdin fara. En hvað sem því líður, þá eru þó flestar ríkisstjórnir með því marki brenndar að vilja sitja áfram að völdum og vinna hylli almennings, þannig að væri það rétt, að lífsafkoma fólksins í landinu ákvæðist hverju sinni af ríkisstjórnunum, þá væri það dálítið einkennilegt, ef ríkisstj. teldu það yfirleitt henta bezt pólitískum hagsmunum sínum og vera vænlegast til fylgis að rýra kjörin sem mest. Og hefði ég trú á því, að hægt væri, svo að um munaði, að bæta kjör almennings hér á landi með því einfalda móti að framlengja ekki söluskatt þann, sem hér er til umr., þá væri ég hv. stjórnarandstæðingum sammála um, að slíkt bæri að gera. En málið er bara ekki svo einfalt.

Það hefur komið í ljós við fjárlagaumr., að verði þessi skattur felldur niður að öðru óbreyttu, verður óhjákvæmilega verulegur halli á fjárl. Treysta hv. stjórnarandstæðingar sér til þess að mæla með slíku? Auðvitað væri líka hægt að fella þennan skatt niður og afla þá fjár með því að leggja á einhverja aðra skatta. En mér er ekki heldur kunnugt um það, að nein till. um slíkt liggi fyrir frá hv. stjórnarandstæðingum. Þriðji möguleikinn, sem hér kæmi til greina, væri niðurskurður annarra útgjalda. En þá kemur spurningin um það, hvaða útgjöld ætti þá að skera niður, og frá hv. stjórnarandstæðingum hafa ekki komið fram, svo að mér sé vitanlegt, neinar frambærilegar till. um niðurskurð ríkisútgjalda nægilega mikinn, til þess að fjárl. yrðu hallalaus, þó að þessi söluskattur væri felldur niður.

Þó að á þessi atriði sé bent að gefnu tilefni, er ekki með því tekið aftur það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að okkur, sem að meirihlutaálitinu stöndum, er það ljóst, að stefna þurfi að því að lækka aðflutningsgjöldin. En slíkt verður ekki gert nema að undangenginni gaumgæfilegri athugun á því, hversu það megi framkvæma, án þess að afkomu ríkissjóðs sé með því stefnt í voða. Hæstv. fjmrh. hefur upplýst, að slík athugun fari nú fram, og er ástæða til þess að vona, að af henni verði jákvæður árangur, þótt auðvitað verði ekki neitt um slíkt fullyrt á einn eða annan veg, fyrr en niðurstöður af þeirri athugun liggja fyrir, en auðvitað hlýtur hún að taka sinn tíma. Það er ekki auðhlaupið að því að gera stórvægilegar breytingar á tollskrá og aðflutningsgjöldum. Slík mál þurfa eðlilega rækilegrar athugunar við, áður en slíkar breyt. eru framkvæmdar.

Ástæðan til þess, að við, sem að meirihlutanál. stöndum, sjáum að svo stöddu ekki annað fært en samþ. frv. þetta, er því sú, að við teljum, að enn sé ekki efnahagslegur grundvöllur fyrir því, að sú lækkun aðflutningsgjalda, sem af því mundi leiða, ef söluskatturinn væri nú felldur niður, geti orðið almenningi til raunverulegra hagsbóta.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) lét í ræðu, sem hann flutti við 1. umr. málsins, mjög liggja að hótun um það, að ef hæstv. ríkisstj. sæi sér ekki fært að koma til móts við óskir launþegasamtakanna um niðurfellingu söluskattsins og aðrar hliðstæðar ráðstafanir til aukningar kaupmætti launa, þá mundi verða stofnað til verkfalla og knúnar fram kaupgjaldshækkanir. Þessi

boðskapur er ekki nýr. Hann hefur sýknt og heilagt kveðið við, þegar hv. þm. og samherjar hans hafa verið í stjórnarandstöðu, og launþegarnir hafa oftsinnis hlýtt því kalli, sem gefið hefur verið, háð verkföll og fengið kaup sitt hækkað. En það er önnur hlið á þessu máli, sem full ástæða er til að athuga, úr því að gefið er tilefni til þess. Hún er sú, hver orðið hefur árangurinn af þessu hækkaða kaupi í bættum kjörum. Það vill svo til, að nú nýverið hefur Alþýðusamband Íslands látið semja skýrslu um þá breytingu, sem orðið hefur á kaupmætti launa s. l. 15 ár eða frá því 1945. Hver er niðurstaða þessarar skýrslu, sem birt hefur verið sem heild sem fskj. með frv. hv. 3. þm. Reykv. (EOl) um áætlunarráð ríkisins? Niðurstaðan er í stuttu máli sú, að þrátt fyrir þær kauphækkanir, sem orðið hafa á s. l. 15 árum eða frá því í lok seinni heimsstyrjaldarinnar 1945, er kaupmáttur launa svo að segja nákvæmlega óbreyttur frá því, sem var 1945, en að því leyti sem um breytingu er að ræða, þá er hún frekar til lækkunar. Þetta þýðir m. ö. o., að þeir, sem fengið hafa þessar kauphækkanir á þurru landi eða án þess að hafa þurft að standa í verkföllum til að knýja þær fram, búa við óbreytt kjör, þannig að hagur þeirra er hvorki verri né betri en áður. Hinir, sem þurft hafa að standa í verkföllum til þess að knýja þetta fram, hafa borið þær byrðar, sem af vinnutapinu hefur leitt, án þess að fá nokkuð í aðra hönd.

Hvernig stendur nú á þessu, að kaupmáttur launa skuli ekki hafa vaxið neitt þrátt fyrir þær grunnkaupshækkanir, sem orðið hafa? Jú, það er vegna þess, að vöruverð hefur, sumpart vegna ráðstafana, sem gerðar hafa verið af opinberri hálfu, sumpart af sjálfu sér, hækkað til samræmis við þær kauphækkanir, sem orðið hafa, þannig að kauphækkununum hefur í rauninni öllum verið velt yfir á launþegana sjálfa, þannig að það er úr þeirra vasa, sem þær hafa verið greiddar, en ekki úr vasa atvinnurekenda.

Það svar er stundum gefið við þessu, að þessi óhagstæða þróun launamálanna sé því að kenna, að afturhaldsöflin í landinu, eins og það er orðað, ræni að jafnaði launþegana aftur því, sem þeir hafi áunnið í hækkuðu kaupi, með verðhækkunum, skattaálögum, gengisfellingum og þess háttar, þess vegna sé ekki nóg að hækka kaupið, launþegarnir þurfi líka að heyja baráttu á hinum pólitíska vettvangi og tryggja það, að óvinveitt stjórnarvöld ræni þá ekki á þennan hátt áunnum kjarabótum. Eitthvað á þessa leið mun standa í hverri viku í Þjóðviljanum eða jafnvel oftar.

En í sambandi við þá raunalegu þróun, sem orðið hefur í þessum efnum, — því að annað er ekki hægt að segja, ekki sízt ef gerður er samanburður við þróunina í nágrannalöndum okkar í þessum efnum, — að kauphækkanirnar hafa ekki leitt til þeirra kjarabóta, sem launþegarnir hafa gert sér vonir um, vegna efnahagsráðstafana óvinveittra stjórnarvalda, þá er fróðlegt að minu áliti að minnast verkfallsins 1955 og þess, sem þá fór á eftir. Þetta verkfall 1955 hafði, sem kunnugt er, þær stjórnmálalegu afleiðingar, að ríkisstj., sem hv. 5. þm. Norðurl. e. og skoðanabræður hans mundu kalla verkalýðnum vinveitta, komst til valda ekki löngu eftir að þetta verkfall var háð. En hvað gerði vinstri stjórnin við þær kjarabætur, sem verkalýðurinn hafði áunnið sér í hinu langa og stranga verkfalli, sem óbeint varð til þess að lyfta vinstri stjórninni til valda? Vinstri stjórnin hafði ekki setið nema nokkra daga að völdum, þegar hún gaf út brbl. þess efnis, að 6 vísitölustiga launauppbót, sem launþegunum bar samkvæmt þágildandi kjarasamningum, skyldi felld niður. Þetta var ákveðið með brbl. Ekki var slík ráðstöfun þó nægileg að dómi hæstv. þáv. stjórnar. Nokkrum mánuðum eftir að vísitöluskerðingin var framkvæmd, var sett efnahagsmálalöggjöf sú, sem síðan hlaut nafnið „jólagjöfin", þar sem aðflutningsgjöld voru stórhækkuð, framkvæmd 16% gengislækkun og gerðar aðrar slíkar ráðstafanir, sem þýddu 150—200 millj. kr. nýjar álögur á almenning minnst. Ekki var þó hér við látið sitja. Vinstri stjórnin taldi, að þær aðgerðir, sem framkvæmdar voru gagnvart launþegunum með vísitöluskerðingunni og síðar jólagjöfinni, væru ekki nægilegar til þess að skapa atvinnuvegunum rekstrargrundvöll, þannig að vorið 1958 voru sett „bjargráðin", eins og kunnugt er, en aðalinntak þeirra var u. þ. b. 36% gengisfelling.

Hv. þdm. geta nú gert það dæmi upp sjálfir, hve mikið hafi verið eftir af kjarabótunum frá verkfallinu 1955, þegar búið var að framkvæma allar þessar ráðstafanir, fyrst vísitöluskerðinguna, síðan jólagjöfina og síðast bjargráðin. Ég tel, að það sé varla of mikið fullyrt, að það hafi ekki verið skilið neitt eftir. Samt sem áður var það nú svo, að haustið 1958, þegar vinstri stjórnin fór frá völdum, var það skoðun hennar og sérfræðinga hennar, að frekari kjaraskerðingarráðstafanir mundu vera nauðsynlegar, ef halda ætti atvinnuvegunum á floti. Til þess að sannfæra alþýðu manna um þetta voru lagðar fram á Alþýðusambandsþingi haustið 1958 viðamiklar skýrslur um ástandið í efnahagsmálum Íslendinga, sem áttu að sannfæra þá, sem þar áttu sæti, um nauðsyn frekari kjaraskerðingar. Ég ætla ekki að þreyta hv. þdm. með löngum tilvitnunum í þessar skýrslur, en vil þó aðeins leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér þær niðurstöður, sem þeir komust að, sem falið var að semja þessar skýrslur. Með því að útbýta þeim á Alþýðusambandsþingi hafði þáv. ríkisstj. í rauninni lýst samþykki sínu við þessar niðurstöður, en þar segir svo:

„Í stað þess að hafa til ráðstöfunar þjóðarframleiðsluna alla, hver sem hún nú verður, og að auki 5—10%, verðum við að leggja til hliðar vegna greiðslu á vöxtum og afborgunum erlendra lána 3—4% framleiðslunnar."

M. ö. o.: meginboðskapurinn, sem vinstri stjórnin lagði fram, um það bil sem hún fór frá völdum, var sá, að vegna mikillar skuldasöfnunar væri hag þjóðarinnar þannig komið, að eins og það er orðað hér fræðilega, þá hljóti ráðstöfunarfé þjóðarinnar á næstu missirum að

minnka um 8—14%. Með meira almennu orðalagi þýðir þetta vitanlega, að það verði að skerða kjörin um 8—14%. Beri menn þetta svo saman við þann málflutning hv. stjórnarandstæðinga, að þeir telja það ósköpin öll og boðskap, sem öllum hljóti að koma algerlega á óvart, að nauðsyn hefur þótt bera til þess með efnahagsmálaráðstöfununum, sem gerðar voru á s. l. vetri, að skerða kjörin, ekki um 8—14%, eins og þeir töldu að óhjákvæmilegt væri, heldur aðeins um 3—4%.

Þetta var nú meðferð vinstri stjórnarinnar á þeim kjarabótum, sem verkalýðurinn vann sér í hinu langa verkfalli 1955. Nú er það mjög fjarri mér að halda því fram, að þeir hæstv. ráðh., sem sæti áttu í þessari stjórn, svo sem hv. 2. þm. Vestf., sem sæti á hér í þessari hv. d., þótt hann sé nú ekki viðstaddur í bili, eða hv. 4. landsk. þm. (HV), hafi það hugarfar gagnvart almenningi í landinu, að þeir hafi gert það af fúlmennsku einni að gera þannig að engu með efnahagsmálaráðstöfunum þær kjarabætur, sem verkalýðurinn hafði áunnið í verkfallinu 1955 og varð til þess að lyfta þeim til valda. Nei, það var annað, sem kom hér til. Vinstri stjórnin varð að beygja sig fyrir þeirri staðreynd, að það var ekki efnahagslegur grundvöllur fyrir því, að kauphækkanirnar 1955 gætu orðið raunhæfar kjarabætur. Þessi ríkisstj. stóð því í nákvæmlega sömu sporum sem svo margar aðrar ríkisstj. á Íslandi einmitt á því árabili, sem hér er um að ræða, bæði ríkisstj., sem verið hafa við völd á undan vinstri stjórninni og eftir hana, að það var um tvennt að velja: annars vegar stöðvun atvinnuveganna eða efnahagsmálaráðstafanir, sem um mátti deila, í hverju ættu að vera fólgnar, en hlutu undir öllum kringumstæðum að hafa í för með sér skert kjör. Þegar þessi ríkisstj. stóð í þessum sporum, valdi hún auðvitað af tvennu illu síðari kostinn, að framkvæma kjaraskerðingarráðstafanirnar.

Ef hv. 5. þm. Norðurl. e. er alvara, eins og hann gaf að mínu áliti nokkuð í skyn í sinni ræðu við 1. umr. málsins, — þótt það mundi aðeins gleðja mig, ef það væri á misskilningi byggt, — ásamt samherjum sínum á vettvangi stjórnmálanna að hvetja nú launþegana til almennra verkfalla til að knýja fram kauphækkanir, þá finnst mér eðlilegt, að hann verði spurður eftirfarandi spurninga: Hvar er tryggingin fyrir því, að ekki fari á þá leið með þær kauphækkanir, er um kynni að verða samið að loknu svo og svo löngu verkfalli, að þessar kauphækkanir renni út í sandinn á sama hátt og allar aðrar kauphækkanir, sem orðið hafa hér á landi s. l. 15 ár? Hvar er sú trygging? Ég veit ekki, hvort hv. þm. er reiðubúinn að svara þessari spurningu hér. Það væri gaman að heyra þau svör. En velji hann þann kostinn að gera það ekki, þá á ég bágt með að trúa því, að hann verði ekki, áður en yfir lýkur, krafinn svars við henni á öðrum vettvangi. Það sama á nefnilega við um kauphækkanir og lækkun tolla og skatta, að þær út af fyrir sig leiða ekki til neinna kjarabóta, nema aukin framleiðsluafköst hafi skapað skilyrði fyrir slíku. Væri hægt að útrýma fátækt og skorti með því einu að semja um hærra kaup, þá mundi sú leið ábyggilega alls staðar hafa verið farin fyrir löngu, og engin efnahagsvandamál væru þá til.

Forseti (SÓÓ): Það er eins og skýrt hefur verið frá, að fjhn. hefur klofnað í þessu máli. Fyrir liggur enn sem komið er aðeins eitt nál., frá meiri hl. nefndarinnar, sem nú er búið að mæla fyrir, en það mun von á hinum nál. mjög bráðlega. Ég hefði óskað eftir, að umr. gætu haldið áfram, þó að nál. lægju ekki fyrir. Næstur á mælendaskrá er frsm. 1. minni hl. fjhn., hv. 1. þm. Norðurl. e., og ef hann gæti hafið ræðu sína, þó að hans nál. liggi ekki fyrir, þá væri það betra.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég sat hjá, þegar greidd voru atkv. um afbrigði fyrir þessu máli, og það var vegna þess, að mér þótti nokkuð hratt farið með ekki þýðingarminna mál. Mér virðist, að það sé viðeigandi að gefa eðlilegt tóm, þegar um svona mál er að ræða, til þess að nál. geti legið fyrir, — en eins og menn vita, þá er ekki unnið í prentsmiðjunni að prentun þskj. um helgar, og nál., sem ég samdi og skilaði í morgun, er ekki komið enn, og sama virðist mér vera um nál. hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ). En þegar svona er unnið, þá er aðeins hægt að láta liggja fyrir, að mér skilst, nál., sem er álíka mikið að fyrirferð og nál. meiri hl. eða hálf þriðja lína.

Þó vil ég ekki láta hjá líða að segja nokkur orð um þetta mál. Að vísu fóru fram myndarlegar umr. af hálfu stjórnarandstöðunnar um málið við 1. umr. Þá var t. d. rækilega sýnt fram á það, hvað annar stjórnarflokkurinn, Alþfl., er orðinn mikill umskiptingur, þegar hann stendur að svona frv. Ég minni á þetta, en endurtek það ekki, því að mér sýndist við 1. umr., að ekki mundi verða líklegt, að hægt væri að fá móðurina til að sækja hann og skila rétta barninu aftur. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hristi hann allverulega til, en móðirin lét ekki á sér kræla, og verið getur náttúrlega og er ekkert ólíklegt, að hún sé orðin svo gömul, að hún skipti sér ekki lengur af honum, — eða máske er hún fallin frá, og mætti kannske gizka á það eftir því, að þær skoðanir, sem þessi flokkur fylgir nú, eru frá löngu liðnum tímum. Það er gamla íhaldsstefnan, sem hann er tekinn að styðja.

Allt annað mál er þó og miklu eðlilegra, að Sjálfstfl. vilji hafa söluskatt. Samkvæmt vitaðri stefnu hans er honum geðfellt, að sá efnaði borgi ekki meira til hins opinbera en hinn efnalitli, en það er höfuðregla, ef tekna er aflað með söluskatti.

Um síðustu kosningar sagði Sjálfstfl. að vísu, að leiðin til bættra lífskjara væri að kjósa sig. Má vera, að svo reynist hinum raunverulega ríku, og ég held það líka. En leið Sjálfstfl. er almenningi þyrnibraut, eins og gjörla hefur í ljós komið í þessari stjórnartíð hans, í samræmi við það, sem var áður þekkt. Þetta frv. um framlengingu viðbótarsöluskattsins er enn

eitt dæmið um, að hann heldur sig við hina gömlu stefnu.

Þegar lög nr. 10 frá 20. marz 1960, um söluskatt, voru sett, lét ríkisstj. liggja í loftinu, — ég segi, að hún hafi látið liggja í loftinu, að ákvæðið um viðbótarsöluskattinn, 8% til viðbótar 7%, af allri innfluttri tollvöru, að viðbættum aðflutningsgjöldum, og áætluð væri álagning 10%, yrði ekki látið gilda lengur en til loka þess árs, sem nú er að líða. Ákvæðið um söluskattsviðaukann var sett meðal fjögurra annarra ákvæða undir fyrirsögninni: „Ákvæði til bráðabirgða" — og öll þessi fjögur ákvæði ljúka gildi á þessu ári.

Í grg. fjárlagafrv. fyrir 1960 hafði ríkisstj. áður sagt orðrétt: „Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti af innflutningi." En þegar síðar var lagt fram frv. um söluskattinn, þá segir ríkisstj. í grg. þess, að m. a. af því, að almenni söluskatturinn, 3%, sem var upp tekinn, komi ekki til framkvæmda fyrr en nokkuð er liðið af árinu, þá sé fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fáist ekki sú fjárhæð, sem frv. til fjárlaga gerir ráð fyrir. „Hefur því verið horfið að því," segir orðrétt í grg., með leyfi hæstv. forseta, „að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur. Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8%, eða úr 7% í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960. Eins og áður getur, hefur skammur tími verið til athugunar og undirbúnings máls þessa, og því er sú leið, sem hér er farin, að nokkru leyti bráðabirgðaleið. Verður unnið áfram að málinu og væntanlega unnt að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um frambúðarlausn þess."

Þegar þetta er skoðað, þá er kannske hægt að segja eins og hæstv. fjmrh., að ekkert hafi beint verið sagt um afnám eða niðurfellingu skattsins við næstu áramót. En þar er svo mikið óbeint sagt um það, að rétt er að komast þannig að orði, að loforð hafi legið í loftinu. Og áreiðanlegt var það, að fólki var af stuðningsliði stjórnarinnar beinlínis talin trú um, að þessi 8% söluskattur stæði ekki lengur en til ársloka 1960. Og maður varð þess var, að margir treystu því. Menn héldu, að þá mundi fara að rætast það, að þetta væri leiðin til bættra lífskjara, og það kæmi í ljós m. a. með því, að ekki þyrfti að framlengja þennan skatt við áramótin 1960—61. Að vísu voru margir vantrúaðir, og ég var einn á meðal þeirra. Ég sagði í nál. um þennan söluskatt 12. marz 1960, að ég teldi, að engar líkur væru til, að ríkisstj. mundi að árinu loknu telja sig mega missa þennan skatt. Ég minnist þess, að þetta þótti óvinsamlega mælt í garð ríkisstj. En mér virtist það blasa við, að stefna stjórnarinnar öll fæli í sér, að þessi spá hlyti að rætast. Nú hefur ríkisstj. líka lagt fram frv. þetta um framlengingu skattsins, sem verður í framkvæmd 8.8% til aukningar á vöruverði til almennings, og nú segist ríkisstj. gera þetta af því, að stefna sín sé að afgreiða hallalaus fjárlög án þess að leggja nýja skatta eða aðflutningsgjöld á þjóðina. Á síðasta ári var gripið til skattsins af því, að innheimta nýrra skatta gat ekki orðið nema þrjá fjórðunga ársins. Nú, þegar sú ástæða er ekki lengur fyrir hendi, segist ríkisstj. ætla að endurtaka viðbótarskattinn allan allt árið til þess að hlífa þjóðinni við nýjum sköttum eða aðflutningsgjöldum. Þetta er sannarlega einkennilegur orðaleikur, og vægast sagt er hann mjög vandræðalegur. En hvað gildir svo þessi skattur fyrir almenning? Hann er áætlaður skv. fjárlagafrv. tæpar 170 millj. kr. í heild. Sú áætlun er, eins og hv. 5. þm. Austf. sýndi fram á við 1. umr., ekki í samræmi við áætlunina eins og hún er orðin nú um 7.7% söluskattinn. Hann var færður upp við 2. umr. fjárlaga. En af því að grundvöllur fyrir þessum tveim sköttum er hinn sami, má telja, að þessi hefði átt að hækka líka til samræmis. En segjum nú, að hann sé 170 millj., og þá má segja, eins og tekið var fram í umr. við 1. umr. málsins, að hann sé til jafnaðar 1000 kr. á hvert mannsbarn í landinu.

Til frekari glöggvunar og betri tel ég rétt að leiða vitni, sem á að vera óhlutdrægt og a. m. k. ekki stjórnarstefnunni óvinveitt um það, hvað þessi skattur gildir og hvernig á hann er litið af fræðimanni, sem á að vera a. m. k. óhlutdrægur. Hingað til lands kom í sumar sem leið norskur hagfræðingur, Per Dragland. Hann var fenginn til að athuga íslenzkt efnahagslíf eða efnahagsmálin íslenzku. Stjórnarblöðin birtu álitsgerð hans og létu vel yfir henni. Þau töldu hana stefnu stjórnarinnar í vil. En þegar álitsgerðin er lesin með aðgát, eru þar bendingar, sem sýna, að manninum hafa þótt efnahagsráðstafanir ríkisstj. uggvænlegar. Ríkisstj. hefur viljað halda því fram, að efnahagsráðstafanir sínar skertu lítið kjör almennings, en Per Dragland segir í álitsgerð sinni: „Um er að ræða aðgerðir, sem stefna að tilfinnanlegri rýrnun lífskjara." Þetta segir hann orðrétt. Og á öðrum stað í álitsgerðinni segir hann líka: „Ráðstafanirnar fela í sér svo mikla kjaraskerðingu, að tilfinningar mínar gera mér örðugt að mæla með þeim." Það er ekki stjórnarandstaðan, sem er þarna að tala, það er ráðunautur, sem fenginn hefur verið til að gefa holl ráð og segja álit sitt á því, sem er að gerast. Um vaxtaokrið svonefnda farast honum þannig orð, að segja má, að hann fordæmi það. Um söluskattsviðbótina, sem við erum hér að ræða, hvort eigi að framlengja eða ekki, þá segir hann sérstaklega, með leyfi hæstv. forseta:

„Er hækkun söluskatts í innflutningi úr 7.7 í 16.5 skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun. Þegar hægt verður að lækka skattinn aftur, mun það eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa í för með sér 3% sparnað fyrir vísitölufjölskylduna. Slík lækkun ætti að mínum dómi að ganga fyrir, jafnskjótt og hægt er að framkvæma hana, ekki síst vegna þess, að eftir gengislækkunina situr Ísland uppi með óvenjuháa tollvernd, sem ekki aðeins gerir vörurnar dýrari, heldur getur einnig hvatt til framleiðslu og atvinnurekstrar, sem hvorki í bráð né lengd er hagkvæmur fyrir heildina. Á sama tíma sem bæði útgerðina og fiskvinnslustöðv-

arnar skortir vinnuafl ber að forðast, eins og unnt er, að opna leiðir fyrir atvinnurekstur, sem aðeins getur þrifizt í skjóli hárra tolla.“

Þarna upplýsir Per Dragland, að þessi viðbótarskattur valdi meðalstórri fjölskyldu 3% kjaraskerðingu og þá auðvitað fjölmennari fjölskyldu meiri kjaraskerðingu. Honum hefur verið sagt, að skattaukinn eigi að skoðast aðeins til bráðabirgða. Enn er það látið liggja í loftinu, þegar hann er hér, að skatturinn eigi ekki að vera nema stutta stund. Hann telur, að lækka eigi skattinn, jafnskjótt og hægt er að framkvæma lækkunina, og nefnir ástæður um óheilbrigði skattsins fyrir atvinnulífið auk kjaraskerðingarinnar. Þarna er það ekki stjórnarandstaðan, sem talar um viðbótarsöluskattinn, heldur erlendur hagfræðingur, ráðunautur stjórnarliðsins.

En nú segir ríkisstjórnin: Ég má ekki, þegar til kastanna kemur, missa viðbótarsöluskattinn. — Haldi hún því til streitu, viðurkennir hún sjálf það, sem að vísu flestir skilja nú orðið, að hún er komin út í fen með efnahagsmálin. En hvers vegna vill hún ekki snúa aftur, heldur sullast áfram beint af augum lengra út í kviksyndið, dýpra og dýpra með sjálfa sig og efnahagsmál þjóðarinnar? Mér þykir það furðulegt, og sérstaklega þykir mér það furðulegt af því, að ég er alveg sömu skoðunar og hv. frsm. meiri hl. um það, að í raun og veru ætti að mega ganga út frá því, að hver ríkisstj. vildi, bæði sjálfrar sín vegna og þeirra verkefna, sem hún hefur tekið að sér, komast sem bezt frá sínu starfi.

Með skírskotun til þess, sem norski hagfræðingurinn, ráðunauturinn, segir, þá hika ég ekki við að leggja til, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir, verði fellt. En ég heyrði vel, hvað hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði áðan. Hann var að tala um það, að ekki hefði örlað á neinum till. um gjaldasparnað eða tekjuöflun, sem ætti að koma í staðinn, ef frv. þetta ætti ekki að ná fram að ganga. Og það virðist vissulega vera eðlilegt, að spurt sé eftir slíku. En samt sem áður er það svo, eins og sakir standa, að ég tel ekki, að mér beri skylda til að gera till. um það, hvernig fyllt verður skarð það, sem höggvið yrði í tekjur fjárlagafrv., eins og það er nú eftir 2. umr., ef skattur þessi yrði ekki látinn gilda áfram. Ég tel mér það ekki skylt. Og það er vegna þess, að ríkisstj. heldur leyndu fyrir Alþingi öllu því, er hún getur, um raunverulegar fyrirætlanir sínar í efnahagsmálum sem öðru. Hún felur það innan við múra þingflokka sinna. Enn þá hefur hún t. d. ekki fengizt til að leggja fram á Alþingi eða í fjvn. fullgilda áætlun um gjaldeyrismálin 1961, svo sem vera ber, af því að þar er ein aðalundirstaðan um afkomu ríkissjóðs. Og ég tel það furðu frekt, ef hv. frsm. meiri hl. eða hæstv. ríkisstj. gerir kröfu til þess, að þeir, sem eru á móti þessum skatti og vilja, að ríkisstj. standi við þau fyrirheit, sem hún lét liggja í loftinu, þegar hann var settur, komi með till. um það, hvernig eigi að byggja upp það skarð, eins og ég sagði áðan, sem yrði, ef skatturinn yrði tekinn út af tekjuhlið fjárlaganna, meðan eins mikilsverðum atriðum er haldið leyndum eins og því, hvað ríkisstj. ætlast fyrir í gjaldeyrismálum. Og enn má geta þess, þó að það komi ekki beint þessu við, að hún hefur ekki heldur gefið neina skýrslu um fyrirætlanir sínar, að því er erlendar lántökur snertir. Það kemur ekki þessu beint við, en það má nefna það, af því að það er líka fjárhagsmál. Einmitt þetta gerir það að verkum, að stjórnarandstæðingur hefur hvorki aðstöðu né skyldu til að lýsa frá sinni hendi tekjuöflunartill. eða gjaldalækkunartill. vegna ríkissjóðs, um leið og hann leggur til, að frv., sem hér um ræðir, verði fellt. Leyndin bak við múrana leggur þá skyldu alla á herðar ríkisstj. og flokka hennar. En þó að þessi skylda hvíli ekki á stjórnarandstöðunni, geti ekki hvílt á henni, eins og mál eru rekin hér, þá er ekki létt af henni þeirri skyldu að vara við og vera á móti því, sem komið er með út fyrir múrana, ef hún telur það skaðlegt og rangt, eins og þetta frv.

Ég tel ekki ástæðu til þess að gera fjölorðari grein fyrir afstöðu minni til frv. Ég hef vitnað í þann ráðunaut, sem sóttur var til athugunar á þessum málum og lét sérstaklega uppi álit sitt á söluskattsviðaukanum, — álit, sem er í fullu samræmi við það að leggja nú til, að viðaukinn sé felldur niður.

Að lokum svo aðeins þetta: Það var einu sinni maður, sem steig ofan á höndina á sjálfum sér og meiddi sig illa. Hönd rétti fyrirheit að þjóðinni í fyrra um, að söluskattsaukinn, 8.8%, yrði aðeins til ársins. Með því að framlengja söluskattinn stígur ríkisstj. ofan á þá hönd, höndina á sjálfri sér, og meiðir sig illa.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. gert í aðalatriðum grein fyrir afstöðu minni til þess og get þess vegna að verulegu leyti vísað til þess, sem ég þá sagði um málið. En þó vil ég nú víkja nokkru nánar að einstökum atriðum, um leið og ég tek til athugunar helztu firrurnar í málflutningi hæstv. fjmrh. hér í lok 1. umr. málsins, sem flestar hafa nú gengið aftur í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn.

Í marzmánuði s. l., þegar nýju söluskattarnir voru hér til umr., lét hæstv. fjmrh. sig ekki muna um það að fullyrða, eins og hann hefur nú reyndar margendurtekið, að hér væri ekki um að ræða neina nýja skattheimtu, heldur aðeins tilflutning á gjaldheimtu, og jafnvel væri það sannast mála, að nýju skattarnir væru almenningi léttbærari en hin fyrri skipan í skattamálum. Það væri hvort tveggja, að hlutur bæjarfélaganna af söluskattinum lækkaði útsvörin og enn fremur tryggði lækkun tekjuskattsins þetta. Það voru ýmsir hv. þm., sem brostu að þessum barnalegu fullyrðingum hæstv. ráðh. hér fyrir 9 mánuðum, og allir munu hafa þá fundið, að þröngt væri orðið í búi um röksemdir, þegar þessi hæfasti málafylgjumaður hæstv. ríkisstj. átti ekki í önnur hús að venda um röksemdafærslu en þetta. Það hefði þess vegna mátt ætla, eftir að þjóðin öll hefur haft kynni og reynslu af þeim nýja skatti, sem hér er rætt um, og hinum sölusköttunum tveimur

samhliða, að hæstv. ráðh. hefði forðazt að verða sér enn á ný til athlægis með slíkum fullyrðingum, enda forðaðist hann þetta vel í fyrstu ræðu sinni hér í hv. deild. En ég hafði ekki fyrr sýnt fram á með tölum úr fjárlögum síðustu tveggja ára, að endurgjaldið í lækkuðum tekjuskatti og greiðslum til sveitarfélaganna næmi aðeins broti af hinni nýju skattpíningu, en hæstv. ráðh. féll á ný í sömu gryfjuna og í fyrra. En ég held, að nú verði ekki aðeins brosað að hæstv. ráðh. Allar þær þúsundir manna, sem nú eru að kikna undan drápsklyfjum þessara nýju skatta, munu finna, að slíkar fullyrðingar æðsta manns í fjármálum í landinu lýsa annað tveggja þekkingarskorti, sem er ekki sæmandi og ekki trúandi upp á mann í hans stöðu, eða þá slíkri kaldrifjaðri óskammfeilni, að hún verður almenningi ekki neitt gamanmál, eins og allt er nú í pottinn búið. Til þess að sýna enn á ný, hve fráleit þessi umrædda fullyrðing hæstv. fjmrh. og hv. frsm. meiri hl. fjhn. er, þá hlýt ég enn á ný að rekja það dæmi, — ég vil segja það einfalda dæmi, sem hér er um að ræða, — og ég skora um leið á hæstv. ráðh. að hnekkja útreikningi mínum, ef hann getur.

Síðasta árið fyrir viðreisn var tekjuskattur áætlaður 130 millj. kr. og söluskattur til ríkissjóðs 145 millj., eða samtals 275 millj. kr. Á þessu ári, sem nú er senn á enda, var tekjuskattur áætlaður í fjárlögum 72 millj. og söluskattur, þegar búið er að draga frá hluta sveitarfélaganna af honum, 381 millj., eða söluskattur þannig reiknaður og tekjuskattur samanlagt 453 millj. En á næsta ári er fyrirhugað, að tekjuskattur verði 75 millj. kr. og söluskattur, þegar búið verður að draga frá hluta sveitarfélaganna, verði 438.5 millj., eða samtals 513.5 millj. kr.

Ég vil nú spyrja, hvort mér hafi yfirsézt í einhverju í þessu dæmi. Eru ekki teknar þarna báðar þær röksemdir, sem hæstv. ráðh. hefur notað til þess að sýna fram á það — eða reyna að sýna fram á það, að hér væri um enga nýja skattheimtu að ræða? Það er tekið fullt tillit til *allrar lækkunar tekjuskattsins*, og það er dregin frá sú hugsanlega lækkun, sem orðið gæti á útsvörum vegna greiðslunnar til bæjarfélaganna.

Staðreyndirnar segja það, þessar staðreyndir, sem ég nú nefndi, að á þessu ári verði mismunurinn á hinum nýju sköttum og þeim, sem áður giltu, þó að fullt tillit sé tekið til þess, sem draga ber frá skv. rökstuðningi ráðh., — mismunurinn verður ekki núll á þessu ári, heldur 178 millj. eða ríflega 1000 kr. á hvert mannsbarn í landinu að meðaltali. Og þær segja líka, að á næsta ári verði mismunurinn ekki 178 millj. kr., eins og hann er nú í ár, heldur hækki í 238 millj. eða í nær 1400 kr. á hvert mannsbarn í landinu að meðaltali. Ég vil nú bara spyrja: Hvernig er unnt að leyfa sér annað eins og það að fullyrða, að raunverulega hafi söluskatturinn ekki orðið nein ný byrði fyrir almenning? Er það kannske þannig, að hæstv. fjmrh. líti aðeins á það, að hann sjálfur og þeir aðrir, sem hirða álíka launatekjur og hann, hafi ekki aðeins sloppið algerlega við nýjar álögur, heldur stóraukið tekjur sínar með tilflutningi gjaldheimtunnar. Menn með slíkar tekjur hafa vissulega ekki farið neitt illa út úr þessum tilflutningi á tekjunum, sem þeir gera sér svo tíðrætt um. Þeir hafa jafnvel *hagnazt sumir hverjir* um 40—50 þús. kr. á ári með breytingunni, á sama tíma sem öðrum hefur orðið að blæða. En ég ætla ekki neinum slíka þröngsýni og ekki heldur hæstv. ráðh. Það, sem bagar hans málflutning, er einfaldlega það, að hann getur ekki þrátt fyrir ágæta greind fundið nein gild rök fyrir máli sínu og er því dæmdur til þess að fara með staðlausa stafi.

Við þær tölur, sem ég áðan nefndi til sönnunar máli mínu, hlýt ég þó að gera nokkrar athugasemdir, því að það fer fjarri því, að það segi í raun og veru alla söguna um þann þátt viðreisnarinnar, sem að skatta- og útsvarsmálum lýtur. Frádrátturinn til bæjarfélaganna vegna hluta bæjarfélaganna af söluskattinum er í reyndinni ekki neins staðar til nema á pappírnum, en er enginn raunverulegur hagnaður fyrir útsvarsgjaldendur í heild. Gengisfellingin ásamt öðrum efnahagsaðgerðum sá nefnilega fyrir því, að bæjarfélög geta ekki þrátt fyrir þennan tekjustofn komizt hjá því að hækka útsvör í heild. Þau gátu það ekki á s. l. ári, og þau geta það enn síður á næsta ári, ef þau eiga að veita sömu þjónustu og áður. En alveg sérstaklega á þetta þó við um þau bæjarfélög, sem verða að standa undir miklum verklegum framkvæmdum eða eru til neydd, m. a. vegna viðreisnarinnar, að halda uppi atvinnurekstri t. d. á sviði sjávarútvegsins. Það fer því fjarri því, að söluskattshlutinn nægi til þess að vega á móti hækkununum, sem er algengt að séu um 30% á öllum verklegum framkvæmdum, og þar að auki auknum erfiðleikum á öðrum sviðum. Enn var fyrir því séð, eins og ég drap á áður, með nýjum útsvarslögum, að hinir tekjuhæstu hlytu bróðurpartinn af framlaginu í lækkuðu gjaldahlutfalli, en hinir tekjulægri lítið og þeir tekjulægstu ekkert. *Þetta sama og þó í enn ríkara mæli* hefur verið gert með tekjuskattslögunum. Í umræðunum um þau á síðasta þingi sannaði ég t. d., að 2596 lægstu gjaldendur tekjuskatts hér í Reykjavík fengju eftirgjöf, sem næmi að meðaltali 76 kr. á mann, á sama tíma sem 1924 hæstu gjaldendur fengju eftirgjöf upp á 18.5 millj. eða 9620 kr. á hvern þeirra að meðaltali. *Þessar sannanir fyrir eðli tekjutilflutningsins, sem átti* ekki aðeins að vera meinlaus, heldur til mikils hagræðis fyrir láglaunamenn, verða ekki fremur nú en þá hraktar, enda fengnar frá þeim heimildum, sem verða ekki vefengdar.

Þannig hefur tvennt gerzt í senn: Stórfelldur tekjutilflutningur, sem hefur aukið hlut lágtekjumanna í skattheimtunni, en dregið hlutfallslega úr skattheimtu hinna efnameiri, og jafnframt stórfelld ný skattheimta, sem leggst með jöfnum þunga á allar aðkeyptar nauðsynjar og óþarfaeyðslu og kemur því harðast niður á þeim þjóðfélagsþegnum, sem minnst hafa gjaldþolið. En þessu til viðbótar hefur það svo

gerzt að hreinir nefskattar, eins og t. d. almannatryggingagjöld, sjúkrasamlagsgjöld og námsbókagjöld, hafa verið hækkaðir mjög verulega. Þannig hefur af fullkomnu miskunnarleysi verið seilzt stöðugt dýpra niður í vasa almennings. Jafnvel gamalmenni og öryrkjar, sem hafa lífeyri sinn einan tekna, verða nú, eftir að tekjutilflutningurinn hefur átt sér stað, að gjalda drjúgan hluta þessa lífeyris síns í gegnum aukna söluskatta og hækkaða tolla, og jafnvel sjúkir menn og algerlega tekjulausir verða einnig að gera skil á sínum hluta þessara nýju viðreisnarskatta. En þannig er allt eðli þeirrar byltingar í skattamálunum, sem stjórnarflokkarnir hafa framkvæmt í þeim tilgangi að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Á sama tíma sem öll gróðafélög greiða 50 millj. samanlagt í beinan skatt til ríkisins, eða um 1/25 hluta af sköttum og tollum, sem þangað renna, og allir beinir skattar þeirra einstaklinga, sem mega teljast velmegandi eða jafnvel auðugir, og þeirra, sem hafa margfaldar tekjur t. d. á við verkamenn, allir beinir skattar þessara nema innan við fimmtugasta hluta af tolla- og skattatekjum ríkissjóðs, — meðan þessu fer fram, eru óbeinu skattarnir og nefskattarnir hækkaðir um hundruð milljóna króna, eins og ég hef sýnt hér fram á áður. Og það er von, að þeir hv. þingmenn og ráðherrar, sem standa að slíku, berji sér á brjóst og hrópi upp um það, að almenningi hafi ekki í neinu verið íþyngt, hans hlutskipti sé jafnvel betra en það hafi verið áður.

Ég þykist nú hafa gert þessari meginfullyrðingu í sambandi við þetta mál nokkur skil, þ. e. a. s. þeirri, að hér sé ekki um neinar nýjar álögur að ræða, en vil þá minnast lítillega á hitt atriðið, sem til hefur verið gripið til afsökunar í þessu máli, en það er á þá leið, að ekki hafi stjórnarandstaðan bent á aðrar heppilegar leiðir til tekjuöflunar en þá, sem hér er lögð til, henni farist því ekki að gagnrýna þetta frv.

Þegar þessi málflutningur er hafður í frammi, rétt ofan í hina fullyrðinguna, að í rauninni hafi engar nýjar álögur verið lagðar á, þá held ég, að hverju skólabarni megi vera ljóst, að eitthvað er orðið bogið við röksemdafærsluna. Í fyrsta lagi er fullyrt, að engar nýjar álögur hafi verið lagðar á, jafnvel sé um lækkun að ræða frá því fyrir viðreisn, hér sé bara framkvæmdur tilflutningur á tekjum. Í öðru lagi er svo auðvitað viðurkennt, sem verður ekki fram hjá gengið, að stjórnarandstaðan var á móti þessum tekjutilflutningi. Og í þriðja lagi er svo stjórnarandstaðan hrakyrt fyrir að benda ekki á aðrar leiðir til öflunar nauðsynlegra tekna. Auðvitað held ég, að allir muni sjá, að í þessari röksemdafærslu, ef hægt er að kalla hana slíku nafni, felst afneitun á a. m. k. fyrstu fullyrðingunni, því að ekki er unnt að krefjast ábendinga um leiðir til skattheimtu, ef um engar nýjar álögur hefur verið að ræða. Ég vil segja það, að mér finnst, að með þessari kröfu á hendur stjórnarandstöðunni eftir allt, sem á undan er gengið, sé hámarki ósvífninnar náð. Fyrst er öllu efnahagskerfinu bylt um, framkvæmd gengisfelling, sem hefur hækkað verð á neyzluvörum almennings um 500—600 millj. kr. á einu ári, skattar hækkaðir um hundruð milljóna, vextir hækkaðir um a. m. k. 200 millj. og með öllu þessu knúinn fram slíkur samdráttur á öllum sviðum viðskipta og athafna og launakjör jafnframt skert svo, að atvinnuleysi er ýmist yfirvofandi eða skollið á. Þessi samdráttur og kjaraskerðingarstefnan hefur auðvitað óhjákvæmilega spillt óþyrmilega afkomu ríkissjóðs. Samdráttur framkvæmda og flestra athafna er nú ekki aðeins að brjóta niður lífskjör fólksins í landinu og atvinnuvegi þjóðarinnar, heldur líka tekjumöguleika og afkomu sjálfs ríkissjóðs. Ég hef hér ekki handbærar tölur, — enda er stjórnarandstaðan leynd þeim eins og ýmsu öðru, — sem sýni, hverjar tekjur ríkissjóðs yrðu t. d. á næsta ári miðað við hliðstæðan innflutning og hér var t. d. 1958 og 1959. En ég fullyrði, að miðað við sömu gjaldstofna og nú eru fyrirhugaðir yrðu þær nú sem skipti hundruðum milljóna króna hærri en þær eru nú áætlaðar, þ. e. a. s. ef lífskjör almennings, framkvæmdir, atvinna og innflutningur væri sambærilegt nú og þá. Þegar viðreisnarstefnan hefur gefið þessa raun og gjaldþoli almennings er svo komið fyrir hennar tilverknað, að jafnvel hv. formaður fjvn. neyðist til þess að viðurkenna í framsöguræðu sinni fyrir fjárlögum nú í ár, að með engu móti sé hugsanlegt að halda áfram meiri skattpíningu en þegar sé framkvæmd, þá koma þessir herrar og heimta úrræði frá hendi stjórnarandstöðunnar. Sjálfir áttu þeir aldrei ráð við neinum vanda, svo að vitað væri, meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. En nú heimta þeir úrræði af okkur, sem engan hlut höfum átt að þeirri öfugþróun, sem hér hefur orðið, heldur varað við henni eftir getu og barizt gegn henni eftir mætti.

Auðvitað er engin leið út úr allri þeirri ófæru, sem stjórnarstefnan er að leiða þjóðina út í á flestum sviðum, önnur er sú að gerbreyta um stefnu í fjármálum, skattamálum og atvinnumálum og síðast, en ekki síst, í kjaramálum almennings. Allt er þetta svo samslungið, að ekki verður sundur slitið, og ein tillögugerð hlýtur að binda aðra. En þó að svo sé, þá er ég viss um það, að enn þá er ekki svo illa komið, að hæstv. ríkisstj. væri ekki kleift, ef hún hefði til þess nokkurn vilja, að standa við fyrirheit um afnám þessa skatts, enda þótt allar viðreisnaraðgerðir hennar að öðru leyti stæðu óbreyttar. Það er áætlað, að þessi skattur gefi ríkissjóði sjálfum rúmlega 130 millj. kr. á næsta ári. Það er minni upphæð en gróði ríkisbankanna nemur á þessu ári. Og hvernig er það t. d. með alla 20 sparnaðarliðina, sem hæstv. fjmrh. taldi upp á síðasta þinginu, sem vinstri stjórnin var við völd, og hélt þá fram að gætu sparað ríkissjóði jafnvel hundruð milljóna? Ætli mætti ekki gera einhverjar af 23 sparnaðarhugmyndum meiri hl. fjvn. nú að veruleika strax á næsta ári, þó að sumar þeirra séu að vísu fráleitar? Þarf t. d. margra ára athugun til þess að spara þær tugmilljónir, sem sannanlega fara til veizluhalda ríkisstjórnarinnar

og stofnana hennar? Gætu gróðafélögin, sem öll til samans greiða einar 50 millj. beint til ríkissjóðs, ekki þolað nokkrar auknar byrðar? Og hvers vegna eru sum mestu auðfyrirtæki landsins, eins og t. d. vátryggingarfélögin, skattfrjáls með öllu? Nei, ég veit að það er tilgangslaust að telja svo áfram. Hæstv. ríkisstj. og ráðherrar hennar munu ekki viðurkenna, að nokkur aðili í landinu geti sparað nema verkafólkið og aðrir launamenn, sem marga hverja skortir nú þúsundir og jafnvel hátt á annan tug þúsunda í laun á ári til þess að geta lifað álíka lífi og þeir gerðu, áður en viðreisnin kom til sögunnar. Almenningur er ekki einasta eini aðilinn, sem getur sparað að dómi stjórnarflokkanna, heldur eini aðilinn, sem hægt er að leggja á nýjar byrðar að hennar dómi.

Þessi söluskattsviðauki, sem hér er rætt um, er aðeins einn þátturinn í þeirri stórfelldu dýrtíðarhækkun, sem viðreisnin hefur skapað. Afnám hans hefði töluverða þýðingu í þá átt að draga úr þeirri allsherjar kjaraskerðingu, sem orðið hefur hjá launamönnum. Ég hef áður skýrt frá því, hver áherzla hefur verið lögð á það af hendi verkalýðssamtakanna að fá fram efndir á því loforði að nema þennan skatt úr gildi. En sem dæmi þess, hver áhrif hann hefur í verðlaginu, vil ég nefna aðeins þrjú dæmi, sem sýna það vel, að um verulegar verðlagslækkanir yrði að ræða, ef skatturinn yrði af tekinn. Þannig hefur verið reiknað út af aðilum, sem verða ekki vefengdir, að 7% — eða nákvæmlega 6.95% — af verði timburs og margra fleiri byggingarvara er fólgið í þessum söluskattsviðauka. Af algengum neyzluvörum almennings mun skatturinn nema frá 6 til 7½% að öllum jafnaði, t. d. á ýmsum vefnaðarvörum nálægt 6% og á sumum innfluttum matvælum 8%. Þessi dæmi ættu að geta skýrt að fullu þá áherzlu, sem samtök launafólks úr öllum flokkum leggja á það, að þessi dýrtíðarvaldur verði skorinn í burtu, og líka skýrt þau drengilegu tilboð launþegasamtakanna að meta þann aukna kaupmátt, sem með slíkri ráðstöfun fengist, til jafns við launahækkanir. En þessi afstaða er ein og söm innan alþýðusamtakanna hjá mönnum af öllum stjórnmálaskoðunum. Þegar þessa er gætt, verður enn óskiljanlegri sú dæmalausa framkoma hæstv. ríkisstjórnar að vilja ekki ræða þetta mál til hlítar við fulltrúa Alþýðusambands Íslands, sem sérstaklega hafa verið til þess kjörnir.

Hæstv. fjmrh. taldi mig hafa farið með ósvífnustu ósannindi, þegar ég skýrði frá því hér við 1. umr. málsins, að ríkisstj. hefði slitið viðræðum, sem hafnar voru í byrjun nóvember s. l., viðræðum, sem áttu að vísu að snúast um fleiri atriði, en þetta lá þó fyrir sem fyrsta og stærsta málið. Hæstv. ráðherra leyfði sér að láta liggja að því, ef ekki fullyrða, að hin kjörna nefnd Alþýðusambandsins hefði ekki neinn áhuga á viðræðunum, sagði, að hún hefði ekki látið til sín heyra, síðan þessi fyrsti fundur hefði verið haldinn. Ég læt mönnum nú eftir að dæma, hvor okkar sýnir sannleikanum meiri ósvífni, ég eða hæstv. ráðh., þegar eftirfarandi er haft í huga: að á fundinum, þessum eina viðræðufundi, sem mun hafa verið hinn 3. nóv. s. l., sagði ríkisstj. í lok fundarins nefndarmönnum Alþýðusambandsins, að hún mundi kalla aftur á nefndina, þegar hún teldi það hafa einhvern tilgang og það væri tímabært. En frá hæstv. ríkisstj. hefur síðan ekkert heyrzt, og síðan er liðið nokkuð á annan mánuð. En hvað hefur svo gerzt, á meðan nefndin bíður eftir náðarsamlegri áheyrn hæstv. ríkisstj.? Jú, ekkert annað en það, að þessi hæstv. ríkisstj. er hér og nú að ráða til lykta stærsta umræðuefninu, sem vera átti. Á sama tíma lætur hún svo málgagn sitt, Morgunblaðið, lýsa því sem lítillækkandi athæfi, að ríkisstj. setjist að samningaborði með launþegasamtökunum, og stæra sig af því, að það sýni einmitt styrk hennar og festu, að hún skuli ekki láta slíkt henda sig. Ef þetta er ekki að slíta viðræðum, eins og ég orðaði það, sem efnt var til af hálfu Alþýðusambandsins, þá kann ég ekki mál að skilja. Og a. m. k. held ég, að ekki geti verið um það deilt, að umræðunum af hálfu ríkisstj. um þetta mál, um lækkun söluskattsins, var slitið, um leið og þetta frv., sem hér er til umr., var lagt á borð hv. þm.

Ég ætla, að ég hafi nú fært fram fullgildar ástæður fyrir því, að það ber að fella þetta frv. Og ég vil aðeins endurtaka það að lokum, sem ég hef áður sagt, að ég fagna því, að rökstuddar vonir standa til, að svo verði gert, þar sem í þessari hv. deild á sá þm. sæti, sem ræður úrslitum um afgreiðslu þess, en hefur innan alþýðusamtakanna beitt sér sérstaklega fyrir því, að þessi óréttláti og almenningi þungbæri skattur verði af tekinn, eins og lög standa til. En verði þetta frv. fellt hér í hv. þd., hlýtur afgreiðsla fjárlaga að koma til nýrrar endurskoðunar og þá jafnframt öll sú stjórnarstefna, sem nú ógnar í senn bæði atvinnulífinu í landinu og lífskjörum almennings, og hygg ég, að ekki yrði unnið þarfara né þakklátara verk af hendi alþjóðar.

Ég held, að ég sé ekki orðinn hv. frsm. meiri hl. fjhn. skuldugur, svo að teljandi sé, nema vera kynni, að hann ætti inni hjá mér svar við spurningu, sem hann beindi til mín sérstaklega í lok máls síns og hafði við orð, að mér yrði stefnt fyrir einhvern æðri dóm, ef ég gerði ekki nú þegar grein fyrir henni. Spurningin var um það, hver trygging væri fyrir því, að kauphækkanir rynnu nú ekki út í sandinn, ef ég og mínir samherjar fengjum því ráðið, sem við leituðumst nú við, eins og hann orðaði það, að farið yrði í almenn verkföll. Ég kannast ekki við það, að ég eða mínir samstarfsmenn í verkalýðsfélögunum hafi sérstaklega sem númer eitt hvatt til verkfalla. Við höfum krafizt leiðréttingar á launakjörum almennings, eins og við teljum efni standa til, og við höfum krafizt þess, að ríkisstj. gerði raunhæfar ráðstafanir til þess að bæta lífskjörin frá því, sem nú er, og skila nokkru af því, sem hún hefur af launamönnum tekið. En ég hygg, að það séu ýmsir fleiri, sem muni þá þurfa að svara til saka í þessu efni, sem hv.

frsm. ræddi hér um, eins og t. d. hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ), hv. 12. þm. Reykv. (PS), flokksbróðir frsm., Guðjón Sigurðsson og ýmsir fleiri, en í till., sem þessir menn báru fram á síðasta Alþýðusambandsþingi, segir svo, eftir að upp hafa verið taldar ýmsar kröfur á hendur ríkisstj., eins og t. d. númer eitt almenn lækkun á vöruverði, m. a. með niðurfellingu viðaukasöluskatts í tolli, lækkun aðflutningsgjalda og ströngu verðlagseftirliti, að útsvör á láglaunafólki verði lækkuð verulega og vextir verði lækkaðir á íbúðarlánum og lánum til framleiðsluatvinnuveganna; enn fremur, að almenn vinnuvika verði stytt um 4 klst., laun verkakvenna verði hvergi lægri en 90% af hliðstæðum launum karla, og ýmsar fleiri kröfur, sem þeir settu þar fram — og eftir að þeir hafa talið þessar kröfur fram, segja þeir, með leyfi forseta:

„Verði ekki, svo að viðunanlegt sé að dómi verkalýðsfélaganna, orðið við þeim kröfum, sem að framan greinir, lítur þingið svo á, að ekki verði komizt hjá því að setja fram beinar kaupkröfur, er bæti þá kjararýrnun, er orðið hefur."

Það er svo sem ekkert um að villast, hvar þessir menn standa, eftir að þetta frv. og allar undirtektir ríkisstj. við þessar kröfur eru ljósar. Ég sé ekki betur en þeir séu límdir upp við hliðina á mér og öðrum samherjum mínum innan verkalýðshreyfingarinnar um það að krefjast hærri launa. Hitt er svo annað mál, hvenær full trygging er fyrir því, að launabarátta leiði til varanlegrar hagsældar, að full trygging sé fyrir því, að ríkisvaldið taki það ekki aftur. Ég held, að slík trygging verði aldrei til. Ég held, að lífskjörin séu eitt af því, sem launamenn og almenningur í landinu verður alltaf að vera að berjast fyrir, með þessum hættinum eða hinum. En næst mundi verða því að ná slíkri tryggingu, ef í landinu væri ríkisstj., þar sem verkalýðshreyfingin hefði veruleg áhrif og tryggði það með áhrifum sínum á löggjafarvaldið, að framleiðsluaukningin yrði t. d. nægilega ör til þess að halda uppi batnandi lífskjörum og tryggði það, að skipting þjóðarteknanna væri sem réttlátust. Ég er sannfærður um það, að verkalýðshreyfingin mun, þó að það kunni eitthvað að dragast, skapa sér slíka tryggingu. En það gerir hún vitanlega ekki, meðan hæstv. núv. ríkisstj. er við völd í landinu.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Það er nú sennilega mál, að ég láti til mín heyra í þessum umr., svo mjög sem hv. stjórnarandstæðingum hefur orðið tíðrætt um mína fyrri afstöðu til þessa máls og afstöðu mína á síðasta Alþýðusambandsþingi, í flokksfélögum og víðar, og ætla ég mér í leiðinni að fara nokkuð almennt orðum um málið, þar sem tilefni hefur verið til þess gefið.

Við 1. umr. þessa máls véku hv. stjórnarandstæðingar máli sínu mjög að Alþfl., báru saman afstöðu hans til skattamála fyrr og nú, vitnuðu til gamalla ummæla forustumanna flokksins, m. a. um álagningu söluskatts á fyrri þingum. Í öllum þessum samanburðartilraunum gætti þess mjög, sér í lagi hjá hv. framsóknarmönnum, að þeir höfðu þungar áhyggjur, svo að vægt sé að orði komizt, af pólitískri framtíð Alþfl. og töldu hana í tröllahöndum, þaðan sem fáum mundi auðnast að bjarga honum, nema ef vera kynni þá hinum frelsandi konungssyni, Framsfl. Í þessu andvökuástandi og þungum þönkum framsóknarmanna vil ég aðeins minna þá á, að það er aðeins rúmt ár síðan þeir lýstu því yfir allmargir, einmitt úr þessum sama ræðustól, að Alþfl. mundi ekki lifa af vorkosningarnar 1959, þess vegna væri óþarfi að breyta kjördæmaskipuninni hans vegna, eins og þeir sögðu. Þegar flokkurinn svo jók fylgi sitt í þessum kosningum, þá var framsóknarmönnum nokkur vandi á höndum. En flokkurinn var ekki lengi að finna ráðninguna á þessari fylgisaukningu. Nú var bara sagt, að Sjálfstfl. hefði leigt, lánað og selt fylgi sitt yfir til Alþfl. og það mundi sannast á fylgishruni flokksins í haustkosningum. Nú fór sem fyrr, að hinn vondi Alþfl. jók fylgi sitt í haustkosningum og það svo, að sýnilegir áverkar, sem flokkurinn hafði af ýmsum ástæðum — ég segi ýmsum ástæðum — áður hlotið, voru horfnir. Ég læt þetta nægja til að sýna fram á spámannlegan vöxt þeirra framsóknarmanna, þegar þeir gera sig líklega til þess að spá um framtíð Alþfl.

Alþfl. hefur ekki til þessa stafað neinn ótti af eða hann þurft að hræðast spádóma Framsfl. Óskhyggjan um tortímingu Alþfl. sýnir bezt, hvert hugarástand ríkir nú á heimili framsóknarmanna, auk þess sem beinar aðgerðir flokksins undanfarna mánuði vitna ef til vill bezt þar um.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) gerði sér mjög tíðrætt í ræðu sinni um þá algeru stefnubreytingu, sem orðið hefði á grundvallarstefnu Alþfl. almennt í skattamálunum. Þm. virtist furðu lostinn yfir þessari stefnubreytingu og lét sem svo, að Alþfl. væri nú fyrst eftir tvennar alþingiskosningar og stórpólitísk umbrot með þjóðinni að upplýsa þessa stefnubreytingu sína. Þessi hv. þm. sat sjálfur oft á Alþingi sem varamaður á síðasta kjörtímabili, þ. e. fyrir hinar tvennar almennu alþingiskosningar síðustu, og hefur áreiðanlega þess á milli fylgzt vel með gangi þjóðmála innan þings og utan. Það verður því að fyrirgefast, þótt tekið sé varlega á slíkum málflutningi, þegar eftirfarandi atriði eru upplýst, sem þó skal gert einu sinni enn.

Á flokksþingi Alþfl. 1956 voru skattamál rædd ýtarlega og um þær umræður deilt mikið í blöðum flokksins og útvarpi. Umræður þessar snerust að mestu leyti um að breyta tekjuöflunarleiðum ríkisins, m. a. með lækkun beinna skatta. Endanleg ákvörðun var ekki tekin þá, en málið þar á eftir mjög rætt í flokksfélögum og samþykktir þeirra birtar opinberlega í blöðum. Á Alþingi 1957 fluttu allir þáverandi þm. flokksins, sem sátu ekki í ráðherrastólum, þingsályktun þess efnis, að fram færi athugun á afnámi tekjuskatts og lækkun útsvara, auk breyttrar innheimtuaðferðar á þeim opinberu gjöldum, sem einstaklingar yrðu að greiða.

Þingsályktun þessi var samþykkt hér á Alþingi 30. maí 1958.

Á þingi flokksins haustið 1958 var einróma samþykkt stefnuyfirlýsing í þessum málum á grundvelli fyrri umræðna og fyrrnefndrar þingsályktunar og ýtarlegra umræðna í hinum ýmsu deildum flokksins og málgögnum hans.

Á nýafstöðnu þingi flokksins var enn ítrekað hið breytta viðhorf flokksins í þessum málum og í stuttu máli færð fyrir því rök, sem grundvallast á gerbreyttum aðstæðum íslenzkrar alþýðu og landsmanna yfirleitt frá því, er hin fyrri stefna var tekin. Miðað við staðhætti þá og nú var stefnan í báðum tilfellum rökrétt og nákvæmlega rökstudd. Alþfl. hefur í þessu máli sem öðrum reynt að forðast það í almennum málum að verða taglhnýtingur steinrunninna kennisetninga. Kennisetningar eru góðar. En tímans tönn hefur unnið á því, sem meira hefur mátt sín í fari þjóðarinnar en 40 ára gömul stefna í skattamálum. Forusta og framsýni stjórnmálaflokka byggist á því, að þeir hafi djörfung til að viðurkenna í verki breytta þjóðfélagshætti. Eða hver vill segja, að aðstaða og viðhorf manna sé nú sama og í árdögum þessarar aldar? Það mun enginn gera. Alþfl. telur nú að vel athuguðu máli, að þessi breyttu viðhorf, stefnan inn á meiri óbeina skatta í stað beinna, sé stefna framtíðarinnar. Þess vegna mun hann við svipaða staðhætti ótrauður halda þá braut í anda þeirrar stefnu.

Af því, sem ég nú hef hér sagt, ætla ég, að það verði ekki með neinum rökum sagt, að Alþfl. sé nú fyrst, eins og komizt var að orði, að birta umbjóðendum sínum hin breyttu viðhorf. Um þessa stefnu hefur tvisvar verið kosið í almennum þingkosningum með þeim árangri, sem ég áðan lýsti.

Í sambandi við það mál, sem hér er á dagskrá, framlengingu 8% söluskatts í tolli, var þessum sömu þm. og þó sérstaklega hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) tíðrætt um og mjög hugsað til persónulegrar velferðar minnar í stjórnmálum, og hann ítrekaði þessar yfirlýsingar sínar aftur nú og treysti að sjálfsögðu á þær, eins og ég veit að hann hefur margoft sýnt áður, að hann ber til mín ákaflega mikið traust, þó að það traust hafi ekki sýnt sig við þær tillögur, sem hann var að vitna til á síðasta Alþýðusambandsþingi, og ég minnist þess ekki, að hann hafi léð tillögum okkar fylgi þar, þó að þær hins vegar þyki góðar til þess að smjatta á þeim nú. Þar á meðal var til þess vitnað, að ég hefði lýst því yfir með atkvæði mínu og í ræðum á Alþýðusambandsþingi, að ég vildi afnám þessarar skattheimtu. Auk þeirrar afstöðu minnar var vitnað til, að Alþýðuflokksfélag Reykjavíkur og ef til vill fleiri hópar minna flokksbræðra vildu afnám þessarar skattheimtu. Af því að það kom fram og líta verður svo á, að flest ljós séu nú að slokkna fyrir okkar ágætu stjórnarandstöðu, þá vil ég upplýsa hana í þessu myrkri um það, að sennilega er þetta það sannasta, sem fram kom í þeirra málflutningi við 1. umr. málsins. Ég hef ekkert farið dult með þessa skoðun mína, að ég vildi stuðla að afnámi þessa skatts. Hins vegar liggja fyrir ákveðnar staðreyndir, sem mér eins og hv. stjórnarandstæðingum ber skylda til þess að horfast í augu við.

Skattur þessi á að gefa íslenzka ríkinu 168 millj. á næsta ári. Að afnema þessar tekjur þýðir því annað tveggja, að draga verður úr útgjaldaliðum ríkisins jafnháa upphæð eða að öðrum kosti vísa á aðra jafntrygga tekjulind, sem við teldum æskilegri. Þrátt fyrir þá óbreyttu skoðun mína að vinna að afnámi þessa skatts, hef ég ekki frekar en hv. stjórnarandstæðingar í dag nægjanlega vel rökstuddar tillögur í þessum efnum, og því miður hafa slíkar tillögur ekki heldur birzt í ykkar málflutningi, góðir stjórnarandstæðingar. Ég læt mér ekki á sama standa, úr hvaða útgjöldum ríkisins verður dregið eða inn á hvaða nýjar skattheimtubrautir verður lagt. Og ég er þess fullviss, bæði eftir umr. á Alþýðusambandsþingi, í miðstjórn Alþýðusambandsins og annars staðar, þar sem flokksbræður hv. 5. þm. Norðurl. e. hafa átt hlut að þessum málum, að þá er þar m. a. sá ótti, sem mjög hefur borið á í þessum umr., að við viljum jafnframt kröfunni um það að fá afnám þessa skatts hafa hönd í bagga með, inn á hvaða tekjuöflunarleiðir yrði lagt á ný eða úr hvaða útgjöldum ríkisins yrði dregið. Ég geri t. d. ekki ráð fyrir því, að þessi hv. þm. eða flokksbræður hans vildu t. d. draga úr þeim stuðningi, sem örkumla fólk og sjúkt í landinu fær í gegnum núverandi almannatryggingakerfi, en það er vitað, að allverulegur hluti þessara tekna fer til þeirra hluta. Í stað þess hluta verður að finna nýja tekjuöflun. Meðan kröfur mínar í þessum efnum eru ekki betur rökstuddar en raun ber vitni um og þá jafnframt ekki heldur hv. stjórnarandstæðinga, þá lýsi ég þeirri skoðun minni, að á meðan svo er ástatt, þá tel ég ábyrgðarlaust og nálgast sýndarmennsku eina að greiða atkvæði gegn frv. Fyrir verða að liggja ákveðnar og raunhæfar tillögur í þessum efnum. Ég mun eftir sem áður halda áfram, eftir því sem aðstaða mín leyfir, — og ég verð nú að segja, að þrátt fyrir það ofurtraust, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. virtist áðan til mín hafa, þá treysti hann mér þó ekki til þess að vinna að þessum málum fyrir Alþýðusambandið áfram, þó að hann virtist vilja láta þdm. halda, að hann hefði eitthvert sérstakt ofurtraust á mér í þessum málum, — ég mun halda áfram, eftir því sem aðstaða mín leyfir, að reyna að fá fram þann vilja minn, að óþarft verði að innheimta þennan skatt. En mér er fyllilega ljóst, að í því efni dugir ekki kröfugerðin ein, þar verða jafnframt til að koma undirbúnar tillögur, betri en nú liggja fyrir, annars væru slíkar kröfur blekkingar. Og það var áreiðanlega ekki meining þeirra, sem lýst hafa sig andvíga skattheimtu þessari, að fara með slíkt, það verð ég að fullyrða, jafnvel fyrir hönd flokksbræðra hv. 5. þm. Norðurl. e.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. lýsti því yfir, að hann teldi það höfuðatriði — já, höfuðmál þjóðarinnar nú, að hæstv. ríkisstj. færi frá völdum sem fyrst, það væri ráðið við öllum aðsteðjandi erfiðleikum. Að sjálfsögðu er engin ríkis-

stj. eilíf í lýðræðislegu skipulagi. En íslenzku þjóðinni nægir ekki það eitt, að nákvæmlega séu upp talin þau atriði, sem ríkjandi ríkisstj. eigi ekki að gera. Það eru jafnframt gerðar kröfur til þess, að þeir hinir sömu segi frá því skýrt og skorinort, á hvern annan hátt eða annan veg þeir hyggist leysa þann efnahagslega vanda, sem velflestir eru sammála um að fyrir hendi sé. Við vitum m. ö. o., hvað það er, sem þeir eru á móti. Ég vænti þess nú, að hv. stjórnarandstæðingar skýri ljóslega frá því, á hvern hátt þeir vilji eða mundu leysa aðsteðjandi vandamál. Fyrr en það hefur verið gert, geta þeir ekki vænzt þess, að neikvæðar ræður einar og skrif verði tekin alvarlega. Þetta leyfi ég mér að segja, þrátt fyrir þær afsakanir og úrræðaleysi, sem komið hefur fram í ræðum þeirra tveggja frsm., sem minni hl. fjhn. skipuðu.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef aðallega kvatt mér hljóðs í tilefni af ræðum hv. stjórnarandstæðinga við 1. umræðu þessa máls, þar sem m. a. var nokkuð gert að því að vitna til orða tveggja forustumanna Alþfl., Haralds Guðmundssonar og Gylfa Þ. Gíslasonar, frá árinu 1953 um söluskatt, þar sem þeir telja þann skatt ranglátan.

Vildu þessir hv. ræðumenn með þessu benda á, að Alþfl. hefði alveg snúizt í málinu og væri orðinn umskiptingur. Út af fyrir sig, þegar þetta er hugleitt, gæti maður auðvitað spurt framsóknarmenn alveg gagnstæðrar spurningar: Ef þeir töldu þann söluskatt, sem þeir stóðu að árið 1953, réttlátan, hvers vegna telja þeir þá söluskatt nú á árinu 1960 vera ranglátan?

Hitt er svo annað mál, að maður verður vitanlega að athuga allar forsendur. Þegar Alþfl. metur það, hvort hann telur einhvern skatt réttlátan eða ranglátan, þá hefur það mjög mikið að segja í hans augum, hvernig á að verja skattinum. Þessum söluskatti, sem lagður var á á s. l. vetri og nú er hér verið að framlengja hluta af, er, eins og allir vita, aðallega varið með þrennum hætti. Söluskatturinn hefur í fyrsta lagi gengið til þess að vega upp á móti tekjumissi ríkissjóðs, vegna þess að meginhluti tekjuskattsins var felldur niður. Í öðru lagi hefur fjórðungur af þessum söluskatti gengið til sveitarfélaganna, og það hefur beinlínis orðið til þess að lækka útsvör um þá upphæð. Á s. l. ári var þetta 56 millj. kr., og árið 1961 er gert ráð fyrir því, að þetta verði 71 millj. kr., og fjórðungurinn af söluskattinum fer til sveitarfélaganna, hvort sem það er söluskatturinn 3% af viðskiptum innanlands eða viðaukasöluskatturinn í tolli, þannig að þegar hv. stjórnarandstæðingar eru að berjast gegn þessu frv., þá eru þeir þar með að berjast gegn því, að sveitarfélögin fái allmikla tekjustofna, sem auðvitað verða til þess, að útsvör eru lækkuð.

Í þriðja lagi hefur þessi söluskattur farið til þess að afla ríkissjóði tekna til þess að standa undir hinum stórkostlega auknu útgjöldum til almannatrygginganna.

Þegar á allt þetta er litið, getum við Alþýðuflokksmenn vart hugsað okkur, að hægt sé að verja nokkrum skatti betur en hér hefur verið gert.

Það er svo auðvitað, að þegar hugleidd er afstaða Alþfl. til söluskattsins 1953, er ekki nóg að tala bara um söluskatt, því að söluskattur getur vissulega verið mismunandi. Söluskattur getur verið margs konar eðlis. En það vildi ég leggja alveg sérstaka áherzlu á, að afstaða Alþfl. til söluskatts, — söluskatts, sem er þá jafn á flestar eða allar vörur, — hlýtur að fara eftir því, hverjir tollar og aðflutningsgjöld eru lögð á vörur. Ég tel ekki nokkrum vafa bundið, að frá því 1953 hafa tollar og aðflutningsgjöld á hátollavarningi og óhófsvöru hækkað alveg stórkostlega, og því eru auðvitað takmörk sett, hvað hægt er að bæta þar á ofan, þannig að það gilda allt önnur hlutföll nú en 1953. Nú er það líka þannig, að innfluttar neyzluvörur, eins og kaffi og sykur og hveiti, eru niðurgreiddar. Ekki var það 1953. Þess vegna er það, þegar Alþfl. er að taka afstöðu til þess, hvort hann eigi að fallast á söluskatt í innflutningi, sem sé jafn á allar vörur, þá hlýtur það auðvitað að vera meginforsenda, hvaða aðflutningsgjöld og tollar séu lagðir á og í hvaða hlutföllum á vörurnar yfirleitt. Og þetta hefur breytzt mjög mikið frá því 1953. Þess vegna er hér ekki um sambærilega hluti að tefla. Það er líka núna þannig með söluskattinn í viðskiptum innanlands, 3%, sem er eingöngu lagður á lokastig viðskipta, það er m. a. gert til þess að hann sé innheimtanlegri og síður hætta á því, að þeir, sem innheimta skattinn, standi ekki skil á honum. Áður skilst mér með söluskattinn, að hann hafi verið á mörgum stigum viðskipta hér innanlands og miklu erfiðara að eiga við hann. Það er þess vegna alls ekki verið að tala um sambærilega hluti og sambærilegar forsendur, þegar er verið að tala um afstöðu Alþfl.-foringjanna 1953 og þá afstöðu, sem Alþfl. hefur í dag.

Við þetta er svo hægt að bæta því, að Alþfl. hefur breytt um stefnu í skattamálum. Hann hefur viljað hverfa nokkuð frá beinum sköttum, en taka upp óbeina skatta í staðinn. Þess vegna er stuðningur hans við söluskatt yfirleitt alveg í samræmi við stefnu hans nú.

Það er út af fyrir sig heiðarlegt, þó að einhverjir flokkar skipti um stefnu eða breyti um stefnu í tilteknum málum eins og skattamálum. Hjá Framsfl. virðist þetta nokkuð annars eðlis. Hann skiptir að vísu oft um stefnu eða afstöðu, ekki vegna þess kannske, að hann hafi skipt um stefnu samkvæmt ákvörðun flokksþings eða neitt slíkt, — nei, hann skiptir bara um stefnu eftir því, hvort hann er í stjórn eða stjórnarandstöðu. Þegar þessi flokkur er í stjórn, þá er sjálfsagt að leggja á alla skatta og tolla og söluskatt, en þegar hann er í stjórnarandstöðu, þá er hann á móti öllum sköttum og tollum. Slíka afstöðu vill Alþfl. ekki tileinka sér.

Það má svo benda á í sambandi við þetta, þótt það komi söluskattinum ekki beinlínis við, að hv. 3. þm. Norðurl. v. sagði orðrétt í sinni ræðu hér við 1. umr., með leyfi forseta, þannig:

„Ég hef aldrei haldið því fram, að vandinn í efnahagsmálunum hafi verið lítill, þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við. Ég hef hins vegar sagt, að hann hafi verið mikill. Og hann varð það að nokkru leyti meðfram vegna ábyrgðarlausra aðgerða, sem Alþýðuflokksstjórnin stofnaði til á árinu 1959."

Það má náttúrlega skjóta því hér inn, að við efnahagsmálaumræðurnar á s. l. vetri sagði formaður þingflokks Framsfl. einmitt þveröfugt. Hann sagði, að vandinn væri nú minni en oftast áður, — að vísu sagði hann svo í annarri ræðu um svipað leyti, að hann væri meiri, og átti þá vitanlega við alveg sama tíma, það var svo stutt á milli. Þetta er sagt til þess að benda almennt á málflutning þessara hv. framsóknarmanna í efnahagsmálunum.

En það, sem ég vildi líka gera að umtalsefni, er, að þessi hv. þm. sagði, að vandinn hefði orðið mikill meðfram vegna ábyrgðarlausra aðgerða, sem Alþfl.-stjórnin stofnaði til á árinu 1959. Nú var það svo, að um þær aðgerðir — niðurfærsluna — stóð Framsókn með Alþfl. Það var fyrst og fremst um eitt atriði, sem var ágreiningur, það var um kaupið til bænda. Framsfl. vildi, að bændur fengju meira út úr þessu en Alþfl. vildi, og Framsfl. kom ekki sínum hlut fram, — þannig að ef það hefði verið vegna ábyrgðarlausra aðgerða, sem að vísu er alrangt, sem vandinn hefði vaxið, þá hefði Framsfl. vissulega átt hlut að þeirri ábyrgð.

Til þess að fara nokkrum fleiri orðum um stefnu Framsfl. almennt í skattamálum, þá vil ég hér, með leyfi hæstv. forseta, lesa örfá orð upp úr Tímanum, það er föstudaginn 2. okt. 1959. Þá er sagt frá kosningafundi í Keflavík, þar sem m. a. núv. þm. Framsfl., Jón Skaftason, hélt ræðu, og þarna í Tímanum er tekinn upp útdráttur úr ræðunni, örstuttur útdráttur um skattamálin, og ég vildi — með leyfi hæstv. forseta — lesa þetta hér. Þar segir svo:

„Hann drap fyrst á skatta- og útsvarsmálin og benti á þá staðreynd, að beinu skattarnir væru nú orðnir svo þungir, að í ýmsum tilfellum yrði vart undir þeim risið, ekki sízt útsvarsþunginn. Flestum væri nú orðið ljóst, að hér þyrfti gagngerðra breytinga við. Hann minnti á, að Framsfl. hefði á undanförnum árum haft forgöngu um nær allar breytingar til bóta í skattamálum. Þar eru helztar lækkanir á tekjuskatti af lágtekjum, sem Eysteinn Jónsson hefur beitt sér fyrir, skattfrádráttur sjómanna og framtal hjóna hvors í sínu lagi o. fl. Á sama tíma hefur nær engin breyting verið gerð til bóta á útsvarslögum, og útsvör hafa því farið hækkandi ár frá ári. Þetta skapar einnig mikið ranglæti í garð þeirra, sem ekki draga undan skatti. Þeir heiðarlegu verða að borga brúsann fyrir hina. Ofan á bætast svo undarlegar ívilnanir á útsvörum pólitískra gæðinga. Ég get ekki betur séð, sagði Jón, en næsta Alþingi hljóti að verða að taka skatta- og einkum útsvarsmálin til gagngerðrar athugunar og á næstunni verði hreinlega að hverfa af braut beinna útsvara og skatta að verulegu leyti, því að þessi mál brenna nú svo á bökum manna, að undan breytingu verður ekki komizt." Þetta voru orð Jóns Skaftasonar, tilfærð í Tímanum.

Þegar þessi hv. framsóknarmaður er að tala um, að nauðsynlegt sé að hverfa af braut beinna útsvara og skatta að verulegu leyti, þá hlýtur hann auðvitað að meina það, að í staðinn verði horfið inn á braut óbeinna skatta. Önnur getur meiningin ekki verið.

En þegar þessi skattamál voru hér til umr. á Alþingi á s. l. vetri, var ekki svo vel, að Framsfl. tileinkaði sér þessar skoðanir Jóns Skaftasonar, sem koma þarna fram. Nei, þvert á móti, þá vildi flokkurinn halda í beinu skattana, en barðist gegn þeim óbeinu. Og þetta sýnir einmitt það, að þegar hv. framsóknarframbjóðendur og þm. standa frammi fyrir kjósendunum, þá seilast þeir gjarnan til þess að túlka þau viðhorf í skattamálum, sem eru nátengd stefnu Alþfl.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti hér framsögu fyrir sínu minnihlutaáliti, og hann vitnaði þar nokkuð í skýrslu norska hagfræðingsins Per Draglands. Það er nú út af fyrir sig fagnaðarefni, að framsóknarmenn skuli vera farnir að vitna í þessa skýrslu, sem erfiðlega gekk að fá birta í Tímanum, og ég held reyndar, að blaðið hafi aldrei birt hana, a. m. k. tregðuðust þeir mjög við því á sínum tíma. Og hann vildi m. a. styðja afstöðu sína gegn því að framlengja viðaukasöluskattinn, tollinn, með tilvísun til þessarar skýrslu. Að vísu gat ég ekki fundið það út úr þessum orðum, sem hann las, að þar væri reynt beinlínis að styrkja þessa skoðun. Hins vegar fyndist mér það ekki úr vegi, úr því að framsóknarmenn eru nú farnir að leggja svona mikið upp úr Per Dragland, sem ég mun vissulega gleðjast yfir, hvort þessi hv. þm. vildi ekki bara hringja í hagfræðinginn og bera þetta undir hann, hvort hagfræðingurinn teldi, að það væri réttmætt, eins og sakir stæðu, að fella þennan skatt niður, þannig að það færi ekkert á milli mála, að hv. þm. færi þó eftir þessari ráðleggingu.

Annað sagði þessi hv. þm., sem mér fannst reyndar afar merkilegt, að stjórnarandstöðunni eða þeim bæri ekki skylda til þess að benda á neinar tekjur í staðinn fyrir þennan viðaukasöluskatt, í staðinn fyrir þessar 168 millj. Þetta var mjög fróðleg yfirlýsing, að stjórnarandstaðan telur sér það alls ekki skylt. Nú hefur þessi hv. þm. t. d. flutt hér frv., sem mundi valda ríkissjóði á næstu árum útgjaldaaukningu um 160 millj., til þess að láta fé í bændasjóði, sem eru févana nú. Ég held, að það geti ekki farið á milli mála, að stjórnarandstöðu, sem er ábyrg, hlýtur auðvitað að bera skylda til þess að benda á tekjuöflun í staðinn, annaðhvort sparnað eða tekjuöflun. Veit þessi hv. þm., að þegar hann lýsir því yfir, að þeim beri engin skylda til þess — (**KK**: Ég færði rök fyrir því.) Jú, það er alveg rétt, ég kem að því á eftir. Hann færði þau rök fyrir því, að ríkisstj. héldi leyndum einhverjum upplýsingum. Maður gæti þá náttúrlega alveg eins haldið fram, að þeir gætu ekki flutt tillögur um útgjaldahækkanir, meðan þessum upplýsingum

væri haldið leyndum. En það virðist bara vera á annan veginn, að þeir geti ekki flutt tillögur um tekjuöflun, meðan upplýsingum er haldið leyndum. Annars er þetta raunar mjög vesæl málsvörn. Þessi hv. þm. er hér kominn inn á sömu línu og Sjálfstfl., þegar hann var í stjórnarandstöðu gegn vinstri stjórninni. Þá bar hann því alltaf við, að hann gæti ekki gert neinar tillögur, vegna þess að það væri haldið fyrir sér ýmsum upplýsingum. Þetta taldi þessi hv. þm. þá alls ekki frambærileg rök. Nú er hann búinn að sækja þessi rök til Sjálfstfl. að því er bezt verður séð, sem hann taldi mjög lítils virði á sínum tíma, þegar Sjálfstfl. beitti þeim. Nú telur hann sér sæmandi að gera það.

Á síðasta Alþýðusambandsþingi var samþykkt með atkv. meiri hl., þ. e. a. s. framsóknarmanna og kommúnista, tillaga um að setja fram kröfur til kjarabóta, beinar launahækkanir og ýmsar aðrar kjarabætur. Þessar kjarabætur mundi a. m. k. vera hægt að meta sem 30% kjaraaukningu frá því, sem nú er. Þeir settu það enn fremur fram í þessari samþykkt, að það þyrfti að breyta um efnahagskerfi, til þess að það væri unnt að verða við þessum kjarakröfum. Ég vil lýsa því yfir fyrir mig persónulega, að ég mundi mjög gjarnan vera til viðtals um að stuðla að því að breyta um efnahagskerfi, þannig að það væri hægt að veita landsfólkinu yfirleitt 30% kjarabætur. En ég vil bara fá einhverjar upplýsingar frá þeim, sem hafa þessar tillögur fram að færa og krefjast þess, að efnahagskerfinu væri breytt, um það, í hverju þessar breytingar ættu að vera fólgnar, svo að þessi glæsilega lausn á okkar vandamálum yfirleitt sé ekki falin fyrir þjóðinni. Ég vil þvert móti, að hún komi fram, að þessi mikli leyndardómur sé afhjúpaður, þannig að maður sé ekki hér að styðja efnahagsaðgerðir í sinni fávizku af því, að maður sjái ekki annað betra og það liggi einhvers staðar hulið fyrir framan mann, að það sé hægt að breyta efnahagskerfinu þannig, að það sé hægt að veita öllum mönnum 30% kjarabætur. Ég vildi skora á þessa menn, sem hafa þessar tillögur fram að færa, að afhjúpa nú leyndardóminn og láta menn heyra þessa stórglæsilegu lausn.

Afstaða Alþfl. til þessa viðaukasöluskatts er sú, sem kom hér greinilega fram hjá hv. ræðumanni, sem talaði á undan mér. Auðvitað vill Alþfl. vinna að því, að unnt verði að afnema þennan viðaukasöluskatt, strax og þjóðfélagið hefur ráð á því og strax og efnahagslegar aðstæður eru fyrir hendi. Og það er meira en það, það er líka vegna þess, að Alþfl. telur, að einmitt með vörulækkunum, í því formi sé bezta kjarabótin fólgin. Þegar aðstæður leyfa og skilyrði eru fyrir hendi, til þess að unnt sé að bæta kjör almennings aftur á nýjan leik, þá telur Alþfl., að það sé langfarsælast, að það sé gert í því formi, að vöruverðið sé lækkað, en ekki á þann hátt, að kaupið sé hækkað. Því til viðbótar má svo að endingu vitna í hin glöggu rök norska hagfræðingsins Per Draglands, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. vitnaði hér í, þar sem hann benti á, að þessi skattur, ef til lengdar léti, gæti hann á margan hátt verkað sem óheilbrigður verndartollur. Þess vegna, þegar aðstæðurnar skapast og efnahagurinn batnar á nýjan leik, þá telur Alþfl. einmitt, að það eigi að koma fram í þeirri mynd að lækka eða afnema þennan skatt, sem því miður er alveg óhjákvæmilegt að framlengja fyrst um sinn, eins og nú standa sakir.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., 13. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 187, n. 194, 196 og 199).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það hafa svo litlar athugasemdir komið fram við framsöguræðu mína fyrir áliti meiri hl. hv. fjhn., að ég hef ekki ástæðu til að vera langorður. En í tilefni af örfáum athugasemdum og atriðum í ræðum hv. frsm. minni hl. ætla ég að segja örfá orð til viðbótar.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. vitnaði nokkuð í skýrslu, sem norski hagfræðingurinn Per Dragland, sem dvaldist hér á landi s. l. sumar, gerði um efnahagsmálin. Áður en lengra er haldið, tel ég rétt aðeins að leiðrétta þann misskilning, sem virtist koma fram í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., að Dragland hefði verið hér á vegum ríkisstj. og bæri að skoða hann sem sérstakan erindreka hennar. Það rétta í málinu er, að það var alls ekki hæstv. ríkisstj., sem kvaddi Dragland hingað, heldur nokkur heildarsamtök launþega í landinu, önnur en Alþýðusambandið, og er ekki annað vitað um a. m. k. sum þessara samtaka en að stjórnarandstæðingar ráði stjórnum þeirra. Að gefnu tilefni að öðru leyti vegna tilvitnana í skýrslu Draglands vildi ég vekja athygli á því, að sú mynd, sem fram kom í tilvitnunum hv. 1. þm. Norðurl. e. í álitsgerðina, hefði orðið réttari af niðurstöðum Draglands, ef þessi hv. þm. hefði lesið þær setningar úr álitsgerðinni, sem fóru á undan og eftir þeirri einu setningu, sem hann vitnaði í, og vil ég því leyfa mér — **(Gripið fram í:** Hann vitnaði í margar þeirra.) Jæja, það upplýsist þá síðar. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa það, sem var í kringum þessa setningu, sem hv. þm. a. m. k. virtist leggja megináherzluna á, en það hljóðar þannig:

„Það er að mínum dómi lífsnauðsyn fyrir alla þjóðina, að þessi tilraun takist. Stöðvun verðbólgunnar er nauðsynleg, til þess að framleiðsluaukning geti hafizt aftur á heilbrigðum grundvelli, og umfangsmikil og frjáls utanríkisverzlun er nauðsynlegt skilyrði þróunar og velmegunar í landi, sem hefur svo fáa íbúa og einhliða atvinnuvegi. En fullan arð af þeim viðskiptum fær þjóðin ekki fyrr en jafnvægi er náð og gjaldeyrisforði er nægilegur til, að bæði útflytjendur og innflytjendur geti notið frelsis á heimsmarkaðinum.“

Því næst kemur — það er alveg rétt — sú setning, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. vitnaði aðallega í, en hún hljóðar þannig:

„Ráðstafanirnar fela í sér svo mikla kjaraskerðingu hjá allri alþýðu, að tilfinningar mínar gera mér erfitt að mæla með þeim.“

En svo bætir Dragland við:

„En ég fæ ekki séð, að um nokkrar aðrar

og betri leiðir sé að velja. Vandamálin, sem krefjast úrlausnar, eru hvorki sök aðgerðanna né þeirra manna, sem standa að þeim. Vandamálin hafa verið til staðar í mörg ár. Allar tilraunir til að stöðva verðbólguna hafa farið út um þúfur, og ástandið hefur versnað ár frá ári. Allt fram að þessu hafa erfiðleikarnir verið faldir með erlendum lántökum. Á þennan hátt hefur landið nálgazt það mark fet fyrir fet, að allir lánamöguleikar væru tæmdir, og þá hlaut breytingin að koma, hvort sem þjóðin vildi eða ekki. Einnig án þessara aðgerða mundu lífskjör almennings brátt hafa versnað. Ég lít á ráðstafanirnar sem tilraun til að láta breytinguna fylgja fyrir fram gerðri áætlun, takmarka tjónið og dreifa byrðunum af nokkurri sanngirni."

Undir öllum kringumstæðum gefur þetta, sem ég nú hef lesið upp, réttari mynd af heildarniðurstöðunni af athugunum Draglands.

Úr því að Dragland hefur hér að öðru leyti borið á góma, þá er rétt að taka fram, að það er rangt, sem fram hefur komið í málgögnum hv. stjórnarandstæðinga, að Dragland hafi ekki rætt við aðra en efnahagsmálaráðunauta hæstv. ríkisstj. Það kemur mjög skýrt fram, ef litið er á skýrslu hans sem heild, að það, sem hann einmitt fyrst og fremst byggir á sínar niðurstöður, eru skýrslur þær, sem ég minntist á í framsöguræðu minni og las upp úr einstakar tilvitnanir, er vinstri stjórnin lét sérfræðinga sína gera haustið 1958 og útbýta þá m. a. á Alþýðusambandsþingi. Í þessar skýrslur og niðurstöður þeirra vitnar Dragland hvað eftir annað, en miklu minna, ef hann yfirleitt gerir það, í efnahagsmálaráðunauta hæstv. ríkisstj.

Að lokum tel ég rétt, með leyfi hæstv. forseta, að lesa eftirfarandi setningu úr álitsgerð Draglands, sem einmitt sérstaklega snertir það mál, sem hér er til umræðu, en hún hljóðar þannig:

„Meðalfjölskyldu munu við lækkun tekjuskattsins sparast álika mikil útgjöld eins og aukningunni vegna hækkunar á söluskatti í innflutningi og söluskatti í smásölu nemur. Fyrir fjölskyldur með lágar tekjur og mörg börn hafa fjölskyldubæturnar sérstaklega mikla þýðingu, en fyrir fjölskyldur með hærri tekjur mun skattalækkunin vera þýðingarmeiri. Nettóáhrifin verða þannig mismunandi fyrir mismunandi fjölskyldur eftir stærð þeirra, tekjum og neyzluvenjum."

Þetta er í fullu samræmi við það, sem ég og hæstv. fjmrh. höfum haldið hér fram um það, að álagning þessara söluskatta og samsvarandi lækkun á tekjusköttunum ætti ekki að hafa rýrt hag almennings í landinu, ef á heildina er litið.

Ég tel einnig rétt að taka það fram að gefnu tilefni, að auðvitað fer því mjög fjarri, að þó að þetta frv. verði samþ., þá sé sagt síðasta orðið hvað snertir lækkun aðflutningsgjaldanna. Eins og hér hefur verið upplýst, stendur nú yfir gaumgæfileg athugun á aðflutningsgjöldunum. Það ættu að vera allmiklir möguleikar fyrir hendi að breyta þeim þannig, að sú byrði, sem á almenningi hvílir vegna þeirra, gæti lækkað, án þess að ríkissjóður yrði fyrir verulegum tekjumissi, því að þess ber að gæta, að núverandi aðflutningsgjöld og hæð þeirra, hvað snertir einstaka vöruflokka, eru að meira eða minna leyti byggð á gamla vísitölugrundvellinum, sem nú er, eins og kunnugt er, löngu úreltur, enda hefur hann verið lagður niður. Þó að ekki væri um annað að ræða en tilfærslu á aðflutningsgjöldunum með tilliti til þess, þá ætti að vera möguleiki á að framkvæma þar einhverja lækkun. En auðvitað þarf slíkt mál athugunar með, sem tekur sinn tíma. En eins og hæstv. ríkisstj. hefur þegar lýst yfir, þá munu, svo fljótt sem athugunin er komin á það stig, verða lögð fram frumvörp um breytingar á aðflutningsgjöldunum. Hvort slíkt getur orðið á því þingi, sem nú situr, get ég auðvitað ekki sagt um, en ég er sannfærður um, að það verður gert svo fljótt sem við verður komið.

Ræða hv. 5. þm. Norðurl. e. gaf að mínu áliti ekki sérstakt tilefni til athugasemda. Hann birtir í sínu nál. tölur, sem eiga að sanna það, að hér sé um verulega nýja skattlagningu að ræða. Ég held, að hér sé um miður vandaða meðferð talna að ræða, því að eftir því sem ég hef komizt næst, þá byggist niðurstaða hans að mestu leyti á því, að gamli söluskatturinn rann að verulegu leyti í útflutningssjóðinn, eins og hv. þdm. mun vera kunnugt. Þegar útflutningssjóðurinn er lagður niður, færast skuldbindingar hans og þá um leið þær tekjur, sem til hans var aflað, til ríkissjóðsins. En hitt er auðvitað auðsætt, að það þýðir ekki neinar nýjar skattaálögur, þó að skattar, sem áður voru innheimtir til útflutningssjóðs, renni nú í ríkissjóðinn.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. bar það af sér, að hann vildi hvetja til verkfalla. Ég minntist á það í framsöguræðu minni, að orð hans við 1. umr. málsins hefði mátt skilja sem dulbúna hótun um, að hvatt yrði til verkfalla, ef ekki yrði komið til móts við kröfu alþýðusamtakanna um lækkun á aðflutningsgjöldum. Ég tók það einnig fram, að e. t. v. væri þetta á misskilningi byggt og það mundi gleðja mig, ef það upplýstist, að svo væri. Að fenginni þessari yfirlýsingu hv. þm. get ég endurtekið það.

Ég vil þá að lokum víkja að þeirri spurningu, sem ég beindi til hv. 5. þm. Norðurl. e. í framsöguræðunni, en hún var á þann veg, að ég spurði, hvar launþegar hefðu tryggingu fyrir því, ef til verkfalla kæmi nú síðar í vetur, sem leiða kynnu til, að samið yrði um meiri eða minni kauphækkanir, að ekki færi eins með slíkar kauphækkanir og allar þær kauphækkanir, sem orðið hafa s. l. 15 ár, að þær rynnu út í sandinn. Hv. 5. þm. Norðurl. e. gaf greið og skýr svör við þessari spurningu, og tel ég honum það til sæmdar, ekki sízt með tilliti til þess, að ég er því vanur af samherjum hans, að þeir víkja sér gjarnan með vífilengjum undan því að svara slíkri spurningu, ef fram er borin. Hann sagði í stuttu máli og hreinskilnislega: Það er enga slíka tryggingu hægt að gefa. — Mér finnst það þess vert, að þetta svar veki nokkra athygli launamanna, því að hv. 5. þm. Norðurl. e. og orð hans ætti

að vera nokkuð, sem tillit væri tekið til á þeim vettvangi, vegna mikilvægra trúnaðarstarfa, sem hann hefur gegnt og gegnir enn í þágu launþegasamtakanna. En hann sagði það skýrt og skorinort, að um enga slíka tryggingu gæti verið að ræða. Hann bætti því að vísu við, að það, sem yrði bezta tryggingin í því sambandi, væri það, eins og hann orðaði það, að ríkisstj. vinveitt verkalýðnum gerði annað af tvennu að breyta tekjuskiptingunni í landinu launþegunum í hag eða gera ráðstafanir til þess að auka framleiðsluafköstin. Nú er ég hv. þm. fyllilega sammála um það, að annað af þessu tvennu verður að eiga sér stað, ef verkalýðurinn og launþegarnir eiga að geta öðlazt raunhæfar kjarabætur. Annaðhvort verður tekjuskiptingin að breytast þannig, að þeir fái meiri hlut af þjóðartekjunum en þeir áður hafa haft, eða þá að meira verði til skipta eða þjóðarframleiðslan aukist. Er það að mínu áliti alveg réttilega sagt hjá hv. þm. En skýringin á því, að allar kauphækkanir hafa, frá því að seinni heimsstyrjöldinni lauk, runnið út í sandinn, er sú, að hvorugt þessara skilyrða hefur verið fyrir hendi, og eins og ég rakti í framsöguræðunni, þá fór því mjög fjarri, að vinstri stjórnin svokallaða væri nokkur undantekning í því efni. Hún gerði hvorki ráðstafanir til þess að auka hlutdeild launþega í þjóðartekjunum né heldur til að auka framleiðsluafköstin. Hvað fyrra atriðið snertir, þá skal það þó viðurkennt, að ég ligg ekki vinstri stjórninni frekar en öðrum ríkisstjórnum svo mjög á hálsi fyrir það að hafa ekki framkvæmt slíkar aðgerðir, því þó að það láti að vísu vel í eyrum launþeganna, að það þurfi að gera ráðstafanir til þess að auka hlutdeild þeirra í þjóðartekjunum, þá er það nú einu sinni svo, að það er hægara sagt en gert að gera ákveðnar tillögur í því efni. Þær verða ekki hristar fram úr erminni. Og í því sambandi er ekki meiri ástæða til að hallmæla vinstri stjórninni en öðrum ríkisstjórnum. Hitt er aftur meira ámælisvert, að þessi ríkisstj. lét það algerlega undir höfuð leggjast, að gera þær lagfæringar á efnahagskerfinu, sem skapað hefðu getað möguleika á auknum framleiðsluafköstum. Þessar ráðstafanir voru ekki gerðar, og þess vegna var ekki um annað að ræða fyrir vinstri stjórnina en að taka með þeim ráðstöfunum, sem hún gerði, aftur allar þær kauphækkanir, sem verkalýðurinn hafði áunnið í verkfallinu 1955. Með þeim efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru á s. l. vetri, er einmitt verið að gera alvarlega tilraun til að bæta úr þessu, þ. e. að koma á því jafnvægi í efnahagsmálum, að þess megi vænta á næstu árum, að launþegar á Íslandi geti á sama hátt og launþegar í nágrannalöndunum vænzt aukinna framleiðsluafkasta og þar af leiðandi bættra kjara. Hvort sú tilraun tekst eða ekki, er of snemmt að spá um á þessu stigi málsins. En eins og segir í áliti Draglands, sem ég vitnaði í áðan, og að mínu áliti ætti í rauninni ekki að vera ágreiningur um meðal þeirra, sem um þessi mál vilja hugsa af alvöru, það, hvort þjóðin getur vænzt batnandi lífskjara á næstunni, verður einmitt fyrst og fremst undir því komið, að þessi tilraun megi takast.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, virðist benda til þess, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér þann tekjustofn, sem það fer fram á, sem eilífðartekjulind fyrir ríkissjóð og það þrátt fyrir gefin fyrirheit á s. l. vetri um, að þessi tekjustofn væri einungis til bráðabirgða, á meðan hæstv. ríkisstj. væri að finna aðrar heppilegri og betri leiðir að eigin áliti til þess að sjá sínu skipi borgið framvegis og þar með að reyna að koma atvinnulífinu í landinu á bjargfastan grunn, eins og hæstv. ríkisstj. orðaði það.

Tíminn líður ótt, og senn nálgast jólin, og þetta frv. er ein af jólagjöfum hæstv. ríkisstj. til almennings í landinu. Hv. 11. þm. Reykv. minntist nokkuð á jólagjafir vinstri stjórnarinnar, sem kölluð er. En hv. þm. fór að sama skapi mjög fáum orðum um þessa jólagjöf, sem hann var þó raunverulega að tala fyrir, og það hygg ég að hann hafi gert vegna þess, að maðurinn er að eðlisfari sanngjarn og prúður og hann hefur ekki viljað lýsa þessari jólagjöf eins og hún raunverulega er. En þessi jólagjöf færir ekki hverri fimm manna fjölskyldu í landinu 5—6 þús. kr., heldur tekur hún af hverri fimm manna fjölskyldu í landinu 5—6 þús. kr. árlega. Hún er á þann veg, þessi jólagjöf.

Það er vert að minnast þess, að sjálfstæðismenn hafa allt frá því 1956 talið þjóðinni trú um það, að Sjálfstfl. einn allra stjórnmálaflokka í landinu gæti bætt hag fólksins, og mun ég gera gleggri grein fyrir því nokkuð hér á eftir. Hafi flokkurinn sagt þetta satt, bar honum að framkvæma það á þann hátt, að það kæmi í ljós, en hafi hann vísvitandi sagt fólkinu ósatt og fengið stjórnarforustuna á þann veg, þá er það sannarlega vítavert af stærsta stjórnmálaflokki landsins að haga sér á þann veg.

Hér stigu í stólinn í gær tveir hv. þm. Alþfl., og voru þeir að gera tilraun til að verja sitt mál með því að ræða ekki efni þessa frv. sérstaklega, heldur um aðferðir til skattheimtu. Þetta er eitt mál og skattheimtan annað. Loforðin og efndirnar eru líka mál út af fyrir sig. Þessir þingmenn ásamt fleiri lýstu yfir fyrir síðustu kosningar, að Alþfl. mundi vinna að óbreyttu verðlagi og óbreyttu ástandi í efnahagsmálum þjóðarinnar. Alþfl. væri nú búinn að lækna dýrtíðina og hann einn flokka mundi vinna að því, að sú stefna héldist áfram í þjóðmálum okkar Íslendinga. Þetta er undirstrikað mjög ýtarlega oft og einatt í Alþýðublaðinu og ekki sízt þann 25. okt. 1959, þann daginn, sem kjósendur skyldu ganga að kjörborðinu. „Óbreytt verðlag, óbreytt ástand," var kjörorð þessa hv. Alþfl. fyrir síðustu kosningar, og þetta er undirstrikað á þeim heiðursdegi, sem þjóðin á að velja og hafna um stefnur og menn til að fara með sín þjóðmál í framtíðinni. Og samhliða þessu er birt stór mynd af hv. 10. þm. Reykv., Eggert Þorsteinssyni, til að undirstrika það, að þessi hv. þm. muni ekki síður en

aðrir vinna að óbreyttu verðlagi og óbreyttu ástandi í landsmálum.

En hver er nú reynslan, þegar hún er borin saman við loforðin? Hafa efndirnar orðið á sama veg og loforðin? Þessir hv. þm., sem þessu lofuðu, áður en þeir stigu inn fyrir þingdyrnar, hafa nú hvorki meira né minna en lagt á þjóðina um 1200 millj. kr. í nýjum sköttum og álögum þrátt fyrir loforðin um óbreytt verðlag og óbreytt ástand í efnahagsmálum. Og þó er ekki ýkjalangur tími liðinn, síðan þeir fengu völdin að nýju. Og það er nokkuð hart að þurfa að hlusta á þessa menn lýsa yfir einu og framkvæma allt annað, þegar þeir sjálfir hljóta að sjá sínar vanefndir á flestum, ef ekki öllum sviðum, þar sem þeir hafa komið nokkuð við sögu.

Alþfl. taldi raunar þjóðinni trú um það, að hann væri búinn að stöðva dýrtíðina, og einnig töldu Alþfl.-menn fólkinu trú um það, að þeir einir byggju yfir því töframeðali, sem haldið gæti öllu verðlagi í skefjum í landinu, þeir gætu treyst verðgildi krónunnar og kaupmátt launa, eins og þeir orðuðu það. Það hefur enginn einn stjórnmálaflokkur blekkt þjóðina jafnmikið og Alþfl.-menn gerðu fyrir síðustu kosningar, og ég hygg, að þeir muni vita þetta og sjá, þótt þeir hafi ekki þann manndóm til að bera, að þeir vilji viðurkenna það á opinberum vettvangi. Fólk finnur þetta ákaflega vel, ekki síst nú, er það undirbýr aðalhátíð ársins, jólahátíðina. Það er trúlegt, að þau endist skammt í buddunni, loforðin um óbreytt verðlag og óbreytt ástand í efnahagsmálum. Þau duga skammt. Buddan segir til sín, og henni ber ekki saman við það, sem Alþfl.-menn lofuðu fyrir síðustu kosningar. Það er nokkuð víst.

Það frv., sem er verið að fjalla um hér, um framlengingu á söluskatti, er þess eðlis, að það er ekki hægt að taka því þegjandi. Áhrif söluskattsins á lífsafkomu manna eru á þann veg, að þeim mun fjölmennari og þeim mun stærri og þeim mun barnfleiri sem ein fjölskylda er, þeim mun þyngri byrðar þarf hún að bera vegna þessa skatts. Og þótt á hinn bóginn því sé haldið fram, að fjölskyldubæturnar eigi þarna um að bæta, þá hrökkva þær skammt til þess að bæta úr hjá þeim, sem hafa mjög barnmargar fjölskyldur, því að þess er vert að minnast, að þessir menn höfðu einnig fjölskyldubætur áður og hækkunin á þeim er ekki það ýkjamikil, að hún taki allan þann þunga, sem þessi skattur ásamt fleiri gjöldum felur í sér fyrir fjölskyldurnar, sem margar eru stórar og þurfa því helzt hjálpar með. Það er í þessu sambandi gott að hugleiða nokkuð af því, og þó verður fátt eitt með tekið af því, sem stjórnmálamennirnir, sem nú fara með völdin í landinu, lofuðu á undanförnum árum, ef þjóðin veitti þeim brautargengi í þjóðmálum, eins og hún gerði í þeim kosningum, sem fram fóru fyrir rúmu ári.

Hæstv. núv. forsrh., Ólafur Thors, talaði í þinginu vorið 1957 og sagði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Við sjálfstæðismenn munum berjast öfluglega fyrir því, að sem fyrst verði tekin upp hin mikla framfarastefna okkar, sem leitt hefur þjóðina til meiri velsældar, jafnari og betri lífskjara en nokkur dæmi eru til um í sögu Íslendinga.“

Miðar þetta frv. að því að jafna og bæta lífskjör almennings í landinu? Ég segi nei og aftur nei. Þetta frv. undirstrikar svikin, sem nú eru á flestum sviðum í hávegum höfð af hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsliði. Þeir lofuðu miklu, en þeir sýna fátt eitt til þess að efna það, er þeir lofuðu.

Þá sagði annar ræðumaður Sjálfstfl., þáv. hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, — hann sagði þetta vorið 1957, með leyfi hæstv. forseta:

„Við sjálfstæðismenn munum halda áfram að berjast fyrir frjálslyndri framkvæmdastefnu, sem byggir á framtaki einstaklingsins, viðskipta- og athafnafrelsi, en gegn höftum, hlutdrægni og hvers konar valdníðslu, en gæta þess þó, að réttur hins minni máttar verði ekki fyrir borð borinn.“

Þetta eru fögur loforð. En aumari framkvæmd á gefnum fyrirheitum mun varla þekkjast annars staðar betur en hjá núv. hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Eða hvar eru hinar miklu framkvæmdir hæstv. ríkisstj., hin mikla umbótastefna og athafnafrelsi hjá sjálfstæðismönnum? Eða hver gætir þess nú hjá sjálfstæðismönnum, að réttur hinna minni máttar sé ekki fyrir borð borinn? Hver gætir þess? Enginn. Gefin fögur fyrirheit í þessum efnum fyrirfinnast ekki nema á stefnuskrá, en ekki í framkvæmd hjá hæstv. ríkisstj. Í staðinn fyrir félagslegt öryggi hins minni máttar, sem áður var, er komin valdníðsla nokkurra manna, svo að ótti og kvíði ríkir nú, þar sem áður ríkti athafnafrelsi og félagslegt öryggi. Það er nú svo komið, að enginn venjulegur borgari hugsar til þess að koma upp eigin húsnæði yfir höfuðið, og athafnafrelsið er að færast yfir á þá braut, að hinir minni máttar verða að hugsa sig vel um, hvað þeir geta lagt sér til munns næsta dag, ef daglaunin eiga að hrökkva fyrir nauðþurftunum. Og ekki bætir þetta frv. um fyrir þessu fólki. Það hefur gleymzt í öllu ölæði hæstv. ríkisstj. að sjá hag hins minni máttar borgið þrátt fyrir öll loforð þar um áður fyrr.

Þá voru ekki ófögur fyrirheit hæstv. núv. dómsmrh., Bjarna Benediktssonar, er hann hét þjóðinni í þingræðu vorið 1957, með leyfi hæstv. forseta:

„Við sjálfstæðismenn erum málsvarar gróandans í þjóðlífinu, lífskraftarins, hugkvæmninnar, framkvæmdarinnar og frelsisins.“

Þetta eru fögur fyrirheit. En hvar er nú þessi gróandi í þjóðlífi okkar Íslendinga? Og hvar er okkar frelsi? Er ekki einmitt nú verið að nota okkar frelsi til að semja af okkur óskoraðan rétt, að því er varðar landhelgi landsins? Er verið að nota gróandann, sem hefur verið í þjóðlífi Íslendinga, og frelsi okkar til þess að semja af okkur skýlausan rétt? Ég spyr. Og hvað verður um okkar athafnafrelsi innan tíðar, þegar aðrar þjóðir eru búin-

ar að eyðileggja okkar fiskimið, sem okkar framfara- og athafnafrelsi hefur byggzt á til þessa? Það er kaldhæðni örlaganna, að þessi hæstv. dómsmrh. skuli verða til þess að skerða lífskraft íslenzku þjóðarinnar, jafnframt því sem framkvæmdir minnka og gróandi þjóðlífsins þverr. Það hefði verið farsælla að lofa minna, en reyna að standa við eitthvað af hinum gefnu fyrirheitum.

Þá sagði núv. hæstv. fjmrh. í þingræðu vorið 1957 um þáv. ríkisstj., með leyfi hæstv. forseta, — hæstv. núv. fjmrh. sagði m. a.:

„Kjósendur landsins eiga að nota fyrsta tækifæri til að gefa ríkisstj. og ráðherrum hennar lausn í náð, svo að þeir geti snúið sér að öðrum verkefnum, sem þeir kunna að vera hæfir til að sinna, en séu ekki lengur að föndra við stjórn landsins, sem reynslan hefur sýnt, að er þeim algerlega um megn."

Þetta sagði núv. hæstv. fjmrh. um þá stjórn, sem þá ríkti. En hvernig er nú umhorfs hjá núv. hæstv. ríkisstj.? Ég held, að það sé nú sannarlega tími til kominn, að kjósendur kveði upp sinn dóm yfir núv. hæstv. ríkisstj., svo að þessi stjórn geti farið að sinna þeim verkefnum, sem hún hefur áhuga á og getu til að leysa, því að það hefur þegar sýnt sig, að hæstv. núv. ríkisstj. er að föndra við hluti, sem hún hefur enga getu til að leysa, og þess vegna er bezt, að hún fari frá völdum, og því betra, því fyrr.

Það eru því sannarlega orð í tíma töluð 1957 af hæstv. núv. fjmrh., að hann skyldi hitta einmitt á að lýsa þeirri hæstv. fyrstu ríkisstj., sem hann tekur sæti í á Íslandi, því að sannara orðalag um eina ríkisstj. mun hvergi vera heppilegra eða betra til, þótt leitað sé í þingsögunni. Ég vænti því þess, að jafnmikill skýrleiksmaður og hæstv. fjmrh. er gefi nú sem fyrst þjóðinni kost á að veita sér og sínu ráðuneyti lausn í náð, svo að hægt sé að koma þeim mönnum til valda, sem eru færari um að fara með völdin og ráða málefnum þjóðarinnar og finna betri leiðir en sú hæstv. ríkisstj. hefur getað, sem nú situr að völdum.

Þessi jólagjöf hæstv. ríkisstj., söluskattsfrv., er vottur þess, hvað hæstv. ríkisstj. er skammsýn, er hún lofaði því fyrir nokkrum mánuðum, að þetta yrði einungis til bráðabirgða, en sér nú engin úrræði til að standa við það. Þetta frv. er kóróna vanefndra loforða á fjölmörgum sviðum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið þjóðinni. Og þessi jólagjöf kemur þeim mun harðar niður á fólkinu, sem þess efni og kjör að öðru leyti eru lakari. Það er því kominn tími til nú, að þjóðin fái farsæla stjórn, sem bæði vill og getur treyst grundvöllinn að félagslegu öryggi og athafnafrelsi fólksins í landinu.

Ég rakst hér í morgun á gamalt Alþýðublað frá 23. okt. 1959, og þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Er Ólafur Thors almáttugur? — Ólafur Thors talaði í útvarpið á þriðjudagskvöld eins og hann væri almáttugur í íslenzkum stjórnmálum. Sjálfstfl. veit allt og getur allt undir hans forustu. Þess vegna eiga Íslendingar að ráða sig í skiprúm á freigátu Sjálfstfl. og fá Ólafi Thors stjórnvölinn í hendur. Ekki var strandkapteinninn svona almáttugur í vetur, þegar hann gafst upp við stjórnarmyndun. Nei, menn sigla ekki mikinn, ef skipið situr fast á skerinu."

Héldu Alþýðuflokksmenn, að Ólafur Thors væri almáttugur, þegar þeir réðu sig á freigátu hans fyrir rúmu ári? Héldu þeir, að hægt væri að fela svikin loforð innan borðstokka þeirrar freigátu? Var það ástæðan fyrir því, að þeir gengu á bak orða sinna? Eða var það valdafýsnin ein, sem svæfði loforðin um sama verðlag og sama ástand í þjóðmálum og þeir hétu fyrir kosningarnar haustið 1959? Það er satt, að menn sigla ekki mikinn, ef skipið situr fast á skerinu. Það er alveg satt hjá Alþfl. En er ekki freigátan að stranda með Ólaf Thors, hæstv. forsrh., við stýrið og hv. þm. Alþfl. innan borðstokksins? Það eru ekki þannig horfur nú í atvinnumálum okkar Íslendinga, að þessi freigáta hæstv. ríkisstj. sigli fram hjá skerinu. Fögur loforð forða ekki skipsstrandi, þegar skipstjóri og áhöfn gera ekki sitt bezta til að sigla eftir þeim áttavitum, sem þeir tendruðu, þegar þjóðin veitti þeim brautargengi í kosningunum haustið 1959. Þess er því ekki að vænta, að þessi freigáta sigli fram hjá skerinu. Og þess er ekki heldur að vænta, að það verði lengi innan þessarar freigátu, sem Alþfl. tekst að fela fyrirheitin um sama verðlag og sama ástand í efnahagsmálum og verið hafði árið 1959.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. taldi, að ég hefði ranglega látið að því liggja, að norski hagfræðingurinn, Per Dragland, hefði verið á vegum stjórnarflokkanna. Hann sagði, eins og satt er, að samstarfsnefnd launþegasamtaka hefði staðið fyrir því að fá hann hingað. Þetta haggar ekki því efnislega, sem ég lét að liggja í minni ræðu í gær. Formaður þessarar nefndar, Sigurður Ingimundarson alþingismaður og stjórnarliði, stóð fyrir þessum málum, eins og sést í Morgunblaðinu frá 15. sept. í haust, þar sem hann gerir grein fyrir komu mannsins og störfum. Og til frekari sönnunar því, að hér sé ekki um hrein altæk launþegasamtök að ræða, er það, að enginn aðili að þessari nefnd er í Alþýðusambandi Íslands. Í raun og veru er það Alþýðusambandið, sem skipti mestu máli að væri aðili, ef fenginn væri maður til að dæma um efnahagsaðgerðirnar, vegna þess að efnahagsaðgerðirnar koma harðast niður á því fólki, sem er almenningur landsins, lágtekjufólkinu, meðaltekjufólkinu.

Í skýrslu eða grg. hagfræðingsins kennir margra grasa. Það er auðfundið, að hann vill hughreysta þá, sem orðið hafa fyrir efnahagsaðgerðunum. Hann vill hughreysta þá. En jafnframt skýtur upp hér og þar í álitsgerð hans ugg hans um það, að efnahagsaðgerðirnar fari illa með fólkið, fari illa með almenning. Ég las upp í gær þrjár glefsur úr álitsgerð hagfræðingsins, gripnar upp hér og þar, sem sanna það, sem ég segi, að þessi uggur hefur búið í hug hagfræðingsins, þó að hann teldi ekki sitt erindi hingað að rífa niður það, sem búið var

að setja upp í fast kerfi, eins og þessar efnahagsaðgerðir. Ég las sérstaklega það, sem hann sagði um söluskattsviðaukann, og þar kom fram áherzlan, sem hann leggur á það, að hann eigi að sínum dómi að afnemast svo fljótt sem við verður komið. Og hann tekur einnig fram, að sér hafi verið sagt, að hann ætti aðeins að vera til bráðabirgða.

Hv. 11. þm. Reykv. las upp þátt úr álitsgerðinni til þess að sýna, að í raun og veru hefði hagfræðingurinn litið svo á, að kjaraskerðingin væri ekki stórkostleg. Af þessum kafla einum saman, sem hv. þm. las upp, mætti ráða, að eiginlega væru ekki skert kjör, svo að teljandi væri. En hér segir á öðrum stað í álitsgerðinni, og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa það upp að gefnu tilefni, — hér segir hagfræðingurinn, að hann hafi fengið Hagstofu Íslands til að reikna út áhrif aðgerðanna á afkomu meðalfjölskyldu í Reykjavík, og út af þeim útreikningum ályktar hann orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðgerðirnar munu auka útgjöldin hjá meðalfjölskyldunni um ca. 3000 kr. nettó, miðað við heildarútgjöldin. Þetta þýðir 4.5% lækkun kaupmáttarins."

Þetta er niðurstaðan að því er snertir meðalfjölskylduna, ef hún getur reiknað sér til sparnaðar hækkun fjölskyldubóta og lækkun tekjuskatts. En nú er langt frá því, að allir geti reiknað sér á sama hátt hækkun fjölskyldubótanna til sparnaðar á móti auknum álögum af efnahagsaðgerðunum eða lækkun tekjuskattsins. Þeir, sem voru þannig settir, að þeir höfðu ekki tekjur svo miklar, að þeir þyrftu að greiða tekjuskatt, svo að teljandi væri, fara algerlega á mis við þennan sparnað. Og þetta er það, sem ég fyrir mitt leyti hef allra mest við efnahagsaðgerðirnar að athuga og sérstaklega þá söluskattinn, að hann leggst með fullum þunga á þá, sem eru minni máttar, jafnvel mestum þunga, af því að hann er neyzluskattur.

Það hefur í þessum umr. verið dálítið minnzt á skoðanaskipti Alþfl., sem nú gengur með í þeim leik að taka upp óbeina skatta í stað beinna skatta. Vitanlega þarf ekkert að vera við skoðanaskipti að athuga. Séra Arnljótur Ólafsson á Sauðanesi, sá merki maður, var einu sinni borinn brigzlum á Alþingi fyrir það, að hann hefði skipt um skoðun. Hann svaraði: „Já, ég hef fengið nýja og betri skoðun." Það er ekkert við skoðanaskipti Alþfl. að athuga, ef hann gæti svarað eins og Arnljótur: Ég hef fengið nýja og betri skoðun. — Gallinn er, að hann hefur fengið verri skoðun en hann hafði, gamla íhaldsskoðun. Tímarnir eru að vísu nýir, eins og hv. 9. landsk. þm. sagði réttilega í gær, en skoðunin, sem Alþfl. hefur fengið, er gömul. Hún er bara ný fyrir hann. Þess vegna getur hann ekki afsakað skoðanaskipti sín gagnvart þeim, sem hann hefur aðallega umboð fyrir. Sú skoðun, sem hann hefur tekið upp í þessum efnum, er ekki við hæfi flokks, sem kennir sig við alþýðu. Stefna hans með upptöku óbeinna skatta eingöngu er ekki miðuð við hagsmuni alþýðunnar.

Tekjuöflun fyrir ríki og sveitarfélög getur verið heppilegt að hafa með meira en einu móti, þ. e. bæði í formi beinna og óbeinna skatta samtímis. En að afnema beina skatta, eins og Alþfl. virðist vilja nú, og taka upp háan söluskatt í staðinn, er ekki stefna flokks, sem getur sagt: Ég fylgi nýrri skoðun og betri fyrir almenning.

Það var rétt athugað hjá hv. 9. landsk. þm., að Framsfl. hefur stundum verið með því að leggja á söluskatt. Söluskattur er alls ekkert bannorð hjá Framsfl. En það eru takmörk fyrir því, hvað Framsfl. getur gengið inn á að hafa háan söluskatt. Hér er um að ræða, hvort leggja eigi framvegis 16.5% söluskatt á allan innflutning. Við framsóknarmenn teljum það nú allt of háan söluskatt, ekki sízt af því, að hann er liður í efnahagskerfi, sem við teljum allt of harkalegt í garð almennings að öðru leyti líka. Kerfi þessu erum við andvígir í heild og þar með þessum háa söluskatti.

Við viljum gerbreytingu á þessu kerfi og teljum, að í ljós sé komið, að það sé vél, sem brýtur hjól sín. Talnafræðingar settu upp þessa vél, en sást yfir, að mannlífið lýtur ekki lögmálum dauðra hluta. Nú er kreppa að koma yfir þjóðina, heimagerð kreppa af völdum þessa kerfis. Samdráttarlögmál kerfisins leiða af sér lífskjararýrnun, meiri og meiri. Söluskattsviðaukinn er einn kreppuvaldurinn, og við erum á móti honum sem slíkum. Við teljum ekki lappandi upp á kerfið og viljum, að það sé lagt niður og horfið frá samdráttarstefnunni og tekin upp framfarastefna, sú stefna, sem hefur það að markmiði að skapa almenningi skilyrði til að efla hag sinn og sigrast á örðugleikunum, sem við er að fást í landi voru. Á annan hátt sigrast þjóðin aldrei á örðugleikunum. Um leið og við erum á móti skattaukanum, erum við á móti samdráttarstefnunni og viljum alls ekki lappa upp á hana, teljum okkur ekki hafa neinar skyldur við hana, þvert á móti skyldur til að standa gegn henni. Við bentum á aðrar leiðir, þegar samdráttarkerfið var tekið upp. Við töldum, að það ætti að gera efnahagsaðgerðir í áföngum, ekki gera kerfisbyltingu og fara að með ósköpum, eins og gert var með þeim afleiðingum, sem nú eru að koma í ljós. Og nú kemur mér enn norski hagfræðingurinn Per Dragland í hug og álitsgerð hans. Hv. 9. landsk. sagði, að hann fyndi ekki út úr orðum þeim, er ég las úr skýrslu hagfræðingsins í gær, að hann vildi leggja niður söluskattsauka. Ég skal endurtaka eina setningu, sem ég las úr álitsgerðinni: „Slík lækkun" — þar á hann við skattaukann — „ætti að mínum dómi að ganga fyrir, jafnskjótt og hægt er að framkvæma hana."

Ráðlegging hagfræðingsins er ótvíræð. Hans dómur er, að afnema eigi skattinn, jafnskjótt og hægt er að framkvæma afnámið.

Það er margt fleira í skýrslunni, sem ég tel styðja skoðun okkar framsóknarmanna. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Allir, sem heimsækja Ísland, hljóta að verða undrandi á þeirri öru þróun, sem á sér stað í landinu. Ég fyrir mitt leyti hef oft spurt sjálf-

an mig, hvernig 170 þúsundir manna geti fengið slíku áorkað á svo mörgum sviðum. Menn verða að gera sér ljóst samhengið milli þessarar öru þróunar og jafnvægisleysisins, sem landið á við að stríða. Sama jafnvægisleysi rekumst við á í öðrum löndum með hraðfara þróun, þar sem stjórnarfar er lýðræðislegt og samtakafrelsi ríkjandi fyrir hina mismunandi hagsmunahópa. Engu að síður verður að leiðrétta skekkjurnar smám saman til þess að koma í veg fyrir, að þær ógni áframhaldandi þróun. Efnahagsaðgerðirnar eru að mínum dómi síðbúin, en róttæk tilraun til slíkrar leiðréttingar."

Þetta virðist mér vera af skilningi mælt um framfarirnar, sem orðið hafa á Íslandi fyrir kraft þeirrar félagslegu og lýðræðislegu umbótastefnu, sem hér var ríkjandi síðustu áratugi. Við framsóknarmenn töldum einmitt eins og Per Dragland, að leiðrétta yrði smám saman skekkjurnar, sem orðið höfðu. Við vildum leiðrétta þær í áföngum, smátt og smátt, án þess að stöðva framfaraþróunina, enda viðhald hennar skilyrði til þess, að hægt væri að leiðrétta án mikilla þrenginga. En hæstv. stjórnarflokkar völdu „róttæka tilraun", eins og Per Dragland segir, tilraun, sem í dag er fyllilega útlit fyrir að misheppnist gersamlega.

Frv. um framlengingu söluskattsins upp á 170 millj., sem ekki átti, þegar tilraunin var hafin, að standa nema til ársloka, er hrópandi auglýsing um, að áætlanirnar hafa brugðizt. Annars er það táknrænt um ónákvæmni og flumbruhátt þessarar róttæku tilraunar, að stjórnarflokkarnir hækkuðu við 2. umr. fjárl. áætlun um 7% skattinn af innfluttum vörum úr 148 millj. í 156.5 millj., eða um 8.5 millj., en létu bráðabirgðasöluskatt — 8% — standa áfram í 168 millj., en af því að hann er reiknaður af nákvæmlega sama innflutningi, sömu innflutningsupphæðum, þá hefði hann auðvitað átt að hækka líka í sama hlutfalli, eða um tæpar 10 millj., og áætlunin um tillag til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um tæplega 2 millj. þar af.

En stjórnarflokkarnir eru ekki að dútla við að hafa þess háttar nákvæmni við hina „róttæku tilraun" sína, — milljónatugs ósamræmi eða skekkja, hvað er það? Þeir eru kannske farnir að hugsa í sambandi við þessa róttæku tilraun líkt og Bjartur í Sumarhúsum í hliðstæðum kringumstæðum. Hann sagði: „Ég held, að það þurfi ekki að hafa nákvæm handtök, kerlingin er dauð hvort sem er."

En svo var það aftur Per Dragland. Álitsgerð hans er fyrst og fremst miðuð við, eins og ég sagði áðan, að sætta við orðinn hlut. Auðvitað var hann líka fenginn í þeim tilgangi að blessa yfir þessa „róttæku tilraun". En eins og ég hef sýnt með tilvitnunum úr álitsgerð hans, er ekki allt, sem hann þar segir, huggun eða blessunarorð. Hann ráðleggur launþegunum að fara gætilega, — það gerir hann. Og hann segir á einum stað í því sambandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er með öðrum orðum ekki um það að ræða að velja milli fyrrverandi ástands og efnahagsaðgerðanna, heldur milli aðgerðanna og einhvers annars, sem enginn þekkir takmörk á."

Hvað felst í þessum orðum hagfræðingsins? „Það er með öðrum orðum ekki um það að ræða að velja milli fyrrverandi ástands og efnahagsaðgerðanna, heldur milli aðgerðanna og einhvers annars, sem enginn þekkir takmörk á." Mér virðist augljóst, að í þessum orðum felist, að hagfræðingurinn telji ekki óeðlilegt, að menn vildu aftur það ástand, sem var, þegar „róttæka tilraunin" var hafin, — fá það aftur, eins og nú er komið, til þess að geta valið aðra leið. En hann undirstrikar, að því miður er það ekki hægt. Menn hafa ekki um það að velja, eins og komið er, og hinar „róttæku tilraunir", þ. e. efnahagsaðgerðirnar, heldur hafa menn aðeins að velja milli aðgerðanna og „einhvers annars, sem enginn þekkir takmörk á." Með því segir hagfræðingurinn það, sem við raunar öll vitum, að hin „róttæka tilraun" er glæfraspil og stofnar til óútreiknanlegrar upplausnar og hrakfalla, „sem enginn þekkir takmörk á," ef hún kemst á það lokastig að springa, eins og stefnt virðist að.

Ég spyr: Væri nú ekki ráð, að allir tækju höndum saman að eyða stórsprengingarhættunni með því að lækka spennuna af hinni „róttæku tilraun", leiðrétta skekkjurnar smátt og smátt, svo að ég noti orð Per Draglands, og byrja þá á því að fella niður þennan almenna söluskatt á innflutningi vara, sem við erum að ræða um, leita í staðinn tekjuauka hjá þeim, sem bezt eru settir efnalega í þjóðfélaginu? Ég legg til, að við gerum það og fellum þetta frv. Fall frv. hlýtur að knýja til skjótrar og rækilegrar athugunar á því, hvar við stöndum og hvað er helzt til úrræða, eins og nú er komið.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. deildi hér nokkuð á Alþfl. áðan og sagði, að hann hefði fyrir síðustu kosningar boðað óbreytt verðlag og óbreytt ástand. Hér er ekki nema hálfur sannleikurinn sagður og tæpast það. Ég hygg, að Alþfl. hafi verið eini flokkurinn, sem í kosningabaráttunni í fyrrahaust benti einmitt á þær hættur, sem væru fram undan. Í ræðu, sem Gylfi Þ. Gíslason hélt í útvarpsumr. þá, benti hann rækilega á, að það gæti ekki gengið áfram sú stefna, að ríkissjóður eða reyndar útflutningssjóður keypti gjaldeyrinn á hærra verði en hann væri seldur aftur. Það var einmitt þetta, sem var kippt í lag með gengisbreytingunni.

Þessi hv. ræðumaður var einnig að ásaka Alþfl. fyrir það, hvernig það gæti samræmzt að telja sig hafa unnið bug á verðbólgunni og standa svo aftur að ráðstöfunum, sem leiddu til allmikillar hækkunar vöruverðs.

Það, sem Alþýðuflokksstjórnin áorkaði á árinu 1959, var fyrst og fremst að eyða innanlands víxláhrifum kaupgjalds og verðlags til hækkunar. Það var það, sem hún gerði fyrst og fremst. Hitt getur náttúrlega enginn ráðið við, og þó að menn séu allir af vilja gerðir til þess að halda verðlagi niðri og sporna gegn verðbólgu, þá er vitanlega ekki hægt að standa

gegn því, að vöruverð hækki, þegar litið er til þess, á hvaða grundvelli vöruverðið hvíldi fyrir gengisbreytinguna. En vöruverðið hér innanlands hvíldi raunverulega á þeim grundvelli, að hluti af vöruverðinu var greiddur niður með lánsfé frá erlendum lánsstofnunum. Slíkt gat auðvitað ekki gengið til lengdar. Þjóðin verður auðvitað, þegar fram líða stundir, að greiða sínar vörur sjálf, en ekki fá þær niðurgreiddar af erlendu lánsfé. Það var þess vegna ekkert brot á þeirri grundvallarstefnu Alþfl. að berjast gegn verðbólgu, þó að það yrði að gera ráðstafanir, sem hefðu þessar óhjákvæmilegu hækkanir í för með sér. Hins vegar kemur svo vitanlega til, þegar þessar hækkanir eru yfirgengnar, að stöðva aftur.

Þá hélt þessi hv. þm. því einnig fram í sambandi við söluskattinn, að það væru barnmargar fjölskyldur, sem borguðu mest. Þetta tel ég ekki vera rétt. Það eru fyrst og fremst þær fjölskyldur, sem eyða mestu, sem borga mest, þ. e. a. s. fjölskyldur efnafólksins og hátekjufólksins. Eins og allir vita, eru bæði innlendar landbúnaðarvörur, sem eru auðvitað mjög mikill hluti neyzlu alls almennings, og einnig kaffi, sykur og hveiti, þetta er allt niðurgreitt, og þetta er auðvitað gert fyrst og fremst í þágu láglaunafólksins og barnmargra fjölskyldna.

Þá spurði þessi hv. þm. einnig, beindi því til okkar Alþfl.-manna, hvort Ólafur Thors væri almáttugur. Ég vil nú svara því til, að svo almáttugur er hann ekki, að hann hafi ekki þörf fyrir góða menn í skiprúm. En í þessu sambandi má benda á það, að Tíminn sagði í stórri fyrirsögn, ég held daginn, sem núv. ríkisstj. var mynduð, að Ólafur Thors tæki sæti í henni og væri atkvæðislaus, þannig að ef Ólafur Thors hefur verið almáttugur eftir þessum orðum Tímans, þá hefur Alþfl. tekizt að svipta hann almættinu.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. beindi hér nokkrum orðum til Alþfl. Hann taldi, að það væri út af fyrir sig ekkert við því að segja, þó að Alþfl. hefði skipt um skoðun í skattamálum, hitt væri lakara, að hann tæki nú upp verri skoðun en fyrr. Að vísu held ég, að Alþfl. hafi það að litlu, hvað þessi hv. þm. segir um stefnu hans í skattamálum. Það er fyrst og fremst almenningur í landinu og kjósendurnir, sem dæma um það, hvort þetta sé verri eða betri stefna. Ekki held ég, að þessi hv. þm. eða aðrir beri á móti því, að Alþfl. boðaði þessa breyttu stefnu sína greinilega í kosningabaráttunni, þannig að kjósendur gátu þar dæmt um. Þessar kosningar fóru þannig, að Alþfl. fékk heldur fylgisaukningu, þannig að ekki benti útkoman úr kosningunum til þess, að kjósendur í landinu teldu flokkinn hafa tekið upp verri stefnu í skattamálum en áður, heldur þvert á móti benti þetta til hins gagnstæða.

Annars tel ég í raun og veru, að kórónan á málflutningi hv. stjórnarandstæðinga hér við þessar umr. um viðaukasöluskattinn sé sú yfirlýsing hv. 1. þm. Norðurl. e., þar sem hann segir, að þeir telji sér ekki skylt að benda á neinar leiðir fyrir ríkissjóð til þess að afla þeirra tekna, sem hann mundi missa í, ef viðaukasöluskatturinn yrði felldur niður, því að ekki heldur stjórnarandstaðan því fram, að ríkissjóður geti án þessara tekna verið. Þeir telja sér hins vegar óskylt að benda hér á úrræði eða neinar leiðir, og er þetta í raun og veru yfirlýsing um það, að stjórnarandstaðan gegni ekki sinni frumskyldu og sé ábyrgðarlaus og ráðalaus.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls fór ég nokkrum orðum um Alþfl. eða beindi nokkrum orðum til hans og minnti á fyrri afstöðu hans til söluskattsálagningar og benti á, hversu öll framkoma hans á svo að segja öllum sviðum nú er í algeru ósamræmi við fyrri stefnu og afstöðu flokksins. Nú hafa tveir hv. Alþfl.-þm. í þessari hv. d. tekið til máls og reynt að réttlæta skoðanaskipti Alþfl. í skattamálum. Jafnframt hafa þeir lýst fylgi sínu við það frv., sem hér liggur fyrir. Nokkuð víku þeir einnig að ummælum mínum um Alþfl. og voru ekki alls kostar ánægðir með þau, sem varla var við að búast. En ekkert af því, sem ég sagði, gátu þeir samt hrakið, enda var ekki hægt um vik, af því að ég lét Alþýðuflokksforingjana sjálfa tala, og byggði á óvefengdum ummælum þeirra, og frá þeim fyrri ummælum sínum komast þeir ágætu heiðursmenn ekki.

Nú er það svo, að ég hef síður en svo löngun til þess að eiga sérstaklega í þrætum við Alþýðuflokksmenn, og það vil ég taka skýrt fram, að það er langt frá því, að ég telji þá vera höfuðmálsvara þessa máls, sem hér er til umr., og ég eigna þeim auðvitað ekki sérstaklega það mál. En samt sem áður kemst ég ekki hjá því að gera nokkrar athugasemdir í tilefni af ræðum hv. Alþýðuflokksþingmanna. Ástæðan til þess, að ég vék alveg sérstaklega að Alþfl., var einfaldlega sú, að ég taldi nokkrar líkur til þess, að þar fyndust menn, sem vildu stöðva þetta mál, sem vildu koma í veg fyrir, að það næði fram að ganga. Þetta byggði ég m. a. á fyrri afstöðu flokksins og að sumu leyti á nýlegum yfirlýsingum og samþykktum úr þeirra röðum. Þess vegna höfðaði ég sérstaklega til Alþýðuflokksþingmanna. — Ég taldi gagnslítið eða gagnslaust að skírskota til sjálfstæðismanna. Ég gerði ráð fyrir, að þeir væru alveg pottþéttir fyrir öllum rökum í þessu máli, enda er það sannast sagna, að skattlagningaraðferð sú, sem hér er fylgt, er í raun og veru í samræmi við stefnu Sjálfstfl. En því miður, og það veldur mér vonbrigðum, þá hefur það nú komið á daginn í þessum umræðum, að Alþýðuflokksþingmennirnir eru líka algerlega pottþéttir fyrir öllum rökum í þessu efni.

Ummæli mín um Alþfl. voru síður en svo sprottin af nokkrum illvilja í hans garð. Það var því alveg úr lausu lofti gripið hjá hv. 10. þm. Reykv., þegar hann sagði tortímingu Alþfl. vera óskhyggju framsóknarmanna. Allar bollaleggingar hv. þm. þar um voru óþarfar og ástæðulausar. Ég gaf ekkert tilefni til þvílíkra ályktana. Ég hef jafnan talið, að Alþfl. hefði eða gæti haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna

í íslenzkum stjórnmálum. Ég hef jafnan talið stjórnarhætti á Norðurlöndum, þar sem alþýðuflokkar þeirra landa hafa staðið mjög framarlega, til fyrirmyndar, og þess vegna hef ég talið, að Alþfl. hér, ef hann hefði svipaða stefnuskrá og starfaði á svipaðan hátt og þessir bræðraflokkar, sem hann heyrist stundum nefna svo, á Norðurlöndum starfa eftir, hefði hlutverki að gegna. Og afstaða Framsfl. til Alþfl. gefur síður en svo tilefni til þessara ummæla, sem hv. þm. viðhafði. Framsfl. og Alþfl. hafa oft og tíðum verið í samstarfi og haft vinsamlega samvinnu, og þeir hafa í sameiningu hrundið mörgum góðum málefnum fram á við. Og ég hygg, að Alþfl. hafi enga raunverulega ástæðu til þess að kvarta undan þeim samskiptum og þeirri samvinnu, sem þessir flokkar hafa verið í, og hún gefi hv. þm. alls ekkert tilefni til þess að álykta sem svo, að Framsfl. óski sérstaklega eftir tortímingu Alþfl. Ég mótmæli því algerlega, að það hafi nokkuð sérstaklega komið fram. Hins vegar óskar Framsfl. að sjálfsögðu eftir því, að Alþfl. bæti sitt ráð, hverfi frá þeirri umskiptingsstefnu, sem hann fylgir nú, og að fyrri og betri stefnu.

En þó að Alþfl. eigi Framsfl. margt og mikið upp að unna, þá er það samt sem áður misskilningur hjá hv. 10. þm. Reykv., að ummæli mín bæri að skilja á þá lund, að þess væri að vænta, að einhver konungssonur úr Framsfl. kæmi Alþfl. til bjargar og beindi honum inn á réttar brautir. Það, sem ég átti við, var vitaskuld þetta, eins og í þjóðsögunni, þar sem það var húsmóðirin — móðirin, sem hirti umskiptinginn og kom því þar með til leiðar, að barninu hinu betra var skilað. Það, sem ég átti við, var auðvitað þetta, sem þarf að gerast, að fólkið, sem hefur fylgt Alþfl. að málum, fólkið, sem hefur byggt upp flokkinn, hirti sína forustumenn og komi þeim á rétta braut. Það er einmitt aflið og uppsprettan í Alþfl., eins og hverjum öðrum flokki, sem verður að taka í taumana, þegar stýrt er í ógöngur.

Þeir töluðu báðir, þessir hv. þm. Alþfl., um skoðanaskipti Alþfl. í skattamálum, viðurkenndu þau, en reyndu að réttlæta þau, og er það í sjálfu sér skiljanlegt, að þeir reyni það, og ekkert við því að segja. Í sjálfu sér er heldur ekkert við því að segja, þótt skoðanaskipti eigi sér stað um einstök mál og þá auðvitað alveg eins um skattamál og önnur mál. Og ég vil taka það skýrt fram, að ég tel, að í skattamálum hljóti óhjákvæmilega að koma til athugunar ýmsar leiðir og að þar sé engin ein leið, sem er algerlega rétt, heldur verði að meta það nokkuð hverju sinni, hvað réttmætt og heppilegt er í því efni.

En það er nú þannig, eins og reyndar kom fram í minni frumræðu við 1. umr. þessa máls, að það er ekki svo ljóst í þessu efni, hver stefna Alþfl. í skattamálunum er, eða stefnan gagnvart þessum söluskatti, vegna þess að þetta hefur verið nokkuð sitt á hvað. Ég rakti í minni frumræðu ummæli þau, sem Alþýðuflokksforingjarnir höfðu um söluskattinn á Alþingi 1953, hvernig þeir voru þá algerlega á móti honum og fundu honum allt til foráttu. En þessir tveir hv. þm., sem ég hef vitnað í, vildu — og sérstaklega hv. 9. landsk. þm. — halda því fram, að Alþfl. hefði skipt um skoðun í þessu efni og hefði ákveðið að hverfa frá þeirri stefnu, sem hann hefði áður fylgt, að telja beina skatta heppilegasta, og taka nú upp óbeina skatta eða tolla í æ ríkara mæli. Og mér skildist, að þessi breytta stefna ætti rætur að rekja allar götur aftur til ársins 1956, þá hefði einhver ályktun verið gerð um það og síðan hefði sú ályktun, að mér skildist, verið endurnýjuð og áréttuð í einhverri till., sem þm. Alþfl. hefðu borið fram á Alþingi í efnahagsmálum. Ég held nú, að það hafi ekki komið glöggt fram í þeirri ályktun, og mér er ekki kunnugt um þessa samþykkt, sem gerð á að hafa verið á Alþýðuflokksþingi 1956. En ég vil aðeins benda á það, sem ég reyndar drap á í minni frumræðu, að á þessu ári, 11. marz 1960, skrifaði Alþýðublaðið í þeim dúr, að það taldi söluskattinn, sem um er hér að ræða, algerlega óréttlátan. Það komst orðrétt þannig að orði, með leyfi forseta:

„Þegar lífskjör alþýðunnar eru svo kröpp, að hún getur ekkert leyft sér nema nauðþurftir, er að sjálfsögðu mjög óréttlátt að leggja á þær vörur söluskatt.“

Þarna talaði málgagn Alþfl. og lýsir því yfir, að álagning söluskatts á nauðþurftir sé óréttlát. Það er ekki að sjá af þessum skrifum, að þeir hafi haldið fast við þá stefnu, sem mörkuð var áður af Alþfl., eftir því sem þessir hv. þm. sögðu. En annars vil ég benda á, að þrátt fyrir yfirlýsinguna í Alþýðublaðinu 11. marz 1960 um, að þetta sé óréttlátt, og þó að því hafi verið lýst yfir, að því að virðist, í samþykkt Alþýðuflokksfélags hér í bæ, að söluskattinn bæri að afnema, þá ætla þessir hv. þm. samt að fylgja frv. því um söluskattinn, sem hér liggur fyrir, eftir því sem þeir upplýstu í umræðunum hér.

Þeir játuðu það að vísu báðir, þessir hv. þm. Alþfl., að þeir væru svo sem ekkert sérstaklega ánægðir yfir þessum skatti, þeir teldu hann eiginlega óréttlátan, að mér skildist. En þeir sögðu bara sem svo: Ríkið þarf á þessum skatti að halda, og það væri ábyrgðarleysi af okkur að vera ekki með þessari skattlagningu, og stjórnarandstæðingar hafa ekki bent okkur á neinar leiðir, sem við gætum valið að fara í stað þessara, sem hér liggja fyrir. — Ég held nú satt að segja, að það sé ekki hægt að ætlast til þess af stjórnarandstöðunni, að hún bendi sérstaklega á skattheimtuleiðir. Ég held, að það sé fyrst og fremst hlutverk stjórnarandstöðunnar að gagnrýna á heilbrigðan hátt, en ekki að kenna stjórninni sérstaklega ráð, benda á þær leiðir, sem fara á. En um leið og þm. Alþfl. lýsa þessu yfir, þá játa þeir það, að þeir geti ekki sjálfir bent á eða fundið aðra skattlagningaraðferð réttlátari en þessa söluskattsinnheimtu.

Alþfl.-þingmennirnir báru sig illa undan mínum ummælum, og það var náttúrlega von. En ég vil benda á það, að þau ummæli mín voru alls ekki byggð á þeim skoðanaskiptum einum, sem hafa átt sér stað hjá Alþfl. í skattamálum. Það eru mörg önnur mál og málaflokkar, sem

Alþfl. hefur í tíð núverandi hæstv. ríkisstj. algerlega breytt um stefnu í frá því, sem áður var. Ég skal aðeins með örfáum orðum rifja upp þau mál til þess að minna hv. Alþfl.-menn á það.

Þá vil ég fyrst nefna stefnuna í vaxtamálum. Ég hygg að það sé ekki hægt að benda á neitt einasta dæmi þess í sögunni, að Alþfl. nokkurs staðar hafi beitt sér fyrir eða samþykkt jafngífurlega vaxtahækkun og þá, sem átti sér stað. Það verður þá leiðrétt hér í umræðunum á eftir, ef hægt er að benda á slík fordæmi. Ég hygg, að sú stefna að hafa vexti svo háa eins og hér er nú og hækka vextina svo gífurlega eins og gert var síðastliðinn vetur sé í algeru ósamræmi við þá stefnu, sem Alþfl. áður hélt fram.

Ég nefni aðeins sem annað dæmi gengisfellinguna. Sú var tíðin, að Alþfl. var algerlega á móti gengislækkun, taldi hana hið mesta óráð. Og til þess að gefa Alþýðuflokksmönnum aftur orðið og sanna mitt mál, þá vildi ég mega vitna til þess, sem hæstv. núverandi viðskmrh. sagði í nál. um gengislækkunarfrv. 1950, en þá sagði hann m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Að öðru leyti er það um þetta að segja, að ég tel það ekki eiga vera eitt höfuðmarkmið þeirrar stefnu, sem fylgt er í efnahagsmálum, að hægt sé að halda uppi svonefndri frjálsri verzlun. Ég tel höfuðmarkmiðið eiga að vera, að haldið sé uppi fullri atvinnu og að full hagnýting allra framleiðslutækja sé tryggð. Svo álít ég, að verzlunin eigi að vera eins frjáls og samrýmist þessu höfuðmarkmiði. Ýmis fræðileg rök og gömul og ný reynsla virðist benda til þess, að vafasamt sé, að hvort tveggja geti farið saman, algerlega óheft framtak í framleiðslu og viðskiptum annars vegar og full atvinna og full hagnýting atvinnutækja hins vegar."

Beri menn svo þessi ummæli saman við þá stefnu, sem upp var tekin í efnahagsmálunum síðastliðinn vetur, að því er varðar gengisfellingu, að því er varðar stefnuna í verðlagsmálum og að því er varðar stefnuna í verzlunarmálum. Stefnan í öllum þessum málum, sem tekin var síðastliðinn vetur, er í algeru ósamræmi við þessi ummæli, sem ég vitnaði til.

Og sú var tíðin, að Alþfl. barðist fyrir og taldi það eitt aðaleinkenni á sinni stefnu, ef ég man rétt, að styðja með opinberri aðstoð ýmiss konar framkvæmdir. Þeirri stefnu eru óhjákvæmilega samfara nokkur afskipti þess opinbera. Þessi stefna, sem víða er nú fylgt um lönd, og gengur undir nafninu velferðarstefna eða velferðarríkisstefna, var stefna Alþfl. hér lengi vel, að ég held. En nú er aftur á móti, að því er virðist, horfið mjög frá þeirri stefnu. En um þessar tvær stefnur talaði einmitt hæstv. viðskmrh. mjög skynsamlega 1950 og gerði samanburð á þeim, og ég vildi, með leyfi hæstv. forseta, aðeins lesa það upp, sem hann sagði þá:

„Síðan stríði lauk, hafa verið uppi tvær stefnur í efnahagsmálum í nálægum löndum. Á Norðurlöndum og Bretlandi, þar sem jafnaðarmenn hafa verið við völd, hefur megináherzlan verið lögð á að tryggja öllum atvinnu, bæta lífskjör almennings og stuðla að auknum jöfnuði. Í öðrum löndum, svo sem í Vestur-Þýzkalandi, Belgíu, Frakklandi og Ítalíu, þar sem íhaldssinnaðir flokkar hafa farið með stjórn, hefur verið farin leið hinna svokölluðu frjálsu viðskipta. Þar er alls staðar víðtækt atvinnuleysi og mikil dýrtíð."

Síðan heldur viðskmrh. áfram:

„Nú er hæstv. ríkisstjórn" — þ. e. ríkisstjórnin 1950 — „að taka upp íhaldsstefnuna, sem fylgt hefur verið í Vestur-Þýzkalandi, Frakklandi og Ítalíu, stefnuna, sem fært hefur þessum löndum atvinnuleysi, dýrtíð og ójöfnuð, og meira að segja slæmt afbrigði af henni. Það er rétt, að í löndum hinna frjálsu viðskipta er meira að sjá í búðargluggum og hægt að borða betur á veitingahúsum. Á slíku mun nú einnig von hér. En hvorki hér né annars staðar hefur almenningur lifað af því, sem hann hefur mátt horfa á í búðargluggum án þess að geta keypt, og það er ekki alþýðan, sem nýtur þess, þótt krásir séu á borðum veitingahúsa. Almenningur krefst þess að geta keypt nauðsynjar sínar, mat, föt og húsnæði, við hóflegu verði. Við það vilja jafnaðarmenn í öllum löndum láta miða stefnuna í efnahagsmálum. Fylgjendur hinna frjálsu viðskipta telja það aðalatriði, að búðirnar séu fullar, þótt almenningur geti lítið keypt. Það liggur við, að þeir telji velmegunina þeim mun meiri, sem meira er af vörum í búðunum, en minna hjá almenningi. Það er þessi stefna, þessi íhaldsstefna, sem hæstv. ríkisstjórn er nú að leiða yfir Íslendinga."

Þetta sagði hæstv. núverandi viðskmrh. á Alþingi 1950, og má lesa þessi ummæli í B-deild Alþingistíðindanna á bls. 1412. En ég hefði nú haldið að þessi lýsing, sem hann gefur þarna á þeirri stefnu, sem fylgt hafi verið í Vestur-Þýzkalandi og víðar, sé að sumu leyti lýsing á þeirri stefnu, sem hér hefur verið upp tekin í þessum málum. Hitt er svo annað mál, hvort sú stefna, sem hér hefur verið upp tekin, ber að öllu leyti þann árangur, sem stefnan, sem upp var tekin í Vestur-Þýzkalandi, bar, en á því virðast nú engar horfur. En hitt er víst og ljóst af þessum ummælum, sem ég vitnaði til, að í þessum efnum hefur Alþfl. einnig algerlega skipt um skoðun.

Og hvað er að segja um landbúnaðarmálin? Það má kannske segja, að Alþfl. hafi aldrei haft neinn sérstakan áhuga á landbúnaðarmálum, en hitt er þó jafnvíst, að þegar Alþfl. var í stjórn með Framsfl., lagði hann lið mjög mörgum málefnum landbúnaðarins. Það verður að segjast, að það er nokkuð annað en fram kemur hjá Alþfl. nú í þeim ræðum, sem fluttar hafa verið af hans hálfu, þegar þau mál hafa verið til umræðu hér í deildinni. Og það er reyndar nokkuð annað en sú stefna, sem kemur fram hjá hæstv. ríkisstj., t. d. í lánamálum landbúnaðarins, sem rædd hafa verið hér nokkuð, og það hvað eftir annað. En síðast, en ekki síst skal ég þó aðeins nefna einn málaflokk, þar sem Alþfl. hefur enn algerlega skipt um skoðun, og það eru kaupgjaldsmálin. Hvenær var Alþfl. áður fyrr fylgjandi bind-

ingu kaupgjalds? En það hefur hann verið í tíð þessarar hæstv. ríkisstj. Það er þess vegna ekki á skoðanaskiptum Alþfl. í skattamálunum einum, sem ég byggði ummæli mín við 1. umr. þessa máls, heldur á mjög mörgum öðrum málum, og það má í stuttu máli segja, að það sé eiginlega sama, hvar drepið er niður, að í öllum stefnumálum Alþfl. hefur hann tekið algerlega kollsteypu. Stefna hans nú er þar hvarvetna í algeru ósamræmi við þá stefnu, sem hann hafði áður fyrr. Um samanburðinn á þeirri nýju stefnu og hinni fyrri get ég látið nægja að vísa til þess, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. gat hér áðan um, og skal ekki fara út í það nánar. En ég ætla, að með þessum orðum hafi ég sýnt fram á það, svo að ekki verður vefengt, að það er um algera stefnubreytingu hjá Alþfl. að ræða, og hann verður að láta sér lynda, að það sé sýnt fram á það hér, og það mun verða sýnt fram á það annars staðar, og hann verður að standa sínum kjósendum, sínum umbjóðendum reikningsskil þeirrar stefnubreytingar.

Það hefur verið rætt hér allýtarlega um þá kjaraskerðingu, sem þetta frv. um viðbótarsöluskattinn felur í sér, eða þó ef til vill öllu heldur, hverri kjaraskerðingu mætti aflétta, ef frá álagningu hans væri horfið. Ég skal ekki lengja mikið mál mitt um það. En það hefur verið sýnt fram á það alveg greinilega hér, að í tíð núverandi hæstv. ríkisstjórnar hafa verið lögleiddar nýjar söluskattsálögur, að þær þýða nýjar álögur að mjög verulegu leyti. Það var sýnt fram á það rækilega af hv. 5. þm. Norðurl. e., hver væri munur á nýju og gömlu sköttunum að því leyti. Hann sýndi fram á það, að á yfirstandandi ári væru slíkir skattar 178 millj. kr. hærri og eftir áætluninni yrðu þeir á árinu 1961 238 millj. kr. hærri. Ég get ekki annað séð en sá samanburður sé algerlega réttmætur.

Ég get ekki fallizt á það, sem kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., þar sem hann taldi, að þetta mætti ekki bera saman, þar sem sleppt væri út úr þessum samanburði þeim sköttum, sem áður hefðu runnið til útflutningssjóðs. En þess er einmitt þar að gæta, að í staðinn fyrir útflutningssjóðinn og það hlutverk, sem hann hafði, er gengisfellingin komin, svo að ég get ekki annað séð en þetta sé algerlega sambærilegt. Og það stendur þó, það álít norska hagfræðingsins, sem nefndur hefur verið í þessum umr. og vitnað hefur verið til, það stendur þó hjá honum það álit, að lækkun eða niðurfelling þessa viðaukasöluskatts mundi þýða 3% sparnað hjá meðalfjölskyldu.

Þeir hafa haldið því fram, hv. stjórnarmenn, að þessar álögur væru ekki meiri en áður. En með þessu, sem nú hefur verið sagt og áður hefur komið fram í umr., er einmitt sýnt fram á, að þær eru meiri. Hitt er svo auðvitað ekki síður atriði, að það skiptir máli, á hverjum álögurnar lenda. Það hefur komið fram í þessum umr., og það kom margoft fram í umr. í fyrravetur, að talsmenn stjórnarinnar héldu því fram, að hér væri ekki um nýjar álögur að tefla, heldur aðeins tilflutning á gjaldheimtu. En í nál. meiri hl. fjhn. í fyrravetur var alveg réttilega á það bent, að það, sem hér væri um að ræða, væri breyting á skattstofnum, — og það er mergurinn málsins, að þessi söluskattur, sem hér er um að tefla og var lagður á með söluskattslögunum, er einmitt lagður á allt aðra, lendir á allt öðrum en þeir skattar, sem áður var um að tefla. Og í því er meginbreytingin fólgin. Það er alveg rétt, sem hv. 9. landsk. sagði hér í umr., að þegar um skatt er að tefla, þá skiptir það auðvitað höfuðmáli, til hvers sköttunum er varið. En ég vil segja, að hitt skiptir ekki minna máli, á hverja skattarnir eru lagðir. Það skiptir vissulega mjög miklu máli, þegar rætt er um það eða metið, hverja skattlagningaraðferð beri að velja.

Það hefur verið lögð á það áherzla hér af talsmönnum stjórnarinnar, að stjórnarandstaðan benti ekki á neinar tekjuöflunarleiðir. Ég hef nú þegar bent á það, að þess verður tæplega krafizt af stjórnarandstöðu, að hún bendi á tekjuöflunarleiðir. En annars kom það fram í sambandi við umr. um þetta mál s. l. vetur, hverjar aðrar leiðir stjórnarandstaðan hugðist fara í þessu efni. Og ég vil bæta því við, að ef það væri óhjákvæmilegt að innheimta söluskatt eða afla svo mikilla tekna með söluskatti eins og gert er ráð fyrir að þessi söluskattur nemi, þá álít ég, að það ætti að hafa þann söluskatt breytilegan eftir vöruflokkum. Það er einmitt eitt meginatriði í sambandi við þessa skattlagningaraðferð. Ég álít, að óbeinir skattar séu sjálfsagðir, og ég álít, að það séu takmörk fyrir því, hve hægt er að ganga langt í beinum sköttum. En ég álít, að það eigi að vera eitt höfuðeinkennið á óbeinum sköttum, að þeir séu misjafnlega háir eftir því, hverjar vörur eiga í hlut. Með þeirri skattlagningaraðferð er hægt að skattleggja eyðsluna, en með því að hafa skattinn jafnan á allar vörur er um hreinan neyzluskatt að ræða.

Ég ætla svo að lokum aðeins að segja þetta, að það var í sambandi við meðferð efnahagsmálanna í fyrra látið í það skína, að þeim fylgdi lítil sem engin kjaraskerðing. Í öðru orðinu var að vísu viðurkennt, að nokkra kjaraskerðingu mundi þar af leiða, en í hinu var sagt, að hún mundi vera uppborin af þeim hlunnindum, sem mönnum féllu í skaut, og þá var talað hátt um leiðina til bættra lífskjara, — og þetta var talin vera leiðin til bættra lífskjara, — og það var talað um viðreisn. Ég vil aðeins, um leið og ég lýk máli mínu, benda á, að það er komið allt annað hljóð í strokkinn hjá þessum hv. þm. nú. Þeir tala miklu minna um leiðina til bættra lífskjara nú en þá, og þeir tala miklu minna um viðreisn nú en þá. Og þeir eru meira að segja farnir að viðurkenna það alveg ótvírætt, að kjaraskerðing fylgir þessum ráðstöfunum, og þeir eru meira að segja, eins og hv. 11. þm. Reykv., farnir að segja, — en hann sagði það hér áðan, — að á þessu stigi væri auðvitað ekkert hægt að segja um það, hvort þessi tilraun bæri árangur eða ekki. Þetta er þýðingarmikil játning, og það er ástæða til þess að spyrja þessa menn einmitt

nú, hvar viðreisnin sé. Hvar er viðreisnin, sem átti að fylgja í kjölfar efnahagsráðstafananna? Birtist hún í aukinni framleiðslu eða blómlegum atvinnuvegum? Er útgerðin t. d. betur á vegi stödd nú en þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum? Eða er hún betur á vegi stödd nú en þegar Alþfl.-stjórnin tók við völdum í árslok 1958? Ég hygg, að það sé erfitt að svara því játandi, að hagur útgerðarinnar hafi batnað á þessu viðreisnartímabili. Ég hygg, að útgerðarmenn hafi allt aðra sögu um það að segja, og sú saga hefur verið sögð að undanförnu á því þingi eða á þeim fundi, sem útvegsmenn hafa háð, og hún hefur birzt í ályktunum, sem sá fundur hefur látið frá sér fara, og hún hefur birzt í þeim kröfum, sem sá fundur hefur gert á hendur hæstv. ríkisstj. Nei, það hefur sannarlega ekki farið mikið fyrir viðreisninni þar á því sviði.

En hvað er þá um landbúnaðinn? Er ekki mikill viðreisnarsvipur á honum á þessu ári, sem liðið er frá myndun núv. hæstv. ríkisstj.? Ætli landbúnaðinum hafi ekki orðið vaxtahækkunin til mikilla hagsbóta? Hvað ætli sé að segja um lánamál landbúnaðarins? Það hefur verið gefið loforð af hálfu hæstv. ríkisstj. um fé í lánasjóði eða fjárfestingarsjóði landbúnaðarins, gefið hvað eftir annað. Því var lýst yfir af hæstv. landbrh. í sambandi við þál., sem var til meðferðar hér á þinginu s. l. vor, að hann mundi sjá fyrir því, að fé kæmi til veðdeildarinnar. Í byrjun nóvember gaf hæstv. landbrh. það svar við fyrirspurn frá mér, að hann mundi á næstu dögum útvega veðdeild Búnaðarbankans 3 milljónir og útlán úr veðdeildinni mundu geta hafizt alveg næstu daga. Mér er ekki kunnugt um, að sú fjárhæð sé enn komin í veðdeildina og að þau útlán séu enn hafin. Það hefur verið búizt við svo að segja vikum saman, að eftir hver vikulok gætu útlán hafizt úr ræktunarsjóði og byggingarsjóði Búnaðarbankans, en það hefur ekki orðið af því enn, og það er af því, að það hefur staðið á fjárútvegunum í þessa sjóði. Viðreisnin hefur ekki getað leyst vandræði þessara sjóða.

Og hvað er að segja um framkvæmdir á sviði landbúnaðarins? Skyldu þær hafa aukizt á þessu ári, sem hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum, eða skyldu þær hafa dregizt saman? Og hvað segir verzlunin um þessa viðreisn? Skyldi verzlunin yfirleitt vera ákaflega ánægð? Skyldi hún telja hag sinn hafa batnað á þessu ári, sem hæstv. ríkisstj. hefur setið að völdum?

Hefur viðreisnin fært launþegum hagræði? Ja, hvað segja þeir? Nú er nýlega lokið Alþýðusambandsþingi. Ég veit ekki betur en að hafi verið gerð samþykkt, þar sem því var lýst yfir, að þeir teldu óhjákvæmilegt að gera kröfur um verulegar launabætur, og ég veit ekki betur en á því þingi hafi verið og að þeirri samþykkt hafi staðið jafnvel þingmenn úr liði stjórnarflokkanna. Og annar flokkur launamanna er líka nýbúinn að halda þing, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Mér er ekki kunnugt um annað en á því þingi hafi verið gerð ályktun, þar sem því var lýst yfir, að kjör opinberra starfsmanna væru svo bágborin, að ekki væri við það unandi, og ákveðnar kröfur gerðar um launauppbætur til handa ákveðnum hópum opinberra starfsmanna. Mér er ekki um annað kunnugt en að þessum samþykktum hafi staðið þingmenn úr stjórnarflokkunum, að ég hygg meira að segja hv. 11. þm. Reykv., hv. frsm. meiri hl. n. Það eru þess vegna vissulega gerðar kaupkröfur, ekki aðeins frá samherjum hv. 5. þm. Norðurl. e., heldur hvarvetna af fylgismönnum hæstv. ríkisstj., svo að ekki lítur út fyrir, að viðreisnin hafi bætt hag launamanna.

Og hvað er að segja um skattana? Hefur viðreisnin ekki lækkað skattana? Nei, það hefur nú verið sýnt svo rækilega fram á það í þessum umr., að ég skal ekki fjölyrða um það frekar.

Hvað er að segja um fjárl.? Hefur viðreisnin ekki lækkað fjárl.? Nei. En skuldir ríkissjóðs, hafa þær ekki lækkað á þessu viðreisnartímabili? Skuldir ríkissjóðs við útlönd munu ekki hafa lækkað á þessu tímabili.

Það er vissulega svo, að það munu vera fáir, sem hafa þá sögu að segja, að viðreisnin hafi fært þeim hagsbætur. Hv. 9. landsk. þm. var að ráðleggja það, ef menn væru í vafa um, hversu kjaraskerðingin, sem orðin væri, væri mikil eða lítil, þá væri ekki annað en hringja í Per Dragland, norska hagfræðinginn, þá mundi hann geta leyst úr þeirri spurningu. Ég vildi segja honum það, að ég held, að hann þurfi ekki að fara svo langt til þess að fá leyst úr þeirri spurningu. Ég hygg, að hann geti farið hér um t. d. í borginni og talað við húsmæður og spurt þær þessarar spurningar, hvort kjörin hafi batnað eða versnað. Og ég held, að það sé alveg sama, hvað allir útreikningar sýni, að þá verði erfitt að koma almenningi í skilning um annað en kjör hans hafi stórkostlega versnað. Þess vegna er það, að þegar allt þetta er athugað, sem rakið hefur verið og komið hefur fram í þessum umr., þá er það alveg augljóst, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði, að stjórnin er komin út í fen, og hún heldur áfram út í þetta fen æ lengra og lengra og mun þess vegna sökkva æ dýpra og dýpra, ef ekki verður snúið við. Og það er einmitt þetta, sem þarf að gera. Það þarf að snúa við. En skilyrðið fyrir því, að hægt sé að snúa við, er einmitt það, að stjórnin segi af sér. Og það er þetta, sem ég lagði áherzlu á í minni fyrri ræðu, en hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ) nokkuð færði á annan veg. Það er nauðsynlegt, að stjórnin fari frá sem fyrst, til þess að það gefist tækifæri til þess að leita að nýjum leiðum í þessu efni, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. gat um í sinni ræðu.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í fyrri ræðu um þetta mál hef ég svarað þeim aths. flestum, sem fram hafa komið, en auk þess hafa þeir hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ) og hv. 9. landsk. þm. (JÞ) ásamt frsm. meiri hl. fjhn. svarað hér svo ýtarlega, að það er örfátt, sem ég þarf við að bæta. En þó er það fyrst og fremst út af nál. á þskj. 199 og framsöguræðu hv. 2. minni hl. fjhn., sem ég tel rétt og óhjákvæmilegt að leiðrétta nokkrar tölur og fullyrðingar.

Þegar söluskattsmálið var til umr. á síðasta þingi og fjárl., skýrði ég frá því, að í meginatriðum væri hér um að ræða breyt. á skattakerfinu, tilflutning þannig, að þessar breyt. ættu að gefa ríkissjóði svipaðar tekjur og aðrir skattstofnar, sem var breytt eða voru afnumdir. Ég skal aðeins rekja þetta hér til þess að rifja það upp fyrir mönnum.

Það var gert ráð fyrir þá, að sú tekjuskattslagabreyting, sem fyrirhuguð var, mundi gefa ríkissjóði 110 millj. kr. minni tekjur en að óbreyttum skattalögum. Þá er að sjálfsögðu miðað við það, að ef hin eldri skattalög hefðu gilt á árinu 1960, þá hefði tekju- og eignarskattur samkvæmt áætlun skattstofunnar í Reykjavík, orðið um það bil 180 millj., en eftir skattalagabreytingarnar var áætlað, að hann yrði um eða rúmlega 70 millj. Það var sem sagt gert ráð fyrir, að tekjuskattslagabreytingin mundi rýra tekjur ríkissjóðs um 110 millj. kr. eða um það bil.

Í annan stað var svo afnám 9% söluskattsins, sem verið hafði í gildi, þannig að 6% höfðu runnið til útflutningssjóðs, en 3% í ríkissjóð. Það var gert ráð fyrir, að hefði þessi skattur staðið áfram á þessu ári, mundi hann hafa gefið um það bil 114 millj. kr.

Samtals eru því þessir tekjustofnar, sem ríkissjóður var annaðhvort sviptur eða voru rýrðir fyrir honum á þessu ári, 224 millj. kr.

Þessar tekjur þurfti ríkissjóður að fá með öðrum hætti, og 3% söluskatturinn og 8% innflutningssöluskatturinn, sem lögleiddir voru á síðasta þingi, áttu að gefa þessa upphæð. Þessi upphæð, 224 millj., var líka sett inn í fjárl. M. ö. o.: þessir nýju söluskattar, 3% söluskatturinn og 8% söluskattur af innflutningi, áttu að veita ríkissjóði þær tekjur, sem hann missti af hinum fyrrgreindu ástæðum, og þessar tölur stóðust á.

Þetta er nauðsynlegt að rifja upp í sambandi við nál. hv. 2. minni hl. fjhn. og framsöguræðu hans, sem var full af ekki aðeins fullyrðingum, heldur miklum stóryrðum í minn garð um rangar tölur í þessu sambandi. Ég vil nú aðeins lítillega líta á þetta dæmi, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) setur upp á bls. 2 í nál. sínu. Og ég verð sannast sagna að lýsa yfir mikilli undrun, að nm. í hv. fjhn. skuli leyfa sér að bera aðrar eins tölur á borð og þær, sem í þessu nál. og framsöguræðu hans getur, og enn meiri undrun yfir því, að síðasti hv. ræðumaður, jafnglöggur maður og hann er, skuli gleypa þessar tölur athugunarlaust, því að ég veit, að hann hefur ekki athugað þær, þegar hann lýsir samþykki sínu eða blessun yfir þeim.

Í fyrsta lagi er í þessu nál. hv. þm. sagt, að tekjuskattur 1959 hafi verið áætlaður 130 millj. Þessi tala er röng. Áætlunin í fjárl. fyrir 1959 er 145 millj. eða 15 millj. hærri, og veit ég ekki, hvaðan í ósköpunum hv. þm. hefur tekið þessa tölu, nema ef vera kynni úr fjárlagafrv., eins og það hefur upphaflega verið lagt fyrir, ég hef ekki kannað það, en a. m. k. er talan röng, því að fjárl. segja 145 millj.

Hins vegar er þess að gæta, þegar verið er að gera samanburð á tekju- og eignarskatti 1959 og væntanlega fyrir 1961, þá er náttúrlega fróðlegt í því sambandi að athuga, hver tekju- og eignarskatturinn raunverulega varð á árinu 1959, en ekki eingöngu þá áætlunartölu, sem fyrir tveimur árum var sett inn í fjárl. Og þá liggur það nú fyrir, að tekju- og eignarskattur á því ári, ásamt stríðsgróðaskatti, sem er þar hluti af og er mjög lítil upphæð, nam 185 millj. kr.

M. ö. o.: fyrsta tala hv. þm. er röng. Ef við tökum fjárlagatöluna, skakkar þar 15 millj. Ef við tökum tölu ríkisreiknings, skakkar 55 millj. á þessum eina lið.

Önnur tala hv. þm. er söluskattur fyrir árið 1959, hann sé áætlaður 145 millj. Þessi tala er líka röng. Í fjárl. fyrir það ár er söluskatturinn áætlaður 151.4 millj. eða 6.4 millj. hærri en hv. þm. tekur upp í sínu þskj.

Ef við lítum svo, eins og með tekjuskattinn, á reynsluna, hver var útkoma á þessu ári, þá varð söluskattur ríkissjóðs ekki 145 millj., eins og þarna greinir, heldur 164 millj. En auk þess er hér farið með mjög blekkjandi tölur, vegna þess að ⅔ hlutar af þessum söluskatti á innlendri þjónustu og vörum, sem þá gilti, runnu ekki beint í ríkissjóð, heldur í útflutningssjóð, og honum var létt af, um leið og ríkissjóður hins vegar tók að sér vissan hluta af verkefni útflutningssjóðs eða niðurgreiðslurnar. Vitanlega er það ekki réttur samanburður að sleppa því, að 6% af þessum 9% skatti hafi verið felld niður. Þegar það er tekið með, varð söluskatturinn á árinu 1959 ekki þessar 145 millj., sem hv. þm. setur í sitt nál., heldur 237 millj.

M. ö. o.: þarna skakkar frá tölu hv. þm. og reynslunni, það skakkar hvorki meira né minna en 92 millj. kr. Og ef þarna eru teknar þær réttu tölur, sem sagt hver tekjuskatturinn og eignarskatturinn varð á árinu 1959 og hver söluskatturinn raunverulega varð, þá skakkar þarna hvorki meira né minna en 147 millj. kr., sem þessir skattar gáfu meira en hv. þm. gefur upp.

Með þessu er náttúrlega gersamlega dottinn botninn úr öllum fullyrðingum hans. Hann segir í nál. sínu, með leyfi hæstv. forseta, að hækkun söluskatts frá því fyrir viðreisn umfram lækkun tekjuskatts og lækkun útsvara sé óumdeilanlega orðin 238.5 millj. á árinu 1961. Með þessum leiðréttingum, sem ég hef hér gefið upplýsingar um, eru þá þessar 238 millj. hans komnar strax niður í 91.5 millj., og má nú segja, að minna geri gagn. En auk þess er hér beitt hinum mestu blekkingum, því að hingað til hefur það aldrei verið talið til skattahækkana, ef sami skattstigi eða sami tollstigi var í gildi, þó að hann gæfi ríkissjóði meiri tekjur eitt árið en annað. Ef t. d. innflutningur er heldur meiri eitt árið og gefur því nokkru meiri tekjur í ríkissjóðinn, en að óbreyttum tollstigum, þá hefur hingað til engum manni dottið í hug að kalla það tollahækkanir. Alveg sama sagan er með tekjuskattsstigann, og ef á að fá hér réttan samanburð, þá átti hv. þm. auðvitað að setja dæmið upp þannig: Hvað mundu tekjuskattslögin og eignarskattslögin

frá árinu 1959 gefa í ríkissjóð á árinu 1961, ef þau eru óbreytt? Ég ætla, að sú upphæð mundi þá verða væntanlega eitthvað í kringum 200 millj. kr., — ég skal ekki fullyrða um það, það hefur ekki verið nákvæmlega útreiknað.

Ég nefni þessar tölur hér og leiðréttingar til að sýna fram á, hversu hér er farið alveg blygðunarlaust með rangar tölur til þess að búa út einhver dæmi. Og ég verð að segja, að þessar villur allar og veilur hefðu þótt heldur léleg frammistaða í reikningi á barnaprófi, hvað þá á landsprófi.

Þá er því slegið hér föstu, að við í ríkisstj. höfum lofað því, að efnahagsráðstafanirnar mundu alls ekki hafa í för með sér neina kjaraskerðingu, heldur kjarabætur. Þetta er einn tilbúningurinn og skáldsagan ein enn hjá hv. stjórnarandstæðingum. Þeir hafa m. a. búið til þau ósannindi, algeru ósannindi, að ég hafi lofað því f. h. ríkisstj., að þessi 8% skattur yrði ekki framlengdur á árinu 1961. Þetta vita þessir hv. þm. að er rangt, m. a. vegna þess, að ég lýsti því yfir hér í fyrra oftar en einu sinni í þessari hv. d., að þó að skatturinn væri bráðabirgðasöluskattur og þá ekki ákveðið um gildi hans nema fyrir árið 1960, þá væru engin fyrirheit eða loforð um það, að hann yrði ekki framlengdur á árinu 1961, og það yrði aldrei hægt að ákveða, fyrr en fjárlfrv. fyrir 1961 lægi fyrir. Það yrði að gerast upp í sambandi við það. Þetta eru líka alger ósannindi. Ríkisstj. hefur aldrei haldið því fram, að efnahagsaðgerðirnar frá í febrúar mundu ekki skerða lífskjör landsmanna um sinn. Einmitt þvert á móti. Við höfum alltaf bent á að þessar efnahagsaðgerðir mundu leiða af sér vissa kjaraskerðingu, og til þess að lina þá kjaraskerðingu, eftir því sem unnt væri, m. a. af þeirri ástæðu var farið í það að hækka stórlega fjölskyldubæturnar, auka niðurgreiðslurnar og hækka almannatryggingar. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir er auðvitað um kjaraskerðingu að ræða. Hitt er svo annað mál, að þó að það sé ljóst, að á þessu ári sé um kjaraskerðingu að ræða, þá er það von okkar og trú, að ef efnahagsaðgerðirnar takast, sem ég hef fulla trú á að þær muni gera, þá auðvitað munu kjör Íslendinga batna á næstu árum og ekki aðeins vinna upp þessa kjaraskerðingu, sem nú hefur orðið á þessu ári, heldur miklu meira.

Varðandi þessar breytingar á skattakerfinu vil ég enn fremur rifja það upp hér, sem ég sagði í fyrravor í þessari hv. d., að þegar tekin væri annars vegar lækkunin á tekjuskattinum, lækkunin á útsvörunum og afnám 9% söluskattsins, þegar þetta væri tekið annars vegar og hins vegar sú hækkun, sem leiddi af 3% nýja söluskattinum og 8% innflutningssöluskattinum, þá næmi lækkunin hærri upphæð fyrir meðalfjölskyldu en hinar nýju álögur. Þessar yfirlýsingar standa alveg óhaggaðar, og ekki aðeins það, heldur hefur útreikningur hagstofunnar nú í haust sýnt, að útkoman fyrir meðalfjölskylduna er að þessu leyti, við þennan tilflutning eða breytingar á skattakerfinu betri en ég hafði haldið fram, og skal ég nú skýra frá niðurstöðum hagstofunnar í því efni.

Hér er miðað við meðalfjölskyldu eða þá, sem vísitalan er byggð á. Lækkun tekjuskatts hjá þessari fjölskyldu nam á þessu ári 1444 kr., lækkun útsvars hér í Reykjavík nam á þessari sömu fjölskyldu 924 kr. Lækkun útgjalda, vegna þess að 9% söluskatturinn var niður felldur, nam 1357 kr. Samtals er því lækkun útgjalda meðalfjölskyldunnar 3725 kr. á þessu ári.

Hækkanirnar eru hins vegar: Vegna hins nýja 3% söluskatts 1527 kr., hækkun útgjalda vegna 8% innflutningssöluskattsins er 1700 kr., samtals 3227 kr. Sem sagt lækkun útgjalda þessarar fjölskyldu er nær 500 kr. meiri en hækkun útgjaldanna af þessum tveim nýju söluskattum. Þetta liggur skjallega fyrir og er reiknað út af hagstofunni, og ég efast um það, að þessir hv. þm., þótt þeir leyfi sér margt, að þá leyfi þeir sér að vefengja útreikninga hagstofunnar í þessum atriðum. Hér liggur það fyrir sannað, sem ég hélt fram í vor og studdist þá líka við athugun hinna hæfustu manna, að þessar breyt. út af fyrir sig á skattakerfinu, lækkun tekjuskatts, lækkun útsvars, afnám 9% söluskattsins, á móti hins vegar 8% og 3% söluskattinum, að þetta er fremur kjarabót en kjararýrnun fyrir vísitölufjölskylduna. Það þýðir svo ekkert að ætla að drepa þessu á dreif eða snúa út úr þessum tölum með því að túlka orð mín þannig, að ég sé með þessu að segja, að við efnahagsráðstafanirnar hafi ekki orðið kjararýrnun í bili í heild. Það hefur vitanlega orðið. Vitanlega hafa kjör manna rýrnað í bili, svo sem öllum var augsýnilegt að hlaut að verða, hvaða aðgerðir sem farið var í til þess að rétta við það ófremdarástand, sem fjármál og efnahagur landsmanna voru í.

Nú segir hv. frsm. 1. minni hl., að þetta hafi allt saman verið óþarft, að fara að vera svona róttækur, því að kerfisbreytinguna, sem sé að kippa öllu í lag, hefði átt að framkvæma í áföngum. Jú, við höfum reynsluna af því. Vinstri stjórnin, sem tórði í tvö og hálft ár, reyndi að framkvæma þessa kerfisbreytingu, sem hún taldi víst að mundi leiða til viðreisnar, að fara hana í áföngum, og hún fór hana í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn var með jólagjöfinni 1956 og hinn síðari með bjargráðunum vorið 1958. Hverjar voru svo afleiðingar af þessum tveimur áföngum vinstri stjórnarinnar til að rétta við efnahag og fjármál landsmanna? Afleiðingin var í stuttu máli þessi: Þegar vinstri stjórnin tók við í júlímánuði 1956, var framfærsluvísitalan 185 stig. Í desember 1958, þegar vinstri stjórnin eftir sína tvo áfanga lét af völdum, var hún komin úr 185 stigum upp í 220. Og samkvæmt yfirlýsingu forsrh. sá sú stjórn engin úrræði, og í henni var engin samstaða til þess að ráða bót á efnahagsmálunum. Þessi var í stuttu máli sagt niðurstaðan af tilraun vinstri stjórnarinnar til að fara í tveim áföngum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:9 atkv.

2. gr. samþ. með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, BGuðm, EggÞ, US, GTh, SÓÓ.
nei: HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, FRV.
1 þm. (AuA) fjarstaddur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:7 atkv.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Ed., 14. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið rætt allverulega hér í hv. d., enda er það að vonum. Hér er um stórmál að ræða, mál, sem skiptir hag alls almennings í landinu miklu. Það er enginn efi á því, enda munu allir vera sammála um það, að bráðabirgðasöluskatturinn á sinn stóra þátt í þeirri miklu dýrtíð, sem hæstv. ríkisstj. hefur á þessu ári steypt yfir þjóðina. Það er því mjög eðlilegt, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé mikið rætt og um það deilt.

Það er enginn vafi á því, að allur almenningur, neytendur í landinu, hefur gert ráð fyrir því og vænzt þess, að þessi bráðabirgðaskattur ætti ekki að standa lengur en út árið 1960. Hver einasti neytandi, sem á annað borð hefur gert sér grein fyrir þessu, mun hafa trúað því og treyst, að það væri ætlun yfirvalda, að hann félli sjálfkrafa úr gildi nú um áramót. Hér í hv. d. hefur gætt gagnstæðra skoðana. Stjórnarandstaðan vill fella þetta frv. um framlengingu, en stjórnarliðar vilja framlengja skattinn. Ég hygg þó, að enginn hv. þdm. sé ánægður með þá framlengingu, jafnvel ekki hv. þm. Sjálfstfl. Mér hefur heyrzt á hv. þm. Alþfl., að þeir væru langt frá því að vera ánægðir með framlenginguna og vildu fegnir geta greitt atkv. gegn henni. En þeir hafa lýst því yfir, að þeir sjái til þess enga leið. Nú langar mig við þessa 3. og síðustu umr. að leggja fram brtt., sem að vísu er skrifleg, — till., sem að mínum dómi fer bil beggja og ætti að gera það auðveldara, að einhver skárri lausn fengist á þessu en framlenging á skattinum, eins og hann er þetta ár. Ég vænti þess sérstaklega, að hv. þdm. úr flokki Alþfl. íhugi og athugi þessa till. vandlega, og ég skírskota til þeirra í trausti þess, að þeir eftir áður gefna yfirlýsingu hér í hv. d. sjái sér fært að styðja þessa till. og þar með koma í veg fyrir óbreytta framlengingu þessa bráðabirgðaákvæðis.

Ég vil nú með örfáum orðum gera grein fyrir þessari till. og ræði þá málið í örfáum atriðum um leið í heild.

Við munum það allir, að í byrjun þessa árs, þegar frv. til l. um söluskatt var lagt hér fram, leyndi það sér ekki, að frv. í heild bar þess augljós merki, að hér var um flaustursverk að ræða. Á þetta var rækilega bent í umr. þá, og ég þarf ekki að fara nánar út í það, en minni aðeins á þetta. Nefndin, sem undirbjó frv., gerði sér greinilega ljóst, að hér var um flýtisverk að ræða, og hún tók það fram í aths. sínum við frv. Nefndin hafði haft skamman tíma til þess að fjalla um þetta margbrotna mál, eins og segir í grg. En það var rekið fast á eftir af hæstv. ríkisstj., og n. skilaði því, sem hún sjálf þá nefndi bráðabirgðatill., til ríkisstj. Jafnframt var svo lofað að vinna að málinu áfram og talið líklegt, að unnt yrði að leggja það fyrir þing það, sem nú situr, leggja fyrir það till. um frambúðarlausn málsins í heild, frambúðarlausn laga um söluskatt í heild.

Lögin eru þannig flaustursverk og flýtisverk eins og þau leggja sig. Þau þarfnast endurskoðunar og það þegar á þessu þingi, eins og undirbúningsnefndin ætlaðist til. Mér vitanlega hefur þó ekki bólað á neinu frá hæstv. ríkisstj. í þessa átt enn sem komið er.

Það var áberandi, að í byrjun þessa árs var tvennt ákveðið *strax í upphafi og kunngert* alþjóð varðandi söluskattinn. Hið fyrra var, að hann skyldi skila 437 millj. kr. í ríkissjóð, og hið síðara, að hækkun á 7.7% söluskattinum af innflutningi væri ekki áformuð. Þetta hvort tveggja var kunngert m. a. í grg. fjárlagafrv. 1960. Við fyrri yfirlýsinguna, um fjárhæðina, var staðið og það fyllilega, en það var ekki staðið við síðara fyrirheitið. Frá því var vikið allhastarlega, eins og öllum er kunnugt, og söluskatturinn af innflutningi hækkaður úr 7.7% upp í 16.5%. Um ástæðu til, að ekki var staðið við gefið fyrirheit í þessu efni, skal ég ekki fjölyrða, það hefur þegar verið mikið rætt hér að þessu sinni, en það er staðreynd, að í janúar þessa árs lýsti hæstv. ríkisstj. því yfir, að hún ætlaði ekki að breyta söluskatti af innflutningi. Það er líka staðreynd, að mánuði síðar gekk hún á bak orða sinna í þessu efni og stórbreytti þessum skatti í hækkunarátt. Ég ætla ekki heldur að ræða þá þríþættu skýringu, sem hæstv. fjmrh. hefur gefið á orsök þessara brigðmæla í byrjun ársins. Hann gaf þessa skýringu í fyrra, og hann endurtók hana nú fyrir nokkrum dögum. Ég ætla ekki heldur að draga í efa þá skýringu. Hún sýnir það ljóslega, að málið allt var illa undirbúið, vanhugsað eða skakkt hugsað frá upphafi til enda. Um þetta ber skýring ráðherrans vott, enda kemur það heim og saman við það, sem ég tilfærði áðan úr aths. undirbúningsnefndarinnar. Stóra dæmið, *sem gefa átti útkomuna 437 millj. kr.*, var aldrei sett upp, fyrr en í eindaga var komið. Þá var rokið í að lappa og tjasla við þetta, og þannig er til komin hækkunin á söluskatti af innflutningi um 8.8%. Þessi vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í flóknu og viðkvæmu máli ber vissulega að víta. Þau hæfa illa, þegar ranglátasti skatturinn hefur orðið fyrir valinu og neytendur í landinu skulu skattlagðir um fjárhæð, sem samsvarar hátt á þriðja þús. kr. á hvert mannsbarn að meðaltali.

Bráðabirgðaákvæðið um viðaukasöluskatt af innflutningi var afsakað með því m. a., eins og kunnugt er, að 3% almenni söluskatturinn gæti ekki komið til framkvæmda, fyrr en nokkuð væri liðið af árinu 1960, og því fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fengist ekki sú fjárhæð, sem fjárlfrv. gerði ráð fyrir. Með þessum orðum er söluskattsviðaukinn afsakað-

ur í grg. söluskattslagafrv., og sömu skýringu hefur hæstv. fjmrh. gefið hér. Ef gengið er út frá þessu, að hækkunin stafi að nokkru leyti af því, að söluskattur innheimtist ekki til fulls fyrstu mánuði ársins 1960, þá á hið sama ekki við um næsta ár. Þá dreifist hann á alla mánuði ársins. Þess vegna gæti og ætti 8.8% bráðabirgðaskatturinn að geta lækkað um þann hluta, sem þessum mismun nemur. Hve mikill sá mismunur er, skal ég ekki um dæma, en einhver hlýtur hann að vera, svo framarlega sem fyrrgreind afsökun er gild. Væri ekki úr vegi að mínum dómi, að hæstv. ríkisstj. láti þegar athuga og reikna út, hve mikinn þátt í 8.8% hækkuninni það viðurkennda atriði átti, að 3% almenni söluskatturinn gat ekki gilt allt þetta ár, sem nú er að líða, og hún láti síðan lækka bráðabirgðaskattinn sem þessu nemur. Þessi tilmæli geta tæpast talizt ósanngjörn, að því er ég hygg.

Nú er mikið bil á milli þess að halda þessum skatti óbreyttum og afnema hann með öllu. Honum var þó aðeins ætlað að standa til bráðabirgða og einungis þetta ár, að því er margir hugðu. Ríkisstj. vill halda honum óbreyttum, aðrir vilja afnema hann með öllu. En hvernig væri að fara bil beggja í þetta sinn, þ. e. a. s. að lækka hann? Ein forsendan fyrir þessum skatti er fallin brott að allra dómi, og því ber að réttu lagi að lækka hann sem því nemur. Ef til vill mætti með því móti einu lækka þennan skatt um fjórðung, — ég veit það ekki, — eitthvað mætti lækka hann. En hann á að geta lækkað meira en þetta, og hann þarf að lækka meir. Þennan viðaukaskatt mætti auðveldlega lækka um helming nú þegar. Eins og hann er nú, er hann þung byrði á herðum neytenda, nemur hvorki meira né minna en 1000 kr. á hvert nef í landinu, eins og margsinnis hefur verið bent á hér í hv. d. Hann á því ekki svo lítinn þátt í þeirri dýrtíð, sem hæstv. ríkisstj. illu heilli hefur innleitt nú.

Ég vil nú leyfa mér að stinga upp á því, að þessi skattauki sé lækkaður um helming. Það mundi létta 80—90 millj. kr. skattbyrði af borgurum í landinu, og svarar það til um 500 kr. skattlækkunar á hvert mannsbarn. Mér finnst ranglátt að lækka þennan skatt ekkert og hef gert grein fyrir því, og sanngjarnt, að hann verði lækkaður nú um helming, og ég held, að það sé unnt að gera þetta.

Hæstv. ríkisstj. og fylgismenn hennar hafa mikið gumað af áhuga sínum á auknum sparnaði í opinberum rekstri. Um þörfina á slíkum sparnaði töluðu stjórnarliðar mikið við afgreiðslu fjárl. í fyrra, og þeir gera það enn nú í ár. Þó aðhafast þeir ekki neitt — eða svo til ekki neitt — í þessu efni, heldur láta þeir ár frá ári sitja við orðin tóm. Fjárlög þessa árs stórhækkuðu frá árinu áður, og fjárlög næsta árs eiga enn að sýna verulega hækkun. Þannig er verðbólgan enn í fullum gangi og bezta gengi á ríkisbúinu íslenzka.

Það mun láta nærri, að útgjöld ríkissjóðs 1961 standi til að auka um nálægt 90 millj. kr. Ef meginhluti þeirrar fjárhæðar, þeirrar hækkunar, væri nú sparaður, má lækka 8.8% söluskattinn um helming. Þetta legg ég til að gert verði. Það er möguleiki á að spara á mörgum sviðum, ef viljinn er nokkur fyrir hendi. Heimilunum í landinu er fyrirskipað að spara. Þeim er skammtað naumt, án þess að nokkur spyrji þau, hvort þetta sé hægt, hvort þetta sé mögulegt. Má ekki sama að einhverju leyti gilda um stjórnarheimilið? Að mínum dómi má ekki aðeins gilda hið sama, heldur á að gilda hið sama.

Hér á hinu háa Alþingi hefur verið borinn fram mesti fjöldi tillagna um niðurskurð, mesti fjöldi raunhæfra till. um niðurskurð útgjalda ríkissjóðs, og ég skal nú aðeins minna á nokkrar.

Í fyrsta lagi má fækka sendiráðum Íslands erlendis nú þegar, t. d. leggja niður tvö sendiráð á Norðurlöndum. Í öðru lagi má draga að mun úr opinberum veizluhöldum, án þess að nokkurn saki. Í þriðja lagi má takmarka mikið frá því, sem verið hefur, tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnur, tölu fulltrúa í viðskiptasendinefndum, svo og fækka nokkuð förum á alþjóðamót. Í fjórða lagi er öllum að bagalausu unnt að fækka löggæzlumönnum á Keflavíkurflugvelli. Í fimmta lagi er leikur einn að fækka bifreiðum ríkis og ríkisstofnana og koma í veg fyrir, að þær séu misnotaðar til einkaþarfa viðkomandi starfsmanna. Í sjötta lagi má draga úr framlögum til ýmissa sérþinga, sem ríkissjóður er nú látinn bera allan kostnað af.

Þetta og ótalmargt fleira er unnt að gera þegar í stað. Ég nefni þessar fáu ráðstafanir af því, að tillögur um þær ásamt 17 öðrum sparnaðartillögum er að finna í áliti meiri hl. fjvn. um fjárlagafrv. í ár. Jafnvel hv. stjórnarliðar sjá þörfina á aukinni hagsýni í ríkisrekstrinum, og þeir sjá líka og viðurkenna möguleikana til sparnaðarins. En hæstv. ríkisstj. hefur ekki til þessa anzað neinum ráðleggingum um aukna hagsýni eða svo til ekki. Hennar orka fer helzt í það að upphugsa ráð til að hækka fjárlögin frá ári til árs.

Ég hef minnzt á tillögur hv. stjórnarliða um sparnað. Þær eru ekki færri en 23 talsins. En stjórnarandstæðingar hafa einnig bent á fjöldann allan af leiðum til sparnaðar ríkisútgjaldanna. Ein till. er sú, að fyrirskipaður verði 10% niðurskurður á kostnaði við stjórnarráðið, utanríkisþjónustuna, dómgæzluna, lögregluhald og toll- og skattheimtuna. Samþykkt þessarar tillögu einnar mundi spara ríkinu rúmar 11 millj. kr. í útgjöld. En auðvitað var till. felld af stjórnarliðinu, eins og flestar aðrar sparnaðartillögur og eins og allar aðrar sparnaðartillögur stjórnarandstæðinga. Stjórnarliðar í hv. fjvn. hafa sýnilega áhyggjur af útþenslu ríkisútgjaldanna nú og þeirri verðbólgu, sem hún leiðir til. Þeim er ljós þörfin á að gera allar tiltækilegar ráðstafanir til sparnaðar, eins og þeir orða það í nál. sínu. Gallinn er bara sá, að þeir vilja ekki láta gera þessar ráðstafanir nú þegar, heldur einhvern tíma í framtíðinni. Og það er sama sagan frá því í fyrra, þar er sagan endurtekin, það ráð, að geyma til morguns það, sem hægt er að gera í dag.

En með þessu frv., sem hér liggur nú fyrir,

fer hæstv. ríkisstj. fram á, að 8.8% bráðabirgðasöluskatturinn verði framlengdur. Þessi málaleitan ber því glöggt vitni, að áform og áætlanir stjórnarinnar standast ekki. Það er eins í þessu efni og flestum öðrum, að orð og efndir falla ekki saman, og með þeim hætti hefur „viðreisnin" orðið að hreinu viðundri, eins og allri þjóðinni er nú að verða ljóst.

Það er kannske ekki unnt að segja, að viðreisn hæstv. ríkisstj. hafi hrunið í rúst, því að hún varð aldrei nein. Það hrundi hver steinn, jafnóðum og hann var lagður. Það eina, sem áunnizt hefur með þessari svokölluðu viðreisn, er aukning dýrtíðar, samdráttur í atvinnu og viðskiptum og versnandi lífskjör almennings.

Það er, eins og kunnugt er, ekki sérlega erfitt verk að koma á og viðhalda ranglátum sköttum eða að hækka ríkisútgjöldin ár frá ári. Og það er ekki heldur erfitt að rífa niður það, sem upp hefur verið byggt. En hitt kostar meiri fyrirhöfn, að byggja upp og bæta. Því miður virðist það ætla að verða meginhlutverk núv. hæstv. ríkisstj. að rífa niður það, sem byggt hafði verið upp á árunum áður. En niðurrifið er fljótunnið, og má sjá þess mörg glögg dæmi á þessu ári. Þörfin á því, að þetta niðurrif verði stöðvað nú sem fyrst, er brýn og knýjandi fyrir alla undantekningarlaust í þessu landi. Það verður ekki auðvelt verk að byggja upp á ný það, sem rifið hefur verið niður nú á skömmum tíma. En einhvern tíma verður að spyrna við fæti.

Ég þori varla að vænta þess, að farið verði að þeirri till., sem ég legg fram í lok máls míns, og þó vil ég vænta þess, að hún verði gaumgæfilega athuguð af hv. meiri hl. í þessari þd., og sérstaklega, eins og ég tók fram í upphafi máls míns, vildi ég ætlast til þess, að hv. þdm. úr Alþfl. athugi vel, hvort þeir gætu ekki fallizt á þessa málamiðlunartillögu mína, sem hér liggur fyrir. Þeir hafa, eins og ég sagði áðan, lýst því yfir, að þeir vildu gjarnan geta greitt atkv. á móti framlengingu söluskattsins, en sæju enga leið til þess. Nú hef ég sumpart í þeirri till., sem ég legg fram, og sumpart í því máli, sem ég nú hef flutt, bent á leiðina til þess og bent á, að möguleikinn er til staðar.

Herra forseti. Ég vil mælast til þess, að ég megi leggja hér fram skrifl. tillögu og að leitað verði afbrigða fyrir henni, en till. hljóðar svo:

„1. gr. orðist svo:

Í stað orðanna „til ársloka 1960" í fyrri málslið a-liðs ákvæða til bráðabirgða komi: til ársloka 1961, og í stað „8 af hundraði" í sama málslið komi: 4 af hundraði."

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 217) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. heiðraði mig hér í lok umr. í gær með alllangri ræðu, sem að mestu leyti snerist um nál. mitt á þskj. 199 og þá sérstaklega þá mynd, sem þar var m. a. með samanburðartölum dregin upp af þeim gífurlegu skattahækkunum, sem orðið hafa í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstj. Og eftir að hafa rennt sínum glöggu augum yfir þessa mynd, var hann ekki lengi að komast að þeirri niðurstöðu, að ég væri hvort tveggja í senn blygðunarlaus talnafalsari og hefði þar að auki greindarvísitölu, sem gæfi litlar vonir á barnaprófi. Og ráðherranum svall móður, — að því er mér er sagt, því að sjálfur var ég ekki staddur hér í d., meðan hann talaði, en hef kynnt mér síðan efni úr ræðu hans, — í viðureign sinni við alla þessa botnlausu heimsku og blygðunarleysi.

Mig undrar það auðvitað ekkert, að hæstv. ráðh. ógni að sjá það tölulega sannað, hverjum árangri hann hefur náð og hæstv. ríkisstj. hans í viðreisnarherferð sinni í skattamálum. En varla verða bornar á mig sakir af því tilefni. Hann sjálfur og þeir flokkar, sem hafa stutt hann upp í ráðherrastólinn og veitt honum brautargengi til verka, hafa í öllum atriðum sjálfir — og engir aðrir — bakað sér sökina, þá þungu sök, sem þeir hljóta fyrr eða síðar að þurfa að standa og svara fyrir frammi fyrir allri þjóðinni. Og þá mun það vissulega ekki skipta miklu máli, hvert mat hæstv. ráðh. hefur á mínum málflutningi, og enn síður, hvernig hann metur mína greindarvísitölu, enda mun ég ekki deila við hann um það, því að ég veit líka, að fullyrðingar hans um þá hluti standa aðeins í nákvæmlega réttu hlutfalli við bágindi hans við að hafa uppi sæmilega rökréttan málflutning og eru ekki sterkari en þær raunir hans gefa tilefni til. En að hinu hlýt ég að víkja og rekja örlítið í sundur, í hverju ráðh. telur að meintar falsanir mínar í útreikningunum á þskj. 199 séu fólgnar, og þá síðan, á hve gildum stoðum þær falsásakanir á hendur mér eru reistar.

Fyrsta og stærsta ásökunin er þá sú, að ég hafi ekki haft réttar samanburðartölur frá árinu 1959 né heldur frá 1960 við fjárlagafrv. fyrir árið 1961. Það er auðvitað alveg rétt, að það er grundvallaratriði, að farið sé með hliðstæðar tölur, þegar slíkur samanburður er gerður. En einmitt til þess að þessu grundvallarskilyrði væri fullnægt, valdi ég að gera annars vegar samanburð á skattheimtunni, eins og hún var ráðgerð í fjárlagafrv. fyrir árið 1959, og hins vegar, eins og hún er ráðgerð í fjárlagafrv. fyrir árið 1961, eins og það liggur fyrir. Ég verð að segja það, að á ýmsu gat maður átt von í sambandi við málflutning hæstv. ráðherra, en ég bjóst sannarlega ekki við því að fá stóryrtar ásakanir fyrir að velja einu samanburðartölurnar, sem gat ekki staðið nein deila um að væru algerlega hliðstæðar. Við höfum ekki fyrir okkur nú fjárl. fyrir árið 1961, og ég hygg, að enginn hv. þingmanna eða jafnvel ráðherra geti nú sagt um það með fullkominni vissu, allra sízt í smáatriðum, hverjar endanlegar tölur verða þar festar á blað. Vel má vera og er reyndar sennilegt, að áætlunartölur verði hækkaðar frá þeirri gerð, sem frv. er nú í. Það hefur t. d. verið flestum þm. óskiljanlegt, að áætlun um 7% skattinn, sem var við 2. umr. fjárlaganna hækkuð um 8.5 millj. kr., skuli hafa verið hækkuð um þessa upphæð, en 8% viðbótarskatturinn látinn standa í stað.

Ef áætlunarhækkunin á 7% skattinum er rétt, hlýtur 8% skatturinn, sem innheimta á sem viðbót við hann, einnig að eiga að hækka tilsvarandi, eða um 9—10 millj. Það er líka ljóst, að ríkisstj. lætur fjvn. hækka áætlunartölur, m. a. áætlunartölur um skattinnheimtuna, eftir því sem til þarf, til þess að jöfnuður náist, með réttu eða röngu. Það er því auðsjáanlegt, að ekki var mögulegt að miða við fjárlög 1961, meðan þau eru ekki fullbúin. Auðvitað er svo enn fráleitara að miða við ríkisreikning fyrir 1959 annars vegar og hins vegar við fjárlagafrv. 1961, því að enginn maður, ekki einu sinni hæstv. fjmrh., getur neitt um það sagt, hver munur kann að verða á fjárlagafrv. næsta árs og ríkisreikningnum fyrir það sama ár eða hvort meira eða minna skakkar þar á en í fjárlagafrv. 1959 og ríkisreikningnum fyrir það ár. Það kann að skakka meira en 1959, og það kann líka að skakka minna. En báðir erum við, hæstv. ráðherra og ég, alls ófærir um það að hafa uppi nokkrar fullyrðingar um það. Hér ber því allt að sama brunni, að ef gera átti samanburð eftir þeim gögnum, sem fyrir hendi liggja, eins réttan og kostur var á, varð að velja þær einu hliðstæður, sem fyrir hendi voru, þ. e. fjárlagafrumvörpin, sem liggja fyrir, fyrir bæði árin. Hafi ég því að þessu leyti farið með falsanir, hefur það aðeins getað orðið með þeim hætti, að farið væri rangt með sjálfar tölur fjárlagafrv. fyrir 1959. En jafnvel hæstv. fjmrh. hefur ekki sakað mig um það, enda þar óhægt um vik. Hins vegar verð ég að viðurkenna og biðjast afsökunar á því, að mér hafði sézt yfir breytingu, sem nú er orðin á fjárlagafrv. fyrir 1961, þ. e. a. s. að áætlunin um verðtoll er nú upp á 9.4 millj. kr. hærri upphæð en talin var á þskj. 199. En ekki bætir sú leiðrétting samanburðinn fyrir hæstv. ráðherra, heldur öfugt.

Þetta er þá fyrsta stórásökunin á málflutning minn af hendi hæstv. ráðherra, að ég skyldi velja þær einu samanburðartölur, sem voru algerlega hliðstæðar.

Næst er þá sú, að ég hafi ekki í samanburðinum reiknað til frádráttar skattabvrðinni, eins og hún er nú áætluð af stjórnarliðinu sjálfu, söluskattinn, sem áður rann í útflutningssjóð, en sá hlutinn mun hæst hafa numið rúmlega 70 millj. kr. á ári. Með því að reikna þetta mér til falsana fær svo hæstv. ráðherra söluskatt ársins 1959 upp í á þriðja hundrað millj. kr. og reiknar skattaklyfjar sínar niður um 92 millj.

Hér í hv. þd. og hér á hv. Alþingi yfirleitt hefur oft verið sannað og nú t. d. nýverið mjög skilmerkilega af hv. 5. þm. Austf., að það sé villandi og jafnvel alrangt að taka þennan skatt inn í dæmið. Þetta hefur verið gert svo rækilega, að mér er ekki þörf á að endurtaka þær sannanir, enda eru þær svo augljósar og auðskildar. Eða er kannske þörf á því að minna hv. stjórnarsinna á það, til hvers þeir sögðust vera að framkvæma sjálfa viðreisnina eða sjálfa gengisfellinguna? Var það ekki gert til þess að losna við útflutningssjóðinn og alla bölvun uppbótakerfisins? Til hvers hækkuðu þeir verð alls gjaldeyris um hundruð millj. umfram það, sem allar tekjur útflutningssjóðs námu? Var það ekki gert til þess að láta almenning borga bæði gömlu yfirfærslugjöldin og alla skattana, sem runnu í útflutningssjóð, í hækkuðu vöruverði, jafnt rekstrarvara sem annarra vara, og þá raunar hundruð millj. kr. að auki? Nei, vissulega borgar almenningur enn í dag margfaldlega jafnvirði þess hluta söluskattsins, sem áður rann í útflutningssjóð, í verðhækkunum, sem gengisfellingin skapaði. Það væru því hreinar falsanir að meta hann til frádráttar, þegar skattabyrðarnar nú eru vegnar. Þessi ásökun hæstv. fjmrh. er því ekki síður klámhögg en aðrar.

Þá er það þriðja ásökun hæstv. ráðh., að ég hafi gengið fram hjá því, að þær tæplega 100 millj., sem hann viðurkenndi þó að skattabyrðarnar hefðu aukizt um, væru fengnar með þeim hætti, að óbreyttir skattstofnar mundu hafa gefið meiri tekjur í ríkissjóð nú en áður. Þessa upphæð beri því ekki heldur að skoða sem aukningu álaga. Þetta kynni með fullum rétti að vera hægt að segja og styðja nokkrum líkum, ef svo væri ástatt, að gjaldþol þeirra, sem skattana greiða, yxi að sama skapi og gjaldheimtan. Ef almenningur, ef heimili launafólks í landinu hefðu jafnmikið eftir til þarfa sinna að sköttunum greiddum og hefðu jafnmikla kaupgetu og áður, eftir að þeir hefðu verið borgaðir, þá væri hægt að styðja þessa fullyrðingu ofur litlum líkum. En er sú óhjákvæmilega forsenda fyrir hendi nú? Nei, ég held, að hún sé það áreiðanlega ekki. Jafnvel stjórnarliðið verður nú að viðurkenna það, nauðugt eða viljugt, að kjör hinna lægst launuðu eru orðin slík, að ekki verður lifað af þeim mannsæmandi lífi. Það er mjög athyglisvert í þessu sambandi, að sjálfur hv. frsm. meiri hl. fjhn. þessarar deildar, kjaraskerðingarmeistari margra ríkisstjórna, hefur nú alveg nýverið rökstutt kaupkröfur, sem hann hefur staðið að, einmitt nákvæmlega með þessum orðum, sem ég nú viðhafði. Og þeir hv. þm., sem vildu taka á sig það ómak að ganga í næsta herbergi í þinghúsinu, geta lesið þessi ummæli hans þar, þar sem liggur fyrir erindi, sem hann hefur staðið að á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, til fjvn., þar sem gerðar eru kröfur til hækkaðra launa fyrir verulegan hluta opinberra starfsmanna. Hv. formaður fjvn. hefur lýst ástandinu svo, að gjaldþoli almennings sé nú svo komið, að með engu móti verði þyngri álögur lagðar á, nema stefnt sé út í nýjar ófærur. Þannig komst hann að orði í framsöguræðu sinni fyrir fjárlagafrv. nú. Það verður því með hverjum deginum ónauðsynlegra að sækja staðfestingar á því, hvað gjaldþoli almennings líði eftir eins árs viðreisn, í ummæli okkar stjórnarandstæðinga einna. Ég held því, að það geti ekki verið neitt deiluatriði, að allar hinar stórfelldu auknu skattheimtur, sem hæstv. ríkisstj. hefur stofnað til og lagt á bök almennings, verða menn nú að þola með síminnkandi getu, með skertum kjörum, með lækkuðum launum og jafnvel með atvinnuleysi. Forsendan fyrir því, að unnt sé að rökstyðja það, að aukin skattheimta herði ekki frekar en áður að kjörum almennings, er

því áreiðanlega ekki fyrir hendi. Og það er í raun og veru fjarstæðara en orðum taki að því að eyða að halda sliku fram, eins og hæstv. fjmrh. var að reyna að gera. En við er svo því að bæta, sem margoft hefur verið sýnt fram á, bæði af mér og öðrum við þessar umr., að skattstofnarnir hafa breytzt, og það er eitt höfuðatriði málsins. Þeir hafa breytzt á þann veg, að hver, sem matar neytir, klæðist fötum eða býr í húsi, er tilneyddur, alveg án tillits til getu sinnar, að borga í hítina miklu. Af því leiðir óhjákvæmilega, að hin hreina tölulega hækkun viðreisnarskattanna gefur mildari mynd af þeim drápsklyfjum, sem þeir nú eru orðnir, heldur en efni standa til, því að jafnvel alveg óbreyttir skattar, tölulega óbreyttir skattar, væru nú þungbærari en áður.

Sú tölulega mynd, sem ég dró upp af aukningu skattaálaga síðan fyrir viðreisn eða þó öllu heldur nokkrum hluta hennar, er því sízt of sterkum dráttum dregin. Þvert á móti hef ég tekið meira tillit en réttmætt er til þess frádráttarliðar í útreikningunum, sem leiðir t. d. af greiðslum til sveitarfélaganna, en það er einn stærsti frádráttarliðurinn, sem þar kemur til greina. Ég hef í þessum útreikningum tekið þær að öllu leyti til frádráttar, þó að hitt sé fullsannað, að þar er miklu fremur um sýndarmennsku að ræða heldur en nokkra raunverulega lækkun á útsvörum, enda er það staðreynd, að þessar greiðslur hafa ekki gert bæjarfélögunum kleift að lækka heildarupphæð útsvaranna, þó að þau hafi lækkað á hátekjumönnum eins og hæstv. fjmrh. Viðreisnin hefur séð fyrir því að hækka útgjöldin hjá bæjarfélögunum meira en endurgreiðslum söluskattsins nemur. Það væri þess vegna miklu nær sanni að ásaka mig fyrir það, að ég hefði hlífzt við að sýna myndina, sem hæstv. ráðh. hefur brugðizt svo reiður við, nægilega slæma fyrir hann og fyrir hæstv. ríkisstj., og kemur þó þar enn fleira til en ég hef rætt um.

Eins og ég sagði áður, lagði t. d. hæstv. fjmrh. áherzlu á, að auðvitað ætti, eins og hann komst að orði, að setja dæmið þannig upp að reikna með því, hvað hinir niðurfelldu skattar hefðu gefið óbreyttir, og taka þá þannig til frádráttar. En ég vil þá spyrja: Er þá ekki jafnnauðsynlegt að reikna út, hvað þessir nýju skattar mundu hafa gefið við sömu aðstæður og voru fyrir viðreisnina, til þess að samanburðurinn verði réttur, ef hann er gerður á þennan hátt? Ég kom ofur lítið inn á þetta hér við 1. umr. málsins, og ég tel ekki þörf á að endurtaka það, sem ég sagði þá um þetta atriði. En ég fullyrði hins vegar, að ef þetta væri gert, þá kæmi í ljós, að munurinn á skattheimtunni nú og fyrir viðreisnina reyndist miklu meiri en nokkrar tölur, sem enn hafa verið sýndar um þetta, gefa hugmynd um. Þetta veit hæstv. fjmrh. áreiðanlega flestum öðrum betur, og þess vegna lætur hann sér nægja að breyta dæminu, sem um er að ræða, aðeins í því tilfellinu, sem hann telur sér hagstætt, en gleymir vísvitandi að taka þeim rökréttu afleiðingum af þeirri breytingu að því leyti, sem það er honum til óhagræðis. En þetta heita víst ekki falsanir á hans máli.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það er aðeins stutt aths. í tilefni af því, að tveir hv. þdm. hafa gert það að sérstöku umtalsefni, að ég hefði á nýafstöðnu þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja staðið að kaupgjaldskröfum, sem þar hafi verið fram bornar og síðan hafi verið sendar fjvn. Það er alveg rétt út af fyrir sig, að á þessu þingi voru bornar fram kröfur um endurskoðun á launakjörum opinberra starfsmanna með það fyrir augum, að launakjörin yrðu bætt. Enn fremur er rétt og skylt að taka það fram, að um afgreiðslu þess máls var ekki teljandi ágreiningur á þinginu, því að við, sem sæti höfum átt á þeim þingum, höfum yfirleitt haldið okkur að þeirri reglu, sem ég tel skynsamlega fyrir hagsmunamál opinberra starfsmanna, að reyna að afgreiða tillögur um launa- og kjaramál þannig, að sem víðtækast samkomulag geti um þær orðið, en hjá hinu hefur verið sneitt, sem ágreiningur er um, þannig að í öllum meginatriðum voru þessar tillögur samþykktar samhljóða. Ágreiningur var, eftir því sem ég bezt man, aðeins um eitt atriði á þessu þingi, sem telja má fremur lítils háttar, svo að ekki er ástæða til þess að gera það að umtalsefni hér.

Nú væri það út af fyrir sig mikil bjartsýni og til meira ætlazt af þeim efnahagsmálaráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, en jafnvel við höfum vænzt, sem þær tillögur höfum að öðru leyti stutt, ef slíkar ráðstafanir kipptu svo öllum efnahagsmálunum í lag, að það hætti með öllu, að á stéttaþingum væru bornar fram kröfur um bætt kjör. Ég held, að svo gott ástand í efnahagsmálum þessa þjóðfélags muni seint skapast, að slíkt verði með öllu úr sögunni. En það er aðalatriðið í sambandi við þetta og hv. þdm. raunar kunnugt, að samanborið við aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa opinberir starfsmenn lengi borið skarðan hlut frá borði. Það voru m. a. á bandalagsþinginu lagðar fram skýrslur, sem fráfarandi bandalagsstjórn hafði látið gera um samanburð á kaupmætti launa opinberra starfsmanna í nágrannalöndum okkar eða á Norðurlöndunum og hér á landi. Niðurstaða þessarar athugunar var sú, að ef litið var á kjör hinna allra lægst launuðu opinberra starfsmanna, þá var tiltölulega lítill munur á launakjörum þeirra eða kaupmætti launa þeirra hér á landi og í nágrannalöndunum. Hann var eitthvað minni hér. Mig minnir, að það munaði um 10—15% eða svo, en þar er ekki um svo ákaflega mikinn launamun að ræða. Allt öðru máli gegndi um þá embættismenn, sem hærra eru launaðir. Þar var launamunurinn geysilega mikill. Má þar t. d. nefna sem dæmi stéttarbræður okkar hv. 3. þm. Norðurl. v., prófessorana, sem að vísu eru nú hvorki hér á landi né á Norðurlöndunum í hópi þeirra opinberu starfsmanna, sem búa við hin beztu kjör. Niðurstaðan hvað snertir laun prófessora var sú, að í Danmörku, þar sem laun prófessora eru þó talsvert miklu

lægri en t. d. í Svíþjóð, voru föst árslaun þeirra sem næst 211 þús. kr. á ári, umreiknað eftir skráðu gengi. Hér eru árslaunin ekki nema um 92 þús., svo að þarna munar yfir 100%. Það, að opinberir starfsmenn og sérstaklega þeir hærra launuðu búa þannig við allmiklu lakari kjör en í nágrannalöndunum, stafar að nokkru leyti af óviðráðanlegum ástæðum eins og þeim, að þar eð okkar þjóðfélag er lítið, þá verða færri borgarar um það að standa undir hverjum embættismanni, svo að af þeirri ástæðu er þess að vísu ekki að vænta, að launakjörin geti hér orðið alveg jafngóð og á Norðurlöndunum. Hins vegar er eðlilegt, að opinberir starfsmenn og þeirra stéttarsamtök líti þannig á, að hlutverk þeirra sé það að vinna að lagfæringu á þessu misræmi, og um það standa allir opinberir starfsmenn saman, hvað sem þeim annars ber á milli um almennar landsmálaskoðanir.

Hvað snertir þær efnahagsmálaráðstafanir, sem gerðar hafa verið, og áhrif þeirra í þessu efni, þá hafa þær í sjálfu sér engu þar um breytt. Þær hafa ekki leiðrétt þetta hlutfall, og það hefur ekki verið talið hlutverk þeirra, en það hefur ekki heldur raskazt opinberum starfsmönnum í óhag, svo að aðstæður eru í því efni óbreyttar frá því, sem áður hafði verið, og því auðvitað engin ástæða til þess að láta slíkar kröfur niður falla vegna þess, að umræddar ráðstafanir hafa verið gerðar. Það er fyrst og fremst krafan um leiðréttingu á þessu óhagstæða hlutfalli milli launakjara opinberra starfsmanna og annarra, sem bandalagsþingið krafðist að lagfæring yrði gerð á.

En það er annað atriði í þessu sambandi, sem vekja má athygli á, og það er þetta: Að minu áliti er einmitt meginástæðan til þess, að opinberir starfsmenn hafa til þessa orðið að sætta sig við svo skarðan hlut sem raun er á, sú, að launakjörin hér á landi, gagnstætt því, sem er í nágrannalöndunum, hafa raunverulega staðið í stað síðan 1945. Meðan svo er, að lífskjörin í heild batna ekki, er þess ekki að vænta og í rauninni eru ekki neinir stjórnmálalegir möguleikar fyrir því, að farið verði að hækka einvörðungu laun þeirra, sem skár eru settir. Það verður þá látið sitja fyrir að varna því, eftir því sem föng eru á, að lífskjör þeirra, sem verst eru settir, versni frá því, sem er. Það er fyrst, þegar sú aukning hefur orðið á þjóðartekjunum, að skapað geti grundvöll fyrir bættum lífskjörum almennt, sem það verður hugsanlegur möguleiki að leiðrétta þetta óhagstæða launahlutfall fyrir opinbera starfsmenn, sem ég að öðru leyti tel þjóðhagslega nauðsyn, því að það er vissulega mikið áhyggjuefni, eins og nú er í sumum starfsgreinum, sem langskólamenntun þarf til að gegna, að menn leita í vaxandi mæli til annarra landa, þar sem boðin eru betri kjör. En það er fyrst, þegar um er að ræða vaxandi þjóðartekjur, að þess er von, að hægt verði að einhverju leyti að ganga til móts við þessar kröfur. En megintilgangur efnahagsmálaráðstafananna hefur einmitt verið sá að skapa grundvöll fyrir því, að við þurfum ekki að búa við þá stöðnun í efnahagsmálum, sem undanfarið hefur verið, heldur séu sköpuð skilyrði fyrir auknum framleiðsluafköstum og þá um leið bættum lífskjörum.

Fyrst ég stóð hér upp á annað borð, þá er rétt að víkja örfáum orðum að ummælum hv. 3. þm. Norðurl. v. við 2. umr. málsins. Hann minntist á það, að ég hefði sagt, sem var alveg rétt hermt, að það væri enn of snemmt að spá um það, hvort sú efnahagsmálalöggjöf, sem sett var á s. l. vetri, næði tilgangi sínum. Það, sem í þessum orðum fólst, var aðeins sú staðreynd, að svo lengi sem það ástand hefur ekki skapazt, sem að var stefnt með löggjöfinni, þá er auðvitað of snemmt að fullyrða nokkuð um slíkt. En að gefnu tilefni er rétt að vekja athygli á því, að það var aldrei ráð fyrir því gert, að þessi löggjöf mundi ná tilgangi sínum á örfáum mánuðum. Það eru engin þau töfraúrræði til í efnahagsmálunum, að hægt sé, eins og komið var um s. l. áramót, að kippa öllu í lag á örfáum mánuðum. Slíku hefur aldrei verið haldið fram af neinum, heldur einmitt því gagnstæða, að það þyrfti talsvert langan tíma og þyrfti þolinmæði til af hálfu þjóðarinnar, ef þessar ráðstafanir ættu að ná fullum árangri. Þar með er ekki sagt, að ekki sé um neinn árangur að ræða af ráðstöfununum. Ég tel þvert á móti, að hann sé mikill og jafnvel meiri en bjartsýnir menn gerðu ráð fyrir á þeim tíma, sem þessar ráðstafanir voru gerðar, þrátt fyrir það að ýmis óviðráðanleg óhöpp hafi síðan komið til, eins og t. d. aflaleysi togaraútgerðarinnar. Og það, sem ég hef í huga, þegar ég ræði um þann mikla árangur, sem þegar hafi náðst af ráðstöfununum, er fyrst og fremst hin stórbætta gjaldeyrisaðstaða, en meginástæðan til þess, að óhjákvæmilegt var að gera þessar ráðstafanir, var hin slæma gjaldeyrisaðstaða landsins eða hin mikla skuldasöfnun út á við og vaxandi greiðslubyrði þjóðarinnar vegna vaxta og afborgana af erlendum lánum, eins og svo glögglega var einmitt gerð grein fyrir í skýrslum þeim, sem vinstri stjórnin lét frá sér fara síðustu vikurnar, sem hún sat, og áður hefur borið á góma við þessar umr. Það hefur í þessu sambandi verið bent á þá staðreynd, að á tímabilinu frá febrúarlokum til októberloka í ár hefur gjaldeyrisaðstaðan batnað um 211 millj., en á sama tíma árið áður versnaði þessi aðstaða um það bil um 240 millj., þannig að gjaldeyrisafkoman hefur verið um það bil hálfum milljarð króna betri á þessu ári en árinu á undan. Það gefur auðvitað auga leið, að sú minnkun gjaldeyrisnotkunarinnar, sem af þessu hefur leitt, hefur auðvitað hlotið að koma bæði við þjóðina í heild og einstaka borgara. Þetta hefur auðvitað þýtt það, að menn hafa orðið að herða að sér ólina. Öðruvísi er ekki hægt að bæta gjaldeyrisaðstöðuna. En þegar gjaldeyrisaðstaðan má teljast eðlileg, þá er þess að vænta, að slaka megi á ýmsum þeim hömlum, sem settar hafa verið með efnahagsmálalöggjöfinni, og þá sé raunar grundvöllur fyrir eðlilegri aukningu þjóðartekna og bættum lífskjörum hér á landi, alveg eins og í okkar nágrannalöndum, sem búið hafa að undanförnu við eðlilega skipan efnahagsmálanna.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í umr. um þetta mál og ætlaði mér ekki að gera, en mér fannst koma fram nokkuð nýstárlegt í ræðu hv. síðasta ræðumanns. Það hefur verið á það drepið, að hann mundi hafa átt hlut að kaupkröfum til ríkisins á þingi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ég hélt, að þetta væri missögn. Nú kemur það á daginn, að hann staðfestir það, að hann hefur átt þátt í slíkum kröfum, slíkum samþykktum, og mér kemur þetta ókunnuglega fyrir sjónir eftir ræðuna, sem hann hélt í gær. Þá var hann að kenna okkur þm. það, að verkföll og kauphækkanir væru til tjóns, væru til bölvunar, ekki aðeins fyrir þjóðina í heild, heldur fyrir verkafólkið sjálft. Þetta hefði sýnt sig og mundi alltaf verða svona, ef ekki yrði sams konar framleiðsluaukning hjá þjóðinni, sem gæti skilað þessari kauphækkun. Nú kemur það í ljós, að frsm. meiri hl. fjhn., sá sem stendur kannske einna fastast með öllum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, hann á sjálfur þátt í því að vera að gera núna kaupkröfur til ríkisins. Og hann reyndi að rökstyðja þetta, ekki með því, að það hafi orðið framleiðsluaukning hjá þjóðinni, heldur með hinu, að það eigi sér stað hærri laun erlendis hjá prófessorum og slíkum mönnum, en sjálfur er hann prófessor. Er þá ekki alveg sjálfsagður hlutur, að Íslendingar reyni að hækka verkalaun hér í landinu til samræmis við það, sem er í öðrum löndum? Eiga verkamenn þá ekki alveg jafnmikla kröfu til þess hér á Íslandi að hafa hliðstæð laun og verkamenn í öðrum löndum? Ég vil nefna það, að fyrir ekki löngu var það upplýst, að í Bandaríkjunum væri lágmarks verkamannakaup 1 dollari á klukkutíma. Vill þá þessi hv. þm. styðja að því, að verkamenn á Íslandi fái 38 kr. á klukkutíma? Þetta er erlendis. — (**ÓB**: Ef þeir bættu kjör sín með því.) Ef þeir bættu, — nú, hvað eru prófessorarnir þá að tala um að fá hækkuð launin sín, ef þeir telja ekki, að þeir fái með því bætt kjör? Ef það er nóg að vitna í eina stétt um laun í öðrum löndum, þá hlýtur það líka að vera hægt um verkamenn. Nei, ég tel það merkilegt, að hv. frsm. meiri hl. fjhn. skuli nú koma með þessa speki fram hér.

Þá sagði hann, að kröfur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja væru við þetta miðaðar. Það væri almenn endurskoðun á þessum launakjörum. Ég held, að þetta sé alls ekki rétt. Ég veit ekki betur en ein krafan sé sú að þurrka út tvo neðstu launaflokkana, 13. og 14. launaflokk, svo að þeir, sem nú eru í þeim flokkum, fái laun eins og þeir, sem eru í 12. flokki, m. ö. o., þeir, sem verst eru launaðir í landinu, geta ekki lengur lifað af þessum launum, af því er farið fram á þetta.

Ég skal nefna annað dæmi. Þeir fara fram á það, að aldursuppbæturnar komi á 2 árum í staðinn fyrir 4. Þetta er líka að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Af hverju? Af því að fólkið getur ekki lifað á þessum launum. En hvað skeður hjá almennu verkafólki, — og bændurnir fylgja því lögmáli, — ef aukavinnan dregst nú saman eða hverfur úr sögunni? Hvernig ætli kjör þess fólks verði? Ekki minnkar aukavinna hjá þeim, sem ekki hafa nema föstu launin sín, eins og prófessorar og aðrir slíkir. Ekki þurfa þeir að fara að kvarta um samdrátt aukavinnu. En það er vitað mál, að almennt verkafólk hér á landi hefur lifað að verulegu leyti á aukavinnu. Það er vitað mál, að í ýmsum kaupstöðum hafa verkamenn að undanförnu haft allt upp í 2 tíma aukavinnu á dag allt árið um kring, og þessir tveir tímar á dag að meðaltali yfir allt árið gefa um 18600 kr. í tekjur. Nú er farið að herða svo að, að þessi aukavinna er óðum að hverfa úr sögunni, og telst þó verkamaður hafa fulla atvinnu, ef hann vinnur 8 tíma á dag, fulla vinnu, ekki vera háður neinu atvinnuleysi. Samt geta tekjur þeirra minnkað, sem þessu nemur. Ég ætla svo ekki að nefna hitt fyrirbrigðið, sem farið er að skjóta upp kollinum, að það er að verða atvinnuleysi á einstaka stöðum. Þetta bendir til þess, að eitthvað megi verkafólkið segja, ef þessi nauðsyn er, eins og hv. ræðumaður var að nefna, hjá opinberum embættismönnum, og tek ég þó undir það með honum, að opinberir embættismenn þurfa launabætur, þeirra laun eru svo lág hjá þeim, sem eru lægra launaðir, að þeir þurfa hækkunar með.

Ég gat ekki á mér setið að minna á þessa afstöðu, þegar þessi skoðun kemur hér fram. Að öðru leyti ætla ég ekki að fara að ræða þetta mál almennt.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, að ég sé, að það, sem ég sagði áðan, hefur farið algerlega í rangan háls á hv. 4. þm. Vestf. Ég minntist á það í ræðu minni, sem er staðreynd, að launakjör opinberra starfsmanna hér á landi, samanborið við það, sem er í nágrannalöndunum, eru lakari, og sérstaklega á það við um þá embættismenn, sem eru hærra launaðir. Hitt sagði ég ekki, og það er aðalatriði þessa máls, að leiðin til þess að fá þetta leiðrétt mundi vera sú að hækka kaupið nú, þannig að það umreiknað eftir gengi yrði það sama og á Norðurlöndunum. Til þess að slíkt gæti orðið til leiðréttingar, þyrftu raunverulegar þjóðartekjur að aukast nægilega mikið, til þess að slík kauphækkun gæti átt sér stað, án þess að það leiddi til almennra verðhækkana. Afleiðingin af því, að við ætluðum að hækka allt kaupgjaldið t. d. um 30% eða hvað það væri, meðan ekki hefur skapazt slíkur grundvöllur fyrir því, yrði blátt áfram sú, að allt verðlag hækkaði um 30%, svo að við stæðum í sömu sporum eftir sem áður. Það er einmitt þetta, sem hefur skeð undanfarin ár. Það hafa orðið jafnmiklar kauphækkanir hér og á hinum Norðurlöndunum og jafnvel meiri, en það hefur bara farið þannig, eins og ég áður hef gert grein fyrir, að í kjölfar kauphækkana hafa, af því að fyrir þeim hefur ekki verið raunhæfur grundvöllur, siglt samsvarandi verðhækkanir. Þetta er ástæðan til þess, að þrátt fyrir öll þau verkföll, sem háð hafa verið, og allar þær grunnkaupshækkanir, sem hafa orðið hér síðan 1945, standa launþegarnir sem heild nákvæm-

lega í sömu sporum og þá, kjör þeirra eru jafnvel orðin lakari. Meginástæðan til þess er aftur sú, að efnahagskerfið hefur verið svo úr skorðum fært, að það hefur ekki átt sér stað sú framleiðsluaukning, sem orðið hefði að eiga sér stað, ef fært væri að bæta kjörin með þessu móti. Í því sambandi leyfi ég mér aftur að minna á það, sem ég sagði hér við 2. umr. málsins, að það var háð hér langt verkfall árið 1955, og það tókst að hækka kaupið um 10%. En hvernig var komið nokkrum mánuðum seinna, m. a. fyrir tilstilli hv. 4. þm. Vestf. og annarra, sem studdu vinstri stjórnina? Þetta hafði allt verið tekið aftur í hækkuðum sköttum, vísitöluskerðingu o. s. frv. Nú er það fjarri mér að halda því fram, að illvilji þessara manna hafi ráðið því. En þeir töldu ekki annað fært, ef ekki ætti að koma til annars, sem fyrir launþega hefði verið verra, nefnilega stöðvunar atvinnuveganna.

Það má með engu móti blanda því tvennu saman, hækkun kaupgjalds og bættum kjörum. Það eru bætt kjör, sem launþegarnir í þessu landi fyrst og fremst hafa þörf fyrir, ekki kauphækkanir, nema því aðeins, að skilyrði séu fyrir því, að þær geti leitt til bættra kjara.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. í tilefni af ummælum hv. 11. þm. Reykv.

Ég benti á það við 2. umr. þessa máls, að viðreisnin hefði harla lítinn árangur borið, og ég taldi upp nokkur málefni, sem ég taldi sýna, að svo væri. Þessu hefur lítið verið svarað, nema hvað hv. 11. þm. Reykv. hefur gert tilraun til þess og hann hefur bent á eitt atriði, þar sem hann telur, að viðreisnin hafi borið árangur, þ. e. a. s. efnahagsaðgerðirnar sýnt tilætlaðan árangur. Það var í sambandi við bætta gjaldeyrisstöðu. Hann nefndi í því sambandi ákveðnar tölur.

Það er rétt hjá hv. 11. þm. Reykv., að gjaldeyrisstaða bankanna hefur farið nokkuð batnandi upp á síðkastið, og ég ætla ekki á þessu stigi að rengja neitt þær tölur, sem hv. þm. nefndi í því sambandi. En ég vil aðeins segja það í því sambandi, að það eru enn áreiðanlega ekki öll kurl komin til grafar. Það eru viss atriði í því sambandi, sem enn eiga eftir að koma þar til og munu hafa allveruleg áhrif á gjaldeyrisstöðu bankanna. Hins vegar veit ég ekki til þess, að skuldir ríkissjóðs eða aðrar fastaskuldir út á við hafi lækkað á þessu tímabili, síðan núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð. Og það er alveg rétt, að þær skuldir eru miklar og afborganir og vextir af þeim eru allhá, og það skyldi nú ekki vera, að það væri eftir að færa eitthvað af þeim á þessu ári. En hvað sem því líður, þá er það alveg rétt, að byrðin af þessum skuldum og þessum lánum er mikil, sérstaklega á 2—3 næstu árum, en þá fer hún að óbreyttum aðstæðum minnkandi. En það, sem gaf mér tilefni til að standa upp, var þetta, að hv. 11. þm. Reykv. sagði, að efnahagsaðgerðirnar hefðu borið árangur í þá átt að bæta gjaldeyrisaðstöðuna. Og hann sagði og viðurkenndi í því sambandi, að það hefði þurft að kreppa að og herða á ólinni, eins og hann orðaði það, og hann sagði: Það eru ekki til önnur ráð til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna við útlönd heldur en að herða á ólinni. — Þarna er ég á öndverðu máli, og þarna er um meginstefnumun að ræða, sem ástæða er til einmitt að undirstrika í þessu sambandi og benda á. Það er alveg rétt hjá hv. 11. þm. Reykv., að efnahagsaðgerðir núv. ríkisstj. eru byggðar á þessum hugsunarhætti, að það séu ekki til önnur ráð til þess að bæta gjaldeyrisaðstöðuna gagnvart útlöndum heldur en að herða ólina, heldur en að draga saman. En ég er þar á öndverðum meið. Að vísu getur verið skynsamlegt að draga eitthvað úr innflutningi í vissum tilfellum. En við höfum haldið því fram, framsóknarmenn, að það væri einmitt helzta ráðið til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna og ætti að vera helzta ráðið að auka framleiðsluna, m. ö. o.: ég álít, að þegar á að reyna að lækna þetta mein, sem hv. 11. þm. Reykv. taldi vera, slæma stöðu gagnvart útlöndum, þá eigi að leggja áherzlu á þá hliðina að auka útflutninginn, auka gjaldeyristekjurnar, en ekki einhliða að leggja áherzluna á það að draga úr innflutningnum og draga úr gjaldeyrisneyzlunni. Þarna er mikill meginmunur á, og í þessu er í raun og veru, að ég held, meginmunur á þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. heldur fram, og á þeirri braut, sem hún hefur gengið inn á, og á þeirri leið, sem við framsóknarmenn vildum fara í þessum efnum. Við vildum ekki lækka seglin. Við vildum reyna að halda áfram að bæta og auka útflutningsframleiðsluna og auka þjóðartekjurnar og auka gjaldeyristekjurnar og bæta þannig gjaldeyrisstöðuna. En auk þess var sjálfsögð leið, sem átti að fara í þessu efni, að reyna að jafna þeim erlendu skuldum, sem á ríkinu og ríkisstofnunum og öðrum hér innanlands hvíla, á lengri tíma og gera eða reyna að gera nýja samninga um þau lán, þannig að greiðslubyrðin yrði ekki jafnþungbær og raun ber vitni á tiltölulega fáum árum. En mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið gerðar neinar ráðstafanir í þá átt að fá breytingu á þeim lánakjörum og fá því dreift yfir á fleiri ár.

Ég vildi vekja athygli á þessum ummælum hv. 11. þm. Reykv., sem mér finnst vera alveg táknræn og einkennandi fyrir þá stjórnarstefnu, sem nú er fylgt.

ATKVGR.
Brtt. 217 felld með 11:4 atkv.
Frv. samþ. með 11:9 atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á síðasta þingi voru sett lög um söluskatt, og fjölluðu þau um þrenns konar söluskatt: Í fyrsta lagi 3% á smásölu og þjónustu innanlands, í öðru lagi um 7% söluskatt af innfluttum vör-

um, en sá skattur hafði verið í gildi þá um nokkurra ára skeið, og í þriðja lagi um 8% söluskatt af innfluttum vörum.

Ákvæðin um tvo hina fyrst nefndu voru ótímabundin. Um 8% skattinn var svo ákveðið í lögunum, að hann skyldi gilda á árinu 1960. Í umr. um þetta frv. var það tekið fram, að þegar fjárlög yrðu samin fyrir árið 1961, yrði að taka ákvörðun um það, hvort þessi 8% innflutningssöluskattur yrði framlengdur að einhverju leyti eða öllu. Á því stigi, sem lögin voru til meðferðar í fyrravor, var ekki unnt að segja neitt um það ákveðið.

Við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1961 kom í ljós, að til þess að afgreiða hallalaus fjárlög án þess að leggja á nýja skatta eða aðflutningsgjöld væri óhjákvæmilegt fyrir ríkissjóð að halda þessum tekjustofni. Á því er fjárlagafrv. byggt og það tekið fram í grg. þess. Við meðferð fjárlagafrv. hér á þingi hefur einnig verið byggt á því, að þessi tekjustofn yrði að standa á næsta ári. Það frv., sem hér liggur fyrir, felur það í sér að framlengja þennan 8% innflutningssöluskatt, þannig að í stað „ársloka 1960" komi: ársloka 1961.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að rifja það upp, þótt í stuttu máli verði, sem hæstv. fjmrh. hafði um þetta mál að segja, þegar hann lagði það fram á seinasta þingi, og 1. umr. um málið fór fram 15. marz, að því er ég má segja.

Það, sem hæstv. fjmrh. hafði þá um þetta mál að segja, enda hafði það einnig komið fram í grg. frv., var það, að sá söluskattur, sem þetta frv. fjallar um, mundi að öllum líkindum ekki þurfa að standa nema þetta ár, en falla niður um áramótin, eins og líka var gert ráð fyrir í sjálfu frv. Rökin fyrir því, að þessi skattur var lagður á í fyrra eða á síðasta þingi, voru þau, að smásöluskatturinn gilti ekki allt árið og þess vegna þyrfti sérstakan skattauka á þessu ári til að bæta það upp, sem tapaðist af smásöluskattinum, vegna þess að hann gilti ekki nema 9 mánuði ársins.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rifja upp á þessu stigi, enda hefur það áður verið gert, það, sem um þetta hefur verið sagt í grg. söluskattsfrv. í fyrra, eða það, sem hæstv. fjmrh. sagði, þegar hann lagði málið fram hér í Nd., en þau ummæli verða vissulega ekki skilin öðruvísi en sem mjög ákveðið fyrirheit um það, kannske ekki beint loforð, en mjög ákveðið fyrirheit um það, að þessi skattur skyldi ekki gilda nema fram að þessum áramótum. Það hefur hins vegar gerzt, að hæstv. ráðh. hefur ekki getað staðið við þennan ádrátt eða þetta fyrirheit, sem hann gaf, þó að hann vafalaust hafi haft löngun til þess, því að ég hygg, að það gildi um hann eins og aðra fjmrh., að þeir vilja gjarnan draga úr sköttum og álögum, ef þeir telja það mögulegt. Og það, sem mér finnst sérstök ástæða til við þessa umræðu, er að rifja það upp, hvers vegna hæstv. fjmrh. hefur ekki getað staðið við þetta fyrirheit eða þennan ádrátt, sem hann gaf hér á síðasta þingi um það, að þessi skattur yrði ekki framlengdur.

Hver er ástæðan til þess, að það verður að framlengja þennan skatt, þrátt fyrir þær vonir, sem um það voru gefnar á seinasta þingi, að þess mundi ekki þurfa? Svarið við þessari spurningu er ákaflega einfalt og augljóst. Það liggur í því, að á seinasta þingi var tekin upp ný efnahagsmálastefna, sem hefur það í för með sér, að þennan skatt þarf að framlengja, eins og ég skal víkja nokkru nánar að.

Megintakmark þessarar efnahagsmálastefnu er það, að þar eru tekin upp alls konar höft til þess að draga úr framtaki manna, til þess að skerða frelsi manna og athafnamöguleika til margvíslegra framkvæmda. Þessi höft á framtak manna og athafnamöguleika þýða það að sjálfsögðu, að framleiðslan dregst saman, að framkvæmdir dragast saman, að viðskipti minnka. Af því leiðir það, að hinir föstu tekjustofnar ríkisins gefa minna af sér en þeir ella mundu gera, og þess vegna verður að grípa til þess ráðs að leggja á nýja skatta eða framlengja skatta, sem ætlunin var að láta falla niður. Þetta eru meginástæðurnar til þess, að hæstv. fjmrh. getur nú ekki staðið við það fyrirheit eða þann ádrátt, sem fullkomlega má segja, að hann hafi gefið á seinasta þingi um það, að þessi skattur skyldi falla niður, og var það sérstaklega áréttað af hans stuðningsblöðum og hans flokksmönnum út í frá, að þessi skattur yrði felldur niður um áramótin og þá mundu launþegar og aðrir, sem yrðu fyrir kjaraskerðingunni, fá nokkra kjarabót í framhaldi af því. En við þetta hefur hæstv. fjmrh. ekki getað staðið, vegna þess að efnahagsmálastefnan, sem tekin var upp á seinasta þingi, var röng og hafði þær afleiðingar í för með sér, að hinir föstu tekjustofnar ríkisins gefa minni tekjur af sér nú á þessu ári og á næsta ári en vera mundi undir eðlilegum kringumstæðum.

Í framhaldi af þessu er líka auðvelt að svara þeirri spurningu, sem stundum hefur komið fram í þessum umr. af hálfu stjórnarsinna í viðræðum þeirra við stjórnarandstæðinga. Þeir segja: Þið eruð á móti þessum skatti. Hvað viljið þið láta koma í staðinn? Viljið þið láta einhvern annan skatt koma í staðinn? — Þessum spurningum er ákaflega auðvelt að svara. Við teljum ekki ástæðu til þess, að það þyrfti neinn nýr skattur að koma í staðinn, ef breytt væri um efnahagsmálastefnu. Það er undirstaðan í þessum efnum að breyta um efnahagsmálastefnu. Og það, sem þyrfti að gera, væri að afnema þau ýmsu höft, sem hafa verið lögð á framtak manna og frelsi og möguleika til athafna og felast í hinni svokölluðu viðreisn. Það þyrfti að draga úr kjaraskerðingarhöftunum, úr vaxtaokurshöftunum, úr lánsfjárhöftunum og öðrum höftum, sem hefur leitt af viðreisninni. Ef þetta yrði gert, þá mundi það verða til þess, að einstaklingar og fyrirtæki fengju notið sín betur til þess að auka framleiðsluna og ýmsar framkvæmdir. Framleiðslan mundi vaxa, framkvæmdirnar mundu vaxa, viðskiptin mundu aukast, hinir venjulegu tekjustofnar ríkisins mundu gefa meira af sér, mundu nægja

til að vega á móti útgjöldum, og þess vegna mundi ekki þurfa nýja skatta eða að framlengja skatt eins og þennan. Þess vegna, ef rétt er stjórnað og rétt stefna væri tekin upp, þá væri fullkomlega hægt að losna við skatt eins og þennan. Það liggur í því, að þennan skatt þarf að framlengja, að það hefur verið tekin upp hafta- og samdráttarstefna, sem veldur því, að hinir föstu tekjustofnar ríkisins gefa minni tekjur af sér en þeir mundu gefa, ef stjórnað væri með það fyrir augum að hafa framleiðsluna, framkvæmdirnar og viðskiptin sem mest í landinu.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á, að það er í fleiri efnum en þessum, að þær vonir hafa brugðizt, sem ýmsir menn þóttust binda við viðreisnina á sínum tíma. Það er ekki ástæða til þess að rifja það upp í löngu máli hér, en ég held, að það megi nokkurn veginn fullyrða, að það sé sama, á hvaða sviði er gripið niður, að þá hafa vonirnar brugðizt, sem þeir gerðu sér um viðreisnina, sem voru henni fylgjandi, eða a. m. k. þeir, sem vissu ekki nægilega vel um þau áhrif, sem hún mundi hafa, og trúðu þeim fullyrðingum, sem formælendur hennar höfðu í frammi.

Því var til dæmis hiklaust haldið fram, þegar verið var að koma viðreisnarlöggjöfinni fram hér á Alþingi, að lífskjörin mundu ekki skerðast neitt. Í viðreisnarpésanum, sem dreift var út um landið, var því haldið fram alveg hiklaust, að 5 manna fjölskylda, sem hefði 60 þús. kr. árslaun, mundi búa við óbreytt kjör eftir sem áður, þó að þessar ráðstafanir yrðu gerðar. Hvaða slík fjölskylda mun það vera í landinu í dag, sem vill taka undir þetta og segja, að kjör hennar séu nú hin sömu og áður? Slík fjölskylda mun áreiðanlega ekki fyrirfinnast. Og hvað þá um þær fjölskyldur, sem eru fjölmargar, sem búa við miklu lakari tekjur og kjör en þetta? Nei, kjaraskerðingin, sem hefur hlotizt af viðreisnarráðstöfununum, hefur orðið stórkostleg, í staðinn fyrir það að mönnum voru gefnar vonir um það, að hún mundi ekki verða nein. Það var líka sagt og því haldið fram af formælendum viðreisnarinnar, þegar þeir voru að koma henni fram, að hún mundi verða til þess að gera grundvöll atvinnuveganna traustari og öruggari en hann er nú. Hver er sá, sem heldur því fram núna, að grundvöllur sá, sem atvinnuvegirnir byggist á, sé orðinn traustari og öruggari en hann áður var? Halda bændurnir því kannske fram? Kom það fram á fundi Stéttarsambands bænda á síðastliðnu hausti, að þeir teldu rekstrargrundvöll landbúnaðarins betri og öruggari en hann áður var? Þvert á móti, þeir héldu því fram þar, að rekstrargrundvöllur landbúnaðarins hefði versnað svo að segja á hvaða sviði sem var. Eru það kannske útgerðarmennirnir, sem vilja viðurkenna það, að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar, atvinnuvegar þeirra, sé betri nú en hann var, áður en viðreisnin kom til sögunnar? Ég held, að það sé ein gleggsta sönnun um það, að það er búið að fresta landsfundi útvegsmanna tvívegis, vegna þess að þeir hafa ekki fengið nein ákveðin svör um það hjá ríkisstj., hvað hún vildi gera til þess að tryggja útgerðinni sambærilegan rekstrargrundvöll við það, sem hún hafði, áður en viðreisnin kom til sögunnar. Eru það kannske iðnaðarmenn og iðnrekendur, sem halda því fram, að rekstrargrundvöllur þeirra atvinnuvegar hafi batnað, síðan viðreisnin kom til framkvæmda? Er vaxandi atvinnuleysi í iðnaðinum merki þess, að rekstrargrundvöllur iðnaðarins sé betri nú en hann var fyrir viðreisnina eða áður en hún kom til sögunnar? Ég held, að það segi alveg nægilega glöggt til um það, hvaða áhrif viðreisnin hefur haft á rekstrargrundvöll iðnaðarins. Og þannig má halda þessu áfram. Það má nefna hvaða atvinnugrein á fætur annarri sem er, og niðurstaðan verður í öllum efnum hin sama, að rekstrargrundvöllurinn er lakari og verri nú en hann var, áður en viðreisnin kom til framkvæmda.

Það var líka sagt um viðreisnina, að hún mundi verða til að glæða trú þjóðarinnar á landið og framtíðina. Hefur viðreisnin kannske gert þetta? Lítur unga fólkið kannske bjartari augum á framtíðina nú en það gerði, áður en viðreisnin kom til framkvæmda? Það mætti nefna ýmis dæmi um þetta, en ég mun aðeins láta nægja að nefna eitt. Það hefur gerzt á þessu ári, að um 20—30 ungir verkfræðingar hafa farið af landi burt og tekið sér atvinnu í öðrum löndum til lengri eða skemmri tíma. Vegna hvers hafa þessir ungu menn, sem eru þannig menntaðir, að við megum sízt af öllu missa þá úr landi, gert þetta? Það er einfaldlega vegna þess, að þeir sjá fram á það, að sú samdráttarstefna, sem hefur verið upp tekin í landinu, mun leiða til þess, að það verði ekki verkefni fyrir þá í framtíðinni í þessu landi, að óbreyttri stjórnarstefnu muni ekki skapast nægileg verkefni fyrir tæknimenntaða menn í þessu landi. Það er af þessum ástæðum, sem þeir grípa þann kost að flýja land. Það má nefna miklu fleiri en verkfræðingana, sem svipað er ástatt um. Allmargir menn, sem á undanförnum árum hafa dvalizt erlendis og stundað þar vélfræðinám, hafa tekið þann kost að fara ekki heim á þessu ári að námi loknu, heldur leita sér atvinnu erlendis.

Stjórnarstefnan, samdráttarstefnan, haftastefnan, kreppustefnan, sem núv. ríkisstj. fylgir, er með öðrum orðum að leiða til þess, að sá hluti unga fólksins, sem er einna bezt tæknilega menntaður og við megum einna sízt missa, en á hins vegar mesta möguleika til þess að ryðja sér braut erlendis, er að yfirgefa landið og setjast að í öðrum löndum. Kannske er þetta einhver alvarlegasta afleiðingin, sem kreppu- og samdráttarstefna ríkisstj. hefur haft. Unga fólkið, sem bezt er menntað, er byrjað að flýja landið, og það eru engar líkur til þess, að það komi hingað aftur, nema það verði tekin upp önnur stefna, — stefna, sem sýnir því, að það muni verða hér verkefni fyrir þá menntun, sem það býr yfir, og það geti notið hér krafta sinna. En unga fólkið fær ekki trú á þetta, meðan sú samdráttar- og kreppustefna ríkir, sem nú er í landinu.

Það mætti nefna fleiri svipuð dæmi um það,

hvernig þær vonir hafa gersamlega brugðizt, sem formælendur viðreisnarinnar voru að glæða fyrir mönnum, þegar þeir voru að hrinda henni í framkvæmd. En ég sé ekki ástæðu til þess að nefna öllu fleira að þessu sinni.

En í tilefni af því, að hæstv. ríkissti. leggur nú þetta frv. fyrir Alþingi og þar með falla þær vonir, sem ýmsir gerðu sér um það, að þessi skattur yrði látinn niður falla og af því mundi hljótast nokkur kjarabót fyrir almenning, þá vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., hvaða ráðstafanir ríkisstj. hygðist gera til þess að draga úr þeirri miklu kjaraskerðingu, sem almenningur í landinu og sérstaklega láglaunastéttirnar hafa orðið fyrir af völdum þeirra efnahagsráðstafana, sem ríkisstj. hefur gert. Ég held, að það hljóti að vera hverjum manni ljóst, sem gerir sér grein fyrir þeirri dýrtíð, sem nú er orðin, og þeim launakjörum, sem t. d. láglaunamenn hafa, að það eru engar líkur til þess, að þessar stéttir geti lifað mannsæmandi lífi á komandi missirum, nema einhverjar ráðstafanir verði gerðar þar til úrbóta, t. d. eins og sú ráðstöfun að fella þennan skatt niður, sem nú er horfið frá. Þess vegna beini ég þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh.: Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstj. að gera til þess að koma í veg fyrir það, að kjaraskerðingin lendi með eins miklum þunga á láglaunastéttunum og nú eru horfur á að óbreyttum aðstæðum, sem sérstaklega er ljóst, eftir að þær vonir bregðast, að sá skattur, sem hér ræðir um, verði felldur niður? Ég hygg, að hæstv. ráðherra eigi ákaflega gott með að skilja, hver þörf er fyrir það, að slíkar ráðstafanir séu gerðar. Hæstv. ráðherra hefur ásamt meðráðherrum sínum gert sér grein fyrir því, að það muni bitna mjög þung dýrtíð á þeim af völdum þessara efnahagsráðstafana. Þess vegna hafa hæstv. ráðherrar gert ráðstafanir til þess með sérstökum skattalækkunum, sem fyrst og fremst koma hátekjumönnum til góða, að t. d. ráðherrarnir hafa í gegnum skattalækkanirnar á þessum árum fengið raunverulega kaupuppbót eða launauppbót, hvernig sem hann vill orða það, sem mundi svara til þess, að t. d. kaup Dagsbrúnarmanna yrði hækkað um 40—50%. Þessa uppbót hafa ráðherrarnir talið nauðsynlegt að veita sér vegna þeirrar kjaraskerðingar eða þeirrar dýrtíðar, sem hefur orðið í landinu af völdum efnahagsráðstafana, sem þeir hafa gert. Þess vegna vil ég spyrja: Hvaða ráðstafanir telja ráðh. rétt að gera og verði að gera, til þess að láglaunastéttirnar fái þó einhverja uppbót, þó að hún sé ekki eins mikil og sú, sem ráðherrarnir hafa fengið, eða þá eitthvað í áttina við það, sem þeir hafa fengið? Ég sé ekki fram á það, ef ráðherrarnir hafast ekkert að, ríkisstjórnin aðhefst ekki neitt og ekkert verður gert til þess að ganga til móts við láglaunastéttirnar, en að þær verði að grípa til einhverra neyðarúrræða. Og ég sé ekki þann siðferðislega grundvöll, sem ráðherrarnir hafa til þess að standa gegn slíkum kröfum, ef þeir aðhafast ekki neitt, hafa veitt sjálfum sér uppbót sem nemur 40—50% launahækkun hjá Dagsbrúnarmönnum, en vilja svo ekki neitt fyrir slíkar stéttir gera.

Ég vil þess vegna enn á ný endurnýja þá fyrirspurn mína í tilefni af því, að **þessi skattur** er framlengdur, til hæstv. fjmrh.: Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstj. að gera til þess að bæta úr þeirri miklu kjaraskerðingu, sem láglaunastéttirnar í landinu, verkamennirnir, bændurnir, verzlunarfólkið og millistéttirnar, hafa orðið fyrir?

Það væri ástæða til þess að ræða ýmislegt fleira um þessi mál. En það, sem mér finnst réttast að rifja upp að lokum, er, að í stjórnmálunum, eins og á svo mörgum öðrum sviðum, eru það raunverulega tvær stefnur, sem eigast við, og þær stefnur eru allvel markaðar í hinum kunnu ummælum Jónasar Hallgrímssonar, að „mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið". Á undanförnum árum hefur íslenzku þjóðinni áreiðanlega alltaf verið að muna nokkuð á leið, allt síðan við fengum sjálfstæðið aftur í okkar hendur. Það hefur verið svo að segja um stöðuga framsókn og framfarir að ræða hér á landi þangað til árið 1960. Þá skiptir um. Þó að menn líti eins hlutlaust á þessi mál og frekast er hægt að gera, þá er ekki hægt annað en viðurkenna, að það hefur verið gengið til baka á því ári, sem er að líða. Það er að ganga til baka að leggja slík höft á framtak manna og athafnafrelsi, að það leiðir til stórfellds samdráttar í atvinnulífi landsmanna, að það leiðir til þess, að framleiðslan dregst saman, að það leiðir til þess, að framkvæmdir minnka, að viðskipti minnka, og þjóðin kemur þess vegna til með að búa við minnkandi tekjur á komandi árum. Þetta er að ganga aftur á bak. Það er líka að ganga aftur á bak, þegar kjör almennings í landinu, sérstaklega láglaunastéttanna, eru stórkostlega skert algerlega að þarflausu, eins og nú er gert. Það er vissulega að ganga aftur á bak. Og það er þá kannske allra frekast að ganga aftur á bak, þegar trú unga fólksins á framtíðina og verkefnin er svo stórkostlega skert, að þeir menn, sem eru bezt menntaðir og helzt geta rutt sér brautir annars staðar og við megum sízt af öllu missa, fara í tugatali af landi burt. Það er vissulega að ganga aftur á bak. Og þannig mætti halda áfram að nefna dæmi þess, hvernig þjóðin hefur verið að ganga aftur á bak undir forustu þeirrar ríkisstj. og þeirra stjórnarflokka, sem nú fara með völdin. Þess vegna verður það, ef þessu heldur áfram, að þá hefur þjóðin um tvær stefnur að velja, og það á að vera auðvelt fyrir hana að velja um þessar stefnur. Önnur stefnan er sú að halda áfram þeirri uppbyggingar- og framfarastefnu, sem var hér áður, að halda áfram að sækja fram, að halda áfram að miða áfram. Hitt er sú stefna, sem nú er fylgt, að ganga aftur á bak, eins og hæstv. ríkisstj. er vissulega að gera. Það, sem þjóðin kemur til með að velja um, ef þessari stefnu verður fylgt áfram, er að ganga aftur á bak undir forustu núv. ríkisstj. og stjórnarflokka, ellegar að byrja á ný að sækja fram undir forustu Framsfl.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Þegar sá söluskattur var á lagður, sem nú er rætt um að framlengja, þá held ég að ég megi segja það, að hann hafi komið flestum nokkuð á óvart. Hæstv. ríkisstj. hafði þá lýst því yfir í grg. fyrir fjárlfrv. sínu á s. l. vetri, að hún hygðist að vísu leggja á allmikinn söluskatt, en hún tók það alveg skýrt fram: Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti í innflutningi, sagði í grg. hæstv. ríkisstj.

Ég hygg því, að það hafi flestir reiknað með því sem nokkurn veginn gefnu, að það væri ráðið hjá hæstv. ríkisstj. að leggja ekki á nýjan söluskatt í innflutningi. En þetta fór á annan veg, eins og menn muna. Það liðu ekki nema nokkrar vikur, þangað til hæstv. ríkisstj. varð að snúa frá þessu fyrirheiti og leggja fram frv. á Alþingi, sem fól í sér hækkun á söluskattinum í innflutningi um rúmlega helming. Áður hafði verið í gildi söluskattur, sem innheimtur var af innflutningi og nam 7% eða í framkvæmd 7.7%, en nú átti að bæta við þessi 7.7% nýjum söluskatti í tolli, sem nam 8.8%, þrátt fyrir þetta loforð, sem ég minntist á, að hafði verið gefið þá nokkrum vikum áður.

Þegar hæstv. ríkisstj. lagði fram till. sínar um þennan stórhækkaða söluskatt í tolli, þurfti hún auðvitað að gefa á því einhverjar skýringar, og skýring hennar var sú, að sá söluskattur, sem stjórnin hygðist leggja á, 3% söluskattur á alla smásöluverzlun í landinu, næði því ekki að innheimtast nema nokkurn hluta af yfirstandandi ári og hann gæti því ekki veitt ríkissjóði þær tekjur, sem áætlað hefði verið í upphafi, og því þyrfti hér að brúa bilið, og af því hefði nú verið horfið að því ráði að leggja á þennan viðbótarsöluskatt í tolli, þrátt fyrir fyrri yfirlýsingu, sem gefin hafði verið nokkrum vikum áður.

Ég hygg, að öllum hv. alþm. hafi verið það ljóst, þegar þessi skýring var gefin, að hún var ekki skýring á því, sem þarna hafði gerzt, hún var ekki fullnægjandi skýring, hún var ekki rétt skýring. Þegar hæstv. ríkisstj. lagði fram fjárlfrv. sitt, sá hún það algerlega fyrir, að sá söluskattur, sem þá var ólögfestur, gat ekki orðið innheimtur allt árið 1960. Þetta vissi hún því nákvæmlega, þegar hún gaf sitt fyrra fyrirheit um það að leggja ekki á frekari söluskatt í tolli en í gildi var.

Enn fremur var það, að líka var augljóst mál, að það þurfti ekki að leggja á nýjan söluskatt svona háan, sem nam 8.8%, til þess að brúa þetta bil. Skýringin, sem þarna var gefin, var því ekki rétt. Það var annað, sem hafði gerzt. Það kom hér nokkuð fram í umr. á hv. Alþingi um það leyti, sem þessi söluskattur var ákveðinn.

Það er enginn vafi á því, að aðalskýringin á því, að horfið var að þessu ráði þrátt fyrir áður gefið loforð, var sú, að ríkisstj. og sérfræðingum hennar hafði talizt rangt til í sínum áætlunum. Sérfræðingarnir höfðu hreinlega reiknað rangt, og það skakkaði yfir 100 millj. kr., og það kom fram strax á fyrstu vikunum, og þurfti að bæta þetta upp með því að finna nýjan tekjustofn. Ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, að svona var málinu farið, því að hinar skýringarnar gátu ekki dugað með nokkru móti.

En vegna þess að hæstv. ríkisstj. greip nú til þess óyndisúrræðis, vil ég segja, að segja rangt til um það, hvernig komið var, þegar hún lagði þennan skatt á, hefur líka framhaldið orðið svipað og upphafið, að hún lendir aftur í ógöngum. Hún sagðist leggja þennan skatt á sem bráðabirgðaskatt, sem aðeins skyldi gilda út þetta ár. Það var greinilega fram tekið í lögunum, að skatturinn skyldi aðeins gilda til ársloka, og hann var nefndur bráðabirgðaskattur og ábyggilega túlkaður þannig almennt, að hér væri aðeins um bráðabirgðaskatt að ræða, sem ætti að vera hægt að létta af nú í árslokin. En af því að forsendurnar fyrir því að leggja skattinn á voru allt aðrar en þær, sem upp voru gefnar, af því var þetta aldrei bráðabirgðaskattur, af því var aldrei nein von um það, að hægt væri að létta skattinum af nú í árslokin, og af því þurfti nú að grípa til þess að framlengja skattinn að nýju, vegna þess að þannig höfðu fjármál ríkisins verið upp byggð í sambandi við viðreisnarlöggjöfina sem heild, að það þurfti fyllilega á þessum tekjustofni að halda sem föstum tekjustofni, — ekki sem neinum bráðabirgðatekjustofni, heldur sem föstum tekjustofni.

Í þessu sambandi, til þess að skýra málið öllu frekar, vildi ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hafi þetta verið hugsað sem bráðabirgðaskattur, sem aðeins ætti að duga út árið 1960, eins og hann var nefndur og eins og hann var settur samkvæmt lögum, hver er þá ástæðan til þess, að það þarf að framlengja hann nú fyrir allt næsta ár? Hvernig stendur á því, að nú þarf að innheimta skatt, sem nemur 170 millj. kr.? Hafa einhverjar vonir hæstv. ríkisstj. brugðizt? Hefur eitthvað gengið úr skorðum hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, þannig að bráðabirgðaskatturinn þurfi nú skyndilega að verða að föstum tekjustofni?

Hæstv. ríkisstj. getur auðvitað bezt sjálf gefið svör við þessu. En það er mín skoðun, að út af fyrir sig hafi ekkert brugðizt í þessum efnum. Ég kem ekki auga á, hvað það er, sem hefur gerzt í fjármálum ríkisins sérstaklega, sem réttlæti það, að nú þurfi að leggja á þennan skatt, sem lá ekki nokkurn veginn augljóst fyrir, þegar skatturinn var í upphafi lagður á á s. l. vetri. Hann var áreiðanlega ekki lagður á sem neinn bráðabirgðaskattur. Hann var hugsaður sem fastur tekjustofn fyrir ríkið, því að fjármálin voru þannig upp sett í sambandi við viðreisnarlöggjöfina, að ríkið þurfti á þessu að halda. Skýringarnar, sem gefnar voru, þegar skatturinn var á lagður, fengu ekki staðizt, þær voru frá upphafi rangar.

En í sambandi við þennan skatt kemur vitanlega það upp í huga manns, að það er margt fleira, sem hefur gengið úrskeiðis í sambandi við fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. í sambandi við viðreisnarlöggjöfina sem heild. Það er ekki aðeins í sambandi við þennan tekjustofn, það er ekki aðeins, að það, sem kallað var bráðabirgðaskattur og átti að standa aðeins nú til ársloka,

fær ekki staðizt, það verður að lögfesta þetta sem fastan tekjustofn. Þetta er ekki eini liðurinn, sem þannig hefur farið öðruvísi en upp var gefið í byrjun. Þetta er aðeins einn af mörgum liðum, sem hefur farið á annan veg en hæstv. ríkisstj. lofaði eða lét í skína í upphafi þess tímabils, þegar hún var að setja sína viðreisnarlöggjöf.

Það er að vísu rétt, að það hefur komið greinilega í ljós, að tekjur ríkissjóðs hafa dregizt saman, en það er ómögulegt að hugsa sér það, að hæstv. ríkisstj. hafi ekki gert ráð fyrir því, um það leyti sem hún var að lögfesta viðreisnina. Það er vitanlega alveg óhugsandi annað, þegar gengið er inn á þá braut, að minnka á verulega innflutning til landsins, en að þá hlytu tolltekjur ríkissjóðs að minnka um leið. Þegar framkvæma átti almennan samdrátt í atvinnulífi landsins, hlutu líka tekjur þær, sem ríkissjóður hefur af almennri umsetningu, að fara minnkandi. Ég hygg, að hæstv. ríkisstj. hafi haft þetta í huga.

En e. t. v. er það svo, að samdrátturinn hafi orðið meiri en hæstv. ríkisstj. hafði reiknað með. Því getur hún ein svarað. Mér er ekki kunnugt um það. En hitt er mér ljóst, að ástandið er þannig í fjármálum ríkisins, að augljóslega þarf ríkið á þessum tekjustofni að halda sem föstum tekjustofni, en ekki sem neinum bráðabirgðatekjustofni, eins og á hefur verið haldið, og ég sé ekki annað betur en hæstv. ríkisstj. verði að áætla tekjur á því fjárlfrv., sem nú er verið að afgreiða, á þá lund, að það muni vera allhæpið, að ekki verði um einhvern greiðsluhalla hjá ríkinu að ræða á næsta ári. Ég vil í þeim efnum benda á það, að efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. gerði nú fyrir stuttu endurskoðaða áætlun um það, hvað áætla mætti tekjur ríkissjóðs miklar á næsta ári af öllum helztu tekjuliðum ríkisins. Samkvæmt áætlun hans taldi hann, að ekki væri með nokkru móti hægt að áætla, að tekjurnar yrðu hærri hjá ríkissjóði á næsta ári en fjárlfrv., eins og það var lagt fram nú í byrjun þings, gerði ráð fyrir. En hæstv. ríkisstj. gat ekki komið saman fjárl. nú, þannig að ekki yrði um beinan greiðsluhalla að ræða, ef tekjurnar voru áætlaðar á þessa lund. Af því varð hún að grípa til þess ráðs að áætla hreinlega tekjurnar hærri af tekjustofnum ríkisins á næsta ári en efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. alveg nýlega hafði þó gefið út að mætti áætla þessa liði. Ríkisstj. varð að áætla það, að tekjurnar yrðu um 35 millj. kr. hærri, til þess að hægt væri að ná jöfnuði í fjárlfrv. Það bendir því margt til þess, að samdrátturinn sé orðinn slíkur og sé farinn að bitna þannig á sjálfum ríkissjóði, að hann vanti tekjustofna, eins og nú er komið, miðað við þau útgjöld, sem ríkissjóður hefur á sér samkvæmt lögum.

Þegar málin standa svona, get ég ekki séð annað en það sé skylda hæstv. fjmrh. að játa það hreinlega hér á Alþingi og fyrir þjóðinni, að þessi söluskattur, sem hér er til umr. nú, sé enginn bráðabirgðaskattur, hann sé óhjákvæmilegur tekjustofn, nema þá ríkisstj. hafi í huga að breyta hér til, finna eitthvað annað form, skipta um skatt. En ekki er fyrirsjáanlegt annað en hún verði að halda þessum tekjum öllum, því að enginn veit það betur en hæstv. fjmrh., að í framkvæmdinni hefur orðið lítið úr sparnaði hjá ríkinu, og litlar líkur eru til þess, að útgjöld lækki nokkuð hjá ríkinu, eins og á hefur verið haldið, og að ríkið þoli af þeim ástæðum að falla frá einhverjum af sínum eldri tekjustofnum.

Nú er það svo, að þessi söluskattur, sem innheimtur er af innfluttum vörum, er í eðli sínu mjög varhugaverður skattur, og það er mjög illt, að hann skuli þurfa að vera í gildi. Það er enginn vafi á því, að þessi skattur eykur alveg stórkostlega á þá mjög óeðlilegu tollvernd, sem nú er í okkar landi, fyrir ýmsar greinar innlenda iðnaðarins. Það er enginn vafi á því, að einmitt í skjóli þessa söluskatts, sem orðinn er svona hár, og annarrar tollverndar, sem fyrir er og jókst auðvitað til mikilla muna við gengislækkunina, hafa ýmsar greinar iðnaðarins hér innanlands möguleika til þess að hagnast allvel, þó að slíkar iðngreinar eigi í sjálfu sér sáralítinn rétt á sér, vegna þess að þær eru engan veginn samkeppnisfærar, hvernig sem á það mál er litið, við erlendar iðnaðarvörur af sama tagi. Af þessu hefur það leitt, sem menn vita, að vissar iðngreinar hafa beinlínis aukið framleiðslu sína nú á þessu ári í skjóli þessarar stórkostlega auknu tollverndar, á sama tíma sem dregið hefur aftur úr innflutningi á vörum, sem hefði raunverulega verið hægt að selja hér á miklu lægra verði og lækka verðlagið í landinu, ef þessi óeðlilega tollvernd hefði ekki komið til greina.

Það væri því vissulega mikil þörf á því að breyta þessum skatti, því að hann er áreiðanlega hættulegur fyrir atvinnulífið sem heild, og hann heldur hér uppi í landinu mjög óeðlilega háu vöruverði.

Hér hefur áður verið á það minnzt í umr. á hv. Alþingi, hvernig viðreisnarlöggjöfin hefur reynzt í framkvæmd í öðrum greinum efnahagslífsins. Í sambandi við þennan söluskatt gefur að líta nokkra mynd af því, hvernig viðreisnarráðstafanirnar hafa leikið ríkið og ríkissjóð. En ekki er ástandið betra, ef litið er til atvinnuveganna í landinu. Ég veit vel, að þegar hæstv. ríkisstj. nú stendur frammi fyrir slíkum vanda, eins og hún vissulega stendur frammi fyrir, varðandi ástand atvinnuveganna í landinu og þá alveg sérstaklega sjávarútvegsins, og sér, hversu gersamlega ráðstafanir hennar í efnahagsmálum hafa farið út um þúfur í sambandi við það að skapa sjávarútveginum eðlileg rekstrarskilyrði, — ég veit, að þegar hún stendur frammi fyrir þessum vanda, þá er það helzta, sem hún hefur sér til afsökunar, það, að hún hafi tekið við svo slæmu ástandi í efnahagsmálunum, að okkur, sem þá höfðum nokkuð með framkvæmd mála að gera, farist ekki að tala hér mikið um.

En það virðist svo vera, að menn séu ekki fyllilega á það sáttir, hvað sé raunverulega góð afkoma og hvað ekki góð afkoma. Hæstv. ríkisstj. heldur því mjög á lofti, að það hafi verið komið illa okkar efnahagsmálum í árslok 1958, um það

leyti sem vinstri stjórnin fór frá völdum. Ég skal ekki fara langt út í að ræða þau mál, en það má öllum mönnum vera ljóst, að það er í rauninni engin afsökun á því, hvernig farið hefur með viðreisnarráðstafanirnar, hvernig ástandið var hér árið 1958 eða einhvern tíma áður. Það, sem skiptir aðalmáli, er, hvernig ástandið er nú, hvernig viðreisnarlöggjöfin hefur reynzt í framkvæmd. En í örfáum orðum vildi ég þó víkja að því, hvernig ástandið var raunverulega í árslok 1958, sem ég tel að hafi raunverulega sýnt þá góða afkomu, en ekki slæma.

Það liggur fyrir, svo að ekki verður hægt að deila mjög um það, að afkoma atvinnuveganna árið 1958 og í árslok 1958 var hin bezta, sem hefur verið um margra ára skeið. Það liggur nú fyrir, að þá var talinn hagnaður á flestum þáttum útgerðarinnar í landinu það ár. Ég hef áður minnzt á það, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins telur, að það hafi verið almennt hagnaður á rekstri bátaflotans í landinu árið 1958. Það liggur líka fyrir, að togaraútgerð landsmanna sýndi þá almennt hagnað. Og frystihúsin hafa lýst því yfir, að það hafi verið eitt þeirra bezta rekstrarár, árið 1958. M. ö. o.: flestar mikilvægustu greinar atvinnulífsins sýna það, því að nú liggja þessar skýrslur að fullu og öllu fyrir, að þá var afkoman hjá þeim góð. En hér er ekki nema um einn þátt að ræða. En á þessu ári, 1958, varð metframleiðsla á Íslandi. Við höfðum aldrei aflað meira á einu ári en þá. Gjaldeyristekjurnar náðu hámarki þá. Var það slæm afkoma? Nei, greiðsluyfirlit, sem út hefur verið gefið fyrir árið 1958 af hagstofunni, sýnir, að það ár hafði þjóðin gjaldeyristekjur litlu minni en öll gjaldeyrisútgjöld voru á því ári. Þá skorti um 90 millj. upp á, að gjaldeyristekjurnar, sem komu inn í bankana, jafngiltu þeim gjaldeyrisútgjöldum, sem voru á því ári, en hins vegar varð á þessu ári um 90 millj. kr. aukning á afurðabirgðum þjóðarinnar, svo að raunverulega var á þessu ári um fullkominn greiðslujöfnuð að ræða. Þetta var ekki vond afkoma. Uppgjör ríkissjóðs fyrir árið 1958 liggur líka fyrir. Það sýndi sig og sýnir sig, að það ár hafði ríkissjóður allálitlegan tekjuafgang.

Spurningin er þá þessi: Hvað er það, sem menn kalla góða afkomu, og hvað kalla þeir vonda afkomu? Það er mín skoðun, að þegar svo árar, að afli er meiri en nokkru sinni fyrr og þjóðartekjurnar hærri en nokkru sinni fyrr, þegar framleiðslutæki þjóðarinnar hafa verið betur notuð en áður og skilað meiri verðmætum á land, þegar ríkissjóður er rekinn með hagnaði og þegar aðalatvinnuvegir landsmanna eru reknir með hagnaði, þá hafi afkoman verið góð.

Nú er einnig sannað, að það er ekki hægt að bera því við lengur, að þessi góða afkoma sjávarútvegsins árið 1958 hafi stafað af því, að honum hafi verið greiddar uppbætur úr útflutningssjóði með skuldasöfnun í útflutningssjóði. Nú hafa reikningar útflutningssjóðs verið gerðir upp, og þeir sýna, að hann hafi staðið mjög vel fjárhagslega í árslok 1958.

En svo heldur hæstv. ríkisstj. nú, að hún geti afsakað allt það, sem aflaga fer í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar nú í dag, aðeins með því að segja: Ja, þegar vinstri stjórnin fór frá í árslok 1958, var hér allt að fara á höfuðið. — Og hvers vegna fór þá vinstri stjórnin frá? er oft spurt. Jú, það er enginn vafi á því, að á árinu 1958 urðu nokkrar kaupgjaldshækkanir, sem að mínum dómi voru fullkomlega eðlilegar vegna aukinna þjóðartekna á því ári. En það var ekki fyllilega samkomulag, eins og allir vita, í þeirri ríkisstj. um það, hvernig fara ætti með þessar kaupgjaldshækkanir, sem þarna voru samþykktar. Það var nokkur ágreiningur innan stjórnarinnar í þeim efnum, en þó í rauninni ekkert stórvægilegur, ef rétt og eðlilega hefði verið á haldið. Hins vegar hefur það komið betur og betur í ljós síðan, að einn af stjórnarflokkunum, Alþfl., hafði nokkrum mánuðum áður en vinstri stjórnin fór frá, raunverulega ákveðið að ráða sig í vist til Sjálfstfl. og mynda með honum ríkisstj. Það var alveg greinilegt á allri framkomu eins stjórnarflokksins, Alþfl., á þessum mánuðum, að hann taldi sig ekki vera í vinstri stjórninni, eftir að hann hafði verið píndur til þess að fylgja hinum stjórnarflokkunum í landhelgismálinu. Hann miðaði frá þeim tíma allt sitt starf við það að leysa upp þá stjórn og komast í samstjórn við Sjálfstfl., enda leið ekki á löngu, þangað til þessir flokkar hlupu saman og mynduðu stjórn í árslok 1958 og hafa stjórnað landinu síðan.

Nei, það mun sýna sig betur, að þau rök munu endast núv. ríkisstj. skammt að ætla að afsaka það ófyrirgefanlega ástand, sem þjóðin býr við nú í efnahagsmálum almennt séð, með því, að ástandið í lok ársins 1958 hafi verið orðið svo skelfilegt. Nú liggur uppgjör fyrir um það, hvernig þetta ár raunverulega kom út, svo greinilega, að það ættu ekki að þurfa að verða ýkjamiklar deilur um það. Þótt hæstv. ráðh. grípi oft til þess að rifja upp þá setningu, sem fyrrv. forsrh., forsrh. í vinstri stjórninni, sagði um það leyti, sem var verið að slíta stjórnarsamvinnunni, að það væri ekkert samkomulag innan vinstri stjórnarinnar um ráðstafanir í efnahagsmálunum, þá verður slíkt þeim ekki nægilegt til þess að ætla að sanna mönnum það, að í árslok 1958 hafi efnahagsmál þjóðarinnar raunverulega staðið illa. Það hefur auðvitað komið fyrir áður, að stjórnir, sem myndaðar eru, leysist upp, þar náist ekki samkomulag um afgreiðslu ýmissa mála, ekki sízt ef svo er í pottinn búið, að einn af stjórnarflokkunum hefur af annarlegum ástæðum raunverulega ákveðið að koma stjórninni fyrir kattarnef.

Nei, það, sem nú liggur fyrir, er það, að hvert atriðið af öðru af því, sem var meginatriði í viðreisnarlöggjöfinni, hefur nú sýnt sig í framkvæmd þannig, að framkvæmdin eða reynslan hefur orðið allt önnur en ráð var fyrir gert af hálfu ríkisstj. í upphafi viðreisnartímabilsins.

Sjávarútvegurinn lýsir því nú yfir almennt, að þar sé um lakari rekstraraðstöðu að ræða en nokkru sinni áður hefur þar verið. Og stuðn-

ingsmenn ríkisstj., sem verið hafa í útgerðarmannastétt, verða raunverulega að standa með samtök útvegsmanna þannig nú þessa dagana, að þeir miða þeim á ríkisstj. svo að segja eins og spenntri byssu. Það verður að framlengja í eitt skiptið eftir annað aðalfund þeirra, á meðan þeir eru rétt að hugsa sig um, hvort þeir eigi að lýsa því yfir, að engin útgerð geti hafizt um næstu áramót. En þeim þykir þó rétt að bíða nokkuð með slíka tilkynningu, þar til algerlega liggur fyrir, hvort ríkisstj. vill ekki eitthvað láta undan og gefa eitthvað upp af sínum gömlu viðreisnarráðstöfunum.

Þannig hefur viðreisnin farið út um þúfur í sambandi við aðalverkefni hennar, sem var að koma sjávarútveginum á þann rekstrargrundvöll, sem átti að tryggja honum hallalausan og styrkjalausan rekstur.

Og ástandið hjá ríkissjóði er beinlínis að fara á sömu lund þrátt fyrir allan þann tekjuauka, sem ríkissjóður fékk á beinan og óbeinan hátt um það leyti, sem gengislækkunin var samþ. og nýir skattar lagðir þá á. Þrátt fyrir þetta er líka komið svo hjá ríkissjóði, að efnahagsmálasérfræðingur ríkisstj., Jónas Haralz, telur, að engar líkur séu til þess, að ríkissjóður muni hafa tekjur á næsta ári á móti þeim útgjöldum, sem hæstv. ríkisstj. leggur þó til að ákveðin verði með afgreiðslu fjárl. Ríkisstj. hefur þurft að víkja til hliðar áætlunum þessa efnahagssérfræðings nú þessa dagana og áætla, að tekjurnar muni verða meiri, til þess þó að geta náð saman endum. Og til viðbótar verður svo ríkisstj. að leggja hér til, að skattur, sem hún hafði kallað bráðabirgðaskatt og lofað að láta standa aðeins út þetta ár, — hún verður að leggja til að framlengja hann allt næsta ár. Og eins og ég hef bent á, ef viðreisnarstefnan fengi að vera í gildi óbreytt, þá má telja alveg víst, að ríkisstj. þurfi fremur að fara fram á nýja tekjustofna heldur en að búast megi við hinu, að hún geti raunverulega gefið upp þennan bráðabirgðatekjustofn, söluskattinn í tolli, sem ætlað er að gefi ríkissjóði 170 millj. kr. á árí.

Það er svo, eins og ég vék að áður, auðvitað málefni út af fyrir sig, býsna kátbroslegt, að þegar sérfræðingar ríkisstj. og hún sjálf gera mikið úr því, að það megi ekki með nokkru móti vera í gildi neinar reglur um styrki eða uppbætur til sjávarútvegsins og slíkt verði að leggja niður, — þó að hún reyndar neyðist nú til þess þessa dagana að vera að veita sjávarútveginum ýmiss konar styrki, svona bakdyramegin, — að þegar þetta er yfirlýst stefna hennar, að það eigi að hverfa frá öllum styrkjum og öllum uppbótum, þá er hún t. d. í formi þessa söluskatts, sem hér er, sem er innheimtur af innfluttum vörum, að veita ýmsum greinum iðnaðarins hér innanlands stórkostlega nýja styrki og stórkostlegar nýjar uppbætur. Það er það, sem er verið að gera.

Ég veit, að öllum hv. alþm. er það ljóst, í hverju þetta raunverulega felst. Ég skal taka hér dæmi af einni vörutegund, sem ég hef í huga og ég þekki nokkuð til. Þar mun hafa háttað svo til, að sá innlendi iðnaður, sem þar um ræðir, mun hafa búið að innanlandsmarkaði hér hartnær að hálfu leyti fyrir sína vöru á móti innfluttri vöru af sömu tegund áður. Innlendi iðnaðurinn átti þarna í nokkuð harðri samkeppni áður við hina erlendu iðnaðarvöru, sem inn var flutt. En þá bjó íslenzki iðnaðurinn auðvitað við mjög mikla tollvernd, áður en viðreisnarlöggjöfin var sett, í sambandi við þessa vörutegund eins og aðrar. En svo kemur gengislækkunin. Hún verkar þannig, að innflutta varan í þessu tilfelli hækkaði auðvitað gífurlega mikið með gengislækkuninni. En innlenda varan hækkaði aðeins að því leyti til, sem hráefnið í hana hækkaði vegna gengislækkunarinnar, en helmingurinn eða rúmlega helmingurinn af framleiðslukostnaði þessarar vöru var auðvitað innlent vinnuafl, og það stóð kyrrt og hækkaði ekki. Á þennan hátt fékk þessi innlenda framleiðsla enn þá mjög aukna tollvernd með breytingunni við gengislækkunina. En ofan á allt var svo dengt þessum nýja söluskatti í tolli, 8.8%, sem gerði það að verkum, að þessi iðngrein lagði auðvitað meir og meir undir sig hér á markaðinum innlenda markaðinn og útrýmdi innfluttu vörunni, sem þá gat ekki staðizt samkeppnina, eftir að tollverndin var orðin svona gífurlega mikil.

Ég segi það, að í þessu tilfelli var verið að veita þessari iðngrein, sem ég nefndi hér, og auðvitað mörgum öðrum iðngreinum gífurlega nýja styrki, gífurlegar nýjar uppbætur á kostnað verðlagsins í landinu. En þetta hefur auðvitað verið þveröfugt við þær kenningar, sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið fram og sérfræðingar hennar, að hér ætti að gilda sem allra frjálsast verðlag, þannig að aðeins þær greinar í landinu fengju notið sín, sem hér ættu raunverulega rétt á sér, við yrðum að vera fullfærir þátttakendur í hinum frjálsa viðskiptaheimi, og það átti að gerast á þann hátt, að sjávarútvegurinn átti að skattleggjast hér langt fram yfir það, sem er gert við hann í öðrum löndum. Hér mátti leggja á hann, eins og gert var með viðreisnarlöggjöfinni, sérstakan útflutningsskatt, til viðbótar við þá útflutningsskatta, sem hvíldu á honum áður. En dæminu var snúið við með iðnaðinn, sem áður naut þó hér miklu meiri tollverndar en í flestum öðrum löndum, þannig að nú fékk hann enn þá stórkostlega aukna tollvernd. Þetta var auðvitað, eins og ég sagði, í fullkomnu ósamræmi við það, sem kenningar hæstv. ríkisstj. hafa verið um í þessum efnum, og ég er líka sannfærður um það, að þjóðhagslega er þetta mjög hættulegt fyrir okkur, því að við höfum gert alla afkomu sjávarútvegsins mjög erfiða og dregið þar úr framleiðslunni, en hins vegar örvað ýmsar aðrar starfsgreinar í þjóðfélaginu, til bráðabirgða auðvitað, starfsgreinar, sem alls ekki eiga hér rétt á sér í mörgum tilfellum. Ég vil að vísu taka það fram, að í þessum efnum á ég hér alls ekki við allar iðngreinar, það er fjarri því, því að tollverndin hjá hinum ýmsu greinum iðnaðarins er stórkostlega mismunandi. En þessi stórkostlegi söluskattur í innflutningi, sem nú er innheimtur, upp á 16.5%, hefur vitanlega aukið mjög

á þessa óeðlilegu tollvernd. Það er því hvort tveggja í senn, að eðli þessa söluskatts kemur í rauninni alveg þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstj. í þessum efnum, og þar að auki er svo þessi söluskattur lagður á gegn því, sem ríkisstj. raunverulega hafði lofað á beinan og óbeinan hátt í sambandi við setningu þessa skatts upphaflega.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Eins og hér hefur verið rifjað upp, var því lýst yfir, þegar efnahagsmálaráðstafanirnar komu fram í fyrravetur — og fjárl. þó raunar öllu heldur, að ekki yrði hækkaður söluskattur í innflutningi. En ekki var langt liðið á veturinn, þegar fram kom frv. um að hækka þennan skatt, ekki bara lítils háttar, heldur meira en tvöfalda skattinn og bæta þar ofan á það, sem fyrir var, um 170—180 millj. yfir árið. Það hafði orðið einhver skekkja í áætlanagerð hæstv. ríkisstj., svona smávægileg, og þurfti að koma með þetta á eftir, þvert ofan í gefnar yfirlýsingar. Þegar þetta lá fyrir, var því skotið við, að ástæðan til þess, hve illa tókst til að standa við yfirlýsinguna, væri sú, að eftir væru aðeins 9 mánuðir af árinu, þegar nýju álögurnar kæmu í framkvæmd, og það þyrfti að bæta upp hina þrjá mánuðina, sem liðnir voru, með þessari fjárhæð. Jafnframt var þessu gefið nafnið bráðabirgðasöluskattur og öllum málflutningi hagað þannig, að enginn gat álitið annað en það væri fullur ásetningur hæstv. ríkisstj., að þessi skattur skyldi ekki gilda áfram. Það mætti færa fyrir þessu margar tilvitnanir, að öllum málflutningnum var hagað í þessa stefnu. Þetta hlaut að verða skilningurinn, þó að þess væri jafnframt vandlega gætt að segja þetta aldrei svo nákvæmlega, að það væri með berum orðum sagt, að ekki kæmi til greina, að skatturinn yrði framlengdur. En öllum málflutningnum, öllum rökstuðningnum var hagað á þá lund, að þjóðin fengi skýrt að vita, menn fengju það glöggt á meðvitundina, að hér væri aðeins um bráðabirgðaskatt að ræða til að fylla upp í tekjutap þriggja mánaða. Stjórnin hafði þá sem sé séð það, að næsta ár mundi verða tólf mánuðir! Hún hafði komið auga á það. Menn gætu því verið rólegir, var tónninn í því, sem sagt var. Þetta þyrfti ekki að endurtaka sig, einmitt vegna þess, að þá yrði árið 12 mánuðir, en þetta „stjórnarár" mundi að þessu leyti ekki verða nema 9 mánuðir.

Hæstv. ríkisstj. mun hafa haldið á lofti þessum skilningi nokkuð lengi fram eftir árinu, því að það kemur mjög greinilega fram í því, sem hagfræðingur norskur, sem hingað kom, segir um þessi mál, að honum hefur verið sagt, — og þá mun hafa verið komið fram á sumar, — að þessi skattur væri aðeins til bráðabirgða.

Þessum hagfræðingi leizt illa á þetta allt, eins og kemur glöggt fram í raun og veru í hans áliti. Þegar þess er gætt, í hvaða skyni hann er hingað pantaður og yfir honum var setið og legið, þá er það náttúrlega augljóst af hans áliti, að honum leizt framúrskarandi illa á aðfarir hæstv. ríkisstj. Álitið ber það alveg glögglega með sér. Um sum atriði tekur hann afstöðu beint á móti því, sem ríkisstj. er að fara. Hann segir t. d. um vaxtapólitík hæstv. ríkisstj., að þvílíkar ráðstafanir, sem þar eru á ferðinni, hafi yfir höfuð ekki gefizt vel. Hann segir líka, að sér blöskri alveg sú kjaraskerðing, sem þarna sé stofnað til, en það dragi þó ofur lítið úr, að sér sé sagt, að innflutningssöluskatturinn eigi að hverfa, aðeins að vera til bráðabirgða, og jafngildi það 3% kjarabót, ef hann verður felldur niður. Sé það nokkur bót í máli.

Þá ræðir hann nokkuð um það, hagfræðingurinn, í þessu áliti, hvort hin gífurlega kjaraskerðing, sem stofnað hefur verið til, fái staðizt. Hann dregur sem sé ekki fjöður yfir það, þó að hæstv. ráðherrar vilji halda öðru fram af og til og að þetta gangi allt saman upp, það hafi eiginlega verið hægt að leggja þetta allt saman á þjóðina, án þess að nokkur finni fyrir því. Hagfræðingurinn norski hefur alls ekki getað hugsað sér slíkan málflutning og tekur því mjög greinilega fram, að hér sé um mjög mikla kjaraskerðingu að ræða. En hann segir, að sér hafi verið sagt, — honum var sagt æðimargt, — honum hafi einnig verið sagt, að á þessu hafi verið ákaflega rík nauðsyn vegna þess gífurlega halla, sem hafi verið á þjóðarbúskapnum og jafnaður hafi verið með erlendum lánum. Svo hafi honum verið sagt, að það væri ekki framar hægt að fá nein erlend lán og þess vegna yrði að byggja þjóðarbúskap Íslendinga á næstu árum á því að taka engin erlend lán, hvorki til framkvæmda né annars. Þess vegna yrði að herða svona að þjóðinni, eins og gert væri í ráðstöfunum ríkisstj. Þetta hafi sér allt verið sagt, og á þessu verði hann að byggja sitt álit og hugleiðingar. Síðan segir hann, að sér blöskri alveg kjaraskerðingin, en það sé þó sú bót á, að það eigi mjög fljótlega að minnka kjaraskerðinguna um 3% með afnámi bráðabirgðasöluskattsins.

Síðan er tónninn sá, að ekki sé nú gott að gera, þegar augljóst sé, að því er honum hafi verið sagt, að Íslendingar geti ekki fengið meiri lán og yrðu að fara að flytja út fjármagn í stórum stíl. Þetta passar allt við þær falsröksemdir, sem hér voru fluttar í fyrra fyrir efnahagsmálaráðstöfununum og hagfræðingnum norska hefur verið skýrt frá, en þær voru, að Íslendingar gætu hvergi fengið lán og ættu ekki að taka meiri lán, og það þýddi, að það yrði að herða svo að þjóðinni, að hún gæti staðið undir allri fjárfestingunni sjálf og flutt út til viðbótar nokkrar milljónir dollara á ári í afborgunum af föstum lánum. Þetta var hagfræðingnum sagt og þetta var íslenzku þjóðinni sagt. Og þetta var notað með fleiru sem skálkaskjól fyrir þeirri gífurlegu samdráttar- og kjaraskerðingarstefnu, sem hér var tekin upp.

Hvað var svo satt í þessu, sem þjóðinni var sagt og hagfræðingnum var sagt? Þjóðinni var sagt ósatt, og norska hagfræðingnum var

líka sagt ósatt. Það kemur glöggt fram á því, að nú er auðvitað hugsunin sú hjá hæstv. ríkisstj. að taka veruleg lán erlendis til framkvæmda og líka að vísu í öðru skyni. Það, sem sagt var um nýja stefnu í lánamálum, sem ætti að taka upp og ætti að byggjast á útflutningi fjármagns, var ósatt, og það sem verra var, að það var vísvitandi sagt ósatt. Það stóð aldrei til að taka upp slíka stefnu, enda gersamlega óframkvæmanlegt. En þetta var notað að skálkaskjóli til að færa fram sem tylliástæðu fyrir þeim gífurlega samdrætti og kjaraskerðingu, sem efnt var til að ófyrirsynju, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á, vegna þess að það voru færð fram þau ósönnu rök, að það þyrfti að rétta af mörg hundruð milljón króna halla í íslenzkum þjóðarbúskap, sem var ekki til.

Ég verð að segja, að ég býst fremur við því, að þegar hæstv. ríkisstj. var að flytja mál sitt fyrir söluskattsálagningunni, hafi hún gert ráð fyrir, að hún þyrfti ekki á öllu þessu gífurlega viðbótarfé að halda framvegis til að fleyta ríkisbúskapnum — að hún hafi m. ö. o. ekki gert sér fyllilega grein fyrir því, hvað hún var að fara, — að hún hafi ekki fullkomlega gert sér grein fyrir því, hversu geigvænlegar afleiðingar mundu verða af þeirri fávíslegu samdráttar- og kjaraskerðingarstefnu, sem hún hafði tekið upp. Ég er t. d. alveg sannfærður um, að hæstv. ríkisstj. og ráðunautar hennar gerðu ráð fyrir því í fyrra, þegar þeir efndu til efnahagsmálaafgreiðslunnar og fjárlagaafgreiðslunnar, að þeir væru að afgreiða fjárlög, sem mundu skila mörg hundruð millj. kr. greiðsluafgangi. Mér er alveg ljóst, að þeir gerðu ráð fyrir því. Þeir vissu að vísu, að það mundi verða mikill samdráttur af því, sem þeir voru að aðhafast, en því fór svo fjarri, að þeir hefðu nokkurt samhengi í því, sem þeir voru að gera, eða nokkra heila hugsun. Þeir gerðu sér sýnilega alls ekki grein fyrir því til neinnar hlítar, að það var óhugsandi að setja á efnahagsmálaráðstafanir, sem hlutu að hækka verðlag í landinu um á annan milljarð, án þess að öll framleiðslan lamaðist stórkostlega og þjóðartekjurnar drægjust saman og efnahagsmálin kæmust í stórfelldan hnút. Þetta var fyrirsjáanlegt. En þeir vildu ekki sjá það, og það vantaði alveg samhengi í þá mynd, sem þeir voru að reyna að draga upp. Þess vegna gerðu þeir ráð fyrir því í fyrra, þegar þeir voru með þessi mál, að þeir væru að gera svo hraustlega fyrir hugsanlegri „afdrift", eins og sagt er á sjómannamáli, að þeir væru að afgreiða fjárlögin með mörg hundruð millj. kr. greiðsluafgangi, mundu þar af leiðandi geta staðið við fyrirheit sín, a. m. k. að verulegu leyti, um söluskattinn, og kannske gert aðrar ráðstafanir til þess að draga úr þeim árásum, sem þeir höfðu gert á lífskjör manna og stuðning við framkvæmdir. En nú er okkur sagt úr herbúðum hæstv. ríkisstj., að þetta sé allt að fara talsvert á aðra lund, það sé ekki útlit — segja þeir — fyrir neinn greiðsluafgang á þessu ári, sem sýnir þá, að samdrátturinn er miklu stórfelldari en jafnvel við, sem vorum á móti þessu, gerðum ráð fyrir. Ég hef ævinlega gert ráð fyrir því, að það hlyti að verða á þessu ári verulegur greiðsluafgangur á ríkisbúskapnum. Og ég er ekki farinn að trúa því enn, að það verði ekki verulegur greiðsluafgangur á þessu ári. Ég trúi því ekki enn, að ráðstafanir ríkisstj. til samdráttar hafi orðið svo geigvænlegar á aðeins 9—10 mánuðum, að það verði ekki greiðsluafgangur á þessu ári, — trúi því ekki, fyrr en ég sé það, að þannig hafi verið farið með þessi mál.

En hæstv. ríkisstj. segir okkur, að útlitið sé svo svart, að það verði að gera ráð fyrir því, að hún þurfi á næsta ári á þessum 170—180 millj. að halda til þess að halda ríkisbúskapnum aðeins á floti og það með hörmungum, — með því að skera stórkostlega niður verklegar framkvæmdir frá því, sem þær voru fyrir breytingarnar, og með því að draga úr þeim framlögum yfir höfuð, sem gengið hafa til uppbyggingar í landinu.

Það er í raun og veru ekki hægt að hafa á því neina skoðun, hvort ríkisstj. segir þarna rétt frá eða ekki, og það af þeirri einföldu ástæðu, að hæstv. ríkisstj. hefur haldið leyndum fyrir stjórnarandstæðingum þeim upplýsingum, sem þarf að hafa til þess að geta myndað sér á þessu nokkra skoðun. Og ég hygg það sé í fyrsta skipti, sem slíkar vinnuaðferðir hafa verið við hafðar.

Þrátt fyrir eftirgangsmuni hefur alls ekki fengizt fram lögð í fjvn. Alþingis gjaldeyrisáætlun fyrir næsta ár. Þar með hefur algerlega verið neitað um að fá upplýsingar um fyrirhugaða stefnu hæstv. ríkisstj. í lánamálum, varðandi erlendar lántökur og hvaða fé hún kunni að eiga von á erlendis frá inn í þjóðarbúskapinn. En það vita engir betur en hæstv. ráðherrar og hennar menn, að það er hrein fásinna, að nokkur maður geti áttað sig á áætlun um þjóðarbúskap eða ríkissjóðstekjur án þess að hafa hugmynd um, hvað fyrirhugað er um erlendar lántökur. Vegna þess að innflutningurinn gefur feiknatekjur í ríkissjóð, hljóta þær að fara mjög eftir því, hversu mikið erlent lánsfé verður til ráðstöfunar. Ef hæstv. ríkisstjórn ætlaði að fara að framkvæma þá stefnu, sem hún þóttist ætla að hafa, á meðan hún var að reyna að blekkja þjóðina til þess að taka á sig efnahagsaðgerðirnar, — að hætta að taka erlend lán, þá gæti maður skilið, að innflutningsáætlunin yrði að vera lág og það yrði að þjarma að með nýjum sköttum og nýjum tollum, til þess að ríkisbúskapurinn gæti staðizt, — jafnvel draslað. En nú vitum við, að þetta er alls ekki ætlunin. En ef þetta væri hugsunin, þá væri stefnan sú, eins og ég tók fram áðan, að þjóðin ætti að greiða af árstekjum sínum alla neyzlu ársins, alla fjárfestinguna og þar að auki greiða mjög niður skuldir við önnur lönd. Við vitum að þetta er alls ekki ætlun hæstv. ríkisstj., og við erum að öðru leyti leyndir því, hvað hún ætlast fyrir.

Þess vegna getum við ekki gert okkur neina hugmynd um það, hvað af því eru hreinar blekkingar, sem hæstv. ríkisstj. heldur uppi varðandi tekjuáætlun ríkissjóðs á næsta ári,

og hvað kann að vera byggt á sterkum líkum. Við höfum enga aðstöðu til að dæma um þetta. En hæstv. ríkisstj. boðar sjálf með framlengingu þessa skatts og með áætlun sinni um fjárlögin áframhaldandi aukna kjaraskerðingu og aukinn samdrátt, og mundi þó mörgum finnast, að nóg væri komið. Tekjuáætlun fjárlaganna, sem framlenging þessa söluskatts er framhald af, er sem sé miðuð við enn meiri samdrátt en enn hefur orðið og enn meiri kjaraskerðingu.

Eins og komið hefur fram af því, sem sagt hefur verið um þennan innflutningssöluskatt, sem nú á að framlengja, er hann aðeins einn hlekkur í því samdráttar- og kjaraskerðingarhelsi, sem hæstv. ríkisstj. kom á þjóðina á þessu ári, og þess vegna er alveg einsýnt fyrir þá, sem vilja berjast á móti þessari stefnu, að vera einnig á móti þeim þætti hennar, sem felst í framlengingu söluskattsins. Það kemur auðvitað ekki annað til mála. Það væri furðuleg framkoma af þeim, sem berjast á móti þessari stefnu, ef þeir léðu máls á að una því, en gerðu ekki allt, sem þeir gætu, til að berjast gegn því, að þessi söluskattur verði framlengdur.

Það er þessi stefna, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp og útfært eða reynt að útfæra fram að þessu, sem veldur því, að nú þarf að stórauka tollaálögurnar að hennar eigin dómi til þess að fá sömu tekjur og áður, — ekki til að fá meira fjármagn í ríkissjóð til að verja því t. d. í framkvæmdir eða til eflingar þjóðarbúskapnum á einhvern hátt, — nei, það þarf raunverulega að stórauka álögurnar frá því, sem þær áður voru, til þess að halda í horfinu.

Ekkert er gleggri vottur um þau háskalegu áhrif, sem samdráttarstefnan hefur haft á þjóðarbúskapinn, en einmitt þetta og þar á meðal framlenging þessa skatts.

Það er ástæða til í framhaldi af þessu að minnast aðeins á, hvernig þessi stefna hefur komið niður, sem hefur orðið til þess að minnka svo mjög þjóðartekjurnar, að þetta blasir við. Við sjáum, að ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hafa orðið til þess að gera framleiðslunni erfiðara fyrir í öllum greinum. Framleiðslan hefur beinlínis minnkað frá því, sem hún hefði ella orðið og hefði þurft að vera, til þess að hægt væri að halda uppi jafnkröftugum þjóðarbúskap og var, áður en þessi stefna var tekin upp. Mörg fyrirtæki hafa orðið að draga starfsemi sína stórkostlega saman, bæði í sjávarútvegsiðnaði og fleiri greinum, frá því sem áður hefur verið. Öll fjárfestingarstarfsemi hefur minnkað mjög verulega. Og afleiðingarnar eru farnar að koma fram í minnkandi tekjum þjóðarinnar allrar, sem stafar af minnkuðum tekjum almennings. Eftirvinna, sem menn lifðu mjög af áður, fer ört minnkandi. Við vitum, að sú mikla vinna, sem hér var, eftirvinna og alls konar slík vinna, jók þjóðarframleiðsluna stórkostlega og menn lifðu að verulegu leyti af þessari vinnu. Afleiðingarnar af stjórnarstefnunni eru þær, að eftirvinnan fer stórminnkandi. Þannig hrapa niður tekjur heimilanna, alþýðuheimilanna í landinu, og þar með þjóðartekjurnar.

Og það er ekki því að leyna, að atvinnuleysi er að byrja að gera vart við sig, sem við sem betur fer höfum ekki þekkt um langan tíma. Þessi hræðilega ófreskja, sem haldið hefur verið frá dyrum manna nú langtímum saman í íslenzkum þjóðarbúskap, drepur nú á dyr, en engin ófreskja er verri en atvinnuleysið.

Ég veit, að það er erfitt að haga þjóðarbúskapnum þannig, að stefnan sé eftir ströngustu kröfum beint í jafnvægisátt. Það er eitthvað svipað sennilega og stýra skipi í stórsjó. Það vill „svansa", sem kallað er. Því vill slá til annarrar hvorrar handar. En ég segi alveg hiklaust, og það er alveg bjargföst skoðun mín, að ef eiga á eitthvað á hættu um, að „svansi" eða beri út af leið, sem í þessu tilfelli er þá annaðhvort of mikill samdráttur og þar með fylgjandi atvinnuleysi, — eða nokkur þensla, þar með nóg atvinna, eftirvinna og háar tekjur, en nokkur hætta á verðbólgu, — að ef um þetta tvennt er að ræða, þá er ég alveg hiklaust þeirrar skoðunar, að það beri að velja síðara kostinn, sem ég nefndi, en ekki þann fyrri. Það er miklu stórkostlegra þjóðarböl að hafa atvinnuleysi og of mikinn samdrátt en eiga hitt á hættu, að einhver verðbólga eigi sér stað, ef því getur fylgt öflugra atvinnulíf, meiri framleiðsla, betri lífskjör og meiri þjóðartekjur. En þetta er alveg þveröfugt við það, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur einsett sér.

Ég minntist á, að dregið hefði úr framleiðslustarfseminni sjálfri, eftirvinna hefði minnkað og atvinnuleysið væri byrjað að gera vart við sig. Meira að segja sverfur nú það alvarlega að ýmsum fyrirtækjum, að þau eru farin að loka um stundarsakir og segja fólki upp, vegna þess að dregið hefur þannig úr sölu þeirra á nauðsynjavörum vegna ráðstafana ríkisstj., að þau treysta sér ekki til að halda áfram. Þannig mætti lengi telja, og er þetta þó aðeins byrjunin, því að hættan er sú, að hæstv. ríkisstj. hafi hér leyst úr læðingi öfl, sem hreyfa niður á við. Það er hætt við því, meira að segja, að hæstv. ríkisstj. hafi leyst hér úr læðingi öfl, sem hreyfa niður á við og hún eigi mjög erfitt með að hafa stjórn á. Ég efast um, að hæstv. ríkisstj. hafi stjórn á því, hvert þau öfl, sem hún hefur leyst úr læðingi og hreyfa niður á við, bera hana og þjóðarbúið, áður en langt um líður. Það er ekki annað sýnilegt en að þessi öfl, sem hæstv. ríkisstj. hefur leyst úr læðingi, samdráttar- og kjaraskerðingaröflin, séu byrjuð að skrúfa þjóðina niður í fen fátæktarinnar.

Ég veit, að sumir segja, að þær aðferðir, sem áður voru við hafðar, hafi haft í för með sér verðbólguhættu, og það er ekki hægt að neita því. Það var náttúrlega atriði, sem þurfti sífellt að hafa í huga og reyna að hafa hemil á. En sú stefna var öflug og þróttmikil framfarastefna, sem hækkaði þjóðartekjurnar og bætti lífskjör almennings og hún átti rétt á sér þrátt fyrir þá hættu, sem ég var að minnast á. En þessi stefna, sem nú er tekin upp, á engan rétt á sér, og ég efast um, að hæstv. ríkisstj. hafi gert sér grein fyrir, hvað hún var að gera, þegar hún leysti út þær ófreskjur, ef svo mætti

orða það, sem hún hefur hleypt af stað með ýmsu af því, sem hún hefur verið að gera.

Ég minntist á, hvernig væri um þjóðartekjurnar, atvinnuna, kjaraskerðinguna og almennt um afleiðingar af stefnu ríkisstj. Þegar verið er að ræða hér um söluskattinn, er hæstv. fjmrh. vanur að koma með töflu eða dæmi, sem hann er mjög státinn af. Ég efast ekkert um, að hann kemur með hana hér í dag eða þá á morgun. Þetta dæmi er gjarnan birt í blöðum ráðherrans við hátíðleg tækifæri, eins og t. d. þegar svona skattur er framlengdur. Það var birt í morgun. Þar á að sanna, að ráðstafanir ríkisstj. í skattamálum hafi svo sem síður en svo verið óhagstæðar fyrir alþýðu manna í landinu. Það hafi verið reiknað út af hagstofunni, að hækkunin á söluskattinum, þ. e. 3% söluskatturinn nýi og tvöföldunin á innflutningssöluskattinum, nemi ekki meira fyrir vísitölufjölskyldu, sem kölluð er, en því, sem tekjuskattur og útsvar hafi verið lækkað, og svo fjölskyldubótunum nýju. Þetta geri saman meira en að bæta vísitölufjölskyldunni upp þau áföll, sem hún hafi orðið fyrir af ráðstöfunum ríkisstj. í þessum efnum. Þetta er uppáhaldsdæmi hæstv. ráðh. Og þetta á náttúrlega, þó að það sé ekki tekið fram af ráðh. hendi, að skiljast þannig, að þarna hafi menn myndina af ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar. Það er aldrei tekið fram, þegar þetta dæmi er flutt, að þetta sé aðeins örlítill þáttur af því, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að aðhafast. Þó er það auðvitað aðalatriðið. Það skiptir ekki aðalmáli í þessu sambandi að slíta út úr því, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að aðhafast, þrjú atriði á annan bóginn og önnur þrjú á hinn bóginn og bera þau saman og segja svo: Þarna hafa menn það. — Það eina, sem skiptir nokkru máli í þessu sambandi, eru heildaráhrif þeirra ráðstafana, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera, á búskap einstaklinga og þjóðarinnar allrar. Það er hið eina, sem máli skiptir. Það skiptir engu máli, þó að hæstv. ráðh. sé við hátíðleg tækifæri að láta slíta út 3 atriði á annan bóginn og 3 á hinn. Það eina, sem skiptir máli, eru áhrifin í heild. Það væri mjög æskilegt, að hæstv. ráðh. vildi taka þetta til greina. Hitt er alveg út í bláinn. Það er vitaþýðingarlaust.

Það hefur fleira verið gert en hækka söluskattinn. Færðar hafa verið inn í ríkissjóðinn álögur, sem áður voru notaðar í útflutningsuppbætur og áttu með réttu lagi að falla niður, þegar gengislækkunin var gerð. Þetta eru nýjar álögur, því að þær eru færðar til almennra þarfa ríkisins, koma sem nýjar byrðar á menn. Það er gengislækkunin sjálf og vaxtahækkunin og allar þessar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, í heild, sem máli skipta. Auk þess er þess að gæta, að þegar hæstv. ráðh. er að láta birta þetta uppáhaldsdæmi sitt í blöðunum innrammað, þá er það miðað við eitthvað, sem kallað er vísitölufjölskylda, sem á að hafa 66—68 þús. kr. í tekjur. En hefur hæstv. ráðh. athugað, hvað verkamönnum og bændum er ætlað að hafa í tekjur, eins og nú er komið? Þeir hafa engar 66—68 þús. kr., eins og þessi fjölskylda, sem hæstv. ráðh. setur í rammann. Ég veit ekki betur en mánaðarkaup verkamanna sé um 4000 kr. fyrir 8 stunda vinnudag og því aðeins, að aldrei falli niður nokkur dagur, aðeins með því, að vinna fáist hvern einasta dag í 8 stundir. Ekkert atvinnuleysi má koma til greina, ekkert óhapp, enginn lasleiki og ekki neitt, þá getur verkamaður haft 48 þús. kr. á ári. Mundi ekki hæstv. ráðh. vilja innramma, hvernig dæmið lítur út fyrir þennan mann, ef allar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. í heild í efnahagsmálunum eru teknar, ekki tveir eða þrír liðir?

Eða atvinnuástandið. Á hverju hafa þeir menn lifað undanfarið, sem hafa svona kaup? Á hverju hefur þetta fólk framfleytt sér, t. d. fjölskyldufólk? Það hefur verið á eftirvinnunni, sem hæstv. ríkisstj. er að bisa við að koma fyrir kattarnef, sem hún miðar allt við að eigi að hverfa til þess að ná því, sem hún kallar jafnvægi í eftirspurn á vinnumarkaðinum.

Við vitum vel, hvað þeir, sem framfylgja þeirri stefnu, sem hæstv. ríkisstj. er að framkvæma núna, telja undirstöðuatriðið. Undirstöðuatriðið í öllu saman er í þeirra huga, að það sé meira framboð á vinnuafli en eftirspurn, m. ö. o.: að það sé „hæfilegt atvinnuleysi", eins og það heitir á þeirra máli, því að annars leiði til ójafnvægis á nýjan leik. Og það, sem hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar eru að reyna, það er að minnka vinnuna þannig, að eftirvinnan dragist saman og að það myndist í landinu „hæfilegt atvinnuleysi" til þess að skapa það, sem kallað er „jafnvægi á vinnumarkaðinum".

Á hverju á þá sá fjölskyldumaður að lifa, sem hefur 4000 kr. á mánuði mest? Vill ekki hæstv. fjmrh. segja okkur það? Hefur hann engar áhyggjur af þessu? Og hvað ætlar hæstv. fjmrh. og hans stjórn að gera í þessu? Það sjá allir, að þetta stefnir beint í vegginn. Hver getur hugsað sér, að þetta geti staðið óbreytt, og hvað ætlar hæstv. ríkisstj. að gera til þess að koma í veg fyrir, að kaupið þurfi að hækka? Eða er það kannske álit þeirra, sem hér að standa, að þetta geti staðizt? Ég bara spyr. Hvaða ráðstafanir ætlar hæstv. ríkisstj. að gera, til þess að það sé hugsanlegt, að þetta geti staðizt, ef hún ætlar ekki einu sinni að afnema þennan söluskatt? Það kom þó mjög greinilega fram hjá hagfræðingnum norska, sem leit á þessi mál fyrir hæstv. ríkisstj., að eina glóran, sem hann sá, var þó það, að honum hafði verið sagt, eins og svo margt fleira, sem honum var sagt, að þessi skattur hyrfi, og þar kæmu þó kjarabætur strax.

Nú er mönnum sagt, að þetta standi allt í járnum, stjórnin sé búin að koma þessu þannig fyrir, að þetta standi allt í sjálfheldu, það sé engu hægt að breyta. En væri ekki hugsanlegt, að hæstv. ríkisstj. gæti breytt einhverju af þeim óhæfilegu ráðstöfunum, sem hún hefur gert til þess að þjaka íslenzkt atvinnulíf og koma í veg fyrir, að framleiðslan geti gengið, eins og t. d. vaxtaokrinu? Ég spyr: Í hvers þágu er að heimta mörg hundruð milljónir króna af afurðavíxlum framleiðslufyrirtækj-

anna inn í Seðlabankann og leggja féð þar fyrir? Í hvers þágu er þetta gert? Er þetta gert fyrir íslenzkt atvinnulíf, fyrir íslenzkan þjóðarbúskap? Og svo er sagt, að það sé alls ekki með nokkru lifandi móti hægt að slaka nokkuð til nokkurs staðar, svona verði þetta að vera. Hver hefur kveðið upp þann dóm, að íslenzkir framleiðendur eigi að borga 9.9% af afurðavíxlunum og 11½% af öðrum víxlum? Hefur hæstv. ríkisstj. aldrei látið sér til hugar koma, að bara vaxtahækkunin ein nemur hjá mörgum fyrirtækjum meira en 10—20% af öllum kaupgjaldsgreiðslum þeirra? Hefur það aldrei hvarflað að ríkisstj., að óhugsandi er, að þetta geti staðizt? Og ofan á allt annað er svo hæstv. ríkisstj. núna að bollaleggja alls konar aðferðir til þess að lána mönnum fé til að greiða þessa okurvexti. Ætli það væri ekki nær að fara að reyna að gera einhverjar ráðstafanir til þess að draga úr þeirri stórkostlegu kjaraskerðingu, sem hefur bókstaflega verið framkölluð með þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj., bókstaflega búin til með almennum ráðstöfunum til þess að draga með öllu hugsanlegu móti úr veltunni? Það er það, sem verið er að gera, — með öllum hugsanlegum ráðstöfunum verið að draga úr veltunni í þjóðarbúskapnum. Og þar er einn liðurinn þessar gífurlegu vaxtaálögur, sem eru lagðar á framleiðsluna. Síðan er sagt við menn: Framleiðslan þolir ekki meira. — En hún þolir að borga þessa vexti!

Ég vil enn þá einu sinni benda hæstv. fjmrh. á það, sem fram undan hlýtur að vera í þessum efnum og hann hlýtur að sjá, að þetta getur ekki staðizt. Hvorki tekjur bænda né tekjur verkamanna geta staðizt, eins og þær eru, og ef hæstv. ríkisstj. ætlar að koma í veg fyrir, að það verði hækkanir, allsherjarhækkanir, þá verður hæstv. ríkisstj. að finna leiðir til þess að draga úr þeirri kjaraskerðingu, sem hún hefur innleitt.

Það hefur verið upplýst frá Alþýðusambandinu, og ég hef ekki séð það vefengt, að sé sett upp vísitala fyrir kaupmátt tímakaupsins, sé hún 86 miðað við 97 í október 1958. Það þýðir, að kaupmáttur tímakaupsins hafi lækkað um 12% á þessu tímabili. Til viðbótar kemur svo minnkuð atvinna, minnkuð eftirvinna og vaxtabögglarnir, sem hæstv. ríkisstj. hefur bundið ekki aðeins framleiðslunni, heldur einnig heimilunum. Ég skil ekki í, að hæstv. ríkisstj. láti sér koma til hugar, að þetta geti staðizt, og þess vegna verður í alvöru að leita að einhverjum leiðum til að ráða fram úr þessum vanda. Það er alveg vonlaust verk að berja höfðinu við steininn og látast ekki sjá, hvernig ástatt er. Og í því sambandi hafa þessar rammamyndir um einstaka þætti, slitnar út úr samhengi, sem birtar eru í aðalmálgagni ríkisstj., svo sem eins og í hátíðaskyni, í hvert skipti sem eitthvað er hér um að vera, enga þýðingu.

Það má bæta því þarna við, svona rétt til skýringar um þann málflutning, fyrir utan annað, sem ég hef bent á, að þegar verið er að reikna áhrif söluskattsins á útgjöld vísitöluheimilisins, þá gefur það út af fyrir sig ekki mikla hugmynd um þau að taka bara hækkunina, sem kemur á neyzluvörur þessa heimilis strax. Það er af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki nema nokkur hluti söluskattsins, sem kemur beint á heimilin strax. Mjög mikið af honum kemur fyrst niður á alls konar rekstri í landinu og þar næst á heimilin, t. d. í lægra kaupi en menn mundu annars fá og með öðru móti. Það er því alveg sama, frá hvaða sjónarhóli litið er á þessa uppáhalds rammamynd hv. fjmrh. Eftir því sem oftar er á hana litið og frá fleiri hliðum, sést betur, hversu þýðingarlítið gagn hún er. Og auðvitað hlýtur það að hefna sín, ef hæstv. ríkisstj. álítur, að það leysi vandann að birta slíkar upplýsingar, þar sem einstök atriði eru slitin úr samhengi. Það er miklu meiri alvara á ferðinni en svo, að hægt sé að setja nokkurt traust á þess konar málflutning.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en láta hér staðar numið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:7 atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 187, n. 236, 253 og 254).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur haft þetta mál til meðferðar, þ. e. frv. til laga um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt. N. hefur klofnað um málið, og munu minni hlutar skila sérstökum álitum, en ég mæli hér fyrir munn meiri hl.

Þetta mál hefur svo ýtarlega verið rætt við 1. umr., að ekki þykir ástæða til þess að rekja efni þess hér frekar, og mælir meiri hl. með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef skilað sérstöku áliti um þetta frv., en það er ekki enn þá komið úr prentun, en verður væntanlega lagt hér fram á fundinum síðar í dag.

Efni frv. er það að ákveða, að viðbótarsöluskattur af innflutningi, sem lögfestur var á síðasta þingi og þá til bráðabirgða og gildir nú til næstu áramóta, verði framlengdur um eitt ár, til ársloka 1961. Ýmsir munu þó hafa vænzt þess, að skattur þessi félli niður um næstu áramót, því að það var látið í veðri vaka af hæstv. ríkisstj., þegar hún beitti sér fyrir þessum viðbótarskatti á síðasta þingi, að hann ætti að vera aðeins fyrir þetta ár, sem nú er að líða.

Hæstv. ríkisstj. segir, að hér sé ekki um nýjar álögur að ræða í þessu frv. Þó er á það að líta, að skatturinn á skv. frv. að gilda fyrir allt næsta ár, en hann var ekki í gildi nema þrjá fjórðunga þess árs, sem nú er að líða. Þannig verða menn, ef þetta verður samþ., að borga fjórar krónur næsta ár í viðbótarsöluskatt móti hverjum þrem, sem þeir hafa borgað á þessu ári, og að því leyti má segja, að sé um nýjar álögur að ræða, borið saman við það, sem nú gildir.

Skv. fjárlfrv., sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir, að söluskattarnir nemi alls rúmlega 500 millj. kr., sem fyrirhugað er að leggja á á næsta ári. Af þessu er ætlað að fari í ríkissjóð 438½ millj. Þetta er nokkru hærra en samkvæmt fjárl. ársins í ár. Þá var söluskatturinn í heild á fjárl. 437 millj.

Hér hjá okkur er um að ræða eins og víðar tvenns konar skatta. Það eru svonefndir beinir skattar og hins vegar óbeinir skattar. Það hefur komið fram, að það er stefna núv. ríkisstj. að létta beinu skattana, en taka miklu meir en áður til opinberra þarfa með óbeinum sköttum. Og stjórnin hefur þegar byrjað að framkvæma þessa stefnu sína. Á síðasta þingi var samþ. lækkun á tekjuskattinum. Þeir einstaklingar, sem hafa mestar tekjur, hafa fengið af því verulegan ávinning, en breytingin frá beinum sköttum til óbeinna er til tjóns fyrir allan fjöldann. Líklega má telja, að þetta sé það eina af stærri stefnumálum núv. ríkisstj., sem hún hefur komið fram á valdaferli sínum.

Söluskatturinn er einn af stærri þáttunum í efnahagskerfi núv. ríkisstj. Hann átti með öðru að stuðla að því jafnvægi á fjármálasviðinu, sem stjórnin kvaðst stefna að. Hæstv. forsrh. orðaði það þannig í umr. hér á þingi í febrúar í fyrra, að stjórnin hefði heildaráætlun margþættra, en innbyrðis samræmdra aðgerða, enda þótt þær birtust Alþingi í mörgum frv., sem væru ekki lögð fram samtímis. Söluskattsfrv. var eitt þeirra, sem var lagt fyrir Alþingi nokkru síðar en frv. um efnahagsmál, en eins og hæstv. forsrh. tók fram, einn af mörgum þáttum í efnahagskerfi ríkisstj.

Mér þykir ástæða til að víkja nokkuð að þessu kerfi í heild í sambandi við þennan þátt. Í ræðu þeirri, sem ég vitnaði til og hæstv. forsrh. flutti hér í Nd. 5. febr. 1960, þegar hann lagði frv. stjórnarinnar um efnahagsmál fyrir þingið, sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er óhætt að segja, að meginvandamálið, sem leysa þarf í efnahagsmálum Íslendinga nú, og um leið það, sem sízt verður umflúið, sé greiðsluhallinn gagnvart útlöndum."

Hvernig hefur þá til tekizt með lausn á þessu meginvandamáli? Hver verður útkoman, þegar viðskiptareikningur okkar við aðrar þjóðir verður gerður upp nú í árslokin? Það liggur ekki enn þá fyrir fullkomlega, en það er hægt að geta sér til um það, hvernig niðurstaðan muni verða að verulegu leyti. Stærstu liðirnir á þeim viðskiptareikningi eru andvirði seldrar og keyptrar vöru, verðmæti útflutningsins annars vegar og innflutningsins hins vegar. Um þetta sjáum við skýrslur í Hagtíðindunum frá Hagstofu Íslands. Hún birtir mánaðarlega yfirlit um innflutninginn og útflutninginn. Og hvernig standa þá sakir að liðnum tíu mánuðum af þessu ári? Nýjustu skýrslur Hagstofunnar eru miðaðar við októberlok. Nú er á það að líta, að það gefur ekki rétta mynd að bera saman tölurnar í ár við inn- og útflutning næstu ár á undan vegna gengisbreytingarinnar, sem gerð var snemma á þessu ári, en hagstofan hefur umreiknað verðmæti innflutnings og útflutnings árin 1958 og fram til febrúarloka 1960 til samræmis við núgildandi gengi og birtir þessa útreikninga í Hagtíðindunum. Þær tölur eru alveg sambærilegar fyrir þetta ár og tvö þau næstu á undan, eftir að sá umreikningur hefur verið gerður, og þær tölur líta þannig út:

Árið 1958 var verðmæti innflutningsins, reiknað á nýja genginu, 2420 millj. kr., en útflutnings 2013 millj. Það er því halli á vöruskiptunum við útlönd 1958 407 millj. 1959 er innflutningurinn 2530 millj., en útflutningur 2010 millj., hallinn þá 520 millj. Þetta eru tölurnar fyrir mánuðina janúar til október, að honum meðtöldum bæði árin. 1960 er til októberloka innflutt fyrir 2490 millj., en út fyrir 2027 millj., halli 463 millj. Hallinn er því í októberlok nú eða verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 463 millj. á móti 407 millj. árið 1958, þegar teknar eru sambærilegar tölur, umreiknaðar vegna gengisbreytingarinnar. Já, ekki spáir þetta góðu um greiðslujöfnuð í viðskiptunum á þessu ári. En mönnum skildist í fyrra, að nú ætti að vinna upp halla, sem stjórnin taldi verið hafa undanfarin ár. Í stað þess að gera það, sýnist mér, að síga muni á ógæfuhlið, að við verðum enn þá fjær jafnvægistakmarkinu, hvað snertir viðskiptin við útlönd, nú í árslokin heldur en í byrjun ársins. Þessar tölur, sem ég nefndi hér upp úr Hagtíðindunum, benda ótvírætt til þess.

En það var fleira stórt og mikilsvert, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði að gera. Í framsöguræðu sinni með efnahagsmálafrv. í fyrra sagði hæstv. forsrh. enn fremur, með leyfi hæstv. forseta.

„Uppbótakerfið verði lagt niður með ölllu og útflutningssjóður gerður upp, en í stað þess skráð raunhæft gengi íslenzku krónunnar, sem geti annars vegar tryggt, að jafnvægi náist í viðskiptum þjóðarinnar út á við, en hins vegar skapað útflutningsatvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll."

Hvað er að frétta af afrekum ríkisstj. á því sviði að skapa útflutningsatvinnuvegunum viðunandi rekstrargrundvöll? Hvernig er með sjávarútveginn? Hvernig eru t. d. horfurnar viðkomandi rekstri hinna nýju, dýru skipa? Sjá útvegsmenn hilla undir bjartari framtíð, ágóða af rekstrinum, skuldalækkun, vegna ráðstafana ríkisstj.? Ekki ganga sögur af því. Er ekki eina glætan, sem þeir sjá nú í bili, vonin um, að ríkisstj. geti útvegað þeim ný lán til að borga með rekstrarhallann í ár, m. a. okurvextina, sem þeir hafa verið krafðir um á þessu ári? Hvar er sá trausti og heilbrigði grundvöllur? Því miður, hann er ekki sjáanlegur.

Og hvað er að segja um landbúnaðinn? Áreiðanlega þrengra fyrir dyrum hjá bændum nú við þessi áramót, sem í hönd fara, heldur en á undanförnum árum. Hvernig er með iðnaðinn, sem er orðinn stór atvinnuvegur? Ekki hygg ég, að þar sé betra ástand en að undanförnu. Lánsfjárskortur og háu vextirnir hafa gert sitt til þess að valda erfiðleikum þar. Og hvað er um verzlunina? Eru verzlunarfyrirtækin betur á vegi stödd nú en áður? Ég hygg, að þeir

verði vandfundnir, sem fást við viðskipti, sem telja, að svo sé.

Það var vitanlega fleira, sem hið nýja efnahagskerfi átti að laga. Það var talað um gagngera endurskoðun á ríkisbúskapnum. Það hefur verið sýnt fram á það nýlega, að á þeim tveggja ára tíma, sem núv. stjórnarflokkar hafa farið með stjórn landsins, hafa fjárl. hækkað um 700 millj. kr., og það hefur einnig verið sýnt fram á það, að tiltölulega minna af tekjum ríkisins en áður fer nú til nauðsynlegra framkvæmda og styrktar atvinnulífinu, en tiltölulega meira í rekstrarkostnað þess opinbera. Menn höfðu satt að segja vænzt þess vegna þess, hve álögurnar voru hækkaðar í fyrra, að það mundi verða verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði á þessu ári. Það er ekki enn kunnugt um útkomuna vitanlega, því að það er hálfur mánuður eftir af árinu, þó tæplega það, en hæstv. ríkisstj. hefur skýrt frá því, að það séu ekki líkur til þess, að það verði greiðsluafgangur hjá ríkissjóði í ár. Ekki hafa þá efnahagsráðstafanir hæstv. stjórnar bætt hag ríkissjóðsins. Í peningamálum átti að gera og hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir. Vaxtahækkunin átti m. a. að auka sparifjársöfnun og koma með því peningamálunum á traustari grundvöll. Það hefur nýlega verið sýnt fram á, að það hefur brugðizt eins og annað. Sparifjáraukningin er minni á þessu ári tiltölulega en tvö undanfarin ár.

Eitt af því, sem hæstv. forsrh. boðaði í framsöguræðu sinni með efnahagsmálafrv. í fyrra, var það, að nú yrði stefnt að því að afnema haftakerfið og koma á verulegu verzlunar- eða viðskiptafrelsi. Og atvinnuvegirnir áttu að fá meira athafnafrelsi en áður. Hæstv. ráðh. talaði um það í þeirri ræðu, e. t. v. í síðari ræðu en við 1. umr. um efnahagsmálafrv., að allir þeir, sem eitthvað hefðu viljað gera á undanförnum árum, hefðu orðið að ganga fyrir yfirvöldin, bugta sig og beygja og biðja um leyfi. Nú átti þetta að hverfa úr sögunni, og hv. 6. landsk. þm., frsm. meiri hl. *fjhn.*, sagði í umr. um stjórnarfrv. í fyrra, 11. febr.: „Okkar markmið er frelsi, þeirra markmið eru ríkisafskipti", þ. e. a. s. *stjórnarandstæðinga*.

Ó, það dásamlega frelsi! Nú er það víst komið, er ekki svo? Hvernig er það á viðskiptasviðinu? Geta *menn* t. d. farið héðan til annarra landa og reynt að selja íslenzkar vörur þar? Nei, þeir þurfa fyrst að fara og hneigja sig fyrir *stjórnarvöldunum*. Og það *nægir* ekki til. Trúlega er það árangurslaust. Meginið af útflutningnum er á vegum meira og minna *opinberra fyrirtækja, sem hafa sérleyfi* til slíkra athafna. Hvað er svo að segja af því, ef einhverjir, sem hafa framleitt útflutningsvöru og *fengið* þessum löggiltu *útflytjendum* afurðir sínar til sölu, hvernig fer þá með andvirðið, sem þeir fá erlendis fyrir þennan útflutning? Hafa þeir ekki *nóg* frelsi til þess að ráðstafa þessu, eftir því sem þeir telja sér bezt henta, fá þennan gjaldeyri í sínar hendur, af því að þeir eiga þessa vöru, *sem* verið er að selja? Nei, því er ekki að heilsa. Það er nú eitthvað annað. Þeir verða að skila hverri krónu til bankanna hér. Og hvað fá þeir þá fyrir þennan gjaldeyri sinn? Lögákveðið verð, ákveðið af löggjafarsamkomunni hér. Hvernig er þá hægt að segja við þá, sem hafa á sér slíka fjötra: Nú eigið þið að sigla ykkar sjó á eigin ábyrgð. Nú þýðir ekki lengur að koma til ríkisstj. og hneigja sig og biðja hana ásjár. Atvinnuvegirnir eiga að standa á eigin fótum. — Nei, það er ekki hægt. Enginn flokkur hefur treyst sér til þess að gefa viðskiptin frjáls eða treystir sér til þess, ekki núv. *stjórnarflokkar fremur* en aðrir. Og meðan mönnum er skammtað af stjórnarvöldunum verð fyrir vörurnar, sem þeir framleiða, meðan þeim er *skammtað* það með lögákveðnu gengi, þá hvílir sú siðferðislega skylda á yfirvöldunum að sjá um, að framleiðendur fái aðstöðu til að reka sína atvinnu. Þess vegna koma útgerðarmenn um þessi áramót, sem í hönd fara, til núverandi ríkisstj., eins og fyrrverandi *stjórnar, til* að fá þar úrlausnir á sínum vandamálum, og stjórnin kemst ekki hjá að hlusta á þá og reyna að greiða úr vandanum. Fallegu ræðurnar um frelsið eru aðeins fluttar í blekkingaskyni fyrir kosningar og á öðrum hátíðlegum stundum.

Í framsöguræðunni með efnahagsmálafrv., sem ég hef áður vitnað til og hæstv. forsrh. flutti 5. febr. á þessu ári, sagði hann m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá, sem líta bjargráðin eða tillögur okkar öðrum augum en við gerum, sem stöndum að þessu frv., biðjum við um að fresta mótaðgerðum um nokkurt skeið og gefa með því reynslunni færi á að kveða upp sinn ólygna dóm."

Hæstv. forsrh. hefur verið bænheyrður. Stjórnin hefur fengið frest um nokkurt skeið, því að það eru liðnir 10½ mánuður, síðan hæstv. forsrh. bar fram þessa ósk. Almenningur hefur tekið á sig stórfellda kjaraskerðingu með miklu langlundargeði. Það verður *ekki annað* sagt. En hvaða gagn er að því? Ég hef minnzt hér með örfáum orðum á stærstu viðfangsefnin, sem hæstv. ríkisstj. kvaðst ætla að leysa með efnahagslöggjöf sinni. Allt hefur það farið á einn veg, að einu undanteknu. Það er eitt *stefnumálið, sem hefur gengið* fram. Þeir hafa sjálfir, hæstv. ráðh. og aðrir, sem hafa hærri tekjur en almennt gerist, fengið verulega lækkun á sköttum. Það er hið eina af hinum stærri stefnumálum, sem stjórnin hefur unnið að og hefur komizt fram. Ekki er þetta af því, að *stjórnin hafi ekki* getað unnið að þessu öllu í friði. Hún hefur fengið frestinn. Hún hefur verið ótrufluð af stjórnarandstöðunni.

Við framsóknarmenn beittum okkur gegn þessari efnahagslöggjöf á síðasta þingi, af því að við töldum og teljum, að stefnan, sem þar var mörkuð af núverandi stjórnarflokkum, mundi leiða til tjóns fyrir þjóðfélagið. Og reynslan hefur þegar sýnt, að þetta mat var rétt. Það er ekki aðeins það, eins og ég hef getið um, að ekkert af þessu stóra hafi gerzt, sem átti að gera, nema þetta eina. En það verður ekki komið auga á, að stjórnin nái því marki, sem hún stefndi að, þó að hún fái að starfa lengur óáreitt. Hún er, eins og ég hef

getið um, að mörgu leyti fjær takmarkinu nú í árslokin en hún var í upphafi. Eins og ég gat um, er þessi bráðabirgðasöluskattur einn stór þáttur í þessu kerfi núv. stjórnar, sem við framsóknarmenn erum á móti, og þess vegna legg ég til, að þetta frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Eins og fyrr hefur verið frá sagt, klofnaði fjhn., og við, sem erum í minni hl., höfum skilað sínu nál. hvor. Mitt nál. hefur ekki komið fram enn þá, því að það var nokkuð síðbúið, þannig að ég verð að tala, án þess að það liggi fyrir, en í því eru ekki neinar brtt. Afstaðan til frv. er sú að leggja til, að það verði fellt.

Þessar ákvarðanir, sem nú er lagt til að framlengja, voru teknar í fyrra, þegar frv. til söluskatts var lagt fyrir, og þá stóðu í þeirri grg., sem því frv. fylgdi, svo hljóðandi rök fyrir því að leggja það fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. er lagt til, að lögleiddur verði 3% almennur söluskattur á vörusölu, vinnu og þjónustu á síðasta stigi viðskipta. M. a. af þeim sökum, að skattur þessi getur eigi komið til framkvæmda, fyrr en nokkuð er liðið af árinu, er fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fæst ekki sú fjárhæð, sem frv. til fjárl. gerir ráð fyrir. Hefur því verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur. Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8%, eða úr 7% upp í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960. Eins og áður getur, hefur skammur tími verið til athugunar og undirbúnings máls þessa, og því er sú leið, sem hér um ræðir, að nokkru leyti bráðabirgðaleið."

Þetta voru röksemdirnar í fyrra. Það var einvörðungu ein röksemd, sem var haldið fram, og hún er, að fjórði hluti ársins væri liðinn og innflutningurinn og annað, sem skyldi skattleggja á þeim hluta ársins, yrði ekki skattlagt meir, þess vegna yrði að bæta það upp með þessum álögum. Það er þess vegna alveg greinilegt, að fyrir lá frá hálfu ríkisstj., þegar þessi skattur var á lagður í fyrra, loforð og yfirlýsing um, að það kæmi ekki til mála, að þessi skattur yrði framlengdur, af því að hann væri einvörðungu bráðabirgðaskattur og af því að nú væri tekin upp ný stefna í viðskiptum ríkisins, frá því sem áður var, við þegnana, og það er að hlaða ekki frekari álögum á menn. Og það voru gerðar sérstakar ráðstafanir á sama þingi til þess að lækka allt það, sem þeir ríku í landinu og þeir, sem tekjuháir voru, þyrftu að borga, lækka tekjuskattana á þeim, sem efnaðastir og tekjuhæstir voru, þannig að það lá í öllu þessu framferði beint loforð um það, að þessir skattar — eða tollar væri réttara að segja um svona söluskatt, — þeir skyldu ekki framlengdir, þeir væru aðeins út af þessu óhappi, að ríkisstj. hefði verið svona seint á ferðinni, að henni hefði ekki auðnazt að leggja svona söluskatt á fyrsta ársfjórðunginn líka.

Það er þess vegna ekki um neitt að efast, að þessi skattur átti að vera til bráðabirgða, og því var lofað, að hann yrði til bráðabirgða. Og nú á að festa hann. Að vísu er maður ekki óvanur slíku hjá einum fjmrh. Það hefur komið fyrir áður á Íslandi, að bráðabirgðaskattur hafi verið framlengdur. En það gildir alveg sérstakt nú. Það gildir nú í fyrsta skipti í 18 ár, að verið er að leggja á söluskatt, sem sé nefskatt, sem leggst á almenning án nokkurra skaðabóta, án þess að sú fátæka alþýða, sem verður að borga þennan söluskatt, fái það uppborið að einhverju leyti með sjálfkrafa hækkandi vísitölu. Hingað til hefur það verið svo, þegar slíkir nefskattar hafa verið lagðir á alþýðu, að ríkisvaldið hefur oft og tíðum kinokað sér við það, vegna þess að það þýddi sjálfkrafa launahækkun vegna vísitölunnar. M. ö. o.: almenningur var ekki alveg varnarlaus gagnvart ríkisvaldinu og gagnvart nýjum álögum og gagnvart því að framlengja bráðabirgðaskatta og bráðabirgðatolla ár eftir ár. Hann hafði ofur litla vörn, þar sem vísitalan var. Þeim fátækustu og þeim varnarlausustu var vísitalan vernd á móti þess háttar ósvífni, eins og slíkri framlengingu. En núna hefur alþýðan ekki slíka vernd. Hún hefur verið af tekin með lögum. Nú þegar þessi söluskattur er framlengdur, ef ríkisstj. hefur hér meiri hl. til þess, þá þýðir það, að þetta leggst á almenning, á alþýðu manna, án allra skaðabóta. Menn verða að bera þetta, menn verða að láta sig vanta því meira, á meðan ekki er búið að gera ráðstafanir til þess að hækka kaupið. Og að öðru leyti er þetta líka alveg frábrugðið því, sem áður hefur verið. Tekjuskatturinn hefur síðustu 18 árin ekki verið lækkaður og sízt af öllu á þeim, sem hæstar hafa tekjurnar. Það var gert í fyrra að taka þær ákvarðanir, vegna þess að því var yfir lýst, að nú ætti ekki að halda áfram á þeirri leið að auka álögur á almenning. Það var engin siðferðisleg vörn til fyrir því að lækka skattinn á þeim ríku, tekjuskattinn, réttlátasta skattinn í landinu, á hátekjumönnunum alveg sérstaklega, — það var engin siðferðisleg vörn til fyrir því, svo framarlega sem átti um leið að halda áfram að auka nefskattana á almenningi. Svo gersneyddur allri siðferðismeðvitund býst ég ekki við að meiri hlutinn hafi verið, að honum hafi dottið í hug að fara að lækka skattana á hátekjumönnunum, svo framarlega sem hann var ákveðinn í því að halda áfram að framlengja alla bráðabirgðaskatta, sem lögðust á almenning fyrst og fremst. Þess vegna stóð þarna sérstaklega á.

Hvernig stendur á, að ríkisstj. svíkur þessa yfirlýsingu sína og þessi loforð? Hvernig stendur á því? Var hún ráðin í því í fyrra? Það er náttúrlega alltaf erfitt að segja, — oss er ei nýrnanna rannsókn veitt. En ekki er ég nú svo slæmur í hennar garð, að ég vilji endilega ætla henni það, að hún hafi verið ákveðin í þessu, þegar hún lagði þetta fram. Ég er hræddur um, að það sé kannske eins og með ýmislegt fleira, að allir reiknimeistarar ríkisstj. hafi reiknað vitlaust í sambandi við þetta eins og í sambandi við flest annað. Þeir eru meistarar í að reikna vitlaust. Hvernig reiknuðu þessir menn? Hvað var það, sem þeir sögðu ríkisstj.

að væri höfuðatriðið í öllu saman? Jú, það væri að eignast gjaldeyrissjóði erlendis. Og hvað væri heillaráðið til þess að eignast gjaldeyrissjóði erlendis? Jú, það væri það að skera niður innflutning til landsins. Og hvernig átti að fara að því að skera niður innflutning til landsins? Jú, það var eitt ágætt ráð, það var að minnka kaupgetu almennings þannig, að hann hefði ekki efni á að kaupa, gera fólkið á Íslandi svo fátækt, að það gæti ekki veitt sér það, sem það hafði getað veitt sér á undanförnum árum. Þetta voru ráð sérfræðinganna, og þetta voru ráðin, sem ríkisstj. tók upp, og um leið eru lækkaðir skattarnir á hátekjumönnunum og lofað að vera ekki að framlengja annað eins ótæti og þennan söluskatt, það hefði bara verið þessi yfirsjón, að einn ársfjórðungurinn hafði tapazt þarna til skattálagningar.

Hvað gerist svo? Hingað til höfum við á Íslandi reynt að fara þær leiðir til þess að bæta afkomu okkar þjóðar, m. a. til þess að jafna og gera verzlunarjöfnuðinn hagstæðan, að auka útflutning, vinna betur úr vörunni, framleiða meira, selja meira af fullunnum vörum úr landinu. Núv. ríkisstj. fór inn á allt aðra stefnu í þeim efnum. Hún skeytti lítið um það, hvort yrði unnið almennilega úr vörunni. Henni var sama um og jafnvel þótti vænt um og stuðlaði að því, að fiskurinn yrði frekar fluttur út sem ísfiskur, að við fengjum sem minnst fyrir hann. Hvað þýddi hins vegar að fara út í það að skeyta lítið um að auka útflutninginn, en minnka í staðinn innflutninginn? Jú, þetta hafði þær eðlilegu afleiðingar innanlands, að þegar alþýðan gat ekki keypt eins mikið og áður og þegar reynt var að koma í veg fyrir, að flutt yrði inn til landsins, þá var það ekki aðeins sá almenningur, sem leið undir því, sem gat ekki veitt sér það, sem hann áður hafði veitt sér, heldur jafnvel sjálfur ríkissjóður. Ég veit ekki, hvort sérfræðingarnir hafa reiknað með því, að jafnvel sjálfur ríkissjóðurinn yrði fyrir áfalli í þessu sambandi, að tekjurnar stæðust ekki. Og hvað höfum við séð? Við höfum séð í sambandi við afgreiðslu fjárl. núna og upplýsingarnar, sem við höfum fengið um tekjurnar á þessu ári, að tekjustofnarnir eru að bila og að fjárl., eins og á að afgreiða þau núna, eru raunverulega óvarlega afgreidd, gagnstætt því, sem verið hefur undanfarin 18 ár. Þau eru óvarlega afgreidd hvað það snertir, að jafnvel sjálfir reiknimeistararnir hafa nú ekki trú á, að áætlunin á fjárl. komi til með að standast hvað tekjurnar snertir. M. ö. o.: það er að bila, sem hefur verið grundvöllurinn undir því, að ríkissjóður hefur á undanförnum áratugum sífellt getað gert meira og meira fyrir almenning í landinu, veitt honum meiri og meiri þjónustu, vegna þess að kjör almennings hafa á ýmsan hátt verið það sæmileg, sérstaklega vegna sæmilegrar atvinnu, að hann hefur getað veitt sér allmikinn innflutning og þessi innflutningur hefur gefið góða skatta og tolla í ríkissjóðinn. Nú bregzt sem sé þetta, og **ef maður vill leggja þetta út á hinn bezta hátt** fyrir ríkisstj., þá er það þetta, sem hún stendur frammi fyrir: Tekjustofnarnir eru að bregðast, og afleiðingin, sem ríkisstj. virðist draga af því, er þetta: Þá verðum við að hækka raunverulega nefskattana, framlengja þá nefskatta, sem við lofuðum að afnema í fyrra.

Þess vegna er það, að þegar svona frv. kemur fram, eins og um þessa framlengingu á söluskattinum, þá er þar um að ræða óbeina viðurkenningu ríkisstj. á því, að grundvöllurinn fyrir allri hennar pólitík sé að bresta, að allir útreikningar sérfræðinga hennar reynist vitlausir, að það standist ekki, það sem þeir höfðu áætlað. Það hefði fæstum mönnum þótt það nokkuð undarlegt, þegar sú stefna er tekin upp að rýra afkomu þjóðarbúsins, gera ekkert til að auka hana, segja jafnvel, eins og hæstv. ríkisstj. segir: Hvað varðar mig um þjóðarhag? — Hvað varðar ríkisstj. um atvinnurekendur og verkamenn? Hvað varðar ríkisstj. um atvinnulífið? Það á að eiga sig út af fyrir sig. Og svo undrast hæstv. ríkisstj., sem segist ætla að láta þetta allt saman afskiptalaust, að þegar afkoma þjóðarbúsins versnar, þá skuli afkoma ríkissjóðs, ríkisbúsins, líka fara versnandi. Auðvitað fylgist það að. Þær stoðir, sem standa undir okkar atvinnulífi, standa líka undir ríkissjóðnum, þannig að þegar verið er að brjóta þessar stoðir, eins og ríkisstj. nú gerir, þá er hún líka að brjóta það, sem ríkissjóðurinn byggir á.

Þess vegna er það, þegar hún sér eina slíka stoð vera að bresta, eins og í þessu sambandi tekjuöflunina í ríkissjóð, þá er ekkert undarlegt, þótt hún grípi til þess að bregðast þeim loforðum, sem hún hafði gefið, og reyna nú að níðast á almenningi með því að leggja þennan söluskatt á, framlengja þennan söluskatt, sem átti í fyrra bara að vera til bráðabirgða.

Þess vegna er nauðsynlegt að gera sér það ljóst, þegar við erum að ræða svona mál eins og þetta frv. um að framlengja bráðabirgðasöluskattinn, að það þarf grundvallarbreytingu, stefnubreytingu, hverfa frá þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur verið með, til þess að bæta úr þeim málum, sem hér er um að ræða. Það, að þetta frv. er komið fram, er afleiðingin af rangri pólitík ríkisstj., afleiðingin af þeirri pólitík að fara inn á að reyna að minnka innflutninginn með því að minnka kaupgetuna, í staðinn fyrir að auka útflutninginn, auka atvinnuna, gera þjóðina ríkari og fólkið efnaðra. En það er þveröfugt, sem ríkisstj. er að gera.

Hæstv. ríkisstj. hefur gengið harðvítuglega fram í að framfylgja þessari pólitík um að minnka kaupgetuna. Og hún hefur ekki látið sér nægja að skera niður kaupmátt tímakaupsins, lækka tímakaupið í sambandi við vísitölubannið. Hún hefur gert meira. Hún hefur komið á atvinnuleysi. Það er bein afleiðing af pólitík ríkisstj., að atvinnuleysi skuli nú vera komið á á Íslandi aftur, að tugir manna í bæ eins og Akureyri skuli vera atvinnulausir, að atvinnuleysi skuli þegar hafa gert verulega vart við sig í Reykjavík, að atvinnuleysi skuli nú vera að heltaka bæi eins og Ísafjörð, að atvinnuleysið yfirleitt, þessi versti vágestur okkar, skuli ætla að fara að gerast landlægur aftur.

Ég hef spurt hæstv. ríkisstj. að því hér og

hennar sérfræðinga, þá sem við höfum á nokkurn hátt getað náð til, — þeir hafa verið úti í París og hér og hvar, þegar fjhn. þessarar hv. d. hefur viljað við þá tala, — hvort það hafi verið vísvitandi gert af þeim, hvort það sé þáttur í þeirra útreikningi, að eigi aðeins kaupgetuminnkun vegna kauplækkunar, heldur einnig kaupgetuminnkun vegna atvinnuleysis skyldi hljótast af þeirra ráðstöfunum, hvort atvinnuleysið sé vísvitandi ráðstöfun ríkisstj. Ég hef spurt hæstv. ríkisstj. að þessu hér hvað eftir annað með þessari spurningu: Ef það er efnahagslegt hrun og atvinnuleysi í landinu, hefur þá ríkisstjórnarpólitíkin heppnazt eða hefur hún misheppnazt? Og ég hef ekki getað fengið svar við þessu. Nú er hæstv. fjmrh. viðstaddur, svo að nú væri kannske hugsanlegt, fyrst við náðum ekki í hann, þegar hann var á næturgöltri sínu hér á föstudagskvöldið, að hann gæfi okkur svar við þessu. Ég vona, að hæstv. sjútvmrh. hafi skilað til hans öllu því, sem ég las yfir honum þá, — hann lofaði því hátíðlega hér í þingsalnum, — svo að hæstv. fjmrh. svari nú og gefi nú góða skýrslu um sína afstöðu í þessum málum.

Ég spurði að því, hvort hrun og atvinnuleysi þýddi það, að pólitík ríkisstj. hefði heppnazt eða hún hefði mistekizt. M. ö. o.: mig langaði til þess að vita það, þegar við sjáum fram á efnahagslegt hrun og atvinnuleysi í landinu, hvort það var þetta, sem ríkisstj. stefndi að, eða hvort það var þetta, sem hún vildi forðast. Ég skilgreindi mína afstöðu þannig, að ég áleit, að hennar sérfræðingum, sem eru mjög lærðir menn, væri það auðvitað ljóst, hvert þeirra stefna mundi leiða. Þeir þekkja það frá því andlega heimalandi sínu, Ameríku, til hvers svona stefna leiðir. Þeir sjá atvinnuleysi fara þar sívaxandi, — ég hygg, að það sé komið upp í 5 milljónir manna núna, — og þeir vita það þess vegna, ef á að koma á harðvítugri auðvaldskúgun í einu landi, þá þarf að koma á atvinnuleysi til þess. Ég gekk þess vegna út frá því, að þeir mundu álíta, að þegar staflarnir hjá Völundi hækkuðu, þegar menn hefðu minni efni á að kaupa timbur, þegar sementsverksmiðjan færi kannske að stöðvast vegna of mikillar sementsframleiðslu og of mikilla sementsbirgða, af því að menn hefðu ekki efni á að kaupa sement í hús, þá álitu þeir, að þeirra pólitík væri að heppnast, þegar margir menn væru orðnir um hvert skiprúm, af því að menn gengju hundruðum saman atvinnulausir í landi, þá álitu þeir, að þeirra pólitík væri að heppnast. En ég vildi fá að vita, hvort ríkisstj. hefði þessa sömu skoðun, sem ég ætlaði þeim. Ef svo væri, ef það er vísvitandi stefna ríkisstj. að koma á atvinnuleysi og hruni í landinu, að rýra lífskjörin hjá verkalýðnum og öðrum launþegum, að gera þá bjargálna millistétt meira eða minna gjaldþrota, — ef þetta væri hennar stefna, þá skilur maður ákaflega vel þetta frv., sem hér liggur fyrir, og það að ganga á bak orða sinna frá í fyrra. Ef það er meiningin að ná eignunum af verkalýð og millistétt í landinu og sópa þessu yfir til örfárra auðmanna í landinu, — ef það er stefnan, við skulum segja eins og gert hefur verið í Bandaríkjunum, þá skilur maður, að þetta er einn þáttur í úthugsuðu kerfi um, hvernig eigi að rýja þá íslenzku alþýðu, sem var orðin of velmegandi fyrir auðvaldið í landinu, rýja hana inn að skinninu smátt og smátt, máske ekki fara of hratt í það, þannig að það væri hægt að sætta menn við það, en ganga áfram stig af stigi.

Þess vegna er það eðlilegt í sambandi við hvert einasta af þessum skipbrotsmálum ríkisstj., sem hér kemur fyrir, efnahagsmálin fyrir helgina og söluskattinn núna, að sjálf pólitík hennar komi til umr.

Setjum nú svo hins vegar, að hæstv. ríkisstj. hefði viljað gera ýmsa góða hluti, auka ýmsa þjónustu við almenning með fjárl. og þyrfti þess vegna að ná í tekjur, hvað hefði þá verið rétta leiðin? Rétta leiðin í slíku sambandi væri tvennt: Í fyrsta lagi að reyna að skera nokkuð niður af óþarfa útgjöldum ríkissjóðs, m. ö. o.: á sama tíma sem væri verið að prédika það yfir almenningi, að hann ætti að spenna fastar að sér beltið, þá sýndi ríkisstj. og ríkisvaldið það einnig í nokkru, að ríkisvaldið vildi fara sparlega með það fé, sem tekið væri af almenningi, sem sannarlega þarf á sínu fé að halda. Þetta hefur ekki fengizt. Allar till. um sparnað á fjárl. hafa verið felldar, þær till., sem eitthvað munaði um, þannig að það er greinilegt, að þá leið vill ríkisstj. ekki fara.

Þá var hitt til: Ef hæstv. ríkisstj. hefði fundizt, að hún þyrfti að gera svo og svo mikið ýmist fyrir almenning eða fyrir sjávarútveginn eða til framfara almennt í landinu, að hún þyrfti að leggja á nýjar álögur, þá varð að ná þessu með því að leggja einhverjar byrðar á þá ríku og á þau breiðu bök og með því að knýja fram vissan sparnað í vissum þáttum þjóðarbúskaparins, þar sem dregið hefði úr gróða. Við vorum með tillögur í sambandi við efnahagsmálin og slíkar ráðstafanir viðvíkjandi því að draga nokkuð úr þeim gróða, sem við vitum að nú er á t. d. vátryggingunum, draga nokkuð úr þeim gróða, sem skipafélögin hafa, og ýmsar aðrar ráðstafanir. Allt slíkt var fellt. En það hefði náttúrlega verið nær af hæstv. ríkisstj., ef henni fannst hún endilega þurfa að afla meira fjár, að hækka þá aftur tekjuskattinn á hátekjumönnunum, sjálfum sér og öðrum, heldur en að leggja þennan söluskatt á almenning. Það hefði verið nær. Það hefði verið réttlátara. Ekkert af þessu var gert.

Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. hefur rætt um það innan sinna vébanda að gera einhvern niðurskurð á fjárl. Því hefur verið fleygt, að henni hefði dottið slíkt í hug. En henni hefur þá fyrst og fremst dottið í hug að reyna að skera eitthvað niður af almannatryggingunum, en ekki treyst sér til þess strax. Hvort það er satt eða ekki, skal ég ekki fullyrða. En það er farið nokkuð svipað að, ef söluskattur er lagður á almenning eða hins vegar þær almennu tryggingar, sem hann á að fá, skörnar niður. Það er hvort tveggja tekið fyrst og fremst úr sama vasanum, en hins vegar pólitískt þó nokkur munur á.

Þess vegna, ef hæstv. ríkisstj. áleit óhjá-

kvæmilegt að leggja á nýjar álögur, átti að fara aðrar leiðir en þessar, sem hér er um að ræða. Þessi söluskattur kemur til með að hvíla mjög þungt á almenningi. Hann hafði satt að segja búizt við því, að þessum hluta söluskattsins, sem hér um ræðir, yrði þó alltaf af létt, og það hefði þýtt fyrir alþýðu manna þó ofur litla lífskjarabót, þó að það hefði ekki sagt mjög mikið upp í þá gífurlegu rýringu á lífskjörunum, sem þegar hefur átt sér stað. Og nú er rétt að athuga vel, hvernig þessi skattur kemur út fyrir alþýðu manna, með tilliti til þess, sem ég gat um í upphafi míns máls, með tilliti til vísitölubannsins.

Ég hef birt í sambandi við umr. um þessi mál, nú seinast í sambandi við efnahagsmálin, þróunina, sem lífskjör almennings, hvað kaupgetu tímakaupsins snertir, hafa tekið á þessu ári. Hæstv. fjmrh. vildi bera nokkrar brigður á hjá mér fyrir nokkrum dögum, að það væri rétt mynd, sem ég færi þar með. Ég hef birt vísitölu, sem reiknuð hefur verið út af Torfa Ásgeirssyni hagfræðingi, sem er sú sama sem var birt á síðasta ári líka, vísitölu, sem annar stjórnarflokkurinn fagnaði sérstaklega að sjá og lagði mjög mikla blessun yfir þann grundvöll, sem þar var reiknað á, vegna þess að það kom í ljós á þeirri vísitölu, að þegar miðað var við 1945, kaupgetu tímakaupsins þá sem 100, þá hafði vísitalan 1959 haldizt í 99, meðalvísitala ársins, sem var sérstaklega vegna þess, að janúar þess árs, 1959, var með eina hæstu vísitölu kaupgetunnar, sem þekkzt hefur á Íslandi, sem sé 109 stig, þannig að það var svo að segja þar eitt stig til þess að jafna út á hvern mánuð ársins, sem eftir var. Þegar þessi vísitala er útreiknuð miðað við 1945 sama sem 100, þá lítur þróunin eftir mánuðum þessa árs, 1960, þannig út, með leyfi hæstv. forseta:

Í janúar var það 99, febrúar 99, marz 98, apríl 93, maí 92, júní 89, júlí 88, ágúst 88, sept. 88 — eða ef maður tekur það nákvæmlega 87.5, okt. 86 — eða nákvæmlega 86.2, nóvember 86 — það var 85.54, desember 85 — nákvæmlega séð 85.1. M. ö. o.: það hefur lækkað um næstum 15% á þessu ári.

Þetta er afrek ríkisstj. gagnvart lífskjörum almennings á þessu ári. Þetta er lífskjararýrnunin, eins og hún lýsir sér aðeins í kaupgetu tímakaupsins. Hin afrek ríkisstj. eru ekki tekin þarna með, að geta líka svipt menn tímakaupinu öllu, hindra menn í því að fá atvinnu, gert menn atvinnulausa, neytt menn, eins og alla verkamennina í Reykjavík núna, til þess að hverfa burt kl. 8—9 á morgnana, af því að þeir fá enga vinnu.

Hæstv. fjmrh. vildi bera brigður á, að þetta væri rétt, að reikna vísitöluna svona, miðað við vörur og þjónustu. Ég held því fram, að það sé rétt að reikna hana svona. Hvað er það, sem verkamaðurinn þarf — fjögurra manna fjölskylda — til þess að geta dregið fram lífið samkvæmt vísitölu hagstofunnar? Hvað er það, sem hún þarf í fé yfir árið til þess að borga þessar vörur og þjónustu? Hún þarf 56 þús. kr. Og hvað er það, sem einn Dagsbrúnarverkamaður hefur í laun árið um kring fyrir sína 8 tíma vinnu, ef hann fær í friði fyrir ríkisstjórnarpólitíkinni að vinna 8 tíma á hverjum degi og er ekki sviptur vinnunni, eins og hann er núna? Hann fær 48 þús. kr. Hann vantar 8 þús. kr. til þess að geta veitt sér þessar vörur og þjónustu, sem kosta 56 þús. eftir vísitölunni. Þess vegna er rétt að miða við þetta, en ekki alla vísitöluna. Hinir tveir liðir vísitölunnar, sem þarna eru ekki teknir með, eru annars vegar húsnæðið og hins vegar uppbæturnar viðvíkjandi almannatryggingunum og skattalækkunin. Hvernig kom það út, þegar maður reiknaði með þeirri vísitölu, sem hæstv. fjmrh. vill láta leggja til grundvallar, þeirri opinberu vísitölu hagstofunnar, eins og hún er eftir 1. okt., eftir að ríkisstj. lét breyta grundvellinum? Þá var það 68 þús., sem fjögurra manna fjölskylda þarf til að lifa af, og Dagsbrúnarverkamaðurinn hefur 48 þús. Hvernig er húsnæðisvísitalan reiknuð í þeim lið? Hvað er hún? Hún er 10 200 kr. á ári. Ætlar hæstv. fjmrh. að útvega öllum þeim Reykvíkingum, sem til hans koma, sæmilega gott húsnæði fyrir 10 200 kr. húsaleigu á ári? Hvað mörgum reykvískum fjölskyldum ætlar hann að útvega leigu á þetta 900—1000 kr. á mánuði? Ætli jafnvel okkar volduga fjmrh. mundi ekki veitast það dálítið erfitt, jafnvel þótt hann yrði aftur borgarstjóri í Reykjavík. M. ö. o.: ég held því fram, að þessi vísitala sé fölsuð og gefi ekki rétta mynd af því, sem fjölskylda í Reykjavík þarf til þess að lifa af. Hins vegar gefur þessi þáttur um vöru og þjónustu rétta mynd, og meðan það er svo, að Dagsbrúnarverkamaður getur fyrir vinnu 8 tíma hvern einasta dag ársins ekki einu sinni komizt upp í 56 þús. krónurnar, sem hann þarf til þess að borga vörur og þjónustu, þá er rétt að miða við það.

Þetta verða menn að horfast í augu við, þegar menn eru að ræða um framlengingu söluskattsins. Það er nú þegar búið að íþyngja almenningi þannig með vísitölubanninu, með byrjandi atvinnuleysi, með gengislækkuninni og dýrtíðinni í kjölfar hennar, að almenningur þolir ekki meira. Hver dropi, sem við bætist, getur verið nægur til þess, að út af flói, og það væri skynsamlegra af einni ríkisstj. að halda ekki svona rakleitt áfram með óréttlátar álögur, heldur að sjá nokkuð að sér og byrja að reyna að draga í land. Það er kannske ekki okkar fyrst og fremst í stjórnarandstöðunni að reyna að gefa henni góð ráð í því sambandi. Það er svo greinilegt, að hennar stefna er að kollsigla sig, að við ættum náttúrlega ekki að harma það. En hver dagurinn sem líður með versnandi lífskjör, hverjar nýjar álögur, sem á bætast, hvert nýtt óréttlæti, sem framið er af hálfu hæstv. ríkisstj., það knýr menn hins vegar til þess að mótmæla þessu, leggja að henni að hverfa frá villu síns vegar, hætta við þessa röngu efnahagsstefnu, sem er að gera þjóðina fátækari, sem er að leiða atvinnuleysið yfir landið, sem er að leiða efnahagslegt hrun yfir okkar atvinnuvegi. Það er of dýrt að vera að gera tilraunir með löngu úreltar kenningar, eins og þær, sem er verið að gera tilraunir með á Íslandi núna. Við eigum ekki að fara

aftur á neina steinöld hvað snertir efnahagskerfið. Við vissum vel, að þau efnahagskerfi, sem fyrir voru á Íslandi, voru gölluð. En þá átti að stíga sporin áfram til þess að reyna að bæta úr þeim, en ekki aftur á bak með því að skipuleggja kreppu í landinu, eins og nú er verið að gera.

Mín till., herra forseti, gagnvart þessu frv. er því, að það sé fellt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í sambandi við þetta frv. um framlengingu á 8% söluskattinum ætla ég ekki að fylgja fordæmi nokkurra hv. þm., sem hér hafa talað og rætt almennt um efnahagsaðgerðirnar. En ég tel rétt að leiðrétta nokkur ranghermi, sem komið hafa fram hjá ræðumönnum í sambandi við þetta mál.

Hver eftir annan tönnlast þeir á því, að þessi 8% söluskattur hafi verið settur í fyrra einvörðungu af einni ástæðu og sú ástæða eða röksemd hafi verið sú, að smásöluskatturinn, 3%, hafi ekki getað gilt nema ¾ þessa árs. Hv. síðasti ræðumaður endurtók þetta einnig. Þessi staðhæfing er alröng. Í fyrsta lagi afsannaði þessi hv. ræðumaður það sjálfur, þar sem hann vitnaði í grg. frv., þar sem þessi ástæða var nefnd meðal annarra. Samt sem áður leyfir hann sér að segja: Það er einvörðungu þessi ástæða og engin önnur.

Í umr. í fyrra um þetta mál kom það svo greinilega fram sem frekast mátti verða, hverjar voru ástæðurnar til þess, að 8% söluskatturinn var á lagður. Og bæði hv. síðasti ræðumaður og aðrir, sem hér hafa talað, vita þetta ákaflega vel. Ástæðurnar voru þrjár. Ein var sú, að við undirbúning söluskattsfrv. var í fyrsta lagi ákveðið að undanþiggja stóra flokka þessum 3% söluskatti, og nefni ég þar fyrst og fremst mannvirkjagerð, og raunar ýmislegt fleira, sem í öndverðu hafði komið til orða að láta 3% skattinn ná til, en þótti rétt að athuguðu máli að undanþiggja. Þessi ástæða gerir að verkum, að smásöluskatturinn gaf allmiklu minna í tekjur en í öndverðu hafði verið gert ráð fyrir. Fyrst og fremst var það sem sagt mannvirkjagerð og byggingastarfsemi, sem ákveðið var síðar að undanþiggja. Í öðru lagi var gert ráð fyrir því, að smásöluskatturinn þyrfti að vera 4 eða jafnvel 5% í upphafi til að ná þessari upphæð, sem um er að ræða, en það var ákveðið að hafa hann ekki hærri en 3%. Í þriðja lagi var það svo einnig, að þar sem þessi söluskattur gat ekki komið til framkvæmda, fyrr en þrír mánuðir voru liðnir af árinu, þá þurfti að grípa til þessa 8% skatts. Þessar voru þrjár ástæðurnar fyrir því, að 8% skatturinn var lögleiddur, og þetta er þessum hv. þm. fyllilega ljóst.

Í annan stað er því haldið fram með þessu ranghermi um, að aðeins ein ástæða hafi legið til 8% söluskattsins, sem sagt, að 3% söluskatturinn kom ekki til framkvæmda fyrr en 3 mánuðir voru af árinu, — þessi röksemd er búin til til að rökstyðja það einnig, að ríkisstj. hafi lofað því og lýst því yfir sem hreinu loforði, að söluskatturinn yrði ekki framlengdur. Þetta er alrangt, og þessir hv. þm. vita það sjálfir, að það er rangt. Í umr. um söluskattinn hér á Alþ. í fyrra tók ég það skýrt fram í báðum deildum og oftar en einu sinni að gefnu tilefni, að því færi fjarri, að ríkisstj. vildi gefa nokkur loforð um það, að þessi 8% skattur yrði ekki framlengdur. Ég hef hér t. d. fyrir mér ræðu, sem ég flutti í þessu máli 14. marz s. l. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi 8% innflutningssöluskattinn er ekki annað lagt til að þessu sinni en að hann standi þetta ár. Um það, hvað við tekur á næsta ári, skal ég ekkert segja hér nú. Eins og ég hef áður skýrt frá á hv. Alþ., er tollskráin og öll löggjöf um aðflutnings- og innflutningsgjöld í sérstakri athugun. Ætlunin er fyrst og fremst að samræma þetta kerfi og gera það einfaldara en verið hefur. En um það, hvað verður um innflutningssöluskattinn á næsta ári og framtíð hans, skal ég ekkert fullyrða á þessu stigi."

Hér er það svo skýrt tekið fram sem verða má, og í öðrum yfirlýsingum nefndi ég sérstaklega, að það, hvort innflutningssöluskatturinn þyrfti að standa á árinu 1961, ylti allt á því, hvernig gengi að koma saman fjárl., og um það yrði ekkert hægt að segja fyrr en á haustþinginu, þegar fjárlögin yrðu til meðferðar. Hér er sem sagt annað meginranghermi, bæði hv. síðasta ræðumanns og annarra, sem hér hafa talað.

Þá hafa sumir hv. þm. viljað leggja það inn í orðalagið bráðabirgðaskattur, að í því felist loforð um, að hann verði ekki framlengdur. Það er sannast sagna broslegt, þegar hv. 1. þm. Austf. kemur hér upp í stólinn og virðist leggja þann skilning í orðalagið, að þetta hafi auðvitað ekki átt að framlengjast og það séu brot gegn fyrirheitum að framlengja það. Nú vill þannig til, að þessi hv. þm. var fjmrh. hér samfleytt í 9 ár, frá 1950 snemma og til ársloka 1958. Það er eitt af fyrstu verkum hans, eftir að hann varð fjmrh. að nýju 1950, að flytja frv. um að framlengja um eins árs skeið þann söluskatt, sem þá var í lögum. Og það er tekið fram í því frv., sem hv. þm. flutti og fékk samþykkt, að þessi söluskattur skuli gilda fyrir árið 1951. Maður skyldi þó ætla eftir þessum skoðunum hans og samherja hans, að á næsta þingi hefði ekki komið til mála að framlengja þennan skatt. Hann flutti samt sem áður nýtt frv. um það, að þessi söluskattur skyldi einnig gilda á árinu 1952. Og eftir hans skilningi og samherja hans hefði átt í þessu að felast loforð um það, að hann yrði ekki oftar framlengdur. Á næsta þingi flytur hann sams konar frv. um, að þessi skattur skuli einnig gilda á árinu 1953. Og á næsta þingi flytur hann nýtt frv. um, að skatturinn skuli gilda á árinu 1954. Og þannig heldur hann áfram alla sína tíð sem fjmrh. að flytja á hverju einasta þingi frv. um það, að þessi söluskattur skuli gilda fyrir næsta ár.

Þegar hann og samherjar hans leyfa sér svo að koma hingað og berja sér á brjóst, telja vera goðgá, að framlengdur sé skattur, sem

kallaður hafi verið bráðabirgðaskattur og hafi verið ákveðið um gildi hans í eitt ár, þá er nánast sagt ekki hægt að taka slíkt alvarlega. Þegar bæði hv. framsóknarmenn og hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Reykv., tala hér nú af miklum móði á móti söluskatti almennt, er varðandi framsóknarmennina ekki hægt að taka það alvarlega, því að þegar þeir hafa farið með fjármálin og stjórnað landinu, hafa þeir alltaf byggt afkomu ríkissjóðs að verulegu leyti á söluskatti í meira en áratug. Varðandi svo Alþb. og hv. 3. þm. Reykv., sem varla á nógu sterk orð og sterkan róm til þess að lýsa hneykslun sinni á söluskattinum, þá kemur þetta dálítið einkennilega heim við það, þegar maður veit það og hefur sannanir fyrir því, að hans fyrirmyndarríki, Sovétríkin, notar nú einmitt söluskatta sem aðaltekjustofn hins kommúnistíska samveldis. Ég skal ekki fara langt út í það mál hér. Þessi hv. þm. veit ákaflega vel, að það er fyrst og fremst verzlunarálagning ríkisins og söluskattar, sem eru meginuppistaðan í tekjustofnum Sovétríkjanna. Og það eru engir smávegis söluskattar. Það er ekki verið að láta sér nægja 3% og 8%, eins og við erum að tala um hér. Við skulum taka sem dæmi eina vörutegund, sem við seljum þó nokkuð af til Sovétríkjanna. Það er saltsíld. Eftir síðustu upplýsingum, sem ég hef fengið, mun íslenzka síldin komin til Rússlands, komin í höfn þar, kosta þar um 0.8—0.9 rúblur. Í útsölu í verzlunum er kg selt á 16.40 rúblur. Það er um tuttugufalt verð. Þessi álagning eða söluskattur eða hvað það er kallað nemur ekki 3% og ekki 8%, heldur 1900%. Ég veit ekki, hvort er fremur hægt að taka það alvarlega, þegar þessi mikli og ötuli málsvari Sovétríkjanna og þess skipulags, sem þar gildir og byggir svo mjög á söluskatti, kemur hingað í ræðustól á Alþingi og hneykslast yfir 3% eða 8% söluskatti.

Það hefur verið sýnt fram á það áður, að þær skattalagabreytingar, sem núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, þ. e. a. s. breyt. á söluskatti, breyt. á tekjuskatti og útsvarslögum, koma ekki verr við meðalfjölskyldu, heldur betur en áður. Þetta hefur ekki verið hrakið. Þetta hefur verið reiknað út af hagstofunni og liggur fyrir skjallega sannanlegt. Þar er útkoman þessi, að sú lækkun, sem hefur orðið á tekjuskatti, útsvari og afnámi 9% söluskatts fyrir meðalfjölskyldu, — að þessar lækkanir nema hærri upphæð en 3% og 8% söluskattinum, sem á hefur verið lagður, þannig að þegar skattalagabreytingarnar út af fyrir sig eru metnar, þá er þetta ekki í óhag, heldur í hag meðalfjölskyldu.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta mál og ekki almennt út í umr. um efnahagsmál og gjaldeyrismál og annað þess háttar. En aðeins út af ummælum hv. 3. þm. Reykv., sem voru þess eðlis, að þau eru tæplega svaraverð að vísu, þá vil ég nú taka það skýrt fram, eins og margsinnis hefur komið fram, að það er að sjálfsögðu stefna ríkisstj. að halda uppi fullri vinnu og koma í veg fyrir, að til atvinnuleysis komi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var að halda því fram hér áðan, að í umr. á Alþ. í fyrra hefði hann ekki gefið neitt fyrirheit eða ádrátt um það, að þessi skattur, sem hér er verið að ræða um, yrði ekki framlengdur. Í því sambandi vitnaði hann í ummæli, sem hann hefði viðhaft 14. marz í fyrra og munu hafa verið í Ed. Ég vil í þessu tilefni rifja það upp, sem hæstv. fjmrh. sagði um þetta mál, þegar frv. um söluskattinn var til 1. umr. hér í þessari hv. d. s. l. vetur, eða 15. marz, þegar hann var að gera grein fyrir því, vegna hvers smásöluskatturinn nægði ekki á þessu ári til þess að gefa ríkinu þær tekjur, sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlagafrv. Hæstv. fjmrh. fórust orð á þessa leið:

„Þessar þrjár ástæður liggja til þess, að söluskattur sá, sem hér er lagt til að lögfestur verði, muni ekki á þessu ári gefa þá upphæð, sem í fjárlagafrv. hafði verið tiltekin. Það varð því að ráði, að á þessu ári skyldi náð viðbótarupphæðinni með því að bæta við innflutningssöluskattinn, sem nú er 7%, og að hann skyldi hækkaður um 8%, þ. e. a. s. verða 15%."

Hæstv. ráðh. sagði enn fremur:

„Nú vil ég taka það fram, að þetta tvennt, 3% smásöluskatturinn og 8% innflutningssöluskatturinn, er m. a. að því leyti ólíkt í þessu frv., að ákvæðin um smásöluskattinn eru ekki bundin við þetta ár, heldur gert ráð fyrir, að þau ákvæði standi áfram, að smásöluskattinum verði haldið ekki aðeins þetta ár, heldur áfram. Hins vegar er 8% innflutningssöluskatturinn bráðabirgðaákvæði og ekki ákveðið annað í þessu frv. heldur en hann skuli gilda út þetta ár."

Það má að vísu segja, að það felist í þessum ummælum ekki ákveðið loforð um það, að skatturinn skuli ekki vera framlengdur. En öll sú skilgreining, sem hæstv. ráðh. gerir á þessum tveimur sköttum í þessum ummælum sínum, verður ekki skilin á annan veg en þann, að hann sé að gefa mjög ákveðið undir fótinn um það, svo að ekki sé sterkara til orða tekið, að skatturinn verði ekki framlengdur. Og ég efa það ekki heldur, að það hafi verið vonir hæstv. ráðh. þá, að það mundi verða hægt. En hins vegar hefur honum ekki tekizt að standa við það vegna ástæðna, sem hér hefur áður verið gerð grein fyrir, sem sagt þeirra, að samdrátturinn, sem hefur hlotizt af efnahagsmálastefnunni, hefur orðið meiri en hæstv. ráðh. gerði sér vonir um þá og gerði ráð fyrir þá, og þess vegna hefur orðið nauðsynlegt að framlengja skattinn aftur á þessu ári.

Það kemur mjög ljóst fram í ummælum á þessum tíma í blöðum hæstv. ríkisstj., að þar var eindregið reiknað með því og þessi ummæli ráðh. skilin á þá leið, að skatturinn mundi ekki verða framlengdur, heldur aðeins vera til bráðabirgða, vegna þess að smásöluskatturinn gæfi ekki þær tekjur árið 1960, sem upphaflega hafði verið áætlað, vegna sérstakra ástæðna, sem ráðh. gerði grein fyrir og rifjaði hér upp áðan. En þessar ástæður voru hins vegar ekki fyrir hendi á árinu 1961 og þess vegna líka gert ráð fyrir því, eins og kom líka

fram í ummælum ráðh., sem ég hef hér lesið upp, að búizt var við því, að ekki þyrfti að framlengja viðbótarinnflutningssöluskattinn.

Ég skal svo ekki ræða meira um þetta atriði. En ég held, að það sé nægilega ljóst af þessu og öðru, sem hér hefur fram komið, að hæstv. ráðh. gaf mjög ákveðið fyrirheit og ádrátt um það á s. l. vetri, að ekki þyrfti að framlengja þennan skatt, og vafalaust hefur hann þá líka gert sér ákveðnar vonir um, að það yrði hægt að standa við það. En vegna þeirra áhrifa, sem efnahagsmálaaðgerðir ríkisstj. hafa haft, hefur ekki verið hægt að standa við þetta fyrirheit.

Hæstv. ráðh. var hér áðan að rifja upp útreikninga um það, að þær skattalækkanir, sem ríkisstj. hafði gert og látið framkvæma, kæmu þannig út gagnvart meðalfjölskyldu, að þrátt fyrir þá hækkun á söluskattinum, sem hefði orðið, þá legðust nú minni skattabyrðar á meðalfjölskyldu en áður hefði verið, þannig að lækkun tekjuskatts og útsvars, sem var samþ. hér á s. l. ári, hefði falið í sér hærri upphæð en þá, sem felst í sölusköttunum tveimur, sem á höfðu verið lagðir, smásöluskattinum og viðbótarinnflutningssöluskattinum.

Það er vert að athuga þetta nokkru nánara. Samkv. því, sem var upplýst af hæstv. ráðh. á þinginu í fyrra, nam lækkun tekjuskattsins samanlagt 75 millj. kr. Það er skýrt tekið fram í því fjárlagafrv., sem hann lagði fram. Lækkun útsvaranna var í grg. fyrir útsvarsfrv. áætluð 55 millj. kr., svo að samtals nam þessi skattalækkun 130 millj. kr. Skattalækkanirnar samkv. útreikningum ríkisstj. sjálfrar námu 130 millj. kr. Í því fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir því, að þessir tveir nýju söluskattar, sem ríkisstj. hefur lagt á, smásöluskatturinn og viðbótarinnflutningssöluskatturinn, nemi rösklega 350 millj. kr. eða m. ö. o. er nærri því þrisvar sinnum hærri upphæð en sú skattalækkun, sem ríkisstj. framkvæmdi. En þrátt fyrir þessa staðreynd segist hæstv. fjmrh. vera svona sniðugur, að þó að skattaupphæðin hafi þannig verið raunverulega þrefölduð, þá séu byrðarnar léttari fyrir meðalfjölskyldu en þær voru áður. Hvernig halda menn, að þetta geti staðizt? Með því að athuga dálítið nánar, hvernig þetta kemur út, ef fylgt er útreikningi hæstv. ráðh. í sambandi við þann skatt, sem hér liggur fyrir, þá verður dæmið á þessa leið:

Samkv. þeim útreikningum, sem hann hefur birt og hann segir, að hagstofan hafi reiknað út eftir grundvelli framfærsluvísitölunnar, nemur þessi skattur, sem hér ræðir um, um 1700 kr. á meðalfjölskyldu. Það mun láta nærri, að það sé þá um 400 kr. á einstakling, vegna þess að í meðalfjölskyldunni eru rúmlega 4 einstaklingar. Þessar 400 kr. á einstakling, þegar reiknað er með því, að íbúarnir séu eitthvað í kringum 170 þús., nema samtals 68 millj. kr.

Eftir þessu að dæma ætti þessi skattur ekki að gefa nema 68 millj. kr. Í fjárlagafrv., sem liggur fyrir Alþ., er hins vegar gert ráð fyrir, að þessi skattur nemi 168 millj. kr., eða 100 millj. kr. meira. Hvar heldur hæstv. ráðh. að þessar 100 millj. komi niður, þó að með einhverjum útreikningum sé kannske hægt að leiða rök að því, að af þessum söluskatti komi ekki nema 68 millj. kr. inn í sjálfa framfærsluvísitöluna? Þessar 100 millj. kr. leggjast kannske ekki beint á neytendur í landinu. Þær leggjast hins vegar á framleiðsluna og fyrirtækin í landinu, og vitanlega verða neytendur fyrr en síðar að borga það, sem atvinnufyrirtækin og verzlunarfyrirtækin verða að greiða. Þessi skattlagning verður að sjálfsögðu til þess, að afkoma atvinnufyrirtækjanna verður lakari sem þessari upphæð nemur. Það verður til þess, að þau verða að draga að sér höndina, þau verða að skera niður eftirvinnu, eins og þegar hefur verið gert, jafnvel segja fólki upp o. s. frv., og smátt og smátt kemur þetta svo fram á almenningi í landinu, með því að þessi fyrirtæki, t. d. verzlunarfyrirtækin, þurfa að fá hærri álagningu. Þó að þessir söluskattar komi ekki strax fram í framfærsluvísitölunni, þá koma þeir að sjálfsögðu fyrr en síðar fram sem byrðar á almenningi með einum eða öðrum hætti, þó að það sé ekki hægt að sýna það strax í sambandi við útreikninga, sem eru byggðir á framfærsluvísitölunni.

Það er hins vegar staðreynd, sem verður ekki á móti mælt, að skattalækkunin, sem ríkisstj. hefur framkvæmt, er samkv. upplýsingum hennar sjálfrar, eins og ég hef hér rifjað upp, 130 millj. kr. á ári, en nýju söluskattarnir, sem ríkisstj. hefur lagt á, nema 350 millj. kr., og auk þess hefur ríkisstj. staðið að því að hækka marga aðra skatta en þessa, þannig að skattabyrðarnar hafa margfaldazt hjá hæstv. ríkisstj.

En þrátt fyrir það leyfir hæstv. fjmrh. sér að halda því fram með því að slíta tölur úr samhengi, að þetta komi þannig út fyrir almenning, að hann hagnist á þeim skattalagabreytingum, sem hér hafa verið gerðar.

Ég held, að ef menn athuga þetta nokkru nánar og með því að blekkjast ekki á því, að vissir hlutir séu dregnir úr samhengi, heldur athugi málið allt, þá geri þeir sér það ljóst, að skattabyrðarnar hafa aukizt alveg stórkostlega, enda held ég, að allir aðilar, sem þessu eru kunnugir, geri sér fullkomlega grein fyrir hinni stórauknu dýrtíð, sem hefur orðið hér á þessu ári og ekki aðeins stafar af gengisbreytingunni, heldur miklu frekar af þeim skattahækkunum, sem hafa átt sér stað, vaxtaokrinu og öðrum slíkum ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur framkvæmt.

Vegna þess að það er orðið áliðið þingtímans að þessu sinni og ég vil ekki draga umræður óhæfilega á langinn, skal ég ekki ræða fleiri atriði að sinni af því, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. En það er ein fsp., sem ég bar fram til hans við 1. umr. og hann hefur enn ekki svarað, en ég vænti, að hann svari núna við þessa umræðu.

Í tilefni af því, að þær vonir hafa brostið, að þessi viðbótarinnflutningssöluskattur yrði afnuminn og þar með dregið nokkuð úr þeirri kjaraskerðingu, sem almenningur hefur orðið fyrir, þá spurði ég hæstv. fjmrh. að því við 1.

umr., hvaða ráðstafanir ríkisstj. hygðist gera til að draga úr hinni miklu kjaraskerðingu, sem ráðstafanir hennar hefðu haft fyrir almenning í landinu og sjást kannske ljósast af því, að laun verkamanna, jafnvel þó að þeir hafi atvinnu allan ársins hring, eru ekki nema 48 þús. kr. á ári, en hins vegar gerir framfærsluvísitalan ráð fyrir því, að þó að gætt sé hins ýtrasta sparnaðar, þurfi meðalfjölskyldan að fá 68 þús. kr. sér til framfærslu. Þarna munar ekki minna en 20 þús. kr., og hvar á almenningur að taka þetta? Það er að vísu sagt, að þarna komi inn í fjölskylduuppbæturnar. En þær nema ekki nema rúmum 5 þús. kr. hjá svona fjölskyldu, og þá eru 15 þús. eftir, sem þarf að brúa. En hæstv. ráðh. hafa séð um sjálfa sig. Þeir hafa lækkað sína skatta svo mikið, að þeir hafa fengið þessar 15 þús. kr. uppbætur og vel það, sem þarna ber á milli á þeim launum, sem verkamannsfjölskyldan hefur og framfærsluvísitölufjölskyldan er talin þurfa hafa. Þeir hafa brúað þetta bil og vel það með þeirri skattalækkun, sem þeir hafa veitt sér, því að eins og hér hefur verið vikið að áður, mun þessi skattalækkun svara til þess, að Dagsbrúnarverkamaður fái 50—60% kauppuppbót. Það ætti að sjálfsögðu að ýta undir hæstv. ráðh. að gera eitthvað til þess að bæta upp þá kjaraskerðingu, sem almenningur hefur orðið fyrir, að þeir hafa hugsað svona vel um sjálfa sig, og þeir eru vafalaust það skilningsríkir, að þeir vilja ekki láta almenning sitja við lakara borð en þeir sitja við sjálfir. Þess vegna beini ég enn á ný þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., fyrst sá skattur, sem hér er rætt um, verður ekki afnuminn og almenningur verður að búa áfram við kjaraskerðingu af völdum hans, hvaða aðrar ráðstafanir hyggst þá ríkisstj. gera til að koma á móts við þær launastéttir, sem fara verst út úr kjaraskerðingunni, og til þess að sjálfsögðu að koma í veg fyrir það, að þessar stéttir neyðist til þess að grípa til einhverra sérstakra vandræðaráðstafana, eins og t. d. verkfalla, sem allir vænta þó að verði komizt hjá og á að vera hægt að komast hjá, ef ríkisstj. sýnir einhvern skilning í þessum málum og kemur til móts við menn, áður en út í óefni er komið? Og fyrst þær vonir hafa ekki rætzt, að hægt verði að afnema þennan skatt, þá hlýtur ríkisstj. að hafa einhver önnur ráð uppi í þessu sambandi, og þess vegna væri æskilegt, ef hæstv. fjmrh. treystir sér til þess að skýra frá því nú.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. beindi hér til mín fsp. um það, hvað ríkisstj. hugsaði sér að gera til að bæta kjör almennings í landinu. Ég svara því ósköp fljótt, að ég tel, að stærsta hagsmunamál launþeganna í landinu sé það, að efnahagsaðgerðirnar takist. Það er frumskilyrði fyrir því, að kjör manna geti batnað hér á næstu árum. Hið versta verk og skaðlegasta fyrir launamenn og launþega er einmitt að gera tilraunir til þess að eyðileggja efnahagsaðgerðirnar og áhrif þeirra.

Hv. 7. þm. Reykv. fór hér með nokkuð einkennilegar tölur, og vil ég leyfa mér að leiðrétta þær. Hann finnur það út, að lækkun tekjuskatts og útsvars í ár sé 75 millj. varðandi tekjuskattinn og 55 millj. varðandi útsvarið. Þess er nú fyrst að geta, að hv. þm. sleppir stærsta gjaldaliðnum hér, sem er afnám 9% söluskattsins. Það var margsinnis skýrt í fyrra, hvernig þetta dæmi lægi fyrir. Afnám 9% söluskattsins þýddi um 114 millj. kr. Hefði þessi 9% söluskattur verið í gildi þetta ár, hefði hann gefið um 114 millj. kr. Sú breyt., sem gerð var á tekjuskattslögunum, rýrði tekjur ríkissjóðs ekki um 75 millj., heldur um 110 millj. Þessi tala, sem hv. þm. er með, mun vera hins vegar mismunur á áætlun fjárlaga 1959 og 1960. En málið liggur þannig fyrir varðandi tekjuskattinn, að að óbreyttum tekjuskattslögum hefði tekjuskatturinn í ár væntanlega orðið um 180 millj., en vegna breyt. er hann áætlaður í fjárlögum rétt um eða rúmar 70 millj. Loks renna svo til jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna til þess að lækka útsvörin 56 millj. Þessar tölur, 110 millj. tekjurýrnun vegna skattalagabreyt., 114 millj. vegna afnáms 9% söluskattsins og 56 millj. til sveitarfélaganna, eru samtals 280 millj., en það er sú upphæð, sem söluskatturinn, bæði 3% og 8%, átti að gefa í ár. Þessar tölur féllu alveg saman, og þess vegna er það rétt um þessar tolla- og skattalækkanir, sem ákveðnar voru, að sama upphæð átti að nást á móti með þessum tvenns konar söluskatti.

Varðandi áhrifin á afkomu meðalfjölskyldu og vísitölufjölskyldu er rétt hér að lesa upp skýrslu eða útreikning hagstofunnar, svo að það liggi þá fyrir hér. Hann er á þessa leið:

Lækkun tekjuskatts 1444 kr., lækkun útsvars 924 kr., lækkun útgjalda vegna niðurfellingar 9% söluskatts er 1357 kr., lækkanir alls á vísitölufjölskyldunni 3725 kr. Hækkanir eru hins vegar: vegna 3% söluskattsins 1527 kr., vegna 8% innflutningssöluskattsins 1700, samtals 3227 kr. Mismunurinn er 498 kr., sem lækkar af þessum ástæðum á vísitölufjölskyldunni.

Ég veit ekki, hvort hv. 7. þm. Reykv. vill rengja þessar tölur hagstofunnar. Ég efa, að hann leyfi sér að gera það. En hins vegar þær tölur, sem hann var með hér, voru svo algerlega villandi, að það er alveg furðulegt, að hv. þm. skuli leyfa sér að bera þær fram hér á þingi. Það, sem náttúrlega skakkar langsamlega mestu, er, að hann sleppir gersamlega einum þeim tekjustofni, sem hefði í ár gefið 114 millj., ef lög hefðu verið óbreytt í því efni.

Garðar Halldórsson: Herra forseti. Frv. hæstv. ríkisstj. á þskj. 137 um framlengingu söluskatts gefur vissulega tilefni til þess, að rætt sé nokkuð um efnahagsmálin á breiðara grundvelli. Söluskatturinn og vaxtaokrið valda það miklu um dýrtíðaraukninguna, að ef hefði verið hægt nú að hverfa frá hvoru tveggja, samsvaraði það verulegri kjarabót alls almennings í landinu. Reynslan af dýrtíðinni, sem að verulegu leyti er tilbúningur hæstv. ríkisstj. og að margra áliti umfram það, sem nauðsynlegt var til þess að ráða fram úr aðkallandi vanda efna-

hagsmálanna, í þeim tilgangi gerð að fá hér aftur hina gömlu, góðu daga, sem hæstv. forsrh. talaði um hér á Alþ. s. l. vetur, með söknuði yfir, að þeir skyldu hafa horfið okkur, og tilhlökkun til þess, að þeir kæmu aftur, — sú reynsla, sem þegar er fengin, gefur hins vegar ærna ástæðu til þess, að nú sé gáð til veðurs, horft í kringum sig, hvernig umhorfs er, hvaða áhrif efnahagsmálaaðgerðirnar hafa haft á þeim skamma tíma, sem þær hafa verið í gildi, og hvert stefnir í þeim efnum.

Það hefur löngum viljað við brenna, að það hefur verið misjafnt viðhorf yfirmanna til undirmanna. Meðan sú var tíð, að mikið var af verkafólki í sveitunum, þekktist bæði það, að húsbændur gengu til allra verka með hjúum sínum, gengu á undan í verstu verkin og sátu við sama borð hvað matinn snerti. Hitt þekktist líka, þótt miklu væri fátíðara, að húsbændurnir sögðu aðeins fyrir verkum, en unnu lítt eða ekki sjálfir og skömmtuðu sér betri mat en hjúunum. Eftir að skilvindur voru komnar í notkun í sveitunum og framleiðsla smjörlíkis hafin, þekkti ég þess dæmi, að húsbændur höfðu á öðrum borðsendanum nýmjólk og smjör handa sér og börnum sínum, en undanrennu og smjörlíki á hinum endanum handa vinnufólkinu. Slíkir húsbændur, sem lögðu ekki á sig erfiði eða ætluðu sér betri hlut í mat, urðu ekki vinsælir meðal hjúa sinna og hélzt illa á þeim, meðan hinir, sem gengu á undan í erfiði og borðuðu sama mat og verkafólkið, voru vinsælir af því. Þeir gátu beðið verkafólkið að leggja mikið á sig, þegar þess þurfti við, þegar þeir lögðu ekki minna á sjálfa sig. Slíkir húsbændur urðu hjúasælir.

Hæstv. ríkisstj., sem er húsbóndinn á þjóðarheimilinu, hagar sér eins og bóndinn, sem lætur skammta sér nýmjólk og smjör, en verkafólkinu undanrennu og smjörlíki. Hæstv. ríkisstj. og þó einkum hæstv. fjmrh. hefur að vísu talað talsvert um, að mikið mætti spara í ríkisrekstrinum, en það er bara alltaf í undirbúningi í stað þess að viðhafa raunhæfar aðgerðir. Það hefði verið ólíkt sigurvænlegra fyrir hæstv. ríkisstj., þegar hún ætlast til þess, að allur fjöldinn af landsmönnum sætti sig við skertan hlut efnahagslega, að hún hefði við fjárlagaafgreiðsluna nú staðið við fyrirheit sín frá s. l. vetri og sýnt nú raunhæfar aðgerðir til sparnaðar í ríkisrekstrinum, en ekki látið sér nægja óraunhæfar kákaðgerðir, en það er hið rétta nafn á þeim fáu sparnaðartillögum, sem hún hefur sýnt þjóðinni nú. Hæstv. ríkisstj. verður ekki vinsæl meðal hjúa sinna á þjóðarbúinu, á meðan hún skammtar sér nýmjólk og smjör, en hjúunum undanrennu og smjörlíki. Það sér líka nú þegar á, þar sem þeir, er möguleika hafa á, ganga úr vistinni, flýja til annarra landa og leita sér þar betri húsbænda.

Í umr. um efnahagsmálin hér á hv. Alþ. s. l. vetur leituðust þeir hæstv. fjmrh. og hæstv. viðskmrh. við að gera sem allra minnst úr þeim fórnum, sem fólkið í landinu þyrfti að færa á altari viðreisnarinnar. Kjaraskerðingin átti að vera fjarska lítil, hreint ekki yfir 3—4 vísitölustig, og stundum var því haldið fram jafnvel, að menn græddu á skattabreytingunni, og er nú hægt að vitna til nýrri dæma en umræðna frá í fyrravetur eftir síðustu ræðu hæstv. fjmrh. Dæmi var sett upp fyrir þjóðina í heild. Á móti gengisfellingu og hækkuðum sköttum kom lækkun eða jafnvel afnám skatta, 9% söluskatturinn og auknar bætur almannatryggginga. Þetta átti hér um bil að standast á fyrir þjóðina í heild, bara tilfærsla, eins og hæstv. viðskmrh. vildi orða það. En hvernig hefur svo sú tilfærsla orðið? Eins og rækilega var sýnt fram á í fyrravetur af okkur framsóknarmönnum hér á hv. Alþ. og víðar og reynslan hefur staðfest, er tilfærslan þannig, að álögurnar, kjaraskerðingin er hjá öllum almenningi, en hagnaðurinn er hjá tiltölulega fáum efnahagslega sterkum einstaklingum. Það var og er stefnt að því að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Ríku börnin eru börn ríkisstj. og fá að sitja til borðs við borðsenda hennar og borða með henni nýmjólk og smjör, meðan allur almenningur utar við langborðið á að láta sér nægja undanrennu og smjörlíki.

Í umr. hér á hv. Alþ. undanfarna daga hefur oft verið vitnað til umsagna ýmissa stéttarsamtaka um, hvernig reynslan væri af efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj., hvernig efnahagsaðgerðirnar kæmu við atvinnuvegina, hvernig þeir væru á vegi staddir í viðreisninni. Þær lýsingar hafa því miður verið ófagrar, en raunhæfar og allt of sannar. Hvernig er svo viðhorfið í dag í landbúnaðinum? Er nokkuð líka sögu að segja þaðan og t. d. frá sjávarútveginum?

Ekki er hægt, hvað landbúnaðinn snertir, að skella nokkurri skuld á aflabrest. Tíðarfarið hefur, þegar landið er tekið sem heild, verið svo gott sem orðið getur hér á landi, og er það ekki lítið undirstöðuatriði í afkomu landbúnaðarins. Það er enn mikið til í því, að bóndinn eigi allt sitt undir sól og regni, þótt aukin tækni hafi nokkuð úr því dregið og breyttir búskaparhættir, þ. e. a. s. fráhvarf frá því, að hvert bú væri sjálfu sér að mestu leyti nóg, og til viðskiptabúskapar gert það að verkum, að sól og regn er ekki lengur bóndanum allt.

Öllum er kunnugt, að í landbúnaðinum hefur staðið yfir mjög stórstíg uppbygging nú undanfarið. Þar hafa verið stigin risaskref á tiltölulega fáum árum. Þetta hefur verið nauðvörn landbúnaðarins, ef hann átti ekki að verða algerlega undir í samkeppninni um sambærileg lífskjör við aðrar stéttir. Tíðarfarið, árgæzkan á þessu ári, hefði átt að eðlilegum hætti að lyfta verulega undir framkvæmdirnar í sveitunum. Mild vetrartíð og ágæt sumartíð skapar vissulega mikil skilyrði til umbóta fram yfir lakara árferði. Það hefði því mátt ætla, að óvenju mikið væri um alls konar framkvæmdir í sveitunum á þessu ári, unnið væri með mesta móti við jarðrækt og mikið væri byggt, bæði af íbúðar- og peningshúsum, því að enn er mikið ógert og mikil þörf bæði á aukinni ræktun og meiri byggingum. En hverjar eru svo staðreyndirnar? Það liggja eðlilega ekki enn fyrir fullnaðarskýrslur um þetta, þar sem árið er ekki enn liðið. Samt

er hægt nú þegar að sjá í stórum dráttum, hvernig þetta hefur gengið á árinu, hvað gert hefur verið.

Skurðgröfur vélasjóðs hafa á þessu ári grafið um 20% minna en á árinu 1959. Ekki fóru einu sinni allar gröfurnar í gang s. l. vor, af því að það skorti eftirspurn eftir vinnu þeirra. Nýrækt hefur minnkað á þessu ári samanborið við árið 1959, í Árnessýslu um rúmlega 30%, Rangárvallasýslu rúmlega 40% og Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu um 24%. Þegar nú þess er gætt, að í þessum fjórum sýslum voru 44% af allri nýrækt í landinu á árinu 1959, er ljóst, hversu mikil áhrif þessi stórkostlegi samdráttur í þessum sýslum hefur á heildarræktunina í ár. Hér um bil alls staðar er nú einnig miklu minna um undirbúning nýræktar fyrir næsta ár, þannig að samdrátturinn mun enn aukast stórlega á næsta ári. Þó hafa byggingar dregizt enn meir saman á þessu ári. Til dæmis hafa steinsteyptar hlöður, sem byggðar hafa verið í ár, verið 49% minni í Árnessýslu, 56% minni í Eyjafjarðarsýslu og 69% minni í Rangárvallasýslu heldur en 1959. Votheyshlöðubyggingar hafa minnkað í Árnessýslu yfir 50% og í Rangárvallasýslu yfir 70%. Afleiðing þessa verður eðlilega sú, að jarðræktarframlagið, sem greiðist á næsta ári vegna framkvæmdanna í ár, lækkar stórlega. Lítur út fyrir, að í Árnessýslu lækki það allt að 40% og í Rangárvallasýslu eitthvað yfir 40%. Það mun segja til sín á komandi vori, þegar bændurnir fara að kaupa áburðinn, að þeim verður það erfiðara en undanfarið, því að algengt er, að jarðræktarframlagið er einmitt notað til áburðarkaupa. Íbúðarhúsabyggingar hafa svo enn gengið miklu mest saman. Dæmi eru til þess, að í heilli sýslu hafi aðeins verið byrjað á einu íbúðarhúsi á þessu ári.

Enginn skyldi láta sér til hugar koma, að þessi samdráttur stafi af því, að það sé búið svo mikið að gera í sveitunum af ræktun og byggingum, að ekki sé þörf á sama áframhaldi og verið hefur. Því fer víðs fjarri. Og ekki er heldur sú ástæða fyrir hendi, að áhugi bændanna fyrir áframhaldandi uppbyggingu sé minni nú en verið hefur. Nei, ástæðan fyrir samdrættinum er aðeins sú, að það er svo að þeim kreppt með efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstj., að þeir eru neyddir til samdráttarins. Til enn frekari vitnis um erfiðleikana er svo það, að nú ber meira á því en verið hefur, að menn sæki um ræktunarsjóðslán, þótt út á litlar framkvæmdir sé. Ég hef heimildir fyrir því, að það er allt ofan í 2000 kr. lán, sem sumir bændur taka nú. Vitanlega er það gert út úr hreinni neyð. Í venjulegu viðskiptaárferði mundi mönnum ekki hafa dottið svo smáar lántökur í hug.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að vara hæstv. ríkisstj. við þessari nýju braut, sem hún á s. l. ári kvaðst ætla að leiða þjóðina eftir, — braut, sem sneiddi hjá verðbólgu og samdrætti, eins og það var orðað í kosningastefnuskrá Sjálfstfl. Hæstv. ríkisstj. ætti að vera farin að sjá, að þessi nýja braut er glötunarvegurinn sjálfur.

Fyrir haustkosningarnar 1959 höfðu núv. stjórnarflokkar mjög fallegar stefnuskrár: Stöðvun verðbólgu, jafnvægi í þjóðarbúskapnum, uppbygging atvinnuveganna, aukin framleiðsla og bætt lífskjör, þar sem allar aðgerðir í efnahagsmálum miði fyrst og fremst að því að greiða fyrir aukinni framleiðslu, að ógleymdri yfirlýsingu landsfundar Sjálfstfl. vorið 1959, yfirlýsingu, sem svo var tekin upp í kosningastefnuskrá flokksins, þegar leið á sumarið. Þar segir m. a. með leyfi hæstv. forseta:

„Að flokkurinn skori á alla Íslendinga að sýna einhug í landhelgismálinu og láti ekki undan síga fyrir erlendu ofbeldi né sætti sig við minni landhelgi en nú hefur verið ákveðin, heldur sækja fram, þangað til tryggður hefur verið yfirráðaréttur Íslands yfir öllu landgrunninu."

Vafalaust hefur fleiri en mér orðið hugsað til þessarar yfirlýsingar, þegar þeir hlustuðu á hæstv. ráðh. stjórnarflokkanna í útvarpsumræðum nýlega, og trauðla skilið, hversu saman gæti farið boðskapur ráðherranna og stefnuyfirlýsingin.

Ég drap á það áðan, að hæstv. ríkisstj. hefði á s. l. vetri leitazt við að gera lítið úr þeirri kjaraskerðingu, sem þjóðarinnar biði. Til þess að mæla kjaraskerðinguna er notuð svokölluð vísitala, — vísitala, sem sýnir litla hækkun frá því, sem var 1. marz 1959. En almenningur, sem þekkir viðreisnina í framkvæmd og afleiðingar hennar, en ekki vísitöluútreikninginn, lítur vísitöluna líkum augum og forðum var litið á kaupmannsreizluna, sem var bogin og lóðið lakt.

Einn af tryggustu fylgismönnum hæstv. ríkisstj., varaþm. hv. 3. þm. Austf., líkti efnahagsmálaaðgerðunum á s. l. vetri við beiskt og bragðvont meðal, sem hann þó tæki glaður inn, af því að hann tryði á lækningamátt lyfsins. Hann tryði á lækninn, ríkisstj. Nú hefur annar stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. líkt lyfinu við eitur, sem lamaði þjóðarlíkamann. Líklega hefur læknirnum þó ekki orðið það á í flaustrinu í fyrravetur að grípa skakkt glas, gefa þjóðinni annað lyf en ætlað var.

Það henti eitt sinn lækni, sem ætlaði að skera í ígerð í hálsinum á mér, að hann hitti ekki ígerðina fyrr en í þriðja skurði. Í hvert sinn, áður en hann snerti holdið með hnífnum, sagði hann: Það er búið. — Hann hafði sem sagt sagt þrisvar sinnum: Það er búið, — áður en hann hitti ígerðina. En ég var þá auðvitað steinhættur að trúa honum. Það er líkt á komið með hæstv. ríkisstj. og lækninum mínum. Ríkisstj. ætlaði að rista í ígerð, sem hún taldi vera í efnahagskerfi okkar, en hún bara hitti ekki ígerðina frekar en læknirinn. Hæstv. ríkisstj. má vera alveg viss um það, að þótt hún segði þjóðinni, að þetta væri lækningin, verður því ekki trúað eftir þá reynslu, sem fengin er, og ef þjóðin væri nú um það spurð, mundi hún ekki fela þessari hæstv. ríkisstj. að skera í annað og þriðja sinn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði alls ekki ætlað mér að hafa afskipti af þessu máli

við 2. umr., en hæstv. fjmrh. sá sérstaka ástæðu til þess að tileinka mér kafla úr sinni ræðu í dag um málið og það með nokkuð einkennilegum hætti. Hann gerði mér sem sé upp þau orð eða þann málflutning, að ég hefði lagt aðaláherzlu á það í því, sem ég sagði um þetta mál, væntanlega við 1. umr., að af því að söluskatturinn hefði heitið bráðabirgðasöluskattur, þá hefði í því fólgizt algert fyrirheit og raunar loforð um, að hann yrði ekki endurnýjaður. En þennan málflutning viðhafði ég alls ekki. Ég lagði þvert á móti áherzlu á, að ástæðan til þess, að menn fyndu nú mjög að því, að þessi skattur væri framlengdur, væri sú, að í öllum umr., sem hefðu átt sér stað í fyrra um málið, hefði tónninn verið sá, að þjóðinni ætti að skiljast, að þessi skattur mundi settur af sérstökum ástæðum, sem ekki mundu verða fyrir hendi framvegis. Það var sagt í öllum umr., að þetta væri aðeins gert í eitt sinn. Það var á þetta, sem ég lagði aðaláherzlu.

Annars kann það náttúrlega ekki góðri lukku að stýra, þegar hæstv. fjmrh. hagar sér þannig við þessar umr., að hann er hvergi nærri, þegar um málið er rætt, og lætur svo kannske bera sér einhverjar meira og minna óábyggilegar fréttir. En þannig kom hæstv. ráðh. fram fyrir helgina, að hann flutti hér ræðustúf og stökk síðan á brott og var hér ekki allt kvöldið, þótt áfram væri haldið fram á nótt með umr. um málið. Er slíkt auðvitað stórlega vítavert. Og þá er auðvitað að bæta gráu ofan á svart, þegar ráðh. er svo alveg úti á þekju, eins og hann hlýtur að verða með þessum hætti, að hann skuli koma hér og gera mönnum upp málflutning, sem þeir hafa ekki að neinu leyti viðhaft.

Mér er vel ljóst, að það hefur oft komið fyrir áður, að ákvæði, sem hafa verið nefnd bráðabirgðaákvæði, hafa verið framlengd. En það fer allt eftir því, hvernig á málinu hefur verið haldið og hvað um það hefur verið sagt, hvort hægt er að telja, að öðruvísi sé farið að en ráð var fyrir gert í öndverðu. Það fer ekki eftir heiti málsins, heldur eftir því, hvernig á því hefur verið haldið. Og ég vil leyfa mér að minna á, fyrst hæstv. ráðh. er farinn að ræða um þetta nú, að í fjárlagafrv., sem flutt var, eða efnahagsmálafrv., — ég man ekki nákvæmlega í grg. hvors málsins það var, — var því lýst yfir rétt í byrjun meðferðar efnahagsmálanna, að innflutningssöluskatturinn yrði ekki hækkaður. Sú yfirlýsing kom frá hæstv. fjmrh., að hann yrði ekki hækkaður, — innflutningssöluskatturinn. En það voru ekki liðnar nema fáar vikur, þegar ákveðið var að meira en tvöfalda innflutningssöluskattinn. Og var það nokkur furða, þegar svo þessari till. fylgdi, að þetta væri fyrst og fremst vegna þess, að álögurnar yrðu aðeins fyrir níu mánuði ársins, — var þá nokkur furða, þegar þetta var allt lagt saman, þó að menn drægju þær ályktanir af þessu, að á þessum skatti þyrfti ekki að halda á nýjan leik?

Ég benti líka á, að það kemur mjög greinilega fram í áliti norska hagfræðingsins, sem fenginn var af hendi hæstv. ríkisstj., að honum hafði verið sagt, — það hafði verið lögð áherzla á það við hann, það var augljóst á orðalagi hans, — að þessi skattur ætti að vera aðeins til bráðabirgða, og það var þó komið fram á sumar, að ég hygg, þegar umr. fóru fram við hann. Á þetta benti ég líka, en alls ekki heiti skattsins út af fyrir sig.

Þá var annað atriði, sem hæstv. ráðh. drap einnig á eða kom einnig með, og það var þetta margumtalaða dæmi, sem hann kemur ætíð með og segir, að skattalagabreytingar og tollalagabreytingar þær, sem gerðar hafa verið af hendi núv. ríkisstj., hafi komið sér heldur betur fyrir meðalfjölskyldu en það ástand, sem var. Auðvitað dettur engum í hug að rengja tölur hagstofunnar. Hagstofan er bara beðin að reikna út vissa liði, sem eru slitnir úr samhengi, eins og ég greinilega sýndi fram á fyrir helgina, — sem eru slitnir úr samhengi og settir upp út af fyrir sig til þess að gefa falska mynd af þeim áhrifum, sem efnahagsmálastefna ríkisstj. hefur haft.

Það er beðið um að reikna út, hvað hækkunin nemi á vísitölufjölskylduna af söluskattinum, og síðan er dregin frá lækkunin, sem verður vegna afnáms 9% söluskattsins og útsvaranna og tekjuskattsins. Þetta er það, sem hagstofan gerir auðvitað. Það er laukrétt. En svo misnotar ráðh. þessa skýrslu hagstofunnar í blekkingaskyni til þess að reyna að halda því að mönnum, að þetta þýði, að eiginlega hafi engar kjaraskerðingar átt sér stað í sambandi við ráðstafanir ríkisstj. En hvað er nú til í því?

Það er nú í fyrsta lagi, að ráðh. biður hagstofuna að draga þarna frá 9% söluskattinn, sem var afnuminn. Nú veit ráðh., að 9% söluskatturinn rann að verulegu leyti í útflutningssjóð, og hann átti því að falla niður, um leið og gengislækkunin var sett á, og ef hæstv. ráðh. vildi láta koma hér fram rétta mynd, átti hann auðvitað að biðja hagstofuna að reikna inn í dæmið áhrif gengislækkunarinnar, sem kom á móti 9% söluskattinum. Það gerði ráðh. ekki. Það datt honum ekki í hug að biðja um, vegna þess að þá vissi hann auðvitað, að í ljós kom, hvaða áhrif þessar ráðstafanir höfðu í heild.

Ráðh. lætur draga frá nýju sköttunum þá skatta, sem felldir eru niður, þó að þeir hafi að verulegu leyti runnið í útflutningssjóð, en ekki reikna aftur gengislækkunina sjálfa til útgjalda í dæminu.

Hér til viðbótar kemur svo, að ekki tekur hæstv. ráðh. heldur með í dæmið alla þá skatta, sem settir voru inn í ríkissjóð að nýju í fyrsta skipti nú. Ekki er þarna tekinn inn benzínskatturinn, sem áður rann í útflutningssjóð, en ráðh. hirti í ríkissjóðinn. Auðvitað eru það nýjar álögur í þessum skilningi, því að sá skattur átti að detta niður, þegar gengislækkunin var sett í staðinn fyrir hann.

Þetta rammadæmi hæstv. ráðh. hefur enga raunhæfa þýðingu. Það er auðvitað laukrétt sett upp af hagstofunni, þeir liðir, sem hún er beðin að reikna. En það eru bara einstakir liðir slitnir úr samhengi til þess að gefa ranga mynd af því, sem raunverulega hefur gerzt,

enda mundi ekki kaupmáttur tímakaupsins hafa lækkað um 12% síðan í októbermánuði 1958, ef þessi rammaklausa hæstv. ráðh. hefði einhverja þýðingu í sambandi við umr. um kjaramálin.

Svo vil ég aðeins segja þetta að lokum, af því að ég ætlaði ekki að fara að ræða hér um málið almennt: Ég veit ekki, í hve mikinn vanda hæstv. ríkisstj. er komin með þessi framlengingarmál sín, og ég vil ekki fara að efna til þess, að það verði að hafa hér þinghald yfir jólin út af þeim, þó að ég telji, að það hefði alls ekki átt að fresta þinginu, og mun ég færa rök fyrir því, þegar þar að kemur. Ég mun því ekki tefja þessa umr. með því að ræða meira almennt um málið. En ég vil aðeins segja að lokum: Hæstv. ráðh. hefur ekkert svarað þeim fsp., sem hér hafa verið fluttar, bæði af hv. 8. þm. Reykv. (ÞÞ), mér og fleirum, um það, hvort ríkisstj. ætli ekkert að gera til þess að bæta upp kjaraskerðinguna, eins og hún nú liggur fyrir, og hvort ríkisstj. dettur það yfirleitt í hug, að þetta geti staðið, eins og það er nú, t. d. þegar litið er á, hvernig verkamannakaup er og kostnaðurinn við að lifa er orðinn. Þessu hefur hæstv. ráðh. engu svarað. Hann segir það eitt, að það sé hagsmunamál launþeganna, að ráðstafanir ríkisstj. takist. Hvað meinar hæstv. ráðh. með, að þær takist? Við sjáum nú, hvað þegar er orðið. Það er þá væntanlega ekkert óframkomið annað en að það takist að koma á enn meira atvinnuleysi en nú þegar er orðið. Það mundi víst heita, að samdráttarstefnan og kjaraskerðingarstefnan takist. Ég veit ekki, hvað hæstv. ráðh. er að fara með svona yfirlýsingum.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. sagðist nú ekki vilja ræða meira um söluskattinn og ekki vilja fara út fyrir það mál, eins og einhverjir aðrir slæmir ræðumenn hafi gert. Mér skildist frá upphafi, að þessi blessaði söluskattur væri þáttur í þrauthugsuðu kerfi, sem hér væri lagt fyrir. Það átti svo sem ekki að gera neitt af handahófi, þegar var verið að hefjast handa með allar breytingarnar fyrir 10 mánuðum. Þetta átti allt saman að vera heilt nýtt kerfi, sem ætti að taka upp. Söluskatturinn m. a. átti að passa ákaflega vel inn í þetta, og allt átti þetta að passa svo vel, að það væri ákaflega vel tryggt, hvernig þjóðfélagsframvindan yrði. Nú vill hæstv. fjmrh. allt í einu ekki ræða samhengið þarna á milli. Hann vill ekki ræða kerfið sjálft. Er það vegna þess, að hann sér, að kerfið er að brotna, og hann vill þess vegna halda sér við söluskattinn einan og ræða ekki nokkurn skapaðan hlut annan? Ég er hræddur um, að það verði ekki komizt hjá því. Þessi söluskattur og till. um að framlengja hann eru aðeins einn þáttur í efnahagskerfi ríkisstj. og einn þáttur í hruni þess efnahagskerfis, og það er óhjákvæmilegt að ræða það kerfi um leið.

Þá fer hæstv. fjmrh. inn á það, að það sé alveg rangt varðandi söluskattinn, sem við nú eigum að framlengja, að það hafi verið gengið út frá því í fyrra, að hann yrði ekki framlengdur, og minnti á, að í því, sem ég hafi lesið upp úr grg., væri raunverulega aðeins átt við, að það sé m. a. af þessum sökum, að 3% skatturinn komi aðeins á 9 mánuði ársins, að það verði að útvega fé í viðbót. Það er sem sé bara verið að gefa til kynna, að það kunni kannske að vanta fé af einhverjum öðrum ástæðum. Hins vegar kemur eftir þetta: „Hefur því verið horfið að því til bráðabirgða að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur," — til bráðabirgða. Hæstv. fjmrh. vildi láta líta svo út, að það hefði komið fyrir áður, að bráðabirgðaskattar hefðu verið framlengdir, og er svo enn. En hann fór ekki út í að reyna að svara því, sem ég sérstaklega beindi að í því sambandi, að nú væri allt öðru máli að gegna. Hingað til, þegar slíkir svokallaðir bráðabirgðaskattar hafa verið framlengdir, hefur almenningur fengið fulla uppbót þess, ef þeir hafa verið t. d. hækkaðir eða eitthvað annað slíkt. Hann hefur fengið uppbót þess í vísitölu, hækkuðu kaupgjaldi. Nú aftur á móti er verið að ákveða að framlengja þennan skatt, sem gefið var til kynna í fyrra að yrði tekinn af, án þess að almenningur fái sína bót. Mér fannst eiginlega á honum, þegar hann var að telja upp, hvernig hefði verið með ýmsa bráðabirgðaskatta á síðasta áratug, 1951 og fram eftir, að það kæmi fram hjá honum, sem ég held að hafi verið kallað í okkar gamla kristilega kveri einhvers konar forherðing, hann væri að venja sig við þetta, að það yrði bara að harka þetta af sér, að þó að söluskatturinn hafi verið bölvaður og hann hafi sjálfur verið einn þeirra manna, sem mest hafi barizt á móti honum og lofað því að afnema hann og kaupmenn hér í Reykjavík hafi alveg sérstaklega sett sína trú á hann og iðnaðarmennirnir ekki síður, þá sé hann að herða sig upp í þetta, að það hafi einu sinni áður og jafnvel ár eftir ár verið framlengdir slíkir skattar, — og hví skyldi hann ekki geta gert það eins? En hann vildi ekki fara í hitt, af hverju það er lakara og siðferðislega rangara núna að framlengja slíka skatta en hefur verið nokkurn tíma áður. Og mér liggur við að spyrja hann, ef hann hefur alltaf verið ákveðinn í því að framlengja þennan skatt: Af hverju kom hann ekki með þetta frv. í byrjun þings? Af hverju er hann nú á síðustu dögum þingsins að drasla þessu inn í þingið? Af hverju verðum við í fjhn. að taka þetta fyrir allra síðustu vikuna, þegar venjulega er mest að gera? Var það ekki vegna þess, að það var eitthvað í samvizkunni, sem var að mótmæla því að leggja þetta fram? Hann hefur ekki verið ákveðinn allan tímann. Þeir hafa verið að hugsa um það, hvort þeir ættu að þora að bregðast þeim vonum, sem menn höfðu gert sér og þeir höfðu gefið undir fótinn. Var það ekki vegna þess, að þeir kinokuðu sér ofurlítið við að bregðast þessum vonum, að þeir biðu svona lengi með það? Ef þeir hefðu verið alveg ákveðnir, alveg forhertir í upphafi, þá hefðu þeir skellt þessu inn með ýmsu öðru, sem framlengt er ár frá ári.

Svo skaut hæstv. fjmrh. sér austur á Volgubakka, vildi gjarnan fara að berjast þar, og ekki skal ég hafa á móti því, ef hann vill fara

að flýja af heimavígstöðvunum og taka upp baráttu annars staðar. Hann var að tala um, að söluskattur mundi vera allmikill í Sovétríkjunum. Ekki er það nú kannske rétt hjá honum, að það sé fyrst og fremst. Það er rétt máske að upplýsa hann um það, að megintekjur, sem Sovétríkin hafa, eins og fleiri sósíalistísk ríki, eru af öllum þeim þjóðnýttu verksmiðjum, sem starfa í þessum ríkjum, og ég vildi spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann hygðist taka þann hátt upp hér að hagnýta fyrir almenning tekjurnar af þessum fyrirtækjum í landinu, taka það til ríkisins og nota það fyrst og fremst í þágu ríkisins og almennings. Ég er ekki þar með að segja, að hann þyrfti að byrja á að þjóðnýta allt, sem hér væri fyrir, en hann gæti byrjað á því t. d. að taka fyrir mestu stórgróðafyrirtæki ríkisins til að létta á hjá almenningi, t. d. eitthvað ofur lítið af þeim hundrað millj. kr., sem bankarnir koma til með að græða í ár og þá fyrst og fremst Seðlabankinn. Ég vildi þá líka spyrja hann að því um leið, fyrst hann heldur, að söluskatturinn sé svona óskaplega þungur þarna eystra, hvort hann treysti sér til þess að gera hérna heima sams konar kúnstir og þeir gera, þó að þeir hafi söluskatt. Þá mætti náttúrlega fara að athuga ýmislegt. Treystir hann sér þá og er það hér með samningur á milli okkar, sem við framkvæmum nú í janúar, að við setjum á 8% kauphækkun, 8% hækkun á öllu kaupi verkafólks, og það náttúrlega án þess að láta nokkra dýrtíð hækka, heldur þvert á móti? Vill hæstv. fjmrh. gefa í skyn, að það sé sjálfsagt að innleiða hér söluskatt og halda honum við, vegna þess að austur í Rússlandi sé söluskattur líka, og setja um leið í gegn 8% hækkun á öllu kaupi? Vill hæstv. fjmrh. gera það hér? Ef hann vill verja sig með þeirra framkvæmdum viðvíkjandi söluskatti, vill hann þá ekki framkvæma það, sem er hagkvæmt hjá þeim og gott fyrir almenning? Vill hann þá innleiða hér, og eigum við þá að sameinast um að flytja um það lagafrv. nú, að vinnutími á viku skuli vera 42 stundir, og náttúrlega hafi menn trygga vinnu hvern einasta dag og 8% kauphækkun frá því, sem menn hafa haft? Við skulum, ef við förum að ræða þau mál, taka allar hliðar þess máls. Ég er reiðubúinn til þess að ræða það við hæstv. fjmrh., ef honum þykir betra að ræða mun á því sósíalistíska og kapítalíska kerfi og ef hann vill heldur fara út í þær umræður en fara út í að ræða heildarefnahagskerfi hans eigin ríkisstj. hér á Íslandi.

Svo kom hæstv. ráðh. að vísitölunni og staðæist á því sama sem hann hafði sagt áður, að það væri nú svo, að þessar fjölskyldubætur og niðurgreiðslan hjálpaði almenningi svo mikið og skattalækkanirnar, að það væri raunverulega engin kjaraskerðing, sem orðið hefði. Þá vil ég nú spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. fór að taka upp á því að breyta vísitölukerfinu 1. okt. 1960? Það var nýbúið að ákveða, í febrúar 1959, hvernig reikna skyldi vísitölu á Íslandi, sérstaklega unnið og samþ. af ríkisstj., sem Alþfl. og Sjálfstfl. sameiginlega stóðu að, og átti að vera mjög mikil endurbót að þessu, — hvernig stóð á því, að það var nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að reyna að keyra það í gegn, að breytt yrði þessum vísitölugrundvelli, útreikningum hans, — hvernig stóð á því? Af hverju hafði ekki verið tekið tillit til þess í upphafi, sem þeim fannst rétt að fá þar inn í? Var það vegna þess, að útreikningarnir allir hjá sérfræðingunum og ríkisstj. hefðu brugðizt og það kom út allt annað úr dæminu en ríkisstj. vildi fá út? Það er ósköp þægileg aðferð, þegar mönnum líkar ekki útkoman úr einu dæmi, að breyta þá bara stærðfræðinni. Ég er hræddur um, að menn stæðust ekki mörg próf í skóla með því að fara inn á þá leið. Ég held þess vegna, að hæstv. ráðh. ætti að muna það, að þegar byrjað var að reikna þá vísitölu framfærslukostnaðar, sem nú gildir, þá var það eftir ákvæðum, sem samþ. voru hér og lögð til grundvallar hér á Alþ., og þegar breytt var um 1. okt. 1960, þá var það vegna þess, að ríkisstj. líkaði ekki útkoman og lét þess vegna breyta öllum reglum. En hún lét ekki breyta öðrum reglum um leið. Hún lét ekki breyta reglunum um, hvernig ætti að reikna húsnæðið. Og af hverju minntist ekki hæstv. ráðh. á það áðan, fyrst hann fór inn á vísitöluna? Af hverju vísaði hann ekki á íbúðirnar hér í Reykjavík, sem væri hægt að fá fyrir 10300 kr. á ári, — sómasamlegar íbúðir handa fjögurra manna fjölskyldu fyrir 10300 kr. á ári eða undir 1000 kr. á mánuði? Því lét hann ekki breyta þessu 1. okt.? Íbúðirnar í Reykjavík lækka ekki núna. Það lækkar ekki húsaleigan í Reykjavík núna, þegar flestir eru meira eða minna að stöðva byggingar. Húsaleigan í Reykjavík hefur ekki lækkað af völdum ríkisstj., eftir að 12% vextirnir voru settir á. En af hverju lætur hún ekki breyta þeim grundvelli? Af því að ríkisstj. er að gera ráðstafanir til þess að láta falsa vísitöluna. Af því að það, sem hún var búin að staðhæfa um kjararýrnun, reyndist vera miklu, miklu meira, og þegar hún stóð frammi fyrir því, þá lét hún falsa vísitöluna. Það er bara fölsun á vísitölunni að byrja að reikna þetta inn í, sem lækkar hana, og sleppa að reikna annað, sem hækkar hana, eins og afleiðingar af vöxtum eða öðru slíku.

Hæstv. fjmrh. svaraði því ekki heldur, hvernig Dagsbrúnarverkamannsfjölskylda, — og það eru margar, sem hafa lægri tekjur, — sem hefði 48 þús. kr. á ári fyrir sína 8 tíma vinnu, ætti að lifa í fyrsta lagi af þeim 68 þús., sem ríkisstj. með hennar framfærsluvísitölu svona falsaðri reiknar að þurfi, né heldur hinu, hvernig hún á að veita sér bara vörur og þjónustu, sem kosta 56 þús. kr. ómótmælanlega, og það verður greinilegasti og bezti mælikvarðinn á, hvað hún geti veitt sér. Það vantar 8 þús. kr. til þess, að Dagsbrúnarverkamannsfjölskylda geti keypt sér þann mat, sem hún þarf, þau föt, sem hún þarf að áliti hinnar opinberu hagstofu og er nauðsynlegt til að draga fram lífið, svo að maður reikni ekki með því, að hún hafi ekkert afgangs fyrir húsnæði og ekkert afgangs fyrir opinberum gjöldum, þó að hún fái niðurgreiðsluna og fjölskyldubæturnar.

Þetta er ástandið, sem á að horfast í augu við, og það er þetta ástand, sem hæstv. fjmrh. vill koma sér hjá að ræða. Það er þetta, sem hann þorir ekki að verja.

Svo sagði hæstv. ráðh. út af minni fsp., hvað ríkisstj. ætlaði sér að gera viðvíkjandi atvinnuleysinu, — hann sagði, að hún mundi halda uppi fullri vinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi. Það er nú gott að geta togað svona yfirlýsingu út. Þá langar mig til að spyrja að öðru: Reiknaði ríkisstj. með því atvinnuleysi, sem nú er, og hennar sérfræðingar? Vissi hún ekki, að þetta atvinnuleysi mundi koma sem afleiðing af hennar ráðstöfunum? Og hvaða ráðstafanir er hún búin að ákveða að gera til þess að halda uppi fullri vinnu, til þess að tryggja, að ekki verði neitt atvinnuleysi, og af hverju er hún ekki búin að setja þessar ráðstafanir í gang? Hafi ríkisstj. vitað, hvað hún var að gera, hafi hennar sérfræðingar kunnað að reikna rétt, þá vissu þeir af þessu atvinnuleysi. Hvar eru hennar ráðstafanir til að halda uppi fullri vinnu? Hvar eru þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á Akureyri t. d.? Hvenær á að hefja þessar ráðstafanir? Það voru fluttar af hálfu stjórnarandstöðunnar í sambandi við fjárlögin tillögur til þess að gera ríkisstj. slíkt mögulegt. Þær voru felldar. Ég er hræddur um, að þessu verði hæstv. ráðh. að svara, ef við eigum að taka það gilt, að það sé stefna ríkisstj. að halda uppi fullri vinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Ég hélt satt að segja, að það væri allt annað, sem væri stefna ríkisstj. Ég hélt, að það væri stefna ríkisstj. að láta atvinnureksturinn um það að standa á eigin fótum. Og ég hélt, að það væri hennar stefna að vera ekki að hafa ríkisafskipti af atvinnulífinu. Mér hefur skilizt a. m. k. á vissum háværum mönnum í flokki ríkisstj., að þessi afskipti af atvinnulífinu, ríkisafskipti af atvinnulífinu, séu uppspretta allrar bölvunar. Svo kemur hæstv. fjmrh. og segir hér: Við ætlum að halda uppi fullri atvinnu, koma í veg fyrir atvinnuleysi. — Hvernig ætlar ríkisstj. að fara að skipta sér af atvinnulífinu? Ætlar hún að gera það bara af því, að hún sé hrædd, eða er hún að brjóta stefnu, sem hún hefur lýst yfir, eða er ekkert að marka neinar yfirlýsingar, sem hún gefur? Hvað er að marka? Er að marka þessa yfirlýsingu hæstv. fjmrh., að það eigi að halda uppi fullri atvinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi? Eða er að marka þá yfirlýsingu ríkisstj., að hún ætli ekki að skipta sér af gangi atvinnulífsins? Ég hef hvað eftir annað tilkynnt það hér í þessum umr., sem orðið hafa um efnahagsmál, að ég álít, að það væri engri ríkisstj. stætt á Íslandi með því að hafa hér atvinnuleysi. Þó á það kannske vel við mig, að hæstv. fjmrh. skuli vera á þeirri skoðun. Það er dauðadómur yfir hverri ríkisstj. En afleiðingin af stefnunni, sem hún hefur tekið upp, og yfirlýsingunum, sem hún hefur gefið, að hafa ekki ríkisafskipti af atvinnulífinu, er sú, að það er að verða atvinnuleysi hérna, því að eigi einkaatvinnurekendurnir að fá að ráða í einu ríki, þá verður þar atvinnuleysi, þá verður fátækt. Það er lífsskilyrði fyrir þeirra völd. Og þeim hefur kannske þótt völdin oft og tíðum undanfarið of lítil, af því að það hefur ekki verið atvinnuleysi.

Svo segir hæstv. fjmrh.: Það er aðalatriðið fyrir launþega, að efnahagsaðgerðirnar takist. — Mér skilst, að út frá sjónarmiði sérfræðinganna, Jónasar Haralz og þeirra, hafi efnahagsaðgerðirnar tekizt, launin hafi verið lækkuð, atvinnuleysið sé komið, birgðirnar séu farnar að safnast fyrir, með því að hætt er að byggja íbúðir. Efnahagsaðgerðirnar hafa tekizt. Eigum við að bíða eftir að fá meira af svo góðu? Er það það, sem verið er að segja við verkalýðinn hér í Reykjavík: Biddu, fáðu meira atvinnuleysi, góði. Biddu, gengislækkun á eftir að koma fram allt næsta ár í hækkaðri dýrtíð. Biddu dálítið, það eiga eftir að stöðvast fleiri byggingar. Það verður byrjað á færri í vor. — Er það þetta, sem verkalýðurinn á að bíða eftir?

Vill ekki hæstv. fjmrh. segja okkur, hvar það er í efnahagsráðstöfununum, í efnahagskerfinu, nýja kerfinu, hvar það er, sem maður getur eygt frá sjónarmiði alþýðu manna eitthvert ljós fram undan? Hvar er það? Ég get vel skilið, að peningamenn eigi ýmis ljós núna. Ég býst við, að okrararnir sjái grænt ljós núna. En hvað er það, sem alþýða manna á að hlakka til við það, að þessar efnahagsaðgerðir takist? Það er það, sem enginn hefur fengizt til að gefa neinar yfirlýsingar um hjá hæstv. ríkisstj. Það er verið að gefa ýmsar gyllivonir, ýmsar tálvonir um, að það verði byggt upp eitthvert annað efnahagskerfi hér á Íslandi og það verði svona og svona gott. Og það kerfi, sem þar er talað um, er það kerfi, sem fór á hausinn hér í kreppu 1930 og hefur aldrei komið aftur síðan, fyrr en einhverjir menn eru svo vitlausir núna, að þeim dettur í hug að fara að reyna að drasla því á. Þess vegna væri gott að fá það einu sinni fram hér. Hvað er það, sem alþýða manna á að sjá fram undan?

Ég skal fyrstur manna viðurkenna, að þær tilraunir, sem gerðar hafa verið á þeim 30 árum, sem liðin eru síðan heimskreppan mölvaði kerfi einkaauðvaldsins á Íslandi, hafi verið ákaflega fálmandi, þær hafi verið ákaflega misheppnaðar margar. Það hefur fylgt verðbólga svo og svo miklu af þeim. En þær hafa samt sem áður verið í verulegum atriðum sjálfsbjargarviðleitni fátækrar þjóðar, — viðleitni þjóðar til að bjarga sér, þegar einkaauðvaldið gafst upp, — viðleitni fólks úti um allt land að koma upp bæjarútgerðum, þegar braskararnir hlupu burt og skildu fólkið eftir atvinnulaust og fátækt á mölinni. Okkur er tilkynnt núna, að þessa bæjarútgerð eigi að drepa. Það hefur verið viðleitni þjóðar, þegar einkaauðvaldið kærði sig ekki um eða vildi ekki koma upp iðnaði eða efla sjávarútveg, til þess að kaupa inn sjálf sína togara, þegar enginn togaraeigandi í Reykjavík vildi kaupa þá 1944—1945, — viðleitni þjóðar til að byggja sér sementsverksmiðju eða áburðarverksmiðju, sem einkaauðvald hafði hvorki áhuga né vald til þess að geta komið upp. Það hefur verið sjálfsbjarg-

arviðleitni þjóðar til að vinna ýmislegt slíkt. Og það er þetta, sem á að brjóta niður. Það er þetta, sem það nýja ríka auðvald í Reykjavík heimtar að fá að leggja undir sig og mölva þessa sjálfsbjargarviðleitni fólksins niður, af því að henni hefur ekki verið nægilega framfylgt, með nægilegri áætlun, nægilegum stórhug, nægilegri forsjá, af því að hún hefur verið svo að segja tilraunir, veikar fálmandi tilraunir á kapítalistískum grundvelli, en ekki vísvitandi sósíalistískur áætlunarbúskapur. Þess vegna væri æskilegt, að hæstv. ráðh. vildi benda á, hvar það er, sem hann sér fram undan batnandi kjör fyrir alþýðu manna sem afleiðingu af þessum efnahagsráðstöfunum. Sér hann það, ef hann kemur inn í Klúbbinn, þar sem það, sem átti að vera iðnaðarfyrirtæki til þess að auka framleiðslu almennings, var gert að brennivínsbúð, tákni viðreisnarinnar? Eru það vonirnar, sem almenningur á að gera sér?

Almenningur hér í Reykjavík hefur þrælað við að byggja upp þennan bæ. Hann hefur verið að tvöfalda Reykjavík á undanförnum árum. Hann hefur verið að reisa hér hvert húsið á fætur öðru, jafnvel í eftirvinnu og næturvinnu, unnið í orlofi sínu og helgidagana. Nú er honum bannað það. Viðreisnin hefur þegar áorkað því í fyrsta lagi, að menn fá ekki eftirvinnu, þó að menn vilji þræla þannig. Atvinnurekendurnir kaupa ekki vinnuaflið 50% dýrara en þeir geta fengið það. Þegar þeir eru búnir að fá sitt atvinnuleysi, sem þeir hafa heimtað af þessari ríkisstj., hætta þeir að kaupa vinnuaflið 50% dýrara en ella. Launþeginn getur þá ekki með því að þræla lengur en 8 tíma vinnudag unnið sér fyrir sinni íbúð. Í öðru lagi hefur ríkisstj. séð til þess að banna svo að segja útlán, til þess að hægt væri að koma upp íbúðum, og hækka vextina á sama tíma. Þegar menn alls staðar á Norðurlöndum geta fengið lán til 80 ára til að byggja sér íbúðir, 85% af kostnaðinum, helminginn með 2% og helminginn með 4% vöxtum, þá eru vextirnir settir þannig hér og tíminn styttur og lánin bönnuð, þannig að byggingarnar stöðvast. Er það þetta, sem fólkið á að eygja fram undan að stöðvist enn þá meira?

Hæstv. ráðh. verður að gæta þess, að nú er ekki febrúar 1960. Það var hægt með öllum þeim áróðursmætti, sem m. a. Morgunblaðið hefur hér í Reykjavík, að útmála fyrir almenningi, að bara ef menn kæmust út úr verðbólgunni og öllu mögulegu, sem verið hefði undanfarið, þá rynnu hér upp einhverjir öryggis- og gósentímar. Það er ekki hægt að útmála þannig núna. Það er ekki til neins að benda mönnum bara á að bíða og bíða eftir árangrinum af efnahagsráðstöfununum. Efnahagsráðstafanirnar eru búnar að verka í níu mánuði, og afleiðingarnar eru gífurleg lífskjararýrnun almennings, ekki aðeins rýrnun á sjálfri kaupgetu tímakaupsins, heldur með gífurlega minnkandi atvinnutekjum manna og um leið gífurlegum vöxtum af öllu því, sem menn þurfa að kaupa, og miklu erfiðara að ná sér í það, sem menn þurfa, t. d. ef þeir ætla að byggja yfir sig íbúð, heldur en áður. Það, sem voru vonir í vor, þegar hæstv. ríkisstj. var að tala svona, eins og hæstv. fjmrh. talaði núna, — voru vonir og við sögðum að mundu verða tálvonir, það eru orðnar lygar og blekkingar, þegar menn halda því fram nú. Nú tala staðreyndirnar sínu harðvítuga máli allt í kringum okkur. Nú er ekki til neins að koma með þess háttar hluti, eins og menn komu með í vor.

Það er verið að tala um tölur hagstofunnar. Þær tölur hagstofunnar, sem eru óhrekjanlegastar, eru þær, sem liggja fyrir í sjálfri vísitölunni. Það eru þær, sem hæstv. fjmrh. hefur ekki treyst sér á neinn hátt til þess að reyna að hrekja. Það þarf í nóvember 1960 56 þús. kr., til þess að 4 manna fjölskylda geti veitt sér það af matvörum, hita, rafmagni, fatnaði og álnavöru og ýmsum öðrum vörum og þjónustu, sem álitið er það minnsta, sem fjögurra manna fjölskylda þurfi. Það þarf 56 þús. kr. til þess. Húsnæðið og skattarnir kæmu þessu upp í 67 þús., ef menn ætluðu að búa í húsi fyrir utan að kaupa sér vörur og greiða skatta til þess opinbera. Þrátt fyrir allt, sem ríkisstj. borgar í fjölskyldubætur og annað slíkt, og fjölskyldubæturnar nægja ekki einu sinni fyrir vísitölufjölskylduna upp í skattana, — þrátt fyrir allt, sem ríkisstj. þannig reiknar og falsar húsaleiguvísitöluna, þá eru það 67 þús. kr., sem *hagstofan álítur að fjölskyldan þurfi, fjögurra manna fjölskylda,* til þess að lifa. Dagsbrúnarmaðurinn hefur 48 þús. kr. til að lifa af og fær ekki einu sinni núna að vinna hvern einasta dag, eins og hann gat, áður en viðreisnin kom.

Ég skil það ákaflega vel hjá hæstv. fjmrh., að hann vilji koma sér hjá því að ræða þessi mál í samhengi. En það er bara dálítið samhengi á milli þess penings, sem verkamaðurinn borgar í söluskatt, og þess penings, sem hann aflar sér með sinni vinnu. Það er samhengi þarna á milli. Þetta er hvort tveggja einn þáttur í hans afkomu, í hans lífi. Og hefði ríkisstj. verði stolt af sínu kerfi, þá hefði hún náttúrlega verið til í að ræða það í samhengi. En af því að kerfið er að hrynja og þegar allt í pörtum, þá langar hæstv. ráðh. til þess að ræða hvern part út af fyrir sig, ekki sízt þegar partarnir eru eins þokkalegir og þessi.

Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. ætti að hugsa sig ofur lítið betur um, kynna okkur ofur lítið betur, hvað hún hyggst viðvíkjandi því að halda uppi fullri vinnu og koma í veg fyrir atvinnuleysi og annað slíkt. Það eru nú síðustu forvöð máske fyrir hana, áður en allt skellur yfir, sem hún hefur verið að undirbúa.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja mikið þessar umr. En það voru tvö atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem hann hélt hér áðan, sem ég vildi gera stuttlega aths. við.

Hæstv. ráðh. vildi halda því fram, að þær tölur, sem ég hefði nefnt hér áðan í sambandi við þær skattalækkanir og skattahækkanir, sem hæstv. ríkisstj. hefði framkvæmt, væru rangar. Því einu er til að svara í þessu efni, að allar tölur, sem ég nefndi, eru frá hæstv. ráðh. sjálf-

um eða úr frumvörpum, sem hann hefur lagt fram hér á Alþ. Samkv. þeim nemur sú skattalækkun, sem hann tók inn í útreikninga sína í sambandi við framfærsluvísitöluna og hér hefur verið rætt um, þeim upphæðum, er ég nefndi. Samkv. fjárlagafrv. í fyrra nemur tekjuskattslækkunin 75 millj. kr. og samkv. útsvarslagafrv., sem þá var lagt fram, eða grg., sem fylgdi því, nam útsvarslækkunin samanlagt á heildarútsvörunum 55 millj. kr. Um söluskattinn, sem var lagður á iðnaðarvörur, er það að segja, að hann rann að langsamlega mestu leyti í útflutningssjóð. Hitt er hins vegar rétt, ég skal viðurkenna það, hjá hæstv. ráðh., að nokkur hluti þessa skatts rann í ríkissjóð, eða að því er áætlað var 35 millj. kr. Samtals gera þá þeir skattar, sem voru afnumdir og hæstv. ráðh. vitnar í og koma inn í framfærsluvísitöluna, 165 millj. kr. eftir þeim útreikningum, sem fyrir liggja frá hæstv. ráðh. sjálfum, þó að hann vilji nú rengja það. Lækkanirnar nema sem sagt 165 millj. kr. samkv. áætlun hæstv. ráðh. Aftur á móti eru hinir nýju skattar, sem hann tekur með inn í útreikninga sína, innflutningssöluskatturinn, sem hér er verið að ræða um, og smásöluskatturinn, áætlaðir í fjárlagafrv. núna 353 millj. kr., eða rösklega helmingi hærri. Og það getur hver sagt sér það sjálfur, hve mikið af þessum sköttum sem kann að koma beint inn í útreikninginn um framfærsluvísitöluna, að þá er það alveg óhjákvæmilegt, að skattar, sem nema 350 millj. kr., hljóta að koma harðar við almenning en skattar, sem nema 165 millj. kr. Þetta held ég að hverjum hljóti að verða ljóst, sem vill líta á þetta mál af sanngirni, þó að það megi kannske halda því fram, að á fyrsta stigi komi ekki nema nokkur hluti þessara nýju skatta inn í framfærsluvísitöluna. En þessir tveir nýju skattar, sem hér um ræðir, eru hins vegar ekki nema nokkur hluti þeirra skatta, sem hafa verið lagðir á í fjármálaráðherratíð núv. fjmrh. Þeir eru miklu meiri en þetta, þannig að það er algerlega rangt að bera aðeins saman þessar skattalækkanir og skattahækkanir. Þessir útreikningar þyrftu að vera miklu viðtækari, ef þeir ættu að vera réttir.

Það, sem segir þess vegna langsamlega mest til um það, hvort kjör almennings hafa versnað eða batnað vegna þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. hefur gert, eru þeir útreikningar, sem hafa verið gerðir á því, hver kaupmáttur launanna sé fyrir þessar ráðstafanir og eftir þær. Og þeir útreikningar sýna, að kaupmáttur launanna hefur lækkað a. m. k. um 12—15%. Það sker alveg úr um það, hvort þessar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hafa haft kjaraskerðingu í för með sér eða kjaraskerðingu ekki. Og þá útreikninga hefur hæstv. fjmrh. ekki treyst sér til að vefengja. — Það var í tilefni af þessum upplýsingum, sem ég beindi þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., — og vegna þess að sú von hafði brugðizt, að þessi skattur yrði afnuminn, sem nú er verið að ræða um, — hvaða ráðstafanir ríkisstj. ætlaði sér að gera til að draga úr þeirri miklu kjaraskerðingu, sem hér hefur átt sér stað.

Hæstv. fjmrh. hefur enn ekki svarað þessu á annan veg en þann, sem er náttúrlega algerlega út í loftið, að bezta kjarabótin, sem almenningur getur fengið, sé sú, að efnahagsmálastefna ríkisstj. heppnist? Á að skilja þetta svar hæstv. ráðh. þannig, að ríkisstj. ætli ekki að gera neinar ráðstafanir, heldur fylgja áfram þeirri stefnu, sem nú er, algerlega óbreyttri, sem mundi þá ekki aðeins þýða það, að sú kjaraskerðing, sem nú er orðin, mundi haldast, heldur mundi kjaraskerðingin verða miklu meiri í framtíðinni, vegna þess að sú stefna, sem nú er fylgt, mun koma til með að hafa vaxandi samdrátt í för með sér, vaxandi atvinnuleysi, vaxandi kjaraskerðingu, þannig að þótt verkamönnum sé núna reiknuð 48 þús. kr. árslaun, með því að þeir hafa dagvinnu dag hvern, eins og taxtar gera ráð fyrir, þá mundi vinnan dragast saman og þessi upphæð lækka, vegna þess að atvinnuleysið mundi verða þess valdandi, að menn fengju ekki fullan vinnutíma. Er það þetta, sem hæstv. ráðh. er að prédika, — ekki aðeins það, að kjaraskerðingin, sem nú er, skuli haldast, heldur skuli hún aukin með þeirri stjórnarstefnu, sem nú er fylgt? Annað varð ekki ráðið af þeim svörum, sem komu fram hjá hæstv. fjmrh. hér áðan.

En ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh. að því og biðja hann að svara því alveg afdráttarlaust: Álítur hann, að það sé mögulegt fyrir nokkuð stóra fjölskyldu, 4—5 manna fjölskyldu t. d., að lifa á 48 þús. kr. árslaunum, eins og eru þau laun, sem verkamenn hafa nú? Álítur hæstv. ráðh., að það sé sanngjarnt, og álítur hann, að það sé hægt að lifa mannsæmandi lífi fyrir þessi laun? Mundi t. d. hæstv. ráðh. treysta sér til þess að lifa á þessum launum sjálfur? Það væri mjög freistandi að heyra hans svar við því. En það virðist vera það svar, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, að það eigi að bjóða ekki aðeins verkamönnum, heldur líka iðnaðarfólki, verzlunarfólki og skrifstofufólki, að lifa ekki aðeins á 48 þús. kr. árslaunum, heldur jafnvel lægri tekjum, ef óbreyttri stjórnarstefnu verður haldið áfram. Þess vegna vil ég biðja hæstv. ráðh. að svara því alveg afdráttarlaust: Álítur hann, að það sé mögulegt að lifa mannsæmandi lífi á þessum tekjum, og mundi hann sjálfur treysta sér til þess að gera það?

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Það mun hafa verið viðtekin regla hjá mörgum hæstv. ríkisstjórnum að láta Alþ. samþykkja nýja skatta og tolla á þjóðina, og í langflestum eða mörgum tilfellum hefur það verið tekið fram, að þetta væri aðeins til bráðabirgða gert. En staðreyndin hefur verið sú, að allir þessir skattar og tollar hafa alltaf verið framlengdir ár eftir ár. Þetta kom mjög berlega í ljós á síðasta þingi, þegar lögin um söluskatt voru samþykkt. Þá var því lýst yfir af hæstv. ráðh., hvað sem hæstv. fjmrh. nú segir, að lögin um söluskatt skyldu aðeins gilda í eitt ár eða til ársloka 1960. Nú er deilt um þetta hér á Alþ., þetta segir annar og svo kemur hinn, sem segir annað þveröfugt.

Í l. um söluskatt, sem samþ. voru á síðasta þingi, eru ákvæði til bráðabirgða. Þar stendur m. a. í staflið a, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá gildistöku laga þessara og til ársloka 1960 skal til viðbótar 7% söluskatti samkv. 3. kafla l. greiða 8% — 8 af 100 — af tollverði allrar innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og áætlaðri álagningu 10%, og skulu ákvæði 3. kafla laga þessara gilda um þennan viðbótarskatt."

Hér fer ekkert á milli mála. Lögin segja alveg til um þetta. Það þarf engar yfirlýsingar, hvorki frá hæstv. fjmrh. né öðrum. Þau skyldu gilda bara til áramóta 1960. Hitt er svo annað mál, að sjálfsagt hefur hæstv. ríkisstj. alveg fullkomna þörf fyrir að fá þennan skatt. En það er alveg þýðingarlaust að vera að deila um svona hlut, sem alveg liggur ljóst fyrir, að það var ákveðið í fyrra, að lögin giltu ekki nema til ársloka 1960. Hæstv. ríkisstj. hefur náttúrlega gengið þarna á bak orða sinna og lagt fram frv. til l. um framlengingu á þessum illræmda skatti. Í aths. við frv. segir m. a., að það sé stefna hæstv. ríkisstj. að afgreiða fjárlög fyrir árið 1961 hallalaus, án þess að leggja á nýja skatta eða aðflutningsgjöld, við erum bara að framlengja þennan illræmda skatt, við erum ekkert annað að gera, — ég verð að segja, að þarna er farið svolítið í kringum hlutina, — og af þeim ástæðum, eins og segir í grg., sé ekki unnt að fella niður á árinu 1961 söluskatt þann af innfluttum vörum, sem nú er í gildi. Það kemur einmitt enn fram, sem margbúið er að tala um, að skatturinn átti ekki að gilda nema árið 1960.

Það kemur mjög skýrt fram og svo ljóst sem frekast má vera, að allir útreikningar hinna vísu hagfræðinga hæstv. ríkisstj. hafa reynzt alrangir. Ekkert af útreikningum þeirra hefur staðizt, ekki einn einasti þeirra. Allir spádómar þessara manna um, að efnahagsaðgerðirnar, þar með talin gengisfellingin, yrðu til þess að koma atvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll, hvernig hefur þetta reynzt? Vilja útgerðarmennirnir, sem eiga togarana og bátana, viðurkenna það? Vilja þeir gefa hæstv. ríkisstj. síðferðisvottorð upp á vasann um það, að efnahagsaðgerðir hæstv. ríkisstj. hafi orðið þeim einhver björg í bú? Ég er hræddur um, að það mundi verða erfitt fyrir þá að fá slíka yfirlýsingu upp á vasann. Ég dreg það mjög í efa, að útgerðin hafi nokkurn tíma staðið eins höllum fæti og núna. Menn ræða um það sín á milli og að því er virðist í fullri alvöru að láta bátana jafnvel liggja í vetur. Svona er ástandið alvarlegt. Ég veit ekki nema það hafi meira að segja verið rætt um þetta á fundum þeirra eigin samtaka, að flotinn verði ekki hreyfður, fyrr en hæstv. ríkisstj. er búin að mæta kröfum þeirra að meira eða minna leyti. Við skulum vona, að til slíks alvarlegs ástands sem þess, að skipafloti landsmanna stöðvist, muni ekki koma og hæstv. ríkisstj. mæti kröfum útgerðarmanna og hreinlega viðurkenni, að allar hennar efnahagsráðstafanir hafi hrunið um sjálfar sig. Það er það eina, sem hún getur gert.

Hæstv. ríkisstj. mun fyrr eða síðar standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að ekki verður hægt hjá því að komast að mæta m. a. sanngjörnum kröfum sjómanna um hækkað fiskverð og sanngjörnum kröfum landverkafólks um hærri laun. Fyrri yfirlýsingar og nýjar yfirlýsingar hæstv. ráðh. um það, að þeim komi ekkert við kaupdeilur og kaupkröfur, það séu mál, sem séu alveg fyrir utan þeirra verkahring, svona fjarstæðukenndar yfirlýsingar er hreint og beint ekki hægt að taka alvarlega. Ríkisstj., sem leyfir sér að gefa slíkar yfirlýsingar, hlýtur að vera eitthvað skrýtin í kollinum. Ég efast um, að það séu margar ríkisstjórnir í heiminum, sem leyfa sér að gefa slíkar yfirlýsingar sem þessar, enda hefur nú hæstv. ríkisstj. þegar brotið þessa yfirlýsingu, m. a. með því að gefa út brbl. og banna verkfall, sem flugmenn á íslenzka flugflotanum voru búnir að boða til. Þá stóð yfirlýsingin ekki lengur. Þá var bara að gefa út brbl., og verkfallið var bannað.

Nei, það verður ekki sagt, að hæstv. ríkisstj. hafi verið neitt sérstaklega smátæk í álögunum á fólkið í landinu það tímabil, sem hún hefur setið. T. d. hafa tollar og skattar í tíð núv. ríkisstj. hækkað hátt í 400 millj. kr. Þessir nýju skattar munu nema nálægt því að vera um 10 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Til viðbótar þessu koma svo áhrif gengisfellingarinnar, sem að sjálfsögðu eru miklu meiri en þessar skatta- og tollaálögur. Þá má benda á það, að samkv. reikningsyfirliti eru rekstrartekjur fjárlaga fyrir árið 1961 áætlaðar 1585 millj. kr., en það þýðir, að hver maður á Íslandi greiðir til ríkissjóðs tæpar 10 þús. kr. eða hver 5 manna fjölskylda tæpar 50 þús. kr. á ári. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta mjög iskyggilegar tölur, og þær sýna mjög ljóslega, hvernig ríkisvaldið í æ ríkara mæli sýgur til sín tekjur almennings. Þetta er því alvarlegra, þegar það er haft í huga, að tekjur ríkissjóðs eru að langmestu leyti fengnar með alls konar tollum og sköttum, sem teknir eru í gegnum vöruverðið. Slík skattainnheimta kemur að sjálfsögðu langþyngst niður á stærstu fjölskyldurnar, þ. e. a s. þyngst niður á því fólki, sem hefur flest börn á sínu framfæri.

Ég hjó eftir því áðan, að hæstv. ráðh. fullyrti það, sem ég er reyndar búinn að taka hér fram áður, að því hafi aldrei verið lofað, að söluskatturinn yrði felldur niður. Og þá er spurningin þessi, sem menn eru alltaf að velta fyrir sér: Hvernig stóð á því, að þessi 8% skattur skyldi aðeins vera látinn gilda til ársloka 1960? Ég tel, að í því liggi full sönnun þess, að þegar þessi söluskattur var lagður á í fyrra, var ákveðið af hæstv. ríkisstj., að hann skyldi aðeins gilda til ársloka 1960. Hæstv. ríkisstj. var svo bjartsýn á þessar margumtöluðu efnahagsráðstafanir, að hún hélt, að sér væri alveg óhætt að lofa þessu. Hún lofaði upp í ermina á sér, stóð ekki við gefið loforð.

Þetta kemur svo skýrt fram sem verða má á bls. 9 í grg. fyrir frv. um söluskatt. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Í frv. er lagt til, að lögleiddur verði 3% almennur söluskattur á vörusölu, vinnu og þjónustu á síðasta stigi viðskipta. M. a. af þeim sökum, að skattur þessi getur eigi komið til framkvæmda fyrr en nokkuð er liðið af árinu, er fyrirsjáanlegt, að með honum einum saman fæst ekki sú fjárhæð, sem frv. til fjárl. gerir ráð fyrir. Hefur því verið horfið að því til bráðabirgða“ — takið eftir því, að hér stendur: til bráðabirgða — „að afla þess, sem á vantar, með viðbótarsöluskatti á innfluttar vörur. Er áætlað, að til þess þurfi að hækka núgildandi innflutningssöluskatt um 8% eða úr 7% í 15%, og er lagt til, að sú hækkun gildi til ársloka 1960. Eins og áður getur, hefur skammur tími verið til athugunar og undirbúnings máls þessa, og því er sú leið, sem hér er farin, að nokkru leyti bráðabirgðaleið. Verður unnið áfram að málinu og væntanlega unnt að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur um frambúðarlausn þess.“

Ég skil þá ekki mælt mál, ef hér er ekki alveg eindregið kveðið á um það, hvað þessi skattur átti að gilda lengi. Það er talað um, að hann sé aðeins til bráðabirgða og hann skuli aðeins gilda til ársloka 1960. En síðan er því lofað hátíðlega, að öll þessi mál skuli tekin til endurskoðunar og væntanlega verði hægt að leggja fyrir næsta Alþingi tillögur til frambúðarlausnar þess. Enn sem komið er hefur hæstv. ríkisstj. ekki staðið við þetta loforð, hvað sem síðar kann að verða. Annars eru menn orðnir vanir því, að hæstv. ríkisstj. standi ekki við gefin loforð, svo að hér er ekki um neitt einsdæmi að ræða frá hendi hæstv. ríkisstj.

Að sjálfsögðu væri hægt að flytja langt mál um söluskattinn og aðrar hliðstæðar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. En þessu máli, sem hér liggur fyrir, svo og öðrum hliðstæðum málum hafa að undanförnu verið gerð svo góð og glögg skil, að þar er ekki miklu við að bæta.

Ég vil að lokum minna hæstv. fjmrh. á og undirstrika það, sem hann sagði hér áðan, að hann og mér skilst hæstv. ríkisstj. mundu vinna að því, að næg atvinna yrði í landinu, svo að ekki kæmi til atvinnuleysis. Ég skal ekki fullyrða, hvort þetta er alveg rétt eftir haft, en þetta var meiningin í því, sem hæstv. ráðh. sagði. Þessi yfirlýsing er ágæt, ef henni mætti treysta. Því miður er ástandið í atvinnumálunum orðið þannig, að mjög alvarlegt atvinnuleysi er þegar skollið á í sumum kaupstöðum landsins, og allt virðist benda til þess, að atvinnuleysi sé á næstu grösum. Þetta er enginn gleðiboðskapur. En það verður ekki komizt hjá því að segja það hér.

Ég verð því miður að láta þá skoðun í ljós, að ég hef mjög takmarkaða trú á því, að hægt verði að koma í veg fyrir atvinnuleysi að óbreyttri núverandi stjórnarstefnu hæstv. ríkisstj. Ég vil benda á, að hér í Reykjavík eru nú helmingi færri íbúðarhús í byggingu en voru á s. l. ári. Sömu sögu er að segja frá öðrum byggðarlögum víðs vegar um land. Ef áframhald verður á þessari óheillaþróun, stefnir að stórauknu atvinnuleysi í byggingariðnaði landsmanna, og það er þegar farið að bera á því, að menn, sem við þessa atvinnu hafa unnið undanfarin ár, hafa þar ekki vinnu lengur. Verði áframhald á siglingum togara og annarra fiskiskipa á erlendan markað, hlýtur að koma til alvarlegs atvinnuleysis hjá því fólki, sem vinnur við hraðfrystihúsin. Fjárveitingar til allra opinberra framkvæmda eru miklu lægri nú en í fjöldamörg ár, ekki að krónutölu, það skal tekið fram, nema að litlu leyti, heldur beinlínis vegna hins háa verðlags, sem er fyrst og fremst að kenna stefnu hæstv. ríkisstj. og gengisfellingunni og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum. Allt þetta lofar sannarlega ekki góðu um framtíðina. Nei, það er eitthvað annað en það sé bjart fram undan. Það má og benda á, að ræktun í sveitum landsins hefur þegar dregizt stórlega saman svo og húsabyggingar í sveitum.

Ekki er vitað til þess, að hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. hafi yfir að ráða neinum leynisjóðum, sem hún gæti gripið til, ef atvinnuleysi kynni að aukast verulega frá því, sem nú er. Það má vera, að hún lúri á einhverjum leynisjóðum, en það er a. m. k. mér alveg hulið, og ég býst því við því, að það séu fleiri hv. alþm., sem vita ekki til þess, að slíkir sjóðir séu til, sem hægt yrði að grípa til, ef um atvinnuleysi yrði að ræða. Ég verð því að draga í efa, að mjög mikið mark sé á því takandi, þó að einstakir hæstv. ráðh. séu að gefa yfirlýsingar um þetta eða hitt. Hins vegar hyggst ég vita, að hæstv. fjmrh. vilji gjarnan sporna á móti því, að hér verði atvinnuleysi. Hann hefur sjálfur kynnzt atvinnuleysinu hér á árunum fyrr, þegar hundruð og þúsundir manna voru atvinnulausir hér í Reykjavík og urðu að fara hverja sultargönguna á fætur annarri til viðkomandi ráðh. til þess að reyna að knýja þá til að koma í gegn atvinnu. Ég veit, að hann man vel þessa tíma, og ég er alveg viss um, að það er langt frá því, að hann óski eftir því, að slíkt endurtaki sig. En á meðan hæstv. ríkisstj. sýnir ekki minnstu tilburði í þá átt að breyta um stjórnarstefnu, er ákaflega hætt við því, að erfiðlega gangi að sporna við auknu atvinnuleysi og samdrætti atvinnuveganna, sem að sjálfsögðu mundi þá þýða aukið atvinnuleysi. Annars væri æskilegt, ef hæstv. fjmrh. vildi skýra þingheimi frá því, hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að mæta hugsanlegu atvinnuleysi. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. t. d. að bæta úr því atvinnuleysi, sem nú er þegar skollið á á Akureyri? Það er vitað, að þar eru um 200 atvinnuleysingjar. Hvað hefur hæstv. ríkisstj. gert til að bæta úr því? Ég spyr. Það eru fleiri staðir á landinu, þar sem er atvinnuleysi. Það er hægt að telja marga, en ég læt þetta nægja. Og hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að bæta úr því atvinnuleysi, sem nú þegar er skollið á hér í Reykjavík, hjá því fólki m. a., sem hefur haft atvinnu sína af því að vinna í hraðfrystihúsunum? Það mun vera mjög algengt, að menn vinna þar ekki nema 2—3 daga í viku. Ég hef ekki orðið var við það, að hæstv. ríkisstj. hafi gert nokkurn skapaðan hlut til þess að bæta úr því, nema alveg þveröfugt. Nei, það er ekki nægjanlegt að gefa

góð og fögur fyrirheit. Gefnum loforðum þurfa að fylgja aðgerðir, sem að gagni koma. Annað mun verkalýðshreyfingin ekki sætta sig við. Það má hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. í eitt skipti fyrir öll vera alveg viss um. Verkalýðshreyfingin á Íslandi bjó á sínum tíma við atvinnuleysi, og hún mun ekki sætta sig við það, að sama ástand eða líkt ástand myndist aftur.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ein af þeim ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. til þess að hleypa dýrtíðinni sem allra lengst upp á við í viðbót við það, sem leiddi af gengislækkuninni og fleiri stjórnarráðstöfunum á s. l. ári, var setning lagaákvæða um svimháan söluskatt. Það er einmitt þessi viðbótar-bráðabirgðasöluskattur, sem nú er hér til umræðu. Vissulega var það svo, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á hér í þessum umr., að menn gerðu sér mjög vonir um það, að það yrði eitt af því fyrsta, sem hæstv. ríkisstj. gerði að nokkrum mánuðum liðnum, að fella niður þennan bráðabirgðasöluskatt. En svo virðist sem hæstv. ríkisstj. sé nú í engu ákveðnari en því að halda fast við hann og framlengja hann, gera hann að föstum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Í þessu sambandi dettur mér í hug vísa, sem er eftir einn af hagyrðingum landsins. Hún er svona:

Klónni slaka eg aldrei á
undan blaki af hrinu,
þótt mig hrakið hafi frá
hæsta takmarkinu.

Það er eins og þessi vísa sé orðin kjörorð hæstv. ríkisstj., og er það þó sannarlega auðsætt mál, að hana hefur hrakið frá því hæsta takmarki sínu að tryggja þjóðinni betri lífskjör, en það var það, sem hún sagði að fyrir sér vekti með öllum sínum efnahagsmálaaðgerðum. Ég hygg, að hvert einasta mannsbarn í þessu landi geri sér það nú ljóst, að ríkisstj. hefur rekið óralangt frá þessu takmarki. Það hefur verið á það minnzt hér í umr., að miðað við október 1958 hafi lífskjörum alþýðu samkv. viðurkenndum vísitöluútreikningum hrakað um a. m. k. 12%. En þá er hæstv. ríkisstj. gerður sá greiði að miða ekki við þann tíma, þegar kaupmáttur tímakaupsins var mestur nú á síðari árum, þegar vísitala tímakaupsins fór hæst, en það var í janúarmánuði 1959, rétt um sömu mundir og núv. hæstv. stjórnarflokkar fóru að ráða stefnunni. Þá var kaupmáttur tímakaupsins talinn 109 og hefur aldrei orðið hærri. Og hvað er hann nú? Nú er hann kominn niður í 85. Honum hefur því hrakað um 24 stig, þegar miðað er við það, þegar hann var beztur í upphafi þessa tímabils, og það, sem hann er nú. Þannig hefur hæstv. ríkisstj. hrakið frá því takmarki sínu, sem hún lét í veðri vaka að fyrir sér vekti, að tryggja þjóðinni bætt lífskjör.

Þessi efnahagsmálastefna, „viðreisnin" svokallaða, sem allir nefna nú svo í háði, átti að vera leiðin til bættra lífskjara, eins og öllum er í fersku minni. Hæstv. ríkisstj. hefur svo sannarlega fengið blak af hrinu hvað eftir annað, áminningar um það, að þessi stefna leiddi í þveröfuga átt við það, sem látið var heita að fyrir ríkisstj. vekti í upphafi. Dýrtíðarólgan varð meiri en nokkurn óraði fyrir, og svo kom að því, að atvinnulífið fór að dragast saman, viðskiptalífið að dragast saman, ekki aðeins verkalýðsstéttin, heldur allar framleiðslustéttir þjóðarinnar sárkvörtuðu undan afleiðingum viðreisnarinnar, og meira að segja er svo komið, að kaupsýslustéttirnar emja nú á hæstv. ríkisstj. út af því, hvernig fyrir þeim sé komið, af þeirri einföldu ástæðu, að kaupmáttur fólksins hafi nú brostið. En svarið, sem fólkið fær, er þetta, að hæstv. ríkisstj. hyggi ekki á að slaka á klónni hið minnsta, hvorki á þann veg að fella niður söluskattinn né annan.

Hér hafði hæstv. fjmrh. orð fyrir ríkisstj. í kvöld og þrætti algerlega fyrir það, að nokkurn tíma hefði verið gefið loforð um, að þessi söluskattur, sem þó var í gögnum ríkisstj. ávallt nefndur bráðabirgðasöluskattur, hefði ekki átt að vera í gildi nema fyrir árið 1960, það væru engin svik framin með því að framlengja hann, og mér skildist á hæstv. ráðh., að úr því að hann hefði verið kallaður bráðabirgðaskattur, þá hefðu allir mátt vita, að það væri ætlunin að framlengja hann, því að svo hefði það verið á dögum Eysteins Jónssonar, og nú virtist svo sem aldrei hefði vakað fyrir hæstv. ríkisstj. að afnema á næsta ári skatt, sem hét bráðabirgðaskattur. Það var sem sé Eysteinn Jónsson og svo Sovétríkin, sem voru fyrirmyndir hæstv. ráðh. í því, að söluskattur skyldi einmitt vera tekinn af fólkinu, og úr því að hann hét bráðabirgðasöluskattur, gat engum dottið í hug, að hann yrði afnuminn.

En það voru einmitt stuðjendur hæstv. ríkisstj., sem stóðu í þeirri meiningu, að þegar nokkrir mánuðir væru liðnir og blessun stjórnarstefnunnar væri farin að segja til sín, jafnvægið farið að berja að dyrum, þá mundi hæstv. ríkisstj. byrja á því að afnema einmitt söluskattinn. Þessa minnist ég sérstaklega í sambandi við það, að þegar miðstjórn A. S. Í. á s. l. hausti var að hugleiða, hvaða svör verkalýðshreyfingin ætti að gefa hæstv. ríkisstj. vegna þeirrar kjaraskerðingar, sem orðin væri hjá öllum launastéttum landsins, og var komin að þeirri niðurstöðu, að ekki yrði hjá því komizt að krefjast 15—20% kauphækkunar í landinu móti þeirri kjaraskerðingu, sem þá var orðin, og gera ýmiss konar aðrar ráðstafanir að auki til kjarabóta fyrir fólkið, jafnvel þótt það kynni að kosta harða baráttu, þá voru einmitt nokkrir stjórnarsinnar í miðstjórn A. S. Í., sem sögðu: Við skulum fara aðra leið. Við skulum biðja ríkisstj. um að gera ráðstafanir án kauphækkana til þess að auka kaupmátt launanna. — Og þeir stungu upp á því, að hún skyldi beðin þess í fyrsta lagi til þess að lækka verðlag í landinu að fella niður þennan umrædda söluskatt, 8.8% söluskattinn af vörum í tolli. Við skyldum enn fremur biðja hæstv. ríkisstj. að lækka aðflutningsgjöld og herða á öllum verðlagsákvæðum og þjappa og þrýsta þannig verðlaginu niður. Þeir lögðu til, stjórn-

arsinnarnir í miðstjórn Alþýðusambandsins, á haustnóttum, að við bæðum ríkisstj. að lækka enn fremur en orðið væri útsvör, létta útgjöldum af almenningi með lækkun útsvara á láglaunatekjum. Og eitt af því, sem þeir lögðu til að við bæðum hæstv. ríkisstj. um til kjarabóta fyrir fólkið, var að lækka aftur útlánsvextina, sérstaklega í sambandi við húsnæðismál. Þetta leiddi til þess, að miðstjórn A. S. Í. samþykkti að reyna þessa leið, og daginn eftir þennan miðstjórnarfund hjá Alþýðusambandinu, eða þann 20. okt., var hæstv. forsrh., Ólafi Thors, ritað bréf, þar sem þess var farið á leit, að hann tæki upp viðræður við miðstjórn Alþýðusambandsins um það að fella niður söluskattinn, lækka aðflutningsgjöld, lækka útsvör af almennum launatekjum, lækka útlánsvextina og gera samkomulag við verkalýðssamtökin um hverjar aðrar ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. kynni að geta gert til þess að lækka verðlag, og Alþýðusambandið lýsti því yfir, að verkalýðshreyfingin mundi síðan meta, hve mikils virði þessar verðlækkanir væru sem kjarabætur fyrir launþega, og draga það frá kröfum fólksins að því er snertir kaupgjaldið sjálft.

Það voru höfð snör handtök um þetta, þar sem við þóttumst hafa fengið vísbendingu um það frá stjórnarsinnunum í miðstjórninni, að ríkisstj. mundi vera mjög fús til þess að fara þessa leið, því að við höfðum líka séð það í Morgunblaðinu í haust, að ríkisstj. vildi fara leið í kaupgjaldsmálunum, sem leiddi ekki af sér verkföll, en það væri bara verkalýðshreyfingin, sem ógnaði alltaf með verkföllum.

Þann 20. okt. var forsrh. skrifað á þessa leið um það, að við vildum taka upp viðræður við ríkisstj. um hvers konar ráðstafanir til verðlækkunar, til þess með þeim hætti að fá úr því skorið, hvað hægt væri að bæta launakjör fólksins, auka kaupmátt launanna, án þess að farið væri í kauphækkanir að öðru leyti en því, sem ríkisstj. kynni að bresta vilja eða getu til þess að leysa málið með þessari aðferð.

Það leið nokkuð á þriðju viku, þangað til svar barst frá ríkisstj. á þá leið, að nú vildi hæstv. ríkisstj. taka upp viðræður við Alþýðusambandið út af bréfinu. Þar mættu til viðtals af hendi hæstv. ríkisstj. fjmrh. og viðskmrh., en hæstv. forsrh. ekki. Ég hirði ekki að greina í einstökum atriðum, um hvað þetta viðtal snerist, að öðru leyti en því, að fulltrúar Alþýðusambandsins hafa tjáð mér, að engin vilyrði hafi á þessum fundi verið gefin um neinn árangur eftir þessari leið, en því hafi verið slegið föstu, áður en upp var staðið, að þetta væri fyrsta viðtal og fulltrúar Alþýðusambandsins mundu verða kvaddir til viðræðu við ríkisstj. síðar. Nú í dag eru tveir mánuðir síðan Alþýðusambandið skrifaði ríkisstj. og fór fram á þetta. Og nú er verið að knýja á um það hjá hæstv. ríkisstj., að söluskatturinn verði felldur niður, það sama sem var fyrsta atriði hjá stjórnarsinnunum, fylgismönnum hæstv. ríkisstj., í miðstjórn Alþýðusambandsins í haust, sem þeir sögðu að væri sjálfsagt að biðja fyrst um til þess að auka kaupmátt launa án kauphækkana. Það hefur að vísu ekkert komið út úr viðræðunum, enginn fundur verið boðaður af hæstv. ríkisstj. á ný, en hér berst svarið sjálfsagt. Það er auðheyrt, að hæstv. ríkisstj. vill ekki taka það í mál að gera þessa ráðstöfun til verðlækkunar og þar með til kjarabóta fyrir launastéttirnar.

Ég hygg, að það liggi fyrir á prenti, hafi verið birt í Morgunblaðinu, að ef söluskatturinn væri felldur niður, mundi það a. m. k. þýða 3% kjarabót fyrir launþegana. Ég held, að það fari ekkert á milli mála, að það er meira að segja útlendur hagfræðingur, sem hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að ef þessi bráðabirgðasöluskattur verði felldur niður, muni það þýða um 3% kjarabót fyrir launþega. Nú skal ég ekki slá neinu föstu um það, hvort þessi útreikningur hins erlenda hagfræðings er réttur eða hvort hann er jafnvitlaus og aðrir útreikningar hagfræðinga hæstv. ríkisstj., — það gæti hann líka verið, — og þó er það ljóst, að einhver kjarabót hefði verið að því fyrir launþegastéttirnar, ef hann hefði fengizt felldur niður. Nú virðist auðsætt, að það fæst ekki. Undirtektirnar eru ekki þannig, að líkur þyki til, að hann verði afnuminn. En mér leikur hugur á að vita, hvort það er svo, að hæstv. ríkisstj. sé ófús til þess að fara þessa leið, hvort hún ætli ekki að halda viðræðum áfram við verkalýðssamtökin um það að reyna að bjóða launþegastéttunum, sem svo grátt hafa verið leiknar af allri viðreisninni, allri þessari efnahagsmálastefnu hæstv. ríkisstj., neinar kjarabætur að þessari leið, með því að draga úr verðlaginu, lækka það, annaðhvort með lækkun á sköttum, útsvörum, vöxtum eða á annan hátt. Mér finnst, að þegar tveir mánuðir eru liðnir frá því, að þessi viðtöl hófust, mætti vænta þess, að niðurstöður færu að liggja fyrir. Og svo mikið er víst, að ef þessu verður neitað, annaðhvort með þögninni ellegar það fengist botn í viðræðurnar á þann hátt, að enginn árangur fáist að þessari leið, þá liggur það fyrir, að þá gefur hæstv. ríkisstj. ekki kost á annarri leið til kjarabóta en verkalýðshreyfingin berjist fyrir kauphækkunum, þaulreyni fyrst samninga við atvinnurekendurna, og náist ekki viðunandi árangur af þeim samningum, þá er það gefinn hlutur, og það veit hæstv. ríkisstj., að þá kemur til verkfalla. Mér þykir ekki óeðlilegt, að ég ræði þetta einmitt í sambandi við það, að söluskatturinn er á dagskrá, og mér þætti mjög svo eðlilegt, að hæstv. ráðh. gæfi nú Alþ. svör, þegar hæstv. ríkisstj. hefur forsmáð verkalýðssamtökin í tvo mánuði og ætlar sér sjálfsagt ekki að svara neinu.

Hæstv. ráðh. fullyrti það í ræðu sinni í kvöld, að í raun og veru hefði söluskatturinn ekki verið nein aukabyrði á fólkinu, á launþegunum, því að það hefði verið létt af sköttum, tekju- og eignarskatti t. d., þannig að þetta stæðist á endum, þetta dæmi gengi upp, lækkun skatta næmi jafnmiklu og söluskatturinn. Þetta er alrangt, eins og sýnt var fram á hér í kvöld. Tekju- og eignarskatturinn var árið 1959 130 millj., og hann verður á árinu 1961 75

millj., vörumagnstollurinn var 35 millj. 1959 og verður það á árinu 1961. Innflutningsgjaldið af benzíni var 17 millj. árið 1959, en verður á árinu 1961 58 millj. Verðtollurinn var 270 millj. árið 1959, en verður á árinu 1961 343.6 millj. Söluskattur af innflutningi var 145 millj. á árinu 1959, en verður 156.5 millj. á árinu 1961. Söluskattur af innlendri vörusölu og þjónustu, að frádregnum hluta sveitafélaganna, var enginn árið 1959, en verður 148 millj. á árinu 1961. Og bráðabirgðasöluskattur af innflutningi, að frádregnum hluta sveitarfélaganna, var enginn árið 1959, en verður 134.5 millj. 1961. Þessir skattar, sem hér hafa nú verið taldir, námu á árinu 1959 597 millj., en á árinu 1961 koma þeir til með að nema 950.6 millj. kr. Hækkunin er þarna 353.6 millj. Svo segir hæstv. ráðh., að þetta gangi alveg upp, lækkunin á tekjuskattinum og aðrar lækkanir samsvari alveg þeirri hækkun, sem hafi orðið á söluskattinum. Nei, kjaraskerðingin hefur átt sér stað í gegnum gengislækkunina og verðhækkunarflóðið, sem af henni leiddi. Hún stafar af söluskattinum og hlutdeild hans í verðhækkununum. Og versta, fantalegasta kjaraskerðingin liggur í vaxtaokrinu og lánasamdrætti bankanna og samdrætti atvinnulífsins og þannig minnkandi atvinnu.

Það fer því ekkert á milli mála, að kjaraskerðing launastéttanna í landinu er mun meiri en vísitala vöruverðs og þjónustu segir til um. Hún er miklu meiri en opinberar skýrslur um kaupmátt tímakaupsins segja til um vegna einmitt samdráttar atvinnulífsins.

Ég skal láta mér nægja að ræða eingöngu um þetta atriði, og hefði þó verið full ástæða til að halda miklu lengri ræðu um þessa viðreisnarráðstöfun hæstv. ríkisstj., söluskattinn. En þess hefur verið óskað, að menn stytti ræður sínar, til þess að hægt sé að ljúka málum hér á fundinum í kvöld, og skal ég hér láta staðar numið. En mér þætti afskaplega vænt um, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst það hér á Alþingi, þó að hann hafi neitað verkalýðssamtökunum um svör við því, hvaða möguleikar eru á því, að hann auki kaupmátt launanna, bæti launastéttunum að einhverju leyti upp þá gífurlegu kjaraskerðingu, sem þær hafa orðið fyrir, með einhverjum þeim ráðstöfunum, sem gætu leitt til lækkaðs vöruverðs. Verkalýðshreyfingin hefur lýst því yfir, að hún mundi meta slíkar verðlækkanir til kjarabóta og draga jafngildi þeirra frá sínum framlögðu kauphækkunar- og kjarabótakröfum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., því að ég hef áður lýst afstöðu minni til söluskattsins og þarf þar engu við að bæta. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að ég, ásamt þrem hv. þm. öðrum, þeim Karli Guðjónssyni, Garðari Halldórssyni og Halldóri Ásgrímssyni, flyt hér brtt., sem ég vil nú lýsa, en hún er svo hljóðandi:

„Á undan 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi:

Á eftir 27. gr. l. komi ný grein þannig:

Ríkisstj. er heimilt að verja hluta af söluskattinum til þess að standa straum af eftirfarandi hækkunum á launum starfsmanna ríkisins:

a) Laun, sem samkv. gildandi launalögum fara stighækkandi eftir starfsaldri, hækka á tveimur árum í stað fjögurra, þannig að byrjunarlaun verði samsvarandi núv. launum með tveimur aldurshækkunum og hækki síðan á tveimur árum í hámarkslaun launaflokksins.

b) Starfsmönnum, sem laun taka samkv. 13. og 14. launaflokki, verði greidd laun samkv. 12. launaflokki.“

Ástæðan til þess, að við flytjum þessa till. nú, er sú, að samkv. úrskurði hæstv. forseta hér við fjárlagaafgreiðsluna var ekki talið fært að láta þessa till. koma undir atkv. í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna. Hins vegar eru fordæmi fyrir því, t. d. í efnahagsmálalöggjöf hæstv. ríkisstj., að þar er mörgum lögum breytt, svo sem kunnugt er. Þess vegna tel ég, að það sé eðlilegt að freista þess að fá álit hv. þm. um þetta mál á þessu stigi, þar sem það kom fram í umr. um málið við fjárlagaafgreiðsluna, að ástæðan til þess, að þetta mál var ekki afgreitt hér á jákvæðan hátt þá, væri ekki sú, að andstaða væri gegn málinu, heldur hitt, að formgallar væru taldir á því. Nú tel ég, að þeir séu ekki til staðar og þess vegna geti þeir, sem vilji ljá málinu lið, lagt því það.

Það hefur líka komið fram í umr., að hæstv. ríkisstj. og fleiri aðilar hjá ríkinu hafa orðið að sniðganga sumt af þessum lagaákvæðum til þess að missa ekki af starfskröftum, sem þeir hafa átt kost á. Og til þess að hér sé rétt að farið, er þessi tillaga flutt, í von um það, að úr þessu máli megi bæta á þann hátt, sem bezt má vera.

Þar sem þessi till. er svo seint á ferðinni og það seint fram komin, að ég verð að leggja hana fram skriflega, leyfi ég mér, hæstv. forseti, að óska eftir því að leita eftir afbrigðum um tillöguna.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 259) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 259 felld með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HÁ, HS, HV, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG.

nei: JPálm, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, SB, GuðlG, JóhH.

3. þm. (JSk, KGuðj, GÍG) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 21:12 atkv.

2. gr. samþ. með 21:11 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:11 atkv.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21:14 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 261).

13. Efnahagsmál (stjfrv.).

Á 35. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál [134. mál] (stjfrv., A. 200).

Á 36. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, felur í sér tvö meginatriði. Annað er það, að útflutningsskatturinn, sem ákveðinn var í lögunum um efnahagsmál, skuli felldur niður frá 1. jan. n. k. af þeirri framleiðslu, sem unnin er á árinu 1961 og síðar. Í öðru lagi eru í frv. ákvæði um það, hvernig með skuli fara það fé, sem afgangs verður í útflutningssjóði, þegar hlutverki hans sem slíks er lokið.

Það var tvennt líka, sem vakti fyrir með setningu laganna um þennan útflutningsskatt, þegar hann var ákveðinn með efnahagsmálalögunum. Í fyrsta lagi var það að fá inn í efnahagskerfið nokkurs konar öryggisventil, sem grípa mætti til, ef erfiðleikar steðjuðu að atvinnuvegunum, og var það, að ég verð að segja, fyrst og fremst vegna þess, að gengisbreytingin, sem ákveðin var, var ákveðin eins lítil og frekast var hægt að gera sér vonir um að mundi duga. Þess vegna var það ekki óeðlilegt, að menn gætu hugsað sér þann möguleika, að sitthvað kynni að geta komið fyrir, sem torveldaði framkvæmdina á þessum grundvelli, svo sem aflabrestur, markaðserfiðleikar, hækkaðir gjaldaliðir eða annað af þessu tagi, sem gerði það örðugra fyrir atvinnurekstrinn að ná endunum saman. Þess vegna var það hugsunin að fella þennan skatt niður að meira eða minna leyti, ef eitthvað slíkt steðjaði að.

Hitt atriðið, sem haft var í huga, þegar skatturinn var settur, var það, að honum var ætlað það hlutverk að ganga til greiðslu á þeim hala, sem útflutningssjóðurinn hafði dregið á eftir sér að undanförnu og sýnt var að þurfti að mæta með einhverju móti. Þessi hali útflutningssjóðs var bættur í fyrsta lagi með gengishagnaði af þeirri vöru, sem framleidd var fyrir gildistöku efnahagslaganna, en flutt út eftir gildistökuna, og síðan með þessum skatti.

Þegar kom fram á árið, sem nú er að líða, árið 1960, kom það í ljós, að erfiðleikar mundu vera þegar fyrir útgerðina að ná endunum saman með 5% skattinum, og var þá borin fram sú ósk af útgerðarmanna hálfu, að skattinum yrði breytt, að hann yrði lækkaður í 2½%, en látinn gilda þeim mun lengur, sem þyrfti til þess að útflutningssjóður gæti innt af hendi sínar skuldbindingar. Og með góðu samkomulagi var þessi skattur þá lækkaður úr 5% niður í 2½%. Nú hefur það hins vegar komið í ljós, að hagur útflutningssjóðs er allmiklu betri en menn ætluðu að hann mundi verða, og sýnilegt, að í honum verða eftir allháar upphæðir, þegar hann hefur innt af hendi sínar skuldbindingar.

Um fyrri breytinguna, sem í frv. felst, afnám skattsins, skal ég taka það fram, að þegar hafa að útgerðinni steðjað svo miklir örðugleikar, að það er sýnt, að það verður að grípa til þessara ráða, sem gert var ráð fyrir í upphafi, að nema skattinn algerlega úr gildi við næstu áramót, og er það þess vegna gert í frv. Hins vegar hefur það orðið að ráði að halda áfram innheimtu á skattinum eftir næstu áramót af framleiðsluvöru ársins 1960, en afnema hann á þeirri vöru, sem framleidd verður á árinu 1961. Ástæðan til þess, að haldið er skattinum á framleiðsluvörum ársins 1960, er í fyrsta lagi sú, að hráefnisverðið til fiskvinnslustöðvanna á árinu 1960 hefur verið miðað við það, að þessi skattur væri tekinn af útflutningnum, og eru útvegsmennirnir þess vegna, að segja má, á vissan hátt búnir að borga þennan skatt fyrir sitt leyti af ársframleiðslunni 1960 og þess vegna óeðlilegt, að hann verði felldur niður á birgðunum, sem enn eru til í landinu frá þessu ári. Önnur ástæða til þess, að þetta er gert, er sú, að það hefur orðið að ráði í ríkisstjórninni að leggja til, að það, sem afgangs kynni að verða í útflutningssjóði, yrði notað í þágu þeirra atvinnuvega, sem lagt hafa fé í sjóðinn, og þá það fé, sem sjávarútvegurinn hefur lagt fram, notað í samráði við forsvarsmenn sjávarútvegsins. Þeir hafa aftur óskað þess, að þetta fé væri notað til greiðslu vátryggingariðgjalda ársins 1960. Og þar sem nokkuð getur orkað tvímælis, hvort það, sem eftir verður í sjóðnum, nægi til að greiða að fullu þessi vátryggingariðgjöld, hefur þess verið óskað af útgerðarmönnum, að þessum greiðslum yrði haldið áfram af allri framleiðslu ársins 1960, til þess að komast eins nærri því og mögulegt er að fá upp í vátryggingariðgjöldin. En ríkisstjórnin hefur aldrei léð máls á því að láta af hendi annað eða meira fé í þessu skyni en það, sem verður afgangs í sjóðnum.

Þetta afgangsfé útflutningssjóðs er vitaskuld að langmestu leyti til orðið af framlögum sjávarútvegsins. En þó eru nokkrar millj., eða nánar tiltekið rétt um 4 millj., sem runnið hafa í sjóðinn sem útflutningsskattur af landbúnaðarafurðum, og er auðvitað gert ráð fyrir því, að þeirri upphæð verði varið í þágu þess atvinnuvegar, en verði ekki látin renna til sjávarútvegsins eða hans þarfa í einu eða neinu formi.

Sem sagt, ríkisstj. leggur til, að heimilað verði að nota þetta fé, sem eftir kann að verða í útflutningssjóðnum, til þess að aðstoða þá atvinnuvegi, sem lagt hafa fram féð, og því ráðstafað í þágu þeirra. Ég ætla, að málið liggi svo ljóst fyrir, að ég þurfi ekki að hafa um það fleiri orð. En ég vildi leyfa mér einnig í tilefni af flutningi þess að óska eftir því við

þá nefnd, sem það fær til athugunar, að því yrði hraðað eins og kostur er, til þess að unnt verði að afgreiða málið fyrir jólafrí og það geti komið til framkvæmda fyrir eða um áramótin.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað að umr. lokinni til hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Þegar hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir efnahagslöggjöfinni í fyrra, var það tekið fram mjög greinilega af hendi hæstv. ríkisstj., að efnahagslöggjöfin væri miðuð við að tryggja höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar öruggan starfsgrundvöll, þannig að hægt væri að leggja uppbótakerfið gersamlega á hilluna. Enn fremur var mjög sterklega lögð áherzla á, að ekki kæmi til greina að hverfa að uppbótakerfinu aftur í nokkurri mynd, enda mundi sú nýja skipan efnahagsmálanna, sem innleidd var, tryggja, að slíkt þyrfti ekki að koma til greina. Það var mjög sterklega lögð áherzla á, að þessar ráðstafanir væru við það miðaðar, að aðalútflutningsatvinnuvegurinn, sjávarútvegurinn, gæti staðizt gersamlega án nokkurs sérstaks stuðnings af hendi ríkisvaldsins, sem í nokkru gæti líkzt þeim stuðningsráðstöfunum, sem gerðar höfðu verið á undanförnum árum. Jafnframt var það tekið fram, að það væri halli, talsvert verulegur, á útflutningssjóði uppbótakerfisins og það yrði að leggja nokkurt gjald á til þess að jafna þennan halla. En jafnframt var það mjög greinilega tekið fram, að sjávarútveginum væri ætlaður svo ríflegur kostur í þessu nýja efnahagskerfi, að það væri hægt að leggja 5% útflutningsgjald á allar útflutningsafurðir, sem gengi til þess að greiða niður þennan halla á útflutningssjóðnum. En þegar því væri lokið, yrði þetta gjald afnumið. M. ö. o.: hæstv. ríkisstj. sagði, að þetta væri svo hagfelld lausn, sem hún beitti sér fyrir, að sjávarútveginum væri tryggður blómlegur, styrkjalaus rekstur og gæti þar að auki lagt 5% til þess að greiða hallann á útflutningssjóðnum.

Þetta var sú hlið viðreisnarinnar, — eins og hæstv. ríkisstj. vill kalla hana, en farið er nú að kalla hana yfirleitt í gamni, — sem sneri að sjávarútveginum.

En hvernig horfir nú þetta mál við, aðeins nokkrum mánuðum eftir að þessar nýju efnahagsráðstafanir voru gerðar? Það horfir við á allt aðra lund — það er óhætt að fullyrða — en hæstv. ríkisstj. vildi gera ráð fyrir fyrir fram og telja mönnum trú um að stefnt væri að, enda er það engin furða. Það var bent á það rækilega í fyrravetur, að þessar ráðstafanir gætu með engu móti staðizt og bæru dauðann í sér og hlytu að verða til stórtjóns bæði fyrir sjávarútveginn og þjóðina í heild. Fyrir því voru færð þau rök þá, sem nú sést að voru alveg rétt, að enginn atvinnuvegur, hvorki sjávarútvegurinn né nokkur annar atvinnuvegur í landinu, gat staðizt ólamaður þau geigvænlegu högg, sem hæstv. ríkisstj. greiddi með efnahagslöggjöfinni.

Með þessari löggjöf var sem sé allt gert í senn: Lækkað mjög gengi íslenzkrar krónu. Lagðar mörg hundruð millj. króna nýjar álögur á landsmenn til ríkisbúskaparins. Hækkaðir vextirnir þannig, að fullkomið okur má teljast og sennilega einsdæmi á jarðarkringlunni. Loks var innleiddur stórkostlegur lánsfjárskortur, sem einn út af fyrir sig hefur verið svo gífurlegur í framkvæmd, að mundi hafa nægt til þess að trufla eðlilegt atvinnulíf, hvað þá heldur þegar þetta fernt hefur allt farið saman, enda hefur niðurstaðan orðið sú, að atvinnuvegir landsmanna eru nú þegar mjög lamaðir orðnir af þessum ráðstöfunum. Almenningur býr við stórkostlega kjaraskerðingu, sem getur ekki staðizt svo að segja stundinni lengur og höfuðútflutningsatvinnuvegurinn hefur þegar dregizt verulega saman vegna þessara aðfara og þar með gjaldeyristekjurnar og þjóðartekjurnar og það svo aftur haft í för með sér framlengingu á þeim álögum, sem að réttu lagi átti að fella niður, eða m. ö. o. enn meiri álögur.

Ef menn skyldu halda, að þetta væri einhver sleggjudómur, sem stjórnarandstæðingar hefðu tilhneigingu til að fella um ráðstafanir hæstv. ríkisstj., geta menn fljótlega sannfært sig um, að það er misskilningur, bæði með því að hafa tal af þeim mönnum, sem við þetta verða að búa í sjávarútvegi og öðrum atvinnurekstri, og enn fremur með því að skoða þær ályktanir, sem koma frá þeim samtökum, sem hér eiga hlut að máli, og raunar einnig þær yfirlýsingar, sem forustumenn þessara samtaka gefa um áhrif þeirra á atvinnureksturinn, og það menn, sem hafa ekki hina minnstu tilhneigingu til að halla á núv. hæstv. ríkisstj. eða gera hlut hennar verri í nokkurri grein en full ástæða væri til. Nefni ég þar m. a. þann vitnisburð, sem formaður L. Í. Ú. hefur gefið þessum ráðstöfunum, þar sem hann hefur lýst því yfir, að sjávarútvegurinn sé nú mjög lamaður af þessum ástæðum, og önnur fleiri ummæli í sömu stefnu.

Þetta hlaut að verða. Það var óhugsandi, að framleiðslan eða atvinnureksturinn í landinu gæti þolað allar þessar geigvænlegu ráðstafanir, þegar þær fóru allar saman, enda varð niðurstaðan sú eftir aðeins örfárra mánaða rekstur sjávarútvegsins t. d. við þessa nýju skipan, að heita mátti, að meginþorri eða mikill þorri sjávarútvegsfyrirtækja væri kominn í alger greiðsluþrot.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er þá einnig fullkomin þrotabúsyfirlýsing, ef svo mætti segja, af hendi hæstv. ríkisstj. í þessu máli, og skal ég færa fyrir því út af fyrir sig nokkrar ástæður.

Ég sagði áðan, að þegar gengið var frá efnahagsmálum og málum framleiðslunnar í fyrravetur og hið nýja efnahagskerfi sett á fót, sem átti að þola öll áföll og vera algerlega sjálfvirkt, þannig að aldrei þyrfti þar um að bæta á nokkurn hátt, — þegar það var innleitt, var sagt, að sjávarútvegurinn yrði svo stæltur, að hann gæti greitt 5% útflutningsgjaldið til að jafna hallann á útflutningssjóðnum. Það kom strax í ljós í fyrravetur, hversu fáránleg þessi

fullyrðing var og allir þeir útreikningar, sem hér að lutu, því að í fyrravetur þurfti að byrja með því að afnema þetta gjald að hálfu, til þess að hugsanlegt væri, að endarnir næðu saman til bráðabirgða í þeim samningum um fiskverðið, sem þá stóðu yfir mánuðum saman á milli fiskkaupenda og hraðfrystihúsa annars vegar og útgerðarmanna hins vegar. Þá þurfti að afnema helminginn af þessu gjaldi, og var það fyrsta skekkjan, sem kom greinilega í ljós. En nú er komið í ljós eins glöggt og verða má, að jafnvel þótt þetta væri gert, þá hrökk það skammt til þess að bjarga sjávarútveginum frá þeim áföllum, sem hæstv. ríkisstj. hafði innleitt með efnahagslöggjöfinni. Það kom sem sé í ljós nú á haustmánuðum, að mikill meginþorri útgerðarfyrirtækjanna var kominn í greiðsluþrot, og ástæðurnar voru jöfnum höndum hin gífurlega vaxtahækkun, sem innleidd hafði verið, lánasamdrátturinn og hin óskaplega verðhækkun, sem varð á öllum nauðsynjum útgerðarinnar, bæði í sambandi við gengislækkunina sjálfa og allar þær nýju álögur, sem sópað var inn í ríkissjóðinn. Afleiðingarnar af öllu þessu urðu þær, að það var enginn rekstrargrundvöllur fyrir sjávarútveginn.

Það hefur verið talað um aflaleysi í þessu sambandi, og það er rétt, að togararnir hafa fiskað mjög illa, og hefur aflaleysi átt stóran þátt í þeirra vanda. En afli á bátaflotanum hefur verið fullkomlega í meðallagi og síldveiðar gengu sízt verr á s. l. sumri en þær hafa gengið undanfarin allmörg ár, að undanskildu árinu í fyrra. Hér er því aflaleysi engan veginn um að kenna hvað flotann snertir, heldur eingöngu þeim gífurlegu og fávíslegu ráðstöfunum til hækkunar á öllum rekstrarkostnaði, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir í fyrra og fyrirsjáanlegt var, að gat aldrei endað öðruvísi en með strandi hjá sjávarútveginum og annarri framleiðslu.

Í framhaldi af þessu hefur svo ríkisstj. í allt haust verið eins og fluga í flösku að reyna að komast út úr þessum vanda og finna einhverjar leiðir til þess að koma í veg fyrir, að framleiðslan í landinu stöðvaðist alveg. Náttúrlega hefur þetta orðið mjög erfitt verk, því að hún hefur verið að reyna að finna leiðir til að gera þetta án þess, að allt of mikið bæri á því, að efnahagskerfi hennar væri algerlega komið í strand. Og það fyrsta, sem hæstv. ríkisstj. gerði í þessa stefnu, að því er manni skilst, og það verður þá leiðrétt hér af hæstv. ráðh., ef ég hef ekki haft alveg réttar fregnir af því, sem hæstv. ríkisstj. hefur aðhafzt í þessa átt, — það fyrsta var að eiga hlut að því við bankana að lengja þau lán, sem útvegsmenn höfðu fengið til nótakaupa, og reyna þannig að koma í veg fyrir algert strand strax hjá mörgum þeirra. Enn fremur voru gerðar ráðstafanir til þess að efla þá deild aflatryggingasjóðsins, sem síldveiðinni átti að sinna, og lánveitingar í því sambandi viðhafðar úr öðrum hlutum sjóðsins.

Þá hef ég það fyrir satt, að gerðar hafi verið margvíslegar ráðstafanir með milligöngu bankanna til að veita ýmsum fyrirtækjum, sem gátu sett tryggingar, ný lán til að koma í veg fyrir algera stöðvun, með það fyrir augum, að þau, t. d. frystihús og önnur slík fyrirtæki, gætu greitt hráefnisverðið. Ég hef skilið það svo, að í þessu efni hafi orðið að ganga æði langt til þess að bjarga frá algerri stöðvun til bráðabirgða eftir þær aðfarir, sem þessi fyrirtæki höfðu orðið fyrir og ég hef með fáum orðum lýst.

Þá hefur mér skilizt, að hæstv. ríkisstj. hafi unnið að því að fá því framgengt, að útgerðin gæti fengið frest á afborgunum af lánum sínum, a. m. k. á haustgjalddögunum nú fyrir árið 1960, og væri það líka einn liðurinn í því að komast hjá algeru hruni. Vildi ég nú spyrjast fyrir um, hvort þetta sé ekki rétt, að hæstv. ríkisstj. hafi unnið í þessa átt, en ég hef ekki orðið var við, að neinar lagasetningar væru á gangi um þetta efni. Vildi ég því nota tækifærið til að spyrja hæstv. sjútvmrh. um, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hafi nú þegar gert í þessu efni og hverjar kunni að vera í vændum.

Enn fremur er hvað eftir annað lýst yfir, — ég hygg, að það hafi komið einhverjar yfirlýsingar í þá átt frá hæstv. ríkisstj. á landssambandsfundinum t. d., — að í undirbúningi væru talsvert víðtækar ráðstafanir til, að nýjar lánveitingar ættu sér stað til útgerðarinnar og ef til vill fleiri atvinnuvega, en það er mjög á huldu, hvernig þessar lánveitingar eru hugsaðar. Manni skilst, að þetta sé líka einn liður í því að komast hjá algerri stöðvun og bæta úr þeim vanda, sem orðinn er. Ég vildi í þessu sambandi spyrja hæstv. ráðh., hvort þetta mál væri komið svo langt, að hann gæti gefið Alþingi upplýsingar um, hvað verið væri að starfa að þessu leyti og hvað hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju, hvers konar lánveitingar til framleiðslunnar það eru, sem hún hefði þá hugsað sér að gangast fyrir, og ef svo langt væri komið, hvernig það væri hugsað í framkvæmd og hvaða fjármagn það væri, sem þar ætti að koma til greina.

Það má vel vera, að það sé fleira, sem ýmist hefur nú þegar verið gert til að greiða úr þessum vanda eða hafi komið til greina, en þetta er það, sem ég í fljótu bragði man eftir, og mundi mér finnast, að það væri sérstök ástæða að fá upplýsingar um þetta.

Samkvæmt því efnahagsskipulagi, sem upp var sett og átti að tryggja, að atvinnurekstur gæti gengið hér uppbóta- og íhlutunarlaust og styrkjalaust, átti útflutningsgjaldið af sjávarafurðunum að falla niður, þegar búið var að greiða hallann af útflutningssjóðnum. En nú er það augljóst, og í því liggur ekki minnsta þrotabúsyfirlýsingin, sem er að finna í þessu máli öllu saman, að hæstv. ríkisstj. hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að hag sjávarútvegsins á þessu ári væri þannig komið, að það væri ekki með nokkru móti hugsanlegt, að útgerðin gæti staðið undir greiðslu sinna eigin vátryggingariðgjalda. Ef allt hefði verið með felldu um afkomu sjávarútvegsins, eins og hæstv. ríkisstj. vildi halda fram í fyrravetur, og efnahagskerfi hennar hefði staðizt sína raun, jafnvel fyrstu mánuðina, átti vitanlega aldrei að koma til

mála að fara aftur inn á þá braut að greiða uppbætur til útgerðarinnar í því formi, að greidd yrðu öll vátryggingariðgjöld útgerðarinnar sem uppbætur. En það er þetta, sem hæstv. ríkisstj. er núna að gera, og ef ekki hefði staðið svo alveg sérstaklega á, að ríkisstj. hefur þarna þennan afgang af þessu 2½% gjaldi, þá hefði hæstv. ríkisstj. nú þegar neyðzt til þess að afla nýrra tekna til þess að greiða þessi iðgjöld. En það er eingöngu vegna þess, að þessi afgangur er þarna til staðar af þessu 2½% gjaldi í útflutningssjóðnum gamla, að hæstv. ríkisstj. sleppur við það í bili að afla sérstakra nýrra tekna til að greiða þessi vátryggingariðgjöld. Hún getur tekið þessar álögur í það, sem lagðar voru á í fyrravetur.

En það er hverju mannsbarni augljóst, að ef allt hefði verið með felldu um efnahagskerfið og sjávarútvegurinn getað staðizt þessi högg, sem ríkisstj. greiddi honum í fyrravetur, þá hefði ekki átt að þurfa að koma til mála að fara að borga nú fyrir þetta ár sérstakar uppbætur í formi vátryggingariðgjalda flotans. Það er vitaskuld gert eingöngu vegna þess, hvernig sjávarútvegurinn hefur verið leikinn og gersamlega lamaður með þeim efnahagsmálaráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir.

Hér við bætist svo, að að óbreyttri stjórnarstefnu og óbreyttum stjórnarráðstöfunum sýnist ekki vera nokkur minnsta von um, að sjávarútvegurinn eða nokkur annar atvinnuvegur í landinu geti haldið áfram sínum rekstri, — sýnist ekki vera nokkur von til þess, að óbreyttum efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstj. Þetta er hverju einasta mannsbarni í landinu orðið gersamlega ljóst og sennilega ríkisstj. líka. En það stendur bara svo á, að það er meiningin að reyna að dragnast einhvern veginn út þetta ár með því að taka uppbæturnar nýju af 2½% skattinum og einhverjum afgangi, sem manni skilst jafnvel að hafi fundizt í útflutningssjóði. Það stendur þannig á, að það er hægt að taka peningana þarna núna, en það verður ekki gert til frambúðar.

Það væri mjög nauðsynlegt einmitt í sambandi við þessar umr., að það kæmi greinilega fram, eins greinilega og hægt væri, hvaða ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hugsar sér að gera í málefnum framleiðslunnar fyrir næsta ár. Það er alveg augljóst, að eins og þetta er núna, þá stefnir beint í vegginn. Það er óhugsandi, að framleiðslustarfsemin geti haldið áfram við þau skilyrði, sem hæstv. ríkisstj. bjó út í fyrravetur og áttu að vera varanlegar ráðstafanir, sem gerðu það að verkum, að þessi mál leystust öll af sjálfu sér úr því.

Nú eru þær tölur, sem notaðar eru í sambandi við þessi vátryggingariðgjöld, nokkuð mikið á reiki. En í sambandi við það vil ég þó spyrja hæstv. ráðh., af því að ég varð ekki var við, að það kæmi fram í hans ræðu, hvað mikið búið sé að innheimta með þessu 2½% útflutningsgjaldi og hvað mikið hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir að þetta gjald verði samtals af allri framleiðslu ársins 1960, sem skattskyld á að verða. Þá langar mig líka til að vita, ef hæstv. ráðh. gæti upplýst, hvað ársvátryggingariðgjöldin fyrir allan báta- og togaraflotann nema hárri fjárhæð. Loks væri mjög æskilegt að fá að vita, hver verður útkoma útflutningssjóðs. Hver verður halli hans, sá sem þarf að jafna af þessu 2½% gjaldi? Eða varð hann kannske, þegar allt kom til alls, enginn? Var þetta allt saman kannske misskilningur, að það væri halli á útflutningssjóðnum?

Í fyrra var það látið mjög í veðri vaka, að það væri talsverður halli á útflutningssjóðnum. Það var á meðan verið var að koma á þessum gífurlegu ráðstöfunum, sem hér voru þá til meðferðar. Þá var mikið gert úr því, að það væri verulegur halli á útflutningssjóðnum, og það var efnt til 120 millj. kr. skatttöku til að jafna hann. Var þetta þá allt saman rangt? Var enginn halli raunverulega á útflutningssjóðnum? Var þetta bara saga, sem búin var til og haldið á lofti, meðan verið var að fá þjóðina til að trúa því, að hún þyrfti að sætta sig við allar þessar ofboðslegu ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir? Var þetta bara þjóðsaga, sem búin var til um hallann á útflutningssjóðnum þá, eða hvað er það, sem raunverulega hefur skeð, og hver er þá niðurstaðan af þessum útflutningssjóðsrekstri nú, því að nú ætti að vera hægt að sjá það alveg? En furðulegt má það teljast, ef menn hafa séð þetta svo ónákvæmt í fyrravetur, að það, sem menn héldu þá að þyrfti 120 millj. til að jafna, hafi máske reynzt vera ekki neitt. Það hefði því ekkert þurft að leggja á til að jafna þennan halla.

Ég man ekki betur en við gerðum ráð fyrir því í fyrra, að eitthvað af þessum 5%, sem átti þá að leggja á útgerðina eða útflutninginn, mundi vera lagt á til þess, að ríkisstj. hefði þar eitthvað til að byrja á uppbótakerfinu aftur, ef hún þyrfti á að halda. Ég hygg, að við höfum einmitt þá vikið nokkuð að þessu. Það var svo óljóst um það, hvað halli útflutningssjóðsins væri mikill, og óljóst um, hvað ætlazt væri fyrir með þessum 5%, að við munum hafa leitt nokkrar getur að því þá, að jafnvel mundi hér blandast inn í hjá hæstv. ríkisstj., að þetta fé ætlaði hún sér að hafa til að byrja á uppbótakerfinu aftur.

Og hvað er nú komið í ljós? Það kemur í ljós, að þetta fé á að nota til að byrja á uppbótakerfinu aftur, á meðan ríkisstj. er að venjast ósigrinum, á meðan hún er feimin. Á meðan hún er feimin við að játa, hvernig komið er, getur verið gott að grípa til þessa sjóðs af útflutningsgjaldinu, sem lögleiddur var í fyrra, til að greiða uppbæturnar.

Hér fer auk þess eitthvað á milli mála í þessu, því að hæstv. ráðh. sagði, að það yrði að nægja upp í vátryggingargjöldin, sem afgangs yrði í útflutningssjóðnum. Manni skilst, að á landssambandsfundi hafi margir skilið þær orðsendingar, sem gengu frá hæstv. ríkisstj., þannig, að hún mundi tryggja, að vátryggingariðgjöldin yrðu öll greidd á árinu 1960. Þar hefur þá orðið einhver misskilningur, því að ég heyrði, að hæstv. ráðh. sagði, að stjórnin hefði ekki heitið öðru en því, að afgangurinn gengi til iðgjaldanna. Mér er nær að halda, að

þessi skilningur hafi alveg fest rætur hjá þeim, sem voru á landssambandsfundinum. Það má mikið vera, ef hér er ekki eitthvað óhreint í pokanum, þannig að hér hafi einhver fyrirheit verið gefin, sem eigi kannske að fara dult, á meðan menn eru feimnastir við að játa skilmerkilega, að þetta nýja efnahagsmálakerfi er gersamlega komið út um þúfur og að byrjað er aftur á gamla laginu. En þetta á kannske að vera eitthvað óljóst, á meðan menn eru að venja sig við það.

Þessar ráðstafanir, sem hér eru ráðgerðar í frv., eru miðaðar við, eins og hæstv. ráðh. útskýrði og ég hef aðeins minnzt á, að greiða fyrir bátaflotanum og togaraflotanum með því að greiða vátryggingariðgjöldin. Ég var að segja, að ég sakna þess mjög, að hæstv. ríkisstj. skuli ekki nú þegar hafa gert ýmsar aðrar ráðstafanir til þess að bæta úr því böli, — ég segi böli, — sem innleitt var í mörgum greinum með því, sem aðhafzt var í fyrra.

Í því sambandi vil ég benda á frv., sem lagt var fram í þingbyrjun af mér og öðrum framsóknarmönnum í hv. d. En þetta frv. fjallaði um að breyta vöxtunum aftur í það horf, sem þeir voru fyrir gengislækkunina. Og enn fremur fjallaði frv. um að hætta að draga helming af sparifjáraukningunni inn í Seðlabankann. Ef þetta væri gert, gætu það orðið fyrstu skrefin til að gera raunhæfar ráðstafanir til að bæta úr þeim óhöppum, sem orðið hafa, því að vaxtaokrið er auðvitað einhver allra þungbærasti liðurinn í þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. hefur lögleitt, og einnig lánasamdrátturinn, eins og hann hefur verið framkvæmdur. Alveg tvímælalaust hefur þetta tvennt ásamt öðru dregið stórkostlega úr sjálfum þjóðartekjunum umfram það, sem þær hefðu ella orðið, vegna þess hve það hefur lamað allan atvinnurekstur í landinu. Þetta frv. hefur ekki enn þá verið afgreitt frá hv. fjhn. d. og er þar enn, og hafa ekki verið sett fram nál., enda þótt gengið hafi verið eftir því af fulltrúa framsóknarmanna í n., að þetta frv. yrði afgreitt.

Nú vil ég í þessu sambandi, þegar farið er hér að ræða um efnahagslöggjöfina og flytja af hendi hæstv. ríkisstj. frv. um að breyta henni, mjög eindregið skora á hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihlutann að taka upp í frv. þau efnisákvæði, sem í okkar frv. eru, og byrja nú á byrjuninni, þ. e. a. s. að breyta vöxtunum, lækka vextina og bjarga þannig framleiðslunni í landinu frá algeru þroti, sem yfir vofir, ef þessari fásinnu um vextina er haldið áfram. Og ég vil skora mjög eindregið á hæstv. ríkisstj. að taka þennan þátt málsins inn í þetta frv. og skora á hv. fjhn. að taka það til gaumgæfilegrar meðferðar að taka þau efnisákvæði, sem eru í frv., sem ég áðan greindi, inn í þetta mál. Ef það væri gert að snúa nú alveg við um vaxtapólitíkina og hætta þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til þess að draga saman lánveitingarnar, þá mundu það geta orðið fyrstu skrefin til að greiða fyrir því að komast út úr öngþveiti, sem stefnt hefur verið til. Og ég vil hér með láta þess getið að lokum, að ef hv. fjhn. treystir sér ekki til að fallast á að taka þessi ákvæði um vaxtalækkunina, sem er það mál, sem er langsamlega mest aðkallandi, — ekki bara einhverja smávægilega vaxtalækkun, heldur að færa vextina aftur í það, sem þeir voru, — ef þessi ákvæði verða ekki tekin upp í hv. fjhn., þá munu að sjálfsögðu verða gerðar ráðstafanir til þess að flytja brtt. um það efni við 2. umræðu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og hér hefur verið skýrt frá, er hér um tvö efnisatriði að ræða í þessu frv. Annars vegar það að ákveða að fella niður 2½% útflutningsskattinn á framleiðslu næsta árs, en samkvæmt lögum átti að innheimta þennan 2½% útflutningsskatt um óákveðinn tíma. Hitt atriðið er svo það, að verja megi eftirstöðvum útflutningssjóðs til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans fyrir yfirstandandi ár.

Þetta frv. gefur að mörgu leyti tilefni til þess að rifja nokkuð upp það, sem gerzt hefur áður í þessum málum varðandi uppgjör útflutningssjóðs og greiðslur á vátryggingariðgjöldum. Ég vil fyrst víkja hér nokkrum orðum að greiðslu vátryggingariðgjalda og því, sem fram hefur komið í þeim efnum.

Á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem hér hófst í Reykjavík 10. nóv. s. l., komu fram mjög ákveðnar kröfur um það af hálfu útvegsmanna að krefjast þess, að ríkið sæi um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa fyrir yfirstandandi ár vegna hinnar mjög svo lélegu afkomu hjá útgerðinni. Á þessum fundi var því lýst yfir, að ríkisstj. hefði heitið því að sjá um greiðslu á vátryggingariðgjöldum flotans fyrir árið 1960. Fyrr á fundinum hafði hæstv. sjútvmrh. upplýst í ræðu, að telja mætti öruggt, að eftirstöðvar í útflutningssjóði mundu verða um 40 millj. kr., þegar hann hefði greitt sína síðustu greiðslu. Þessi ummæli hæstv. ráðh. voru svo birt í báðum stjórnarblöðunum mjög greinilega, svo að það fór ekki á milli mála, hvað hæstv. ráðh. hafði sagt í þessum efnum. Þegar þessi mál voru rædd á fundi Landssambandsins, kom fyrst fram loforð frá ríkisstj. um það, að hún héti því, að eftirstöðvarnar í útflutningssjóði yrðu notaðar til þess að greiða vátryggingariðgjöld ársins 1960. En útvegsmönnum þótti þetta ekki nóg, og vegna þess var tekið sérstakt fundarhlé á þessum fundi og sérstök n. manna send á fund ríkisstj. með kröfu um það að fá skýlausa yfirlýsingu um, að vátryggingariðgjöldin fyrir árið 1960 yrðu öll greidd, og þrír menn komu síðan með mjög ákveðin skilaboð, sem þeir buldu upp á fundinum til þess að sætta fundarmenn á það í sambandi við þeirra kröfur, að ríkisstj. hefði lofað því að sjá um, að útflutningssjóður greiddi iðgjöldin að öllu leyti fyrir árið 1960. Þegar á það var bent á fundinum, að hæstv. sjútvmrh. hefði sagt í ræðu sinni á landssambandsfundinum, að það væri ekki að búast við nema kringum 40 millj. kr. sem eftirstöðvum í útflutningssjóði, sem gætu gengið til þessa, og að þetta mundi hvergi nærri duga til þess að greiða öll vátrygging-

ariðgjöld ársins, þá var því lýst yfir sérstaklega sem ummælum hæstv. sjútvmrh., að það væri hans álit eftir athugun á málinu, að útflutningssjóður mundi geta greitt þetta að fullu og öllu og þannig yrðu ársgjöldin öll greidd úr útflutningssjóði. Og við þetta sætti fundurinn sig.

Þetta virðist ætla að standast á hinn bezta hátt. Ég hlýddi á það, sem fram fór á þessum fundi, og veit það mætavel, að hér fór ekkert á milli mála. Menn fögnuðu því út af fyrir sig, að þetta loforð hafði verið veitt og að þetta mundi geta orðið greitt. Nú hefur þetta aftur nýlega á fundi Landssambandsins verið staðfest með yfirlýsingum um það, að nú hafi farið fram nánari athugun á því, hve mikil þessi vátryggingariðgjöld muni vera, sem þarf að greiða fyrir fiskiskipaflotann fyrir árið 1960, og talið er samkvæmt fyrirliggjandi útreikningum, að þessi iðgjöld muni nema rétt rúmlega 101 millj. kr., þ. e. a. s. öll ársiðgjöld togaraflotans frá ársbyrjun til ársloka og iðgjöld bátaflotans frá 16. febr. og til ársloka, en bátaflotinn hafði samkvæmt gamla kerfinu samning um það, að útflutningssjóður átti að greiða vátryggingariðgjöldin frá áramótum til 16. febr., þar til viðreisnarlöggjöfin tók við.

Nú hafði alltaf verið reiknað með því að vísu, að þessi brúttóiðgjöld gætu lækkað nokkuð vegna legu skipa í höfn á tímabili og eins vegna þess, að eitthvað af iðgjöldunum kynni að vera hærra en góðu hófu gegndi.Vegna þess að tryggingarnar eru mjög breytilegar, gat vel komið til mála, að eitthvað yrði þetta lækkað í framkvæmd. Á landssambandsfundinum, sem haldinn var í gær, var það upplýst, að útflutningssjóður mundi eiga alveg örugglega 84—88 millj. kr. sem eftirstöðvar til þess að greiða þessi iðgjöld, og mætti því teljast nokkurn veginn alveg öruggt, að staðið yrði við loforðið, að útflutningssjóður greiddi gjöldin að fullu.

Mér þykir því alveg sýnt, að það sé rétt, sem hér hefur verið skýrt frá í umr. við afgreiðslu fjárlaga áður, að loforð voru gefin um það að greiða iðgjöldin að fullu og það upplýst á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna, og það var líka rétt, að þar lágu fyrir upplýsingar um það frá hæstv. sjútvmrh., að hann teldi, að eftirstöðvarnar í útflutningssjóði yrðu í kringum 40 millj., en hins vegar mátti telja nokkurn veginn víst, að iðgjöldin yrðu varla undir 90 millj. kr. Það var því mjög eðlilegt, að á það var bent við afgreiðslu fjárlaga, að sennilega vantaði hér upp undir 50 millj. kr. Hæstv. fjmrh lýsti því hér yfir með mjög sterkum orðum í umr. um afgreiðslu fjárlaga, að engin slík loforð hefðu verið gefin af ríkisstj. að greiða vátryggingariðgjöldin, og kom mönnum mjög á óvart að heyra það úr ráðherramunni hér á Alþ., þeim sem höfðu hlustað á yfirlýsingarnar á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna. Líklega vegna þess komu svo þessar leiðréttingar aftur í gær á landssambandsfundinum, að öruggt væri, að vátryggingariðgjöldin yrðu greidd að fullu, enda væri sýnilegt, að nægir peningar væru í útflutningssjóði til þess að borga þetta.

Í sambandi við þetta verður mönnum svo aftur hugsað til þessa dæmalausa útflutningssjóðs, sem 11. nóv., þegar hæstv. sjútvmrh. flutti sína ræðu á landssambandsfundinum, var talinn eiga í kringum 40 millj. kr. eftir, þegar öll gjöld sjóðsins væru greidd samkvæmt lögum, en nú nokkrum dögum síðar virðist hann eiga í kringum 88 millj. kr., af því að það var sú upphæð, sem hann þurfti til þessarar greiðslu. Ef lengra er farið aftur í tímann til þess að athuga þetta, kemur auðvitað að hinum frægu útreikningum hagfræðinga ríkisstj. eða sérfræðinga ríkisstj. í efnahagsmálum. Þegar viðreisnarlöggjöfin var sett á s. l. vetri, höfðu þessir frægu menn reiknað út hag útflutningssjóðs. Þá efuðust þeir ekki um það og létu skrá hér í þingplagg, sem fylgdi með viðreisnarlöggjöfinni, að hagur útflutningssjóðs væri hinn bágasti og þar vantaði mikið fé. Sú tala, sem þeir nefndu í plagginu, var, að miðað við árslokin 1959 væri hallinn líklega í kringum 270 millj. kr. En þar sem áætla mætti útflutningssjóði nokkrar tekjur vegna þess mismunar, sem fengist á þeim afurðum, sem framleiddar hefðu verið fyrir gengisbreytinguna og áttu að greiðast með uppbótum úr útflutningssjóði samkv. gamla kerfinu, en hins vegar yrðu þær afurðir seldar samkv. hinu nýja gengi og þarna skapaðist nokkur gengismunur, þá mætti þó telja, að eftir stæði allmikið á annað hundrað millj. kr. sem óumdeilanlegur halli á útflutningssjóði, sögðu þessir frægu reiknimeistarar. Til þess nú að reyna að afla tekna upp í þennan halla á útflutningssjóði lögðu þeir til, að lagt yrði á sérstakt útflutningsgjald, 5% af öllum útfluttum vörum, sem áætlað var að mundi nema, eins og sagði í grg. viðreisnarfrv., 120 millj. kr. á ári, og er það mjög nærri réttu lagi, miðað við það, sem útflutningurinn hefur verið á hverju ári að undanförnu, — 5% af öllu útflutningsverðmæti. Í grg., sem fylgdi, var að vísu gerð nokkur grein fyrir þessum sérstaka skatti, sem nú ætti að leggja á útflutninginn. En þörfin var mikil. Það varð að bæta hallann af útflutningssjóði, og sagt var á þessa leið, þegar ríkisstj. hafði gert grein fyrir því, að hún teldi, að útgerðin gæti borið þetta:

„Ríkisstjórnin telur eigi að síður, að útflutningsatvinnuvegunum öllum sé það kleift að greiða 5% útflutningsskatt um eins til tveggja ára skeið.“

Þennan útflutningsskatt átti að innheimta vegna þess, að gert var ráð fyrir því, að halli á útflutningssjóði yrði í kringum 180 millj. kr. M. ö. o.: skattur, sem átti að gefa 120 millj. kr. á ári, átti að standa um eins til tveggja ára skeið til þess að greiða upp þennan halla. Nú hefur þetta farið svo, eins og allir hv. alþm. vita, að 5% skatturinn var ekki innheimtur. Hann var strax í upphafi færður niður í 2½%. Hann var því aðeins innheimtur sem 2½% og hefði því átt að gefa í kringum 60 millj. kr. miðað við eins árs framleiðslu eða eins árs útflutning.

En hvað hefur svo gerzt að öðru leyti í sambandi við útflutningssjóð? Jú, hann hefur feng-

ið þessar 60 millj. Ef við miðum við alla framleiðslu eins árs, fær hann 60 millj. af þessum skatti eða mjög nærri því. Útflutningssjóður á að eiga til þess að greiða vátryggingariðgjöld bátanna í kringum 88 millj. kr., er nú upplýst, en áður var búið að greiða úr útflutningssjóði til togaranna 30 millj. kr., eftir að viðreisnarlöggjöfin var samþ. og eftir að útreikningar hagfræðinganna lágu hér fyrir, eða m. ö. o. 88 millj. til vátryggingariðgjalda, 30 millj. til togara, alls um 118 millj. kr., og ekki hefur hann þó fengið meiri tekjur inn en í kringum 60 millj. af þessu 2½% gjaldi, miðað við ársframleiðsluna 1960. Það er því alveg augljóst mál, að samkvæmt þessum útreikningi hefur ekki verið í útflutningssjóði neinn skuldahali, heldur sjóður upp á 58—60 millj. kr., og það þurfti því ekki að leggja á 5% útflutningsskatt og ekki 2½% útflutningsskatt, það þurfti ekki að leggja neitt á, því að þessi upphæð hefur þá verið í sjóðnum, samkvæmt þessum útreikningi nú, þó að hinir vísu hagfræðingar hafi reiknað út og sannað Alþ. það með þeirri grg., sem lögð var fram með viðreisnarlöggjöfinni, að þarna væri halli, sem yrði að vinna upp með sérstöku útflutningsgjaldi, sem átti að gefa í tekjur 120 millj. kr. á ári, og skatturinn átti að standa í eitt til tvö ár.

Um það er auðvitað ekkert að efast, að annað hvort er, að útreikningar hinna vísu sérfræðinga hafa verið með fádæmum vitlausir í þessum efnum, þegar þeir voru lagðir fyrir Alþ. sem rökstuðningur fyrir viðreisnarlöggjöfinni, fádæma rangir og vitlausir, eða þá að búið er að taka upp alveg nýjan reikningsstokk nú og nú er reiknað á allt annan hátt og nú eru reiknaðar með alls konar kúnstum tekjur inn í útflutningssjóð. Ég fyrir mitt leyti lét orð um það falla hér á sínum tíma í sambandi við þessa fyrri útreikninga um skuldahalann hjá útflutningssjóði, að mér þætti hann ósennilega mikill, en gæti þó ímyndað mér, að þar væri um einhvern smávægilegan halla að ræða, 40—50 millj. En ég er nú jafnhissa á þessum síðari útreikningum, að í sjóðnum skuli hafa fundizt í kringum 60 millj. án nokkurra nýrra tekna í sjóðinn, en með þessum nýju tekjum skuli vera þar fyrir í kringum 120 millj. kr. En hvað um það, aðalatriðið er það, að peningarnir eru þarna og þeir eru til og það á að nota þá í tilteknu skyni, sem búið er að lofa ákveðnum mönnum. Það er aðalatriðið.

Hitt er svo líka jafnmikið atriði, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt á það mikla áherzlu að segja jöfnum höndum við útvegsmenn: Iðgjöldin verða greidd, — og hún segir við Alþ. og þjóðina: Ekki eru þau greidd úr ríkissjóði. Þau eru greidd úr útflutningssjóði. — Ef hægt er með einhverjum klókum ráðum að láta buna inn í útflutningssjóð einhverjar aukatekjur annars staðar frá og borga allt þaðan, þá kemur það allt að sama gagni. En það er svo aftur á móti í fullu samræmi við það, sem ríkisstj. lýsti yfir á sínum tíma, að fella niður útflutningsskattinn, 2½% af framleiðslu ársins 1961, því að hún lofaði því að taka ekki þennan skatt lengur en hún þyrfti til þess að jafna hallann á útflutningssjóði, svo að þegar svona er nú komið með hag útflutningssjóðs, sýnist ekki ástæða til þess að halda skattinum öllu lengur.

Það er hins vegar í þessu sambandi aðeins eðlilegt, að á það sé minnzt, að hér er auðvitað um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. hefur neyðzt til þess, þegar hún hefur mætt hinum kalda veruleika, að viðurkenna staðreyndir í sambandi við afkomu sjávarútvegsins. Hún hefur séð það, að þau kjör, sem sjávarútvegurinn býr nú við eftir hina nýju skipan í efnahagsmálunum, eru þannig, að hann fær ekki staðið á eigin fótum. Það þarf að koma honum til hjálpar. Þó að mörg og stór orð væru látin fylgja í grg. viðreisnarfrv. á sínum tíma um það, að hið nýja gengi og hinar nýju ráðstafanir ættu að tryggja sjávarútveginum hallalausan rekstur „án styrkja og án uppbóta", eins og sagt var, þá er löngu komið svo, að ríkisstj. hefur orðið að grípa til aukaráðstafana. Ég skal minnast hér á nokkra helztu þættina í þessu.

Það er ekkert um að villast, að það fyrsta, sem ríkisstj. gerði í þessum efnum, var það, að hún ákvað eftir síldveiðarnar nú í sumar að borga útvegsmönnum úr hlutatryggingasjóði 10 millj. kr. rösklega, úr síldveiðideild hlutatryggingasjóðs, og það þó að það lægi skýrt fyrir, að sumarveiðarnar voru ekki bótaskyldar samkvæmt reglum, sem gilt hafa um langan tíma. Veiðin var miklu meiri en svo, að þessi síldveiði í sumar væri bótaskyld. Eigi að síður ákvað ríkisstj. það vegna þess, hvað útgerðin stóð höllum fæti almennt séð, að setja styrktarsjóðinn í gang og borga útgerðinni þarna út rúmar 10 millj. kr. Hér var vitanlega um styrkjafyrirkomulag að ræða, en bara í þessu formi.

Í öðru lagi beitti ríkisstj. sér fyrir því, að síldarútvegsmönnum voru veitt sérstök lán, síldarnótakaupalán, sem þeir hafa verið að sækja um í mörg ár í sambandi við samninga sína. Þegar uppbótafyrirkomulagið var í gangi, var venjulega eitt af kröfuatriðum útvegsmanna að fá fram slík lán. Því var ekki sinnt þá, en nú hins vegar hlutaðist ríkisstj. til um það, að bankarnir veittu útgerðinni sérstök viðaukalán í sambandi við síldveiðarnar, og ég hygg, að þau lán muni nema á milli 30 og 40 millj. kr., tveggja til þriggja ára lán í sambandi við síldarnótakaup. Hér var vitanlega um sams konar aðstoð og fyrirgreiðslu að ræða og samið var um á uppbótatímabilinu áður.

Þá er þetta, sem hér hefur aðallega verið rætt um að þessu sinni, að ríkisstj. hefur ákveðið að borga úr útflutningssjóði á þessu ári í kringum 118 millj. kr.: 30 millj. sérstaklega til togaranna, eftir að viðreisnarlöggjöfin var samþ., og um 80—90 millj. í vátryggingariðgjöld vegna bæði togara og báta. Hér er vitanlega um alveg sams konar uppbótafyrirkomulag að ræða og áður var í gildi.

Þá hefur ríkisstj. gefið fyrirheit um það og aðstoðað í þeim efnum að veita bátaflotanum greiðslufrest á afborgunum og vaxtagreiðslum af lánum og þær tilkynningar, sem borizt

höfðu um, að bjóða ætti upp fiskiskipaflotann vegna vanskila, voru teknar til baka, vegna þess að ríkisstj. hafði þar skorizt í leikinn og veitt aðstoð sína á þann hátt, en þetta var einmitt mjög algengt að gera áður, á meðan uppbótafyrirkomulagið var í gildi.

Svo er vitanlega hitt, sem lofað hefur verið og hæstv. sjútvmrh. tók fram í ræðu sinni á fundi Landssambandsins í nóvembermán., að í ráði er að veita útgerðinni í landinu 200—300 millj. kr. ný lán eða framlengingu eldri lána, að einhverju leyti með lægri vöxtum, til þess þannig að létta ýmsum skuldaböggum af framleiðslunni.

Þetta hefur allt saman þurft að gera þrátt fyrir viðreisnarlöggjöfina — og ekki aðeins þrátt fyrir hana, heldur einmitt vegna hennar, vegna þess að það er dómur þeirra, sem við framleiðslustörf fást, t. d. til sjávarins, að þar sé hagurinn núna miklu lakari en hann hefur nokkru sinni áður verið, hallinn meiri. Þessu er lýst yfir af forustumönnum útvegsmanna, hverjum á fætur öðrum, og af því hefur m. a. þurft að grípa til þessara ráða.

En þetta hefur auðvitað ekki gilt aðeins í sambandi við sjávarútveginn. Landbúnaðurinn hefur verið í gangi í þessum efnum líka. Þar voru samþ. sérstakar útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, á sama tíma, sem verið var að lýsa því yfir, að engar uppbætur skyldu greiddar, og niðurgreiðslur voru stórkostlega auknar á ýmsum nauðsynjavörum landbúnaðarins og í sambandi við vöruverð í landinu, svo að allt þetta hefur vitanlega þurft að taka upp og vera hér í fullum gangi þrátt fyrir allar yfirlýsingarnar í sambandi við setningu viðreisnarlöggjafarinnar.

Hæstv. ríkisstj. hefur í sambandi við þessi mál, fremur en að viðurkenna það hreinlega, hvernig málin standa og hvernig komið er, gripið til þess að vera með alls konar, — mér liggur við að segja afkáralegar skýringar á því, hvernig stendur á því, að svona er komið. Hún hefur verið að bera sérstaklega við aflaleysi. Auðvitað er þessi fyrirsláttur með aflaleysið algerlega rangur. Það er augljóst, að hægt er að átta sig á því, að afli bátaflotans á aðalvertíðinni, vetrarvertíðinni, var mun meiri nú á síðustu vertíð en hann hefur verið áður. Um þetta er ekki hægt að deila. Aflinn var þá meiri. En síldveiðarnar? Það var ekkert aflaleysi á síldveiðum fremur nú en það hefur verið um 16 ára skeið. Sá, sem vill líta í opinberar skýrslur um þetta, sér, að um 16 ára skeið, eða frá 1944, hefur aðeins eitt einasta ár, þ. e. árið 1959, verið með meiri síldarafla en árið í ár. Árið í ár er næsthæsta aflaárið á síldveiðum um 16 ára skeið. Það var því ekkert aflaleysi fremur en allan þann tíma, sem uppbótakerfið hefur verið í gangi, og hefur þurft að glíma þá vitanlega við sams konar vanda, nema oft miklu meiri. Nei, það var ekki aflaleysið, sem olli hér sérstaklega. Eini þátturinn, sem þar er um að ræða, er togaraflotinn. Það er alveg rétt, að þar hefur aflinn verið allmiklu minni en árið á undan, og þó var árið á undan fremur lélegt aflaár hjá togurum. Hins vegar er það auðvitað alls fjarri, sem maður hefur séð í blöðunum að undanförnu, þar sem hafa verið nefndar hinar fáránlegustu tölur um það, hvað afli togaranna í ár sé miklu minni en hann var í fyrra, vegna þess að það er ekki tekið tillit til þess, að togaraflotinn í ár hefur verið rekinn með allt öðrum hætti en hann var rekinn árið á undan. Það er rétt, aflinn er minni. En þess ber vitanlega að gæta, að nú í ár hefur togaraflotinn siglt miklu meira með afla sinn á erlenda markaði en áður, og við það vitanlega fellur tonnatalan niður, sem hvert skip veiðir. Það vita allir, sem nokkuð þekkja til þessara mála. Nú 1. okt. stóðu t. d. tölur þannig, að miðað við 1. okt. í fyrra höfðu togararnir siglt 32 túra á erlenda markaði með afla, en núna 98, eða fyllilega þrefalt fleiri. Vitanlega dregur þetta nokkuð tonnatöluna niður. En þrátt fyrir það hefur verið aflaleysi hjá togurunum, mjög léleg afkoma hjá þeim, og þeirra vandi er vitanlega alveg sérstakur. En það er ástæðulaust að ætla að láta þann sérstaka vanda, sem þar er við að glíma, villa sér sýn í því, hvernig ástatt er hjá bátaflota landsmanna og fiskiðnaði í landinu, sem að verulegu leyti hefur byggzt á rekstri bátanna.

Svo hefur auðvitað verið mikið gert úr því hjá hæstv. ríkisstj. að afsaka það ástand, sem nú hefur skapazt, með verðfalli á erlendum mörkuðum. Vissulega hefur hér orðið alltilfinnanlegt verðfall á nokkrum af okkar útflutningsvörum, en þetta verðfall hafði staðið um margra mánaða skeið, þegar viðreisnarlöggjöfin var samþ. á Alþ., og í grg. fyrir viðreisnarlöggjöfinni er það beinlínis tekið fram hvað eftir annað, að tekið hafi verið tillit til verðfallsins á mjöli og lýsi við útreikningana í sambandi við hið nýja gengi, svo að það var vitanlega búið að taka tillit til þess, a. m. k. að verulegu leyti. Ég vil t. d. benda á það, að hv. þm. hafa flestir fengið í sínar hendur skýrslu frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins yfir rekstur verksmiðjanna árið 1959. Í þessari skýrslu frá síldarverksmiðjum ríkisins er það greinilega tekið fram, að verðfall hafi þegar verið komið á mjöl og lýsi, áður en sumarsíldveiðarnar hófust árið 1959, og menn voru búnir að standa frammi fyrir þessu verðfalli í marga mánuði, þegar viðreisnarlöggjöfin var samþ. í febr. 1960, svo að það er vitanlega á engan hátt fullnægjandi skýring hjá sérfræðingum ríkisstj. eða henni sjálfri að reyna að halda því fram nú, að þetta verðfall á mjöli og lýsi valdi hér öllum erfiðleikum. En vissulega er það rétt, að þar var um nokkurn vanda að ræða, og hann var þegar á skollinn 1959 og skall að verulegu leyti á framleiðslu 1959.

Nei, það sem er nauðsynlegast að hæstv. ríkisstj. geri í þessum málum, það er það, að hún átti sig til fullnustu á því, hvernig ástandið er núna í sambandi við aðalatvinnuvegi landsmanna, t. d. sjávarútveginn. Það frv., sem hér liggur fyrir, sem miðar að því að fella niður útflutningsskattinn á framleiðslunni á næsta ári, er að vísu spor í rétta átt, og einnig þær ráðstafanir, sem ríkisstj. hefur lofað útvegsmönnum að gera í sambandi við

greiðslu á vátryggingariðgjöldum, það er líka spor í rétta átt, það er óhjákvæmilegt eins og komið er. En það þarf meira til. Það eru blátt áfram engar líkur til þess að mínum dómi, að útgerð geti hafizt með eðlilegum hætti nú um áramót, ef ekki kemur miklu meira til frá hálfu ríkisstj. og það í tæka tíð. Það liggur fyrir núna, að fiskkaupendur í landinu hafa lýst því yfir, að þeir vilji ekki einu sinni greiða sama verð fyrir fiskinn og þeir gerðu á þessu ári. Það liggur fyrir, að þeir telja óhjákvæmilegt að lækka fiskverðið, vegna þess að þeirra hagur sé svo lélegur. En hins vegar telja bátaútvegsmenn, að óhjákvæmilegt sé að hækka fiskverðið til verulegra muna, svo að bátaútvegurinn fái borið sig. Þessu verður ríkisstj. að mæta á einn eða annan hátt, og hún verður hér að aðstoða við það að gera kleift, að útgerð geti hafizt á réttum tíma, og það þarf miklu meira til en fram kemur í þessu frv., miklu meira. Svo er ástandið alvarlegt.

Það er enginn vafi á því, að vaxtalækkun mundi geta komið hér að verulegu haldi, og virðist flestum sem einmitt vaxtalækkun á afurðalánum útvegsins væri hér eðlilegust, vegna þess að það er óumdeilt, að eins og nú er haldið á þeim málum, þá blátt áfram hrúgar Seðlabankinn upp stórgróða. Vegna þess, hve vextirnir eru hafðir háir á afurðalánum, hrúgar Seðlabankinn upp stórgróða, á sama tíma sem útvegurinn fær ekki staðizt sinn kostnað, og eigi að halda honum þannig, að hann fái ekki risið undir útgjöldum, þá hlýtur að leiða af því minnkandi rekstur, samdrátt í útflutningi og samdrátt í þjóðartekjum. Það er ómögulegt, að það leiði til annars.

Ég verð að segja það, að mér þótti alveg furðulegt að heyra það á þessum landssambandsfundi, sem haldinn var hér í borginni í gær og ég hér vitna nokkuð til, að þar var því lýst yfir, að þó að enn hefðu fengizt mjög ógreið og óljós svör hjá hæstv. ríkisstj. um það, hvað gert yrði í þessum málum til viðbótar við það, sem búið er að gera, þá væri hún alveg ákveðin í því og gæti svarað því alveg strax, að hún mundi ekki samþykkja að lækka afurðalánsvexti sérstaklega nokkurn skapaðan hlut. Það yrði ekki um neina sérstaka lækkun að ræða, nema þá það, sem fælist í almennri vaxtalækkun, ef hún yrði einhver. Þetta er að mínum dómi alveg furðulegt, hvað það getur verið, sem mælir sérstaklega með því að hrúga upp þessum gróða í Seðlabankanum, vitanlega á kostnað útflutningsframleiðslunnar.

Um þetta frv. að öðru leyti hef ég ekki margt að segja. Eins og hefur komið fram í minni ræðu, er ég samþykkur efni þess. Ég álít, að það beri að létta þessum 2½% skatti af sem fyrst. Það er sýnilegt, að það hefði aldrei átt að leggja hann á. Ég vona, að þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið samkvæmt viðtölum við hæstv. ríkisstj. af forustumönnum Landssambandsins um greiðslu á vátryggingariðgjöldum og ég hef hér að nokkru lýst eða flutt á þann hátt, sem ég hef hlýtt á þær yfirlýsingar, — ég vonast til þess, að þær standi og að það sé rétt eftir haft og að það sé talið öruggt, að útflutningssjóður muni hafa langt til 90 millj. til þess að greiða þessi gjöld nú fyrir yfirstandandi ár. En það er alveg sýnilegt, að ríkið verður að hlaupa undir bagga á einn eða annan hátt til þess að greiða þau gjöld. Það er alveg óhjákvæmilegt. Það er vitanlega engin nauðsyn að bókfæra það, að slík greiðsla sé greidd úr ríkissjóði. Það má vitanlega alveg eins bókfæra það, að hún sé greidd úr útflutningssjóði, ef útflutningssjóði er séð fyrir tekjum í því skyni. Ég vænti að það standi, því að ekki mun af veita í sambandi við þær ráðstafanir, sem óhjákvæmilegt er að gera fyrir útgerðina fram yfir það, sem felst í þessu frv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Af því að síðasti ræðumaður, hv. 4. þm. Austf., vék meira að efnisatriðum þessa frv., sem hér liggur fyrir, heldur en sá, sem talaði á undan honum, hv. 1. þm. Austf., skal ég byrja á því að fara nokkrum orðum um ræðu hv. síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Austf.

Hann skipti máli sínu í tvennt til að byrja með. Hann ræddi fyrst um greiðslu vátryggingariðgjalda og síðar nokkuð um stöðu útflutningssjóðs, áður en hann kom inn á sama svið og hv. fyrri ræðumaðurinn, að ræða um efnahagsmálin almennt.

Um greiðslu vátryggingariðgjalda virtist honum, að ekki væri neinn vafi á, að því hefði verið lýst yfir, að ríkisstj. hefði heitið því að greiða öll vátryggingariðgjöldin 1960, og hafði það eftir nefnd, að mér skildist, sem hefði farið á fund ríkisstj. og fengið þessar upplýsingar þar. Ég skal taka það fram hér, eins og ég hef tekið fram oft áður, að þessar yfirlýsingar hef ég a. m. k. aldrei gefið, heldur þvert á móti hið gagnstæða. Í ræðu, sem ég flutti á fundi Landssambandsins í nóvembermánuði s. l., kom ég nokkuð inn á útflutningssjóðinn og tók þar fram, að af rekstri hans mundi vera nokkur afgangur, sem ég taldi þá rétt að rynni til útvegsmanna sjálfra, sem hefðu greitt þetta fé, en á hvern hátt það yrði notað, orðaði ég ekki, og ég ætla, að ég hafi ekki þar minnzt einu orði á þann möguleika, að fé yrði notað til greiðslu vátryggingargjalda. Hins vegar kom til mín ósk frá Landssambandinu um það, að ég staðfesti þá yfirlýsingu, að fé yrði notað í þágu sjávarútvegsins, og því fylgdi ósk um það, líka frá Landssambandinu, að fé mætti notast á þann hátt að greiða vátryggingariðgjöldin. Á þetta féllst ríkisstj. og skrifaði Landssambandinu bréf, dags. 17. nóv., áður en þingi L.Í.Ú. lauk, sem ég — með leyfi hæstv. forseta — vil lesa upp. Bréfið er svo hljóðandi:

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf Landssambands íslenzkra útvegsmanna, dags. 15. þ. m., varðandi ráðstöfun á væntanlegum eftirstöðvum útflutningssjóðs, þegar lögboðnar greiðslur hafa verið inntar af hendi. Í því sambandi vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi, og skírskotast í því efni til viðtala við forráðamenn Landssambands íslenzkra útvegsmanna:

Ríkisstj. er því samþykk, að eftirstöðvum útflutningssjóðs skv. lögum nr. 4/1960 verði ráðstafað í samráði við fulltrúa útvegsmanna, og

hefur fyrir sitt leyti ekkert á móti því, að þær verði notaðar til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa.“ Ég vil nú skjóta því hér inn í, ef þetta á að skilja sem loforð um að greiða vátryggingariðgjöld ársins 1960, þá kann ég ekki mál að skilja, því að hér er það staðfest fyrst og fremst, að rekstrarafgangur útflutningssjóðs verði notaður til greiðslu vátryggingariðgjaldanna, en ekkert sagt um það, hvort það mundi nægja, eða neinar skuldbindingar gefnar um að borga þann mismun, sem þarna kunni á að vera. — Síðan heldur bréfið áfram þannig: „Ráðuneytið getur einnig fallizt á, að haldið verði áfram innheimtu 2½% útflutningsskattsins af allri framleiðslu ársins 1960 og fé notað í þessu skyni. Nánari reglur um greiðslu vátryggingariðgjaldanna verði ákveðnar síðar, en það skal þó tekið fram, að hér er eingöngu um eðlileg eða „normal“ iðgjöld að ræða og verði greiðslurnar við það miðaðar.“

Í þessu bréfi, sem var afhent fundi L.Í.Ú. þann 17. nóv., sama daginn og það er skrifað, er því slegið föstu og því einu, að rekstrarafgangur útflutningssjóðs verði notaður til greiðslu vátryggingariðgjaldanna fyrir 1960, og annað ekki. Hitt er svo staðfest í bréfinu, að Landssambandið hefur óskað eftir því, að 2½% gjaldið verði framlengt fram á árið 1961, eða óákveðið, þangað til útfluttar hafa verið allar framleiðsluvörur ársins 1960, og gjaldið einungis af þeim tekið og látið renna í þennan sjóð.

Í þessu sambandi vildi ég geta um þann mismun í tölum, sem komið hefur fram og verið undirstrikaður af ræðumönnum, — þann mismun, sem er á milli þeirrar áætlunar um rekstrarafgang útflutningssjóðs, sem ég minntist á á fundi Landssambandsins, og þess, sem komið hefur fram nú, þar sem ég á fundi Landssambandsins minntist á, að rekstrarafgangurinn mundi vera í kringum 40 millj., en nú er talið upplýst, að hann mundi verða á milli 80 og 90 millj. Þetta liggur í því fyrst og fremst og sennilega aðallega, að þegar ég nefndi töluna 40 millj. á fundi L.Í.Ú., var við það miðað, að 2½% gjaldið félli þegar niður, en þegar Landssambandið óskar eftir því, að 2½% gjaldinu verði haldið áfram, þá hækkar vitanlega rekstrarafgangur útflutningssjóðs. Hvort hann hækkar upp í þá tölu, sem hér hefur verið nefnd, nákvæmlega eða ekki, skal ég ekki segja, svolítið hef ég dregið það í vafa, þó að stjórn útflutningssjóðsins hafi talið það líklegt. En annars verð ég um tölur, sem gefnar hafa verið upp um stöðu útflutningssjóðs fyrr og síðar, að segja það, að þær tölur hafa verið nokkuð á reiki. Stjórn sjóðsins og alveg sérstaklega sjóðsstjórnarformaðurinn, sem hefur staðið að þessari uppgjöf, hefur ekki virzt geta gefið þær upplýsingar á hverjum tíma, sem fullkomlega kæmu heim við raunveruleikann, enda ekki gott að gera, — ég skal viðurkenna það. En ég vil benda á, að allar tölulegar upplýsingar, sem komið hafa, hafa frá þessu fólki komið, sem hv. 4. þm. Austf. þekkir sjálfsagt til, hvernig er störfum sínum vaxið, því að ég veit ekki betur en hann hafi skipað það til starfsins. En það er alveg rétt, að það hefur bæði fyrr og síðar verið nokkuð á huldu um hag sjóðsins, og ég gæti bent á nokkur dæmi um það. En þegar efnahagsráðunautar ríkisstj. gera áætlun um, hvað mikið muni þurfa, til þess að sjóðurinn geti staðið við sínar skuldbindingar í nóvembermánuði 1959, þá er ekki gott fyrir þá að segja nákvæmlega til um, hver þessi upphæð muni verða, vegna þess að það veltur á mjög miklu, hvort útflutningsvörurnar fara fyrir eða eftir þann tíma, sem gengisfellingin skellur á. Það er algerlega útilokað fyrir þessa menn eða forsvarsmenn sjóðsins, að segja fyrir um það í nóvembermánuði, hvað mikið muni vera flutt út af vörunum fyrir skurðarpunktinn, fyrir þann tíma, þegar gengislækkunin kemur til framkvæmda. Það, sem er flutt út fyrir þann tíma, krefst meðlags úr sjóðnum. En það, sem er flutt út eftir þann tíma, gefur sjóðnum tekjur. Á þessu getur þess vegna oltið mjög mikið, hvort útflutningurinn fer fram fyrir eða eftir þennan dag, og það er vitaskuld alveg ómögulegt að segja um nokkrum vikum eða mánuðum fram í tímann.

Ég held þess vegna, að þar sem deilt hefur verið á fyrir miður góðar upplýsingar, eigi það fyrst og fremst rætur sínar að rekja til stjórnar sjóðsins, — ég verð að segja það, — en ég vil líka segja það þeim til afbötunar og afsökunar, ef þarna fer á milli mála, að það hafa alla tíð verið í þessari áætlunargerð um afkomu útflutningssjóðs svo mörg óákveðin matsatriði, að það hefur verið ákaflega erfitt að gera þetta upp nákvæmlega. Þess vegna held ég, að það sé ekki hægt að lá þessum aðilum, þó að til nokkurs mismunar hafi dregið á milli áætlananna og þess, sem síðar hefur orðið raunin á, og um mismuninn á þessum tölum, sem komið hafa fram á landssambandsfundinum í nóvember og aftur núna, þá er það greinilega ástæðan til mismunarins, að í síðara tilfellinu hefur verið reiknað með 2½% gjaldinu áfram, en áður ekki.

Hvort svo aftur tekst að greiða öll vátryggingariðgjöldin með þessum rekstrarafgangi útflutningssjóðs, skal ég ekkert segja um. Ég hygg, og það er mitt mat á þeim hlutum, að þetta muni fara nokkuð langt, en ég efast að það muni nægja að fullu. Og út yfir rekstrarafgang útflutningssjóðs er ríkissjóðurinn ekki skuldbundinn. Þó er rétt að geta þess, að ég hef nokkra ástæðu til þess að ætla, að sum vátryggingariðgjöld af íslenzkum fiskiskipum séu undarlega há, hvað sem valda kann, bæði vátryggingarupphæð og jafnvel líka iðgjaldaprósenta. Ég hafði þess vegna hugsað mér framkvæmdina á þessu þannig, að það yrðu fengnir sérstakir menn til þess að fara í gegnum hverja einustu tryggingu og meta hana, ef ég svo má segja, til normalverðs, alveg eins og tekið er fram í bréfinu, sem ég skrifaði Landssambandinu. Og fyrirheitið, sem gefið er um greiðslur upp í vátryggingarnar, er miðað við þetta verð eingöngu, og má vera, að á þann hátt komi fram einhver mismunur á því, sem eðlilegt kann að teljast og verður þess vegna greitt úr útflutningssjóðnum eða af tekjuafgangi hans, og svo

á hinu, sem er skráð iðgjald viðkomandi skips. En hvernig þessu lýkur öllu saman, skal ég ekkert segja um á þessu stigi málsins, því að hvoruga hliðina á dæminu er raunverulega búið að gera upp, hvorki endurskoða vátryggingariðgjöldin né heldur gera upp endanlega, hver verður rekstrarafgangur sjóðsins.

Hv. 1. þm. Austf. vildi halda því fram, að ríkisstj. hefði lofað að greiða allt vátryggingariðgjaldið, og taldi, að það væri óhreint mjöl í pokanum, ef svo yrði ekki gert. Það væri eitthvað verið að fela. En ég vil segja honum, að það hefur verið komið algerlega hreint og klárt fram í þessu efni og undirstrikað mjög greinilega, að hér væri einungis um rekstrarafgang sjóðsins að ræða, sem gengi upp í vátryggingariðgjöldin, en ekki hitt, að ríkissjóður tæki að sér greiðslu iðgjaldanna, eins og þau nú væru. Ég veit af viðtölum við fjölda fulltrúa útvegsmanna, sem til mín hafa komið, að það er enginn þeirra í vafa um þetta. Hvað svo kann að hafa valdið misskilningi, ef einhver er, í þessu efni, þori ég ekki að segja, en ég held, að þetta hafi verið tekið mjög skýrt fram. Hér var minnzt á fullyrðingu hæstv. fjmrh. í þessu sambandi, þegar fjárlögin voru afgreidd til 2. umr., og hann hefur sagt mér, hvað hann sagði við það tækifæri, og ég get staðfest, að það, sem hann þar sagði, er fullkomlega rétt.

Auk þessara atriða, sem náttúrlega eru meginatriðin í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og raunverulega ættu að vera þau aðalatriði, sem hér væru til umr., hefur það nú snúizt svo hjá þessum hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, að þeirra aðalmálflutningur hefur beinzt að öðru, þ. e. a. s. því, að þetta efnahagskerfi, sem sett var á s. l. vori, sé ástæðan fyrir því, að nú sé mjög illa komið hag sjávarútvegsins á Íslandi. Það er þetta, sem þeir voru báðir að reyna að sanna. Báðir sögðu þeir, eins og rétt er, að sjávarútvegurinn ætti í erfiðleikum, en báðir vildu þeir slá því föstu fyrst og fremst, og til þess var þeirra mál flutt, að það væri hægt að kenna þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru á öndverðu þessu ári með efnahagsráðstöfununum, um þá erfiðleika, sem sjávarútvegurinn ætti nú í.

Ég held, að ég verði að eyða nokkrum mínútum í það að fara nokkrum orðum um þessa kenningu og þau rök, sem flutt voru fram í því sambandi, þó að það heyri strangt tekið ekki beint þessu frv. til, a. m. k. þá ekki nema óbeint.

Hv. 1. þm. Austf. hélt því fram, að með þeim aðgerðum, sem fólust í efnahagsaðgerðunum, hafi beinlínis verið ráðizt að atvinnuvegunum í landinu og að mér skildist með ráðnum hug af hálfu ríkisstj. reynt til þess að koma þessum atvinnuvegum í sem mestan vanda. Hann nefndi í því sambandi þrennt. Hann nefndi vaxtahækkun, hann nefndi lánsfjártakmörkun, og hann nefndi verðlagshækkun sem afleiðingu af gengislækkun. Það er alveg rétt, þessi þrjú atriði hafa komið til framkvæmda öll sem afleiðing af efnahagsmálaráðstöfununum. En hvers vegna komu þau til framkvæmda? Hver var ástæðan til þess, að það þurfti að grípa til þessara efnahagsráðstafana? Hvernig var ástandið í árslok 1958, þegar þessir herrar báðir, bæði 1. og 4. þm. Austf., hlupu úr þáv. ríkisstj. og treystu sér ekki til þess að horfa framan í vandann? Þá blasti samkv. umsögn forsrh. þáv. ekkert annað við en hyldýpið fram undan og að holskefla verðbólgunnar mundi keyra allt í kaf. Það ástand var afleiðing af stjórnarháttum undanfarinna ára. Það ástand var afleiðing af því að eyða á hverju ári meira en aflað var, taka lán, draga ekki úr lánsfjárnotkuninni, halda vöxtunum óeðlilega lágum og af vitlausu gengi. Allt þetta voru ástæður til þess, að þeir voru komnir fram á hengiflugsbrún og holskeflan var skollin yfir. Það var ekkert óeðlilegt, að þegar úr átti að bæta þessu erfiða ástandi, þá þyrfti til einhverra aðgerða að grípa, sem komu einhvers staðar við. Það hlaut að gerast, og það var gert m. a. með þessum þremur ráðstöfunum.

Gengi íslenzku krónunnar var fært til réttara horfs, vil ég segja, þó að nokkur ágreiningur sé um það nú, hvort gengi krónunnar hafi verið breytt nægilega mikið. Það eru til menn, — ég veit það, — sem halda því fram, að erfiðleikar sjávarútvegsins stafi m. a. af því, að genginu hafi ekki verið breytt nóg. En það var sannfæring ríkisstj. og bjargföst sannfæring hennar, að það mætti ekki breyta genginu meira en minnst væri nauðsynlegt, til þess að það væri nokkur von um, að það gæti borið árangur. Eftir því sem genginu var breytt meira, eftir því voru minni líkur til þess, að fólkið í landinu mundi sætta sig við þá kjaraskerðingu, sem nauðsynlega hlaut að koma á eftir gengisbreytingunni, en var alveg nauðsynleg, til þess að þessar læknisaðgerðir gætu heppnazt. M. ö. o.: þessir menn, sem gagnrýna ástandið nú, gleyma því, að orsökin til þessa ástands liggur lengra aftur í tímann. Og það væri engar ráðstafanir hægt að gera, það fullyrði ég, sem kæmu minna við þjóðina í heild, bæði launþega og aðra, heldur en þær, sem gerðar voru, ef þær áttu að ná tilætluðum árangri og ef átti ekki að halda lengra út í ófæruna. Þetta er það, sem stundum gleymist í sambandi við umr. um þessi efni. En þetta má ekki gleymast, ef rétt mynd á að fást.

Hv. þm. sagði, að aflinn á árinu 1960 hefði eiginlega verið vel í meðallagi og hv. 4. þm. Austf. áréttaði þetta með því að segja, að það hefði ekki verið aflaleysi á síldveiðunum miðað við það, sem hefði verið á undanförnum árum, og togaraaflinn hefði eiginlega litið orðið minni en eðlilegt væri, þar sem togararnir hefðu verið miklu meira í siglingum í ár en á undanförnum árum. Ég skal ekki ræða þessi atriði við þessa hv. þm., því að þeir mæla þetta hvort tveggja gegn betri vitund. Það efast enginn maður á Íslandi, sem nokkuð þekkir til útgerðar í dag, um það, að aflinn á togaraflotann, hvort sem siglt er með hann til útlanda eða í frystihús hérlendis, er miklum mun minni en hann var t. d. í fyrra, sem var þó ekkert sérstakt aflaár. Og að bera það fram, að aflinn sé svona lítill vegna þess, að það sé siglt með

hann og þess vegna fari nokkur tími í siglingar á móti því, sem áður hafi verið notað til veiða, þegar aflað var fyrir heimamarkað, þá er það svo fjarri lagi, að það skýri nokkurn hluta af þessum mismun, sem tillit er takandi til. Það er eftirtektarvert, að aflinn um næstsíðustu mánaðamót skuli vera aðeins ⅔ af því, sem hann var á sama tíma í fyrra og var þá lítill. Ég efast ekki um, að ef togaraútgerðin á Íslandi fengi 50% meiri tekjur en hún hefur fengið, vegna þess að aflinn er ⅔ í ár miðað við s. l. ár, — ef hún fengi þessi 50% í viðbót, þá mundi afkoman reynast mjög sæmileg. En það er aflinn hjá togurunum, sem hefur gert þetta, ásamt með því verðfalli, sem orðið hefur á þeim vörum, sem gera mjög mikinn hluta af aflanum, þegar um hraðfrystingu er að ræða og verulegur hluti aflans fer í fiskimjölsvinnslu, þ. e. a. s. verðfallið á fiskimjölinu. Verðfallið á lýsi hefur líka orðið mjög tilfinnanlegt. En hv. 4. þm. Austf. kunni skil á því. Það var, þetta verðfall á lýsinu, komið til strax á árinu 1959 og átti þess vegna að vera öllum kunnugt í ársbyrjun 1960, þegar efnahagslögin voru sett. Það er nú svo. Þetta er að segja hálfan sannleikann, eins og ýmsum mönnum er títt að gera. Það er rétt, að það var komið verðfall 1959, en verðfallið hélt áfram fram eftir árinu 1960 og náði ekki hámarki fyrr en á miðju því ári, þannig að verulegur hluti af framleiðslu síldarverksmiðjanna t. d. er seldur á lægra verði en áætlað var, þegar síldarverðið var ákveðið, og var þó þá komið langt fram á árið 1960. M. ö. o.: þó að nokkur hluti verðfallsins væri kominn á árinu 1959, varð mjög tilfinnanlegt verðfall frá áramótum 1959—60 og fram undir mitt ár, eða fram eftir ári 1960, þannig að ég tel, að það megi fullyrða, að erfiðleikar sjávarútvegsins á árinu 1960 eigi fyrst og fremst rót sína að rekja til minni aflabragða og til lækkaðs verðs á verulegum hluta af framleiðsluvörum. Þessu þýðir ekki að mótmæla og því er ekki hægt að halda fram í alvöru, að hér séu ekki atriði, sem hafi haft úrslitaáhrif.

Það er alveg rétt, að vextir hafa hækkað, og það er líka rétt, að það hefur ekki verið lánað út eins takmarkalítið og áður var gert, og það er einnig rétt, að rekstrarvörur útgerðarinnar hafa hækkað nokkuð. En hvaða möguleikar voru til þess að komast hjá því að gera þetta? Þegar miðað er við ástandið, eins og það var áður, þá eru ekki nema tveir möguleikar til. Það varð annaðhvort að halda áfram uppbótakerfinu og sökkva svo djúpt ofan í fenið, að við hefðum aldrei náð okkur upp úr því aftur, eða snúa við, standa upp og rísa á fætur og sjá, hvort við gætum ekki staðið upp eins og menn, eftir að aðgerðirnar voru gerðar, þó að þær væru erfiðar.

Þá vildi hv. 1. þm. Austf. halda því fram, að þær aðgerðir, sem gerðar hefðu verið af núverandi ríkisstj. til þess að aðstoða sjávarútveginn, væru allar í þá átt að taka upp aftur einhvers konar aðstoðarkerfi við útveginn, og sýndi það bezt, að þessi stefna, sem ríkisstj. hefði nú komið á og barizt fyrir, væri algerlega gjaldþrota. Hv. þm. taldi upp þær aðgerðir nokkrar, sem ríkisstj. hefði gert, og ég skal nefna a. m. k. nokkrar þeirra, — ég er ekki viss um, að ég hafi náð þeim öllum, — svipað kom fram líka í ræðu hv. 4. þm. Austf., sem var inni á sömu hugsuninni.

Þeir nefndu lán til nótakaupa. Ég veit ekki betur en það hafi verið borin fram ósk um þetta af útvegsmönnum, löngu áður en núverandi ríkisstj. kom til valda, og ég man a. m. k. eftir, að einn af samkomulagsliðunum í janúarmánuði 1959 var um það að aðstoða útvegsmenn við útvegun á 3—5 ára lánum út á veiðarfæri, og þá var mér tjáð, að þessi ósk og raunverulegur samningur um þetta hefði líka verið í gildi í tíð vinstri stjórnarinnar, þannig að útvegsmenn hefðu þá fengið loforð fyrir því, að þáverandi ríkisstj. beitti sér nákvæmlega fyrir þessu sama, þó að það hafi ekki tekizt að koma því í gegn fyrr en í tíð núverandi ríkisstj., enda er það út af fyrir sig ekkert sérstakt, þó að útgerðin fái lán til þess að kaupa veiðarfæri og alveg sérstaklega síldveiðarfæri, vegna þess að það hefur núna á mjög stuttu árabili orðið bylting í síldveiðarfærum, þannig að það hefur verið skipt um tæki hjá langsamlega flestum skipum og keypt miklu dýrari og verðmeiri tæki en áður var, sem hefur orðið mörgum útvegsmönnum algerlega ofviða. Og til þess að bjarga þessu var veitt þessi aðstoð, sem var ekki fólgin í öðru en því að fá bankana til þess að lána þetta á venjulegan hátt með veði í veiðarfærunum.

Annað atriði, sem nefnt var, var hlutatryggingasjóðurinn, og nefndu báðir hv. ræðumenn þær ráðstafanir, sem gerðar hefðu verið í því sambandi. Um hlutatryggingasjóðinn er það að segja, að ég ætla, að það hafi verið í gildi ýmsar reglur um það, hvernig framkvæmdar yrðu bótagreiðslur úr sjóðnum. Síðustu árin, það er rétt, hefur verið miðað við, að aflamagnið á síldinni næði kauptryggingu háseta. Og ef miðað er við þá aðferð, þá rétt slapp meðalaflamagnið nú upp fyrir þetta mark. Þar var ekki mikill munur á, eins og hv. 4. þm. Austf. sagði. Hitt er svo annað, að með þeim aukna tilkostnaði, sem orðið hefur nú á síldveiðunum, er ekkert vit í því að halda áfram með þessa sömu viðmiðun, og ef sú viðmiðun var notuð, sem tekin var upp, þ. e. a. s. að taka tillit til hinna nýju og dýru veiðarfæra, þá fékkst bótaskylda, sem tekin var til greina af stjórn sjóðsins, að vísu ekki að fullu, en að verulegu leyti, og gerði ríkisstj. það að fallast á tillögur stjórnar hlutatryggingasjóðs um þetta efni. Að vísu var það svo, að síldveiðideild hlutatryggingasjóðs átti ekki neitt fé til ráðstöfunar í ár. En hún fékk lán hjá almennu deildinni, og fyrir það lán voru síldveiðimönnum greiddar þessar uppbætur, eins og lögin um hlutatryggingasjóð ætlast til, þegar aflinn er lítill.

Ég skal nú ekki aftur minnast á síldaraflann í ár og síldaraflann 1959 og síldaraflann allt frá 1944, eins og hv. 4. þm. Austf. var að gera. En ég vil segja það, að þegar hann er að bera saman síldaraflann í ár og síldaraflann á fyrri árum, þá verður hann að taka það með,

að bátaflotinn, síldveiðiflotinn, er allur annar nú en hann hefur verið á fyrri árum og að tækin, sem notuð eru nú til veiðanna, eru allt önnur og betri en þau hafa áður verið, þannig að miðað við þá aukningu, sem orðið hefur bæði í skipastól og tækni, þá er um geysilega afturför að ræða.

Þá var minnzt á þessar vátryggingar, sem hér hafa verið til umr., og ég get nú sleppt þeim, því að það hef ég þegar rætt með þeirri grein, sem ég hef gert fyrir sjálfu frv.

Þá minntust þessir hv. þm. á ný lán, sem ríkisstj. hefði tekið að sér að útvega, og það er rétt, að það hefur verið til umr. hjá ríkisstj. að freista þess að fá breytt stuttum lánum útgerðarfélaga í löng lán. Það er það, sem um hefur verið rætt. En það mál er ekki komið á það stig, að ég geti sagt frá því nánar hér nú, en ég get aðeins upplýst, að að þessu er unnið, og unnið af kappi til þess að reyna að koma í veg fyrir stöðvun hjá útvegsmönnum af rekstrarfjárskorti, ef þeir eiga nægilegar eignir, en vantar aðeins lausafé. Að þessu er unnið, og ég vænti, að út úr því komi eitthvað það, sem dugir til þess að leysa úr rekstrarfjárvandanum.

Þá var minnzt á frest á afborgunum af fjárfestingarlánum og vátryggingargjöldum. Það er rétt, við höfum óskað eftir því í ríkisstj. við þá aðila, sem þessar upphæðir eiga hjá sjávarútvegsmönnum, að þeir frestuðu innheimtu, þangað til séð yrði fyrir um þessar lánveitingar. Ég verð að segja, að þá er nú flest tínt til, ef það á að vera ljóður á þeim aðgerðum, sem uppi hafa verið hafðar, að reyna að fá samninga um greiðslu á lánum sjávarútvegsins, þegar viðurkennt er, að hann er í miklum vanda.

Ég man nú ekki, hvort það er miklu meira, sem ég þarf að segja í þessu sambandi. Það hefur orðið niðurstaðan hjá þessum hv. þm., sem talað hafa, að þeir hafa ekki haft mikið á móti þessari ráðstöfun, sem hér er efnislega gert ráð fyrir með frv., og meira að segja hv. 4. þm. Austf. skýrði frá því, að hann væri frv. meðmæltur. En það, sem hefur verið aðalatriðið og uppistaðan í ræðum þessara hv. þm., var það að reyna að sanna, að það væru aðgerðir ríkisstj., en ekki utanaðkomandi aðstæður, sem hefðu valdið þeim erfiðleikum, sem sjávarútvegurinn á nú í. Þessu hef ég lítillega reynt að svara. Ég tel ekki, að ég þurfi þar miklu við að bæta, skal aðeins minnast á vextina, sem hér voru nefndir áðan. Það var aldrei ætlazt til þess, að þessir vextir, sem settir voru í sambandi við efnahagsaðgerðirnar, stæðu að eilífu, heldur átti einungis með þeim að skapa nokkurt aðhald um lántökur — og fjárfestingu alveg sérstaklega, en þegar jafnvægi væri komið á og líkur til þess, að kerfið gæti verkað eins og ætlazt var til, þá var gert ráð fyrir því að lækka vextina aftur. Ég get gjarnan skýrt frá því, að við höfum talað um það í ríkisstj. að lækka vextina aftur, og ég get endurtekið það, sem ég sagði á fundi Landssambands ísl. útvegsmanna í nóvembermánuði, að þá teldi ég fyrir mitt leyti geta komið til mála, að sú lækkun yrði gerð í áföngum. En það hefur um þetta engin ákvörðun verið tekin, og ég get þess vegna ekki upplýst um það frekar.

Ég skal svo ljúka máli mínu, en ég get ekki stillt mig um það í sambandi við tilraun hv. 1. þm. Austf. til þess að vera fyndinn, þar sem hann talaði um, að ríkisstj. væri alveg eins og fluga í flösku, að þá vantaði mig bara það eitt, að hann syngi á eftir: „Ó, að ég væri orðinn lítil fluga.“

Umr. frestað.

Á 37. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 1. umr. um frv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér er á dagskránni og efnislega fjallar um niðurfellingu á útflutningsgjaldi og ráðstöfun á því fé, sem enn er óráðstafað, umræðurnar um það hafa farið nokkuð á víðara svið, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem hér er um að ræða, að brugðið hefur verið upp einni mynd af því, hvernig tekizt hefur til með allvíðtæka breytingu á efnahagskerfinu, þótt hér sé í rauninni ekki fjallað um nema einn þátt þess. Ég sé ekki ástæðu til þess að taka þátt í þessari umr. á breiðasta grundvelli, en lítillega sé ég mig þó knúinn til, eftir að hafa hlustað á þær umr., sem hér hafa farið fram, að víkja að fáeinum efnisþáttum, sem svo mætti telja, að heyrðu ekki endilega nákvæmlega þessum þætti einum saman.

Það er í fyrsta lagi, að hér hafa menn nokkuð deilt um það, hverju hafi af ríkisstj. hálfu verið lofað á fundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, varðandi greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans. Hér hefur verið fullyrt, að ríkisstj. hafi lofað að borga þau gjöld, og af ríkisstj. hálfu hefur því hins vegar verið mótmælt, að slíkum greiðslum hafi verið lofað nema að vissu marki. Hæstv. sjútvmrh. sagði hér, að það væri alrangt, ef einhver hefði skilið orð sín svo, að af ríkisins hálfu eða ríkisstj. hálfu hafi verið gerð skuldbindandi ákvörðun um það að greiða þetta fé. Ég verð í sambandi við þetta að minna á það, að ég hef hér fyrr og í umr. um annað mál, fjárlögin, skýrt frá því, að allir þeir menn, sem ég hef talað við af þeim, sem sátu þann fund, en þeir eru hreint ekki fáir, töldu, að þessari vátryggingargreiðslu hefði verið lofað af ríkisins hálfu, bréflega að nokkru, en að því leyti sem vefengjanlegt hefði mátt telja, að þetta loforð væri svo víðtækt sem menn vildu fá í bréfi, þá hafi þar um verið bætt með sérstökum skilaboðum frá ríkisstj., þar sem hún gæfi út skuldbindandi loforð um það, að þetta yrði allt saman greitt. Nú get ég að sjálfsögðu ekki sett mig í dómarasess um það, hverjir hér segja satt og hverjir segja hér máske ekki nema helming af sannleika. En í þessu sambandi rifjast upp fyrir mér, að það kom ekki ósvipað atriði fyrir, þegar samninganefnd sjómanna var hér að semja um sín kjör í upphafi árs 1959 eða rétt um áramótin 1958—59. Þá stóð hér yfir samningagerð milli útvegsmanna og sjómanna, og við þá samningagerð var viðstaddur fulltrúi frá ríkisstj., og þeir samning-

ar enduðu á því síðla nætur, þegar sjómenn höfðu gert samninga við útvegsmenn um það, fyrir hvaða verð aflahlutur sjómanna yrði keyptur, að fulltrúi ríkisstj. í þeim samningum var beðinn um skuldbindingu af ríkisstj. hálfu fyrir því, að þetta fiskverð, sem sjómenn og útvegsmenn voru þarna búnir að semja um, yrði ekki með löggjöf lækkað. Fulltrúi ríkisstj. brá sér frá og kom aftur með þau skilaboð, að því væri lofað, þetta fiskverð yrði ekki lækkað. Svo kom reynslan og skar úr málum, því að löggjöf var sett, litlu eftir að þetta skeði, þar sem þetta umsamda verð var lækkað um 10 aura hvert kg. Vanefndir voru að sjálfsögðu bornar upp á þann ráðh., sem þarna átti hlut að máli. En hann hefur jafnan haldið því fram, að hann hafi aldrei neitt slíkt loforð gefið út, heldur hafi hann bara hreinlega verið misskilinn, ef svo hafi verið. Og þegar þetta endurtekur sig nú gagnvart útgerðarmönnum, þá verð ég að segja það, að það er dálítið meira en meðalhæfileiki sumra manna til þess að láta aðra menn misskilja sig.

Það var líka vikið hér að því, að þeim hv. þingmönnum Austurlands, sem hér töluðu í þessu máli og báðir voru ráðherrar í vinstri stjórninni svonefndu, færist ekki að hafa hátt um það, þótt eitthvað hafi sigið á ógæfuhlið, því að þegar þeirra stjórn lét af völdum, þá hafi blasað við mikið hyldýpi og alls staðar verið dökkt í álinn. Og þessu til sönnunar hefur hér verið vitnað í ræðu, sem þáv. forsrh., hv. 2. þm. Vestf., hélt, um leið og hann skilaði af sér eða sagði af sér sem forsrh. fyrir sig og ráðuneyti sitt. Það er að vísu rétt, að sá hv. þm., Hermann Jónasson, dró upp dökka mynd í sinni ræðu um ástandið. Hvort sem hann hefur nú metið ástandið nákvæmlega eins og honum fannst eða hvort hann hefur sagt eitthvað annað en honum raunverulega fannst, skal hér ósagt látið, en hitt er vitað, að þau ummæli, sem hann þá hafði, voru ekki raunhæf, þau voru ekki í samræmi við þann veruleika, sem fyrir lá, enda kom það líka í ljós, að sú stjórn, sem tók við völdum á eftir honum, og þar var hæstv. núv. sjútvmrh. forsrh., lifði í um það bil heilt ár á því að eyða upp þeim tekjuafgangi, sem vinstri stjórnin skildi eftir, og einnig þá tókst þeim hæstv. ráðh. að láta þjóðina misskilja sig feikilega, og það er nú kannske stærsti misskilningurinn, sem hann hefur komið til leiðar hingað til. Hann fékk sem sagt þjóðina til þess að misskilja sig þannig, að með því að nota þá sjóði, sem vinstri stjórnin skildi eftir, til þess að greiða niður vöruverð í landinu, væri hann búinn að stöðva dýrtíðina. Á þeim misskilningi byggist tilvera Alþfl. í dag, því að ef fólk hefði ekki fengið þann misskilning, þá er mikið vafamál, að sá flokkur væri hér staddur á Alþ. Það er sem sagt ekki með öllu ónýtt að hafa hæfileika til þess að láta misskilja sig.

Ég kem þá að þeim efnisþætti þessa frv., sem ég ætlaði að gera sérstaklega að umræðuefni. Efnisþættir þess eru í rauninni þrír: Í fyrsta lagi sá að breyta nokkuð frá gildandi lögum útflutningsgjaldinu af ákveðnum vörutegundum, ísfiski og niðursuðuvörum. Ég tel, að þar sé um að ræða réttmætan þátt, — er honum fylgjandi. Annar efnisþáttur frv. er það að afnema við lok þessa árs útflutningsgjald af þeirri framleiðsluvöru, sem framleidd verður eftir árslok, og með þeim röksemdafærslum, sem hér hafa verið fram færðar um það, að þessa sé ekki þörf, er sá efnisþáttur málsins auðvitað sjálfsagður. Hinn þriðji efnisþáttur málsins er um það að finna rétta eigendur að þeim afgangi eða að því fé, sem talið er að liggja muni eftir í útflutningssjóði, þegar hann hefur gert upp allar þær skuldbindingar, sem honum voru lagðar á herðar með lögum á sinni tíð, og þær skuldbindingar, sem hann hefur verið látinn taka á sig síðan.

Hæstv. sjútvmrh. hefur hér látið liggja orð að því, að hann telji rétt, að útvegsmenn fái í sína vörzlu fé þetta, þar sem það sé frá þeim komið. Nú veit ég, að útvegsmenn eru mjög þurfandi fyrir þetta fé eða fyrir fjárhæð, sem þessu nemur, og raunar þótt stærri væri. Engu að síður lít ég svo á, að hér sé ekki fé ráðstafað til réttra eigenda, og vil ég nú rökstyðja það nokkru nánar. Með þessu mótmæli ég þó engan veginn því, að af opinberri hálfu verði gerðar ráðstafanir til þess að mæta þeim halla að einhverju, sem útvegurinn hefur orðið fyrir á þessu ári, t. d. með því að hið opinbera greiði tryggingariðgjöld skipaflotans. En þegar við athugum málið nánar, þá verður auðséð, að réttur eigandi að þessari upphæð hefur ekki verið nefndur enn í þessum umræðum. Við setningu þeirra efnahagslaga, sem ríkisstj. á sinni tíð kallaði viðreisn, var svo ákveðið, að taka skyldi 5% útflutningsgjald af öllum útfluttum afurðum. Það var augljóst öllum, að þetta útflutningsgjald verkaði í rauninni sem lækkun á fiskverði. Þessi lækkun á fiskverði kom svo auðvitað fram í öllum þeim útreikningum, sem gerðir voru um það, hvað útgerðin þyrfti og hvað þeir aðilar yfirleitt þyrftu, sem áttu að hafa tekjur sínar af fiskframleiðslu. Litlu eftir að þessi efnahagslöggjöf var samþykkt og á meðan reiknað var með 5% útflutningsgjaldi, urðu sjómenn að taka afstöðu til þess, á hvaða verði þeir seldu sinn skiptahlut, sinn hlut af fiskinum, sem á land er dreginn. Þeir framkvæmdu að þessu sinni að vísu ekki samningagerð um þetta atriði með sama hætti og oft hafði verið gert áður, því að í rauninni urðu þeir að lúta fyrirskipun ríkisstj. um þetta, því að hún ákvað í sinni efnahagslöggjöf, að fiskverð til sjómanna skyldi vera kr. 1.66 fyrir kg af hausuðum og slægðum þorski og annað verð eftir því. Þetta verð var auðvitað fengið með því, að ríkisstj. fannst þetta hæfileg greiðsla, á meðan hún reiknaði með því, að verðmæti fisksins yrði að finnast út með 5% frádrætti fyrir útflutningsgjaldinu. Litlu síðar en þetta skeði barst ríkisstj. bréf frá samtökum útgerðarmanna, þar sem þeir lýstu neyðarástandi sínu með þeim hætti, að það yrði a. m. k. að gefa eftir helminginn af útflutningsgjaldinu, til þess að möguleiki væri til þess, að útgerð gæti haldið áfram. Ríkisstj. varð þess vegna sjálf að bera fram frv.

um það á því sama þingi, sem hún hafði fengið viðreisnarlögin samþykkt, að útflutningsgjaldið lækkaði um helming, þ. e. a. s. úr 5% í 2½%. Þetta var gert að ósk útvegsmanna. Nú er því svo varið, að allur sá bátafiskur, sem á land kemur, en það er miklu meira en helmingurinn af öllum afla, sem á land kemur, er ekki eign útgerðarinnar nema að tæplega hálfu leyti. Sjómenn á bátaflotanum eru eigendur að meira en helmingi þess afla, sem á land er dreginn. Það má þess vegna segja, að með því að lækka útflutningsgjaldið úr 5% í 2½% hafi útgerðarmönnum verið gefið eftir útflutningsgjaldið að öllu leyti af þeim hluta aflans, sem þeir voru eigendur að, fyrr en þeir höfðu keypt afla af öðrum aðila, sem var eigandi hans, þegar á land kom. Nú er upplýst, að þetta 2½% útflutningsgjald sé svo drjúgt, að eftir það liggi miklar summur í sjóði. Verður auðvitað ljóst, að þeirri ríkisstj., sem ákvað skiptaverð til sjómanna með þeim hætti, sem gert var á s. l. ári, ber skylda til þess að ráðstafa þessu fé, úr því að ekki þurfti að nota það í þær þarfir, sem hún hélt fram, að því verði ráðstafað sem kaupuppbót til sjómanna. Og verð ég nú rétt að segja það, að hæstv. sjútvmrh., sem er formaður flokks, sem kallar sig Alþfl., og auk þess telur sig vera sérstakan skjólstæðing Sjómannasambands Íslands, hefði átt að detta í hug, hver væri eigandi að þessu fé, áður en hann gaf út loforð um að ráðstafa fénu með allt öðrum hætti. Ég leyfi mér að vekja athygli þeirrar hv. n., sem kemur til með að fá þetta frv. til meðferðar, á því, að hér er í rauninni verið að ráðstafa fé, sem sjómenn á íslenzka fiskiskipaflotanum eru réttir eigendur að, og ef með sanngirni í garð þeirrar stéttar væri að farið, þá ætti að deila því fé, sem 2½% útflutningsgjaldið gefur, sem kaupuppbót til sjómanna á íslenzka fiskiskipaflotanum árið 1960.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki þreyta langar kappræður um þetta mál, m. a. vegna þess, að ég er meðmæltur efni þess. En eins og fram kom í því, sem ég sagði hér áður, gefur þetta frv. tilefni til að láta ýmsar hugleiðingar koma fram varðandi efnahagsmálin og afstöðu sjávarútvegsins sérstaklega og þess vegna hvarf ég að því ráði þá. En nú kveð ég mér hljóðs eiginlega eingöngu út af þeim aths., sem hæstv. ráðh. lét falla í tilefni af því, sem ég sagði.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri vondur sleggjudómur, að erfiðleikar sjávarútvegsins nú stöfuðu af ráðstöfunum ríkisstj. Þessu væri alveg þveröfugt farið. Þær hefðu orðið yfirleitt til gagns fyrir atvinnuvegina og sjávarútvegsinn sérstaklega, en vandkvæðin væru vegna aflaleysis og verðfalls. Á hinn bóginn kynni þó að vera, að eitthvað af því, sem gert hefði verið, kæmi sér ekki sem allra bezt fyrir menn yfirleitt og þá útgerðina líka, en þá væri þess að gæta, að ef svo væri, þá væri það eingöngu því að kenna, hversu hörmulegur viðskilnaður vinstri stjórnarinnar hefði verið. Út af því hefðu menn neyðzt til þess að gera ýmislegt, sem þeir gjarnan hefðu viljað láta ógert.

Út af þessu vil ég aðeins segja þetta: Þegar vinstri stjórnin fór frá, var þannig ástatt, að það var greiðslujöfnuður á ríkisbúskapnum. Og sá afgangur, sem þá varð, nægði nokkuð stjórn hæstv. núverandi sjútvmrh. til þess að éta út yfir tvennar kosningar og halda með því leyndu, hvernig raunverulega var ástatt um verðlagsmálin og sérstaklega ástatt með fyrirætlanir hæstv. ráðh. og hans félaga að kosningunum loknum. Þarna var sem sagt um talsverðan greiðsluafgang að ræða. Gjaldeyrisstaðan var þá jákvæð. En eftir eins árs stjórn hæstv. ráðh., sem þá var forsrh., var gjaldeyrisstaða bankanna orðin talsvert óhagstæð. Hún var hagstæð, staða bankanna, þegar vinstri stjórnin fór frá. Vandinn hjá vinstri stjórninni var á hinn bóginn fólginn í því, að fram undan var stórfelld hækkun á verðlagi og kaupgjaldi, ef vísitölunni væri fylgt út í æsar. Það var vandinn. Og þá var sýnilegt, að ef því færi fram, mundi verða mjög erfitt að gera fullnægjandi ráðstafanir til þess, að framleiðsluatvinnuvegirnir gætu gengið.

En það var sýnt fram á, að þó að þarna væri verulegur vandi á ferðinni, þá var hægt að leysa hann án þess að leggja út í þær stimpingar, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur staðið fyrir. Efnahagsmálaráðunautar stjórnarinnar sýndu fram á, að það væri hægt að gera ráðstafanir til þess að jafna þann skakka, sem þarna var fyrir hendi, og halda óbreyttum kaupmætti tímakaupsins, eins og hann var í október eða febrúar 1958. Þetta var sýnt fram á og að það var hægt að gera það með því að endurbæta uppbótakerfið. Þá gat þetta staðizt og verið blómleg aðstaða fyrir atvinnuvegina og góð afkoma fyrir almenning. Þetta var hægt með þessum aðferðum, og var margsýnt fram á það. En allar þessar ferlegu aðfarir, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, hafa aftur á móti leitt til þess, að nær öll helztu framleiðslufyrirtæki landsins væru nú þegar stöðvuð, ef ekki hefðu nú þegar verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að fleyta þeim áfram með bráðabirgðalánum. Og kaupmáttur tímakaupsins, eftir upplýsingum, sem fram hafa komið, virðist hafa lækkað a. m. k. um 12% frá 1958.

Það er því ekkert smávegis ólán, sem hefur hent með því að leggja út í þetta. Og það var ekkert í ástandinu, eins og það var, þegar vinstri stjórnin fór frá, sem gaf á nokkurn hátt tilefni til þess að fara svona að. Það var ekkert, sem gaf tilefni til þess.

Meira að segja eftir að hæstv. núv. sjútvmrh. hafði stýrt á vegum sjálfstæðismanna í eitt ár með sínum mönnum í stjórninni, og hafði þó sigið drjúgum á ógæfuhlið, því að búið var að éta upp ríkissjóðsafganginn og gjaldeyrisstaðan orðin óhagstæð, — meira að segja þá var heldur engin frambærileg ástæða til þess að leggja út í þessi ósköp.

Það var af þeim, sem þá tóku við og hafa nú staðið fyrir þessu, sagt, að það vantaði 200—250 millj. kr. til að rétta skakkann í kerfinu. Það

er glöggt nú af því, sem fram er komið, að þarna hefur verið drjúgum vel í lagt, þannig að sjálfsagt hefur ekki einu sinni þurft þessa fjárhæð. Það var sýnt fram á og hefur margsinnis verið sýnt fram á, að með því að endurbæta uppbótakerfið og gera aðrar viðeigandi ráðstafanir var hægt að jafna þann skakka með alveg smávægilegum ráðstöfunum samanborið við það, sem út í var lagt.

En þá kemur að því, hvað raunverulega hefur verið gert.

Það var gert allt í senn: að breyta genginu mjög verulega og leggja á stórfelldar nýjar skattaálögur til ríkissjóðs. Þetta hefur aldrei verið gert áður samhliða, þetta hefur aldrei farið saman fyrr, svo að mér sé kunnugt. Af þessu stöfuðu náttúrlega geigvænlegar verðhækkanir á öllum sviðum. En þetta var alls ekki látið nægja, og það er enn stórfelld nýjung í þessu máli ásamt fleiru. Síðan var sem sé bætt við verulegum lánasamdrætti, tilbúnum, beinlínis gerðar ráðstafanir til þess að loka inni og gera óvirkan helminginn af sparifé landsmanna og lækka það, sem lánað var af Seðlabankans hendi út á afurðir. Þ. e. a. s. krónutölunni var haldið út á afurðir, þó að afurðaverð hlyti auðvitað að hækka vegna gengisbreytingarinnar og allur tilkostnaður að stórhækka. Síðan voru settir á okurvextir, sem ekkert fyrirtæki getur greitt, og það er bókstaflega bros-, — nei, það er ekki broslegt, heldur er það sorglegt, að nokkrum manni, sem til þekkir um atvinnurekstur, skyldi detta í hug, að íslenzkur atvinnurekstur gæti borgað 12% vexti. Hvar hafði leynzt sá óhemjugróði, sem hefði þurft að vera í íslenzkum atvinnurekstri og framleiðslu, til þess að slíkt gæti staðizt? Og hvaða nauður rekur til að gera svona lagaðar ráðstafanir? Mikill hluti af vaxtaskattinum, — ég kalla þetta vaxtaskatt, þetta er bókstaflega vaxtaskattur á almenning og framleiðsluna, innheimta á endurkeyptum afurðavíxlum, sem Seðlabankinn kaupir af hinum bönkunum og hefur sáralítinn kostnað af. En jafnvel á þeim víxlum voru vextirnir hækkaðir úr 5 og upp í 9%, fyrir utan hina almennu hækkun á vöxtunum. Þetta er hreinn skattur, sem lagður er á framleiðsluna. Og ekki nóg með þetta, heldur var það upplýst í fyrravetur, þegar þessar ráðstafanir voru gerðar, að þegar ríkisstj. hefði reiknað dæmið sitt fyrir framleiðsluna og fyrirtækin í landinu, hvernig þau ættu að sjá sér farborða, þá hefði ekki verið reiknað með vaxtahækkuninni. Það kom fram, að það hefði ekki verið reiknað með vaxtahækkuninni, henni hefði verið dengt ofan á aukalega. Hún var ekki tekin inn í dæmið um það, hvað framleiðendurnir þurftu að fá, heldur var henni dengt ofan á aukalega. Og enn fremur var það upplýst, að þegar ríkisstj. hafði reiknað dæmi sitt og lagt fram sínar tillögur, var líka bætt við á eftir 175 millj. kr. nýjum álögum í aðflutningssöluskatti, sem var ekki heldur reiknað með, hvorki í þeim útreikningum, sem höfðu verið gerðir um áhrif viðreisnarinnar á afkomu almennings, og ekki heldur í þeim dæmum, sem höfðu verið reiknuð um framleiðsluna og afkomu fyrirtækjanna. Þessu var öllu dengt á á eftir.

Þó að allt hefði verið rétt reiknað, áður en þetta kom til, var náttúrlega gersamlega óhugsandi annað en þetta hlyti að hleypa öllu í strand, — bara þessir aukabaggar, þeir einir hlutu að hleypa öllu í strand, enda var margsýnt fram á í fyrravetur, að verðhækkunaráhrifin af öllu þessu gátu aldrei orðið minni en 1100 millj. eða svo, miðað við svipaða umsetningu að vísu og hafði verið á þjóðarbúinu fyrir samdráttinn. Og hverjum gat dottið í hug, að slíkt væri hægt að gera í þjóðfélagi, þar sem allar þjóðartekjurnar hafa verið metnar á fimm milljarða, án þess að af því leiddi fullkomna upplausn og öngþveiti, eins og nú er komið fram? Það var aldrei hugsanlegt, að þetta gæti staðizt, og var sýnt fram á þetta glögglega fyrir fram, þó að þeir, sem að þessu stæðu, væru svo gersamlega dáleiddir af einhverjum, — ég veit ekki hverjum, — að þeir virtust lokaðir fyrir því að hlusta á það, sem aðrir sögðu, og líka hafa gersamlega misst sjónar á einföldustu undirstöðuatriðum í íslenzkum atvinnurekstri og framleiðslu.

Ég skil ekki, hvernig mönnunum gat dottið í hug, að þetta gæti staðizt, enda gefur auga leið, hvernig komið er. Að vísu hefði ástandið ekki orðið alveg eins geigvænlegt og það er í dag, ef orðið hefði verðhækkun, t. d. á lýsi og mjöli, frá því, sem orðið var, þegar þessar ráðstafanir voru gerðar. En á hinn bóginn var mikill hluti verðlækkunarinnar eða mestur hluti verðlækkunarinnar kominn fram, þegar þetta var gert. En samt sem áður skirrðust menn ekkert við að bæta vaxtahækkuninni og innflutningssöluskattinum ofan á allt hitt. Það var svo sem ekki verið að draga neitt úr höggunum, þó að það væri þá þegar ljóst, að verð hafði lækkað. Öðru nær, þeir hertu bara á sér að berja.

Mér finnst það þurfa sterkt brjóst til að kalla þetta læknisaðgerðir. Ég veit, hvaða orð væri nær sanni, en ég vil ekki nota það orð, sem réttast væri að hafa yfir þetta háttalag. Það er undarlegt, að jafnglöggir menn og hér eiga hlut að máli, skyldu vefjast inn í að gera þetta svona. Þessar ráðstafanir voru svo miklar í eina átt, að það hlaut að fara undir kvið. Því miður verður afleiðingin af þessu sú, að það verður verra við þessi málefni að fást nú í framtíðinni en oftast áður. Það kemur smátt og smátt í ljós.

Það væri hægt að rekja marga aukaliði í þessu, sem hafa gerzt mjög örlagaríkir, t. d. eins og það, hvernig vaxtahækkunin, sem var mjög ógiftusamleg, hefur t. d. verkað á það verðlag, sem selt hefur verið á út úr landinu. Sannleikurinn er sá, að framleiðendur hafa bókstaflega neyðzt til þess að framkvæma hálfgerðar „paniksölur“ á afurðum til að þurfa ekki að borga lengi þessa okurvexti innanlands. Ég hika ekkert við að fullyrða, að í vissum dæmum a. m. k. hafa þessir geigvænlegu vextir í landinu haft áhrif til lækkunar á það verð, sem selt hefur verið á út úr landinu. Það er sem sé svo óskaplegur skattur að liggja með afurðirnar, að fram-

leiðendum er gert það með öllu ókleift, og hugsa þeir því varla um annað en reyna að losna við vörurnar, þótt fyrir lægra verð sé. Mér finnst, að hvar sem litið er á þessa vaxtaráðstöfun, hafi hún verið ákaflega misheppnuð. Og þó að það hafi verið talsverður vandi á höndum, þegar vinstri stjórnin fór frá, eins og ég hef lýst, þá var hægt að leysa hann með viðunanlegum aðferðum. Það voru því engin rök fyrir því að grípa til slíkra ofboðsráðstafana sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, sem gera allt hálfu verra en það var. Hver vill leyfa sér að líkja þeim vanda, sem nú blasir við, við þann vanda, sem þá var, og því ástandi um afkomu almennings og framleiðslufyrirtækjanna við það, sem þá var, haustið 1958? Ég hygg, að það mundu fáir treysta sér til að halda því fram, að nú væri æskilegra ástand í þessum málum en var í árslok 1958. Það fyndist mér vera mikið ofstæki að halda því fram. Ég held, að þeir menn, sem því héldu fram, hafi ekki gefið sér tóm til að kynna sér nákvæmlega, hvernig raunverulega er ástatt hjá almenningi í þessu landi fyrr og nú.

Það er einnig alveg þýðingarlaust að halda því fram, að það ástand, sem var í árslok 1958, hafi verið eins og það var, vegna þess að þjóðin hafi lifað um efni fram og það hafi verið búið að sökkva öllu. Það er alveg vonlaust að halda slíku fram, því að það er ósatt. Gjaldeyrisstaðan var þá jákvæð, eins og ég hef margupplýst. Það var greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. Það var hægt að leysa verðlags- og kaupgjaldsmálin með tiltölulega einföldu móti, og lántökur, sem þá höfðu átt sér stað, voru yfirleitt til þýðingarmikilla og arðbærra framkvæmda, og þjóðartekjurnar höfðu farið vaxandi lengi ár eftir ár. Og þó að það hefði þurft, eins og ég tók fram áðan, að gera ráðstafanir út af því, hvernig ástatt var í fyrravetur, þá hefðu þær ekki þurft að vera nema eins og lítið brot af því, sem nú hefur verið gert.

Þá er hæstv. ráðh. mjög óánægður yfir því, að við höfum leyft okkur að benda á, að þessar margvíslegu ráðstafanir, sem hann og hæstv. ríkisstj. er að gera til stuðnings útveginum og náttúrlega allar eru þannig, að sízt veitir af, — ráðherrann er óánægður yfir því, að við skulum telja þessar ráðstafanir bera vott um, að stefna ríkisstj. hafi beðið skipbrot. En ég held, að hæstv. ráðh. verði að sætta sig við þetta, vegna þess að hann hlýtur sjálfur að sjá, að þegar því var lýst yfir í fyrravetur, að þessar ráðstafanir ættu að tryggja, að ekki þyrfti að gera neinar sérlegar ráðstafanir út af efnahagsmálunum fyrst um sinn, þau mundu passa sig sjálf í þeim farvegi, sem búið væri að leggja þau í, og þetta væri allt saman miðað við, að framleiðsluatvinnuvegir landsmanna gætu gengið stuðningslaust, — þegar hæstv. ráðh. athugar þetta, þá held ég, að hann hljóti að sjá, að það verður að skoða sem skipbrot þessarar stefnu, þegar hæstv. ríkisstj. er önnum kafin við að gera alls konar stuðnings- og styrktarráðstafanir til þess, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar stöðvist ekki gersamlega. Mér finnst ekki vera hægt að deila á okkur fyrir það, þó að við bendum á, að þetta er öruggur vottur þess, að hin nýja stefna hefur ekki heppnazt í framkvæmdinni, því þó að orðið hafi verulegur aflabrestur á togurunum, þá útskýrir það á enga lund það geigvænlega ástand, sem orðið er um rekstur bátaflotans, frystihúsanna og landbúnaðarins, svo að aðeins séu tekin dæmi. Aflabrestur togaranna skýrir ekki það geigvænlega ástand, sem orðið er um þennan atvinnurekstur, heldur koma þar til mest hinar misheppnuðu ráðstafanir.

Þá segir hæstv. ráðh., að menn megi ekki kippa sér upp við sumt af þessu, því að það hafi þekkzt áður, eins og t. d. afskipti af því, að menn fái heppileg lán til nótakaupa, og greiðsla síldaruppbóta eftir sérreglum, sem hefur verið gripið til vegna þess, hve útvegurinn stendur höllum fæti. Þetta megi menn ekki kippa sér upp við, vegna þess að þetta hafi þekkzt áður. En eru þetta nokkur rök hjá hæstv. ráðh.? Var ekki einmitt tilætlunin sú, að allt svona lagað félli gersamlega niður og þetta gæti allt saman vegið sig sjálft? Var það ekki einmitt nýja stefnan, sem verið var að innleiða, og þýðir þess vegna nokkuð að vera að vísa í fordæmi frá liðinni tíð, þegar skakkt var á öllu tekið að dómi hæstv. ríkisstj.? Ég held, að það standist ekki.

Þá skil ég alls ekki, þar sem það liggur fyrir, að greiða þarf, til þess að allt stöðvist ekki, öll vátryggingariðgjöld bátaflotans, að ráðh. skuli hneykslast á því, að það sé kölluð uppbótastefna. Þetta var kölluð uppbótastefna áður. Nú hittist aðeins svo á, að hæstv. ríkisstj. hefur þarna talsvert margar krónur, sem hún ætlar að slöngva í þetta, og heitir það afgangur í útflutningssjóði. En hugsum okkur, að þessar krónur hefðu ekki verið þarna. Þá hefði hæstv. ríkisstj. orðið að koma með nýja tekjuöflun í þessu skyni. Og þá hefði þetta allt saman verið miklu skýrara. Þó að svo sé ekki, þá er þetta samt svo skýrt, að hvert barn sér það. Þarna er uppbótakerfið komið aftur vegna þeirra stórfelldu erfiðleika, sem orðið hafa. Það er ástæðulaust að vera að þrasa um það núna, hvað menn hafa sagt varðandi greiðslu á iðgjöldunum, ef ekki hrykki til fé úr útflutningssjóðnum. Ég vil ekki gera neinum getsakir í því efni. En ekki þætti mér það ólíklegt, — það kemur þá í ljós síðar, — að ef eitthvað vantaði þarna upp á, þá yrði það hlutskipti hæstv. ríkisstj. að gangast fyrir því, ef hún lifir svo lengi, að greiða þann mismun. Ég hef ekki trú á því, ef það kæmi t. d. í ljós, að það vantaði eitthvað upp á iðgjöldin, að þá yrði látið við það sitja. Það verður vafalaust gengið í að útvega það fé, sem vanta kynni, og það alls ekki að ástæðulausu, eins og hagur útvegsins er. Þetta þykir mér ekki ólíklegt. En ég skal ekki gera neinum upp orð í því sambandi. Ég vil þó benda á þetta.

Þá er það sama með þessar ráðstafanir, sem fyrir dyrum standa varðandi lánveitingar til útgerðarinnar, sem hæstv. ráðh. af hæversku kallar að eigi að verða til þess að bæta úr rekstrarfjárskorti. Það er náttúrlega ákaflega mikil hæverska að kalla það rekstrartap, sem

á útveginum hefur skollið vegna ráðstafana ríkisstj., að kalla það rekstrarfjárskort. En það verður nú tap því miður eigi að síður, þótt það sé kallað öðru nafni, og það stafar náttúrlega að verulegu leyti af þeim gífurlegu vöxtum og öðrum hækkunum, sem orðið hafa.

Ég vil taka undir það, að það er áreiðanlega full ástæða til þess að gera ráðstafanir í þessa átt: að útvega heppilegt og gott lánsfé inn í sjávarútveginn, og ég vil vona, að hæstv. ríkisstj. takist að finna sanngjarna og heppilega reglu fyrir úthlutun á því fé. Enn fremur vildi ég vona, að hæstv. ríkisstj. athugaði í leiðinni að sjálfsögðu, hvernig ástatt er um hliðstæða atvinnuvegi nú, eins og t. d. landbúnaðinn, sem ég fyrir fram vil alls ekki draga í efa að hún muni gera. Hæstv. ráðh. sagði, að hann gæti ekki á þessu stigi málanna upplýst, hvernig þessum lánveitingum yrði háttað, og ég get skilið það. Það stafar þá sjálfsagt af því, að *málið er á rannsóknarstigi og hæstv. ríkisstj.* hefur ekki enn þá haft tök á að setja um þetta reglur. En þá heyrum við væntanlega um það síðar.

Alveg *sama er að segja um þær ráðstafanir*, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að gera til að fresta afborgunum vegna þess vanda, sem yfir útgerðina hefur skollið. Allt er þetta í sömu átt, eins og ég hef þegar tekið fram.

Það virðist vera eitthvert lát á hæstv. ríkisstj. í vaxtamálunum, og máske verður það áður en langt um líður, að vextirnir verði eitthvað lækkaðir. En ég fyrir mitt leyti vil leggja höfuðáherzlu á, að það verði reynt að breyta viðhorfinu með því að lækka vextina strax ofan í það, sem þeir voru. Það er nokkurn veginn augljóst, að það hefur aldrei verið hugsun hæstv. ríkisstj., að þessir vextir ættu að verða til þess að auka sparifjármyndunina í landinu, enda annað veifið gefið í skyn, að þeir ættu að vera aðeins til bráðabirgða. Ég vil eindregið skora á hæstv. ríkisstj. að lækka vextina strax alveg ofan í það, sem þeir voru, af því að það er algerlega vonlaust, að það takist að reisa íslenzkt atvinnulíf við, nema það skref verði stigið. Það verður *mönnum gersamlega* um megn, bæði þessari hæstv. ríkisstj. og öðrum, að moka því fé inn í atvinnureksturinn með lánum eða öðru, sem dugir til þess að standa undir öllum venjulegum rekstrarkostnaði og þessum gífurlegu vaxtabyrðum. Þess vegna er lífsnauðsyn að lækka vextina strax.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. ræddi hér nokkuð um þau orð, sem féllu hjá mér varðandi yfirlýsingar, sem ég skýrði frá að gefnar hefðu verið á fundi L. Í. Ú. varðandi greiðslu á vátryggingariðgjöldum þessa árs, og í því tilefni las hæstv. ráðh. hér upp bréf, sem hann sendi þessum fundi þann 17. nóv., en í bréfinu var skýrt frá því, eins og greinilega fram kom, að hann eða ríkisstj. *lofaði því að greiða vátryggingariðgjöld fiski*skipaflotans 1960 með afgangi þeim, sem kynni að reynast í útflutningssjóðnum, og ég tók eftir, að hæstv. ráðh. sagði: Ef þetta á að skilja sem yfirlýsingu um það, að ríkisstj. hafi lofað að greiða öll iðgjöldin fyrir 1960, þá get ég ekki skilið það. Jú, rétt er nú það. Þetta bréf barst einmitt þessum fundi Landssambandsins, sem ég var að skýra frá. Ég gat einmitt nokkuð um það hér í minni ræðu. Útvegsmennirnir á landssambandsfundinum skildu ekki þetta bréf þannig, að það þýddi loforð um það, að greiða ætti vátryggingariðgjöldin að fullu og öllu fyrir árið 1960. Þeir litu einmitt á þetta sömu augum og hæstv. ráðh. túlkaði hér. Þetta var ekki loforð um það að greiða iðgjöldin að öllu leyti, heldur aðeins með eftirstöðvum þeim, sem voru í útflutningssjóði og hann hafði sjálfur gert grein fyrir að mundu vera í kringum 40 millj.

Svo tók ég eftir því, að hæstv. ráðh. yfirgaf málið á þessu stigi og vildi láta líta svo út, að lengra hefði þetta mál ekki gengið, frekari loforð hefðu ekki frá honum komið. En ég minntist einmitt á það í minni ræðu og skal gera það nokkru frekar nú, að þegar þetta *bréf, sem hæstv. ráðh. las hér upp, barst fundi* Landssambandsins, voru fulltrúarnir þar svo óánægðir með þetta fyrirheit, sem þarna var gefið, að fundi var beinlínis slitið eða frestað, tekið fundarhlé í líklega fulla 3 klukkutíma, fulltrúar frá fundinum sendir á fund ríkisstj. og ekki minna, eins og ég sagði, en þrír af framámönnum Landssambandsins komu svo til fundarins aftur með yfirlýsingu um það, að hæstv. sjútvmrh. teldi öruggt, að í útflutningssjóði væru nægilegar tekjur til þess að greiða iðgjöldin að fullu og öllu, og forustumenn Landssambandsins undirstrikuðu það við fundinn, að þetta jafngilti því, að lofað væri að greiða vátryggingariðgjöldin. Því var það, að fundarmenn á þessum fundi einmitt undirstrikuðu það fleiri en einn, að þessi yfirlýsing jafngilti því, að lofað væri að greiða vátryggingariðgjöldin. Eins og ég kom svo hér að, sem er vitanlega aðalatriðið í málinu, hefur þetta líka verið meiningin, því að nú er komið á daginn, og ég fann ekki, að hæstv. sjútvmrh. mótmælti því, — nú er komið á daginn, að það er nægilegt fé fyrir samkv. nýjustu upplýsingum í útflutningssjóði til þess að greiða iðgjöldin að fullu, og þetta virðist því allt saman standast. En það, sem ég var að benda á í þessum efnum, var aðeins þetta, að hæstv. ráðh. hafði áður sagt það, sem mér þótti miklu nær lagi, að eftirstöðvarnar í útflutningssjóði mundu verða kringum 40 millj., en ekki þessar 88, sem nú er talað um að verði eftir í sjóðnum og þarna var fullyrt að mundu verða til staðar til þess að greiða þetta allt saman.

Hæstv. ráðh. reyndi að gefa nokkra skýringu á því, hvernig á þessum mismun stæði. Hann sagði, að þessi mismunur skýrðist með því, að í fyrra tilfellinu, þegar hann nefndi 40 millj. eftir í útflutningssjóði, hefði hann ekki reiknað með því, að útflutningsskatturinn, 2½%, stæði nema fram að áramótum, en nú væri hins vegar gert ráð fyrir því að innheimta *hann á næsta ári af allri framleiðslu ársins* 1960. En nú veit ég, að hæstv. sjútvmrh. minnist þess, að í ræðu sinni á landssambandsfundinum sagði hann, um leið og hann nefndi töluna 40 millj., sem mundu verða eftir í sjóðn-

um, að tekjur af útflutningssjóðsgjaldinu væru taldar 50 millj. kr. Þetta er skráð eftir honum í Alþýðublaðinu, — ég var einmitt að líta eftir því. Hann getur því ekki skýrt þennan mismun á þennan hátt, vegna þess að heildartekjurnar af 2½% gjaldinu voru áætlaðar miðað við eins árs útflutning, og það fer mjög nærri réttu lagi, í kringum 60 millj. Hann sagði sjálfur í sinni ræðu, að reiknað væri með tekjum af þessu gjaldi upp á 50 millj. kr., og þá mætti búast við því, að niðurstaðan í sjóðnum yrði 40 millj. í afgang. Og þó að nú eigi að samþykkja að framlengja 2½% gjaldið áfram aðeins yfir framleiðsluna 1960, þá gæti það aðeins munað í kringum 10 millj. frá þeirri tölu, sem hann hafði sjálfur reiknað með, og því getur hann ekki skýrt þennan mismun á þennan hátt.

Nei, það, sem hér hefur gerzt, er það, að eftirstöðvarnar í útflutningssjóði reynast vera miklu meiri en hæstv. ráðh. hafði gert grein fyrir, og þær virðast vera ótrúlega miklar, verð ég að segja, miðað við alla fyrri útreikninga um hag útflutningssjóðs.

Þá kom hin skýringin hjá hæstv. ráðh., að það væri ekki gott að deila á einn eða neinn fyrir ranga útreikninga í sambandi við hag útflutningssjóðs, því að það hefði sýnt sig, að upplýsingar frá stjórn sjóðsins áður hefðu verið mjög ófullkomnar eða óáreiðanlegar. Og hann vildi vísa þeim röngu áætlunum, sem fram hefðu komið um hag útflutningssjóðs í sambandi við viðreisnarlöggjöfina, til stjórnar útflutningssjóðs. Þetta er alveg rangt. Stjórn útflutningssjóðs hafði ekki gefið neinar upplýsingar um það, að skuldahali hans væri sá, sem sagt var í grg. fyrir viðreisnarfrv., það er mér vel kunnugt um. Stjórn útflutningssjóðs hafði ekki gefið neinar upplýsingar um það, að skuldahali sjóðsins væri á annað hundrað millj. kr. Það var ríkisstj. sjálf eða sérfræðingar hennar í efnahagsmálum, sem slógu þeirri tölu fastri, svo að það er ekki hægt að skjóta sér neitt á bak við upplýsingar frá sjóðsstjórninni. Mín skoðun er sú, og mín reynsla var sú, að þær upplýsingar, sem stjórn útflutningssjóðs gaf um hag sjóðsins á hverjum tíma, væru mjög nærri réttu lagi, eftir því sem hægt er að gefa þær upp og áætla þær. En slík reginskyssa, sem þarna kemur fram, eða skekkja, sem sýnilega sveiflast nokkuð yfir 200 millj. kr., — það átti að vera skuldahali upp á mikið á annað hundrað millj. kr., en reynist hafa verið innistæða í sjóðnum upp á um 60 millj. kr., eftir því sem nú er gert upp, — sú mikla sveifla fær ekki staðizt á neinn hátt, nema þá að þeir, sem þetta hafa reiknað út, hafi farið hér gersamlega villir vegar, eða þá hitt, að útflutningssjóður sé nú farinn að fá einhverjar tekjur, sem hefur ekki verið reiknað með áður.

Um vátryggingariðgjöldin segi ég því aðeins það: Því hefur verið lýst yfir, að úr útflutningssjóði skuli vátryggingariðgjöldin greidd, og það getur ekki borið mikið á milli þessa og þess, sem hæstv. sjútvmrh. segir nú. Ég gat ekki skilið orð hans á annan veg en þann, að hann viðurkenndi, að nú væri áætlað, að eftir yrðu í sjóðnum í kringum 88 millj. kr., sem mun vera mjög nærri því að duga fyrir öllum iðgjöldum ársins.

Það var annars mjög áberandi í ræðu hæstv. sjútvmrh., hvernig hann streitist við að neita þeim staðreyndum, sem liggja fyrir um það, að ríkisstj. hafi orðið að grípa til þess vegna bágs hags sjávarútvegsins að taka upp stuðnings- eða uppbótakerfi að meira og minna leyti á nýjan leik. Ja, hvað er annars uppbótakerfið? Við skulum t. d. taka togarana. Það er engin smáræðis fúlga, sem þeir fá nú á þessu ári samkv. því, sem þegar má heita ákveðið. Eftir að viðreisnin var samþ., voru togaraflotanum greiddar í kringum 30 millj. kr. úr útflutningssjóði í beinan styrk. Nú er ráðgert að greiða vátryggingariðgjöld togaraflotans á þessu ári. Ég hygg, að sú upphæð muni vera fyllilega í kringum 40 millj. kr., — fyllilega það. Hér er því um að ræða, að greiða á togurunum í landinu í kringum 70 millj. kr. á þessu fyrsta viðreisnarári. Það mun vera nærri því að vera 1.7—2 millj. kr. á hvert skip. Ég efast um það, að í annan tíma hafi togararnir fengið öllu meira í beinar uppbætur á einu ári en þetta. Hér er um beinar peningagreiðslur sem styrk til þeirra að ræða, og ber vitanlega að afsaka að verulegu leyti vegna þess, hvernig rekstur þeirra hefur gengið núna. En hér er vitanlega um uppbótagreiðslur að ræða, það þýðir ekkert að neita því. Og hið sama er vitanlega að segja um þá aðra liði, sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni og snúa eins mikið að bátaflotanum og öðrum þáttum sjávarútvegsins. Hér er um beinar uppbótagreiðslur að ræða eða fyrirgreiðslu fjármálalegs eðlis, sem var eitt megininntakið í sambandi við uppbótakerfið.

Það var mjög eftirtektarvert í þessum efnum, sem hæstv. sjútvmrh. minntist hér á um nótakaupalán síldveiðiflotans. Eitt af kröfuatriðunum á hverju ári um nokkurra ára skeið frá hálfu útvegsmanna í sambandi við þá fyrirgreiðslu, sem þeir vildu semja um fyrir hver áramót á undanförnum árum, var einmitt krafan um þetta, að ríkisstj. hlutaðist til um það, að síldarútvegsmenn fengju sérstök lán til kaupa á síldarveiðarfærum. Og árið, sem hæstv. sjútvmrh. var forsrh. og þurfti að semja við útvegsmenn á grundvelli uppbótaskipulagsins, kom þetta atriði líka fyrir. Þá kröfðust útvegsmenn þess á nýjan leik að fá þessa fjárhagslegu fyrirgreiðslu. Og þá hét hann útvegsmönnum því, að hann skyldi reyna að beita áhrifum sínum til þess að koma þessum lánum í gegn, en það tókst ekki. Nú, þegar allt uppbótakerfið átti að vera úr sögunni, kom þetta atriði aftur af hálfu útvegsmanna. Þeir ítrekuðu þessa kröfu sína frá gamla uppbótatímabilinu, og nú, þegar engar fyrirgreiðslur eða uppbætur átti að veita, var þetta samþykkt. Til viðbótar við venjuleg rekstrarlán, sem flotinn fékk, áður en hann fór á síld, fékk hann þessi lán til þess að leysa sig út úr vandræðum, þegar hann kom af síldveiðunum. Ég er ekki að segja þetta til þess að ámæla ríkisstj. á nokkurn hátt, að hún hafi þetta gert. Síður en svo. Ég álít fyrir mitt leyti, að þetta hafi

verið næstum að segja óhjákvæmilegt, eins og komið var. Ég er ekki heldur að ásaka ríkisstj. fyrir það að samþykkja að greiða öll vátryggingariðgjöld flotans á þessu ári. Ég álít, að það hafi verið óhjákvæmilegt, eins og komið var. En mér kemur ekki til hugar þrátt fyrir viðkvæmni hæstv. ráðh. að kalla þetta öðrum nöfnum nú en þeir kölluðu þetta, — ég kallaði þetta og allir aðrir kölluðu þetta fyrir einu ári. Þetta eru alveg sams konar ráðstafanir nú og það voru þá. Á þeim er enginn munur. Og nú hefur þurft að grípa til þessa vegna þess, að hagur sjávarútvegsins er svona aumur, eins og raun er á. Hitt er svo annað mál, ef ríkisstj. vill kalla þetta einhverjum öðrum nöfnum, þá hún um það.

Það er enginn vafi á því, að það, sem er aðalatriði þessa máls, er það, að hagur sjávarútvegsins er lakari nú en hann hefur verið um margra ára skeið. Þetta ber forustumönnum útvegsmanna saman um. Ég minnist þess t. d., þegar formaður útvegsbændafélagsins í Vestmannaeyjum, kunnur og þekktur sjálfstæðismaður þaðan, sagði á landssambandsfundinum fyrir nokkru, að nú væri ástand sjávarútvegsins, eins og hann þekkti það, hið lakasta, sem hann hefði nokkurn tíma vitað. Stuðningsmenn ríkisstj. að öðru leyti segja þetta vitanlega ekki hver um annan þveran nema vegna þess, að þetta er svona. Og þegar ástandið er svona, þá þurfa ráðherrarnir að átta sig á því, að það er ekki hægt að halda að sér höndum, það þarf að gera tilteknar ráðstafanir, til þess að í algert óefni lendi ekki. Og það er auðvitað enginn vafi á því, að ein þýðingarmesta ráðstöfunin, sem gerð yrði til þess að lagfæra þetta, eins og nú standa sakir, er að lækka vextina mjög verulega.

Það er fullkomlega rétt, sem ég hef bent á áður, af því að það er tekið beint upp úr bókhaldi eins fyrirtækis, að vaxtahækkunin hjá einu meðalfrystihúsi í landinu, vaxtahækkunin, sem ákveðin var með viðreisnarlöggjöfinni eða fylgiráðstöfunum hennar, hækkaði útgjöld þessa meðalfrystihúss um rúmlega 700 þús. kr. á árinu, en það jafngilti því, að öll laun í þessu meðalfrystihúsi, öll laun hárra sem lágra, hefðu verið hækkuð um 22%. Hér er vitanlega ekki um neinn smáræðisskatt að ræða, sem leggst á framleiðsluna með þessum okurvöxtum. Ef slakað væri til á vöxtunum verulega, mætti vitanlega koma hér fram mikilli breytingu, og það er alveg furðulegt að heyra það, að hæstv. ríkisstj. skuli áfram halda í þessa háu vexti. Mér fannst furðulegt að heyra hæstv. sjútvmrh. segja það hér, að eitt af því, sem hér hefði verið öfugt og óviðunandi árið 1958, hefðu verið óeðlilega lágir vextir. Vextirnir voru þó hærri hér á landi en í flestum löndum í kringum okkur og hjá þeim löndum, sem við t. d. keppum einna mest við í sambandi við okkar aðalútflutningsvöru. Þó að okkar vextir væru mun hærri en vextirnir þar, þá telur hæstv. sjútvmrh., að það hafi verið einn af stórágöllunum, sem hér ríktu árið 1958, að þá hafi verið hér óeðlilega lágir vextir.

Það er vitanlega alveg þýðingarlaust fyrir hæstv. ríkisstj., þegar hún stendur nú frammi fyrir þessum erfiðleikum, að ætla að afsaka allan vandann nú með því, að það hafi verið komið í óefni um það leyti, sem vinstri stjórnin lét af völdum seint á árinu 1958. Það er vitanlega engin skýring á þeim vanda, sem við stöndum frammi fyrir nú í dag. Sannleikur málsins er sá, að árið 1958 eða í árslok þá, þá stóðum við betur að vígi en við höfðum staðið um langan tíma. Á því er enginn vafi. Á því ári náðum við raunverulega fullkomnum greiðslujöfnuði í viðskiptum okkar við útlönd. Bókhaldslega var talið, að greiðsluhallinn hefði numið samkv. skýrslum hagstofunnar 90 millj. kr., en jafnframt sýndi okkar bókhald það, að birgðaaukning var í landinu upp á rúmar 90 millj. kr. af útflutningsvörum. Og ef við tökum tillit til þessarar birgðaaukningar, þá náðum við raunverulega hér fullkomnum greiðslujöfnuði á því ári þrátt fyrir allt það mikla fé, sem á því ári var varið til kaupa á skipum og varanlegum verðmætum fyrir framleiðslulíf þjóðarinnar. Og um það er auðvitað ekkert að villast heldur, að hagur bæði útflutningssjóðs og ríkissjóðs var þá góður. Það sýndi sig líka, hvernig á málum var haldið árið 1959 í sambandi við tekjuöflun, að hagur bæði ríkissjóðs og hagur útflutningssjóðs var góður í árslok 1958.

Ég hefði gaman af að heyra það, að einhver úr röðum framleiðenda eða útvegsmanna héldi því fram, að framleiðslan hafi búið við skarðan hlut eða léleg kjör hér árið 1958. Skýrslur þær, sem nú liggja fyrir frá reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, opinberar skýrslur, sýna það, að árið 1958 var hagnaður á rekstri bátaflotans í landinu. Þá varð hagnaður af rekstri bátanna á aðalvertíðinni, þegar fullt tillit var tekið til afskrifta. Þetta sýna niðurstöður reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, enda varð framleiðslan þá með mesta móti og meiri þátttaka í útgerð en við höfðum áður þekkt, nýting flotans varð þá betri.

Nú aftur á móti hefur orðið veruleg breyting í þessum efnum. Það er vitanlega ekkert geðfellt að horfa upp á sum af þeim miklu og dýru frystihúsum í landinu, þessum fullkomnu tækjum, sem hér var komið upp, m. a. á árinu 1958 og árunum þar á undan, við skulum t. d. taka jafnglæsilegt atvinnufyrirtæki og hið mikla frystihús togaraútgerðarinnar á Ísafirði, — ætli það sé ekki búið að vera með slagbrand fyrir aðaldyrum í 3—4 mánuði, — að þetta stóra og mikla frystihús, sem ríkið aðstoðaði við að koma upp, hefur verið fullkomlega lokað. Hið mikla frystihús á Akureyri hefur verið lokað nú um langan tíma líka. Og hér við Faxaflóa hafa hin stóru frystihús aðeins verið notuð að litlu leyti og mikill hlutinn af fólkinu verið hér atvinnulaus.

Opinberar skýrslur sýna það líka, að okkar aðalfiskiðnaður, hraðfrystingin, mun falla niður að magni til um 10—15% á þessu ári. Hraðfrystingin dregst saman, fiskvinnslan minnkar. Þetta gerist á sama tíma sem aflinn hefur ekki minnkað. En það, sem hér er um að ræða, er það, að meira og meira af fiskiskipum okkar neyðist til þess blátt áfram að reyna að koma

sér undan okurvöxtunum hér innanlands og undan lánsfjárkreppunni hér og hallarekstrinum, sem eru raunverulega búin til af opinberum aðilum, — neyðist til þess sumpart að sigla með fiskinn óunninn á erlendan markað. Við vitum mætavel, hvernig þetta raunverulega gerist. Það er ekki vegna þess, að bátaeigendurnir og togaraeigendurnir telji sig raunverulega fá meira út úr rekstrinum með því að sigla með aflann á erlendan markað heldur en með því að leggja hann upp hér innanlands. En ef þeir legðu aflann upp innanlands, hvað þá? Þá yrðu þeir að fá lánað úr bönkum landsins allt verðmæti fisksins og verðmæti þeirra vinnulauna, sem þarf að setja í fiskinn, ef á að fullvinna hann. En það er ómögulegt að fá þessi lán. Það stendur allt fast. Og þó að menn gætu pínt þau út, þá eru vextirnir svo ógurlegir, að það vilja allir komast undan því, sem mögulega geta, að liggja undir þessum vöxtum. Vegna þess sveigjast menn meira og meira inn á þá braut að sneiða hjá vaxtaokrinu og lánsfjárkreppunni og sigla út með fiskinn, þar sem þeir geta fengið hann borgaðan út í hönd í erlendri höfn, þó að við séum á þennan hátt að flytja út vöruna óunna og okkur vitanlega til þjóðhagslegs tjóns.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þetta ástand allt leiðir til þess, að þjóðartekjurnar minnka. Það getur ekki orðið þjóðhagslegur hagnaður af því að hafa byggt milljónafrystihús og láta þau standa lokuð mánuðum saman. Það getur ekki orðið þjóðhagslegur hagnaður af því að hafa hér í vaxandi mæli fólk, sem hefur ekkert að gera, en hefur áður unnið að fiskiðnaði. Þetta eru m. a. afleiðingarnar, sem verða af rangri stefnu í efnahagsmálunum, og vextirnir eiga þarna stærri þátt í en flesta grunar, hygg ég, enda má það vera mönnum ljóst, að það, sem mér sýnist vera raunverulega verið að reyna að sanna Íslendingum, þegar litið er á heildina í þesum efnum, það er alveg hið furðulegasta. Út úr þessu öllu kemur það, að hið almenna kaupgjald á Íslandi er lægra en í öllum löndum í kringum okkur. Verkamaðurinn hér á að hafa lægra kaup en verkamaðurinn í Noregi og á að hafa lægra kaup en verkamaðurinn í Danmörku. Kennarar voru nýlega að birta opinbera skýrslu um það, að þeir teldu sitt kaup vera um 50% lægra en stéttabræðra þeirra á Norðurlöndum. Og allir aðrir launaflokkar hér skýra frá þessu sama: kaupið á að vera lægra. Við höfum svo dæmin fyrir okkur um það, að hér þarf að borga miklu lægra fiskverð en t. d. hægt er að borga í Noregi. Sjómenn okkar og útgerðarmenn verða þarna að búa við lakara verð en í okkar samkeppnislandi. Hvernig stendur á þessu? Af hverju þarf kaupgjaldið að vera lægra á Íslandi, og af hverju þarf fiskverð til frameiðendanna að vera lægra hér en annars staðar? Til þess að þetta sé rétt, þá er verið að reyna að sanna mönnum það, að við hér á Íslandi framleiðum raunverulega minna miðað við hvern einstakling heldur en hinir gera, að okkar þjóðartekjur séu hlutfallslega minni en þeirra þjóðartekjur. Það er það, sem er verið að sanna. Það á að reyna að halda því fram, að okkar þjóðartekjur séu hlutfallslega lægri en annarra. En allar opinberar skýrslur segja alveg öfugt. Það hefur verið margviðurkennt af hagfræðingunum, að þjóðartekjur okkar væru hærri en nágrannaþjóða okkar, þegar tekið er tillit til íbúafjöldans. En ef, eins og við vitum mætavel, við framleiðum tiltölulega meira, miðað við hvern einstakling, hvernig stendur þá á því, að það er nauðsynlegt að þrýsta niður lífskjörunum á þennan hátt? Hvernig stendur á því, að það er nauðsynlegt, að meðalstórt hraðfrystihús á Íslandi, sem kaupir í kringum 3000 tonn af fiski á ári og skilar út 1000 tonnum af flökuðum fiski, — hvernig stendur á því, að það þarf að kaupa þennan afla af bátunum fyrir verð, sem nemur 3.5 millj. kr. lægra verði en sams konar frystihús í Noregi? Hvernig stendur á því? Af hverju fær einn meðalvertíðarbátur hjá okkur um 700 þús. kr. minna fyrir sinn afla en norskur bátur fær fyrir jafnmikinn afla? Af hverju? Ekki er það vegna þess, að launin hjá fólkinu, sem vinnur í frystihúsunum, séu hærri hér. Opinberar skýrslur sýna, að launin eru lægri hér. Nei, það, sem m. a. gerir það, er hið stórkostlega vaxtaokur. Mér reiknast til, að bara vaxtamismunurinn einn, sá munur, sem er á vöxtum, sem við verðum að greiða, hjá meðalfrystihúsinu hér á landi og vextirnir, sem meðalfrystihúsið í Noregi þarf að borga, að þar skakki hvorki meira né minna en í kringum 1.4 millj. kr. Það er vitanlega fljótt að fara út í svona liði. En hæstv. ríkisstj. heldur dauðahaldi í skipulag eins og þetta, að okra svona á vöxtunum, taka svona stóran hluta af framleiðslunni, leggja hann fyrir í gróðabunka í Seðlabankanum. En svo er staðið upp á eftir, þegar búið er að skattleggja framleiðsluna á þennan hátt, og sagt: Fiskverðið getur ekki verið hærra en þetta, bátarnir verða bara að bera sig með þessu. — Kaupgjaldið getur ekki verið hærra en þetta. Það verður að vera lægra en annars staðar, því að það er ekki meira eftir að skipta.

Nei, það gefur auga leið, að hér hefur verið snúið við hlutunum, hér er tekið af framleiðslunni og því fólki, sem vinnur að framleiðslustörfunum, allt of mikið og lagt til hliðar. Það verður gróði hins dauða kapítals. En þrátt fyrir þá reynslu, sem hæstv. ríkisstj. er búin að fá af þessu nú á þessu ári, virðist hún enn þá lemja hausnum við steininn og segist ekki vilja lækka afurðavextina. Það hafi hún gert upp við sig. Áfram skuli framleiðslan þurfa að borga þessa okurvexti.

Á því getur ekki verið nokkur vafi, að ef ríkisstj. ætlar sér að halda í það áfram, að núverandi skipun efnahagsmálanna skuli standa óbreytt, þá hlýtur það að leiða til minnkandi þjóðartekna eða minnkandi framleiðslu, almennt séð. Það er ómögulegt annað.

Það er svo í rauninni kátbroslegt að þurfa að standa hér og annars staðar og vera að deila við t. d. hæstv. sjútvmrh. um það, hverjar séu orsakir þess, að svo er komið eins og komið er í sambandi við okkar sjávarútveg. Hann þrástagast hér á því enn, að erfiðleikarnir séu, eins

og hann sagði, fyrst og fremst af aflaleysi og verðfalli á afurðum. Ja, hvaða aflaleysi er þetta? Ég hef hér fyrir framan mig tímarit Fiskifélagsins, Ægi, og það hittist nú svo á, að þetta hefti, sem ég er hér með, er einmitt miðað við aflann í maílok, einmitt rétt upp úr vetrarvertíðinni, í maílok. Þar kemur í ljós, að bátaflotinn, sem hér skiptir alveg yfirgnæfandi máli, hefur nú á þessu ári, 1960, til maíloka, sem sagt á vetrarvertíðartímanum hefur hann veitt 190 þús. tonn. En hvað mikið í fyrra? 168 þús. tonn. Dettur nú nokkrum manni í hug, að sjútvmrh. geti komið hingað og staðið upp og sagt, að ástæðan fyrir erfiðleikum þessa bátaflota og því, að allt er að reka í strand, sé aflaleysi? Nei, það er ekki um það að ræða. Alveg sama er um hitt, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, ef maður lítur á síldveiðarnar um hvorki meira né minna en 16 ára tímabil, frá 1944 og fram á þetta ár. Í 16 ár hefur síldveiðin að vísu alltaf gengið illa hjá okkur, borið saman við okkar miklu og góðu síldarár, sem voru þar næst á undan. En aðeins eitt ár af þessum 16 var með meiri afla af síld en árið í ár. Það var árið 1959. Þá var aflinn nokkru meiri. En næsthæsta árið með afla á síldveiðum á þessu 16 ára tímabili var árið í ár. Hvað þýðir nú að vera að koma og segja mönnum, að þetta sé vegna aflaleysis? Og það er ekki heldur vegna þess, þó að mjög óhöndulega hafi tekizt til í sumar, að við höfum saltað of lítið af síld, sem var stjórnleysi á margan hátt. Mörg árin þar á undan söltuðum við miklu minna. Því er ekki heldur til að dreifa.

En hitt er rétt, sem ég sagði, og mig undra nokkuð þau orð, sem féllu hjá hæstv. sjútvmrh. út af því, sem ég sagði, — það er alveg augljóst, að það hefur orðið aflabrestur hjá togurunum. Það sagði ég og margendurtók. Ég sagði aðeins hitt, og það mætti hann sjálfur athuga til þess að leiðrétta sín orð, að þær tölur, sem ýmsir hafa verið að nefna um það, hvað afli togaranna væri miklu minni í ár en hann var í fyrra, eru rangar. Það hefur verið gert allt of mikið úr aflamuninum. Og hann nefndi þar rangar tölur líka. Þessar tölur liggja fyrir og því ástæðulaust að þræta um þær. Ég benti á, að það er ekki réttur samanburður, þegar maður lítur á afla togaranna í ár og afla togaranna í fyrra, að taka ekki eitthvert tillit til þess, að í ár hafa þeir siglt miklu meira á erlendan markað með aflann, og það er ómögulegt að fá út úr einum togara jafnmörg tonn veidd, ef hann siglir með aflann, eins og þegar hann landar heima. Fram til 1. okt. núna í ár lönduðu togararnir erlendis í 98 túrum á móti 32 á sama tíma árið á undan. Þetta vitanlega kemur nokkuð fram í aflanum, og þegar menn hafa verið að gera samanburð á milli ára í sambandi við veiðar togaranna, þá hafa allir þeir, sem kunnugir eru þessum efnum, tekið fullt tillit til þessa og leiðrétt tölurnar eftir því. En þó að þær séu leiðréttar samkvæmt þessu, þá er eigi að síður um aflaleysi hjá togurunum að ræða í ár, — það hef ég sagt og mér kemur ekki til hugar að halda neinu öðru fram. Ég játa því, að togaraútgerðin stendur frammi fyrir sérstökum vanda. En það er, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, óþarft að blanda sérstöku vandamáli togaranna vegna aflatregðu hjá þeim svo saman við afkomu bátaútvegsins í landinu og fiskiðnaðarins almennt séð, að menn geti ekki gert sér grein fyrir því, hvernig stendur á þeim erfiðleikum, sem þar er við að glíma. Það er með öllu óþarft að blanda þessu saman. Nei, það er miklu betra að reyna að gera sér grein fyrir vandanum alveg hleypidómalaust heldur en að reyna að slá fram einhverri skýringu, sem alls ekki fær staðizt.

Sannleikurinn er líka sá, að ef menn væru á því, að hér væri fyrst og fremst um aflaleysi að ræða, t. d. hjá bátaflotanum, þá væri engin ástæða til þess að gera nokkurn skapaðan hlut, nema þá kannske bæta bátaflotanum eitthvað upp það aflaleysi, sem orðið hefði núna, en breyta í engu rekstrargrundvellinum fyrir næsta ár, því að það er vitanlega engin ástæða til að búast alltaf við eilífu aflaleysi.

Það er alveg augljóst mál, að það þarf einmitt að breyta grundvellinum, því að það er engin leið að reka útgerðina á þeim rekstrargrundvelli, sem þar er við að búa nú. Það þarf að bæta þar rekstraraðstöðuna, vegna þess að það hefur orðið halli þrátt fyrir sæmilega góðan afla.

Ég sagði það hér áður líka, að það er rétt, að það hefur orðið verðfall á afurðunum, og það ber vitanlega að taka tillit til þess. Það verðfall er þó nokkuð tilfinnanlegt. En menn gera hér miklu meira úr því en rétt er í sambandi við rekstur sjávarútvegsins í heild. Og svo vitanlega þýðir ekki að stökkva með öllu fram hjá því, að þetta verðfall var skollið á löngu, löngu áður, mörgum mánuðum áður en viðreisnarlöggjöfin var sett og að í grg. fyrir viðreisnarfrv. var það skýrlega tekið fram, að búið væri að taka tillit til verðfalls á mjöli og lýsi. Þetta stóð í grg. frv., og það var því fyllilega tekið tillit til þess. Það má vel vera, að ekki hafi verið tekið tillit til þess nægilega og það skakki einhverju. En ég hef ekki trú á því, að þarna sé nein stór skýring á þeim erfiðleikum, sem sjávarútvegurinn á við að búa, þó að þarna megi kannske finna einhvern lítinn þátt í sambandi við erfiðleikana.

Ég sagði hér áður, að ég tel, að þau ákvæði, sem felast í þessu frv., séu í rétta átt. Þau miða að því út af fyrir sig að létta hér nokkuð á sjávarútveginum, rétta rekstrinum nokkra hjálparhönd í sambandi við greiðslu vátryggingariðgjalda og létta af 2½% gjaldinu á næsta ári. En þetta nær vitanlega allt of skammt. Vandinn er ekki leystur með þessu, og því þarf hæstv. ríkisstj. að gera sér grein fyrir — og einnig því, að hún getur ekki látið þessi mál afskiptalaus. Hún verður að gefa sig að því að reyna að koma þessum málum þannig fyrir, að framleiðslan geti gengið með eðlilegum hætti allt næsta ár. Ég vil líka benda hæstv. ríkisstj. á það, að jafnvel þó að það skref sé nú stigið að létta þessum útflutningsskatti af, sem aldrei hefði átt að leggjast á, — og það sannast nú, að það voru í rauninni engin rök fyrir því að

leggja hann á, — að jafnvel þótt þetta skref sé stigið og jafnvel þótt einhver vaxtalækkun yrði ákveðin síðar, þá dugir það ekki til. Það þarf þá um leið að tryggja, að sá bætti hagur, sem við þetta skapast hjá fiskframleiðslunni, komi einnig fram í hækkuðu fiskverði til fiskiskipanna, því að málin liggja þannig við, að um leið og þessi gjöld eru lækkuð, þá verður það allt saman hagur fiskvinnslunnar, frystihúsanna og annarra fiskkaupenda. Þetta rennur allt fyrst í vasa þeirra. Og það er ákaflega hætt við því, að svo geti farið aftur eins og fór að verulegu leyti á síðastliðinni vertíð, að bátarnir eigi erfitt með að sækja sinn hluta af þeim bótum, sem kynnu að verða veittar þarna, ef ríkisvaldið stuðlaði ekki að því á beinan eða óbeinan hátt að koma þessum bótum einnig út í fiskverðið til þeirra, sem fiskinn framleiða. Ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að hæstv. ríkisstj. hafi þetta atriði einnig í huga, þegar hún gerir sínar ráðstafanir til þess að styðja útflutningsframleiðsluna. Hún verður að sjá til þess, að þær bætur, sem veittar verða, komist alla leið eða a. m. k. að þeim verði skipt réttlátlega á milli þeirra, sem fiskinn vinna, og hinna, sem veiða hann. En til þess þarf auðvitað ríkisstj. að brjóta odd af oflæti sínu í sambandi við sínar yfirlýsingar um það, að hún skipti sér ekkert af þessum málum. Hún veit það sjálf, að hún er búin að gera það í framkvæmd. Hún hefur þurft að vera að semja við útvegsmenn að undanförnu. Hún hefur þurft að vera að gera alls konar ráðstafanir, sem eru hliðstæðar þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru hér á uppbótatímabilinu. Ríkisstj. hefur unnið þetta verk þrátt fyrir sínar yfirlýsingar um það, að hún ætli ekki við menn að tala og nú verði þeir að eigast við einir, og eins verður hún að fara að í sambandi við ákvarðanir um fiskverð. Og ég vænti þess, að hæstv. sjútvmrh. sjái, að það er jafnnauðsynlegt að vinna að því eins og þeim öðrum bráðabirgðaráðstöfunum til stuðnings framleiðslunni, sem hann hefur verið að vinna að að undanförnu, sem er þó svo undarlegt, að þó að hann hafi verið að vinna að því að koma þessum ráðstöfunum fram, þá vill hann helzt ekkert við það kannast.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég undrast nokkuð málflutning hv. 4. þm. Austf. (LJós), ekki sízt þegar hann talar um hið ágæta árferði, eitt það bezta, sem komið hefur yfir landið. Átti hann við árið 1958, — og þrátt fyrir þessa árgæzku var hann og aðrir hæstv. ráðherrar í vinstri stjórninni komnir að því að gefast upp vorið 1958 og gáfust fullkomlega upp í desemberbyrjun sama ár með þeim ummælum þáv. hæstv. forsrh., að allt efnahagslíf þjóðarinnar væri að komast í kaldakol. Það er undravert, að þessir menn skuli koma nú, hver af öðrum þessara hv. fyrrv. ráðherra, og lýsa hér yfir, að aldrei hefði ástandið verið betra en í tíð vinstri stjórnarinnar. Ég vil einnig vekja athygli á þeim málflutningi hv. 4. þm. Austf., að verðfall hafi verið nokkuð á afurðum. Ég víti slíkan málflutning. Hann veit það, að fiskimjöl hefur fallið um nær helming, og það má teljast að sé meira en nokkurt verðfall á afurðum. Hann veit, að fiskimjöl var selt seint á árinu 1959 á 20 sh. og 6 pence pr. proteineiningu, en meginið af framleiðslunni frá því í vetur, því fiskimjöli, sem þá féll til, hefur verið selt fyrir 11 sh. pr. proteineiningu — eða nær helmings verðfall. Og það telur þessi hv. þm. að sé raunar nokkurt verðfall. Þá tel ég, að hann hafi ekki farið alveg rétt með málflutning hæstv. atvmrh., þegar hann var mættur á aðalfundi L. Í. Ú. nýverið. Þar var ég staddur ásamt fjölda annarra meðlima innan L. Í. Ú., og ég minnist þess glöggt, að hæstv. ráðherra sagði, að í útflutningssjóði væru eftirstöðvar, sem tilheyrðu útveginum, rúmar 40 millj. kr., sem vitað væri um eða þá væru fyrir hendi. Geri ég ráð fyrir, að allur þingheimur, sem þar var saman kominn, muni þetta jafnt og ég. En mér virðist nú, að hv. 4. þm. Austf. vilji halda allt öðru fram, sem hæstv. atvmrh. hafi sagt í þeirri ræðu og síðar í samtali við nefnd, sem var send af fundinum til að eiga tal við hæstv. ráðherra, í sambandi við að fá þetta fé, sem hæstv. ráðherra var raunar búinn að lýsa yfir, að þessi samtök útgerðarmanna mundu fá heimild til að ráðstafa, eftir því sem þau teldu heppilegast. Nefnd sú, sem fór á fund hæstv. ráðherra, minnist ég ekki að hafi nokkru sinni lýst yfir á aðalfundinum, að ráðherrann hafi lýst yfir við nefndina, að ríkisstj. mundi fallast á að borga öll iðgjöld fyrir bátaflotann og togaraflotann fyrir árið 1960. Ég hef margsinnis rætt þetta mál við hæstv. ráðherra, og hann hefur ávallt sagt það sama, að þeirri upphæð, sem kynni að verða umfram í útflutningssjóði af þessu 2½% útflutningsgjaldi, sem hefur verið lagt á íslenzkar sjávarafurðir, yrði ráðstafað eftir ósk samtaka útgerðarmanna eða félags þeirra, L. Í. Ú.

Ég vil aðeins leiðrétta þetta, því að mér finnst það ekki rétt, og ég skil ekkert í hv. 4. þm. Austf. að koma með slíkan málflutning hér fund eftir fund í þessari hv. deild, og það er ekki laust við, að það hvarfli að manni, að hér sé um afbrýðisemi að ræða. Þessi hv. þm. var atvmrh. á undan þeim hæstv. ráðherra, sem nú skipar það sæti, og hann vegur ótt og títt að eftirmanni sínum í þessu starfi — og það ekki með neinni sanngirni.

Ég get lýst yfir, að það er rétt hjá þessum hv. þm., að það er að sjálfsögðu ósk allra útvegsmanna að geta komizt einhvern veginn létt af með greiðslu á iðgjöldum báta sinna fyrir yfirstandandi ár, en ég fullyrði jafnframt, að það séu fáir útgerðarmenn, sem séu þeirrar skoðunar, að það liggi loforð fyrir frá hæstv. ríkisstj. um, að það verði greitt fyrir hennar atbeina. Ég get einnig sem útvegsmaður lýst því yfir, að það væri mjög æskilegt, að vextirnir yrðu lagfærðir eitthvað frá því, sem þeir eru nú. Þetta er óskhyggja allra, sem þurfa á miklu lánsfé að halda og þykir vaxtabyrðin þung, og ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj. hafi fullan vilja á að sinna þeim málum, eftir því sem hún telur fært. Og ég geri ráð fyrir,

eins og fram kom í ræðu Sverris Júlíussonar, formanns L. Í. Ú., sem birt var í blöðunum í morgun, að það séu einhverjar áætlanir frammi um það að lækka vaxtabyrði á næsta ári.

Ég taldi rétt að flytja hér það, sem ég vissi réttast í þessum málum, og eins og ég tók fram áðan, tel ég, að hv. 4. þm. Austf. hafi hér talað meira og djarfara um þetta mál og ekki af mikilli sanngirni.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hafði vonað, að þetta frv. mundi geta komizt til nefndar á þessum fundi, og þess vegna mun ég reyna að vera eins stuttorður og ég get, enda hefur hvort tveggja skeð, að hv. 2. þm. Vesturl. hefur glögglega hnekkt þeim áburði, sem hv. 6. þm. Sunnl. var hér að bera á mig og raunar hv. 4. þm. Austf. einnig, og svo hefur hitt skeð um leið, að í ræðum þeirra hv. Austurlandsþingmanna, 1. og 4., hefur lítið komið nýtt fram frá því, sem kom fram í þeirra frumræðu fyrst hér í kvöld. En ég skal samt leyfa mér að minnast ögn á ræðu hv. 6. þm Sunnl., því að hann vék að mér alveg sérstaklega persónulega og vildi endilega reyna, hvað sem raulaði og tautaði, að sanna upp á mig ósannindi. Og hann fór bæði aftur í tímann og kannske fram í tímann til þess að reyna að finna þessum orðum sínum stað. Hann vildi halda því fram, að hvað sem í bréfi mínu til L. Í. Ú. stæði og hvað sem ég hefði sagt þar á fundi, þá hefðu samt fulltrúarnir á fundi Landssambandsins skilið það svo, að ríkisstj. hefði skuldbundið sig til að greiða allt vátryggingariðgjaldið 1960. Ég get ekkert að þessu gert, annað en það að segja, að það er fráleitt, eins og ég hef sagt áður, að þetta hafi nokkurn tíma komið fram við nokkurt tækifæri frá mér, eins og hv. 2. þm. Vesturl. hefur líka staðfest. Þetta er hreinn tilbúningur frá upphafi til enda frá þeim mönnum, sem því hafa haldið fram.

Ég hirði svo ekki að fara út í að rekja aðrar umsagnir þessa hv. þm. um það, að ég hafi átt að bera rangt mál. Hann fór aftur í umræðurnar í janúar 1959, þegar samið var um fiskverðið til bátanna. Ég ætla, að það hafi komið skýrt fram þá um mína afstöðu í því máli, að hún hafi ekki verið vefengd þegar allt kom til alls, og hafi verið gerð nákvæmlega grein fyrir henni.

Hann vildi líka draga það fram, að ég hefði lýst því yfir að hafa stöðvað dýrtíðina 1959, en hann gleymdi að geta þess, sem ég sagði alltaf við þau tækifæri, þegar um dýrtíðina var talað og stöðvunina á því ári, að vandi framtíðarinnar þar væri óleystur, þannig að það er fullkomlega óeðlilegt og rangt að halda því fram, að þetta hafi verið loforð um fullkomna stöðvun.

Síðast klykkti hann út með því að halda því fram, að ég hafi talið Sjómannasamband Íslands vera minn sérstaka skjólstæðing. Nú er mér algerlega ókunnugt um, hvar ég á að hafa látið þau orð falla, en kannske veit hv. þm. það líka. Þetta er vísast af því, að hann kann sjálfsagt illa við ónákvæmni í orðalagi og vill, að þar sé allt slétt og fellt og satt og rétt, og það get ég ekki láð honum, og sjálfsagt hugsar hann í því efni til fyrirrennara míns í embættinu.

Ég skal annars ekki fara lengra út í að ræða þetta, að öðru leyti en því, að mig langar til að víkja örfáum orðum að þeirri algerlega nýju skýringu, sem hv. 6. þm. Sunnl. kom með um eignarhaldið á þessum peningum, sem hér er verið að ræða um. Hann vildi nefnilega halda því fram, að því er mér skildist, að þessir peningar væru ekki eign útvegsmanna, heldur væru þeir eign sjómannanna sjálfra, sem hafa unnið við að afla fisksins. Í því sambandi vil ég minna hann á, að þó að ég fyrir mitt leyti hefði talið, að það væri ekki óeðlilegt, að sjómennirnir gætu fengið meira fyrir sinn afla, þá er ekki hægt að koma þessari skýringu að í þessu tilfelli. Í lögunum um efnahagsráðstafanirnar er þess nefnilega getið, að fiskverðið til sjómanna skuli vera hið sama og það var 1959 í febrúarmánuði, þangað til um annað verði samið. Og þetta er fram komið vegna þess, að í efnahagslögunum er gert ráð fyrir því, að bæði verkamenn, sjómenn og aðrir launamenn í landinu taki, a. m. k. fyrst um sinn, ekki hækkun á sín laun, á meðan kerfið getur ekki greitt meira. Það var alveg sams konar hugsun, sem lá til grundvallar fyrir þessu, að sjómennirnir skyldu á árinu 1960 fá sama verð fyrir sinn afla og þeir fengu 1959, eins og þegar gengið var út frá því, að það yrði ekki til að byrja með, á meðan kerfið væri að festast, möguleiki á því að hækka laun til verkamanna eða annarra launþega. Ég tel þess vegna, að þeir, sem hafa misst í, séu útgerðarmenn bátanna, því að þeir hafa fengið 10 aurum lægra verð fyrir hvert fiskkíló hjá vinnslustöðvunum en þeir mundu hafa fengið, ef 2½% skatturinn hefði ekki verið til. Það eru þess vegna þeir og þeir einir, sem í þessu sambandi hafa tapað við það, að skatturinn hefur verið á lagður, og þess vegna þeir og þeir einir, sem mér finnst að eigi að endurgreiða, þegar um það er að ræða að endurgreiða þetta fé, sem umfram er í útflutningssjóði.

Allar hugleiðingar um efnahagskerfið og ágalla þá, sem á því eru, skal ég láta niður falla, þar sem fundartími er nú á enda. En óneitanlega finnst mér það eðlilegt að spyrja hv. 1. og hv. 4. þm. Austf., hvernig á því geti staðið, að það var rokið til að slíta vinstri stjórninni haustið 1958, ef allt var í svona stöku og fínu lagi þá. Alþfl. skrifaði Framsfl., þegar það heyrðist, að það stæði til að slíta þessari stjórnarsamvinnu, og lagði til, að efnahagsmálin og þeirra afgreiðsla yrði lagt fyrir Alþingi, eftir að þáv. forsrh., Hermann Jónasson, hafði fengið hryggbrot hjá Alþýðusambandinu. Það yrði sem sagt reynt að halda áfram og reynt að freista að leysa málið. En samt sem áður, það næsta, sem gerist, er það, að hæstv. þáv. forsrh., Hermann Jónasson, fer hingað inn í Alþingi og tilkynnir, að það sé útilokað að leysa vandann. Hann talar um holskefluna og bergbrúnina og allt þetta, sem frægt er, og það sé engin samstaða innan þáv. ríkisstj. um lausn vandans,

sjálfsagt vegna þess, að vandinn hefur verið svo stór og mikill, að það væri ekki hægt að leysa hann eftir þeim leiðum, sem hægt væri að koma sér saman um. Og það leynist engum, sem um þessi mál hugsar, að sá vandi, sem þá var fyrir dyrum, var æði mikill.

Þegar hv. 1. þm. Austf. segir, að það sé með öllu rangt að bera saman núverandi ástand og það, sem var 1958, þá er ég út af fyrir sig því samþykkur. Það, sem á að bera saman er núverandi ástand og það, sem orðið hefði, ef ekki hefðu verið gerðar þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið. Og um það er ég ekki í neinum vafa, að það ástand, sem nú er í efnahagsmálunum hjá okkur, er hátíð á móti því, sem hefði orðið, ef ekki hefði þarna verið spyrnt við fótum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., 15. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 200, n. 223, 229 og 230, 221, 226, 234).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar og haldið um það tvo fundi og reynt að afla sér nokkurra upplýsinga, m. a. um útflutningssjóðinn. En því miður hafa þær ekki verið svo sundurliðaðar sem æskilegt hefði verið.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða hér um efni þessa máls, það var gert svo ýtarlega í framsöguræðu hæstv. sjútvmrh. við 1. umr. frv.

N. hefur verið sammála um að mæla með því, að hv. d. samþykkti þetta frv., en hins vegar klofnaði nefndin um brtt., sem minni hl. lögðu fram og lýstu í nefndinni, og munu þeir því skila sérstöku áliti.

Meiri hl. fjhn. mælir með því, að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skila sérstöku áliti um þetta frv., en það er ekki enn komið, og stafar það af því, að það er mjög skammt liðið, síðan málið var afgr. frá fjhn., — það var ekki fyrr en um hádegisbilið í dag, — og síðan hafa verið að heita má stöðugir fundir hér í þingi og lítill tími hefur gefizt til þess að ganga frá áliti.

Það er efni þessa frv., að lagt er til, að útflutningsskatturinn, sem á var lagður, að því er sagt var í því skyni að greiða halla á útflutningssjóði, á að falla niður um næstu áramót, þó þannig, að það á að innheimta skatt af framleiðsluvörum frá árinu 1960, þó að þær verði ekki allar útfluttar um áramótin. Og síðan eru fyrirmæli um það, að fé, sem afgangs verður í útflutningssjóði, skuli ráðstafað á sérstakan hátt. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir því, að eitthvað verði afgangs í útflutningssjóði, þegar hann er búinn að ljúka öllum sínum skuldbindingum, jafnvel þó að skatturinn verði ekki lagður á framleiðsluvörur næsta árs.

Það er eins og fyrri daginn, að það hefur gengið erfiðlega að fá ábyggilegar upplýsingar um hag þessa sjóðs, og áætlanir hæstv. ríkisstj. um þá stofnun hafa verið ákaflega mikið á reiki frá fyrstu tíð.

Þegar stjórnin lagði fram sitt efnahagsmálafrv. snemma á þessu ári, voru áætlanir í grg. með frv. um sjóðinn. Þar er gert ráð fyrir því, að skuldbindingar hans mundu vera um 270 millj. kr. Ákveðið var, að sjóðurinn fengi gengishagnað af þeim birgðum útflutningsvara, sem til voru í landinu 16. febrúar, og var áætlað af stjórninni, að þessi gengismunur, sem sjóðurinn fengi, mundi nema um 150 millj. kr. Þá var eftir að sögn um 120 millj. kr. skuld hjá sjóðnum, og til þess að mæta þeim kröfum á sjóðinn var lagður á 5% útflutningsskattur. Talið var, að sá skattur mundi gefa 120 millj. kr. á árinu 1960. Þannig átti að mæta þessum halla, sem talinn var að væri á útflutningssjóði. Þetta var, eins og ég hef getið um, í grg. með efnahagsmálafrv. eða m. ö. o. í ríkisútgáfu stjórnarinnar, sem hún kallaði „Hvíta bók".

En svo gerðist það síðar á þinginu, að stjórnin fékk fram komið breyt. á lögunum um það, að skatturinn skyldi ekki vera 5% af útflutningsvörunum, heldur 2½%. Og þegar það mál var til meðferðar hér í d. og hjá fjhn., var óskað eftir því, að upplýsingar kæmu um ástæður sjóðsins. Þá fékk fjhn. bréf frá Fiskifélaginu, dags. 23. maí 1960, sem ritað er eftir beiðni sjútvmrn., og í þessu bréfi eru veittar nokkrar upplýsingar varðandi útflutningssjóðinn. Helzt er að sjá af því bréfi, að þá hafi verið gert ráð fyrir, að þær kröfur, sem sjóðurinn þyrfti að mæta, væru nokkru meiri en 270 millj., — um 293 millj. kr. Þá var aftur reiknað með því, að gengishagnaðurinn, sem sjóðurinn ætti að fá, mundi gefa miklu meira en 150 millj., hann mundi nema 227½ millj. og af útflutningsskatti þyrfti þá 65½ millj., til þess að sjóðurinn yrði sléttur, þegar öllu væri lokið, innborgunum og útborgunum hjá sjóðnum, og þetta lét þá nærri, að þessi 2½% skattur mundi nægja, það mundi fást þegar á þessu ári nóg til að jafna hallann.

En í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og athugun þess í fjhn. var enn óskað eftir því að fá nú nýjar upplýsingar um útflutningssjóð. Og fjhn. fékk afrit af bréfi, sem hæstv. sjútvmrh. hefur fengið 2. þ. m. frá útflutningssjóði, þar sem eru, eins og þeir segja, gerðar áætlanir um horfur á afkomu útflutningssjóðs. Það er nú ekki að öllu leyti gott að átta sig á þessu, en helzt verður þó af þessum upplýsingum skilið, að nú sé gert ráð fyrir, þegar sjóðurinn er búinn að taka á móti væntanlegum tekjum og greiða væntanleg gjöld, þá muni verða tekjuafgangur hjá honum 59.9 millj., eða rétt um 60 millj. kr. Ég vildi nú fá nánari skýringar á þessum hlutum og óskaði eftir því að fá upplýsingar um, hvað áætlað væri, að útflutningssjóðurinn hafi miklar tekj-

ur eftir 16. febr. þetta ár, í fyrsta lagi af gengishagnaðinum, sem hann átti að fá, og í öðru lagi af útflutningsskatti, og hv. formaður fjhn., 6. landsk. þm., hefur í dag verið að reyna að fá svör við þessum spurningum, en ekki tekizt. Við höfum nú ekki nánari skýringar á þessu. En eins og þetta stendur í dag, þá virðist helzt mega gera ráð fyrir, að sjóðurinn hafi í tekjuafgang um 60 millj. kr. Sagt er í þessu bréfi, eða það er helzt hægt að finna út úr því, að þessi 2½% útflutningsskattur muni nema alls 45—48 millj. kr. Sé þetta svo, þá kemur fram, að það hefur verið algerlega óþarft að leggja á þennan útflutningsskatt, því að eftir því sem nýjustu plögg sýna, þá hefði verið nokkur tekjuafgangur, líklega kringum 10 millj., hjá sjóðnum, þó að enginn skattur hefði verið á lagður.

Ég verð að segja, að það er alveg furðulegt, hvernig á þessum málum hefur verið haldið, bæði á síðasta þingi og nú, að það skuli aldrei vera hægt að fá upplýsingar, sem mark er takandi á, um þennan sjóð. Hérna skakkar geysimiklu, eins og menn sjá, frá því, sem hæstv. ríkisstj. lét frá sér fara í ríkisútgáfunni í fyrravetur.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, er það að segja, að ég tel rétt að samþykkja það, afnema þennan skatt af útflutningnum nú frá áramótum. En ég tel, að það þurfi að gera breyt. á frv., og hef flutt um það till., sem búið er að útbýta. Þær eru á þskj. 226.

Í 2. gr. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Fé það, sem verður afgangs í útflutningssjóði, þegar hann hefur innt af hendi greiðslur þær, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum b, c og f, skal afhenda útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Þó skal útflutningsskattur samkv. 1. mgr. þessarar gr. af öðrum vörum en sjávarafurðum renna í ríkissjóð og honum ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar."

Í aths. við lagafrv. kemur það fram, að ákveði frv. um, að tekjuafgangur í sjóðnum skuli fara til að greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipa á þessu ári, er sett samkv. óskum L. Í. Ú. Það kemur fram í aths. um frv. Ég tel því, að það sé alveg sjálfsagt, að Stéttarsamband bænda fái að segja um það, hvernig varið verður þeim hlutanum, sem á að fara til landbúnaðarins. Þetta eru alveg hliðstæðar stofnanir, Landssamband íslenzkra útvegsmanna fyrir sjávarútveginn og Stéttarsamband bænda, sem er samtök þeirra, er landbúnað stunda. Því miður vildi ekki meiri hl. fjhn. fallast á þessa brtt., en ég hef flutt hana, — það er fyrsta brtt. á þskj. 226. Ég legg til, að í stað orðanna „samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar" komi „samkvæmt tillögum Stéttarsambands bænda". Ég tel það alveg sjálfsagt, að báðum þessum samtökum sé gert jafnhátt undir höfði. Úr því að nokkru af sjóðnum er ráðstafað samkv. óskum L. Í. Ú., þá á líka að ráðstafa þeim hluta, sem fer til landbúnaðarins, samkv. tillögum Stéttarsambands bænda. Ég vænti þess, að hv. þd. sjái, að þetta sé mjög eðlilegt og samræmi í þessu.

En það er ýmislegt fleira í efnahagslögunum, sem ég tel ástæðu til að breyta, og hef ég því flutt fáeinar tillögur til viðbótar þessari.

Í lögunum um efnahagsmál frá síðasta þingi er m. a. ákveði í 23. gr. þeirra um það, að óheimilt skuli vera að láta kaupgjald og aðrar slíkar greiðslur breytast eftir breytingum á vísitölu. Á síðasta þingi bar ég fram brtt. við þessa grein, og var hún um umorðun á greininni. Ég lagði til, að hún yrði þannig orðuð:

„Ríkisstjórnin vinni að því að koma á samkomulagi milli launþega og framleiðenda um stöðvun vixlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags."

Þessi till. er tekin alveg orðrétt upp úr kosningastefnuskrá sjálfstæðismanna við síðustu alþingiskosningar. Ég veit ekki, hvaða ástæður hafa til þess legið, að þeir snerust á móti þessu strax á fyrsta þingi eftir kosningarnar, og mér finnst rétt að gera aðra tilraun, vita, hvort þeir vilja ekki lögfesta sína eigin stefnu í þessu máli, og flyt því þessa tillögu aftur, nákvæmlega eins og hún var flutt hér í fyrra og eins og hún var í kosningastefnuskrá þeirra sjálfstæðismanna í fyrrahaust.

Strax í upphafi þessa þings báru framsóknarmenn í þessari d. fram frv. til laga um breyt. á lögunum um efnahagsmál. Það er 31. mál þingsins. Efni þessa frv. er þetta: Í fyrsta lagi er lagt til, að útlánsvextir færist niður í 8% hæst, eins og þeir voru, áður en efnahagslögin voru sett. Vextir af afurðavíxlum færist niður í 5½% hæst, og mun það vera það hámark, sem var á þeim áður. Í þriðja lagi, vextir og lánstími ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, byggingarsjóðs sveitanna, byggingarsjóðs fyrir kauptún og kaupstaði, raforkusjóðs og byggingarsjóðs verkamanna verði eins og áður en efnahagslögin voru sett. Og í fjórða lagi, að hætt verði að heimta til frystingar í Seðlabankanum helminginn af sparifjáraukningunni. Útlánamöguleikar geta þá aukizt að sama skapi. Frv. þessu var vísað til fjhn., og það fór fram atkvgr. um það í n. nú fyrir þremur dögum. Hv. þm. stjórnarflokkanna í n. sáu sér ekki fært að mæla með frv., heldur greiddu atkv. gegn því í n. En til þess að fá nú þegar úrskurð þd. um þetta mál, þá flyt ég tillögurnar úr frv. framsóknarmanna sem brtt. við stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir. Ég tel, að það sé þannig um þessi atriði, að það megi ekki fresta því að gera þær breytingar á l., sem þar eru till. um. Og ég vil hér fara nokkrum orðum um þessar brtt.

Í 32. gr. efnahagslaganna frá síðasta þingi var ríkisstj. veitt heimild til að ákveða vaxtakjör og lánstíma hjá allmörgum stofnlánasjóðum. Það eru þeir sjóðir, sem ég gat um áðan. Ríkisstj. notaði heimildina þannig, að hún hækkaði til mikilla muna vexti hjá sjóðunum, og einnig var lánstíminn styttur hjá sumum þeirra. Fram til þess tíma, er þessi lög voru sett á síðasta þingi, hafa lánakjörin hjá þessum sjóðum verið ákveðin í lögum frá Alþ. Þannig á þetta að vera. Það er því lagt til í

einni brtt. minni, að 32. gr. laganna verði felld úr gildi. Verði á þetta fallizt, koma aftur til framkvæmda þau lagaákvæði, er áður giltu um þessa sjóði og um vexti og lánstíma hjá þeim.

En hæstv. ríkisstj. lét sér ekki nægja að hækka vexti hjá ýmsum stofnlánasjóðum. Hún beitti sér einnig fyrir og kom fram vaxtahækkun hjá bönkunum, sem er svo gífurleg, að það mun ekki hægt að finna dæmi um slíkt í öðrum löndum. Þessi vaxtahækkun hefur lagt mjög þungar byrðar — og segja má óviðráðanlegar — á fjölda manna og valdið miklum erfiðleikum hjá þeim, sem fást við atvinnurekstur. Ég geri ráð fyrir, að það sé erfitt að finna fyrirtæki, sem geta borgað milli 11 og 12% ársvexti af lánum, og það er víst, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar geta ekki risið undir þessum vaxtagreiðslum. Það má t. d. benda á það, að meðan slíku er haldið uppi, þá eru Íslendingar ekki samkeppnisfærir með vörur sínar á erlendum mörkuðum. Það mun ekki vera hægt að finna dæmi þess, að nokkrir keppinautar okkar þar búi við slík kjör. Það ætti því öllum að vera ljóst, að það þarf strax að nema úr gildi ákvarðanir stjórnarinnar um vextina og færa þá aftur í fyrra horf. Ég hef því flutt brtt. um þetta. Þetta er fyrsta skrefið, sem þarf að stíga til þess að forða frá enn meiri vandræðum en þegar eru orðin. Það er áreiðanlega miklu skynsamlegra að gera þetta nú þegar, að létta þessari óhóflegu vaxtabyrði af mönnum og af atvinnufyrirtækjunum, heldur en að fara nú að reyna að útvega sérstök lán, eins og ríkisstj. er að vinna að, til þess að atvinnurekendur geti borgað okurvextina. Það er miklu skynsamlegra að létta þeim af, svo að minna þurfi af lánsfé til atvinnurekstrarins. Þetta þolir enga bið, og því er þessi brtt. hér flutt.

Þegar hæstv. ríkisstj. ákvað vaxtahækkunina snemma á þessu ári, hélt hún því fram, að sú ráðstöfun mundi verða til þess að örva sparifjársöfnun í landinu til mikilla muna. Undir venjulegum kringumstæðum er það líka svo og að öðru óbreyttu, að ef innlánsvextir eru hækkaðir, þá hvetur það til aukinnar sparifjármyndunar. En sú hefur ekki orðið hér raunin á, og koma þar aðrar ástæður til. Opinberar skýrslur sýna, að sparifjáraukningin hefur orðið miklu minni á þessu ári en undanfarin ár. Í Hagtíðindum sjáum við skýrslur um þessi mál. Þar eru tekin upp nokkur atriði úr reikningum bankanna, eins og menn þekkja, við og við, og einnig eru gefnar þar upplýsingar um innlán og útlán hjá sparisjóðunum. Síðustu tölur, sem nú eru til um innlánin hjá bönkum og sparisjóðum, eru miðaðar við októberlok nú í haust, þ. e. a. s. þær sýna, hvernig ástandið var að þessu leyti fyrir einum og hálfum mánuði, og ég hef athugað, hvað miklar innstæðurnar hafa verið hjá bönkum og sparisjóðum í októberlok 1960, og til samanburðar, hvað þær voru miklar á sama tíma næstu þrjú árin á undan, 1957—1959. Ég hef lagt hér saman spariinnlán og innlán á hlaupareikningi, en það er aðskilið í þessum skýrslum í Hagtíðindunum. Aftur á móti hef ég sleppt sérstökum lið, sem er bara í skýrslum bankanna, það er mótvirðisfé á hlaupareikningi. Það er gefið upp sérstaklega, en ég tel ekki rétt að taka það með. Það breytist eftir fyrir fram ákveðnum reglum, og hafa satt að segja orðið mjög litlar breyt. á því undanfarin ár, og ég tek bara það, sem aðrir eiga.

Þá er það fyrst um bankana að segja, að í lok okt. 1957 voru innstæður þar 1501 millj., á sama tíma 1958 1815 millj., á sama tíma 1959 2161 millj. og í októberlok 1960 2423 millj. Innstæðuaukningin hefur því orðið þessi: Frá 1. nóv. 1957 til 31. okt. 1958 314 millj., og það er 20.9% hækkun á sparifénu hjá bönkunum. Á tímabilinu frá októberlokum 1958 til októberloka 1959 er aukningin 346 millj. eða 19.1% viðbót, en síðasta árið, frá októberlokum 1959 til októberloka 1960, er aukningin 262 millj., eða 12.1%. Maður fær vitanlega réttasta mynd af þessu með því að bera saman hreyfingarnar, eins og þær hafa orðið hlutfallslega, og þá kemur þetta út t. d. í þessu dæmi, að frá októberlokum 1957 til sama tíma 1958 hafa innlán í bönkunum aukizt um 20.9%, en á sömu mánuðum 1959—60 ekki nema 12.1%. Þetta er að segja um bankana.

Ef við tökum svo í öðru lagi sparisjóðina á sama hátt, þá er það þannig, að í lok okt. 1957 voru innlán hjá þeim 427 millj., í októberlok 1958 518 millj., í októberlok 1959 642 millj., og í októberlok 1960 725 millj. Innstæðuaukningin hefur því orðið þessi hjá sparisjóðunum: Frá októberlokum 1957 til októberloka 1958 91 millj., eða 21.2%. Frá októberlokum 1958 til sama tíma 1959 124 millj., eða 23.9%. En síðasta árið, frá októberlokum 1959 til októberloka 1960, 83 millj., eða 13%. Það er aðeins 13% aukning á móti 21.2 1957—58 og á móti 23.9 1958—59. Ég hef hér aðeins talið innstæðurnar í heilum millj., en sleppt alls staðar broti úr milljón.

Af þessum samanburði sést, að síðustu 12 mánuðina fyrir 1. nóv. þetta ár hefur sparifjáraukningin í bönkum og sparisjóðum orðið tiltölulega langtum minni en næstu tvö árin þar á undan þrátt fyrir vaxtahækkunina. Hún er reyndar minni líka í krónutölu þetta síðasta ár heldur en hin árin, en þó kemur mismunurinn enn meir fram vitanlega, ef þetta er reiknað út hlutfallslega, og það gefur réttasta mynd af breytingunni, sem orðið hefur.

Það er nefnilega þannig, að til þess að sparifé aukist, er það eitt ekki nóg að hækka vexti af því. Það út af fyrir sig kemur að litlu haldi, ef jafnframt er þrengt svo að fólki, að það getur ekki lagt fé fyrir og verður þess í stað að ganga á eignir, sem fyrir voru. Þetta er það, sem hefur verið að gerast hér. Aðalorsök þess, að svo mjög hefur dregið úr sparifjáraukningunni, er vafalítið sú, að ráðstafanir hæstv. ríkisstj. hafa orðið landsmönnum ákaflega þungar í skauti. Þær hafa valdið mikilli kjaraskerðingu, svo að menn eiga nú við mikla fjárhagserfiðleika að búa. Á slíkum tímum er vitanlega ekki hægt að búast við, að sparifjársöfnun aukist, heldur þvert á móti. Það liggur þannig fyrir, að sá tilgangur, sem ríkisstj. sagði, að hún hefði með því að hækka svo mjög

vextina, eða a. m. k. var það eitt af því helzta, sem var fært fram til réttlætingar þessari ráðstöfun, að sparifé mundi aukast og það þyrfti að aukast meira en áður, hefur ekki náðst. Og þá vil ég spyrja: Hvers vegna er þá lengur verið að halda í þessa háu vexti, þegar það liggur fyrir, að þetta er í rauninni óbærilegt öllum almenningi, sem eitthvað þarf á lánum að halda, og hefur leitt hinar mestu þrengingar yfir allan atvinnurekstur í þjóðfélaginu?

Þá er hér einnig brtt., sem ég hef ekki enn minnzt á. Hún er um það að fella úr lögum Landsbankans heimild, sem þar er til þess að skylda viðskiptabanka, sparisjóði og innlánsdeildir til þess að afhenda bankanum fé til geymslu. Þessi ákvæði eru í 16. gr. landsbankalaganna, nr. 63 frá 1957. Þau eru um það, að það megi skipa svo fyrir, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innistæður í Seðlabankanum. Þetta heimildarákvæði hefur aldrei verið notað fyrr en á þessu ári. Þá var ákveðið, að helmingur þeirrar innistæðuaukningar, sem verða kynni hjá þessum innlánsstofnunum, skyldi afhentur Seðlabankanum til geymslu. Enn fremur skyldi sama gilda um innlánsdeildir kaupfélaganna samkvæmt heimild, sem núverandi stjórnarflokkar beittu sér fyrir og komu inn í landsbankalögin fyrr á þessu ári, eða réttara sagt, þeir munu hafa sett ákvæðið um það í efnahagslögin.

Ég legg til, að þessi heimild til fjárheimtu verði afnumin. Það er mjög mikil þörf fyrir fé sparisjóðanna og innlánsdeildanna til atvinnurekstrar og framkvæmda í héruðunum, þar sem þessar stofnanir eiga heima, og því þarf að nema þessa heimild úr lögum. Það þarf að hindra áframhaldandi flutning á sparifénu úr héruðunum inn í Seðlabankann. Mér þykir mjög sennilegt, að einmitt þetta ákvæði og beiting þess eigi nokkurn þátt í því, að sparifjáraukningin er nú minni en hún hefur verið á undanförnum árum. Ég er nærri viss um það, að þetta ákvæði fælir ýmsa menn frá því að leggja fé inn í sparisjóði, þó að þeir hafi eitthvað laust milli handanna. Menn hafa fyrir augum miklar þarfir heima fyrir, þarfir fyrir fé til atvinnurekstrar og nauðsynlegra framkvæmda, og þá þykir þeim vitanlega ekki fýsilegt, þó að þeir hafi eitthvað af lausum aurum, að leggja þá inn í sjóði með þeim skilmálum, að helmingurinn flytjist út úr héraðinu inn í banka hér í höfuðstaðnum, — burt úr héruðunum, þar sem fjármagnsskorturinn er mönnum einmitt mikill fjötur um fót. Með þessu hefur hæstv. ríkisstj., sem beitti sér fyrir þessum ráðstöfunum, innleitt ný höft, það er einn þátturinn í ráðstöfunum hennar til þess að koma á höftum hér, þó að stöðugt sé talað um aukið frelsi. Með þessu er mönnum meinað að nota sitt eigið fé til nauðsynlegra hluta heima í héruðunum, þar sem þeir eru búsettir, þeim er meinað að nota það til uppbyggingar og framfara þar. Þetta er þáttur í viðleitni ríkisstj. til að skapa lánsfjárkreppu, þáttur í viðleitni hennar til að þoka þjóðinni aftur á bak. Þetta tel ég því, að eigi tafarlaust að nema úr lögum.

Ég held, að ég hafi þá gert nokkra grein fyrir þeim brtt. við frv., sem ég flyt, og skal því ekki að svo stöddu segja meira um málið.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Fundur fjhn. var haldinn í morgun um þetta mál, og þó að nm. væru ekki svo mjög ósammála viðvíkjandi 1. gr. í þessu frv., þá höfðum við báðir, sem í stjórnarandstöðunni erum, sitthvað við þessi mál í heild að athuga, sem olli því, að við flytjum hvor um sig allmargar brtt. við efnahagslöggjöfina og gefum þess vegna út sérstök nál. Mitt nál. var látið í prentun í dag fyrir 5, en er ekki komið enn þá, enda alllangt, en þær brtt., sem ég flyt, eru á sérstöku þskj., 221.

Ég verð því að ræða þetta mál, án þess að mitt nál. liggi fyrir, en verð þá að reyna að bæta það upp með því að gera skýrari grein fyrir mínu máli og þeim till., sem ég flyt.

Þetta mál, efnahagsmálalöggjöfin, kemur nú fyrir okkur í ekki alveg ósvipuðu formi og því, sem var síðla á síðasta þingi, og það er raunverulega engin tilviljun, að þessi mál tvö, — það mál, sem við vorum að ræða hér fyrir nokkru, söluskatturinn, og þessi efnahagsmálalöggjöf, — skuli nú koma fyrir aftur og koma þetta seint. Það er raunverulega tvennt, sem er þarna að verki. Sumpart er þarna um að gera, að hinir upphaflegu útreikningar, sem gerðir hafa verið í sambandi við þessi efnahagsmál og tekjumál ríkissjóðs, hafa reynzt rangir. Satt að segja virðist það svo, að sérfræðingar ríkisstj. séu alveg sérstakir sérfræðingar í að reikna vitlaust. Það eru raunar ekki aðeins sérfræðingar þessarar ríkisstj. núna í sambandi við þetta mál, það sama sýndi sig líka 1950, þegar gengið var lækkað þá. Það er eins og í hvert einasta skipti, sem íslenzk ríkisstj. vill reyna að treysta sérstaklega á það, að einhverjir sérfræðingar, sem að meira eða minna leyti eru komnir hingað að undirlagi Alþjóðabankans, fari að skipta sér af efnahagsmálum Íslendinga, þá komi tóm vitleysa út. Síðan þurfi hæstv. ríkisstj. að vera jafnvel tvisvar á sama þinginu að vera að reyna að leiðrétta þessar vitleysur. Stundum kemur þetta hins vegar af því, að hæstv. ríkisstj. þykir ekki skemmtilegt að horfast í augu við staðreyndir. Hún kýs þá að kalla þær uppbætur, sem hún er að koma á, svo sem í því tilfelli, sem hér liggur fyrir, einhverju öðru nafni en slíku. Rétt eins og forðum daga, 1951, þegar við stóðum frammi fyrir bátagjaldeyrinum, þegar kerfið hafði brugðizt, en ómögulega mátti viðurkenna fyrr en mörgum mánuðum seinna, að það hefði brugðizt þá, og það mátti ómögulega kalla bátagjaldeyrinn uppbætur, eins er með það, sem nú liggur fyrir.

En raunverulega hefði kannske ekki verið sérstaklega mikil ástæða til þess að ræða mikið þetta mál, svo framarlega sem það hefði einvörðungu verið þessi 1. gr., sem um væri að ræða. Það, sem hins vegar knýr mig til þess að gera eins ýtarlegar brtt. við þetta mál og ég geri, þó ekki nærri nógu ýtarlegar, er, að sjálf efnahagsstefna ríkisstj. er nú komin í slíkt ástand, að Alþ. getur ekki annað en tekið það

upp til alvarlegrar athugunar, og ég verð að lýsa óánægju minni yfir því, hve seint þetta mál kemur fyrir.

Það er með þetta mál alveg eins og söluskattinn, að það var hægur vandi fyrir hæstv. ríkisstj. að vera búin að leggja bæði þessi mál fyrir Alþ. fyrir löngu. Þetta er afgreiðsla, sem raunverulega nær ekki nokkurri átt og mundi ekki yfirleitt geta farið fram nema vegna þess, að stjórnarandstaðan sýnir ríkisstj. svo mikið umburðarlyndi í svona málum, þegar þau eru komin í öngþveiti, að hún reynir að létta henni á allan hátt afgreiðslu mála, sem hún ætti raunverulega varla skilið að fá afgreidd. Auðvitað var hægt að leggja bæði söluskattinn og þessi efnahagsmál, sem hér liggja fyrir, fyrir Alþ. fyrir löngu. Auðvitað var hægt að láta fjhn. þessarar hv. d. fá tækifæri til þess að ræða við sérfræðinga ríkisstj. um þessi mál. Auðvitað var möguleiki til þess að láta umr. um þetta mál fara fram með eðlilegum hætti, að láta líða rétta fresti á milli, láta vera hægt að útbýta skjölum og annað þess háttar. En það er ekki hægt vegna þessa ódæma trassaskapar, sem er raunar ekki sérkenni á þessari ríkisstj., — það hafa verið svo að segja flestar ríkisstj. hérna, sem hafa þann vandræðasið að koma rétt fyrir jólin með meginið af öllum þeim málum, sem þurfa að komast í gegn. Þess vegna var það svo í dag, þegar við óskuðum eftir því, að sérfræðingar ríkisstj., m. a. viðskmrh. og ráðuneytisstjóri efnahagsmrn., Jónas Haralz, mættu hjá okkur í fjhn. þessarar deildar, sem raunar hefur ekki fengið allt of mikið tækifæri til þess að ræða við þessa sérfræðinga ríkisstj. á þessu þingi, þegar við óskuðum eftir, að þeir mættu hjá okkur, voru þeir suður í Paris. (Gripið fram í.) Jæja, hins vegar hefur hann haft núna allmikil tækifæri til þess að tala við þm., svo að ég vona, að hæstv. forsrh. noti þá tækifærið núna. Nú er tækifærið. Hver veit, nema ég verði annars kominn til Moskvu næst, ef hann sleppir tækifærunum, þegar þau gefast honum. Það er verst, ef hann hefur ætlað að biðja mig fyrir eitthvað til Moskvu, þá er það náttúrlega mjög slæmt, ef ég hef átt eitthvað að útrétta fyrir hann, eins og stundum áður.

Herra forseti. Ég held þess vegna, að að þessum inngangi loknum um aðferðina við að leggja þessi mál fyrir og það tækifæri, sem fjhn. hefur gefizt, snúi ég mér að því, sem brýnast er. Það er, að nú, þegar þessi höfuðefnahagsmálalöggjöf ríkisstj. liggur hér fyrir til umr., þá álít ég, að ástandið sé orðið þannig, afleiðingin af hinni svokölluðu viðreisn sé komin svo greinilega í ljós, að það verði nú að freista þess, hvort hægt sé að fá hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn til þess að athuga nokkuð um, hvar þeir standa. Þess vegna hef ég flutt hér ýmsar till. og mun í minni ræðu reyna að gera nokkra grein fyrir ástæðunum til þess, að ég álít það alveg óhjákvæmilegt. Ég verð að vísu um leið að harma það, að undanfarið, þegar þessi efnahagsmál hafa verið á dagskrá í sambandi við hina og aðra dagskrárliði, þá hefur hæstv. ríkisstj. og hennar fylgismenn fengizt lítt til þess að ræða þessi mál. En nú, þegar efnahagsmálin liggja sjálf fyrir, höfuðlöggjöf ríkisstj. um þetta, þá vona ég, að hún fáist til þess, enda er raunverulega ástandið í landinu orðið þannig, að það væri algert ábyrgðarleysi af stjórnarfl. að fást ekki til þess að ræða um þessi mál.

Fyrir okkur liggur yfirlýsing frá aðalmönnum sjávarútvegsins, samtökum hans, Landssambandi ísl. útvegsmanna, um, að sjávarútveginum verði ekki haldið áfram á þeim grundvelli, sem ríkisstj. hafi lagt síðasta vetur með samþykkt efnahagsmálalöggjafarinnar í febr., og það er ekkert enn þá, sem bendir til þess, að nein lausn sé fundin á þessu máli. Fundi Landssambands ísl. útvegsmanna var frestað nú nýlega þangað til 12. des., hann kom saman 12. des., þá var honum frestað aftur, ég veit ekki þangað til hvenær, og ekkert virðist liggja fyrir um, að það sé öruggt, að sjávarútvegurinn verði yfirleitt í gangi eftir nýár. Hvað gerist svo á sama tíma, á meðan þannig lítur út viðvíkjandi þeim atvinnulega grundvelli, sem þjóðin fyrst og fremst byggir á, sjávarútveginum? Það lítur þannig út hjá okkur í landi, að hér er atvinnan meira og minna að stöðvast. Húsbyggingarnar, sem verið hafa einn mjög veigamikill þáttur í atvinnulífi Reykjavíkur og margra annarra bæja, eru að stöðvast. Það er byrjað á hverfandi fáum nýjum húsum, víða svo að segja engum. Það er hætt við, að bygging stöðvist á svo og svo mörgum af þeim húsum, sem eru meira eða minna hálfbyggð. Það er byrjað atvinnuleysi t. d. hjá trésmiðum. Það er að vaxa atvinnuleysið úti um allt land nema helzt á þeim stöðum, þar sem útfærsla landhelginnar hefur bjargað ýmsum smáþorpum í landinu, þar sem vélbátaútgerð er sæmileg. Á stærri stöðum, sem byggja meira á iðnaði, byggingum og öðru slíku, Akureyri, Reykjavík, þar er atvinnuleysið að byrja. Á Akureyri er það orðið alltilfinnanlegt nú þegar. Í Reykjavík er farið að bera á því í vaxandi mæli, og hver einasti aðili, sem með atvinnumálin hefur að gera, segir, að upp úr nýárinu muni hins vegar fjöldi fyrirtækja stöðvast, — fyrirtæki, sem reyna að halda út núna í des. Hér er þegar komið svo, að eftirvinna er að mjög miklu leyti hætt og vinna er orðin mjög stopul. Einmitt nú fyrir jólin falla úr fjölmargir dagar hjá mönnum, og hvern einasta morgun verða hér niðri við höfnina 40—50 manns að hverfa frá kl. 8—9 um morguninn eftir að hafa verið á snöpum eftir vinnu. Smærri iðngreinarnar eru sumar svo að segja að stöðvast. Það þarf ekki nema t. d. hlusta á tilkynningarnar frá húsgagnaiðnaðinum í útvarpinu til þess að heyra, hvernig ástandið muni vera þar. Það þarf ekki nema tala við bílstjórana, fólksbílstjórana og vörubílstjórana, til þess að heyra, hvernig þeirra atvinna hefur minnkað, jafnvel um allt að því helming. Hvar sem drepið er niður, er alls staðar rýrnun lífskjaranna, óvissa, minnkandi atvinna, jafnvel gjaldþrot og hrun, sem vofa yfir hjá ýmsum smáatvinnurekendum, sem oft máske af litlum efnum hafa verið að reka sín litlu atvinnufyrirtæki, en

fyrst og fremst hafa getað treyst á eitt, sem verið hefur einkennið á íslenzkum þjóðarbúskap á undanförnum árum, fulla atvinnu og góða kaupgetu almennings. Jafnhliða fjölgar í Lögbirtingablaðinu auglýsingum um uppboð á íbúðum. Þeir menn, sem af mikilli bjartsýni, miklum dugnaði og mikilli fórnfýsi hafa lagt í það að reyna að byggja vel upp okkar bæi, eru að missa sínar íbúðir. Við þekkjum ósköp vel, *hvernig á því stendur, að menn hafa getað* lagt í eins góðar íbúðir og menn hafa verið að byggja sér hér. Menn hafa unnið eftirvinnu, 2—3—4 klst., menn hafa unnið á laugardögum og sunnudögum, menn hafa unnið í orlofinu sínu, menn hafa yfirleitt lagt saman dag og nótt svo að segja til þess að reyna að borga niður af íbúðinni sinni, enda líka oft og tíðum svo, að af launum manna hafa farið jafnvel upp í 3—4 þús. kr. á mánuði í afborganir af íbúð. Og það er vitanlegt, að svona ástand hefur ekki getað gengið nema vegna þess, að þjóðin hefur unnið afskaplega mikið og hún hefur á undanförnum árum lagt eins mikið fram og hún hefur gert. Það, sem nú er að gerast, er, að henni er meinað að fá að þræla svona, fá að þræla fyrir því að eignast íbúðir, fá að framkvæma það, sem Sjálfstfl. hefur lýst sem sinni stefnu, að hver maður ætti að eiga sína eigin íbúð. Þess vegna er það svo nú, að fjölmargir eru ýmist að gefast upp við að fullgera þær íbúðir, sem þeir hafa byrjað á, eða þá að missa þær íbúðir, sem þeir hafa verið að byggja sér, eru kannske fluttir í fyrir skömmu og geta nú ekki aflað sér tekna til að standa undir hinum hröðu afborgunum af þeim.

Það, sem veldur öllum þessum vandræðum, öllu þessu hruni, sem þarna er að færast yfir, allri þessari stöðvun, sem þarna er að verða, það er kaupgetuminnkunin hjá almenningi, kaupgetuminnkunin hjá alþýðu manna. Og hún stafar af tvennu. Hún stafar í fyrsta lagi af því, hve mikið kaupgjaldið hefur lækkað. Ég skal koma að því nánar síðar, en lækkunin frá því í febrúar þetta ár og þangað til núna er a. m. k. um 15% af kaupgetu tímakaupsins, miðað við vörur og þjónustu. Og í öðru lagi stafar hún af því, að atvinnan hefur minnkað, þannig að atvinnutekjurnar hafa minnkað jafnvel enn þá meira en sem nemur kaupgeturýrnun tímakaupsins. M. ö. o.: atvinnuleysið er byrjað, og strax og atvinnuleysið er byrjað, eru lífskjör almennings náttúrlega rýrð meira og tilfinnanlegar með því en með nokkru öðru.

Ég vil vekja alveg sérstaka athygli á þeirri staðreynd: Ég hef oft átt tal við ýmsa menn úr stjórnarliðinu á undanförnum mánuðum og rætt við marga hér úr ræðustól, einkanlega um efnahagsstefnuna, sem upp var tekin, vegna þess að ég var alltaf að reyna að vara við henni og hvert hún mundi leiða. Viðkvæðið hjá þorranum af þeim fylgismönnum ríkisstj., sem ég hef talað við, bæði innan þings og utan, hefur verið það: Við höfum líklega lifað um *efni fram, og við höfum þess vegna orðið að* rýra kaupgjald. — Og þegar ég hef spurt þá: Hvað segið þið svo um það atvinnuleysi, sem kemur? — Þá hafa þeir sagt: Atvinnuleysi, það kemur ekki, og það má ekki koma; það er óþolandi. — Ég held, að allir þeir menn, sem ég hef talað við um þetta, hafi talað út úr sínu hjarta.

Það er ekkert spursmál um það, að eftir að við Íslendingar nú í 18 ár, að tveim árum undanteknum, höfum, a. m. k. hér í Reykjavík og á suðvesturhorni landsins, búið við fulla atvinnu, 15—16 ár af þessum 18, þó að nokkrum *sinnum hafi verið brestur á því úti á landi*, þá held ég, að það sé óhætt að fullyrða, að atvinnuleysi er fyrirbrigði, sem þjóðin alls ekki undir neinum kringumstæðum sættir sig við, og mér er nær að halda, að þorrinn af þeim, sem stjórninni fylgja, innan þings og utan, hugsi sem svo gagnvart atvinnuleysinu, að það sé hlutur, sem menn geti ekki undir neinum kringumstæðum þolað né eigi að þola. Og ég vil taka undir þær hugmyndir. Ég álít, að atvinnuleysið sé glæpur og að hvert þjóðfélag, sem kemur atvinnuleysi á hjá sér, það þjóðfélagsform á ekki skilið að vera til. Það er dauðadómur yfir hverju þjóðfélagsskipulagi, ef það innleiðir hjá sér atvinnuleysi. Atvinnuleysi er slík árás, ekki bara á lífskjör manna, heldur á alla þeirra líðan, að það gengur glæpi næst. Þess vegna er það algerlega óþolandi, að nú er raunverulega með þessari svokölluðu viðreisnarstefnu verið að skipuleggja atvinnuleysi á Íslandi. Ég hef haldið því fram frá upphafi, í öllum þeim ræðum, sem ég hef flutt um þetta mál, frá því að það fyrst kom fram, að afleiðingin af því hlyti m. a. að verða atvinnuleysi, og ég hef haldið því fram og mun reyna að færa sönnur á það, að þeir sérfræðingar ríkisstj., sem ráðlagt hafa henni, hafi miðað við það að skapa hér atvinnuleysi. En viðkvæðið hefur sífellt verið úr stjórnarherbúðunum: Atvinnuleysi munum við ekki þola, — þetta er þvert á móti til þess að tryggja atvinnuna í landinu. — Þess vegna álít ég, þegar atvinnuleysið nú er komið og það þýðir ekkert fyrir neinn mann að ætla að berja höfðinu við steininn og neita því, að svo framarlega sem hæstv. ríkisstj. og þeir þm., sem hana styðja, fást ekki til þess að ræða þessi mál nú, þá sé það vegna þess, að þegar atvinnuleysið loksins er komið, þá líta þeir þannig á, að þetta sé alveg óhjákvæmilegt, trúa því, sem þeirra sérfræðingar koma til með að segja nú um, að þetta hafi orðið að fylgjast að, þetta sé eðlileg afleiðing af efnahagsráðstöfununum. Við vitum ósköp vel, að í því landi, sem þessar *efnahagsráðstafanir* eru upp sprottnar í, í Bandaríkjunum, þar er atvinnuleysi. Við vitum ósköp vel, að afleiðingin af þeirri stefnu, sem hér var verið að innleiða með viðreisninni, er atvinnuleysi. Og við vitum, að þeir sérfræðingar, *sem ríkisstj. hefur, þeir vita þetta og* þeir koma beinlínis með sínar tillögur út frá því, að þetta atvinnuleysi hljóti að koma, enda er viðkvæðið orðið svo nú, að atvinnurekendur sumir hér í Reykjavík og það jafnvel í íslenzk*um iðnaði, sem hafa byggt sína velgengni á* því undanfarið að geta selt sínar vörur hér, þeir eru farnir að segja núna, ekki bara leynt, heldur ljóst: Hæfilegt atvinnuleysi er alveg nauð-

synlegt. — M. ö. o.: hungrið og skorturinn þarf að vera nauðsynlegur fylgifiskur til þess að viðhalda því kerfi, sem hér á að koma á. Þetta er bezt að horfast í augu við.

Verkföll höfum við haft á undanförnum áratugum, en við höfum ekki haft þau átök, sem atvinnuleysi skapar. Þau átök eru harðvítugri en nokkur verkföll. Það vita þeir, sem reynt hafa atvinnuleysi hér í Reykjavík. Það vita þeir, sem muna enn þá eftir kreppuárunum, þeir, sem muna enn þá eftir 9. nóv. 1932. Og þegar nú er verið að skipuleggja kreppu hér á Íslandi, heimatilbúna kreppu, sem engin ástæða var til að innleiða hér, þá verða þeir menn, sem koma til með að bera ábyrgðina á þessu, að horfast í augu við afleiðingarnar af sínum gerðum. Þessi amerísku sýki, þetta atvinnuleysi, sem hér er verið að koma á núna samkvæmt ráðum amerísklærðra sérfræðinga með efnahagsráðstöfunum, sem eru runnar undan rótum Alþjóðabankans, þetta kerfi, sem hér er farið núna að sýna sínar afleiðingar, það mun upp skera eins og með því hefur verið sáð. Þess vegna er nauðsynlegt, áður en lengra er komið og ástandið orðið alvarlegra, ef menn vilja ekki beinlínis horfa upp á það, að þetta atvinnuleysi komist hér á í allri sinni ógn, að gera ráðstafanir nú þegar til þess að stöðva það.

Það er ekki lengra síðan en ég held eitthvað hálfur mánuður, að ég sagði það hér í þessum stól, að atvinnuleysi væri byrjað á Íslandi, og einn hv. þm. hér, einn elzti þm. þingsins, stóð hér upp og spurði, hvernig mér dytti í hug að tala um atvinnuleysi, hvers konar órar þetta væru í kollinum á mér. Ég bauð honum með mér í ferðalag út um land. Ég bauð honum að fara með til Ísafjarðar og ganga þar að hraðfrystihúsunum, þar sem slagbrandur er fyrir. Ég bauð honum að koma með til Akureyrar, ef hann vildi telja á ráðningarskrifstofunni atvinnuleysingjana, sem höfðu skráð sig þar. Og ég upplýsti hann um það um leið, að einmitt þennan sama dag hefðu skráð sig þrír trésmiðir atvinnulausir hjá félagi trésmiða hér í Reykjavík, þannig að líka hér væri atvinnuleysi að byrja. Hann þagnaði, hefur ekkert sagt síðan. Ég veit ekki, hvort hæstv. ríkisstj. og hennar stjórnarliðar muni hafa sama hátt á nú, en ég vil vara menn við því, að ef menn vilja ekki horfast í augu við staðreyndirnar, þá verða staðreyndirnar því óþægilegri að horfast í augu við menn á eftir.

Það er rétt að taka það fram um leið í sambandi við þessi mál, að ég er ekki alveg viss í, að hæstv. ríkisstj. sjálf og þeir menn, sem henni fylgja, geri sér alveg grein fyrir afleiðingunum af þeirri stefnu, sem hennar sérfræðingar mæla með, vegna þess að ég efast um, að þessir sérfræðingar segi allan sinn hug við ríkisstj. Ég hef haft kynni af þessum sérfræðingum áður, líka í annarri ríkisstj., og veit nokkurn veginn, hvernig þeir eru. Ég skal t. d. taka það fram, eins og öllum hlýtur að vera ljóst, að afleiðingin af þessari stefnu, sem hér hefur verið tekin upp, eins og nú er að byrja að koma í ljós, er eyðing landsbyggðarinnar. Svo framarlega sem kapítalisminn fær að leika lausum hala á Íslandi óheftur, þýðir það að eyða smátt og smátt landsbyggðinni og færa það, sem eftir er af byggð á Íslandi, hingað til Reykjavíkur og hér í kring. En það þýðir annað meira. Ef haldið er áfram með þessa stefnu, sem virðist stefnt að, þá verður Ísland innlimað í Vestur-Evrópu og Bandaríkin, efnahagslega séð, sem einn lítill hreppur, sem eitt lítið svæði í stóru efnahagskerfi. Hvað þýðir það? Það þýðir landflótta. Það þýðir, að menn fara burt af Íslandi, fleiri og fleiri, til þess að sækja atvinnu annars staðar. Atvinnulífið á Íslandi þrífst því aðeins bezt, að Íslendingar stjórni því sjálfir og einir. Tilhögun atvinnulífsins á Íslandi verður að vera með þeim hætti, að það sé miðað við hagsmuni Íslendinga og Íslendinga einna. Eigi að gera Ísland einn lítinn part úr stóru efnahagskerfi, þá þýðir það að eyða stóran hluta landsbyggðarinnar. Sá landflótti er þegar byrjaður, sem viðreisnarstefnan, þessi innlimunarstefna, leiðir af sér, byrjar á sérfræðingunum, eins og eðlilegt er, þeim mönnum, sem menntaðastir eru, við skulum segja verkfræðingunum. Ég held jafnvel, að annað stjórnarblaðið hafi verið að hæla sér af því sem sérstökum árangri af viðreisnarstefnunni með stóru letri, að 20 verkfræðingar hefðu nýlega flúið land, sem eins konar pólitískir flóttamenn, flúið sælu viðreisnarinnar til Svíþjóðar. Er það þetta, sem á að halda áfram? Og er þó ekki atvinnuleysi orðið hjá verkfræðingastéttinni enn. Bara launakúgun. Það er þess vegna engum efa bundið, að það, sem gerzt hefur nú þegar, og það, sem blasir við, er ekki aðeins yfirvofandi stöðvun og hrun í atvinnuvegum landsins, heldur líka vaxandi kreppa og fátækt og rýr lífskjör hjá almenningi.

Og nú vildi ég leggja fyrir hæstv. ríkisstj. eina fyrirspurn, sem mig satt að segja langar mjög mikið til að hún svari. Hún er þessi: Ef hér verður kreppa og atvinnuleysi, hefur þá viðreisnarstefna ríkisstj. heppnazt eða hefur hún misheppnazt, að áliti ríkisstj.? Þetta er það, sem mig langar til að vita, því að það er svo erfitt að dæma þessa stefnu öðruvísi en hafa nokkra hugmynd um, hvað frumkvöðlar hennar hafa ætlazt til með henni. Ég skal segja um leið mitt álit. Ég álít, að það sé vísvitandi stefna þeirra manna, sem ríkisstj. hefur sótt ráð sitt til, að afleiðing stefnunnar eigi að verða mátuleg kreppa og atvinnuleysi á Íslandi. Hvort þeir ráða við að halda kreppunni mátulegri, það skal ég hins vegar ekkert fullyrða um. Reikningarnir fram að þessu gefa ekki svo góða reynslu, að það geti ekki komið fyrir, að kreppan sé komin undan yfirráðum ríkisstj., áður en hún viti af. Ég held, að frumkvöðlar þessarar stefnu hafi ætlazt til þess, að hér á Íslandi yrði kreppa, hér yrði hrun, hér yrði rýrnun lífskjara. Ég held þeir hafi ætlazt til þess, að launþegar á Íslandi byggju við verri laun en áður. Ég held þeir hafi ætlazt til þess, að millistéttin á Íslandi yrði efnahagslega séð skorin niður. Ég held þeir hafi ætlazt til þess, að sjávarútvegurinn gengi úr sér sem aðalatvinnuvegur Íslendinga. En ég er nú svo barna-

legur, að ég hef ætlað meginhluta ríkisstj. og hennar stjórnarliði, að þeir hafi ekki haldið, að þetta mundi verða afleiðingin af stefnunni. Ég held og mun halda áfram að trúa því, þangað til ég sé annað. Ég held, að þorrinn af bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. stjórnarflokkanna hafi haldið, að þessi stefna væri eitthvað, sem væri bráðnauðsynlegt að taka upp, og ég undra mig ekkert á því. Það er svo barnaleg trú hjá mönnum hér í þessum þingsölum á ráð þessara svokölluðu sérfræðinga, svo hlægilega barnaleg trú. Ég heyri t. d. vitnað í hér hvað eftir annað, hvað fyrrverandi forsrh., sem fór frá fyrir tveimur árum, Hermann Jónasson, hafi sagt, þegar hann sleit vinstri stjórninni. Og menn spyrja: Hvernig í ósköpunum stendur á því, ef ástandið var ekki verra í des. 1958 en menn nú eru sammála um að það hafi verið, að maðurinn skyldi segja svona nokkuð? En það liggur í augum uppi, af hverju hann sagði það, sem hann sagði. Hann trúði þeim sérfræðingum, sem hæstv. ríkisstjórn hefur stuðzt við, þeim sérfræðingum, sem útmála fyrir hverri einustu ríkisstj. á Íslandi, að það sé alltaf allt að fara til andskotans, ef fólkinu líður sæmilega. Þeir sjá hyldýpi fram undan, þótt það sé rennislétt gata. Og það má mikið vera, ef sá sérfræðingur, sem drap vinstri stjórnina, á ekki eftir að drepa þessa líka með sínum ráðum. Ef menn halda áfram að trúa þessum sérfræðingum svona í vitleysu og hlusta aldrei á nein rök né sjá neinar staðreyndir, sem stangast á við allar þeirra kenningar, þá munu þeir halda áfram að drepa hverja ríkisstjórnina á fætur annarri á Íslandi, þangað til ríkisstjórnirnar á Íslandi drepa þá af sér. **(Gripið fram í:** Hver var talinn hafa drepið ríkisstj.?) Þessi sérfræðingur, mér er það alveg ljóst.

Ég átti einu sinni dálitið saman við Sjálfstfl. að sælda, einmitt það sumar. Það er í raun og veru mjög skemmtilegt, og ég ætla að segja frá því, fyrst hæstv. forsrh. kemur nú með fyrirspurn. Sjálfstfl. studdi ákveðnar launakröfur, sem almenningur var með þá, og virtist ekki sjá nein vandkvæði á, að ríkisstj. og þjóðarbú gæti vel orðið við þeim launakröfum, og ég var sömu skoðunar. Ég áleit, að þjóðarbúið gæti vel borgað launakröfur, og mér þótti mjög vænt um, að Sjálfstfl. var þessarar sömu skoðunar, og ég vona, að það hafi ekki verið nein hræsni hjá Sjálfstfl. Ég vona, að hann hafi ekki verið að stuðla neitt að því að setja þjóðarbúið á höfuðið, og ég vona, að þeir menn úr Alþfl., sem stóðu þá með því, að launahækkanir væru mjög nauðsynlegar, hafi verið þeirrar skoðunar, að þjóðarbúið bæri þetta vel. En ég býst við, að þeir hafi gert sér ljóst alveg eins og ég, að það þurfti að gera ákveðnar breytingar á þjóðarbúinu, til þess að það stæði undir þessu. Þær breytingar var auðvelt að gera og er auðvelt að gera, og vegna þess, hve auðvelt er að gera þær, þá flyt ég einmitt á þskj. 221 tillögur um að hækka nú launin, þau komast samt ekki upp í það, sem þau voru 1958, og ég vona, að Sjálfstfl. og Alþfl. bregðist nú jafnvel við þeim launahækkunum, sem þar er farið fram á, eins og þeir brugðust við sumarið 1958, því að það er enn þá miklu auðveldara að hækka þetta en þá var. Og ég get nú þegar með tveggja ára reynslu síðan lagt fyrir þessa hv. flokka ráðin til þess að standa undir þessum launahækkunum og meira að segja legg fram svo og svo mikið af þeim ráðum nú þegar í þeim brtt., sem ég legg hér fyrir, eins og ég mun koma að síðar. Ég held þess vegna, að ef hæstv. forsrh. álítur, að ég hafi drepið vinstri stjórnina, sem ekki var, — ég gerði allt til þess að bjarga henni með því að reyna að koma vitinu fyrir hana, en mér tókst það ekki, af því að hún hafði svo slæman efnahagssérfræðing, — ég held þess vegna, ef hæstv. forsrh. nú getur eitthvað lært af reynslunni í þessu, af því að hann hefur sama efnahagssérfræðinginn, þá sjái hann að sér í tíma, taki tillit til minna ráðlegginga, sem felast hér á þskj. 221, og sjái nú um, að hans lið samþykki þær tillögur hér í kvöld við meðferð þessa máls.

M. ö. o.: það liggur nú í augum uppi, að það ástand, sem viðreisnin hefur skapað hér á Íslandi, er gersamlega óviðunandi og verður ekki þolað. Hvað er það þá, sem við verðum að gera til þess að afstýra þeirri kreppu, sem er að byrja, til þess að vega upp á móti þeirri lífskjararýrnun, sem þegar er orðin, til þess að stöðva það hrun, sem er að verða í okkar atvinnuvegum, og til þess að gera Ísland aftur byggilegra, þannig að fólkið flýi það ekki, heldur geti búið hér og búið við betri kjör jafnvel en í löndunum í kring, eins og okkur hefur tekizt að gera á undanförnum árum? Til þess að svo megi verða, er alger stefnubreyting nauðsynleg. Það er nauðsynlegt, að frá þeirri stefnu, sem tekin var upp í febrúar þessa árs, sé algerlega horfið og þeim dýru tilraunum, sem gerðar hafa verið þetta sumar og haust, verði ekki haldið áfram.

Þegar þessi nýja svokallaða viðreisnarstefna var tekin upp, var því haldið fram af mörgum af hennar formælendum, að með henni væri verið að gera allt frjálst í landinu. Það var blessað frelsið, sem menn áttu að fá að njóta aftur, og jafnvel hæstv. forsrh. hugsaði til sinna gömlu, góðu daga, þegar hann var ungur og allt var frjálst, og menn héldu, að það væri nú eitthvað slíkt, sem ætti að innleiða. Það er rétt að taka fram um leið, til þess að það valdi ekki neinum misskilningi, að það þjóðskipulag, sem við höfum átt við að búa á undanförnum árum oft og kvartað hefur verið um að væri mjög heft á ýmsan hátt, höftin væru þar hér og hvar, það hefur verið nokkuð, sem við jafnvel gætum kallað haftaauðvaldsskipulag, ef við vildum líta þannig á það, og það hefur verið auðvaldsskipulag, þar sem svo að segja allir flokkar þings í mismunandi samsteypum á síðustu 18 árum hafa tekið höndum saman um að koma í veg fyrir ýmsa verstu galla auðvaldsskipulagsins, hefta þá á ýmsan hátt. Og það, sem átti að innleiða í febrúar í vetur, var svo að segja eftir boðskap formælendanna hið óhefta auðvaldsskipulag. Að vísu hefur það ekki orðið svo. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki aldeilis sleppt öllum höftum af atvinnulífinu. Hæstv. ríkisstj. hefur í gegnum ríkisbankana gert einhverjar harðvítugustu haftaráðstafanir,

sem nokkurn tíma hafa verið gerðar gagnvart íslenzku atvinnulífi, með lánsfjárbanninu og vaxtaokrinu, þannig að því fer ákaflega fjarri, að atvinnulífið hafi á nokkurn hátt fengið að þróast frjálst. Það hefur ekkert frelsi verið á Íslandi viðvíkjandi lánum, hvorki innanlands né utan. Alveg sama er um verzlunina, þó að mikið væri talað um verzlunarfrelsið. Hins vegar hefur verzluninni, með áhrifum ríkisstj. fyrst og fremst á útflutningsverzlunina, allri saman verið beint í ákveðna átt, verið stefnt að því að eyðileggja ákveðna markaði, en reyna að vinna upp aðra, sem svo hefur ekki tekizt. M. ö. o.: þetta hefur verið sambland af almennu skipulagsleysi, almennum glundroða og hins vegar neikvæðum afskiptum ríkisvaldsins til stórtjóns fyrir atvinnulífið.

Það, sem er nauðsynlegt í fyrsta lagi að gerist, er, að horfið sé algerlega frá þessari stefnu, bæði frá glundroðanum í atvinnulífinu og frá neikvæðum afskiptum ríkisstj. af atvinnulífinu og tekin upp aftur sú stefna og þá betri en nokkru sinni fyrr, að ríkisvaldið hafi jákvæð afskipti af atvinnulífinu, til þess að efla það, til þess að þróa það, til þess að skapa öruggan grundvöll fyrir íslenzkt atvinnulíf. Það er aðeins hægt með því að taka hér upp áætlunarbúskap, taka hér upp heildarstjórn, fyrst og fremst á fjárfestingunni. Um það hef ég lagt fyrir frv., sem ég ætla ekki að fara að ræða hér, frv., sem liggur enn þá hjá fjhn., og í því frv. felst og hlýtur alltaf að felast fyrsta og höfuðviðleitnin í því að komast hjá þeim glundroða, sem við nú búum við. Ég gerði grein fyrir í því frv., að með þeim aðferðum, sem þar væri lagt til að beita, væri hægt að tryggja árlega a. m. k. 4—8% raunverulega lífskjarabót almennings án verðbólgu. Ég vil undirstrika þetta sérstaklega, vegna þess að reynslan, sem við höfum af öllu atvinnulífi alls staðar hér í kringum okkur, jafnt því kapítalíska sem því sósíalistíska, er, að svona skipulagningar sé þörf. Þegar sérfræðingar ríkisstj. segja henni, að hér skuli menn bara gefa allt frjálst og þá skuli lögmál kapítalismans sjá um hlutina, sjá um þróunina, þá er þetta rangt. Tökum Ameríku. Þar er ekki aðeins, að ríkisvaldið skipti sér af atvinnurekstrinum. Þar er ekki aðeins, að ríkisvaldið kaupi upp alla offramleiðslu landbúnaðarins og selji hana m. a. hingað undir PL-fyrirkomulaginu. Sjálfir atvinnurekendurnir skipuleggja framleiðsluna. Helmingurinn af öllu atvinnulífi Ameríku er undir stjórn fjögurra stórra auðfélaga, auðhringasamsteypu. Það er, ef ég mætti nota það orð yfir slíkt, harðvítugur áætlunarbúskapur, það er harðvítugt skipulag hjá þessum auðhringum, það er skipulag í ákaflega stórum stíl, þar sem gerðar eru áætlanir fyrir fram um hlutina. Kapítalisminn hefur bjargað sér út úr glundroða þeirrar gömlu, frjálsu samkeppni, sem efnahagssérfræðingar ríkisstj. enn þá eru raunverulega að boða henni, með því að skipuleggja auðhringana, alveg eins og við á áratugnum 1920—1930 vorum að reyna að bjarga okkur út úr glundroða gömlu frjálsu samkeppninnar með skipulagningu hringanna þá, t. d. fiskhringsins. Og það var engin tilviljun, að þegar kreppan þá dundi yfir, þá var það einmitt núv. hæstv. forsrh., í fyrsta skipti sem hann er ráðherra á Íslandi, sem verður að grípa til þess að bjarga undan kreppunni, bjarga undan fjárskortinum, sem vofði yfir íslenzka þjóðarbúskapnum, yfir Landsbankanum og yfir stærstu og voldugustu auðfyrirtækjunum á Íslandi, með því að taka ríkiseinokun á sig. Það hefur aldrei verið neitt annað ráð við öllum glundroða og öllu skipulagsleysi frjálsrar samkeppni, skipulagsleysi kapítalismans, heldur en annaðhvort að koma á harðvítugum, sterkum auðhringum, sem jafnvel tækju ríkisvaldið í sína þjónustu, eða þá að koma á sósíalisma, með hvaða móti sem það væri gert, jafnvel með því að byrja áætlunarbúskap í kapítalísku skipulagi. Þess vegna er svo hörmulegt að horfa upp á, að reynsla, sem við erum búin að ganga í gegnum fyrir 30 árum og við, sem eldri erum orðnir, þekkjum og vitum, að er sár reynsla, að yngri kynslóðin eigi nú að fara sjálf að ganga í gegnum þetta aftur og þegar hún ekki þurfi að lenda í neinni kreppu, þá sé kreppan skipulögð yfir hana af sérfræðingum, sem glápa á Ameríku og sjá ekki nokkurn skapaðan hlut og þekkja engar staðreyndir hér heima.

Það að taka upp áætlunarbúskap hér er fyrsta skilyrðið til þess að gerbreyta um, leggja grundvöll að bættum lífskjörum hér heima, leggja grundvöll að því, að allir verkfræðingar líka hafi nóg að gera hér á Íslandi. Ég vil vekja athygli manna á því, hvernig gengur núna ár eftir ár, t. d. á sviði rafmagnsframleiðslunnar, vegna þess að menn skeyta ekkert um þetta, að það er alltaf ráðizt 2—3 árum of seint og þá í allt of smáar rafvirkjanir, af því að menn fást aldrei til þess í tíma og hafa ekki fengizt til þess í 15 ár, sem ég hef lagt til hér í þessum þingsölum, að taka það fyrir eins og menn, sem hefðu vit á efnahagsmálum, að gera ráðstafanir í senn um þá iðju, sem þeir ætla að koma upp á Íslandi, og þau raforkuver, sem þeir ætla að byggja. Það er hart að þurfa að standa hér áratug eftir áratug við að reyna að koma mönnum í skilning um þetta og sjá svo hver mistökin eftir önnur.

Ég skal láta útrætt um þennan þátt viðvíkjandi áætlunarbúskapnum.

En í öðru lagi er það, sem verður að gera til þess að stöðva þá kreppu, sem hér er verið að skipuleggja yfir okkur, að taka utanríkisverzlunina undir yfirstjórn ríkisins, hætta allri þessari vitleysu um svokallaða frjálsa verzlun. Við sjáum, hvernig er að fara fyrir okkur á þessu sviði nú þegar. Við sjáum, hvernig ísfisktúrunum út fjölgar. M. a. vegna vaxtaokursins eru togararnir reknir út. Við sjáum, hvernig við erum að sökkva meir og meir niður á stig hráefnanýlendunnar, hvernig við flytjum meira og meira af vörum út óunnið í staðinn fyrir að gera stórkostlegar ráðstafanir til þess að vinna úr þeim, fullvinna þær hér heima. Það er kvartað yfir, að síldin hafi brugðizt okkur í ár. Þær 100 þús. tunnur og meira en það, sem við söltuðum af síld, gátu gefið okkur tífalt meira verðmæti en þær gefa, svo framar-

lega sem við legðum þessa síld niður í stað þess að flytja hana út eins og við gerum. Og við erum að missa þá markaði, sem við höfum verið að vinna á undanförnum árum, af því að við gerum þetta ekki í tíma. En til þess að gera þessa hluti þurfum við að leggjast á eitt, þurfum að skipuleggja þetta, þurfum að beita bönkunum, þurfum að beita okkar valdi í utanríkissamningum og öðru slíku. Við getum ekki unnið þessa hluti öðruvísi en að þjóðarheildin leggist á eitt um að skipuleggja þetta með viti og forsjá. Það er verið að lýsa því nú fyrir okkur sem einhverjum árangri af stjórnarstefnunni, að verzlunarjöfnuðurinn skuli vera eitthvað skárri, það sé flutt minna inn til landsins. Er það árangur? Jafnvel höfuðblað stjórnarinnar er stolt af þessu. Er einhver vandi að skapa slíkt ástand í einu landi, skapa verzlunarjöfnuð með því, að innflutningurinn minnki? Er það einhver vandi, og er það einhver lausn á málum að gera fólkið í landinu þeim mun fátækara, að það neyðist til að neita sér um ýmsar nauðsynjar? Það ástand, að útflutningur sé meiri en innflutningur, getið þið fengið í hvaða nýlendu sem þið viljið, löndum, sem eru arðrænd af svokölluðum móðurlöndum, flytja út þaðan dýrmæt hráefni, vinna úr þeim hjá sér, selja rándýrt til baka, og fólkið í nýlendunni hefur litla peninga og getur lítið keypt. Það er enginn vandi að leysa efnahagsmál Íslands á þeim grundvelli að gera fólkið svo fátækt, að það geti ekki keypt inn. Það hefur aldrei verið. Það hefur hins vegar öðru hverju á undanförnum áratugum verið leitazt við að leysa vandamál Íslands á þeim grundvelli, að við ykjum okkar útflutning og gerðum okkar fólki mögulegt að flytja meira inn, njóta meira af þeim gæðum, sem lífið býður, veita sér meira. Okkur hefur orðið nokkuð ágengt í þessu, m. a. af því, að við höfum ekki hlustað á ráð eins og það, að verzlunarjöfnuðinn eigi að laga með því að gera fólkið fátækt, vegna þess að við höfum verið að leitast við að fara þá leið að gera almenning á Íslandi ríkan, auka útflutninginn, kaupa skip, kaupa verksmiðjur, gera vöruna dýrmætari, sem við flytjum úr landi, og jafnvel fá meira verð fyrir hana. Til þess að við getum gert slíkt, þurfum við að hafa utanríkisverzlunina þannig, að þó að hún væri ekki í höndum ríkisins, þá væri hún undir eftirliti þess, þá væri hún undir óbeinni yfirstjórn þess.

M. ö. o.: við þurfum að komast burt úr því ástandi, sem nú er verið að skapa, að verzlunarjöfnuðurinn verði skapaður með því að gera fólkið fátækt. Danskir einokunarkaupmenn léku sér að því um margar aldir að hafa verzlunarjöfnuðinn á Íslandi ákaflega hagstæðan. Þeir fluttu meira út héðan en hingað var flutt inn. Það er enginn vandi að feta í þeirra fótspor, gera Íslendinga nógu fátæka, svo að þeir geti ekki keypt hlutina. Hitt er vandi og hitt er pólitík, sem íslenzka þjóðin hefur verið að glíma við í 100 ár með allgóðum árangri, að reyna að skapa, að auka og bæta sín lífskjör þannig, að hún geti veitt sér meira, reist sig úr kútnum, sem verzlunarjöfnuður einokunarinnar setti hana í á sínum tíma.

Þess vegna er okkur næst á eftir heildarstjórn á þjóðarbúskapnum nauðsynlegt að hafa yfirstjórn ríkisins á utanríkisverzluninni.

Þannig gæti ég rakið nokkuð áfram það, sem við þurfum að gera til þess að breyta alveg um í þessum efnum. En ég ætla ekki að fara lengra út í það í svipinn. Ég geri þetta aðeins vegna þess, að það er svo oft verið að tala um það af hálfu ríkisstj. eða þeirra, sem henni fylgja, að þá vanti að vita, hvað það er, sem við viljum gera í þessum efnum. Ég vil aðeins benda á þetta tvennt í því sambandi og er reiðubúinn að ræða það nánar við stjórnarflokkana, svo framarlega sem þeir vilja taka upp rökræður um þessi mál. Það, sem ég hins vegar flyt af brtt. á þskj. 221, er aðeins örlítið af því, sem við álítum að þurfi að gera, aðeins gripið út úr þeirri heildarstefnu, sem við álítum að þurfi að fylgja, og ég skal nú gera grein fyrir þeim brtt.

Það er þá fyrst till., sem er nr. 1 á því þskj., um að breyta 23. gr. l. eins og þar stendur. Með 23. gr. l. var bannað að reikna eftir vísitölu í samningum atvinnurekenda og verkalýðs. Vísitölufyrirkomulagið, sem staðið hafði í 18 ár, var afnumið með lögum. Samningum verkamanna og atvinnurekenda var rift. Sama ríkisstj. sem annars álítur, að samningar séu helgir á öllum mögulegum sviðum, ef það snertir verð eða eign eða annað slíkt, áleit, að ákvæðin, sem fátæk alþýða hafði sett til þess að tryggja sig gegn dýrtíð, væru svo lítt heilög, að þeim mætti rifta. Ég veit ekki, út frá hverju hæstv. ríkisstj. og hennar flokkar hafa gengið, þegar þeir settu þessi ákvæði, hvort þeir hafa e. t. v. gengið út frá því, að þessu mundi verða rift rétt á eftir með stórfelldum verkföllum af hálfu verkalýðsins í landinu, sem mundi ekki sætta sig við það. Ég veit ekki, hvort þeir hafa hugsað sér, að launþegarnir í landinu mundu bíða eins lengi og þeir raunverulega hafa nú þegar beðið með að láta það koma á daginn, svo að ekki verði mótmælt, hvað í viðreisninni bjó, hverjar afleiðingar viðreisnarstefnan hlaut að hafa. Hvað er nú komið á daginn viðvíkjandi þróun launakjaranna? Ég vil í því sambandi taka fram, að það þýðir ekkert að vera með neinn feluleik í sambandi við vísitöluna, eins og tekið var upp af hálfu hæstv. ríkisstj. nú 1. okt., að fara að breyta sjálfri vísitölunni og hennar útreikningi frá því, sem áður var. Slíkt gefur náttúrlega ekki neina mynd af hlutunum.

Það, sem gefur mynd af þróuninni, sem orðið hefur á kaupmætti tímakaupsins, er að miða við það, sem kallað er í vísitölunni frá 1. okt. 1960 *vísitala fyrir vöru og þjónustu*. Ég lét reikna út í fyrra í fyrsta skipti vísitöluna allt frá 1945. Torfi Ásgeirsson hagfræðingur gerði það. Og ég man eftir, að málgagn Alþfl., annars stjórnarflokksins, varð alveg sérstaklega hrifið af þessum útreikningi, og ritstjóri blaðsins birti þennan útreikning, sem fylgdi með frv. mínu um áætlunarráð, undir stórum fyrirsögn-

um, sem Alþýðublaðið heldur mjög mikið upp á, til þess að sýna fram á, hve vel alþýðunni venjulega vegnaði, þegar Alþfl. væri við stjórn. Það var sem sé árinu 1959, þá var meðaltalið, sem kom út um kaupgetu tímakaupsins, 99.8, vegna þess að kauphækkanirnar, sem orðið höfðu 1958 um haustið, ollu því, að í janúar 1959 var þessi vísitala hvorki meira né minna en 109 stig eða með því hæsta, sem hún hefur komizt. Hún hafði þó lækkað alla mánuði ársins annars, en þetta varð nóg til þess að gefa nær eitt stig á hverjum mánuði til uppfyllingar. Hvernig hefur svo gengið, síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum og þessi vísitala í febrúar 1960 var 99 stig? Þá hefur þróunin orðið þessi, með leyfi hæstv. forseta: Þessi vísitala er í marz 98, í apríl 93, í maí 92, í júní 89, í júlí 88, í ágúst 88, í september 88 — eða ef við tökum það nákvæmlega 87.5, í október 86 — ef við tökum það nákvæmlega 86,2, í nóvember 86 — ef við tökum það nákvæmlega 85,54, hækkað upp alltaf, ef það er yfir helming, og nú í desember er hún 85 — ef við tökum það nákvæmlega 85.1. M. ö. o.: þessi vísitala, sem Alþfl. er svo hrifinn af sem mælikvarða á kaupmátt tímakaupsins, er nú komin niður í 85.1. Þessi vísitala hefur á undanförnum 18 árum aðeins 2 ár verið lægri. Það eru árin 1951, þá er hún 84.7, og árið 1952, þá er hún 84.9. Nú er hún 85.1, það munar 0.2 og 0.4, að hún sé komin niður í það lægsta, sem hún hefur verið á síðustu 18 árum á Íslandi.

Þetta er þróun kaupmáttar tímakaupsins. Þetta eru staðreyndir, sem menn verða að horfast í augu við og menn verða að taka jafnvel, hvort sem þessar tölur koma tiltölulega vel út fyrir árið 1959 eða þær koma mjög illa út fyrir árið 1960. Árin 1951 og 1952 var atvinnuleysi hér í Reykjavík. Árin 1950—52 minnkaði meira að segja mjólkurneyzlan í Reykjavík svo mikið á þremur árum, að hún hefur aldrei verið lægri og komst aldrei upp í það, sem hún hafði verið í marz 1950, í 3 ár, aldrei, eftir að gengið var fellt. Þá var ástandið þannig hér í Reykjavík, að það var farið að sjá á börnum hinna fátækustu, vegna þess að þau höfðu ekki nóg að borða. Þetta er það ástand, sem er verið að byrja að skapa á ný. Og menn skulu gá að því, að það segir fljótar til sín, þegar atvinnuleysið er byrjað hér í Reykjavík og skorturinn, vegna þess að það er ekki fylgzt eins vel með því hér og er úti um land, þar sem menn þekkja meira hver annan. Þess vegna skulu menn ekkert undrast, þó að það verði harðari barátta út af þessu, þegar svona ástand fer að skapast. Nú er þetta fyrsti mánuðurinn með svona lágt. En hann segir fyrir um, hvert stefnir.

Þessi útreikningur tímakaupsins merkir sem sé aðeins kaupmáttinn. Hann segir ekkert um, hvort menn fá nokkurt tímakaup, heldur aðeins hvað menn geta keypt fyrir það, ef menn fá eitthvert kaup. Hann segir ekkert um, hvernig mönnum líður, þegar þeir fá ekki að vinna, þegar þeir verða að fara hér burt úr hafnarskýlinu kl. 9 um morguninn og hafa ekki fengið neina vinnu þann daginn. Þess vegna er nú orðið greinilegt, að þessi launalækkun er orðin þannig hvað snertir kaupmátt tímakaupsins, að hún verður ekki þoluð. Verkalýðurinn hefur borið þetta með miklu langlundargeði. Hann hefur e. t. v. hugsað svo viðvíkjandi viðreisninni, eins og segir hjá Ibsen á einum stað:

„Fyrst þarf ormurinn út úr skel
og afskræming tímans sjást svo vel,
að ranghverfan öll snúi út".

Ég býst við, að þorrinn af verkalýðshreyfingunni hafi hugsað sem svo, að það sé máske eins rétt, að menn fái að horfast í augu við það, hvað þessi viðreisn þýðir, að það sé ekki aðeins verið að vega að launakjörum manna, það sé líka verið að vega að lífi og lífsafkomu manna með því að koma á atvinnuleysi. En þá býst ég við, að mönnum sé um leið ljóst, að sú barátta, sem verður háð á móti þessari viðreisn, þegar hún þýðir atvinnuleysi, það er barátta, sem verður ekki aðeins háð með verkföllum og kaupdeilum, heldur hlýtur það að vera pólitísk barátta, þegar það er orðið baráttan um atvinnulífið, baráttan um það að afnema atvinnuleysið. Hún verður ekki háð öðruvísi.

M. ö. o.: viðreisnin hefur sýnt sig að vera skipulögð fátækt, skipulögð rýrnun á lífskjörunum, bæði með minnkuðum kaupmætti launanna og með því að koma á atvinnuleysi. Þing A. S. Í., sem haldið var nú í síðasta mánuði, tók þessi mál fyrir. Þessi samtök launþeganna, sem telja 30 þús. meðlimi, gerðu þær kröfur í sínum ályktunum um launamál, að auk ýmissa annarra krafna var farið fram á raunverulegar launahækkanir um 15—20%, auk þess styttingu vinnuvikunnar, breytingu á föstum vikulaunum og ýmislegt annað fleira.

Það er gefið mál, að íslenzk launþegasamtök munu ekki lengi enn sætta sig við þá launalækkun, sem þegar hefur orðið, og þau samningsrof, sem lagaboð frá Alþ. hafa valdið. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur gert samsvarandi kröfur, kröfur um 20—25% launahækkun. Allir íslenzkir launþegar munu vera sammála um, að slíkrar launahækkunar sé alveg ótvírætt þörf. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Álítur hún það bezta og eðlilegasta mátann að leiðrétta þetta á, að hér komi nú verkföll, máske alllöng verkföll? Síðast þegar við háðum verkföll raunverulega til þess að reyna að afmá afleiðingar gengislækkunarinnar 1950 með verkfallinu 1955, þá stóð það í 6 vikur. Aðeins með 3 vikna verkfalli mundi eyðileggjast meira hvað þjóðarhag snertir heldur en sem nemur þeirri kauphækkun, sem felst í þeirri till., sem ég geri. Það, sem gerir það að verkum, að ég legg nú fram þessa till., sem er nr. 1 á þskj. 221, er, að ég vil reyna að forða þjóðfélaginu frá því, að atvinnurekendur og verkamenn þurfi að standa í vinnudeilum, máske vikum og mánuðum saman, með öllum þeim afleiðingum, sem það hefur fyrir þjóðarhag, og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj., þrátt fyrir ósköp kjánalegar yfirlýsingar, sem hún hefur stundum gefið að undanförnu: Álítur hún sér það ekki að neinu leyti neitt viðkomandi, hvernig fer um atvinnulífið í landinu?

Er ríkisstj. alveg nákvæmlega sama, þó að atvinnulífið stöðvist vikum saman? Álítur hún, að það sé eingöngu einkamál atvinnurekenda og verkamanna, og ef hún álítur það eingöngu þeirra einkamál, hvernig stendur þá á því, að hún grípur inn í í hvert einasta skipti, sem atvinnurekendur og verkamenn eru að semja um slík laun, og gefur jafnvel út brbl. til þess að binda endi á slíka samninga? Ég vil þess vegna gera tilraun til þess með þessari brtt. að gera, ef verða mætti, slík verkföll miklu styttri eða kannske jafnvel óþörf, ef það gæti orðið til þess, að atvinnurekendur og verkamenn semdu, án þess að til verkfalla eða verkbanna kæmi.

Í brtt. minni felst, að í fyrsta lagi er með umorðuninni á lagagreininni verkfallsbannið sjálft afnumið, og enn fremur er atvinnurekendum gert að skyldu að greiða kaupgjald til verkafólks, miðað við vísitölu, vöru og þjónustu, samkv. þeim grundvelli, sem kauplagsnefnd hóf að reikna hana 1. okt. 1960. Hvað mundi það þýða í praksís, ef þetta væri samþykkt nú? Ég býst við, að þessi vísitala fyrir vörur og þjónustu sé nú í desember 17%. Þetta mundi raunverulega þýða, að atvinnurekendur ættu að greiða uppbót, sem væri 17%. Nú er mér kunnugt um þann mikla áhuga ríkisstj. að hindra verðbólgu og man eftir hennar fögru yfirlýsingum um það, að kauphækkanir megi ekki fara út í verðlagið. Þess vegna hef ég sett inn í þessa lagagrein ákvæði um, að ekki mættu atvinnurekendur bæta þeim greiðslum, sem ég þarna legg til, við þá álagningu, sem þeim nú er leyfileg. M. ö. o.: af mikilli virðingu fyrir hæstv. ríkisstj. hef ég tekið höfuðstefnu hennar upp í þessa ályktun, sem sé þá, að verðbólga skuli ekki verða og víxláhrif kaupgjalds og verðlags skuli ekki verða, heldur skuli atvinnurekendur bera þetta. Og nú finnst mér sanngirni, að atvinnurekendur geri það. Sjálfstfl. segist vera flokkur allra stétta. Hann hefur sagt við verkamenn á undanförnum mánuðum: Þið verðið nú að fórna. — Og verkamenn hafa fórnað. Og nú er þessi fórn komin upp í það, að nú í desembermánuði samsvarar það því, að verkamaðurinn, launþeginn, starfsmaður ríkisins eða hver sem er þyrfti að fá 17% uppbót á sín laun í desember til þess að hafa svipað og hann hafði í júní síðasta árs. Og nú segi ég með þessari brtt. við atvinnurekendur: Hæstv. ríkisstj., — sem mundi þá hafa léð samþykki sitt við þessu, ef brtt. yrði samþykkt, — hún ætlast til þess, að nú fáið þið að bera ykkar hluta af fórnunum, þó að það verði kannske ekki nema einn mánuð, sem verkalýðurinn hefur borið og starfsmenn ríkisins undanfarið. Nú ætlast hún til þess, að það sé komið að ykkur að fórna, og nú borgið þið þessi 17% og látið það ekki fara út í verðlagið. Í desember var það verkamaðurinn og starfsmaðurinn, sem fórnuðu þessum 17%.

Nú er ég að vísu ekki svona slæmur við alla atvinnurekendurna a. m. k., að ég ætli að láta þá borga þetta alveg bótalaust. Í þeim till., sem ég mun gera grein fyrir á eftir, legg ég meira að segja til að gera a. m. k. fjölmörgum af þeim ekki aðeins kleift að bera þetta skaðabótalaust, heldur jafnvel hafa nokkuð upp úr því um leið. Ef þessi till. mín væri samþ., þessi 1. gr., þá býst ég satt að segja við, að atvinnurekendurnir mundu koma og fara fram á það við ríkisstj., að það yrði ýmislegt lagað í þjóðarbúinu. Ég býst við því, að þeir færu fram á það jafnvel við hæstv. fjmrh., að það yrði sparað eitthvað meira í sambandi við ríkisreksturinn. Ég býst við, að þeir færu fram á það við bankana, að það yrðu lækkaðir vextirnir og gerðar ýmiss konar aðrar ráðstafanir til þess að létta undir með atvinnurekstrinum. Og ég býst við, að atvinnurekendurnir, sem hafa ekki verið sérstaklega óðfúsir í samninga við verkalýðsfélögin undanfarið, færu, eftir að þetta hefði verið samþykkt, undireins að semja við verkalýðsfélögin. Og það væri ósköp heilnæmt fyrir þá einu sinni að semja einmitt nú í janúar með þessa grein, ef hún væri samþ., í bakhöndinni. Ég býst við, að samningarnir gengju tiltölulega vel. Ég held þess vegna, að það væri heillaráð, ekki aðeins frá réttlætisins sjónarmiði gagnvart verkalýðnum og frá sjónarmiði þjóðarhags, hvað snertir það að tryggja áframhaldandi fulla vinnu og engar vinnustöðvanir, heldur líka væri það heilnæmt fyrir atvinnurekendur að semja undir slíkum kringumstæðum. Þess vegna álít ég, að hæstv. ríkisstj. ætti að láta samþykkja þessa till. og sjá til, hvort það hefði ekki heilbrigð áhrif á atvinnurekendurna í landinu, sem mér satt að segja er ekki grunlaust um að hafi sumir hverjir, a. m. k. þeir stærstu þeirra, færzt nokkuð í aukana, hafi jafnvel hugsað sér gott til glóðarinnar að reyna að skara eld að sinni gróðaköku í skjóli þess ástands, sem ríkisstj. hefur skapað í landinu. Ég held, að það sé eins gott, að atvinnurekendastéttin fái að einhverju leyti að sýna það, hvort hún er til í að sínu leyti að leggja eitthvað fram til þess að tryggja afkomu þjóðarinnar og alþýðunnar í landinu.

Ég ræddi um það á fundi í fjhn. í morgun, að mér þætti fyrir því að geta ekki í sambandi við þetta mál lagt fram alveg beinar tölur um það, hvað 17% hækkun eins og þessi á kaupi verkafólks í landinu mundi þýða í milljónum kr., og ég hef ár eftir ár rætt þennan hlut, rætt þessar aðstæður hér á Alþ. og farið fram á það við þær ríkisstjórnir, sem að völdum hafa setið, að úr þessu sé bætt, m. ö. o. að fá að vita, hver er sú launafúlga, sem t. d. allur sá verkalýður, sem í Alþýðusambandi Íslands er, fær greidda á ári, í fyrsta lagi miðað við 8 tíma vinnudag, í öðru lagi sem heildaratvinnutekjur, miðað við alla eftirvinnu og næturvinnu. Það hefur verið gizkað á, en allt er það ekki nema ágizkun, að heildartekjur þeirra 30 þús. manna, sem í Alþýðusambandinu eru, væru e. t. v., miðað við 8 tíma vinnudag, 1300 millj. kr., og þá hefur maður miðað við tekjur atvinnuleysistryggingasjóðs. Ég býst við, að þessi tala hljóti að vera of lág, en það mundi samsvara því, að að meðaltali væru tekjur hvers af þessum 30 þús. mönnum í A. S. Í. 40 þús. kr. á ári. Ef aðeins um þessar tekjur væri að ræða, — við skulum segja 1300 millj. kr., ef engin eftirvinna og næturvinna yrði á næstu árum, eins og atvinnurekendur nú á ýmsan

hátt virðast vilja stefna að, — þá mundi, jafnvel þó að menn hefðu fulla vinnu, þessi 17% hækkun þó ekki þýða nema eitthvað í kringum rúmar 200 millj. á ári í tilfærslu.

Ég segi það aftur: mér þykir fyrir því að þurfa í þessum ræðustól einu sinni enn að koma fram með ágizkunartölur um þessa hluti. Og ég sný ekki aftur með það, að með öllum þeim sérfræðingum, sem allar þær ríkisstjórnir, sem eru búnar að sitja hér að völdum á síðustu 10 árum a. m. k., eftir að farið var að gera eins mikið með hagfræðinga og gert hefur verið, er hneyksli, að allar þessar ríkisstjórnir skuli aldrei hafa útvegað okkur hér á Íslandi, sem deilum harðar um efnahagsmál en jafnvel nokkur önnur þjóð, einföldustu grundvallaratriði til þess að geta rökrætt þessi mál, sem hver einasta önnur þjóð í kringum okkur hefur aðgang að. Í Bandaríkjunum, þar sem menn skyldu halda að gróði og vinnulaun væru e. t. v. einhver feimnismál, þar er það svo, að ég get flett upp í hagskýrslu, tekið nákvæma tölu í hverri einustu iðngrein og í heildinni líka um, hver vinnulaun eru, við skulum segja í bílaiðnaðinum eða í öllum framleiðslugreinum Bandaríkjanna, og hvað gróðinn er í viðkomandi atvinnugreinum, — nákvæmar opinberar skýrslur. En hér neyðist maður ár eftir ár ekki aðeins til þess að eyða löngum tíma á Alþingi í að þrátta um þessi mál og stilla upp þessari tölu í þetta skipti og hinni tölunni í hitt, heldur neyðist maður til að berjast hér í vinnudeilum vikum og mánuðum saman, stundum án þess að aðilarnir, sem eru að berjast, verkalýður og atvinnurekendur, hafi fyrir sér nákvæmlega útreiknað, hvernig þjóðartekjurnar skiptast á milli þeirra.

Mér finnst mjög hart, ef okkar heildarþjóðartekjur eru, hvort við vildum telja 3 milljarðar eða 5—6, eins og gert er í öðrum útreikningi, ef þær 30 þúsundir manna, sem í Alþýðusambandinu eru, hafa af því einar einustu 1300 eða 1400 millj. Og ef svona hækkun, jafnvel þótt væri undir 20%, mundi aðeins þýða um 200 millj. kr. tilfærslu, þá sér hver maður, að það er auðvelt, ekki bara fyrir þjóðarbúskapinn, heldur meira að segja fyrir ríkisbúskapinn, að breyta þessu nú þegar. Hæstv. fjmrh. er stundum meira að segja í vandræðum með peninga, skildist mér á umr., sem fóru hér fram í dag. En þó að hann færi bara í Seðlabankann, þá gæti hann tekið þar einar 100 milljónir eða a. m. k. mjög nærri því, jafnvel bara sem tekjuafgang seinasta árs, a. m. k. 70—80 millj. af því í ríkiskassann, þar sem það væri betur geymt, og sett það jafnvel úr ríkiskassanum yfir til almennings, er þyrfti að fá þessa launahækkun.

Ég mun halda því fram og standa á því, meðan annað er ekki sannað, að íslenzkur þjóðarbúskapur geti leikið sér að því að bera, þó að það væri 20% hækkun á því venjulega dagkaupi verkafólks í landinu. Ég tala nú ekki um, ef þjóðarbúskapnum væri þar að auki stjórnað með einhverju viti, ef þær ráðstafanir væru gerðar viðvíkjandi áætlunarbúskap, viðvíkjandi utanríkisverzlun og öðru slíku, sem ég hef talað um.

En vegna þess að það frv., sem hér er flutt af hálfu hæstv. ríkisstj., á sérstaklega að miða að því að leysa nokkur vandkvæði sjávarútvegsins, þá hef ég leyft mér að taka alveg sérstaklega út úr viðvíkjandi sjávarútveginum og geri með þeim brtt., sem ég flyt, nr. 2—5, sérstakar ráðstafanir, sem gera tvennt í senn, annars vegar að gera sjávarútveginum sérstaklega mögulegt að bera þessa kauphækkun, sem lagt er til að framkvæmd sé með 1. gr., og í öðru lagi að gera honum um leið mögulegt að fá hækkað fiskverð frá því, sem hann hefur núna, m. ö. o. leysa í senn þau vandamál verkalýðsins, sem verið er að reyna að leysa með 1. gr., og þau vandamál sjávarútvegsins, sem ríkisstj. virðist standa eiginlega hálfklumsa frammi fyrir núna.

Fyrsta till., sem ég geri í þessu sambandi, er till. 2 á þskj. 221 um að lækka vextina í landinu niður í það, sem var fyrir 1. jan. 1960. Þó geri ég með 3. brtt. þá undantekningu þarna á viðvíkjandi framleiðsluatvinnuvegunum og þá fyrst og fremst sjávarútveginum náttúrlega, sem það kemur hvað mest til góða, að ekki skuli látið þar við sitja að færa vexti afurðavíxlanna eða endurkaupavíxlanna, sem þeir hafa verið kallaðir, niður í það, sem var, áður en viðreisnin og kreppan hófst, heldur séu þeir lækkaðir enn þá meira. Ég legg til, að þeir vextir séu lækkaðir niður í 2% fyrstu 6 mánuðina og 2½%, þegar framlengt er. Og ef nú einhverjir hæstv. ráðh. vildu bera brigður á, að atvinnureksturinn bæri þá kauphækkun, sem ég fer fram á, þá vil ég biðja þá um að hrekja eftirfarandi dæmi.

Við skulum taka hraðfrystihús, sem 1959 hefur í vaxtaútgjöld 1 millj. kr. og borgar í laun 3,3 millj. Hvernig fer fyrir þessu hraðfrystihúsi á árinu 1960? Vextirnir hækka fyrir ráðstafanir ríkisstj. um 700 þús. kr. eða upp í 1 millj. 700 þús. Hverju samsvarar þessi vaxtahækkun, þessar 700 þús. kr., ef við hefðum í staðinn notað þetta til þess að hækka kaupið? Það samsvarar 22% kauphækkun. M. ö. o.: ef vextirnir væru lækkaðir hjá hraðfrystihúsunum á endurkaupavíxlunum úr þeim 9½%, sem þeir eru núna, niður í 5%, þá gætu þau staðið undir 22% kauphækkun. Nú legg ég þar að auki til að lækka þá ekki niður í 5, heldur niður í 2%. Það þýðir, að þau gætu staðið undir næstum annarri eins kauphækkun í viðbót, sem ég hins vegar legg ekki til, heldur segi, að þetta gætu þau notað til þess að fá hærra fiskverð, bæði handa útvegsmönnum og handa sjómönnum. Aðeins með þessum vaxtalækkunum, sem þarna eru lagðar til, er tryggt fyrir hraðfrystihúsin að geta í senn borið þá kauphækkun, sem verkalýðurinn fengi samkv. 1. gr., og að hækka verð á fiskinum til útvegsins. Og þó er þetta ekki eina ráðstöfunin, sem ég legg til að gerð sé. Ég skal taka hins vegar fram, að í þessari 3. gr. minni felst um leið sú ákvörðun, að hlutfallstalan af þeim víxlum eða þeim lánum, sem bankarnir verða

að veita og Seðlabankinn að endurkaupa, er hækkuð úr 50 í 67%, og jafnframt felst í þessu sú ráðstöfun gagnvart viðskiptabönkunum, að í staðinn fyrir að núna er ástandið þannig, að af 9½%, sem vextirnir almennt verða af endurkaupavíxlunum, fá viðskiptabankarnir ½%, en Seðlabankinn 9, þá mundi samkv. minni till., ef hún verður samþ., Seðlabankinn fá 1%, en viðskiptabankinn 1%, og þegar fram í sækti, ef framlengt yrði, 1½%. Ég álít ekki neina ástæðu til þess, að Seðlabankinn sé að safna neinum gróða. Það er hrein vitleysa, hrein þjóðhagsleg vitleysa. Þessi gróðasöfnun Seðlabankans og allt, sem í sambandi við það stendur, er aðeins ráðstöfun til að skapa kreppu, — ég var næstum því búinn að segja kreppuráðstöfun, það var hér á árunum, að við höfðum það orð oft, en þá meintum við venjulega ráðstöfun til að bæta úr kreppu. Við höfum nú langalengi ekki þurft að taka þetta orð okkur í munn, en ég er hræddur um, að ef maður færi að taka sér þetta orð í munn núna aftur, þá mundi maður kalla þetta kreppuráðstafanir, sem sé ráðstafanir ríkisstj. til þess að skapa kreppu, því að aðrar ráðstafanir höfum við til allrar hamingju ekki þurft að gera á undanförnum árum, sem standi í einhverju sambandi við kreppu, því að við höfum ekki þekkt hana, nema þegar ríkisstjórnir undir utanaðkomandi áhrifum hafa verið að reyna að skapa kreppur í okkar þjóðfélagi.

Ég efast um, að nokkur hæstv. ráðh. geri nokkra tilraun til þess að hrekja þetta, vegna þess að reynslan er sú, að í hvert einasta skipti sem hæstv. ráðherrar horfast í augu við þessar staðreyndir, þá þagna þeir. Hins vegar er það ekki aðeins þessi till., sem út af fyrir sig væri alveg næg varðandi þetta hraðfrystihús til þess að gera því mögulegt að standa undir kauphækkunum og standa undir hækkuðu fiskverði, heldur legg ég til, að það séu gerðar fleiri ráðstafanir. Ég legg til með 5. brtt., a-lið, nýrri grein, sem ég set hér, 34. gr., að það sé fyrirskipuð lækkun flutningsgjalda. Sú lækkun skuli vera á öllum flutningsgjöldum fyrir útfluttar afurðir 10—20% og ríkisstj. heimilað með reglugerð að ákveða það innan þessara takmarka. Ég veit ekki, hvort menn gera sér ljósar þær fúlgur, sem fara í flutningskostnað til útlanda. Ég hef að vísu ekki nákvæmar tölur, en ef ég man rétt, þá voru a. m. k. fyrir nokkrum árum greidd, held ég, 10 pund fyrir tonnið af freðfiskinum til vissra staða á meginlandinu, og ég gæti trúað, að það væri það enn þá. Ef flutt eru 75 þús. tonn af freðfiski á ári, þá er það með núverandi pundskráningu hvorki meira né minna en 75 millj. kr., sem greitt er fyrir það, og mér þætti undarlegt, ef ekki væri hægt að spara eitthvað á þeirri upphæð, þegar hins vegar liggur við, að útvegurinn stöðvist. Ég held a. m. k., að það væri þess virði, að það væri rannsakað, hvað borgað er í flutningsgjöld. Og ef einhverjum þætti of djúpt í árinni tekið, þá gæti hann komið fram með till. um að hafa þetta heldur minna og reynt að rökstyðja, hvað þetta væri, en ekki bara slegið hnefanum í borðið og sagt: Það skulu allir á Íslandi græða, sem eiga skip eða eiga einhver önnur slík tæki, en verkalýðurinn skal fá að borga, og ríkið skal fá að hækka sína söluskatta, og fjmrh. skal verða að ganga á bak orða sinna. Ég held þess vegna, að það sé full nauðsyn á, að það sé athugað, hvort ekki megi einhvers staðar á þessum liðum spara.

Í öðru lagi legg ég til með b-liðnum í 5. brtt., með nýrri gr., sem ég legg til að setja 35. gr., að komið sé upp sérstakri ríkisvátryggingu, að vátrygging á sjávarútveginum sé þjóðnýtt, m. ö. o., það sé komið upp sérstakri stofnun, og fyrir mitt leyti, þó að ég leggi það ekki til hér, legg til, að sjútvmrh. sé gefið vald til að ráðstafa því með reglugerð. Ég býst við, að annar ríkisbanki landsins gæti tekið að sér að sjá um alla þá vátryggingu og reksturinn á slíkri ríkisstofnun fyrir lítið gjald, ef hæstv. ríkisstj. dytti allt í einu í hug að fara að spara í ríkisbákninu. Till. er, að það sé komið upp ríkisvátryggingu sjávarútvegsins, þar sem sé skyldutryggður allur fiskiskipastóllinn, bátaflotinn og togaraflotinn og þar sem sé skyldutryggður líka allur fiskurinn, meðan hann er í geymslunum hér heima, meðan hann er í skipunum, bæði sjálfum fiskiskipunum og í flutningaskipunum, enn fremur þær ábyrgðartryggingar og annað slíkt, sem er í sambandi við þetta. Ég held, að þessi þjóðnýting á tryggingunum hefði raunverulega átt að vera komin á fyrir löngu. Ár eftir ár hefur það gengið þannig til, að ríkissjóður borgar þessar vátryggingar. Hvaða ástæða er til þess, að meira eða minna erlend félög eða þeirra umboðsfélög hér séu að mata krókinn á þessum tryggingum? Iðgjöld fyrir fiskibátana á Íslandi eru 7—9% eða lægst 5, á sama tíma eru þau í Noregi 2—3%. Skyldi ekki mega spara eitthvað á þessum lið? Bara iðgjöldin fyrir fiskiskipastólinn eru yfir 100 millj. kr. á ári. Iðgjöldin fyrir vörurnar skipta tugum milljóna. Og ástandið er þannig ár eftir ár. Það er bara sagt: Verkalýðurinn verður að borga með lækkuðu kaupi. Starfsmenn ríkisins verða að borga með lækkuðu kaupi. Ríkið verður að borga. — Og þessi till., sem hér liggur fyrir hjá hæstv. ríkisstj., er um það, að ríkið eigi að borga vátryggingargjaldið. Hvað lengi á þetta að ganga til? Er ekki eins gott, að ríkið taki sjálft að sér tryggingar og sjái sjálft um þetta? Það getur gert það að öllu leyti miklu ódýrara.

Ég verð að segja það, ef menn ekki fást til að taka tillit til eða ræða svona tillögur, hvað er það þá, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj.? Er hún þá beinlínis að reyna að hjálpa til þess að stinga undan gróðanum, sem er á íslenzku atvinnulífi, láta það koma fram í einhverjum baksamningum í sambandi við það, þegar verið er að fá skipin til flutninga, baksamningum í sambandi við vátryggingarfélögin, að gera það mögulegt að fela gróðann á allan mögulegan hátt, en prédika svo yfir þjóðinni, að veslings þjóðarbúið og veslings útvegurinn og veslings hraðfrystihúsin og allt saman þetta beri ekki kaupið? Því í ósköpunum má ekki þjóðnýta vátryggingarnar á fiskiskipastólnum

og sjávarútveginum? Þó eru þetta menn, sem ár eftir ár geta komið með tillögur um stórkostlegar fórnir, sem almenningur eigi að færa, menn, sem vilja skera niður á ríkisfjárlögunum og neita skáldum og listamönnum um þau smánarlaun, sem Þorsteini Erlingssyni var úthlutað, 600 krónunum, fyrr á þessari öld og þótti lítið, en væru tvöföld heiðurslaun á við það hæsta, sem til er á fjárl. nú. Ég vil því minna menn á, þegar þeir eru með allan þennan naglaskap í sambandi við fjárlögin, þegar þeir eru með árásir á lífskjör almennings, starfsmanna ríkisins og verkalýðsins í sambandi við efnahagsráðstafanirnar, en fást ekki til þess að ræða þessa hluti, hvernig stendur þá á þessu? Er það af því, að það sé eitthvað óhreint í pokahorninu? Er það af því, að þeir, sem völdin hafa, hafi svo góð sambönd við öll þessi vátryggingarfélög og allt, sem þarna er, og þá, sem á ýmsan hátt eru að mata krókinn þarna í, að þeir vilji ekki ræða einu sinni þessi mál, eða við skipafélögin og annað slíkt? Það eru ótal músarholur fyrir gróða í þessu þjóðfélagi, og í þær músarholur verður að fara, svo að ég noti orðatiltæki, sem ég held jafnvel, að sjálfur hæstv. forsrh. hafi viðhaft einu sinni. Ég held, að það sé nauðsynlegt að fara í þær músarholur, áður en — (**Gripið fram í:** Það voru rottuholur.) Voru það rottuholur þá? Nei, ég held, að það hafi verið músarholur, en þær stórar, sem þá var talað um. Ég held þess vegna, að hæstv. ríkisstj. mætti fyllilega athuga þessar till. Ég skal fyllilega vera reiðubúinn til þess að ræða um þær, öðruvísi fyrirkomulag á þessu og annað slíkt, ef það gæti frekar orðið til þess, að þær yrðu samþykktar. En mér sýnist, að ein ríkisstj. geti ekki komið fram með till. eins og þær, sem hér liggja fyrir, en þverneitað að ræða þessi mál.

Þá legg ég enn fremur til með c-liðnum í brtt. 5, 36. gr., að tryggja örari gjaldeyrisskil en verið hafa fram að þessu. Þar er lagt til til þess að tryggja betur hag útgerðarmanna og framleiðenda, að innan mánaðar, frá því að vöru er afskipað, skuli gerð gjaldeyrisskil fyrir henni og innan hálfs annars mánaðar skuli gert uppgjör til framleiðenda. Nú sem stendur er það svo, að það getur dregizt 5, 6, ég hef jafnvel heyrt sagt upp í 8 og 9 mánuði og e. t. v. lengri tíma, frá því að menn hafa afhent sína vöru til útflutnings hér á Íslandi, þangað til þeir sömu hringar, sem hafa með þetta að gera, skila andvirði. Og ég hef satt að segja rekið mig á það, að fátækir sjómenn og útvegsmenn utan af landi hafa verið að rexa í og jafnvel orðið að fara í hálfgerð mál út af tveggja ára gömlu uppgjöri á þeirra fyrstu inneign. Ég held þess vegna, að það sé alveg óumflýjanlegt að gera þarna stórbreytingu á. Vextir í landinu hafa verið hækkaðir. Peningar í landinu eru hlutfallslega minna í umferð en áður vegna lánbannsins. Það er dýrt fyrir framleiðendurna, hvort það eru sjómenn, útvegsmenn eða aðrir, að hafa sína peninga, andvirði sinnar vöru, lengi í geymslu hjá söluhringunum. Og staðreyndin, sem við okkur blasir, er sú, að söluhringarnir, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hafa sett upp stór fyrirtæki úti í heimi, í Bandaríkjum Norður-Ameríku, í Bretlandi, í Hollandi, jafnvel með styrk á fjárlögum frá ríkinu, og velta þar milljónum og milljónatugum, koma upp verksmiðjum, borga þar svertingjum lágmarkslaun, sem borguð eru í Ameríku, en eru tvöfalt hærri en Dagsbrúnarkaup hér, og þeir peningar, sem þeir eru að velta þarna raunverulega, eru peningarnir, sem vantar í þjóðarbúið hér heima. Mér virðist þess vegna, að það sé raunverulega eitt það minnsta, sem hægt væri að gera gagnvart sjávarútveginum, gagnvart sjálfum sjómönnunum og útvegsmönnunum, að tryggja þeim, að varan, sem þeir afhenda, sé greidd þeim ekki síðar en einum til hálfum öðrum mánuði eftir að hún er farin í skip, það sé skilyrði í sambandi við útflutninginn.

Þetta er eitt af því, sem mundi leiða til þess, að útvegsmenn fengju sinn fisk miklu fyrr greiddan og sjómennirnir og útvegsmennirnir fengju sitt uppgjör miklu fyrr. Og ég efast ekki um, að þetta, sem ég nú hef talið, till. um vaxtalækkun, till. um lækkun á flutningsgjöldum á afurðum sjávarútvegsins, till. um þjóðnýtingu vátrygginga og þar með lækkun á iðgjöldum fyrir sjávarútveginn og till. um fljótari skil á gjaldeyrinum og uppgjör við útvegsmenn og sjómenn, — ég efast ekki um, að allt þetta mundi hjálpa stórkostlega til þess, ekki aðeins að standa undir þeim kauphækkunum, sem 1. brtt. mín mundi hafa í för með sér, heldur mundi líka verða til þess að hækka verulega fiskverðið, eins og brýn nauðsyn er á, til þess að tryggja útgerðina.

Enn fremur legg ég til með 2. og 3. brtt., að 32. gr. í núverandi efnahagsmálalöggjöf sé breytt og 33. gr. felld niður. Það eru þær greinar, sem fjalla um vald ríkisstj. til þess að ráða yfir vöxtunum af öllum stofnlánasjóðunum, sem atvinnulífið hefur, og hins vegar 33. gr., það er sú grein, sem skyldar sparisjóðina úti um land og innlánsdeildir kaupfélaganna að afhenda helminginn af sínu sparifé til Seðlabankans. Hvort tveggja er alger vitleysa og óþarfi eða réttara sagt skaðlegt.

Enn fremur hef ég ásamt hv. 6. þm. Sunnl. lagt fram brtt. við 1. gr., till. ríkisstj. sjálfrar, við 4. málsgr. í henni, um að tryggja, að megnið af því fé, sem væri í útflutningssjóðnum og kæmi inn fyrir 2½%, færi til sjómannanna til þess að bæta þeim upp kaupið, sem skorið var niður hjá þeim með lagaboði á síðasta ári. Með þeim ráðstöfunum öðrum, sem ég hef lagt til að gera á þskj. 221, er útgerðinni áreiðanlega bætt það vel upp, að hún má fyllilega sjá af þessu, enda sjómennirnir þeir raunverulegu eigendur að þessu fé. Og það veitir ekki af að bæta þeim upp það, sem þeir hafa verið rændir með þeim ákvæðum, sem lögbundu raunverulega þeirra samninga.

Ég held, að þetta, sem ég nú hef sagt, þó að það sé ekki nema lítill hluti af því, sem þyrfti að segja um þessa efnahagsmálalöggjöf í heild og þann ófarnað, sem hún er að leiða yfir landslýðinn, þá held ég, að það nægi til þess að sýna, að það eru nægir möguleikar til að breyta nú

þegar um stefnu, hækka kaup verkalýðsins, hækka fiskverðið. Aðeins hjá bönkum landsins munu í ár safnast í gróða á annað hundrað millj. Í Seðlabankanum einum býst ég við, að gróðinn sé nú kominn upp í einar 70 millj. Gróðamyndunin innanlands er mikil, en hún er vel falin, og hún fæst venjulega ekki fram í dagsljósið, fyrr en komið er út í harðvítug verkföll og yfirstéttin farin að óttast um sig. Það er sama og var 9. nóvember 1932, þegar bæjarstjórnin sat hér á fundi og sagði, að það væru engir peningar til til þess að borga mönnunum, sem voru í atvinnubótavinnu og höfðu einnar viku vinnu í mánuði, að halda áfram að borga þeim kr. 1.36, þegar átti að lækka það niður í 1 kr. Þá voru engir peningar til allan daginn, sem bæjarstjórn Reykjavkur sat á fundinum. En eftir að slagsmálin urðu, þá voru peningarnir til um kvöldið. Ég held, að það sé ekki slík stefna, sem við eigum að hafa á Íslandi. Ég held, að við eigum ekki að bíða eftir því, að allt sé komið í uppnám í þjóðfélaginu. Ég held, að við eigum, á meðan við getum rætt málin með rökum innan þessara sala, að láta rök mæta rökum. Og ég vil skora á hæstv. ríkisstj. að sýna fram á, að eitthvað í því, sem ég hef hér sagt, sé ekki rétt og þær tillögur, sem ég hef flutt fram, fái ekki staðizt. Það er nægur gróði hjá bönkunum, hjá oliufélögunum, hjá skipafélögunum, hjá einstökum auðmönnum og auðfélögum hér til þess að borga þær hækkanir, sem þyrftu að verða. Hagfræðingarnir virðast vera sérfræðingar í því að reyna að dylja þennan gróða. En það, að þessi gróði er til, og það, að hægt væri að borga hann nú til fólksins, það er meira að segja ekki stærsta atriðið í þessu öllu saman, og það er máske ekki einu sinni það skaðlegasta í sambandi við alla þessa viðreisn, að þessir atvinnurekendur skuli hafa náð til sín þessum gróða og þetta skuli hafa verið tekið af verkalýðnum, svo slæmt sem það er. Það allra skaðlegasta er, að það er verið að eyðileggja það, sem verkalýðurinn hefur getað treyst á meira eða minna í 18 ár, og það er atvinnuöryggið. Það er verið að svipta hann því, sem hann álítur sér allra dýrmætast, og það er gert af ráðnum hug.

Þess vegna er það, að það, sem er allra veigamest í sambandi við þetta, er, að nú sé staðar numið um þá stefnu, sem kennd hefur verið við viðreisnina, um þá hrun- og kreppustefnu, sem hér hefur verið innleidd, að nú sé breytt um, eins og ég gat um, tekin upp sú stefna, sem einkennist af áætlunarbúskap, yfirstjórn á utanríkisverzluninni, sem einkennist af því, að þjóðarbúskapur Íslendinga sé rekinn með hagsmuni almennings fyrir augum, en ekki með það fyrir augum að gera tilraunir til þess að skapa gróða handa nokkrum mönnum. Það er sú stefnubreyting fyrst og fremst, sem þarf að verða. Og þær till., sem ég hér hef flutt, annars vegar um að tryggja verkalýðnum það, sem mundi þýða nú, miðað við desember, 17% kauphækkun með því að afturkalla vísitölubannið og það án verðbólgu, og hins vegar að tryggja sjávarútveginum í fyrsta lagi aðstöðu til þess að standa undir þeim kauphækkunum, í öðru lagi aðstöðu til þess að geta hækkað fiskverðið, þetta eru aðeins tveir þættir í því, sem gera þarf, tveir partar úr þeirri heildarmynd, þeirri heildarstefnu, sem þarf að skapa. Ég vildi mega vona, að hæstv. ríkisstj. og hennar fylgismenn fengjust til þess að ræða þessi mál. Það er gott að geta rætt þessi mál hér í þingsölunum. Það er betra að kljást um þau hér og reyna að finna lausnir á þeim hér heldur en utan þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 234 felld með 17:5 atkv.
— 226,1 felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GH, GeirG, GíslG, HÁ, HS, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ.
nei: SB, GuðlG, JPálm, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BBen, EI, JóhH.

7 þm. (GÍG, GJóh, GÞG, HV, JSk, BK, EmJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 221,1 felld með 18:5 atkv.
— 226,2.a felld með 18:11 atkv.
— 221,2 felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GJóh, HÁ, HS, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG.
nei: SB, GuðlG, JPálm, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BBen, EI, JóhH.

6 þm. (GÍG, GÞG, HV, JSk, BK, EmJ) fjarstaddir.

Brtt. 226,2.b felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BFB, BP, EðS, EOl, EystJ, GH, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ.
nei: EI, SB, GuðlG, JPálm, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, DÓ, SÁ, SI, AGb, BGr, BF, BBen, JóhH.

6 þm. (EmJ, GÍG, GÞG, HV, JSk, BK) fjarstaddir.

Brtt. 221,3 felld með 18:6 atkv.
— 226,2.c felld með 18:14 atkv.
— 221,4 felld með 18:16 atkv.
— 226,2.d felld með 18:15 atkv.
— 221,5.a felld með 18:6 atkv.
— 221,5.b felld með 18:6 atkv.
— 221,5.c felld með 18:6 atkv.
— 226,3 felld með 18:16 atkv.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Án þess að ætla að ræða mikið um þetta mál nú, þá eru hér þrjú eða fjögur atriði, sem fram hafa komið í umr. og nefndarálitum, sem ég tel skylt að gera að umtalsefni og leiðrétta.

Er þá fyrst þess að geta, að í þessum umr. hafa sumir hv. þm. stjórnarandstæðinga viljað

gera miklu minna en ástæða er til og rétt er úr þeim áhrifum, sem aflaleysi togaranna í ár og verðfallið á lýsi og mjöli hefur haft á þjóðarbúskapinn. Það er rétt að taka það fram hér, hvernig þau mál standa, vegna þess, hve mikil áhrif þessi atriði hafa á þjóðartekjurnar og þar með að sjálfsögðu á lífskjörin og m. a. á áhrif efnahagsaðgerðanna.

Ef vikið er fyrst að afla togaranna, þá er það staðreynd, að þrjá fyrstu ársfjórðungana í ár höfðu togararnir aflað um 85 þús. smál., þ. e. 42 þús. minna en í fyrra. M. ö. o.: afli togaranna þrjá fyrstu ársfjórðunga þessa árs var um þriðjungi minni en á sama tíma í fyrra, og þó er þess að gæta, að á þessu ári hafa bætzt við fimm nýir togarar. Það verður að fara alla leið aftur til ársins 1947 til að finna minni ársafla togaranna en nú, og er þess þó þar að gæta, að á árinu 1947 voru nær eingöngu gömlu togararnir, þar sem fyrstu nýsköpunartogararnir voru að koma á því ári. Þessar tölur gefa nokkra mynd af aflaleysi togaranna á þessu ári, og af því geta menn að sjálfsögðu gert sér í hugarlund, hver áhrif slíkt hefur á þjóðarbúið og þjóðartekjurnar í heild.

Ef litið er á heildarafla bátanna og togaranna, bæði á þorskveiðum og karfaveiðum, þá kemur það í ljós, að aflinn í ár mun verða um það bil 10% minni en á því marglofaða ári 1958, sem nokkuð hefur verið hér um rætt og sérstaklega hv. 4. þm. Austf. vitnaði mjög í til fyrirmyndar. Það ár var mikið góðæri, og mun heildaraflinn þá hafa verið um 400 þús. smálestir, en í ár mun hann verða, eins og ég sagði, um 10% minni, eða 360 þús. smálestir.

Þriðja atriðið, sem ég vildi upplýsa í þessu sambandi, er það, að síldaraflinn í ár er u. þ. b. 38% minni á skip en í fyrra. En um leið er þess að gæta, að margfalt meira er lagt í kostnað við nýjan veiði- og leitarútbúnað.

Um leið og rætt er um aflaleysið, þá er einnig rétt að geta um það verðfall, sem skall á á mjöli og lýsi, og það er áætlað af hinum fróðustu mönnum, að það verðfall þýði ekki undir 150 millj. kr. tekjutapi nú í ár frá því í fyrra.

Þetta allt verður að sjálfsögðu að hafa í huga, þegar menn reyna að gera sér mynd af afkomu þjóðarbúsins á þessu ári, og vissulega þarf engan að undra, þó að þessar staðreyndir, sem þannig blasa við, hafi sín áhrif á afkomu þjóðarinnar í heild og lífskjör fólksins. Þrátt fyrir þetta hefur það þó orðið, síðan gengisbreytingin var gerð, að gjaldeyrisstaða landsins hefur batnað verulega, og frá því í febrúarlok og til októberloka hefur gjaldeyrisstaðan batnað um 211 millj. kr.

Í þessu sambandi vil ég nefna það, sem hv. 3. þm. Reykv. ræddi ýtarlega um í sinni ræðu hér í gær við 2. umr. og einnig er tekið fram í hans nál., og það er, að kaupmáttur launa — en sá útreikningur er byggður á vísitölu vöru og þjónustu — hafi minnkað verulega, og á þeim grundvelli vill hann og samherjar hans byggja kröfu um 17% kauphækkun nú, og hv. þm. lét orð falla svo í umr., að það, sem skipti máli um launakjör fólksins í landinu, væri vísitala vöru og þjónustu.

Nú er þessi staðhæfing vægast sagt ákaflega villandi. Ef vísitala vöru og þjónustu, sem sagt verðlagið á vörum og þjónustu, er það eina, sem skiptir máli, þá finnst mér, að þennan hv. þm. skorti mjög átakanlega yfirsýn um ýmis verulega atriði í þessu sambandi. Í hans augum, eftir því sem orð hans féllu, skiptir það þá engu máli fyrir launamanninn eða við skulum taka vísitölufjölskylduna, það skiptir engu máli fyrir þessa meðalfjölskyldu, þó að hún fái t. d. 5200 kr. í fjölskyldubætur á þessu ári umfram það, sem hún hefur áður fengið. Í öðru lagi skiptir það væntanlega engu máli fyrir þessa fjölskyldu, þó að tekjuskattur hennar lækki um 1444 kr. Það skiptir heldur engu máli fyrir þessa fjölskyldu, þó að útsvar hennar lækki um rúmar 900 kr. M. ö. o.: þó að þessi fjölskylda fái nú á þessu ári þannig meira en 7500 kr. meira að kaupa fyrir en áður, þá skiptir það engu máli, ef aðeins vísitala vöru og þjónustu og svokallaður kaupmáttur launa segir annað. Ég ætla í rauninni, að fáir verði sammála hv. þm. um þennan skilning, að þessi atriði skipti engu máli.

Sú vísitala, sem kauplagsnefnd varð öll sammála um og einnig fulltrúi Alþýðusambandsins að reikna út, sýnir það, að hækkun hefur orðið, síðan efnahagsaðgerðirnar voru gerðar, um 3—4 stig. Og ég ætla, að ekki verði með rökum mælt í móti því, að það sé rétt, þegar metin eru lífskjör fólksins í landinu og reynt að gera sér grein fyrir launakjörum þess almennt, að þá er það rétt að miða ekki aðeins við verðlag á vörum og verðlag á þjónustu, heldur einnig að miða við m. a. fjölskyldubæturnar og þá skatta og opinber gjöld, sem fólkið þarf að greiða.

Loks er það eitt atriði, sem ég vildi drepa á, og það er úr nál. hv. 1. minni hl. fjhn., hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hann kom inn á í sinni framsöguræðu, en þar vill hann sýna fram á, að þrátt fyrir vaxtahækkunina hafi sparifjársöfnun eða aukning sparifjár landsmanna orðið miklu minni nú en tvö undanfarin ár. Svo segir í nál. hans á þskj. 229, með leyfi hæstv. forseta: „Þær hagskýrslutölur, sem hér eru birtar, eru eitt vitni af mörgum um þá fjárhagsörðugleika, sem efnahagsráðstafanir ríkisstj. hafa valdið.“ Og síðan segir hann: „Af þessum samanburði sést, að síðustu tólf mánuðina hefur sparifjáraukningin í bönkum og sparisjóðum orðið tiltölulega langtum minni en næstu tvö árin þar á undan, þrátt fyrir vaxtahækkunina.“

Við þennan samanburð hv. þm. er tvennt að athuga. Það er tvennt, sem gerir þessar upplýsingar hans mjög villandi. Annað er það, að hér er talað ekki aðeins um sparifé í venjulegri merkingu, heldur einnig hlaupareiknings- eða veltuinnlán talin með. Látum það nú vera. Hitt atriðið, sem sýnir, hvað lítið er byggjandi á þessum tölum hv. þm., er það, að til þess að sýna, að sparifjáraukningin hafi orðið minni nú, þá reiknar hann ekki tímabilið frá gengisbreytingunni, frá því að efnahagsaðgerðirnar komu til framkvæmda. Nei, hann tekur í einu lagi tímabilið frá október 1959 til október 1960.

Af þessu tímabili, sem hann er að birta tölur um, er sem sagt liðinn einn þriðji hluti, fjórir mánuðir, áður en efnahagsaðgerðirnar eða vaxtahækkunin kom til framkvæmda.

Svona dæmi þýðir náttúrlega ekki að vera að leggja fyrir Alþingi, og það sér hver maður, sem les þessar tölur hv. þm., að þær sýna eða sanna ekki nokkurn skapaðan hlut í þessu sambandi, sem hann vill sanna. Tölurnar eru vafalaust út af fyrir sig réttar, en þær gefa ekki rétta mynd af því, sem hann er að reyna að sýna.

Ef við viljum gera okkur grein fyrir sparifjáraukningunni, frá því að gengisbreytingin og efnahagsaðgerðirnar komu til framkvæmda, verður auðvitað að miða við tímabilið — við skulum segja t. d. frá 1. marz. Þessi lög öðluðust gildi 20. febr., ef ég man rétt. Það er rétt að taka tímabilið frá 1. marz og þangað til í dag eða þess tíma, sem skýrslur ná. Ég hef upplýsingar hér um tímabilið frá marz til októberloka. Og hvernig lítur það út? Það lítur þannig út, að á þessum tíma hefur sparifjáraukningin hjá bönkunum og sparisjóðunum orðið samtals 225.3 millj. kr., og það er aukning um 11.5%. Ef menn vilja fá samanburð á sama tímabili, sömu mánuðum undanfarin tvö ár, þá líta tölurnar þannig út, að árið 1959 var sparifjáraukningin 183.7 millj., eða 10.5%, og 1958 var hún 116.6 millj., eða 7.7%.

Það má auðvitað setja upp margvísleg samanburðardæmi. En ég held, að því verði ekki á móti mælt, að það er villandi og rangt dæmi að ætla að sanna, að sparifé hafi ekki aukizt, eftir að vaxtahækkanirnar komu til framkvæmda, og taka inn í það dæmi fjóra mánuði fyrir gengisbreytinguna og vaxtahækkunina. Það er rangt og villandi dæmi. Ég held, að eðlilegasta og gleggsta dæmið hljóti að vera þetta, að miða við tímann frá því að vaxtahækkunin kom til framkvæmda og svo langt sem skýrslur bankanna ná, og þá líta tölurnar þannig út á þessu 8 mánaða tímabili: 1958 var sparifjáraukningin 7.7%, 1959 var hún 10.5 og nú í ár 11.5%. M. ö. o.: sparifjáraukningin hefur orðið heldur meiri á þessu tímabili en í fyrra þrátt fyrir allt það, sem ég nefndi í upphafi minnar ræðu, aflabrestinn hjá togurunum, hið mikla verðfall á mjöli og lýsi, að heildaraflinn bæði hjá bátum og togurum er töluvert minni nú í ár en hann var 1958, og loks þegar það er einnig haft í huga, að vitanlega hlaut gengisbreytingin að hafa í för með sér tímabundna kjaraskerðingu.

Ég vil í þessu sambandi leiðrétta þær hvimleiðu staðhæfingar, sem hér koma hvað eftir annað frá hv. stjórnarandstæðingum, að við í stjórnarflokkunum höfum heitið því, að kjör manna mundu ekkert skerðast við efnahagsaðgerðirnar. Við höfum frá upphafi tekið það fram, að vitaskuld þýddu þessar efnahagsaðgerðir kjararýrnun í bili, en okkar von væri sú, að sú kjararýrnun þyrfti ekki að standa lengi og síðar kæmi að því, þegar efnahagsaðgerðirnar hefðu tekizt og jafnvægi skapazt, að þá mundu kjör manna fara batnandi úr því.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var í tilefni af ummælum, sem hér féllu nú hjá hæstv. fjmrh. varðandi aflabrögðin á þessu ári.

Ég hafði nokkuð vikið að því áður í umr., að sú tilraun hæstv. ríkisstj. að afsaka erfiðleika sjávarútvegsins nú á þessu ári með aflaleysi væri dæmd til að mistakast, því að þar væri raunverulega rangt með farið. En enn þá heldur hæstv. fjmrh. þessu sama fram hér og virðist ekki taka tillit til þess, sem honum hefur verið bent á í þessum efnum, varðandi alveg augljósar skýringar. Ég hafði sagt hér áður, að það væri rétt, afli togaranna á þessu ári er óvenjulítill. Hann er með minnsta móti. Hins vegar er ómögulegt fyrir nokkurn mann, sem þekkir inn á rekstur togara, að gera slíkan samjöfnuð á milli ára, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér, og sýnist engin ástæða til þess, að hann geri það, eftir að búið er að benda honum á það áður, að slíkur samanburður fær ekki staðizt. Það er vitanlega alveg rangt að tala um það, að aflamagn togaranna nú hafi fallið um einn þriðja, borið saman við veiðina í fyrra, en hlaupa algerlega fram hjá því, að rekstri togaranna á þessu ári hefði verið háttað með allt öðrum hætti en var árið á undan. Þeir hafa nú siglt miklu meira á erlendan markað og þar af leiðandi ekki getað verið eins marga daga að veiðum og vitanlega ekki getað fiskað eins mörg tonn af þeim ástæðum. Það er vitanlega tilgangslaust að ætla að halda því fram hér í sífellu, að afli togaranna hafi raunverulega rýrnað um 40 þús. tonn, miðað við október í ár og október í fyrra. Slíkur samanburður er út í hött. Þá verður um leið að taka tillit til þess, að á þessum sama tíma í ár sigldu togararnir 98 söluferðir á erlendan markað með afla sinn, en á sama tíma í fyrra aðeins 32 ferðir. Þegar þetta er tekið með í reikninginn, er vitanlega aflarýrnun togaranna hvergi nærri eins mikil og hæstv. fjmrh vildi hér láta vera. En það er alveg rétt, eins og ég hef margsinnis bent hér á áður, að jafnvel þó að tekið sé tillit til þessa, þá er um nokkra aflarýrnun hjá togurunum í ár að ræða. Hitt er einnig vitað, að þegar togararnir eru þannig gerðir út, að þeim er ætlað að fiska meira fyrir erlendan markað og minna fyrir innlendan, þá fellur ævinlega aflamagnið, fyrir utan það, sem ég var að greina hér, að skipin eru auðvitað langan tíma í siglingum á milli landa. Það leiðir hins vegar af því, að það er leitað eftir öðrum fiski fyrir erlenda markaðinn heldur en þeim, sem innlendi markaðurinn tekur gjarnan við. Það verður oft og tíðum meiri gæðafiskur, sem leitað er eftir fyrir erlenda markaðinn, og þá fellur líka alltaf aflamagnið af þeim sökum.

Það, sem ég vildi aðeins draga fram í þessum efnum, er þetta: Það er algerlega rangt að halda því fram, að aflabresturinn hjá togurunum nú, sem að vissu leyti er, sé svona mikill, borið saman við árið í fyrra, eins og þessar tölur segja. Það er rangt.

Viðvíkjandi svo hinu, að nú séu fleiri togarar en áður voru í gangi, þá leyfi ég mér að efast

um, að það hafi verið svo í framkvæmd, að þeir hafi verið fleiri. Nú hefur hins vegar borið miklu meira á því en áður, að togararnir lægju og væru ekki reknir. Ætti m. a. hæstv. fjmrh. að þekkja eitthvað til þess, því að ríkið sjálft á einn togara, sem er búinn að vera bundinn hér í líklega meira en hálft ár og hefur ekki verið rekinn og ryðgar niður, þar sem hann liggur hér í höfninni, en hafði verið rekinn áður. Einn af þessum fimm nýju togurum, — en þeir voru að koma seint á árinu og koma tiltölulega lítið inn í þetta magn, sem hér er um að ræða, — einn þeirra fór víst eina veiðiferð og svo lagðist hann. Ég hef að vísu ekki fyrir mér skýrslur um það hér, hvernig þátttaka togaranna hefur verið í veiðum á þessu ári og svo aftur á árinu á undan, en ég dreg það mjög í efa, að hægt sé að tala um, að það hafi verið stærri veiðifloti togara að veiðum í ár en í fyrra.

En svo komu hinir þættirnir. Mér fannst, að hæstv. ráðh. hagaði orðum sínum þannig hér, að hann vildi láta í það skína, að nú væri á þessu ári um almennan aflabrest að ræða, það væri hér um minni afla að ræða hjá bátaflotanum og togaraflotanum samanlagt. Þetta er rangt. Ef hann tekur þann hluta aflans, sem er vitanlega sambærilegur og rætt er um sérstaklega, sem er heildarafli fiskibátanna og togaranna á öðru en síldveiðum, — en síldveiðarnar eru hér alveg sér á blaði, — og taki hann einnig tillit til þessa, sem ég var að segja áðan í sambandi við rekstrarform togaranna, þá er auðvitað enginn vafi á því, að heildaraflamagn bátaflotans í landinu og togaranna er mun meira í ár en það var í fyrra. En bezt sýnir það þó, hve þessi samanburður allur er rangur hjá hæstv. ráðh., að virða aðeins fyrir sér sjálfa aðalvertíðina á bátaflotanum, sem er vetrarvertíðin, en það liggur þó alveg óumdeilanlega fyrir og hefur verið lesið upp hér í þessum umr., að afli bátaflotans á vetrarvertíðinni, sem hér skiptir mestu máli, var um 14% meiri en hann var árið á undan og sá mesti, sem við höfum haft á vetrarvertíð. Og strax að lokinni vetrarvertíðinni töldu útvegsmenn engan rekstrargrundvöll vera fyrir rekstri bátaflotans, svo að ekki gat þar verið sú afsökun í gildi, að erfiðleikar bátaflotans stöfuðu af aflaleysi, þeir erfiðleikar, sem bátaflotinn stóð frammi fyrir strax að vetrarvertíðinni lokinni. Nei, erfiðleikar bátaflotans í landinu verða ekki heldur skýrðir með því, þó að afli togaranna sé nokkru minni en hann var í fyrra. Erfiðleikar bátaflotans verða ekki skýrðir á þann hátt. Það er rétt, að síldaraflinn er nokkru minni en hann var árið á undan. En hvorki þessi hæstv. ráðh. né aðrir hafa getað hnekkt því, sem ég hef hér sagt, að það var ekki meira eða sérstakara aflaleysi á síldveiðum nú í sumar en svo, að borið saman við það, sem við höfum haft við að búa um margra ára skeið, þá er þetta næsthæsta aflaár á síldveiðum um 16 ára skeið. Það er aðeins árið 1959, sem var nokkru hærra, en næst kemur árið 1960, svo að hér var ekki um frekara aflaleysi að ræða á síldveiðum en það aflaleysi, sem við höfum haft við að glíma um margra ára skeið. Aflinn á síldveiðunum afsakar því ekki á nokkurn hátt þá sérstöku erfiðleika, sem nú er við að glíma hjá okkar útvegi.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að hætta að reyna að villa sjálfri sér og öðrum sýn í sambandi við þau alvarlegu vandamál, sem þjóðin stendur nú frammi fyrir varðandi afkomu sjávarútvegsins í landinu, með því að þrástagast á því, að þessir erfiðleikar stafi af aflaleysi. Sá, sem trúir því, að erfiðleikar sjávarútvegsins nú stafi af aflaleysi, miðar líklega allar sínar gerðir nú við það að gera ekki neitt til stuðnings framleiðslunni, vegna þess að hann reiknar með því, að ekki verði aflaleysi á næsta ári. Hann heldur, að það sé hægt að búa við óbreytt ástand. Þeir menn virðast ekki hafa skilið, að hér þurfi neinna aðgerða við. En ég er hræddur um, að ríkisstjórnin og þjóðin öll eigi eftir að finna það, að ef slíkt skilningsleysi verður ríkjandi, þá geti orðið þröngt fyrir dyrum, þá finni menn, að það vanti eitthvað í okkar þjóðarbúskap, þá verði ekki allt í gangi á næsta ári, ef menn daufheyrast við því að gera nauðsynlegar ráðstafanir. Nei, hið sanna er það, að erfiðleikar bátaflotans í landinu, sem nú er við að glíma, eru þrátt fyrir það, að afli bátaflotans er betri en hann hefur verið um langan tíma. Hitt játa ég, að togaraflotinn á við nokkra sérstaka erfiðleika að etja nú, vegna þess að afli hans er óvenjulítill, minni en hann var í fyrra, þegar hann var þó lélegur.

Svo kemur hin afsökunin, sem mjög er haldið á lofti, en það er verðfall á mjöli og lýsi. Það er rétt, það hefur oft verið tekið hér fram, þar er tvímælalaust um nokkurt áfall að ræða. En það er líka mesti misskilningur að halda því fram, að það sé þetta, sem sé meginorsök vandamálsins, sem við er að glíma. Það hefur verið bent á það hér áður, að þetta verðfall var komið, áður en viðreisnarlöggjöfin var sett, og það var tekið fram um það leyti, sem sú löggjöf var samþ. hér á Alþingi, að með þessu verðfalli væri reiknað, og það er enginn vafi á því, að það er rétt, að með því hefur verið reiknað af þeim, sem undirbjuggu viðreisnarlöggjöfina, að meira eða minna leyti. Það hefur ekki fengizt upplýst, hvaða verð þeir hafa lagt til grundvallar á mjöli og lýsi, en þeir gáfu það upp sjálfir, að þeir hefðu þegar reiknað með verðfallinu, enda var það skollið á fyrir löngu. Það er svo aftur annað mál, að ráðstafanir ríkisstj. hafa orðið þess valdandi, að þetta verðfall hefur á margan hátt orðið miklu þungbærara fyrir framleiðsluna en það hefði þurft að verða. Í fyrsta lagi var það, að ríkisstj. meinaði útflytjendum beinlínis framan af að flytja t. d. mjöl og lýsi á þá markaði, sem gáfu hæst verð. Og menn voru beinlínis knúðir til þess að selja á þá markaði, sem borguðu lægra verð, — beinlínis knúðir til þess. Auk þess var það, að hinir háu vextir, sem samþykktir höfðu verið, gerðu það að verkum, að menn gátu ekki legið með afurðirnar yfir þann tíma, þegar verðið lá langlægst, — það var

allt of dýrt að liggja með afurðirnar og bíða eftir nokkurri hækkun, — og flestir seldu síðan á þeim tíma, sem verðið var einna lægst, en síðan átti verðið eftir að hækka og hefur verið að hækka. En það gefur vitanlega auga leið, að þegar vextirnir eru svo gífurlega háir eins og þeir eru nú, þá er líka mikill vandi að liggja með afurðirnar og bíða eftir einhverri breytingu á erlendum mörkuðum.

Á móti þessu hefur svo líka margt fleira komið, eins og alltaf gerist, þegar svona mál ber við. Það hefur orðið hjá okkur einmitt nú, þegar verðlækkun hefur orðið á fiskimjöli, stórkostleg breyting með nýtinguna á því hráefni, sem annars fór í mjölframleiðsluna. Ég sé, að samkv. síðustu útflutningsskýrslum okkar erum við búnir að flytja út nú yfir 10 þús. tonn af hraðfrystum fiskúrgangi, aðallega selt sem refa- og minkafóður á tiltölulega mjög góðu verði, sem skilar fyllilega jafnmiklu hráefnisverði og við fengum fyrir hráefnið, þegar það fór í mjölframleiðsluna og mjölið var á hæsta verði. Þetta hefur vitanlega komið sem verðuppbót raunverulega á hráefnið á móti verðlækkuninni, sem varð á mjöli. Þessa framleiðslu þekktum við varla áður. Þá varð svo að segja allur fiskúrgangur að ganga til mjölframleiðslu. Þetta hefur líka komið á móti.

Ég fullyrði það, að þessar afsakanir hjá hæstv. ríkisstj. í sambandi við þá erfiðleika, sem menn nú standa frammi fyrir hjá sjávarútveginum, fá ekki heldur staðizt. Verðfallið var skollið á, löngu áður en viðreisnarlöggjöfin var sett. Sérfræðingar ríkisstj. segjast hafa tekið tillit til verðfallsins í sambandi við sínar ráðstafanir. Og vissar aðrar verðhækkanir hafa komið hér á móti eða framleiðslugreinar, sem gefa verðhækkun og draga aftur úr þessu.

Þetta er ekki heldur orsökin fyrir erfiðleikunum í ár. Orsökina er vitanlega auðvelt að sjá og auðvelt að finna. Ég skal nefna hér dæmi, sem mætti sýna mörgum manni þetta. Orsökin í sambandi við erfiðleikana, sem menn standa frammi fyrir í sjávarútvegsmálunum nú, er m. a. sú, að með þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið nú í gjaldeyrismálum þjóðarinnar, með gengislækkuninni og því, sem henni fylgdi, þá fór það svo, að verð á meðalfiskibát, sem oftast var í kringum 3—4 millj., þaut skyndilega upp í 5—6 millj. á slíkum bát. Verð á nýtízku togara, sem gat verið, miðað við fyrra verðlag, 20—25 millj., þaut skyndilega upp í um 40 millj. kr. Og menn tala gjarnan nú um þessa gífurlega dýru báta, 6 millj. kr. báta og 40 millj. kr. togara. Á þennan endann kom öll hækkunin fram að fullu, áhrif gengisbreytingarinnar og ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum. Þarna komu þær fram að fullu. En hvernig komu þær aftur fram hinum megin, í sambandi við tekjuhliðina hjá þessum sömu aðilum, sem nú þurftu að reka svona miklu dýrari skip en áður? Hvernig kom það fram í sambandi við tekjuhliðina? Jú, það kom þannig fram, að það var almennt talið, að fiskverð til bátaflotans með þeim hlunnindum, sem fylgdu og voru felld niður með gengislækkuninni, — að fiskverðið væri í kringum kr. 2.40—2.50 á kg. Og hvað hækkaði svo fiskverðið mikið? Það fór upp í kr. 2.53 fyrir meginið af fiskinum yfir vetrarvertíðina og upp í kr. 2.63 hæst, og mjög víða var fiskverðið meginhluta ársins, yfir sumarið og haustið kr. 2.20—2.47 eða lægra en það var áður. Það varð því engin hækkun á tekjuhliðinni hjá útgerðinni, á sama tíma sem hún mátti nú standa undir miklum mun dýrari skipum en áður og á sama tíma sem rekstrarkostnaður útgerðarinnar almennt stórhækkaði. Það var þetta, sem olli erfiðleikum útvegsins, og það er þarna, sem er að finna þann vanda, sem er við að glíma. Vextirnir voru hækkaðir stórkostlega, og það vitanlega olli útgerðinni stórauknum útgjöldum.

Ég álít, að það sé alveg nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. geri sér grein fyrir því, að þessar afsakanir, sem hún og ýmsir hennar menn hafa verið að færa fram fyrir því, hvernig komið er, eru að verulegu leyti rangar. Ég viðurkenni, að nokkuð af erfiðleikum togaranna, en þeir eru alveg óvenjulegir í ár, sé vegna minni afla en áður. Ég veit líka, að nokkur vandi er á höndum í sambandi við lækkað verð á vissum útflutningsvörum, sem þó vitanlega hafa alltaf skilað miklum minni hluta af heildartekjunum, mjöli og lýsi. Þar er líka um nokkurt áfall að ræða, það er rétt. En afli bátaflotans hefur verið miklu meiri en í meðallagi á þessu ári, þó að erfiðleikarnir séu svona yfirgnæfandi eins og raun ber vitni um.

Þetta vildi ég leggja á áherzlu, hef gert það áður og vil endurtaka það nú með þessum orðum mínum í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér, af því að ég álít, að það sé eitt meginatriðið, til þess að ráðið verði nú fram úr þessum erfiðleikum, að hæstv. ríkisstj. fáist til þess að viðurkenna það, hvernig stendur raunverulega á þessum vanda, en sé ekki alltaf að hlaupa út undan sér á þennan hátt og bera því við, sem ekki á hér við nema þá að sáralitlu leyti.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér fyrir matinn. Nú sé ég ekki, að hæstv. ráðh. sé viðstaddur eða kominn. En hann hlýtur að vera rétt ókominn. Ég vildi þess vegna fara fram á það við hæstv. forseta, að hann léti þessa umr. ekki hefjast, fyrr en hæstv. ráðh. er kominn, og biðja hann að gera ráðstafanir til þess, að ráðh. hraði för sinni, ef hægt væri. Ég vildi fara þess á leit við forseta, að hann hinkraði við. (**Forseti**: Forseti sér nú ekki ástæðu til þess að hinkra við þess vegna. Hann hefur haft samband við hæstv. sjútvmrh., sem var flm. þessa máls, og á kvöldfundi í gærkvöld hafði forseti samband við ríkisstj. og lét auk þess hafa samband við alla þm. d., og með hliðsjón af því hafa ekki frekari ráðstafanir verið gerðar eða verða gerðar af hálfu forseta, annað en það, að sjútvmrh. mun sennilega rétt ókominn, en hann er nokkuð knappur með tíma, þar sem hann fór suður í Hafnarfjörð, og ég get beðið, ef þm. óskar, þangað til sá ráðh. er kominn.) Ég hafði ekki

sérstaka ósk um það. Það var vegna þess, sem hæstv. fjmrh. sagði, sem ég kvaddi mér hljóðs, og mér eru það mikil vonbrigði, að hæstv. forseti sér sér ekki fært að hinkra við eða gera ráðstafanir til þess, að ráðh. mæti. Þetta fer að minna mann heldur ónotalega á eina leiðinlega nótt í fyrravetur, þegar þessi sami hæstv. fjmrh., sem nú er hvergi nærri, var týndur og var leitað að honum, en hann fannst ekki, en átti þó að vera viðstaddur tvímælalaust þær umr., sem þá fóru fram. Þá tók þáv. forseti, núv. varaforseti, sem var í forsetastól, það tillit til þess, hvernig ástatt var, að hann frestaði fundi, af því að hæstv. fjmrh. fannst ekki. Mér eru það þess vegna mikil vonbrigði, að hæstv. forseti skuli ekki vilja gera ráðstafanir til þessa, og lýsi vonbrigðum mínum út af því.

Mér finnst það harla einkennilegar aðfarir hjá hæstv. fjmrh. að standa hér upp fyrir matinn og flytja þessar athugasemdir, sem hann gerði og gáfu fullt tilefni til þess, að umr. um þetta mál yrði haldið áfram nokkuð, sem menn annars höfðu ekki hugsað sér að gera, og hafa svo ekki smekk til að mæta á kvöldfundinum til að ræða málið áfram. Það er full ástæða til að víta þessa framkomu. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti vill taka það að sér að bera nokkuð á milli í þessu máli til hæstv. fjmrh., það er nú kannske varla von, að hann vilji það. En þrátt fyrir fjarvist fjmrh. verð ég að láta falla fáeinar athugasemdir út af því, sem hann sagði.

Það var svo að heyra af því, sem hæstv. fjmrh. tók fram, að það væri allt í nokkuð sæmilegu horfi með viðreisnina. Viðreisn er orð, sem stjórnarliðið er hætt að nota, er nú aðallega notað af stjórnarandstæðingum. Og það lýsir nokkuð út af fyrir sig, hvernig stjórnarliðið og hæstv. ríkisstj. finnur til inni á sér um það, hvernig þessum málum er komið, að orðið viðreisn er ekki lengur notað um það, sem gerzt hefur, nema af andstæðingum ríkisstj. Ríkisstj. og hennar stuðningslið fær sig ekki til þess lengur að kalla þær ráðstafanir, sem gerðar voru, því nafni, sem þeim var upphaflega gefið, viðreisn. Það segir sína sögu, og er í því fólgin allrækileg viðurkenning á því, hvað gerzt hefur.

Í kvöld mannaði hæstv. fjmrh. sig upp og hélt því fram í þeim fáu orðum, sem hann mælti, að þau vandkvæði, sem nú væri við að fást, væru fyrst og fremst vegna aflaleysis og verðfalls á afurðum, en ættu ekki rætur sínar að rekja til ráðstafana ríkisstj. Ég vil taka undir það, sem hér var sagt fyrir matinn út af þessu, að það er sorglegt, ef hæstv. rkisstj. er enn þá slegin nákvæmlega sömu blindunni á málefni landsins og í fyrravetur, þegar hún réðst í þetta. Það er bágt að trúa því, að hæstv. ríkisstj. hafi ekkert enn þá lært af þeirri reynslu, sem fengin er. Og í lengstu lög verða menn að vona, að þetta séu meira mannalæti hjá hæstv. fjmrh., sem hann mælti hér í þessa stefnu, en að þar sé raunverulega um skoðun að ræða.

Það var bent á það í fyrravetur, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru, gengislækkunin, nýju tollaálögurnar og vaxtahækkunin, gátu aldrei haft minni áhrif til verðhækkunar í landinu en sem svaraði einum milljarði og 100 millj., þótt dregin væru frá þau hlunnindi, sem ríkisstj. beitti sér fyrir að kæmu til frádráttar, og skattalækkanir. Það var sýnt fram á þetta rækilega og margsinnis, og voru þó ekki einu sinni talin með þau verðhækkunaráhrif, sem hlutu að verða á rekstrarvörum framleiðslunnar, heldur var því þá treyst, að þeim verðhækkunaráhrifum yrði mætt með auknum tekjum framleiðslunnar, sem allt reyndist raunar rangt, því að verðhækkun til framleiðslunnar varð alls ekki sú, sem þurfti að vera til að mæta hækkunum á erlendum rekstrarvörum.

Það var þráfaldlega sýnt fram á það í fyrra, að svona ráðstafanir væru hrein fásinna. Það væri óhugsandi annað en að þær hlytu að hækka svo gífurlega verðlag í landinu, að þær lömuðu sjálfa framleiðsluna. Af þeim mundi leiða kjaraskerðingu, sem væri óbærileg, og stórkostlega dýrtíðaraukningu, sem yrði aðeins byrjun á því, að dýrtíðarhjólið færi að snúast á nýjan leik. Allt hefur þetta komið bókstaflega fram, að vísu enn stórkostlegar en orðið hefði, ef afli hefði orðið enn þá meiri en hann varð á þessu ári eða verðlag á afurðum farið hækkandi. En þessar afleiðingar hafa komið svo glöggt fram í rekstrarafkomu fyrirtækja og almennings, að engum manni ætti lengur að dyljast, að hér var um stórkostleg mistök að ræða.

Það sést bezt á því, að nú þarf að gera nýjar, stórfelldar ráðstafanir, aðeins níu mánuðum eftir að þessar hinar fyrri voru gerðar, sem þó áttu að vera algerlega til frambúðar. Það sést líka glöggt á því, að menn geta ekki lengur lifað af því kaupi, sem þeim er nú ætlað, og að kauphækkanir hljóta að eiga sér stað, áður en langt um líður, nema því aðeins að ríkisstj. snúi við og finni leiðir til þess að bæta kjaraskerðinguna að verulegu leyti með öðru móti.

Nýjar ráðstafanir vegna framleiðslunnar, nýjar ráðstafanir vegna kjaraskerðingarinnar, þetta er það, sem blasir við á næsta leiti. Og efnahagsmálin eru nú í örðugri hnút en þau hafa nokkru sinni verið um langt skeið og það fyrst og fremst vegna þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. gerði. Þær voru svo fávíslega stórfelldar, að þær hlutu að grafa undan sjálfum sér, þegar farið væri að framkvæma þær. Og það er alveg furðulegt, að menn, sem eiga að vera sæmilega kunnugir íslenzku atvinnulífi, skyldu láta sér til hugar koma að gera þessar ráðstafanir, t. d. að bæta vaxtahækkuninni ofan á allt hitt og reikna hana ekki einu sinni inni í því dæmi, sem sett var upp fyrir framleiðsluna og afkomu framleiðslufyrirtækjanna, og vera svo alveg hissa á því, að þessi vaxtahækkun, ofan á allt hitt, hefur lamað framleiðslufyrirtækin og hefði verið búin að stranda mörgum þeirra, ef ríkisstj. hefði ekki nú þegar látið gera bráðabirgðaráðstafanir til að halda þeim fljótandi í bili.

Það er talað í þessu sambandi um verðfall á mjöli og lýsi, sem ráðh. var að skjóta fyrir sig. Verðfallið á þessum afurðum var að miklu

leyti komið fram, þegar efnahagsmálaráðstafanirnar voru gerðar, og það var getið um það sérstaklega í grg. efnahagsmálafrv., að þetta verðfall lægi fyrir og væri tekið tillit til þess. Þess var ekki heldur getið af hæstv. ráðh., að þetta verðfall varð meira en það hefði þurft að verða, m. a. vegna ráðstafana ríkisstj., því að hinir brjáluðu vextir, sem innleiddir voru, neyddu ýmsa framleiðendur til að selja afurðir sínar úr landi fyrir lægra verð en þeir hefðu ella fengið, þannig að jafnvel í sjálfu verðfallinu eiga ráðstafanir hæstv. ríkisstj. sinn þátt.

Hvernig getur hæstv. fjmrh. látið sér koma í hug, að þau vandkvæði, sem nú blasa við varðandi rekstur frystihúsa og báta, eigi rætur sínar að rekja til aflaskorts togaraflotans? En það liggur fyrir sem staðreynd, að afli á báta hefur verið í góðu meðallagi og síldaraflinn betri en oftast áður í 16 ár, aðeins einu sinni áður verið meiri í 16 ár. Nei, það er sannarlega ekki upplífgandi að heyra, að svo virðist sem hæstv. fjmrh. hafi ekkert lært af þeim stórkostlegu óhöppum, sem orðið hafa af þeim ráðstöfunum, sem hann hefur staðið fyrir, — enda mun það nú vera sannleikurinn um þennan hæstv. ráðh. og suma aðra af þeim, sem fyrir þessu standa, að þeir munu lítið meira þekkja af íslenzku þjóðlífi eða íslenzkri framleiðslustarfsemi eða íslenzkum atvinnurekstri en þeir sjá af tilviljun út um gluggann hjá sér. Það mun vera sannleikurinn. Af þessu mun ekki stafa lítið af þeirri ógæfu, sem Íslendinga hefur hent, þegar þessum mönnum var falin forusta í málum þjóðarinnar.

Hæstv. ráðh. var annars nokkuð ánægður með ýmislegt. Hann sagði t. d., að gjaldeyrisstaðan hefði batnað um 200 millj. frá því í febrúarlok. Ég dreg ekki í efa, að hæstv. ráðh. á hér við bankareikningana. Og hann miðar við febrúarlok. Hvað meinar nú hæstv. ráðh. með því að vera að fleygja fram svona tölu? Jú, hann meinar auðvitað, að af þessu eigi menn að sjá, að eiginlega hafi þessar ráðstafanir heppnazt mjög vel og verkað mjög vel á íslenzkan þjóðarbúskap. En við skulum athuga ofur lítið, hvaða gildi það hefur að kasta svona tölu fram. Það er nú fyrst, að þegar efnt er til jafnstórkostlegs samdráttar í framkvæmdum og ríkisstj. hefur gert og annarrar eins kjaraskerðingar og hún hefur beitt sér fyrir, sem sverfur svo að mönnum, að flest heimili geta lítið annað keypt en allra brýnustu nauðsynjar til matar og til að halda við klæðnaði sínum, — þegar svona er sorfið að meginþorra heimilanna í landinu, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert, og um leið stöðvaðar eða dregið stórkostlega úr framkvæmdum, þá mætti vera meira en lítill samdráttur í framleiðslutekjunum í útflutningnum, ef ekki kæmi fram afgangur á gjaldeyrisbúskapnum fyrsta árið, sem svona fantabrögðum er beitt.

Það mætti vera meiri samdrátturinn, það mætti vera meiri hörmungin, hvernig til tækist með framleiðslustarf þjóðarinnar og útflutningsviðskipti, ef ekki yrði stórkostlegur gjaldeyrisafgangur fyrsta árið, sem þessum fantabrögðum er beitt, segi ég aftur. Og væri þess vegna sannarlega ekki af neinu að státa fyrir hæstv. ríkisstj., þó að hún að vertíðarlokum í þetta sinn gæti bent á, að gjaldeyrisstaðan hefði batnað um nokkur hundruð milljónir af þessum ástæðum, þrátt fyrir þá lömun á framleiðslunni, sem stafar af þessum ráðstöfunum.

En hvað segir það um afkomuna í sjálfu sér? Sannarlega harla lítið, því að sá gjaldeyrisávinningur, sem þá kæmi fram, væri fenginn með því móti, að þjóðin væri í raun og veru að eyða af eignum sínum. Það kalla ég að eyða af eignum sínum, ef ekki er hægt að kaupa til viðhalds heimilunum, hvað þá til endurnýjunar eða eðlilegrar uppbyggingar í landinu. Það væri verið að éta út eigur þjóðarinnar og gæti verið gífurlegur halli á þjóðarbúskapnum í sjálfu sér, þótt einhver afgangur kæmi fram í sambandi við gjaldeyrisstöðuna í þrengstu merkingu.

Og hvernig mundi svo útlitið vera? Ekki er hægt að halda svona niðurskurði á neyzlunni áfram ár eftir ár, þó að það sé máske hægt í nokkra mánuði. Slíkt er ekki mögulegt. Ekki er hægt að stöðva mikinn hluta uppbyggingarinnar í landinu ár eftir ár, án þess að það komi gífurlega fram á sjálfum þjóðartekjunum og þjóðin færist bókstaflega á kaf í það fen fátæktarinnar, sem þessi stefna óneitanlega færir hana ofan í, ef ekki verður breytt um aðferðir.

Á þessu sjáum við, að það út af fyrir sig segir ekki mikið, hvort gjaldeyrisstaða bankanna batnar eða batnar ekki. Það segir ekki mikið út af fyrir sig. Aðalatriðið er, hvernig þessi stefna verkar á þjóðarbúskapinn og hvort hún getur yfirleitt staðizt til frambúðar.

Það er líka fleira í sambandi við það, þegar hæstv. fjmrh. landsins kemur fram og kastar út svona tölu, sem á að vera innlegg í alvarlegar umræður um þessi mál. Hann segir, að gjaldeyrisstaðan hafi batnað um 200 millj. frá því í febrúarlok. Er hann þá búinn að taka það til greina, hæstv. ráðh., að nú hefur verið keypt mikið af vörum til landsins gegn vörukaupalánum erlendis og það í miklu stærra mæli en áður hefur verið? Nei, auðvitað ekki. Hann er alls ekki búinn að taka þetta til greina. Er hann búinn að taka til greina, hversu mikið af öðru lánsfé hefur verið notað eða flutt til landsins á árinu? Nei, alls ekki. Hann hefur ekkert tekið það til greina. Hann slítur bara eina tölu út úr þeirri keðju af tölum, sem þarf að skoða til þess að átta sig á afkomu landsins út á við, og kastar henni fram alveg órökstuddri, þó að sú tala ein út af fyrir sig sýni alls ekki, hvernig búskapur þjóðarinnar út á við hefur gengið. Þetta leyfir hæstv. ráðh. sér samt að gera og telja innlegg í þessi mál.

Síðan kemur sá leikur hæstv. ríkisstj. að bera gjaldeyrisstöðuna saman við gjaldeyrisstöðuna í lok febrúarmánaðar. Vitanlega hefur slíkt ákaflega litla þýðingu að taka þannig eitthvert tímabil út úr árinu, slíta það út úr og gera það upp út af fyrir sig. Það eina eðlilega í þessu er að gera árið í heild upp út af fyrir sig og bera það saman við önnur ár. Í febrúar

er vertíðin t. d. nýbyrjuð og búið að kaupa geysimikið af varningi til vertíðarinnar, en ekkert farið út af afurðum ársins. Hér við bætist, að í febrúarlok s. l. vetur munu hafa verið óvenjulega miklar birgðir í landinu sjálfu af afurðum frá fyrra ári óseldum, sem hafa farið út á þessu ári, — þannig að þessi tala gefur, einnig þegar þetta er skoðað, enga hugmynd um það, hvernig gjaldeyrisbúskapurinn hefur gengið. Það er því stórkostlega ámælisvert af hæstv. ráðh. að kasta svona tölum fram. Það getur varla orðið skoðað öðruvísi en að hæstv. ráðh. vilji bókstaflega leiða athygli manna frá þeirri heildarmynd, sem blasir við, ef allir þættir þessa máls eru réttilega saman teknir. En það er auðvitað sú heildarmynd ein, sem hefur nokkra þýðingu, nema þá í blekkingarskyni, og það er ekki fallegt, ef hæstv. ráðh. er að fleygja fram svona tölum í því skyni.

Það er ekki hægt að átta sig á því nú, hver verður gjaldeyrisniðurstaða þessa árs. En ég segi: Það mætti fyrr vera hörmungin, — og það vonar maður, að eigi ekki eftir að henda, — það mætti nú fyrr vera hörmungin, ef það yrði ekki verulegur gjaldeyrisafgangur á þessu ári, jafngífurlega og kaupgeta manna hefur verið slegin niður og framkvæmdir dregnar saman. Það mundi ekki spá vel fyrir næstu framtíð, ef slíkt ætti eftir að koma í ljós. Í lengstu lög verða menn þó að vona, að útkoman verði ekki svo hræðileg, alveg eins og ég sagði hér í sambandi við framlengingu söluskattsins, að ég á bágt með að trúa því, að svo ömurleg reynsla verði jafnvel af því, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, að það verði ekki verulegur greiðsluafgangur á ríkisbúskapnum á þessu ári. Það væri sannarlega ömurleg útkoma, ef það yrði ekki, þar sem hlaðið var á þjóðina nýjum álögum í fyrravetur, svo að mörgum hundruðum millj. kr. skipti, og tekjurnar áætlaðar svo lágt, að viðskipti þjóðarinnar hefðu mátt verða mun lægri en þau voru fyrir tveimur árum og tekjurnar stæðust samt. Þannig var í pottinn búið og því óhugsandi að gera ráð fyrir öðru en það hlyti að verða stórkostlegur greiðsluafgangur. Og ég trúi því ekki, fyrr en ég sé það, að svo ömurlega hafi til tekizt, þótt illa væri á haldið, að það verði ekki verulegur greiðsluafgangur á ríkisbúskapnum og líka gjaldeyrisafgangur í viðskiptunum við útlönd. Og mundi það sannarlega ekki, þótt þetta yrði hvort tveggja, segja mikið um, að skynsamlega hefði verið á haldið, fjarri því. Þar koma aðrir þættir til, sem ég hef rakið hér lauslega.

Ég skal nú stytta mál mitt og fara að láta þessum aths. lokið. En aðeins einn þátt vil ég þó nefna, vegna þess að ég gerði hann að umtalsefni í sambandi við söluskattsfrv. að hæstv. fjmrh. áheyrandi og beindi þá til hans spurningu út af þeim þætti málanna. Hann virti þá spurningu ekki svars þá og svaraði henni í raun og veru ekki heldur í þeim fáu orðum, sem hann sagði hér fyrir matinn. En þau orð lutu þó að sama efni og ég spurði hann um. Hann hefur oft, ráðherrann, og var að því nú enn í kvöld, að tala um, hvað kaupgeta fólks hafi í raun og veru verið lítið skert. Manni verður hugsað í því sambandi til málflutnings ráðh. um gjaldeyrisafganginn.

Það vita allir, að framleiðslan hefur lamazt, dregizt saman og þjóðartekjur minnkað. Og sé stórkostlegur gjaldeyrisafgangur, eins og hæstv. ráðherra var að reyna að fá menn til að trúa og ég veit ekkert um, af hverju getur það þá stafað? Ekki stafar það af auknum tekjum. Nei, það stafar þá af því, að kaupgeta almennings hefur verið svo gífurlega skert. En svo er þessi sami hæstv. ráðh. í sömu tíu mínútna ræðunni að færa fram rökstuðning um, að í raun og veru hafi kaupgeta manna sama og ekkert verið skert. Í þeim dæmum, sem menn hafi tekið, hafi menn alveg gleymt að taka tillit til þess, að bæði fjölskyldubætur og lækkanir á sköttum hafi vegið hér á móti, og í rammamyndum af þessu öllu, sem hæstv. ráðh. lætur af og til birta í blöðunum, lætur hann það dæmi venjulega ganga svona hér um bil upp, það hafi í raun og veru ekkert verið skert kaupgeta manna. Það sýnir svo samræmið í þessu, þegar hann svo talar um gjaldeyrisafganginn.

En út af þessu sífellda tali hæstv. ráðh. um vísitölubúið vil ég leyfa mér enn að endurtaka það, sem ég sagði í fyrradag, og það er þetta: Það er gert ráð fyrir því, að vísitölubúið þurfi að hafa 68 þús. kr. tekjur eða því sem næst, og ég spurði hæstv. ráðh., hvar verkamenn og bændur ættu nú að taka 68 þús. kr. tekjur til að greiða kostnaðinn við að framfleyta þessari margumtöluðu vísitölufjölskyldu, sem hæstv. fjmrh. miðar allar sínar hugleiðingar við. Hvar á meginþorri almennings, þ. e. a. s. verkamenn og bændur, að taka þessar tekjur, eftir að búið er að þjarma þannig að framleiðslunni, að eftirvinnan, sem menn hafa notað til þess að fá endana til að mætast, hverfur að miklu eða máske öllu leyti og atvinnuleysi kemur í staðinn? Ég bað hæstv. ráðh. þá að snúa sér að því að gera grein fyrir hag þeirra og heimilisreikningi þeirra, því að þessi vísitölureikningur er eins konar heimilisreikningur. Ég bað hann að snúa sér að því að athuga heimilisreikning þeirra, sem ættu að lifa á 4 þús. kr. á mánuði, sem er kaup verkamanns, sem hefur vinnu 8 stundir hvern einasta dag og aldrei verður lasinn — og aldrei þarf að láta sig vanta í vinnu. Það mundi hafa miklu meira gildi, ef hæstv. ráðh. vildi snúa sér að þessu verkefni, en vera að þessu sífellda fimbulfambi um vísitölubúið og í því sambandi viðhafa þær hártoganir, sem eru hrein storkun við almenning í landinu.

Þessar hártoganir hæstv. ráðh. í sambandi við þessi mál eru hrein storkun við þá, sem horfa fram á þá alvöru, sem orðin er varðandi möguleika á því að sjá sér og sínum farborða. Þær eru hrein storkun í þeirra garð, þessar hártoganir ráðh. Honum væri nær, í stað þess að halda þessum storkunum áfram, að snúa sér að því verkefni að gera grein fyrir búskap þeirra bænda og verkamanna, sem ætlað er að framfleyta sér og sínum fjölskyldum á þeim tekjum, sem ég hef margnefnt, reyna að reikna

út eða láta sína menn reikna út, hvernig þetta geti staðizt, hvaða glóra sé í þessu. Og ef hæstv. ráðh. sýndi einhverja alvarlega viðleitni í þessu, býst ég við, að hann mundi fara að verða áhyggjufullur út af því, hvernig þetta fái í raun og veru staðizt, sem hann og aðrir hafa verið að matreiða.

En það er bara sagt, eins og ég minnti á hér í fyrradag, að þetta verði svo að vera, af því að það sé ekki hægt að borga meira. Og það segir ríkisstjórnin, sem hefur hækkað vextina á framleiðslunni þannig og það sumpart á afurðalánum, sem kosta bankana ekki neitt nema pappírinn, sem víxlarnir eru skrifaðir á, hækkað vextina þannig, að það mun í mörgum dæmum hafa aukið útgjöld framleiðslufyrirtækjanna sem svarar 20% af öllu kaupgjaldi þeirra. Hefur hæstv. fjmrh. engar áhyggjur af þessu? Heldur hann, að þetta geti staðizt? Sér ekki hæstv. ráðh., að þetta fær ekki með neinu móti staðizt? Og ef hæstv. ríkisstj. snýr ekki alveg við á þeirri braut, sem hún hefur gengið, og gerir ráðstafanir tafarlaust til þess t. d. að lækka vextina og afnema innflutningssöluskattinn og gerir aðrar ráðstafanir í framhaldi af því, sem kynnu að geta orðið til þess, að ekki yrðu almennar kauphækkanir í landinu, þá hljóta þessar ráðstafanir, sem hún hefur verið að gera, að verða til þess, að hér rís í landinu enn frekari hækkunaralda. Það er óhugsandi annað.

Það eru mikil vonbrigði, að þegar málin eru rædd og bent er á þessar staðreyndir, þá skuli hæstv. fjmrh. ekkert hafa fram að bera annað en fullyrðingar um, að það sé allt í lagi, þetta stafi bara allt af því, að togararnir hafi fiskað illa núna í nokkra mánuði. Það er það eina, sem fjmrh. landsins hefur að segja um þessi mál og um þetta útlit.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér virðist nú sem umr. við þessa umr. ætli að falla mjög í sama farveg og við 1. umr., þ. e. a. s. um efnahagsmálin almennt, en minna um það frv., sem hér liggur fyrir að afgreiða.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, fer aðeins fram á tvennt, þ. e. a. s. að afnuminn verði 2½% útflutningsskatturinn, sem lagður hefur verið á allar útfluttar afurðir, og að heimilað verði að nota þann afgang, sem í útflutningssjóði er, þegar öllum skuldbindingum hans er lokið, í þágu þeirra atvinnugreina, sem hafa lagt fé fram í sjóðinn, þ. e. a. s. að langmestu leyti til sjávarútvegsins og þá í samráði við landssamtök útvegsmanna til þess að greiða vátryggingargjöld skipanna, svo langt sem hann nær. Ég skal ekki fara að rifja upp það, sem um þetta var sagt við 1. umr. En aðeins finnst mér, að ég geti ekki komizt hjá því að minnast á eitt atriði, sem þá bar mjög á góma og kannske mest, að mér er sagt, þegar ég gat ekki verið hér viðstaddur í gærkvöld, ætla ég, að það hafi verið, og í sambandi við söluskattinn hefur þetta líka komið fram, þ. e. a. s. það, að því hefur verið haldið fram, að staða útflutningssjóðs hafi í árslok 1959 verið svo góð, að ekki hafi þurft til neins útflutningsskatts að grípa. Og meira að segja hafa sumir ræðumenn, að því er mér er tjáð, reiknað sig upp í það, að afgangurinn af útflutningssjóði verði nú miklu meiri en nemur þeim útflutningsskatti, sem greiddur hafi verið, og þeim, sem eftir er að greiða.

Út af þessu vil ég aðeins taka fram, að ég held, að allar tölur, sem notaðar hafa verið um stöðu útflutningssjóðs fyrr og síðar, séu ekki undan rifjum ríkisstj. runnar, heldur allar komnar frá stjórn útflutningssjóðsins og þess vegna fyrst og fremst á hennar ábyrgð. Ég segi þetta ekki stjórn útflutningssjóðs til neins vansa, en ég vil aðeins geta þess, að þessar tölur eru alls ekki á neinn hátt búnar til eða fundnar af ríkisstj., heldur þarna frá komnar.

Í nóvembermánuði 1959, þegar drögin voru lögð að efnahagsmálalöggjöfinni, var talið, að staða útflutningssjóðsins væri þannig, að það mundi vanta 270 millj. kr. á, að endarnir gætu náð saman, þegar hann hefði staðið við sínar skuldbindingar. Gert var svo ráð fyrir, að 150 millj. af þessari upphæð fengjust með gengishagnaði, en 120 millj. yrðu teknar með útflutningsskatti. Ég held, að þessi tala, 270 millj., hafi verið mjög nálægt því að vera rétt og hali útflutningssjóðs vissulega þetta mikill, þó að nú hafi komið á daginn, að meira verði eftir í sjóðnum en gert hafði verið ráð fyrir, þegar þetta yfirlit var gert. Og þetta er auðskýranlegt og auðskiljanlegt, ef maður vill líta á málið með sanngirni og ekki reyna að vefja það inn í einhverjar umbúðir, sem mér virðist nú hafa verið gert þannig í umr., að það sé helzt til þess fallið að reyna að torvelda mönnum að skilja stöðu sjóðsins. Það, sem skeði í árslok 1959, þegar þessi áætlun var gerð, var það, að stjórn útflutningssjóðs reyndi að mynda sér skoðun um það, hvað mikið af þeim vörubirgðum, sem til voru í landinu og áætlað var að mundu verða til um áramótin, mundi seljast á gamla genginu fyrir 15. febr. 1960 og hvað mikið eftir. Og það var náttúrlega nauðsynlegt að gera þetta, því að með hverju krónuverðmæti, sem út var flutt á fyrra tímabilinu, varð útflutningssjóðurinn að borga 80% úr sjóðnum. En fyrir hverja krónu, sem út var flutt, eftir að gengisbreytingin var gerð, þurfti sjóðurinn ekki að borga neitt, heldur fékk hann um það bil 50% tekjur. Í þessu liggur sá munur, sem orðið hefur á stöðu sjóðsins þá og nú. Það er að segja, við það, að það dregst meira en gert hafði verið ráð fyrir að flytja út þessar vörur, þannig að þær eru fluttar út á hinu nýja gengi, þá fær sjóðurinn tekjur af þeim í staðinn fyrir að borga með þeim úr sjóðnum. Þetta er það, sem hefur skeð, og þetta er það, sem hefur bætt hag sjóðsins þannig, að hann getur nú átt við uppgjör þessar tiltölulega háu upphæðir, sem ekki hafði verið reiknað með í upphafi eða á þessu tímabili. Það er þess vegna eingöngu fyrir efnahagsaðgerðirnar, sem sjóðurinn hefur orðið eins öflugur og reynslan sýnir í dag. Það er vegna gengislækkunarinnar, að sjóðurinn hefur eignazt það fé, sem hann hefur eignazt, og eingöngu þess vegna,

því að hagur sjóðsins og halli um áramótin eða rétt fyrir áramótin 1959—60 var vissulega, eins og sagt hefur verið, um 270 millj. kr., þó að hann sé nú orðinn það miklu minni, að hann geti skilað aftur þeim fúlgum, sem nú er gert ráð fyrir, þ. e. a. s., þegar allt er innheimt, um eða yfir 80 millj. kr. Það er annað líka, sem framkvæmdastjóri sjóðsins hefur tjáð mér í dag við eftirgrennslan. Ég spurði hann um þetta mál. Hann sagði, að þegar vara er flutt út til Ameríku, hraðfrystur fiskur, þá er hún seld í umboðssölu og gjaldeyrisskilin eru ekki gerð fyrr en miklu síðar. En úr sjóðnum er greitt, um leið og umboðsvaran fer úr landi, 75% af áætluðum uppbótum, eða um það bil 60% af andvirði vörunnar. Í staðinn fyrir að þurfa nú að bæta við á þessa uppbótargreiðslu, þessi 60%, 20% í viðbót til þess að komast upp í 80%, þá fær sjóðurinn við gengisbreytinguna framlag, sem nemur 133% vegna gengisbreytingarinnar. Það er því gengisbreytingin og gengisbreytingin ein, sem hefur framkallað þá stöðubreytingu, sem orðið hefur á útflutningssjóðnum. Og það er hún, sem hefur gert honum mögulegt að skila aftur þessum upphæðum, þessum 80—88 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að hann geti skilað, þegar hann verður endanlega gerður upp og hefur greitt allar sínar skuldbindingar og fengið alla sína peninga. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga fyrir þá, sem með sannleiksleit fyrir augum vilja reyna að komast að botni í málinu. Ég veit að vísu ekki, hvort allir hafa það fyrir augum, sem um þetta mál hafa fjallað hér. Í þessu og þessu einu liggur orsökin.

Efni þessa litla frv. er ekki mikið né flókið, eins og ég sagði í upphafi, aðeins um þetta tvennt, að afnema skattinn og nota afganginn í þessu skyni, sem ég hef líka nefnt. En ég get ekki látið hjá líða að geta þess, að mér hefur í dag borizt bréf frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, þar sem farið er fram á það, að þessum skatti verði haldið áfram, — útflutningsskattinum, 2½%, verði haldið áfram og hann innheimtur eins og áður og notaður til áframhaldandi greiðslu vátryggingariðgjalda. Ég hef svarað þeim því, sem þetta mál fluttu við mig, að ég teldi ekki rétt að blanda því saman við þessa afgreiðslu hér, vegna þess að það hefur engin tengsl við efnahagsmálaafgreiðsluna í sjálfu sér, heldur er þetta aðeins fyrirkomulagsatriði um greiðslu á vátryggingariðgjöldum og ætti því að takast upp sérstaklega, ef það verður gert. Ég vildi aðeins skýra frá, að þetta hefði komið fram, ef út í það verður farið síðar að gera einhverjar ráðstafanir í þessa átt eftir ósk útvegsmanna sjálfra, því að þetta hefur ekkert samband við það frv., sem hér er verið að afgreiða. Það er aðeins fyrirkomulagsatriði um greiðslu vátryggingariðgjalda útvegsmanna, hvort sem það verður nú tekið upp í þessu formi eða öðru eða þeir gera það sjálfir, ef þeir óska. Það er einungis þeirra mál. En ég vildi, að þetta kæmi hér fram.

Um frv. sjálft hef ég svo ekkert frekar að segja, en vænti, að það geti fengið að ganga fram nokkurn veginn með eðlilegum hætti og hraða, a. m. k. verði afgreiðslu þess lokið, áður en þinginu er frestað nú eftir nokkra daga, til þess að það verði hægt að taka þá sjóðseign útflutningssjóðs, sem handbær er, eða verulegan hluta af henni til þess að nota í því skyni, sem frv. gerir ráð fyrir. En eins og ég sagði í upphafi, hafa þessar umr. nú fallið mikið til í sama farveginn og við 1. umr., og ég hef heyrt hér þá tvo þm. Austf, hv. 1. og hv. 4. þm. þess kjördæmis, flytja hér nokkurn veginn sömu ræðuna og þeir fluttu við 1. umr., og skal ég þess vegna ekki elta ólar mikið við það. Ég get þó ekki stillt mig um að rifja upp, hversu fráleit fullyrðing hv. 4. þm. Austf. er um það, að eiginlega hafi aflabrögðin á árinu 1960 verið góð og lítið eða ekkert verri en þau voru árið áður. Hann sagði að vísu, að aflabrögð togaranna hefðu verið ögn lakari, en það væri ekki svo mikið, að orð væri á gerandi, og hann vildi skýra mismuninn í aflabrögðum fyrst og fremst með því, að togararnir hefðu farið fleiri söluferðir til útlanda og þar af leiðandi verið skemur á veiðum en árið áður, og mismunurinn í aflabrögðum væri kannske ekki mjög miklu meiri en sem svaraði þeim tíma, sem tapazt hefur við þessar söluferðir. Ég man nú ekki nákvæmlega, hvaða tölur hann nefndi um fjölda söluferðanna, og ég hef ekki sannprófað, hvort þær eru réttar, en ég held, að hann hafi nefnt, að þær væru 66 ferðum fleiri á árinu 1960 en þær voru á árinu 1959 til 1. okt., þ. e. a. s. þann hluta ársins, sem við er miðað, þegar við höfum rætt um breytingu í aflabrögðum togaranna á þessu ári, því að lengra ná skýrslur ekki. Ef gengið er út frá því, að þessi tala sé rétt, að togararnir hafi farið 66 ferðum oftar til útlanda en á árinu 1959 á sama tíma, og ef gert er ráð fyrir, að það fari upp undir hálfur mánuður í ferð fram og til baka, þá svarar það til 33 mánaða veiðitíma fyrir einn togara. En hv. þm. tekur ekki með á móti þá togveiðimánuði, sem nýju skipin hafa lagt fram í þessa „púlíu", sem þó eru áreiðanlega margir. Það er að vísu svo, að nýju skipin komu flest síðari hluta ársins, þó að eitt hafi komið a. m. k. á miðju sumri, og það kemur þó alltaf þarna til frádráttar. Enn fremur má geta þess, að á árinu 1959 voru veiðiferðirnar til Nýfundnalands miklu fleiri en þær voru á árinu 1960 á sama tíma, og ferðalagið frá Nýfundnalandi til Íslands og til baka er nú ekki miklu styttra en frá Íslandi til Þýzkalands, sem togararnir helzt hafa farið til. Ég ætla þess vegna, að ef ferðatíminn á árinu 1960 er tekinn og borinn saman við ferðatímann 1959, þá sé ekki þar neinn verulegur munur á, og ef nokkur er, þá sé hann heldur meiri 1959 en hann var á árinu 1960, þannig að togtímarnir hjá togurunum á árinu 1960 eru sízt færri en þeir voru á árinu 1959. Þetta verður að taka með, ef á að gera upp aflann miðað við togtíma, sem sjálfsagt er sá réttasti grundvöllur, sem hægt er að hafa til samanburðar. En hver er svo mismunurinn í afla á þessum ¾ úr ári, sem samanburðurinn nær yfir? Hann er hvorki meira né minna en í kringum 40 þús. tonn. Og

ef gert er ráð fyrir því, að aflinn sé svona upp og ofan um kr. 2.50 kg, þá eru þetta hvorki meira né minna en 100 millj. kr. Það eru 100 millj. kr., sem togararnir hafa haft minna í afla 1960 en þeir hafa haft 1959. Og segi hann svo, þessi hv. þm., að hér sé mjög lítill munur á. Ætli togarana munaði ekki um það, ef þeir hefðu fengið hver talsvert mikið á þriðju millj. kr. meira fyrir afla sinn á þessum þremur ársfjórðungum heldur en þeir hafa raunverulega fengið? Ég ætla það.

Þá þrástagast báðir þessir hv. þm. á því, að aflinn á síldveiðunum í sumar hafi nú aldeilis ekki verið klénn, hann hafi verið sá næsthæsti á undanförnum 16 árum. Þetta er út af fyrir sig gott og blessað. Það er hægt að standa við þetta. Þetta er sjálfsagt rétt í tölum tekið. En hver reginmunur er ekki á þeim skipastól, sem hefur átt við þessar síldveiðar í ár, og á þeim útgerðarkostnaði, sem orðið hefur með öllum þeim nýtízkutækjum, sem fengin hafa verið, að því ógleymdu, að næstum því hver einasti bátur hefur með tilkomu hinna nýju nælonnóta orðið að gera upp allan sinn veiðarfæraútbúnað? Það er þetta, sem gerir það að verkum, að afkoma síldveiðanna í ár er svo miklu, miklu verri en reiknað hafði verið með og eðlilegt hefði verið. Síldarleitartæki hafa verið sett í fjölmörg skip og nýjar nætur í þau öll, og hvort tveggja kostar mörg hundruð þúsunda króna. Ég held þess vegna, að það sé fullkominn misskilningur að reyna að telja manni trú um það, að vegna þess að heildaraflinn 1960 er sá næstmesti, sem fengizt hefur síðustu 16 ár, sé afkoman við þessar veiðar eitthvað sérstaklega góð. Nei, það er vissulega ekki.

Bátaútvegurinn hefur fengið eins mikið og í fyrra, sagði hv. þm., og jafnvel meira. Já, þetta er rétt. En hvað mörg skip hafa bætzt við í flotann á þessu tímabili? Hvað mörg ný skip og dýr skip hafa bætzt við flotann? Hvað hefði aflamagnið með eðlilegum hætti átt að aukast mikið við það? Nær aukningin, sem orðið hefur, því, sem þessi skip hefðu átt að afla? Það er síður en svo. Útkoma bátanna, þó að þeir hafi í heild fiskað örlítið meira en í fyrra, verður, miðað við skipatölu og útbúnað, miklu lakari en áður. Það er þetta fyrst og fremst, sem valdið hefur því, að afkoma útvegsins er verri í ár en hún var í fyrra, og vissulega einnig verðfallið á mjöli og lýsi. Það er hald fróðustu manna, að það sé a. m. k. 150 millj., sem sú sala gefi verri útkomu en hún hefði átt að gera, ef verðið hefði haldizt eins og það var í fyrra. Ég held, að þessar staðreyndir, 150 millj. kr. minna vegna lækkaðs vöruverðs og 100 millj. kr. minna vegna minnkaðs afla togaranna og verulega minna vegna síldveiðanna, þetta geri sannarlega svo mikið strik í reikninginn, að það sé nóg til að skýra þá erfiðleika, sem orðið hafa á hag útvegsmanna í ár, miðað við það, sem var í fyrra.

Þegar gengisbreytingin var gerð, var hún miðuð við það, að hagur útvegsins yrði eins og áður, eins og árið 1959, eða ekki lakari en árið 1959, að óbreyttum afla og óbreyttu söluverði á afurðunum. Ef þetta hefði staðizt hvort tveggja, aflinn orðið óbreyttur og vöruverðið líka haldizt, þá er óhætt að fullyrða, að afkoma útvegsins hefði ekki orðið lakari en hún var í fyrra. Ég held því, að það sé óhætt að slá föstu því, sem þessir menn eru alltaf að reyna að hrekja, að versnandi hagur útgerðarinnar stafi ekki af þeirri kerfisbreytingu, sem gerð hefur verið á efnahagsmálum þjóðarinnar, hann stafi ekki af henni, heldur eingöngu af minnkandi aflabrögðum og lægra verði á afurðum.

Hv. 1. þm. Austf., sem talaði hér næst á undan mér, sagði, að nú væri verið að grípa til nýrra ráðstafana til þess að bæta upp þau mistök, sem unnin hefðu verið með setningu efnahagslaganna. Það er rétt, að það hefur verið talað um það að endurgreiða afgang útflutningssjóðs til útvegsins. Hvað nemur það miklu? Það nemur kannske í hæsta lagi 80 millj. kr. Það hefur verið talað um að lækka eitthvað vextina. Um það er ekkert afráðið enn þá. Þó að það verði gert, nemur það ekki nema kannske í hæsta lagi tveimur tugum millj. króna. En þó að þetta væri greitt til útvegsins hvort tveggja, þá nægir það ekki nema til þess að borga í kringum þriðjunginn af þeim skakkaföllum, sem útvegurinn hefur orðið fyrir af völdum aflatregðu og verðfalls. Og hvar er þá það, sem verið er að leggja fram vegna þess, að kerfið hafi gert þeim erfitt fyrir? Þessi — ef ég má kalla það aðstoð — eða þessi endurgreiðsla á afgangi útflutningssjóðs og breyting vaxta er ekki nema lítill hluti af þeim skakkaföllum, sem þessi atvinnuvegur hefur orðið fyrir af aflatjóni og verðfalli. Það er því síður en svo, að það sé verið að greiða nokkuð upp í mistök hins nýja kerfis, og því miður ekki einu sinni hægt að bæta sjávarútveginum upp þau skakkaföll, sem hann hefur orðið fyrir af þessum tveim ástæðum, sem ég hef nú lýst.

Þá kom hv. síðasti ræðumaður nokkuð inn á gjaldeyriseign bankanna og það, sem hæstv. fjmrh. hafði sagt um aukningu á gjaldeyriseign þeirra, og fór um það mjög einkennilegum orðum, að því er mér fannst. Hann flutti þá alveg nýju og nýstárlegu kenningu, a. m. k. hef ég aldrei heyrt hana fyrr, að með því að safna gjaldeyrisinnstæðu erlendis eða bæta gjaldeyrisstöðuna værum við að éta út eigur þjóðarinnar. Mér finnst þetta afar skrýtin kenning af manni, sem hefur verið fjmrh. helminginn af sinni pólitísku ævi. Hún var svona, nákvæmlega svona: að það væri verið að éta út eigur þjóðarinnar með því að bæta gjaldeyrisstöðuna. Ég sannast sagna er ýmsu vanur úr þessari átt, en þetta á ég algerlega ómögulegt með að skilja með mínum bezta vilja. Ég hélt þvert á móti, að það væri verið að geyma — til þess að geta étið síðar — verulegan hluta af tekjum þjóðarinnar, sem þarna væri lagður fyrir. Og það er auðvitað það, sem er verið að gera. En að það beri vott um einhverja sérstaka eyðslu að safna fyrir gjaldeyrisforða, það er svo fráleitt, að tekur engu tali. Ég vil segja, að einhver veikasti punkturinn í öllu okkar efnahagskerfi sé, að við höfum aldrei getað eignazt neinn gjaldeyrissjóð, — aldrei. Við höfum verið með negatívan verzlunarjöfnuð í

fjöldamörg ár, og það ætti þessi hv. þm. að þekkja vel úr sinni ráðherratíð. Þeir erfiðleikar, sem því eru samfara að slá út lán til næsta dags, en geta aldrei farið í sinn eigin vasa og borgað af innstæðu, það eru þeir erfiðleikar, sem hafa verið einna verst viðráðanlegir hjá öllum stjórnum upp á síðkastið. Ég held, að það sé eitt af því allra nauðsynlegasta, sem við þurfum að gera, Íslendingar, að eignast einhvern gjaldeyrissjóð, sem við getum notað, ef í harðbakka slær. Það er þess vegna það fyrsta, sem við þurfum að gera, að reyna að koma á pósitívum greiðslujöfnuði við útlönd til þess að geta farið að safna svolítið í þennan sjóð eða mynda vísi að slíkum sjóði. Fyrst er auðvitað að borga upp þann lausaskuldahala, sem við erum með og höfum verið með allt of lengi, og stefna síðan að hinu, að mynda gjaldeyrissjóð.

Ég skal ekki fara út í það frekar, þó að það væri freistandi, hvernig þessi staða var orðin og hversu erfitt það var fyrir þjóðina að slá lán frá degi til dags til þess að geta aflað sér hinna brýnustu nauðsynja. Það var komið svo langt á niðurleið, að það var komið alveg á mörkin, að við gætum slegið nægilega mikla peninga til þess að geta borgað okkar brýnustu nauðsynjar. Það hélt við, að bankarnir þyrftu að loka um áramótin 1959 og 1960, og þess vegna voru þessar ráðstafanir nauðsynlegar, — fyrir utan það, að það kostar líka meira að lifa á þennan hátt. Vaxtagreiðslurnar eru gífurlegar og afborganir á stuttum lánum eru líka gífurlegar. Það er nú vitað, að við erum ekki í tölu þeirra þjóða, sem mesta gjaldabyrði hafa, heldur erum við komnir upp fyrir þær hæstu. Gjaldabyrðin á árinu 1961 er áætluð talsvert á fimmta hundrað millj. kr. Það verður þarna að spyrna við fótum, ef ekki á að fara allt úr skorðum hjá okkur.

Hv. þm. sagði, að það væri nú meiri hörmungin, ef gjaldeyrisaðstaðan gæti ekki batnað nú. En vissulega var stefnt að því að bæta gjaldeyrisstöðuna, og það hefur tekizt. Það hefur tekizt að bæta hana. Það er einn þátturinn af þeirri viðleitni, sem uppi var höfð með setningu efnahagslaganna, að bæta gjaldeyrisstöðuna, og það hefur tekizt. Það hefur að vísu orðið á kostnað almennings í landinu að nokkru leyti, það skal viðurkennt. En það er bara ekki hægt að gera það öðruvísi en það sé gert á kostnað almennings í landinu. Ég held, að ríkisstj. hafi tekizt að deila þeim byrðum, þótt erfiðar séu, ekki óréttlátlega, því að ég hef engan heyrt nefna neinn hóp manna í þessu þjóðfélagi, sem þurfi ekki að taka á sig einhverja slíka byrði. Það er nauðsynlegt, til þess að fólkið uni við þær, að nokkuð hlutfallslega jafnt sé lagt á herðar hvers og eins, og það verður ekki gert öðruvísi en einhverjar byrðar séu lagðar á herðar hvers og eins. Hitt er svo allt annað mál, að þær byrðar, sem nefndar hafa verið í þessu sambandi af hv. stjórnarandstöðu, eru svo miklu meiri en rétt er. Þeir segja, að verð á vörum og þjónustu skeri alveg úr um þetta. En verð á vörum og þjónustu er ekki það eina, sem þarna kemur til greina. Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið við hliðina á og ætlaðar eru til að draga úr erfiðleikunum hjá almenningi, verða vissulega að teljast með, ef rétt mynd á að fást. Bætur almannatrygginganna koma hér náttúrlega fyrst og fremst til greina. Og ef þær eru teknar með í reikningsdæmið, þá er ekki hækkun framfærslukostnaðar, eins og stjórnarandstaðan vill vera láta, kannske 15, 16 stig, heldur er hún aðeins í kringum 4 stig. Og það er það, sem ríkisstj. hafði vonað, að þjóðin mundi sætta sig við, á meðan jafnvægi væri að komast á og á meðan þessi nauðsynlega læknisaðgerð væri að fara fram.

Ég tel svo ekki ástæðu til, að ég ræði um þetta frekar að sinni. Ég vildi aðeins láta það koma fram, hvers vegna útflutningssjóðurinn hefur getað orðið þess megnugur að skila þessum afgangi, sem hann hefur gert, sem ég tel vera beina afleiðingu af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, og ef þær hefðu ekki verið gerðar, þá hefði skuld útflutningssjóðs verið enn í dag um 270 millj. kr., sem hann væri að basla með. Ég vildi líka láta það koma fram, að útvegsmennirnir hafa óskað eftir, að þessum skatti yrði fram haldið. En hvað sem um það verður, þá tel ég ekki rétt að blanda því saman við þetta, heldur verði það að takast upp sérstaklega.

Frsm. 2. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Tilefni þess, að þessar umræður hafa orðið, er fyrst og fremst sú ræða, sem hæstv. fjmrh. hélt í kvöld. Ég vildi mjög gjarnan, að hann væri mættur hér, vegna þess að ég ætlaði að svara honum. (**Sjútvmrh.:** Ég mæti fyrir hann.) Það er ekki til neins, að neinn mæti fyrir hann. Við höfum hér áður reynslu af því, það kom fyrir í fyrra, — þetta er ekki í fyrsta skipti, sem hæstv. fjmrh. skrópar, — þá setti hann landbrh. í staðinn fyrir sig, og ég spurði landbrh. að því, hvort hann mundi nú flytja ráðherranum þetta, sem ég sagði, og svo þegar ég fór að yfirheyra hann, var hann búinn að gleyma helmingnum. (**Sjútvmrh.:** Ég skal reyna að muna nákvæmlega.) Ég fer fram á það við hæstv. forseta til þess að ofþyngja ekki minni hæstv. sjútvmrh., hvort hann álíti, að til þess væri nokkur von, að hæstv. fjmrh. kæmi aftur, og það þýddi að reyna að gera ráðstafanir til þess. (**Forseti:** Forseti hefur áður svarað tilmælum um þetta frá hv. 1. þm. Austf. og hefur engu við það að bæta.) Það er nefnilega alllangt liðið síðan, svo að ég hélt, að þetta mundi bara vera eitthvert kvöldgöltur á hæstv. fjmrh., en mundi ekki verða næturgöltur. Ég sé nú fram á, að sagan ætlar að endurtaka sig, svo að ég mun þá snúa mér að fjármálaráðherrastólnum, fyrst hann er ekki sjálfur mættur. Hins vegar verð ég að segja það, að það er eindæma ræfilsskapur, sem ég vart man eftir á Alþingi hér áður, af einum ráðherra að þjóta upp rétt fyrir kvöldmat, hreyta út úr sér alls konar ósannindum og ýmsu þaðan af verra og stökkva svo burt og þora ekki að standa fyrir máli sínu, jafnvel ætla að fara að láta alsaklausa menn standa fyrir máli sínu. Ég verð að segja það, að slíkum götustráka-

hætti, að hafa slíkt í frammi, hefði ég ekki búizt við af eins hæverskum manni og hæstv. fjmrh. er í tali. Það þýðir nú yfirleitt lítið að vera kurteis í tali, en koma svo fram eins og dóni í verki. Og ég verð að segja viðvíkjandi þeim ósannindum, sem hann sagði hér í minn garð, að mér finnst það helviti hart, að hann skuli hafa hlaupið burt, og ég get jafnvel trúað, að hann hafi hlaupið beint yfir í Morgunblaðið með lygina. Ég hélt hann hefði þá getað farið með hana beint í Morgunblaðið og ekki þurft að koma með hana hér á Alþingi áður. Ég held þess vegna, að þessi framkoma sé fyrir neðan allar hellur. Hæstv. fjmrh. hefur ekki staðið svo vel í stöðu sinni gagnvart Alþingi, að honum farist að sýna Alþingi slíkan dónaskap. Við sitjum hér í fjhn. þessarar deildar, og við fáum þau frv., sem fjmrh. gat verið búinn að leggja fyrir snemma á Alþingi, nú fyrst. Við vorum í morgun að meðhöndla söluskatt, sem þessi ráðherra hafði lagt fyrir Alþingi á síðustu dögum þingsins. Við höfum talið það skyldu okkar sem þingmanna, jafnvel þótt það séu svona slælegir fjmrh. í stjórn — og það í stjórn, sem við erum á móti, að reyna yfirleitt að láta þessa hluti samt sem áður ganga. Það var svo sem ekki mikið verið að tefja söluskattinn hérna í þessari hv. deild. Það var ekki heldur verið að tefja hann mikið í fjhn. hjá okkur. En ráðherrann, sem á allt undir náð stjórnarandstöðunnar með að fá þessi mál í gegn, þegar svona er komið eins og nú er, hvað gerir hann? Hann sýnir ekkert nema ósvífni, getur ekki einu sinni haft kurteisra manna hátt á. Og núna í dag sýnist mér, að fjárlögunum hafi verið lokað, umræðunum hafi verið slitið um fjárlögin, en söluskatturinn, sem er uppistaðan í fjárlögunum, m. a., eins og frv. liggur fyrir, er ekki einu sinni afgreiddur. Fjmrh., sem stendur svona í stöðu sinni, á a. m. k. að geta sýnt sæmilega kurteisi gagnvart þeim deildum, sem hann á það undir, að frv., þótt menn séu á móti þeim, nái fram að ganga. Það er varla von, að maður vandi slíkum ráðherra kveðjurnar, ekki sízt, þegar þetta er í annað skiptið, sem þetta kemur fyrir. Við stóðum hér uppi á næturfundum í þessari deild fyrr á þessu ári, á síðasta þingi, og það var leitað með logandi ljósi að fjmrh. alls staðar í bænum. Hæstv. forseti gaf fundarhlé hvað eftir annað til þess að láta leita að honum. Þá var hann nýr í embættinu, og hann tók sér þetta svo nærri, að hann fór að gefa yfirlýsingar daginn eftir í Morgunblaðinu, hvar hann hefði verið um nóttina, og þar hafði hann samt ekki fundizt. Þegar þetta næturgöltur hæstv. fjmrh. fer að endurtaka sig svona, þá fara menn eiginlega að spyrja, hvað hann sé yfirleitt að flækjast í stólnum öðru hvoru.

Ég skal þá snúa mér að því, sem hæstv. fjmrh. sagði, þótt sumt af því hafi verið minnzt á þegar, en ég vil gjarnan taka það frá dálítið öðru sjónarmiði en þegar hefur verið minnzt á. Ég var að reyna að grafast fyrir um það, hvernig væri með þessa hæstv. ríkisstjórn, hvort hún gerði sér grein fyrir því, hvert stefna hennar leiddi, og eiginlega er að sumu leyti dálítið fróðlegt að taka fjmrh. sálfræðilega þannig, að hvað miklu leyti hann hefur gert sér ljóst, hvaða afleiðingar hljótist af þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur gert.

Þessi hæstv. fjmrh. talaði fyrst um verðfall á lýsi og mjöli. Var þetta eitthvað nýtt, verðfallið á lýsi og mjöli? Hvað stóð í frv. um efnahagsmál, þeim lögum, sem við erum að ræða, þegar þetta var lagt fyrir Alþingi síðast? Hvað stóð þar á blaðsíðu 18, þar sem útreikningar hagfræðinganna eru? Þar stóð, að þeir hefðu reiknað með þessu verðfalli, það var komið þetta verðfall, og þeir höfðu reiknað með þessu verðfalli. Það stendur þar, með leyfi hæstv. forseta, neðarlega á bls. 18: „Að því er síldarbræðsluafurðir og hvalafurðir snertir, hefur orðið mikið verðfall á mjöli á árinu 1959, og lýsisverð er einnig lágt. Vegur þetta á móti þeim áhrifum, sem breyting gengisskráningarinnar annars mundi hafa haft á afkomu þessarar framleiðslu.“ M. ö. o.: gengislækkunin hefur raunverulega átt að stórbæta síldarafurðirnar vegna þess, hve lágt í raun og veru þær voru skráðar í þeirri gengisskráningu, sem hér var áður, en þess njóta þær ekki nema normalt, vegna þess að lækkunin á mjöli og lýsi var orðin svo mikil, eins og þessir hagfræðingar ósköp vel vissu um, sem sé, síldarútvegurinn mundi ekki græða fram yfir þorskútgerðina á því. Þetta verðfall var vitað fyrir þá. Og þó að þeir séu vitlausir, þeir hagfræðingar, sem ríkisstj. velur, þá voru þeir ekki svo vitlausir, — ég verð þó stundum að taka málstað þeirra. Þess vegna var það alveg ótvírætt, að þetta vissu menn, út frá þessu var gengið, og með þessu var reiknað. Það er þess vegna eins og hver önnur vitleysa að vera að tala um 150 millj. kr. tekjutap í sambandi við þetta. Þetta var staðreynd, sem lá fyrir þá og þessir menn þá reiknuðu með.

Svo er annað, sem ég vil biðja hæstv. ríkisstj. og ekki sízt fjmrh. að athuga: Hver er stefnan viðvíkjandi verðlagi í því kerfi, sem ríkisstj. tekur upp? Stefnan er sú að miða að verðfalli og vinna beinlínis að því, að það verði verðfall á íslenzkum afurðum. Við höfum reynt á nokkrum undanförnum árum að tryggja nokkuð verð á íslenzkum afurðum, með því m. a. að reyna að selja mikið til sósíalistísku markaðanna og gera jafnvel til nokkurra ára oft og tíðum samninga þar um. Og m. a. hefur verið hægt að fá hærra verð á fiskimjöli þar en hefur verið hægt á vesturmörkuðunum. En allan tímann hefur verið neitað að vinna þessa markaði fyrir íslenzka fiskimjölið. Og það keyrir oft svo um þverbak, að það hefur hvað eftir annað komið fyrir og hefur verið þvingað í gegn að selja bæði fiskimjölið og aðrar vörur á lægra verði á vesturmarkaðinum en var hægt að fá á austurmarkaðinum. M. ö. o.: sjálft kerfi ríkisstj. miðar að því að lækka verð á íslenzkum afurðum. Þar við bætist svo, að það er vitanlegt, að þeir kapítalístísku markaðir, sem við seljum á, eru kreppumarkaðir. Það eru markaðir, þar sem eru tíðar verðsveiflur, þar sem framboð og eftirspurn ræður, þar sem ekki er

hægt að skipuleggja fyrir fram og til langs tíma verðlag og sölu á vörum. M. ö. o.: Það er verið að gera okkur háða verðsveiflum hins kapítalistíska markaðar með því að binda okkur meira og meira við þann markað. Það er verið að svipta okkur því takmarkaða öryggi, sem er í sósíalistísku mörkuðunum, með þessari stefnu. Það er verið að vinna markvíst að verðfalli, ef mönnum er ljóst, hvert þeir stefna. Ég veit ekki, hvort fjmrh. er þetta ljóst, hann hefur vafalaust verið einn af þeim trúuðustu á þetta kerfi, en ef honum er þetta ekki ljóst, þá veitti honum a. m. k. ekki af að hlýða á upplýsingar um það og taka þátt í umræðum.

Svo fór hæstv. fjmrh. að tala um afla togaranna og fór að tala um, hvað hann væri nú miklu minni. Jú, við erum veiðimenn Íslendingar, og við eigum ekki allt aðeins undir því, hvernig mennirnir stjórna. Við eigum mikið undir náttúrunni, hvað hún er gjöful, hvað veðrið er gott, hvað gæftirnar eru miklar, og annað slíkt. Sá dómur hins vegar, sem við komum alltaf til með að leggja á hverja ríkisstj. í þessu landi, er, hvort hennar ráðstafanir stuðli að því út af fyrir sig, að afli verði meiri eða minni, að svo miklu leyti sem það er á valdi mannanna að ráða við það. Þess vegna verður mælikvarði, sem er lagður á hverja ríkisstjórn, sá, að hve miklu leyti hennar ráðstafanir miði að því að draga úr afla og að hve miklu leyti að því að auka aflann, — og í öðru lagi, þegar maður á ekki aðeins við aflann, heldur líka hvað þjóðin fengi fyrir fiskinn, að hve miklu leyti ráðstafanir hæstv. ríkisstj. miði að því, að það sé unnið meira úr fiskinum og þjóðin fái meira fyrir hann, eða það sé unnið minna úr honum. Og hver er pólitík ríkisstj. í þessu efni? Við skulum taka dæmi. Þessi ríkisstj. hefur sett 12% vexti á í landinu. Hvað þýða 12% vextir, t. d. hvað togarana snertir? 12% vextir þýða það, að þegar einn togaraeigandi á að velja á milli þess að leggja upp sinn fisk og láta vinna hann í hraðfrystihúsi, láta hann ganga í gegnum alla þá geymslu og allt slíkt, sem í sambandi við slíkt stendur, og fá svo seint og síðar meir kannske uppgjör fyrir þetta og verða raunverulega að reikna sér af því kapítali, sem í það fer, 12% vexti, þá skoðar hann hug sinn mjög um, hvort hann eigi ekki heldur að fara með togarann á ísfisk, selja aflann gegn staðgreiðslu og sleppa þannig við þessa vaxtabyrði. M. ö. o.: 12% vextir þýða óhjákvæmilega það að ýta undir ísfisksölu og draga úr því, að það sé lagt upp í hraðfrystihúsin, í skreið, saltfisk eða annað slíkt. Það er alveg óhjákvæmilegt, að 12% vextir verða þess vegna til þess, að togararnir, þessi stórvirku aflatæki, hvort sem er mikill eða lítill afli frá náttúrunnar hálfu, fara meira á ísfisk, að þau eru notuð sem flutningaskip miklu lengri tíma, að það er ýtt undir, að þau afli minna, að það séu færri dagar, sem þau séu á veiðum. 12% vextir, án tillits til þess, hvort það er góður eða slæmur afli yfirleitt frá náttúrunnar hálfu, hljóta að ýta undir það, að afli verði minni, svo að ég ekki tali um, að hve miklu leyti slíkir 12% vextir síðan ýta undir það, að aflinn verði verr hagnýttur, að það sé ekki unnið úr honum. Þess vegna liggur mér við að spyrja hæstv. ríkisstj.: Í hvaða tilgangi setur hún 12% vexti á? Sá hún fyrir þær afleiðingar, að slíkir 12% vextir hlytu frekar að draga úr afla og draga úr hagnýtingu, eða kemur slík afleiðing að óvörum? Ef hún kemur ekki að óvörum, ef hún sá það fyrir, að þessar hlytu að verða afleiðingarnar, þá eru þessir 12% vextir beinlínis settir á til þess að minnka afla, til þess að minnka hagnýtingu, til þess að gera atvinnurekstrinum erfiðara fyrir með rekstur, til þess að íþyngja honum. Þegar vextir eru t. d. hækkaðir á afurðunum með afurðavíxlunum úr 5% upp í 9%, þá er það gert til þess að íþyngja viðkomandi atvinnuvegi, til þess að ýta honum til þess að afla minna og selja aflann sem ísfisk í Englandi og losna þannig undan byrðum vaxtaokursins heima. M. ö. o.: Það er til þess að draga úr atvinnunni, minnka atvinnulífið í landinu, hvaða orð sem einhverjir hagfræðingar kunna að nota um þetta. Þeir kalla það kannske að draga úr allt of mikilli veltu, draga úr allt of mikilli eftirspurn eftir vinnuafli eða annað slíkt. Mér er alveg sama, hvaða orð eru notuð um þetta, þetta eru ráðstafanir, sem draga úr þrótti atvinnulífsins til þess að minnka aflann, að svo miklu leyti sem ríkisstj. getur ráðið við það, hve lengi og hvað marga daga togararnir afla. Gerir fjmrh. sér þetta ljóst? Kann hann að leggja saman orsök og afleiðingu? Kann hann að leggja saman tvo og tvo, og það er hættulegt af fjmrh. að gera það ekki, eða er hann að fikta við þá margbrotnu vél, sem okkar efnahagslíf er, og styður svo á hringlandi vitlausa takka, svo að þegar hann ætlar að halda áfram, þá bakkar hann út í sjó. Þess vegna er maður eiginlega að fá sálfræðilegt dæmi um það í ræðu fjmrh., að hve miklu leyti þeir menn, sem að þessu standa og hrifnastir virðast af því, gera sér ljóst, hvert þetta leiðir.

Annað dæmi í sambandi við þetta er gengislækkunin sjálf. Þegar verð á einum togara er sett upp í 40 millj. kr., gerir ríkisstj. sér þá ekki ljóst, að það getur farið svo, að þeir menn, sem slíka togara eiga, leggja þeim upp, af því að þeir treysta sér ekki til þess að standa undir þeim, ekki aðeins þegar afli er slæmur, heldur líka meira að segja í meðalári? Við munum nú þá tíma, að togarar gengu hér á Íslandi að meðaltali 100 daga á ári. Það hefur þurft sérstakar ráðstafanir á undanförnum árum á Íslandi til þess að tryggja það, að togararnir gengju svo að segja hvern dag á árinu, og ef það hefur verið stefna, eins og stundum hefur verið lýst yfir, að draga úr þeirri miklu vinnu, sem verið hefur á Íslandi, þá er gefið, að það er ein eðlileg afleiðing, sem verður af gengislækkun og af því, að togarar kosti 40 millj., að þeim sé lagt upp mikinn tíma af árinu og að þeir séu ekki reknir, nema þegar afli er sem allra mestur. Og þegar togara er lagt upp, þá aflar hann ekki. Það að gera ráðstafanir til þess, að togarar, eins og ríkistogarinn, sem talað var um áðan, liggi hérna við hafnarbakkann, eða togurum einstakl-

ingsframtaksins sé lagt upp, er það ekki til þess að gera ráðstafanir til þess að draga úr afla Íslendinga, hvernig svo sem sá afli væri frá náttúrunnar hendi? Eru það ekki ráðstafanir til þess að minnka þann fisk, sem við drögum úr sjó, jafnvel þótt náttúran vildi vera gjöful við okkur, hvað þá ef hún væri í dræmara lagi? Og hafa þær yfirlýsingar ekki komið fram, alveg sérstaklega frá hæstv. fjmrh., að ríkisstj. ætli yfirleitt ekki að skipta sér af þessu atvinnulífi, að atvinnureksturinn eigi að standa á eigin fótum? Jafnvel hæstv. fjmrh. gefur slíkar yfirlýsingar langharðvítugast, það komi honum ekkert við, þó að ríkustu menn landsins séu að leggja togurunum. Það sést af því frv., sem hér liggur fyrir, að hæstv. sjútvmrh. álítur, að sér komi þó eitthvað við, að sjávarútvegurinn gangi. En hæstv. fjmrh. aftur á móti gefur þessar yfirlýsingar hvað eftir annað. Og það að ætla ekki að skipta sér af atvinnulífinu á Íslandi, ætla ekki að skipta sér af því, hvort ríkustu menn landsins leggi dýrustu og stærstu togurum landsins, er það ekki ráðstöfun til þess að draga úr aflanum, er það ekki ráðstöfun til þess, að Íslendingar afli minna? Hingað til hafa þær ráðstafanir verið gerðar, þegar útvegurinn hefur verið styrktur, sem kallað hefur verið, að það hefur verið skuldbundið til þess að gera út árið um kring. Gengislækkunin var styrkur, sem útgerðin fékk án þess að taka neina slíka skuldbindingu á sig, og um leið var því lýst yfir, að menn mættu leggja upp togurum eins og þeir vildu, það skyldi enginn skipta sér af því.

Þær ráðstafanir, sem gerðar voru með gengislækkuninni, með vaxtaokrinu og slíku, það eru ráðstafanir til þess að draga úr afla Íslendinga án tillits til þess, hve náttúran væri gjöful eða naum við okkur, þær ráðstafanir, sem hafa þær þjóðfélagslegu afleiðingar að minnka okkar afla og gera okkur erfiðara fyrir að hagnýta hann. Og ef menn hafa ekki gert sér þetta ljóst fyrir fram, þá er bezt fyrir menn að fara að breyta til nú þegar með þá stefnu, sem þeir hafa tekið upp. Ég hélt því hér fram í gær, að þeir ráðunautar, sem ríkisstj. hefði, sæju fyrir þessar afleiðingar og þeir ynnu að þessum afleiðingum af ráðnum hug, þeir væru markvíst að koma á því, sem þeir með fallegum orðum kalla stundum jafnvægi, en því, sem þýðir á venjulegu alþýðumáli atvinnuleysi, jafnvel þótt það kostaði um leið minnkandi framleiðslu þjóðarinnar og vaxandi fátækt.

Þá kom hæstv. fjmrh. inn á það, að síldaraflinn hefði verið minni, og það er nú búið að taka það í gegn, hvernig liggur fyrir með síldaraflann. En ég býst við, að það sé eitt atriðið í því, sem hann hefði reynt að verja sig með, ef hann hefði haft vit á því, að það hafi verið meira af lélegri síld en áður, þess vegna höfum við ekki saltað eins mikið.

Ég hef áður sagt það hérna: Ef ein ríkisstj. sér fram á það, að við eigum í erfiðleikum út af saltsíldinni og að okkur komi til með að vanta upp í þann útflutning, sem við þyrftum að ná, hvað verðmæti snertir, þá er eitt ráð við því, og það er að vinna meira úr síldinni, að taka 20—30 þús. tunnur til að leggja niður, koma upp niðurlagningar- og niðursuðuverksmiðjum til þess. Það þýddi m. ö. o., að það var mjög handhægt með þeirri miklu aðstöðu, sem ríkisstj. hefur nú á Íslandi, að gera slíkar ráðstafanir og það í flýti. Það eru ekki nein ósköp, sem þarf til þess að koma upp slíkri verksmiðju til þess að margfalda þar með það fé, sem við getum fengið fyrir okkar síld með því að flytja hana út. Ríkisstj., sem álítur það einhverju skipta, hve mikið útflutningsverðmæti Íslands væri, og vildi bæta okkur upp það, sem henni fyndist annars vanta upp á, hvað saltsíld snertir, hún mundi hafa forgöngu um slíkt. En ríkisstj., sem hefur tekið að sér að stjórna kerfi, þar sem atvinnureksturinn á að láta lönd og leið, þar sem ríkið ætlar ekki að skipta sér af því, hvernig gengur yfirleitt með þetta, hún lætur þetta náttúrlega sigla og lætur þetta afskiptalaust. En þá þýðir ekki heldur að koma á eftir og vera að óskapast eitthvað út af þessu. Ef einkaatvinnurekendurnir eiga að vera þeir einu, sem öllu þessu stjórna, þá er líklega bezt að fara að hætta að ræða þessi mál hér á Alþingi. En ég er bara hræddur um, að það verði engri ríkisstj. vært hér á Íslandi, sem lætur ekki atvinnurekstur Íslendinga til sín taka, og mér sýnist það frv., sem hér liggur fyrir, þótt ekki sé stór greinin í því, sýna, að það eru þó einhverjir menn í ríkisstj., sem álíta, að atvinnurekstur Íslendinga sé ekki ríkisstj. óviðkomandi. En hæstv. fjmrh. talar eins og það sé nokkuð, sem ríkisstj. varðar ekki nokkurn skapaðan hlut um. En svo miklu hafa þeir menn, sem eru samvizkulausir og skilningslausir á íslenzkt atvinnulíf og sæti eiga í ríkisstj., a. m. k. áorkað, að sú stefna hefur verið upp tekin, þessi glæfrastefna, sem nú er framkvæmd, með þeim afleiðingum, sem nú þegar blasa við. Og það er ekki til neins að ætla að reyna að telja okkur trú um, að það sé náttúrunni að kenna, aflaleysi að kenna eða einhverju öðru slíku. Sjálf þessi stefna miðar að því að draga úr atvinnulífi Íslendinga. Hún miðar að því að koma á atvinnuleysi á Íslandi. Hún miðar að því að verðfella útflutningsvöru Íslendinga. Hún miðar að því að skapa öryggisleysi um markaði í staðinn fyrir markaðsöryggi. Og þegar menn eru að reyna að blekkja bæði aðra og jafnvel sjálfa sig með ræðum um þetta, þá er svo sem ekki nema von, að menn fari líka að reyna að blekkja viðvíkjandi afkomu fólksins, viðvíkjandi lífskjörunum. Þar hefur þó allra greinilegast verið ráðizt á af ráðnum hug og kaupmátturinn minnkaður og atvinnutekjurnar rýrðar. En hæstv. fjmrh. lét sig hafa það hér áðan að reyna að snúa út úr því, sem ég sagði, og reyna um leið að telja mönnum trú um, einmitt á sama tíma og hver einasti kaupmaður í Reykjavík, hvað þá aðrir, finnur til þess, hvernig afkoma fólks hefur versnað, — reyna að telja mönnum trú um, að þetta sé allt í stakasta lagi.

Og svo segir hann, hæstv. fjmrh., að það sé algerlega villandi, það sem ég hafi sagt, að

vísitala vöru og þjónustu skipti mestu máli um rétta mynd vísitölunnar. Ég er hræddur um, að það skipti mestu máli um rétta mynd vísitölunnar, hvernig þar er með vöru og þjónustu, og það af tveim orsökum. Í fyrsta lagi: Hvernig er það með vöru og þjónustu? Hvað kostar vara og þjónusta fyrir vísitölufjölskylduna núna? Hún kostar núna í nóvember, þ. e. matur, kjöt og fiskur, mjólk, mjölvara, brauðvörur, nýlenduvörur og ýmsar matvörur, hiti og rafmagn, fatnaður og álnavara, ýmis vara og þjónusta, þetta kostar 56 þús. kr. Og þetta er útreikningur þess opinbera, að þetta þurfi fjögurra manna fjölskylda til þess að lifa mannsæmandi lífi, til þess að hana skorti ekkert. Laun Dagsbrúnarmanns, sem hefur vinnu árið um kring 8 tíma á dag og á að sjá fjölskyldu sinni farborða, eru 48 þús. kr. Þessi Dagsbrúnarmaður hefur ekki einu sinni efni á að veita sér þá vöru og þjónustu, sem er lágmark þess, sem ríkisstj. og ríkisvaldið álítur að fjögurra manna fjölskylda þurfi að veita sér til þess að lifa sæmilegu lífi. Svo kemur fjmrh., sem er búinn að hækka sín laun með skattaráðstöfunum, þegar þau eru lækkuð hjá öllum öðrum, og segir við mig, hvernig ég dirfist að álíta, að þessi vísitala fyrir vörur og þjónustu gefi rétta mynd af lífskjörunum. Dagsbrúnarmaðurinn, sem skv. ráðstöfunum ríkisstj. héðan af fær ekki einu sinni 8 tíma vinnudag hvern einasta dag ársins, getur ekki veitt sér alla þessa vöru og þjónustu. Eftir útreikningum ríkisstj. getur hann ekkert húsnæði veitt sér, hvað þá eitthvað annað. Svo undrast fjmrh., hálaunaður fjmrh., sem hækkar sín laun, þegar hann lækkar þau hjá þeim lægst launuðu, að ég leggi þetta til grundvallar. Þetta í fyrsta lagi: Það vantar 8 þús. kr. upp á, að þessi Dagsbrúnarmaður geti veitt sér þessa vöru og þjónustu á ári. Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, hvort það er ekki nokkurn veginn réttur mælikvarði á, hvernig hans lífskjör standa, hve mikið af þessu hann getur veitt sér.

Ef við tökum svo áframhaldið af vísitölunni, hvað kemur þá næst? Þá kemur b-liður og heitir húsnæði. Hvað er hann? Hann er 10 300 kr., og ég ætla að biðja Gunnar Thoroddsen fjmrh., og kannske skilar hæstv. sjútvmrh. því til hans, hvort hann vilji útvega öllum þeim Reykvíkingum, sem biðja hann um það, húsnæði á þessu verði, 10 300 kr. á ári, mannsæmandi húsnæði.

Ætlar fjmrh. svo að fara að halda því fram, að þessi vísitala, þó að ég læsi hana áfram og tæki c-liðinn, opinberu greiðslurnar, sem bætt hefur verið inn í núna 1. okt., — ætlar hann að halda því fram, að þessi vísitala, ef þetta er tekið með, gefi einhverja rétta mynd? Ef fjmrh. þyrði að standa hér fyrir máli sínu, þá þætti mér gaman að sjá hann lýsa húsnæðinu, sem menn fá fyrir 10 þús. kr. á ári hér í Reykjavík. Og svo dirfist þessi hæstv. fjmrh. að koma hér og fara að tala um, að ég sé að gefa hér skakka mynd. Ég er hræddur um, að það sé hér plagg, sem gefur skakka mynd, og að 1. okt. hafi verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að falsa það meira en það var falsað fyrir. Og þó að ég tæki alla vísitöluna og þó að ég drægi frá, eins og ríkisstj. vill láta draga frá, hvað er það þá, sem kemur út í heildinni? Þá kemur út, að einn maður þarf til þess að framfleyta fjögurra manna fjölskyldu að hafa 67 937 kr. tekjur á ári, eða um 68 þús. kr. tekjur. Dagsbrúnarmaðurinn hefur 48 þús. Héðan af á hann ekki að vera viss með einu sinni að hafa vinnu hvern einasta dag ársins, sinn 8 tíma vinnudag. Nú þegar er hér niðri við höfnina atvinnuleysi. Nú þegar hverfa tugir manna frá á hverjum morgni, og Dagsbrúnarmaðurinn er samt á meðal verkamanna í Reykjavík, sem eru betur launaðir en t. d. margir hverjir þeir, sem vinna í iðnaðinum. Dagsbrúnarmanninn vantar 20 þús. kr. á ári í að hafa það, sem þær opinberu skýrslur álíta að þurfi, svo að heimilið skorti ekki, þótt maður reikni með öllum frádrætti ríkisstj. Það er skiljanlegt, að fjmrh., sem talaði eins og vitleysingur hér áðan, þori ekki að standa fyrir máli sínu, þegar rökin hans eru svona.

Hingað til hefur verið séð um meira eða minna á Íslandi, að menn gætu bætt sér upp þau of lágu laun, sem þeir höfðu, með því að vinna lengur. Nú er það afnumið. Nú er það alræði atvinnurekendanna innleitt í íslenzkan þjóðarbúskap, sem gerir það að verkum, að þeir leggja reikningsmælikvarðann á hlutina og afnema eftirvinnu. Þess vegna er nú ekki um neitt að tala, sem heitir að reikna með, eins og jafnvel hagfræðingarnir voru að gera stundum, þegar þeir voru að blekkja með 8 tíma vinnudegi plús 1 tíma í eftirvinnu eða eitthvað slíkt. 8 tíma vinnudagurinn er sá dagur, sem er ætlazt til að menn lifi af með því kerfi, sem nú hefur verið tekið upp.

Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti ekki og sízt fjmrh. að reyna að afsaka sig neitt í augum þjóðarinnar út af erfiðleikum sjávarútvegsins. Ég held satt að segja, að ef menn skyggnast nógu langt í þessum efnum, þá sé greinilegt, að sú stefna, sem er tekin upp, miðar að því að drepa sjávarútveginn. Það, sem byrjað er á hér núna með því að leggja togurunum, og annað slíkt, það eru aðeins fyrstu sporin í þá átt. Þetta er ekki nýtt, og það veit hæstv. sjútvmrh. manna bezt. Í hvert skipti sem amerískar lánsstofnanir hafa haft einhver verulega mikil afskipti og áhrif á fjárfestinguna í atvinnuvegum hér á Íslandi, hafa þau sýnt sinn fjandskap gagnvart sjávarútveginum. Hæstv. núverandi sjútvmrh. var, ef ég man rétt, sjútvmrh. líka 1948. Er það ekki rétt? Hver var þá? Var það Jóhann? (**Gripið fram í:** Já.) En hann a. m. k. var sá, sem hélt sjómannadagsræðu þá, — var það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Jú.) Hann hefur líklega verið sá, sem hafði með flotann að gera? Og hæstv. núverandi sjútvmrh., ég a. m. k. hélt alltaf, að hann hefði verið aðalmaðurinn í þeirri ríkisstj., ríkisstj. Stefáns Jóhanns, sem beitti sér fyrir því, að það voru keyptir 10 nýir togarar í viðbót við gamla nýsköpunarflotann. Og ég veit, að sú ríkisstj. keypti þá togara í trausti á að fá Marshalllán til þess að greiða þá. Hún fékk ekki Marshalllán, vegna þess að það var „prins-

ip“ Bandaríkjamanna að veita ekki lán til Íslendinga til þess að kaupa fyrir togara. Og ríkisstj. varð að slá lán í Englandi, sem hún varð að borga tiltölulega fljótt upp. Og það er sama nú, þegar þeir þar vestra eiga að fara að stjórna okkar fjárfestingarmálum og slíku, þá er sami fjandskapurinn gagnvart sjávarútveginum.

Sjávarútvegurinn hefur verið settur sem númer eitt á Íslandi hingað til í öllum okkar efnahagslegu ráðstöfunum, vegna þess að við höfum alltaf álitið, að fyrst og fremst þyrftum við að geta byggt á því að hafa eitthvað til þess að flytja út og til þess yrði sjávarútvegurinn að ganga. Nú er sjávarútveginum vikið til hliðar, og það er enginn Íslendingur, sem mundi hafa gert það. Það eru áhrif annars staðar frá. Nú er sjávarútveginum vikið til hliðar og hagsmunir þess alþjóðlega og sumpart íslenzka verzlunarauðvalds settir sem númer eitt. Þess vegna hefur það kerfi, sem nú er tekið upp, óhjákvæmilega þær afleiðingar, sem ég veit ósköp vel að þeir þar vestra sjá fyrir, að drepa smátt og smátt íslenzkan sjávarútveg, fórna hagsmunum hans fyrir það, sem stundum er kallað frjáls verzlun, og annað slíkt, enda var það engin tilviljun, að það kom fram í leiðara í Morgunblaðinu í vor, að það yrði að hafa það, þó að lífskjör Íslendinga versnuðu, það yrði að taka upp þessa svokölluðu frjálsu verzlun, hvað sem það kostaði, bara hennar sjálfrar vegna. Það var ekki til þess að þjóna þjóðinni eða í hennar þágu, heldur sem eins konar skurðgoð, sem átti að blóta heill þjóðarinnar — lífskjörum þjóðarinnar — á þess stalli.

Þess vegna er það ekkert undarlegt, þó að í hvert skipti, sem þessi mál eru til umræðu, reynum við að einhverju leyti að koma vitinu fyrir þá menn, sem ef til vill væri eitthvað hægt að tala við um þessi mál. Og ég verð að segja það, að ef það skyldi vera svo í kollinum á sumum hæstv. ráðherrunum, að útvegurinn hafi orðið fyrir verðfalli, sem nemi 150 millj. kr., sem hagfræðingarnir voru búnir að reikna með, en þeir hafi ekki gert sér ljóst, eða þeim finnist, að sumpart ráðstafanir þeirra kerfis til aflaminnkunar og sumpart vegna óheppni, þá höfum við haft minni afla upp á 100 millj. kr., þá fæ ég ekki skilið þá pólitík af mannanna hálfu, ef þetta stendur svona í kollinum á þeim, að skella þá endilega þeim byrðum ofan á útveginn í viðbót og láta hann raunverulega borga 70—100 millj. kr. í gróða til Seðlabankans í sambandi við öll þau lán, sem framlengd eru, og hækkanirnar á vöxtunum, sem að lokum hvíla allar saman á sjávarútveginum, þó að þær séu fyrst innheimtar af vörum. Það verður 100 millj. kr. meiri gróði, sem bankarnir koma til með að hafa í ár, heldur en þeir höfðu í fyrra, og ekki hvað sízt Seðlabankinn. Það hefði þó verið nær, ef mönnum fannst, að sjávarútvegurinn yrði fyrir einhverjum skakkaföllum, að létta af honum, að setja vextina ekki úr 5% upp í 9% á endurkaupavíxlunum, heldur úr 5% og niður í 2%. Er það „prinsip“ kerfisins, að ef það gengur illa frá náttúrunnar hálfu, þá skuli það ganga helmingi, helmingi verr frá ríkisstj. hálfu? Ef náttúran íþyngir sjávarútveginum, á þá ríkisstj. að íþyngja honum helmingi meira? Ef aflabresturinn er vágestur fyrir sjávarútveginn, á þá Seðlabankinn að vera enn þá meiri vágestur fyrir hann? Er þetta kerfið? Þetta er kerfið í framkvæmd. Þannig hefur það verið. Hvers á sjávarútvegurinn að gjalda? Látum vera, þó að Bandaríkjamenn hati hann, af því að hann er undirstaðan undir okkar efnahagslega sjálfstæði, en að Íslendingar séu að vega svona að honum, það kemur úr hörðustu átt.

Fyrst hæstv. fjmrh. fór að óska sérstaklega eftir því með ræðu sinni í kvöld, að hér yrðu langar og ýtarlegar umr., atkvgr. og annað slíkt, þá vil ég leyfa mér, til þess að gefa honum tækifæri til þess að átta sig eitthvað á þeim hlutum, sem eru að gerast, og ég ætla nú sérstaklega að hugsa dálítið meira um vísitöluna, að leggja fram brtt., sem ég er með hér skriflegar, um það í fyrsta lagi, að á eftir 1. gr. þessa frv. komi þrjár nýjar greinar: Hin fyrsta af þeim, sem verði 2. gr., verði svo hljóðandi: „23. gr. laganna falli niður.“ Það er greinin, sem núna er um vísitöluna og bannið við að reikna eftir henni. Í öðru lagi, að þar á eftir komi grein, sem verði 3. gr. þessara laga, svo hljóðandi: „25. gr. laganna falli niður.“ Það er greinin, sem lögbindur bátasjómennina. Og enn fremur þriðja greinin, sem verður 4. gr.: „26. gr. laganna falli niður.“ Það er það, sem bindur aflaverð togarasjómannanna.

Það er rétt, að þær ráðstafanir, sem voru gerðar til þess að lögbinda samninga í febrúar þ. á. og sérstök atriði í þeim, eins og vísitöluna, að þessar greinar falli burt. Og ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta, af því að þessar brtt. eru skriflegar og of seint fram komnar, að leita afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 242) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal nú ekki blanda mér inn í þær almennu umr., sem hér hafa fram farið, og lengja með því fundartímann. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi ræða um og vekja athygli á, og koma á framfæri nokkrum leiðréttingum, sem mér sýnast nauðsynlegar. Það er vegna þess, sem fram kemur í nál. 1. minni hl. fjhn. um sparifjáraukninguna í landinu og hæstv. fjmrh. vék að í sinni ræðu hér síðdegis í dag. Ég skal ekki fara neitt út í þann þátt, sem hann ræddi og fól í sér vissar ábendingar, en aðeins vekja athygli á því, hvernig þessu dæmi um sparifjáraukninguna er stillt upp í nál., því að það fær að mínum dómi ekki staðizt, eins og það er.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði grein fyrir því, að hann hefði sínar tölur úr hagskýrslunum, þar sem birtar væru tölur um veltuinnlánin í bönkunum og sparifjárinnlánin sundurliðaðar, og hann tæki þessar tölur saman, það lá sem sagt fyrir. Og út frá því sjónarmiði eru þessar tölur sennilega réttar eða alveg réttar. Ég hef þó eina litla aths. að gera, sem skiptir ekki

máli. En eftir að hafa upplýst þetta, talaði hv. þm. alltaf í ræðu sinni um sparifjáraukningu landsmanna í sambandi við þessar tölur. Og hann dregur þá niðurstöðu í nál. sínu, að af þessum samanburði sjáist, að síðustu 12 mánuðina fyrir 1. nóv. þetta ár hafi sparifjáraukningin í bönkum og sparisjóðum orðið tiltölulega langtum minni en næstu tvö árin þar á undan þrátt fyrir vaxtahækkunina. Og blað flokks þessa þm., Tíminn, hefur um það stóra fyrirsögn yfir alla forsíðuna í dag, að sparifjáraukningin sé nær helmingi minni en 1958, og byggir það á þeim upplýsingum, sem fram komu í ræðum hv. þm. og fram koma í þessu nál.

Nú eru spariinnlög og veltuinnlög í bönkum og sparisjóðum alveg sitthvað, og ég skal koma að því síðar, og það er mikill eðlismunur á þessum tveimur þáttum innlána. Ef tölurnar, sem notaðar eru, eiga að sýna annaðhvort minnkun eða vöxt spariinnlaganna, verður að nota spariinnlánin ein og tölurnar, sem segja til um þau. Nú hefði mátt ætla, að þetta væri hægur vandi fyrir hv. þm., jafnglöggskyggn og hann er og ekki sízt á tölur, enda hafði hann fyrir sér, eins og hann sagði sjálfur, sundurliðun á þessu, annars vegar spariinnlánunum og hins vegar veltuinnlánunum. En ef við tökum spariinnlánin á þessu sama tímabili og alveg við nákvæmlega sömu tímamót og hv. þm. gerir, þ. e. a. s. við októberlok 1958, 1959 og 1960, þá verður niðurstaðan þessi, að spariinnlögin hafa vaxið frá 1957 til 1958 um 110.4 millj. í bönkunum, eða 10.5%, frá 1958 til 1959 um 178.7 millj., eða 15.4%, en frá október 1959 og til októberloka 1960 um 18.3%. Og þá segja þessar tölur, sem þm. hefur haft fyrir sér, ekki, að sparifjáraukningin sé nær helmingi minni á þessu ári en 1958, heldur er sparifjáraukningin frá október 1959 til októberloka 1960 57.5% meiri en sparifjáraukningin frá októberlokum 1957 til októberloka 1958. Í sparisjóðunum lítur þetta öðruvísi út, því að þar er hlutfallsleg minnkun á spariinnlögunum miðað við árin á undan. Hlutfallstölurnar eru 20.4% 1957—1958 og næsta ár 24% og 12% frá 1959—1960. Í sambandi við þennan mismun þykir mér ekkert óliklegt, að það hafi haft sín áhrif, sem þm. vék að, sú ákvörðun Seðlabankans að binda helming sparifjáraukningarinnar í sparisjóðunum og í bönkunum í Seðlabankanum. Ég er hv. þm. sammála um og hef alltaf talið, að þetta væri mjög hæpin ráðstöfun, eins og hún var framkvæmd, og ég tel nauðsynlegt að endurskoða gaumgæfilega þær reglur, sem Seðlabankinn hefur fylgt í sambandi við frystingu hluta sparifjárins, enda hygg ég, að það sé til endurskoðunar. Þetta hefur allmikið verið rætt á milli viðskiptabankanna og Seðlabankans, og ég held einmitt, að þessi mismunandi niðurstaða á spariinnlögum í bönkum og sparisjóðum, sem þarna kemur fram, bendi til þess, að töluvert af sparifjáraukningunni eða sparifjármynduninni úti um landið, þar sem sparisjóðirnir eru, hafi farið fram hjá sparisjóðunum að nokkru leyti af þessum ástæðum. Ég er þm. efnislega sammála um það.

En þá komum við að hinu, að þegar innlögin í heild, veltuinnlánin og spariinnlánin, eru lögð saman, þá koma hins vegar fram þær niðurstöður, sem í nál. eru birtar og hv. þm. fór með í sinni ræðu. Þar kemur fram þessi mynd, sem er athyglisvert að líta á sérstaklega, að veltuinnlánin eða innlán á hlaupareikningi aukast í bönkunum 1957—58 um 202 millj. kr., eða 44.7%, 1958—59 um 167.4 millj., eða 25.5%, en 1959—60 um 67.9 millj., eða ekki nema 8.2%, og það er þessi litla aukning á hlaupareikningsinnlánunum og veltuinnlánunum, sem leiðir til þeirrar niðurstöðu, sem hv. þm. fær, þegar hann tekur saman spariinnlánin og veltuinnlánin. Þessi mynd er líka töluvert öðruvísi um sparisjóðina, og til fróðleiks ætla ég að nefna þær tölur líka. Frá 1957 til 1958, miðað við októberlok, aukast veltuinnlánin í sparisjóðunum hlutfallslega um 30.9%, 1958—59 um 22.9%, en 1959—60 um 23.4%.

Ég skal nú víkja nokkuð að því, hver eðlismunur er á þessum tveimur innlánsþáttum. Sparifjáreigendurnir í landinu eru fyrst og fremst almenningur í þessu landi. Það eru hinir mörgu, sem spara. Það hefur verið svo, og það er svo, og ég hygg, að það muni þannig verða. Veltuinnlánin eru hins vegar þeir fjármunir, sem atvinnurekstrinn hefur lausa á milli handa, stundum meiri og stundum minni, auk þess sem veltuinnlánin í bönkunum verða fyrir stórkostlegum sveiflum af alveg sérstæðum atvikum, og það er vegna innistæðu margvíslegra sjóða, eins og fiskveiðasjóðs, landbúnaðarsjóðanna og ýmissa annarra sjóða, sem við vitum að stundum hafa átt töluvert í pokahorninu, en aðra stundina sáralitið. Og þannig er það t. d. í Útvegsbankanum, þar sem fiskveiðasjóðurinn er, að meginið af þeim veltufjármunum, sem hafa farið út úr bankanum á þessu ári, eða það, sem veltuinnlögin hafa lækkað um, er úr fiskveiðasjóði, sem átti 40 millj. kr. innistæðu í bankanum um áramótin síðustu, en það fer allt saman út á þessu ári, og miðað við þetta tímabil, 30. október, hafa farið út 30 millj. kr. af veltuinnlánunum. Þetta á auðvitað ekkert skylt við almenna sparifjármyndun í landinu, hvort þessi liður vex eða minnkar. Nú minnkar hann vegna hinna miklu skipakaupa á undanförnum árum. Stundum hefur hann hlaðizt upp, þegar hlé hefur orðið á bátakaupum, eins og var veturinn 1947 og 1948 um tíma. Sjóðurinn hefur fastar tekjur af útflutningnum, sem eru langveigamestar, fyrir utan sínar vaxtatekjur, sem eru orðnar nokkrar, af því að hann á orðið töluverðan höfuðstól. Og ég vil t. d. benda á það, að öll innlánsaukningin á hlaupareikningum í bönkunum, öllum bönkum landsins, er 67.9 millj. frá okt. 1959 til okt. 1960. En á sama tíma hafa hlaupareikningarnir í Útvegsbankanum lækkað um 30 millj. bara vegna fiskveiðasjóðs. Og þá sjáum við, hvað mikil áhrif þetta getur haft.

Svo er annað, sem hefur auðvitað veruleg áhrif á veltuinnlánin, og það er útlánapólitíkin, sem rekin er í landinu, útlánastarfsemi bankanna fyrst og fremst. Og jafnvel getur það haft áhrif á sparifjármyndunina líka, því að mikil útlán — hvort við viljum orða það óeðli-

lega mikil útlán — geta auðvitað leitt til sparifjármyndunar, sem í sjálfu sér er kannske ekki eðlileg, og sérstaklega til innlánsaukningar á hlaupareikningum atvinnurekstrarins. En þegar útlánin eru verulega takmörkuð, eins og gert hefur verið, þá leiðir það auðvitað til þess, að kaupsýslumenn, iðnrekendur og kannske sjávarútvegsmenn, er líkt stæði á um, verði að nota allar þær innstæður á hlaupareikningum, sem þeir hafa haft, þeim mun meira sem haldið er í útlánin, á sama tíma sem mikil gengisbreyting hefur farið fram og krefur þess vegna miklu meira rekstrarfjár.

Útlánaaukningin er þess vegna atriði, sem ber að hafa í huga alveg sérstaklega, þegar við erum að tala um veltuinnlán, þróun veltuinnlána í peningastofnunum. Og hún hefur sannarlega haft í þessum efnum veruleg áhrif, og þess vegna er rétt að líta á hana líka. Útlánaaukning bankanna hefur verið á þessum sama tíma — ég nota alltaf sömu tímamót — frá lokum október 1957 til 1958 396.6 millj., útlánaaukningin það ár, eða 14,7%, 1958—1959 530.5 millj. kr., eða 17.1%, en 1959—60 aðeins 9.8%. Og útlánaaukningin er líka minni úr sparisjóðunum, fyrsta tímabilið 27.8%, annað tímabilið 19.4% og síðasta árið 15.8%. Nú má deila um, hvort hér sé um heilbrigða og eðlilega þróun í útlánaaukningu að ræða, og ég skal engan dóm á það leggja hér. En eins og þetta er, hefur þetta gífurlega mikil áhrif í sambandi við veltufjármunina, og þegar veltufjármununum er blandað saman við spariinnlögin, þá verður auðvitað myndin um sjálf spariinnlögin algerlega röng og í raun og veru furða ég mig nokkuð á því, að menn hafi geð í sér til þess að reyna að stilla upp svona villandi myndum, því að þess ætti ekki að vera minnsta þörf.

Ég skal nú ekki lengja þetta miklu meir, nema í sambandi við útlánaaukninguna vil ég aðeins geta eins, og það hefur margsinnis komið fram hér í umr., að það væri ómögulegt að reka sjávarútveginn — það hefur mest verið talað um hann — vegna þeirrar lánsfjárkreppu, sem sköpuð hefði verið og mynduð hefði verið. En þetta er rangt. Útlánalækkunin hefur fyrst og fremst bitnað á verzlun og iðnaði og langmest á verzlun, en lítið eða ekkert á sjávarútveginum. Það er t. d. þannig í Útvegsbankanum, sem ég þekki til, að árið 1959 fóru 78.7% af útlánaaukningu bankans til sjávarútvegs, en 1960, frá áramótum til septemberloka, eru þessar tölur, sem ég miða við, 92.1%, og það hækkar stórlega hluti útlánaaukningarinnar til sjávarútvegs miðað við það, sem hefur áður verið. Og í aðalbankanum er þetta svo, að af útlánaaukningunni fékk sjávarútvegurinn 1959 68.8%, en 112.13% það sem af er þessu ári, frá ársbyrjun til septemberloka, þ. e. a. s. meira en öll útlánaaukningin er til sjávarútvegsins, sem þýðir það, að það er samdráttur í útlánum til annarra atvinnugreina, sem eru fyrst og fremst verzlunin og iðnaðurinn. Það er langsamlega mest, sem útlánasamdrátturinn hefur bitnað á verzluninni, og það skýrir líka alveg sérstaklega áhrifin, sem þessi útlánastarfsemi hefur haft á veltuinnlánin. Þess vegna er það í framkvæmdinni þannig, að þó að Seðlabankinn hafi takmarkað endurkaup sín, eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur verið lánað sem sagt ekki minna og í sumum tilfellum hlutfallslega miklu meira til sjávarútvegsins, þessarar undirstöðuatvinnugreinar, á þessu líðandi ári heldur en áður, og það hefur bara gerzt með því móti, að það hefur verið lögð miklu þyngri byrði á viðskiptabankana heldur en Seðlabankann. En það hefði hins vegar verið óframkvæmanlegt nema með því móti, að Seðlabankinn lánaði viðskiptabönkunum meira en áður í öðru formi en endurkeyptum víxlum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vildi aðeins reyna að draga upp þessa heildarmynd í sambandi við það, sem fram hefur komið um spariinnlögin.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Þegar rætt er um efnahagsmál, þá verður ekki komizt hjá því að fara allvíða yfir, enda hefur það verið gert hér í þessum umr., og ég mun ekki eingöngu ræða um þau mál, þó að margt væri hægt um þau að segja.

Þegar hæstv. ríkisstj. kom til valda fyrir ári, var því lofað að gera allt, sem hægt væri, til þess að halda atvinnuvegunum gangandi. Því var enn fremur lofað, að ekki yrði gengið á kjör fólksins nema mjög takmarkað og að þar væri aðeins um mjög stuttan tíma að ræða. Það, sem stefnt væri að, væri að koma á heilbrigðu efnahagslífi í landinu, og það yrði um einhverja byrjunarörðugleika að ræða, en þegar fram í sækti, mundi þetta allt lagast og allt komast aftur á réttan kjöl. Þegar þessi mál eru athuguð dálítið nánar, kemur það í ljós, að t. d. kaupgjald í landinu hefur lækkað á þessu tímabili um hvorki meira né minna en 14%, þ. e. a. s. ef miðað er við fyrri vísitölu. Það er vitanlega sú eina vísitala, sem hægt er að miða við, vegna þess að sú vísitala, sem nú er talin gilda, er reiknuð út á allt öðrum forsendum en sú vísitala, sem kaupgjaldið var reiknað út eftir áður, og ég veit ekki til þess, að verkalýðsfélögin hafi viðurkennt þann útreikning, sem að baki liggur þeirri vísitölu, sem nú er talin gilda.

Við þessa 14% kauplækkun, sem þegar er orðin, er þó margt að athuga, og það er þegar vitað, að kauplækkunin er langtum meiri en þetta. Það er t. d. staðreynd, að húsaleiga hefur hækkað allverulega á þessu tímabili eða í tíð núverandi ríkisstj. og á örugglega eftir að hækka stórlega frá því, sem nú er. Þær orsakir, sem liggja til hækkunar húsaleigunnar, eru fyrst og fremst þær, að nú er miklu minna byggt af íbúðarhúsum en áður, t. d. hér í Reykjavík munu vera um helmingi færri íbúðir í smíðum en var í fyrra. Þetta segir alveg sína sögu. Hvað halda nú menn, að hv. þm. Sjálfstæðisfl. og blöð þeirra hefðu sagt um vinstri stjórnina, ef slíkt ástand hefði þá myndazt í húsnæðismálunum, sem nú er að myndast? Ég minnist þess, að fund eftir fund tróðu þessir menn upp í þennan ræðustól og töldu allar aðgerðir þeirrar ríkisstj. í húsnæðismálunum verri en ekki neitt. Þá var ekki verið

að hika við að flytja till. upp á tugi milljóna, sem átti að verja til húsnæðismálanna. En það er nú þannig, að það er oft fljótt að skipast veður í lofti, og svo virðist hafa hér verið. Þrátt fyrir minnkandi húsabyggingar eru samt fjárhagsörðugleikarnir hjá húsnæðismálastofnuninni meiri og alvarlegri en nokkru sinni áður. Í sambandi við úthlutun lána til íbúðabygginga, sem núna er verið að framkvæma, er t. d. sá kvóti, sem á að renna til Siglufjarðarkaupstaðar, einar 100 þús. kr. Haldið þið, að það sé hægt að byggja margar íbúðir fyrir það? Til Hafnarfjarðarkaupstaðar er varið ½ millj. kr. Mér er ekki kunnugt um, hvað margar íbúðir eru þar í smíðum, en þær munu þó vera allmargar. Ég hef ekki heldur tölur um það, hvað miklu á að úthluta hérna til Reykjavíkur, til allra þeirra, sem telja sig vanta fé til þess að geta klárað sínar íbúðir, en það mun ekki vera hlutfallslega miklu hærra en þær tölur, sem ég hef hér nefnt. Ég vil segja, að það er ekki furða, þótt stjórnarherrarnir stæri sig af ötulli baráttu í húsnæðismálunum.

Svo kóróna þessir ágætu þm. stjórnarflokkanna vilja sinn til húsnæðismálsins með því, að þeir allir sem einn fella till. frá þm. Alþb., sem lögð var fram við 2. umr. fjárlaganna um heimild fyrir ríkisstj. til að taka 50 millj. kr. lán innanlands eða utan, sem varið skyldi til að bæta úr brýnustu þörf þess fólks, sem stendur í íbúðabyggingum og er í yfirvofandi hættu við að tapa húsum sínum, vegna þess að hvergi reynist auðið að fá lán, svo að hægt sé að ljúka við íbúðirnar. Fjöldi þess fólks, sem lagði í það að reyna að koma yfir sig og fjölskyldu sína eigin húsnæði í þeirri góðu trú, að eitthvað væri að marka þau loforð, sem þegar hafði verið búið að gefa af hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál, stendur nú alveg gersamlega úrræðalaust. Núna vofa beinlínis yfir nauðungaruppboð á fjölda íbúða hér í þessum bæ og jafnvel víðar, og það er ekki langt síðan seld var hér stór húsablökk, þar sem viðkomandi maður gat ekki staðið í skilum. Hún var seld fyrir mjög vægt verð. En það var bara einn af stórgróðamönnum Reykjavíkur, sem keypti hana og það fyrir mjög lítið verð. Getur viðkomandi maður komið til með að græða um 100 þús. kr. a. m. k. á hverri íbúð, sem hann keypti.

Já, auðmenn Reykjavíkur, þeir sjá sér sannarlega leik á borði að kaupa slíkar hálfgerðar íbúðir og það langt undir kostnaðarverði. En maðurinn, sem hefur lagt í íbúðarbyggingu fyrir fjölskyldu sína, stendur uppi eignalaus og máske með mikið af skuldum, sem hann sér enga leið út úr að geta greitt.

Húsnæðismálin og sú alvarlega þróun, sem þar er að verða, er ekki nema einn angi af viðreisn hæstv. ríkisstj. og stuðningsfl. hennar. Það gefur vitanlega auga leið, að hin gífurlega vaxtahækkun, sem ríkisstj. lét framkvæma og samþ. hér á Alþ. í byrjun s. l. árs, torveldar og stöðvar gersamlega allar íbúðabyggingar í landinu sem og allar aðrar framkvæmdir. Þeir einir geta nú leyft sér að byggja hús á Íslandi, sem eiga nægilega mikla peninga, nægilega mikið fé, sem þeir geta lagt í viðkomandi byggingu, svo að þeir þurfi ekki að leita á náðir lánastofnana. Að ætla sér að byggja hús og taka til þess lán með slíkum okurvöxtum og hér eru er hrein fjarstæða. Það hlýtur að koma að því fyrr eða síðar, að hér í Reykjavík og í öðrum bæjum á Íslandi hlýtur að skapast algert vandræðaástand í þessum málum. Húsnæði er nú þegar leigt út á okurhúsaleigu. Ég gæti komið með dæmi, sem sönnuðu þetta. Og þar við bætist, að viðkomandi húseigendur, margir hverjir, leyfa sér það að krefjast stórkostlegrar fyrirframgreiðslu, jafnvel svo að skiptir tugum þúsunda. Slíka húsaleigu og slíkar fyrirframgreiðslur er vitanlega ekki fært fyrir aðra að greiða en þá, sem eiga miklar eignir. Aðrir geta ekki snarað slíku út. Hinn almenni launþegi, verkamaðurinn hérna við höfnina í Reykjavík, sem hefur innan við 4 þús. kr. á mánuði, hefur engar 2 þús. kr. til þess að leigja sér húsnæði fyrir. Hann hefur engar 10 eða 20 þús. kr. til þess að borga fyrir fram til þess að komast inn í íbúð. Nei, þeir verða að fara á hanabjálkaloftin hér í Reykjavík og í kjallarana, fulla af raka. Þar eiga börn Reykjavíkur að alast upp að dómi þeirra manna, sem þessum málum stjórna, svo fagurt sem það er. Því síður hefur hinn almenni launþegi, eins og ég tók fram, efni á því að taka íbúð á leigu, sem kostar máske 2 þús. kr. á mánuði, og borga svo og svo mikið fyrir fram til að fá lykilinn að íbúðinni. Þetta er gamla ástandið, sem var hér ríkjandi áður. Þá var það þannig, að ef maður ætlaði að fá sér íbúð hér í Reykjavík, þá fylgdi það, að hann fékk ekki lykilinn að íbúðinni, nema hann léti viðkomandi mann fá nokkur þúsund, helzt 10 eða 20 þús., í vasann um leið. En þær 10 eða 20 þús., sem sá, sem leigði íbúðina, lét húsráðanda fá, komu ekki fram á skattskýrslunni. Verkafólks höfuðstaðarins og íbúa annarra kaupstaða, sem hafa ekki getað komið yfir sig húsnæði, eignazt sitt eigið húsnæði, bíður ekkert annað en alger vandræði og hörmungar, ef áfram verður haldið á þeirri braut, sem nú er, sem því miður allt bendir til að áframhald verði á.

Ekki verður annað séð en stórfellt atvinnuleysi sé alveg á næstu grösum. Nú þegar er farið að bera á allmiklu atvinnuleysi, t. d. á Akureyri og víðar í bæjum á Norðurlandi. Að ekki er nú þegar skollið á algert atvinnuleysi í sjávarþorpunum, þorpum og bæjum t. d. á Norðurlandi, stafar af því að menn hafa getað stundað sjó og sæmilega hefur fiskazt. Annars væri nú þegar skollið yfir geigvænlegt atvinnuleysi í öllum sjávarþorpum á Norðurlandi. Og ég geri ráð fyrir því, að sömu sögu sé að segja yfirleitt frá öðrum plássum, bæði frá Austfjörðum og Vestfjörðum. Nei, það er sannarlega ekki fyrir aðgerðir hæstv. ríkisstj., að ekki er komið í meira óefni en er á þessum sviðum. Þar ræður mestu um einmuna góð veðrátta og að fiskurinn hefur gengið á grunnmiðin.

En það er engu líkara en þessari hæstv. ríkisstj. sé alls varnað, sem til heilla horfir fyrir fólkið í landinu. Nú hefur þessi hæstv. ríkisstj. verið að rembast við það eins og rjúpan við

staurinn að reyna að ná samningum við Breta, sem eins og allir vita krefjast þess, að togarar þeirra fái að fiska upp að 6 sjómílum í stað 12 mílna, eins og nú er. Það er nú ekki einu sinni það, að Bretarnir einir, ef af samningum kynni að verða, fái að fara inn fyrir línuna og skafa grunnmiðin, bæði fyrir Norður- og Austurlandi. Það kemur öll hersingin á eftir, því skulum við alveg gera okkur grein fyrir. Vestur-Þjóðverjar eru nú í samningum við Norðmenn um það, að þeir fái að njóta sömu réttinda og Bretinn fékk hjá Norðmönnum. Haldið þið virkilega, að þeir verði linari við okkur en við Norðmenn? Nei, síður en svo. Svo koma allar hinar þjóðirnar, yrði gengið að þessari kröfu Bretanna, eins og þeir hafa nú líka komið skemmtilega fram við okkur bæði nú og áður. Menn minnast margra atburða í sambandi við þau mál. Menn minnast þess t. d., þegar Bretinn lét sig hafa það að stíma niður skip á Dýrafjarðarhöfn og drepa þar nokkra menn og handtaka þar yfirvald sýslunnar. Menn minnast margra slíkra. Það er við þessa herra, sem á að fara að semja. Það er við þessa herra, sem hafa verið að beina fallbyssukjöftunum að varðskipum okkar og jafnvel að fiskiskipum okkar, það er við þá, sem á að fara að semja.

Það, sem hlyti að koma, ef Bretunum væri hleypt inn fyrir, er ekkert annað en það, að grunnmiðin fyrir öllu Norðurlandi og Austurlandi og yfirleitt þar, sem þeim væri hleypt inn að þessum 6 mílum, yrðu þurrausin. Það mundi ekki fást eitt kvikindi á eftir, eftir eitt eða tvö ár. Áður en landhelgin var færð út í 12 sjómílur, var svo komið, að það var alger örðevða fyrir öllu Norðurlandi. Menn voru beinlínis hættir að vonast eftir fiskigöngu. Menn voru að skrölta á opnum bátum rétt út fyrir fjarðarkjaftinn og renna þar færi og vita, hvort það fengist nokkur fiskur. Menn gerðu út stærri báta og reru vestur í Flóa og austur á Mið. Það var alveg sama, það var alltaf sama örðevðan. En hvernig er ástandið í dag? Það er mjög eftirtektarvert. Síðan fiskveiðitakmörkin voru færð út í 12 mílur, hefur orðið á þessu alveg gerbreyting til batnaðar. Nú virðist vera sæmilegur fiskur á grunnmiðum fyrir öllu Norðurlandi, og menn eru mjög bjartsýnir um það, að á þessu verði framhald, svo framarlega sem Bretanum og öðrum slíkum ránfuglum verði ekki leyft að fara inn fyrir til að skafa okkar grunnmið.

Ég skal taka það fram, að ég ber mjög takmarkað traust til hæstv. ríkisstj., en þrátt fyrir það vildi ég þó mega vonast til þess og vænta þess, að hæstv. ríkisstj. sæi sóma sinn í því að hætta nú öllu samningamakki við þessa brezku ræningja. Að skerða fiskveiðiréttindi okkar og hleypa öðrum þjóðum inn í núverandi fiskveiðilandhelgi okkar, þó að um takmarkaðan tíma væri, er einn versti og mesti glæpur, sem hægt væri að drýgja gagnvart því fólki, sem á allt sitt undir afla úr sjó. Það væri beinlínis að stela lambinu frá fátæka manninum og afhenda það þeim ríka.

Aðgerðir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum þjóðarinnar eru samdráttur í öllu atvinnulífi þjóðarinnar samfara óðri verðbólgu, sem nú þegar hefur verkað þannig, að fjöldi fólks hefur þegar yfirgefið heimili sín og flutzt til annarra staða, þar sem það heldur, að yfirvofandi kreppuástands komi til með að gæta minna. Frá mínu byggðarlagi hafa t. d. flutzt um 12 fjölskyldur síðan í haust, beinlínis af ótta við það kreppuástand, sem er verið að búa til. Það er engin ástæða til að búa til kreppu á Íslandi, það vita allir. Ef hér myndast kreppa, þá er það vegna þess, að stjórnarvöldin hafa búið hana til. Hún kemur ekki öðruvísi.

Ég tel nú rétt að ræða að nokkru þær verkanir, sem þegar eru komnar fram beinlínis vegna aðgerða hæstv. ríkisstj. og efnahagsráðstafana hennar. Nokkur af stærstu hraðfrystihúsum landsins hafa verið stöðvuð um lengri eða skemmri tíma. Í öðrum þeirra er unnið 2—3 daga í viku. Það er t. d. mjög algengt hér í Reykjavík, að það sé ekki unnið nema 2—3 daga hér í hraðfrystihúsunum. Hinn tímann hefur fólkið ekkert að gera. Ástæðurnar fyrir slíku ófremdarástandi eru m. a. þær, að togararnir sigla með afla sinn á erlendan markað. Á tæpu ári, eða frá því að núverandi ríkisstj. kom í gegn sínum dæmalausu efnahagsráðstöfunum, hafa togararnir farið 200 söluferðir til útlanda í stað 30 söluferða á sama tíma í fyrra. Þetta segir sína sögu.

Ástæðan fyrir þessum auknu söluferðum togaranna er fyrst og fremst sú, að togaraeigendur fá greitt þar út fyrir aflann um leið og hann er seldur, en aftur á móti leggi togari fisk á land til frystingar innanlands, er aflinn ekki greiddur fyrr en seint og síðar meir. Með því að sigla með aflann á erlendan markað losna togararnir við hið gífurlega vaxtaokur, sem er vitanlega ákaflega stór þáttur í allri útgerð. Auk þess fæst svo að jafnaði betra verð fyrir fiskinn á erlendum markaði. Við erum nú einu sinni þannig settir, að sjómenn og útgerðarmenn fá langtum lægra fiskverð en t. d. Norðmenn. Nú er þetta dálítið einkennilegt, þegar það er haft í huga, að íslenzkir fiskimenn eru mestu afkastafiskimenn í heiminum, vinna eða a. m. k. framleiða 8—9 sinnum meira fiskmagn en nokkrir aðrir sjómenn í víðri veröld. Þrátt fyrir það búa íslenzkir sjómenn og útgerðarmenn við lægra fiskverð en flestar aðrar þjóðir í heiminum. Þessi óheillaþróun bitnar vitanlega mjög harkalega á öllum þeim, sem hafa haft atvinnu við að vinna að fiskinum í hraðfrystihúsunum. Annað er það líka, sem ýtir undir þessar auknu söluferðir fiskiskipanna, og það eru hin smánarlega lágu laun, sem togaramenn búa við. Það er ekki óalgengt, að nú til dags sé kaup togaraháseta á mánuði 4 þús. kr., þ. e. a. s. ef aflinn er lagður upp hér innanlands. Aftur á móti ef siglt er með aflann og heppnin er með, þá fá sjómenn mun hærra verð og mun hærri hlut, ef siglt er með aflann á erlenda markaði. Nú sjá það allir, að þessi þróun er mjög alvarleg, sem sést bezt á því, að togari, sem leggur upp afla sinn innanlands, fer með í túrinn 16—17 daga, þ. e. a. s. ef hann er á heimamiðum, þar með talið löndunarfrítíð og sá tími, sem tekur að skipa fiskinum upp og

sigling frá og á miðin, en togari, sem siglir með afla sinn til sölu í Þýzkalandi, fer með í túrinn alltaf 26—27 daga. Með þessu tapast því beinlínis 10 dagar, sem viðkomandi togari gæti verið við veiðar, ef hann sigldi ekki og ef hann legði upp afla sinn hérlendis.

Um gjaldeyrishlið þessa máls er það að segja, að sterkur grunur leikur á því, að sá gjaldeyrir, sem fæst fyrir aflann erlendis, komi ekki allur til skila. Ég er ekki dómbær á það að gefa neinar frekari skýringar um þetta, þetta er bara almennt mál manna. Annars væri mjög fróðlegt að fá um það upplýsingar, hve miklum gjaldeyri er skilað hingað heim úr sölutúr togara, sem selur fyrir t. d. 80 þús. þýzk mörk, en sú sala mun ekki vera langt frá því að vera meðalsala togara þeirra, sem selt hafa á þýzkum markaði nú að undanförnu.

Í sjálfu sér er það ekkert undarlegt, þótt togarasjómennirnir vilji ekki fara á sjóinn. Kjör þeirra eru svo léleg, að það má telja alveg furðulegt, að hægt skuli vera að fá menn fyrir þau kjör, sem þeir búa nú við. Aðgætandi er, að þessir menn leggja á sig meira erfiði og eru í stöðugri lífshættu og í meiri lífshættu en nokkrar aðrar stéttir þjóðfélagsins. Vinnutími togarasjómanna við veiðar er lögskipaður 12 klst. á sólarhring. Ætli skrifstofufólki hér í Reykjavík og annars staðar og t. d. okkur þm. mundi ekki þykja slíkur vinnutími nokkuð langur? Ég er ekki viss um, að það færi í gegn að lögskipa hér 12 tíma vinnudag í Alþingi. Ég er anzi hræddur um, að það yrðu ekki margir til að vilja samþykkja slíkan vinnudag. En þetta er bara það, sem togarasjómönnunum er boðið upp á. Þeir verða að vinna sína 12 tíma. Og þó er að sumu leyti enn þá verra á línubátunum, því að þar er yfirleitt algengt, að menn vinni yfir vertíðina upp í 18 og 20 tíma á sólarhring. Auk þessa eru laun togarasjómanna beinlínis smánarlaun, sem eru ekki mönnum bjóðandi í siðuðu þjóðfélagi, miðað við það erfiði, sem þeir verða að leggja á sig daglega. Ég fullyrði það, að á þessu verður að verða breyting, sjómönnum okkar verður að greiða svo góð kjör, að það verði eftirsóknarvert að gerast fiskimaður.

Okkar þjóðarbúskap er þannig háttað, að 90% af gjaldeyristekjum okkar eru fengnar fyrir fiskafurðir. Svo eru menn sí og æ að bölsótast út í útgerð og telja slíkt mikinn bagga á þjóðinni. Ég held, að það sé ekki hægt að koma með yfirleitt meira öfugmæli en slíkt. Það eru til jafnvel menn, — ég hef hlustað á þá í útvarpi ekki alls fyrir löngu, — sem vilja láta leggja alla útgerð niður, þurrka hana út. Við menn með slíkan hugsunarhátt er náttúrlega ekki hægt að ræða, svo fjarstæðukenndar sem slíkar skoðanir eru og ákaflega langt frá raunveruleikanum. Þess hefur maður orðið var svo að segja daglega, að það er alltaf verið að tala um þetta mikla tap á útgerðinni, þann mikla bagga, sem sé lagður á landsfólkið í sambandi við þessar miklu greiðslur til hennar.

Hvernig færum við að því að lifa á Íslandi, ef ekki væri útgerð? Íslendingar hafa verið og verða um ófyrirsjáanlegan tíma fiskveiðiþjóð, og allir aðrir atvinnuvegir, hversu mikilvægir sem þeir annars eru, eiga beint eða óbeint allt sitt undir afkomu sjávarútvegsins. Það var engin tilviljun, að biskupsstólarnir á sínum tíma seildust eftir því að fá verstöðvar og alls konar fríðindi við sjó og að aðalmatvælaframleiðsla þeirra var einmitt í sambandi við sjávarútveg. Þeir skildu sannarlega hvers virði sjávarútvegurinn var. Svo eru til menn hér, já, jafnvel menn í ábyrgðarstöðum, sem eru sí og æ að glamra um það, að útvegurinn sé einhver baggi á þjóðfélaginu og það sé jafnvel bezt að leggja hann niður.

Í sambandi við siglingarnar er rétt að benda á, að það eru nú ekki eingöngu togararnir, sem sigla með afla sinn á erlendan markað, heldur eru hinir stærri fiskibátar líka farnir að sigla með afla sinn. Þannig er stefnt að því, að út sé flutt í hraðvaxandi mæli meira magn en áður af ísvörðum fiski. T. d. það magn, sem hraðfrystihúsin framleiða í ár, mér er sagt, að það verði 10—12% minna en var s. l. ár. Þetta er ákaflega alvarleg þróun og hlýtur náttúrlega að þýða minni gjaldeyristekjur, því minna sem unnið er af fiskinum hér heima. Viðreisninni svokölluðu hefur sannarlega tekizt að lama íslenzkan fiskiðnað stórlega, sem aftur á móti þýðir minnkandi atvinnu í landi og minnkandi gjaldeyristekjur.

Vaxtaokrið segir nú til sín á öllum sviðum framleiðslunnar. Það er t. d. talið, að Seðlabankinn einn græði í ár um 100 millj. í stað 25 eða 30 millj. s. l. ár, og þótti þá víst flestum nóg að gert. Hvaðan eru þessar 100 millj., sem talið er að Seðlabankinn græði? Hvaðan haldið þið að þær séu teknar? Þær eru beinlínis teknar af framleiðslunni. Það er ekkert um það að villast. Það býr enginn til 100 millj. úr ekki neinu, og þær eru fyrst og fremst teknar frá sjávarútveginum. Það eru því engin undur, þó að sjávarútvegurinn standi höllum fæti í dag, vegna þess að það er hann, sem er fyrst og fremst látið blæða. Af hverri einustu síldartunnu t. d., sem seld er út úr landinu, er greitt beint til ríkissjóðs um 10% af verðmæti viðkomandi síldartunnu. Þannig er þetta á öllum sviðum. Þar við bætast svo okurvextir og allt sem því tilheyrir, vátryggingar o. s. frv. Sjálfsagt verður gróði annarra banka og peningastofnana í landinu mjög álitlegur, og það er svo sem ekki að furða, þó að menn óskapist yfir taprekstri hjá útgerðinni, þegar þannig er að farið.

Það er t. d. dálítið eftirtektarvert hér í Reykjavík, að aðalhúsin, sem byggð eru hér í Reykjavík, — hvaða hús haldið þið að það séu? Það eru bankar og aftur bankar, og það eru stórhýsi upp á 7 eða 8 hæðir fyrir tryggingar, og þannig mætti lengi telja. Það eru ekki íbúðarhús, sem er verið að byggja núna. Nei, nei, það er banki, sem er nýstofnaður, sem heitir Iðnaðarbanki, hann er að byggja allra stærsta stórhýsið hér við Lækjargötu. Hann hlýtur að hafa mikla peninga. En mér datt í hug, þegar ég gekk hér um bæinn um daginn og var að telja þessar miklu bankabyggingar, sagan af karlinum, sem keypti buddu fyrir alla

sína aura. Það færi því betur, að bankarnir væru ekki að byggja fyrir alla sína peninga og ættu svo enga peninga til að lána út. Annað eins hefði nú getað skeð.

Það má segja, eins og þar stendur, að „á áklæðinu þekkjast þeir, sem á ferð eru". Það væri hægt að benda á ótalmörg dæmi því til sönnunar, hvernig hin svokallaða viðreisn hefur orðið til þess að draga úr öllum framkvæmdum. T. d. eru fjölmörg iðnaðarfyrirtæki að draga saman seglin, og sum hafa þegar hætt starfsemi sinni, a. m. k. í bili. Mér er sagt t. d., að mörg trésmíðaverkstæði hér í Reykjavík séu búin að smíða svo stóran lager, að það pláss, sem þau höfðu, sé orðið alveg fullt, og að þau séu farin að leigja sér pláss úti í bæ, og sum þeirra eru þegar búin að loka. Og af hverju haldið þið, að þetta sé? Það kemur til af því, að kaupgeta almennings er búin, fólk getur ekki leyft sér það núna að kaupa sér stól í stofuna sína eða borð til að borða við. Nei, það verður bara að taka upp gamla lagið, eins og var þegar ég var að alast upp. Fyrst þegar ég kom til Reykjavíkur, var ástandið þannig, að verkafólkið hér í Reykjavík hafði bara tóman kassa fyrir borð og tjaldaði utan um með einhverjum dúk, og stóllinn þess, — hvað haldið þið, að það hafi verið? — það var líka kassi. Það er þetta ástand, sem er núna verið að vinna að því að koma á hér á Íslandi, því miður.

Ég gat þess áðan, að laun verkafólksins og annarra launþega hefðu þegar lækkað um 14% miðað við verðlag. Mitt álit er það, að lækkunin sé miklu meiri, tel mig hafa fært rök að því. Það eru ýmsar duldar leiðir, sem farnar eru til þess að rýra kaupgetuna. Svo eru margar vörur, sem koma ekki inn í vísitöluna, jafnvel þó að hún sé nú þannig upp byggð, að reynt sé að setja sem flest þar inn í, þ. e. a. s. ef það getur orðið til þess að lækka hana frá því, sem hún ætti að vera.

Nei, nú er svo komið, að það er alveg óhugsandi, það er tómt mál að tala um, að hið vinnandi fólk geti unað öllu lengur við núverandi ástand. Það getur enginn verkamaður, hvorki hér í Reykjavík né annars staðar, látið sér detta það í hug, og sízt af öllu ættu valdhafarnir að láta sér það til hugar koma, að fólk geti lifað við 4 þús. kr. mánaðarkaup, þegar svo þar við bætist, að það eru fjölmargir dagar í hverjum mánuði, sem falla úr, að maður ekki tali um alla helgidagana, sem vitanlega falla úr, þegar um tímakaupsákvæði er að ræða. Ég segi fyrir mig, ekki get ég lifað af 4 þús. kr. á mánuði. Ég býst við, að enginn þm. hér inni geti það.

Það er líka mjög eftirtektarvert, sem ég gat um hér áðan og reyndar allir vita, að kaupgjald vinnandi fólks á Íslandi er orðið langtum lægra en á Norðurlöndum. En þrátt fyrir það, þó að kaupið á Norðurlöndum sé þetta miklu hærra, eru þeir ekki alveg búnir að leggja hendur í skaut. Nei, flestöll verkalýðssambönd Norðurlanda eru í undirbúningi með stórfelldar kaupkröfur, og ekki nóg með það, þau eru að fara fram á styttri vinnutíma. Og halda menn svo virkilega, að íslenzkir verkamenn séu slíkir ættlerar, að þeir láti bjóða sér áfram þetta ástand? Nei, síður en svo. Hæstv. ríkisstj. getur huggað sig við það, að það verður ekki látið líða svona óendanlega. Það er þegar búið að sýna sig, hvað hæstv. ríkisstj. er að gera, og verkalýðurinn er seinþreyttur til átaka, en þegar hann fer af stað, þá heldur hann áfram. Því má hver gera sér fulla grein fyrir.

Já, íslenzkur verkalýður mun ekki una því ástandi, sem nú er. Hann mun fyrr en varir gera sínar kröfur og hefur þegar gert þær, um hækkuð laun, styttri vinnutíma og afnám tímavinnufyrirkomulagsins, þar sem því verður við komið. Þetta er alveg eins gott að hæstv. ríkisstj. viti. Það eru víst engir ráðherranna hérna við, en það skiptir ekki máli, það er hægt að koma þessu til hennar á annan veg, enda líka veit hún það sjálfsagt.

Ísland er svo gott land og býr yfir svo miklum möguleikum, að hér ættu allir að geta lifað ágætu lífi, ef rétt og skynsamlega væri haldið áfram. Að bjóða fólki upp á smánarlaun, að viðbættu atvinnuleysi, er hreinasti glæpur, sem engri ríkisstj. er samboðið. Íslenzkur verkalýður mun aldrei una við, að komið verði á atvinnuleysi. Fólk man allt of vel eftir atvinnuleysisárunum. Það man það, þegar það var að fara í hungurgöngur frá verkamannaskýlinu og upp til stjórnarherranna. Ég man þá tíma og reykvískur verkalýður man þá líka, og verkalýðurinn um allt land man það, og slíkt ástand mun ekki verða þolað til lengdar. Ef hér á eftir að myndast atvinnuleysi, er það fyrst og fremst að kenna rangri og vitlausri stjórnarstefnu. Það er staðreynd, að hér ættu allir að hafa nægjanlegt að bíta og brenna, nægilega vinnu og hana vel borgaða. En því miður er þessi óheillastefna núv. ríkisstj. þannig, að hún stefnir mjög öruggt að samdrætti á öllum sviðum atvinnulífsins. Á móti slíkri óheillaþróun verða allir góðir menn að berjast. Atvinnuleysið er einn allra mesti bölvaldur, sem getur komið fyrir í einu þjóðfélagi. Hugsum okkur fjölskylduföður með fullt hús af börnum. Hann fær hvergi atvinnu, hans bíður ekkert annað en hungur og alls konar eymd. Halda menn, að íslenzk verkalýðshreyfing láti bjóða sér slíkt ástand? Nei og aftur nei. Og alveg er sama að segja um kaupgjaldsbaráttuna. Hún verður hafin. Íslenzkur verkalýður, íslenzk alþýða unir ekki þessu ástandi, og fyrr en varir verða þeir ágætu menn, sem hafa komið þessu ástandi á, krafðir sagna, og það færi betur, að þeir sæju að sér og mættu kröfum verkalýðsins með fullum skilningi. Ekkert verkalýðsfélag og enginn meðlimur verkalýðshreyfingarinnar óskar eftir vinnustöðvun. En verkfallið og vinnustöðvunin er það eina vopn, sem verkalýðurinn hefur til að koma sínum kröfum fram, og fái hann þeim ekki framgengt á annan hátt, mun verkfallsvopninu verða beitt og það í fullri alvöru.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. Það er út af atriðum, sem komu fram hér við 1. umr. í ræðu hæstv. sjútvmrh., sem ég kvaddi mér hljóðs.

Í fyrsta lagi var það, að ráðh. hafði kynnt sér yfirlýsingu þá, er hæstv. fjmrh. gaf hér um ákvörðun ríkisstj. viðvíkjandi greiðslu á tryggingagjöldum bátaútvegsins. Og hv. 2. þm. Vesturl. (SÁ) vitnaði um þetta mál líka.

Ég tók það fram í umr. um fjárlögin, en þá mun þessi hæstv. ráðh. ekki hafa verið við, að þær upplýsingar, sem ég hefði um þetta mál, væru frá ráðuneytisstjóranum í efnahagsmrn. Hann lýsti því yfir í fjvn. aðspurður, að ríkisstj. væri búin að taka að sér að sjá um greiðslur á tryggingagjöldunum, en ekki þar með, að það yrði greitt úr ríkissjóði. Ráðuneytisstjórinn upplýsti, að það mundi verða notaður sá afgangur, sem væri í útflutningssjóði, sem hann gerði þá ráð fyrir að væri um 60 millj. með því óinnheimta gjaldi af útflutningsvörunum, sem gert væri ráð fyrir að innheimtist. Um það, hvernig það, er á vantaði, yrði greitt, væri allt í óvissu, enda væri það líka í óvissu, hvað tryggingagjöldin í heild væru há. Ef ég hef farið þar rangt með, þá er það af því, að ráðuneytisstjórinn hefur misskilið þessa afstöðu hæstv. ríkisstj. og þess vegna er mín frásögn, ef röng er, á hans ábyrgð. Hins vegar hygg ég, að skýring í þessu máli sé nú að koma fram í ósk útvegsmanna, sem hæstv. ráðh. skýrði frá í kvöld.

Hæstv. ráðh. sagði svo í ræðu sinni, að það væri rétt, að verðlag hefði hækkað, vextir væru háir og lánsfjárkreppa væri. En ráðherrann taldi, að engin leið hefði verið til að leysa úr vandræðum efnahagsmálanna önnur en þessi. Í sambandi við það langar mig að spyrja þennan hæstv. ráðh. um þetta: Í fyrsta lagi: Fyrir kosningarnar í fyrrahaust, þegar hann var forsrh. og lýsti því yfir, að honum og hans ríkisstj. hefði tekizt að halda dýrtíðinni í skefjum árið 1959, þá bætti hann við, að kosningarnar væru örlagaríkar, vegna þess að þær skæru úr um það, hvort vandamál framtíðarinnar yrðu leyst með svipuðu hugarfari og á sama hátt og gert hefði verið 1959. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh.: Átti hann við þær aðgerðir, sem núv. ríkisstj. hefur gert í efnahagsmálum, þegar hann talaði um „með svipuðu hugarfari og á sama hátt“ og hann lýsti yfir að gert hefði verið 1959? Í öðru lagi: Hæstv. ráðherra talaði um, að vinstri stjórnin hefði haft möguleika til þess að leysa efnahagsmálin haustið 1958, þar sem þeir Alþfl.-menn hefðu lagt til, að málið yrði lagt fyrir Alþingi, þ. e. sú leið, sem helzt hafði verið rædd í ríkisstj. Telur hæstv. ráðh., að það hefði verið í samræmi við þá yfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar, sem var fyrsti liður í stefnuyfirlýsingu hennar, að hafa samráð við stéttarfélögin í landinu um lausn efnahagsmála? Hafði ríkisstj. rétt til þess eða var rétt gert af ríkisstj. að leysa efnahagsmálin með lagaboði, eftir að samstarfsgrundvöllurinn við stéttafélögin var brostinn? Ég endurtek: Hefði það verið rétt hjá vinstri stjórninni að leysa efnahagsmálin með lagaboði á Alþingi, eftir að þetta fyrsta atriði í stjórnarsáttmálanum var brostið?

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. sjútvmrh. sagði í ræðu sinni hér fyrir skömmu, að tölur þær, sem nefndar hafa verið viðkomandi ástæðum útflutningssjóðs, væru ekki komnar frá ríkisstj. Ja, nú dámar mér að heyra! Fjhn. þessarar d. hefur bæði fyrr og nú óskað eftir upplýsingum frá ríkisstj. um fjárhagsástæður útflutningssjóðs, og ráðuneytið hefur látið nefndinni upplýsingar í té, hvaðan sem þær eru fengnar. Við höfum hér á þingi vitanlega aðgang að ríkisstj. og viðkomandi ráðuneytum um þær upplýsingar, sem við viljum fá um slík mál, og þá er það ríkisstj. og ráðuneytin, sem láta þessar upplýsingar, sem bera ábyrgð á þeim. Og ríkisstj. sjálf hefur byggt á þessum tölum, sem hér hafa verið nefndar. Í ríkisútgáfunni í fyrra sagði hæstv. ríkisstj., að áætlað væri, að það væru 270 millj. kr., sem þyrfti að afla, og hún sagði, að það væri til þess ætlazt eða gert ráð fyrir því, að gengishagnaður á vörubirgðum, sem átti að renna í útflutningssjóð, mundi nema um 150 millj., og síðan vantaði 120 millj., sem átti að afla með útflutningsskatti. Nú hins vegar, eins og ég hef áður gert grein fyrir, koma nýjar upplýsingar frá ráðuneytinu eftir ósk fjhn. um, hvernig hagur útflutningssjóðsins sé, og samkvæmt hinum nýjustu upplýsingum er talið, að hann sé þannig, að það verði tekjuafgangur hjá sjóðnum, sem er um það bil 40 millj. meiri en útflutningsskatturinn hefur numið eða er áætlað að hann muni nema í heild. 120 millj. var talið í fyrravetur, að þyrfti að ná í með útflutningsskatti til að jafna halla sjóðsins. Nú er sagt, að sjóðurinn hefði haft 40 millj. í tekjuafgang, þótt enginn útflutningsskattur hefði verið á lagður. Þarna skakkar 160 millj. Það er ekkert annað.

Hæstv. ráðh. segir, að það hafi verið meira flutt út af eldri vörum eftir gengisbreytinguna en gert var ráð fyrir, eða ég skildi hans ummæli þannig. En var ekki kunnugt um það, þegar efnahagslögin voru sett, eða var ekki auðvelt að fá nokkurn veginn ábyggilegar upplýsingar um það, hvað eftir var að flytja út af framleiðsluvörum frá árinu 1959? A. m. k. átti að vera hægt að komast nær réttu um það en svo, að það gæti skakkað 160 millj. á þessum gengishagnaði.

Það er þannig, að sagan af útflutningssjóði og ástæðum hans, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að segja hér á Alþingi, á síðasta þingi og nú á þessu þingi, er öll hin furðulegasta. Ef þetta stafar af hroðvirkni hjá ríkisstj., en ekki öðru verra, — og ég vil í lengstu lög gera ráð fyrir því, að það sé skýringin á þessu, — þá er sú hroðvirkni ákaflega mikil. Hún er svo mikil, sú hroðvirkni, að hún er algerlega óafsakanleg.

Hæstv. ráðh. talar um aflabrest mikinn og tilfinnanlegan í ár, og mun hann þar aðallega hafa átt við togaraútgerðina. Og ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að hæstv. ráðh. hafi nefnt það, að skakkaföllin vegna aflaleysis væru miklu tilfinnanlegri fyrir útveginn en vaxtahækkunin. Ég held, að þetta sé efnislega rétt eftir haft. En þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann, að togaraútvegurinn t. d. sé fær um að taka á sig vaxtaokur ríkisstj. í viðbót við

skakkaföllin af minnkandi afla? Í raun og veru hefur hæstv. ráðh., aðrir ráðh. og allt stuðningslið stjórnarinnar svarað þessu, að þeir telja, að þrátt fyrir aflabrestinn geti útvegurinn tekið þetta á sig. Þeir svöruðu þessu í raun og veru við atkvgr. hér í gær. Þeir greiddu allir atkvæði gegn því að létta okurvöxtunum af útveginum og öðrum í þessu landi. Þeir tala mikið um aflabrest, en þeir virðast þó ekki, þegar til kemur, telja hann alvarlegri en svo, að vel sé hægt fyrir útveginn að taka okurvextina í ofanálag.

Hæstv. fjmrh. gerði nokkrar aths. við það, sem ég birti í mínu nál. um breyt. á sparifénu. Sérstaklega fann hann að því, að ég lagði saman spariinnlán og hlaupareikningsinnlán. Þetta taldi ráðh., að ætti ekki að gera. Ég vil benda á það, að tímanlega á þessu ári heimtaði Seðlabankinn að fyrirlagi ríkisstj., að helmingur af sparifjáraukningu, sem verða kynni hjá viðskiptabönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum, skyldi afhentur Seðlabankanum til geymslu. Það átti að taka þennan hluta sparifjárins frá þessum innlánsstofnunum. Einn sparisjóðsstjóri hefur sagt mér, að forstöðumenn sparisjóðanna hafi farið fram á það, að hlaupareikningsinnstæður í sparisjóðunum væru ekki taldar þarna með. En þessu var harðlega neitað. Þeir, sem stóðu fyrir þessu, vildu, að það gilti sama um innstæður á hlaupareikningi og í viðskiptabókum. Þeir töldu þá og telja innstæður á hlaupareikningi með öðru sparifé. Þeir heimta helminginn af innstæðuaukningu á hlaupareikningi, ef einhver verður, — heimta, að það verði flutt í Seðlabankann. Þeir telja ekki meiri eðlismun á þessu en þetta ber vott um. Það er líka þannig t. d. um Landsbankann, að hann gefur út rit, sem nefnist Fjármálatíðindi, og þar eru birtar skýrslur um sparifé. Þar er að vísu í tveimur dálkum það, sem þeir kalla spariinnlán og innlán á hlaupareikningi, en þetta er síðan lagt saman. Ég hafði því fyrirmynd, þegar ég var að gera þessar athuganir, sjálfan Seðlabankann, ég fór eftir hans reglu. Ég notaði sömu aðferð við mína útreikninga og Seðlabankinn hefur notað. Hann telur hlaupareikningsinnstæður með öðru sparifé og heimtar helminginn af þeirri viðbót, sem þar kann að verða, enda tel ég, að það sé ekki annað fært en taka þetta hvort tveggja saman, ef útkoman á að verða nokkurs virði til samanburðar við fyrri tíma. Ég tel, að það verði að taka þetta saman. Það er oft nokkuð mikið tilviljunum háð, hvernig sparifé flyzt á milli þessara reikninga og það gefur alls ekki rétta mynd af breytingum á sparifjárinnstæðum, ef aðeins annað af þessu tvennu er talið.

Það mun vera nokkru meira tiltölulega af sparifénu nú í sparisjóðsbókum en í hlaupareikningi, en það geta verið ýmsar ástæður til þess. Ég tel, að það geti t. d. stafað nokkuð af því, að munur á vöxtum af fé, sem stendur í viðskiptabókum og í hlaupareikningi, er nú miklu meiri en áður var. Nú munu vera 9% vextir greiddir af fé í venjulegum viðskiptabókum, en ég held, að það sé rétt, að það séu 4% af hlaupareikningsinnstæðum. Þarna munar 5%. Áður en vöxtunum var breytt, var þessi munur vitanlega langtum minni. Þetta getur orðið mönnum nokkur hvöt til þess að hafa fé heldur í sparisjóðsbókum en í hlaupareikningi, þegar munar svona miklu á vöxtunum, því að féð er í raun og veru jafnlaust og jafntiltækt, þegar á því þarf að halda, í venjulegum innlánsbókum eins og í hlaupareikningi. Það er því óhjákvæmilegt að taka saman spariinnlán og hlaupareikningsinnlán, til þess að réttur samanburður fáist. Þess vegna tel ég, að tölur hæstv. fjmrh. gefi ranga mynd af ástandinu, því að hann taldi aðeins fram annan liðinn úr skýrslunum um sparifé.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) gerði þetta að umtalsefni hér áðan. Hann talaði um veltuinnlán. Það nafn hef ég nú ekki séð í skýrslum hagstofunnar, a. m. k. ekki nú nýverið, en ég geri ráð fyrir, að hv. þm. eigi þar við það, sem þar er nefnt innlán á hlaupareikningi, — ég býst við því.

Þá var hæstv. fjmrh. einnig óánægður með tímabilið, sem ég miðaði við í samanburði mínum. Síðustu skýrslur, sem til eru um sparifé, eru miðaðar við októberlok nú í ár, og ég tók heilt ár, það síðasta fyrir þann tíma, til samanburðar við fyrri ár. Ég tel nefnilega, að myndin verði réttari, ef það er tekinn heldur lengri tími heldur en mjög skammur, því að það geta orðið ýmsar tilfærslur á milli mánaða og nokkuð tilviljanakenndar stundum. Ég tók því þetta tímabil frá 1. nóv. í fyrra til 1. nóv. í ár, og það hittist nú einmitt svo á, að það er það tímabil, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið við völd, það er hennar fyrsta ár, og ég bar saman við tvö næstu ár á undan. Hæstv. fjmrh. segir: Tölurnar sanna ekkert, þær gefa ekki rétta mynd. Jú, þær gefa einmitt rétta mynd, þær gefa rétta mynd af hæstv. ríkisstj. Þær sýna, hverjar breytingar hafa orðið í hennar valdatíð. Og hvers vegna má ekki draga upp mynd af fyrsta stjórnarári núv. stjórnar og bera saman við næstu árin áður?

Ég vísa til þess, sem bent er á í mínu nál., að að því er bankana snertir, þá hafi innstæðuaukningin á þessu síðasta ári orðið 12.1% á móti 20.9% 1958, og að því er sparisjóðina snerti, þá hafi hún orðið 13%, en var 21.2% 1958. Þannig er fyrsta ár núv. stjórnar samanborið við árin á undan. Síðasta árið var þó vaxtahækkun í átta mánuði af árinu. Hæstv. ráðh. vill taka tímabilið frá febrúarlokum í ár til októberloka. Það er náttúrlega hægt að taka ýmsa mánuði til samanburðar. Ég hef, síðan hæstv. ráðh. flutti ræðu sína, einnig gert þetta, ég hef tekið síðustu átta mánuðina og sömu mánuðina árin á undan, en vitanlega haft aðferð Seðlabankans, ég hef tekið saman spariinnlán og hlaupareikningsinnlán, og sá samanburður lítur þannig út, þegar tekið er í eina heild bankarnir og sparisjóðirnir, að frá febrúarlokum 1958 til októberloka það ár hefur aukningin orðið 298 millj., eða 14.6%, sömu mánuði 1959 er aukningin 323 millj., eða 13%, og þessa sömu mánuði nú í ár er aukningin 346 millj., eða 12.3%. Þó að maður þannig taki aðeins þessa síðustu átta mánuði og sömu mánuði

árin á undan, þá kemur fram, að sparifjáraukningin er tiltölulega minni á þessu ári en árin 1959 og 1958, þrátt fyrir vaxtahækkunina, sem að sögn hæstv. ríkisstj. átti að stórauka sparifjármyndun í þjóðfélaginu.

Mér þótti gott að heyra það, að hv. 5 þm. Reykv., sem er bankastjóri, er mér sammála um, að það séu varhugaverð á ýmsan hátt þessi fyrirmæli um að heimta spariféð úr viðskiptabönkum og sparisjóðum og innlánsdeildum inn í Seðlabankann. Hann sagðist vilja, að endurskoðuð verði ákvæðin um bindingu sparifjárins, og ég vildi nú vænta þess, að hann beitti sínum áhrifum til þess að fá þessa fjárheimtu til Seðlabankans frá innlánsstofnunum numda úr lögum.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa farið fram, og mun því verða mjög stuttorður. Ég kem ekki heldur hingað til þess að gagnrýna ríkisstj. að þessu sinni, heldur til þess að lýsa mig samþykkan einu atriði, sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvmrh. hér áðan. Hæstv. sjútvmrh. sagði, að það hefði komið í dag til ríkisstj. ósk frá Landssambandi ísl. útvegsmanna um það, að útflutningsgjaldinu yrði haldið áfram og að því er mér skildist notað til þess að greiða niður eitthvað af rekstrarkostnaði útgerðarinnar. Hæstv. ráðh. tók það fram sem sína skoðun, að mér skildist, að þetta væri óskylt mál því, sem hér lægi fyrir, og þess vegna teldi hann rangt að taka nokkur ákvæði á þessa leið upp í þetta frv. Um það er ég honum fullkomlega sammála. Það er allt annað það mál, sem hér liggur fyrir, og ósk útgerðarmanna um það, að útflutningsgjaldinu verði haldið áfram og notað til þess að borga niður rekstrarkostnað útgerðarinnar. Útflutningsgjaldið, sem hefur verið borgað á þessu ári, hefur verið greitt í öðru skyni, eins og kunnugt er, eða átti að vera til þess að borga gamlar skuldir útflutningssjóðs, sem hefðu orðið til jafnt vegna útvegsmanna og sjómanna eða vegna þess fiskverðs, sem til þeirra hafði verið borgað. Aftur á móti ef útflutningsgjaldið yrði lagt á núna sérstaklega og látið renna til útgerðarmanna einna, þá mundi í raun og veru þar vera ranglega tekið fé af sjómönnum.

Eitt hið versta, sem fylgdi því uppbótakerfi, sem horfið var frá hér á s. l. vetri, var það, að fiskverðið hafði verið tvenns konar, útgerðarmenn höfðu fengið annað fiskverð en sjómenn, og fiskverðið til sjómannanna hafði verið mun lægra. Því miður var þessum ágalla, sem var einn sá versti í sambandi við uppbótakerfið, ekki kippt í lag, þegar sú breyting var gerð á efnahagsmálunum, sem gerð var á s. l. vetri, og þetta tvenns konar fiskverð hefur þess vegna haldizt áfram á þessu ári.

Nú skilst mér, að það standi yfir samningar á milli útgerðarmanna og sjómanna um nýja kjarasamninga og að það sé í því sambandi lögð eðlileg áherzla á það af hálfu sjómanna, að það verði aðeins eitt fiskverð, að fiskverðið verði hið sama til útgerðarmanna og sjómanna, sem er fullkomlega eðlilegt.

Ef hins vegar væri nú horfið að því ráði að leggja á útflutningsgjald, sem rynni eingöngu til þess að borga niður rekstrarkostnað útgerðarinnar, þá mundi þar raunverulega ranglega vera tekið fé af sjómönnum, og það væri raunverulega verið að halda áfram tvenns konar fiskverði, hærra fiskverði til útgerðarinnar, en lægra fiskverði til sjómanna. Og útflutningsgjald gæti því aðeins verið réttlátt og gæti því aðeins átt nokkurn rétt á sér, að tekjunum, sem fengjust af því, yrði þá skipt á milli útgerðarmanna og sjómanna, t. d. í samræmi við hlutaskiptin, sem eru um það, hvað sjómenn eigi að fá af aflanum. Hitt væri fullkomlega ranglátt, að láta útflutningsgjald, sem legðist á allan útflutning, t. d. sjávarafurða, renna til útgerðarmanna einna. Ef réttlæti ætti að vera í þessum efnum, yrði gjaldið að skiptast á milli sjómanna og útgerðarmanna.

Ég vil þess vegna vænta þess og draga þá ályktun af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri allt annað mál, hvort það ætti að leggja á nýtt útflutningsgjald á næsta ári, og það mál, sem við værum að ræða hér, — að hann teldi það ekki rétt að leggja á nýtt útflutningsgjald, a. m. k. ekki í því formi, að það rynni til útgerðarmanna einna, heldur yrði þá skipt eftir réttum hlutföllum milli útvegsmanna og sjómanna, ef að því ráði yrði horfið að hafa útflutningsgjald. En langsamlega eðlilegast og réttast væri þó hitt, að láta gjaldið alveg falla niður, eins og mér skilst að hafi verið markmið ríkisstj. fram að þessu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég má nú víst allra sízt vera að reyna á þolinmæði hv. d., þegar komið er fram að miðnætti, en það var af því, að hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) furðaði sig á því, að ég hefði notað orðið veltuinnlán, sem hann hélt að ég ætti víst við að væri sama og hlaupareikningslán, — virtist ekki hafa heyrt það, en vitnaði þó í Fjármálatíðindi og reikningshald Seðlabankans. Hérna er ég nú með Fjármálatíðindi, og þar er alls staðar sundurliðað. (Gripið fram í.) Seðlabankinn og Fjármálatíðindi, og þetta er uppstilling Seðlabankans í Fjármálatíðindum. Það eru alls staðar sundurliðuð spariinnlánin annars vegar og — (Gripið fram í.) Hagtíðindi? Nei, það eru spariinnlán, og það eru veltuinnlán. (Gripið fram í.) Og inni í bókinni eru veltuinnlán og spariinnlán. En sem sagt, það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga, þó að menn vilji slá saman veltuinnlánum og spariinnlánum, en þá eru það heildarinnlán. En það er alveg jafnrangt að kalla þau samanlögðu innlán spariinnlán, þegar veltuinnlánin eru komin inn í það, eins og það væri rangt að kalla þetta samanlagt veltuinnlán.

Ég skal ekki eyða meiri tíma í þetta.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal nú takmarka mína ræðu við það að svara aðeins þeim spurningum, sem til mín hefur verið beint.

Hv. 3. þm. Vesturl. (HS) spurði í fyrsta lagi, eða hann beindi til mín, óbeinlínis þó, að mér skildist, spurningu enn um, hvort loforð hefði

verið gefið um greiðslu vátryggingariðgjaldanna. Eins og menn muna, var við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d. því haldið mjög ákveðið fram, að ríkisstj. eða ég hefði gefið um það loforð, að öll vátryggingariðgjöld bátanna skyldu verða greidd.

Nú hef ég lýst því yfir fyrir mína parta, að þetta loforð hafi ég ekki gefið, og hér hafa borið vitni tveir hv. alþm., sem báðir sátu fund Landssambands ísl. útvegsmanna, um það, að þetta hafi svo verið, þetta loforð hafi ekki komið frá ríkisstj., og þeir staðfestu þar með algerlega það, sem ég hafði um þetta mál sagt. Hvað ráðuneytisstjórinn í efnahagsmrn. hefur sagt við hv. fjvn., þori ég náttúrlega ekkert að fullyrða um, því að um það veit ég ekki. En hitt veit ég með vissu, að ríkisstjórnarinnar meining var sú, að þessi greiðsla næði einungis til þess fjár, sem eftir yrði í útflutningssjóðnum, þegar hans skuldbindingar væru greiddar.

Þá spurði hv. þm. um loforð mín 1959 og taldi sig geta fullyrt, að ég hefði í ræðu — eða ræðum kannske, — haldið því fram, að sömu stefnu í efnahagsmálunum mundi verða haldið áfram eins og gert hefði verið. Ég hef ekki við þessu annað að segja en það sama, sem ég hef alltaf svarað, að þessari stefnu mundi stjórn Alþfl. halda fram, en vandi framtíðarinnar væri óleystur. Þessi ríkisstj., sem Alþfl. myndaði í árslok 1958, setti sér ekki hærra mark en það að freista þess að halda verðlagi og kaupi stöðugu, þangað til „óperasjónin" færi fram, þangað til freistað yrði að leysa vandann, leysa kjarna málsins.

Þá spurði hv. þm. í þriðja lagi, hvort ég teldi það rétt, að vinstri stjórnin hefði haldið áfram störfum, þegar samstarfsgrundvöllurinn var brostinn, eins og hann orðaði það, og á hann þá sennilega við það, að vinstri stjórnin hafði gefið þá yfirlýsingu að starfa í nánu sambandi við verkalýðssamtökin og bændasamtökin í landinu, en verkalýðssamtökin höfðu haustið 1958 neitað forsrh. um frest á því að láta koma til framkvæmda vísitöluhækkunina, sem varð haustið 1958. Við töldum í Alþfl., að þó að þessi neitun hefði verið gefin af Alþýðusambandinu þá, hefði verið rétt, að ríkisstj. reyndi að starfa áfram til þess að finna lausn. Þennan vanda varð að leysa með einhverju móti, og Alþfl. taldi rétt, að stjórnin héldi áfram við að freista að leysa vandann á þeim grundvelli, sem finnanlegur væri. Vitanlega yrði þess freistað að ná sambandi við bæði verkalýðssamtökin og bændasamtökin um þær aðgerðir, sem gera þyrfti, en tækist það ekki, þá hefði þó tilraunin verið gerð, og okkur fannst ekki forsvaranlegt að gera ekki þessa tilraun. Þingflokkur Alþfl. skrifaði þá páv. forsrh. bréf og lagði til, að þessi leið yrði reynd. Þetta tel ég rétt að komi fram í þessum umr., vegna þess að hér kom það fram í umr. fyrr, að það hefði raunverulega verið Alþfl., sem hefði rofið stjórnarsamstarfið. En það var nú síður en svo, því að hann var sá, sem lengst hékk í því að vilja halda því áfram.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. var hálfhneykslaður yfir því, að ég hefði sagt, að þær tölur, sem nefndar hefðu verið í sambandi við útflutningssjóðinn, væru ekki frá ríkisstj. Ég held, að ég hafi ekki orðað þetta svona. Ég orðaði það víst þannig, að þessar tölur, sem komið hefðu fram um útflutningssjóðinn, væru ekki búnar til eða fundnar af ríkisstj. Hitt er náttúrlega rétt, að hún tók við þessum tölum frá stjórn útflutningssjóðs og skilaði þeim til réttra hlutaðeigenda, bæði hér og annars staðar, sem óskuðu eftir þeim. En það var ekki á valdi ríkisstj. sjálfrar að finna út þessar tölur, heldur stóð það náttúrlega næst stjórn útflutningssjóðs að gera það, og hún gerði það, og hún kom þessum tölum til ríkisstj. og svo ríkisstj. aftur áfram til þeirra, sem óskuðu eftir þeim.

Hv. þm. sagði líka, að þessi mismunur, sem nú væri á stöðu útflutningssjóðsins og þeirri áætlun, sem gerð var um þá hluti í árslok eða í nóvembermánuði árið 1959, bæri vott um svo hroðvirknisleg vinnubrögð, að óafsakanlegt væri. Ég bar hér fyrr í kvöld fram þá skýringu, sem er mjög nærtæk í þessu efni. Hún er sú, og hún hefur ekki verið vefengd, að mismunurinn á þessari stöðu sjóðsins kemur fyrst og fremst fram af því, að það færist sala á afurðum yfir skurðarpunktinn 15. febrúar og kemur á nýju gengi, en ekki með gamla genginu. Það verður til þess, að í staðinn fyrir að sjóðurinn gefi með þessum útflutningi, þá fær hann nú tekjur af honum.

Um sparifé og veltuinnlánin þarf ég ekki að ræða, því að það hefur hv. 5 þm. Reykv. gert, og það verður ekki af skafið, að veltuinnlán og spariinnlán eru sitt hvað, sem má alls ekki blanda saman.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég vil aðeins segja örfá orð út af síðari ræðu hæstv. sjútvmrh. — Hann er að reyna að finna einhverjar skýringar á þeim geysilega mun, sem er á upplýsingunum, sem komu í febrúarmánuði og svo aftur núna, um stöðu útflutningssjóðs, og vill halda því fram, að það muni stafa af því, að það hafi meira en gert var ráð fyrir verið flutt út af vörubirgðum, sem voru þá til, eftir að gengisbreytingin var gerð. En ég vil vekja athygli á því, að þetta fær alls ekki staðizt, því að samkvæmt lögunum voru það aðeins vörur framleiddar fyrir miðjan febrúar, eða 16. febr. 1960, sem útflutningssjóður átti að greiða bætur á eftir gömlu reglunni og átti að fá gengishagnaðinn af, og það var vitanlega vandalaust fyrir ríkisstj. eða einhverja starfsmenn hennar að áætla þetta, svo að það væri nokkuð nærri lagi, svo að það munaði ekki meira en helmingi, eins og nú er komið á daginn. Þeir hlutu að vita, hvað búið var að framleiða og hvað var til af vörum, enda þeirra útreikningar í sambandi við gengisbreytinguna byggðir á skýrslum um þetta. Ég get ekki séð, að þessi skýring fái staðizt. Útflutningssjóður átti aðeins að fá gengismuninn af vörum, sem voru framleiddar fyrir þennan tíma, áður en gengisbreytingin var gerð, og það var vandalaust að vita það nokkurn veginn, hvað mikið þar var um að ræða.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að þessar upplýsingar hefðu verið

frá því í febrúar 1960. En það eru ekki þessar tölur, 270 millj., sem skiptust í 150 og 120, þær urðu til í nóvembermánuði 1959, og það var byggt á þeim við áætlun, sem gerð var fyrir áramótin. Breytingin, sem varð á þeirri áætlun, gerir það að verkum, að þessi mismunur er orðinn til. Sömuleiðis, eins og ég hef raunverulega tekið fram í kvöld áður, var fiskurinn til Ameríku, sem seldur er í umboðssölu, greiddur eða verðuppbæturnar á hann úr útflutningssjóði að 75%, um leið og varan fór, en það var alveg ómögulegt, þegar þessi áætlun var gerð, að vita, hvort gjaldeyrisskilin kæmu fyrir eða eftir gengisbreytinguna. Þannig voru þeir óvissu partar í þessari áætlun svo miklir, að þetta er alveg fullkomlega skýranlegt vegna þeirra.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil aðeins leiða athygli að því, eins og ég hef gert að nokkru leyti áður, að þær skýringar, sem hæstv. sjútvmrh. reynir að hafa hér í frammi til þess að réttlæta þann stórkostlega misreikning, sem upp hefur komið í sambandi við útflutningssjóð, hans skýringar fá ekki staðizt með neinum hætti, og ég álít, að hann sé að reyna að koma hér sök á stjórn útflutningssjóðs á mjög óréttilegan hátt. Ég hef veitt því athygli, að hæstv. sjútvmrh. hefur sagt hér hvað eftir annað, að skuld útflutningssjóðs, sem tilgreind var í grg. með gengislækkunarfrv., 270 millj. kr., hafi verið gefin upp í nóvembermánuði 1959, og segir, að hún hafi verið gefin upp af stjórn útflutningssjóðs. En hann sagði einnig, að það hefði komið í ljós í framkvæmdinni, að sú tala hafi reynzt rétt. En hvað segir í grg. fyrir gengislækkunarfrv.? Þar segir: „Ekki er hægt að segja um það með vissu, hversu miklar þessar skuldbindingar eru á hverjum tíma“ — skuldbindingar sjóðsins. „Samkvæmt áætlun sjóðsstjórnarinnar námu þær um 270 millj. kr. í árslok 1959“ — í árslok, en ekki nóvembermánuði. Þetta stendur í grg. fyrir frv. Þetta voru þær upplýsingar, sem stjórn útflutningssjóðs gaf, að skuldirnar mundu vera 270 millj. kr. í árslok 1959, og hæstv. ráðherra hefur hér staðfest, að þessar upplýsingar reyndust vera réttar. En hvar liggur skekkjan? Skekkjan liggur í því, að áfram sagði í grg. frv., að svo mundi sjóðurinn fá tekjur af gengisbreytingunni vegna útfluttra vara, sem voru framleiddar fyrir gengisbreytinguna, sem sagt af birgðunum. Reiknað var út og sagt frá í grg. frv., að þessi gengishagnaður mundi nema 150 millj. kr. Ætlar nú hæstv. sjútvmrh. að reyna að halda því fram, að það hafi verið stjórn útflutningssjóðs, sem hafi reiknað það út á þessum tíma, hvað gengishagnaðurinn yrði mikill í sambandi við gengislækkunina af birgðum þeim, sem lágu fyrir í landinu? Nei, það vita allir, að það gat enginn reiknað út þennan gengismun nema þeir, sem voru að bollaleggja um breytingar á genginu. Þetta voru útreikningar ríkisstj. og hennar ráðunauta. Og það er þar, sem skekkjan liggur, eftir því sem hann segir nú sjálfur. Þetta voru ekki útreikningar stjórnar útflutningssjóðs. En birgðirnar lágu fyrir. Það vissu allir menn, hverjar birgðirnar voru. Fiskifélagið gaf upp birgðirnar, og það lá algerlega fyrir, hverjar þær voru, og þetta var einfalt reikningsdæmi. Þeir, sem vissu, hver skráningin á genginu átti að verða, og þeir, sem vissu, hverjar birgðirnar voru, það voru þeir, sem reiknuðu þetta út, að gengishagnaðurinn yrði 150 millj. og þá yrði a. m. k. um skuldahala að ræða hjá útflutningssjóði upp á 120 millj., og lögðu til að leggja á sérstakan útflutningsskatt, 5%, sem ætti að standa í 1—2 ár. Þetta, sem ég bendi nú á, sannar það, að þeir misreikningar, sem hér er um að ræða, voru gerðir af ríkisstj. og hennar ráðunautum í efnahagsmálunum, þeim sem undirbjuggu viðreisnarlöggjöfina. Það voru þeir, sem þurftu á því að halda, þegar var verið að samþykkja gengislögin, að sanna það fyrir hv. alþingismönnum og þjóðinni allri, að það væri skuldahali hjá útflutningssjóði upp á 120 millj. a. m. k. Þeir þurftu að sanna það, og þeir sönnuðu það strax í grg. fyrir frv. með því að fullyrða þetta, þó að þeir hefðu birgðirnar liggjandi í landinu og vissu, hver gengisskráningin átti að verða.

Það hefur sem sagt sannast þarna, að þessir aðilar fullyrtu það í tölum í grg., sem fær ekki staðizt. Og það voru þessir sömu aðilar, sem síðan hafa verið að gefa upplýsingar um það, að útkoman á útflutningssjóði væri ýmist 40 millj. eða nú seinast 88 millj.

Það er miklu eðlilegra, að hæstv. ráðherra hætti þessum skýringum sínum, því að þær fá ekki staðizt. Það sjá allir menn, að þær eru ekki réttar, og auðvitað, eins og fyrri daginn, berast böndin að sérfræðingum ríkisstj. og henni sjálfri í sambandi við það, sem hún hefur fullyrt varðandi viðreisnarlöggjöfina sem heild.

Ég hafði hugsað mér að segja hér ýmislegt fleira í sambandi við það, sem hefur hér fram komið. En umræður hafa dregizt svo, að ég ætla að hætta við það og aðeins segja að lokum nokkur orð í sambandi við þau orð, sem féllu hér hjá hæstv. sjútvmrh. viðvíkjandi þeim umræðum, sem hér hafa farið fram um veltuinnlán og spariinnlán, eða sparifjáraukninguna, sem oft er nefnd. Ég tók eftir því, að hæstv. ráðherra sagði: Veltuinnlán og spariinnlán eru sitt hvað, og má ekki blanda þeim saman. Ég hef bent á það áður hér í umræðum, og vil benda þessum hæstv. ráðherra á það, að Fjármálatíðindi Seðlabankans, hið mjög merkilega og uppfræðandi rit um fjármál, þar sem einn af uppáhaldshagfræðingum og ráðunautum ríkisstj. stjórnar því, sem þar er sett á prykk, hafa nokkrum sinnum birt í töflu sparifjáraukninguna og veltulánaaukninguna og birt þetta í línuritum og lagt svo allt saman út í eina mynd á eftir og sagt, að heildarinnlánin væru svona mikil. Þeir hafa, þeir vísu menn þar, séð mögulegt að leggja saman veltuinnlán og spariinnlán og talað um heildarinnlán. Þetta hafa þeir gert, þótt hæstv. ráðherra segi, að þessu megi ekki blanda saman. En svona eru fundin heildarinnlánin, sem eru þá vitanlega líka um heildarsparnaðinn eða það, sem lagt er

fyrir af fé á viðkomandi tímabili, því að þetta hvort tveggja er mjög skylt hvort öðru, og verður ekki auðveldlega annað tekið út úr. — Ég vildi aðeins benda hæstv. ráðherra á það, að hann getur séð útreikninga frá einum af aðalhagfræðingum ríkisstj. í þessum efnum og séð, hvernig hann leggur þessar tölur saman og hann blandar þeim saman.

ATKVGR.

Brtt. 242,1 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, EðS, EOl, EystJ, GeirG, GJóh, HS, HV.

nei: JP, JR, PS, DÓ, SÁ, SI, BGr, BF, BK, EI, EmJ, SB, GuðlG, JPálm, JóhH.

BP greiddi ekki atkv.

11 þm. (MÁM, ÓTh, AGb, BBen, GH, GíslG, GÍG, GÞG, HÁ, IngJ, JSk) fjarstaddir.

Brtt. 242,2 felld með 15:11 atkv.

— 242,3 felld með 15:13 atkv.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., 17. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál, var samþ. shlj. í Nd. s. l. laugardag. Í þessu frv. eru tvö efnisatriði, sem ég vildi leyfa mér að fara um nokkrum orðum. Hið fyrra er það, að gert er ráð fyrir, að útflutningsskatturinn, sem ákveðinn var í efnahagslögunum, fyrst 5% og síðan 2½%, verði felldur niður af framleiðslu ársins 1961 og síðan, en haldið verði áfram að innheimta skattinn af þeim vörum, sem framleiddar voru á árinu 1960, og hann renni eins og áður í útflutningssjóð. Síðara atriðið er, að því fé, sem verður afgangs í útflutningssjóði, þegar hann hefur lokið við sínar skuldbindingar, verði ráðstafað í þágu þeirra útflutningsatvinnuvega, sem hafa greitt skattinn. Það er að langsamlega mestu leyti sjávarútvegurinn, sem hefur greitt þessi gjöld, en þó landbúnaðurinn að nokkru leyti, og verði eftirstöðvunum af útflutningssjóðsgjaldinu skipt í því hlutfalli, að hvorum aðila verði afhent sitt.

Þegar efnahagsmálalögin voru sett í upphafi þessa árs, var gert ráð fyrir því, að til þess að geta greitt þann halla, sem á útflutningssjóði var þá áætlaður, þyrfti að leggja nokkurn skatt á útflutningsframleiðsluna. Þessi skattur var í fyrstu ákveðinn, eins og ég hef áður sagt, 5%, en síðar lækkaður niður í 2½%. Þessum skatti var líka ætlað annað hlutverk. Honum var ætlað það hlutverk, að ef eitthvað þrengdi að hjá útflutningsatvinnuvegunum, þá mætti létta undir með því að afnema skattinn. Nú hefur það orðið, eins og öllum er kunnugt, að erfiðleikar hafa steðjað að og alveg sérstaklega að sjávarútveginum á þessu ári vegna aflabrests á árinu og verðfalls á afurðum, sem út hafa verið fluttar. Er af þeim sökum eðlilegt og nauðsynlegt, að þessi skattur verði felldur niður.

Það hefur líka komið í ljós, að hagur útflutningssjóðs hefur orðið betri en reiknað hafði verið með, þar sem gengishagnaðartekjur sjóðsins hafa orðið verulega meiri en reiknað var með í upphafi vegna dráttar á sölu útflutningsafurðanna fram yfir þann tíma, þegar gengisbreytingin varð, og gengisbreytingin þannig valdið því, að afkoma sjóðsins er nú talin miklu betri en hún var, þegar þessi áætlun var gerð.

Það hefur verið rætt við landssamtök útvegsmanna um það, hvernig þessum hagnaði eða afgangi yrði varið, og það hefur orðið að samkomulagi, að hann gangi, eftir því sem hann hrekkur til, til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa fyrir árið 1960. Hvort hann hrekkur til eða að hve miklu leyti hann hrekkur til að greiða þessi gjöld, er ekki að fullu vitað enn þá, þar sem afkoma sjóðsins er ekki alveg vituð. En líkur eru til, að þessi afgangur muni ná nokkuð langt til þess að greiða þessi gjöld, þó að kannske verði þar eitthvert bil á milli, sem þá vátryggjendurnir eða báta- og fiskiskipaeigendurnir sjálfir verða að greiða. Þegar næstsíðasti fundur L.Í.Ú. var haldinn í nóvembermánuði s. l., var gert ráð fyrir því, að eignir sjóðsins, að greiddum öllum skuldbindingum, mundu verða kringum 40 millj. kr., en þá var ekki gert ráð fyrir áframhaldi á 2½% gjaldinu nema til októberloka eða til þess tíma, sem þessi skýrsla var gefin. Nú hefur verið gert upp, hvað eignir sjóðsins munu verða, þegar öllum greiðsluskuldbindingum hans er lokið og með því að innheimta þennan 2½% skatt af allri framleiðslu ársins 1960, og hefur þá komið í ljós, að líklegt er, að hann muni eiga einhvers staðar á milli 80 og 88 millj. kr. í þessu skyni, þegar yfir lýkur. Af þessari upphæð mun landbúnaðurinn hafa greitt rúmar 4 millj., og er að sjálfsögðu eðlilegt, að hann fái þær þá upp bættar.

Ég held, að þegar þetta frv. er tekið eitt út af fyrir sig, þá sé ekki meira, sem um það þarf að segja, heldur en þetta. Út í almennar umr. um efnahagsmálin yfirleitt skal ég ekki fara, nema tilefni gefist til, og mun þess vegna láta þetta nægja.

Ég vildi leyfa mér að vænta þess, að sú n., sem málið fær til meðferðar, freisti þess að flýta svo störfum, að málið verði afgreitt fyrir þinghlé, þannig að ákvæði frv. geti komið til framkvæmda fyrir eða um áramótin, og vildi óska þess, að hæstv. forseti léði sitt til þess, að svo mætti verða.

Ég vildi svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjhn.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr. í þessari hv. d., er breyting á lögum um efnahagsmál, þeirri löggjöf, sem stefna hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum er grundvölluð á. Þetta frv. gefur því ástæðu til að ræða stjórnarstefnuna á víð og dreif og árangur hennar á þeim tíma, sem hún hefur verið framkvæmd. Ég mun þó ekki með

þeim orðum, sem ég segi hér að þessu sinni, hefja umr. um málið á svo breiðum grundvelli. En þetta frv. snýr sérstaklega að útflutningssjóði og reikningsskilum hans, og er því sérstök ástæða til í sambandi við þetta frv. að fara nokkrum orðum um þann þátt málsins.

Útflutningssjóður hefur á undanförnum árum haft til ráðstöfunar mikið fjármagn. Starfsemi útflutningssjóðs og reikningsskil hans eru því allstór þáttur í þjóðarbúskapnum. Það ætti því að vera áhugamál allra þm., að um þann þátt þjóðarbúskaparins séu á hverjum tíma gefnar svo áreiðanlegar skýrslur og upplýsingar sem nokkur kostur er og að það yfirlit, sem fyrir liggur á hverjum tíma um þennan þátt fjármála, sé sem allra aðgengilegast og gleggst. En á undanförnum tveimur árum, síðan þeir flokkar, sem nú fara með stjórn landsins, tóku raunverulega við stjórnartaumum, hefur ýmislegt komið fram í þessu efni, sem mjög erfitt er að samræma og finna eðlilegt samhengi á milli, svo að ekki sé meira sagt. Til þess að finna þessum orðum nokkurn stað, ætla ég að leyfa mér að benda á nokkur atriði í þessu sambandi.

Snemma á árinu 1959 er í grg. með frv. til breyt. á l. um útflutningssjóð, sem hæstv. núv. félmrh. og sjútvmrh. stóð að, gefnar svofelldar skýringar um hag og afkomu sjóðsins á árinu 1958, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsafkoma útflutningssjóðs hefur reynzt tiltölulega góð á árinu 1958. Er þetta að sjálfsögðu afleiðing þeirrar hækkunar yfirfærslu- og innflutningsgjalda, er framkvæmd var á því ári. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum hefur hagur sjóðsins breytzt úr 34 millj. kr. skuld í árslok 1957 í 5 millj. kr. sjóðseign í árslok 1958."

Þessa skýringu á hag sjóðsins er að finna í grg. fyrir því frv., sem ég áður nefndi. Síðar á árinu 1959 er opinberlega látin í té grg. um stöðu útflutningssjóðs, sem segja má að fari í sömu átt og sagt var í ársbyrjun þá. Í útvarpsræðu, sem fyrrv. fjmrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, flutti 20. okt. 1959, segir svo orðrétt, eins og greint er frá ræðunni í Alþýðublaðinu daginn eftir, 21. okt., með leyfi hæstv. forseta:

„Viðskipti ríkissjóðs við bankana hafa á þessu ári sízt sýnt þrengri afkomu ríkissjóðs en áður, svo að ekki sé meira sagt. Og afkoma útflutningssjóðs hefur aldrei verið betri. Á þessu ári hafa eldri skuldir hans verið greiddar upp og staðið í skilum með niðurgreiðslur og uppbætur, sem til hafa fallið. Ríkissjóður hefur greitt útflutningssjóði framlög sín reglulega."

Þegar þetta er sagt í útvarp 20. okt. 1959, þá áttu almennar kosningar til Alþingis að fara fram eftir fáa daga, eins og kunnugt er. Svo leið nákvæmlega einn mánuður. En á þeim tíma fóru að sönnu fram kosningar og þm. fengu sín kjörbréf, og á þeim tíma var líka núv. hæstv. ríkisstj. mynduð. En að liðnum nákvæmlega einum mánuði, frá því að þessi yfirlýsing var gefin, sem ég greindi, þ. e. 20. nóv. 1959, gefur núv. hæstv. forsrh. á fundi hér í Reykjavík allt aðra lýsingu á stöðu útflutningssjóðs en áður hafði verið gefin. Þá sagði núv. hæstv. forsrh. um þetta orðrétt, tekið eftir Morgunblaðinu 21. nóv. 1959:

„Þá rakti forsrh. aðstöðuna út á við og brá upp nokkrum óhugnanlegum myndum. En því næst skýrði hann afkomuhorfur ríkissjóðs og útflutningssjóðs á næsta ári og komst að þeirri niðurstöðu, að vanta mundi 250 millj. kr. á, að rekstur þeirra, að óbreyttum tekjustofnum, yrði hallalaus. Þar við bættist svo, að allir sjóðir atvinnulífsins væru tómir og alger skortur á fé til húsbygginga. Sýndi forsrh. fram á, að þjóðin hefði lifað um efni fram, og væri tæplega ofmælt, að hún riðaði nú á gjaldþrotsbarmi."

Þegar þetta er mælt eftir þá skyndiúttekt, sem núv. forsrh. virðist hafa staðið fyrir að gerð yrði við stjórnarskiptin í nóv. 1959, þá er brugðið upp þessari mynd.

Næst kemur svo grg. fyrir efnahagsmálatill. núv. hæstv. ríkisstj. í bókinni „Viðreisn". Það er á bls. 10 í þessari bók látið í ljós sama álit um afkomu útflutningssjóðs á árinu 1958 og fram hafði komið í grg. fyrir breyt. á l. um sjóðinn á öndverðu ári 1959. Hér segir: „Í árslok 1958 taldi stjórn sjóðsins, að hagur hans væri um það bil 40 millj. kr. betri en í ársbyrjun," þ. e. a. s. ársbyrjun 1958. Svo er hér bætt við: „Fyrstu mánuði ársins 1959 versnaði hins vegar hagur sjóðsins mjög á nýjan leik." Annaðhvort er þetta ekki í samræmi við þá skýrslu, sem fyrrv. fjmrh. gaf í október það ár, eða búið hefur verið að jafna þann halla, sem skapaðist á fyrstu mánuðum ársins 1959, þegar sú grg. var flutt. En í þessari grg. fyrir efnahagsmálatillögunum segir miklu meira um stöðu útflutningssjóðs. Þar segir svo um horfur á fjárhag sjóðsins:

„Með vaxandi bótagreiðslum sjóðsins hafa ógreiddar kröfur vegna útflutningsins, sem gjaldeyri hefur þegar verið skilað fyrir, sífellt farið vaxandi. Ekki er hægt að segja um það með vissu, hversu miklar þessar skuldbindingar eru á hverjum tíma, en samkv. áætlun sjóðsstjórnarinnar námu þær um 270 millj. kr. í árslok 1959, og er varla hægt að gera ráð fyrir, að þær verði lægri þann dag, sem lögin taka gildi", þ. e. a. s. efnahagslögin.

Og í framhaldi af þessu, þar sem miðað er við 270 millj. kr. halla hjá útflutningssjóði, segir: „Ríkisstj. leggur til, að fjár verði aflað til þessara greiðslna á þann hátt, sem hér greinir: Í fyrsta lagi verði hið nýja gengi ekki látið gilda fyrir þær útflutningsafurðir, sem framleiddar voru fyrir 16. febr. 1960. Á þessar vörur verði greiddar bætur samkv. þeim reglum, sem í gildi voru, þegar afurðirnar voru framleiddar. Þetta er í samræmi við þær venjur, sem fylgt hefur verið, þegar bætur hafa verið hækkaðar á undanförnum árum, og kemur í veg fyrir, að gengishagnaður sá, sem verður á birgðum útflutningsvöru, falli einstökum útflytjendum í skaut. Áætlað er, að mismunur bótagreiðslna og hins nýja gengis á þeim útflutningsbirgðum, sem til verða í landinu hinn 16. febr., muni nema um 150 millj. kr., og gert er ráð fyrir, að þessi upphæð gangi upp í þær skuldbindingar útflutningssjóðs, sem að framan greinir. Þessi upphæð mun þó ekki duga til að greiða skuld-

bindingar sjóðsins, og er óhjákvæmilegt að afla meira fjár í þessu skyni, og er það tillaga ríkisstj., að það verði gert með því að leggja 5% skatt á allan útflutning. Er gert ráð fyrir, að þessi skattur gefi af sér um 120 millj. kr. á árinu 1960 og hann verði úr gildi felldur þegar eftir að skuldbindingar útflutningssjóðs hafa verið að fullu greiddar, nema því aðeins að ástæður hafi breytzt mjög verulega frá því, sem nú er."

Hér er sem sé grundvallaratriði í útreikningunum, að halli sjóðsins sé 270 millj. og sá halli verði jafnaður, annars vegar með 150 millj. kr. gengismun og hins vegar með útflutningsskatti, sem gefi á árinu 1960 120 millj. kr. Og rökin fyrir því, að óhætt væri og jafnvel eðlilegt að lögfesta þennan 5% skatt á útflutninginn, eru þau, að með útreikningunum á hinu nýja gengi sé svo ríflega áætlað fyrir atvinnureksturinn, að hann muni vel geta staðizt það að greiða þennan skatt, bæði vegna þess, að atvinnureksturinn njóti hins gamla verðlags á rekstrarvörum sínum fyrst um sinn, og hitt sé þó þýðingarmeira atriði í þessum útreikningum, að nýja gengið sé við það miðað, að hægt sé að fyrna framleiðslutæki, sem keypt eru á hinu nýja gengi.

Ekki hafði þetta verið framkvæmt lengi, þegar í ljós kom, að útvegsmenn þeir, sem framleiðsluna höfðu á hendi eða önnuðust rekstur framleiðslutækjanna, töldu, að hér hefði verið veila í útreikningunum, því að í maímánuði s. l., þegar nýja gengið hafði staðið og efnahagsmálastefna ríkisstj. verið framkvæmd um þriggja mánaða skeið, þá er það eftir eindreginni ósk útgerðarmanna sjálfra, að hæstv. ríkisstj. fann sig knúða til að beita sér fyrir breytingum á efnahagslöggjöfinni, breytingum í þá átt, að 5% skatturinn yrði lækkaður í 2½%. En þá er látið líta svo út af stjórnarliðinu, í sambandi við þá breytingu, að það sé svo sem ekki vegna skekkju í útreikningum eða áætlunum, að þessi skattur sé lækkaður, því að breyt. á prósentutölunni muni hafa það í för með sér, að það verði að lengja tímann að sama skapi, sem skatturinn verði innheimtur. Í nál. fjhn. Nd., sem gefið var út 24. maí s. l. og að stóðu nm. Sjálfstfl. og Alþfl., eru rök fyrir þessu færð fram með þessum orðum:

„Við undirritaðir teljum sanngjarnt að verða við óskum fiskkaupenda og fiskseljenda um að lækka útflutningsskattinn úr 5% í 2½%, sem mun þó óhjákvæmilega hafa í för með sér hlutfallslega jafnlengingu tímans, sem skattheimta þessi verður að vara, til öflunar á þeirri heildarupphæð, sem nauðsynleg er til greiðslu á skuldbindingum útflutningssjóðs, og mælum við því með samþykkt frumvarpsins."

Það er talið óhjákvæmilegt, að lækkunin á prósentunni hafi í för með sér hlutfallslega jafnlengingu tímans, sem skattheimta þessi verður að vara. En í nál. minni hl. fjhn. Nd., sem gefið er út um sama leyti, segir frá því, að fyrir fjhn. hafi þá legið ný áætlun frá stjórn útflutningssjóðs um hag sjóðsins og sú áætlun sýni, að nú er talið, að af útflutningsskattinum þurfi 65.5 millj. til að jafna halla útflutningssjóðsins, en ekki 120 millj., eins og áætlað var í febrúar í vetur.

Þrátt fyrir það, að það komi fram í áliti minni hl. fjhn. Nd. 28. maí í vor, að fyrir þeirri nefnd hafi þá legið ný áætlun og greinargerð um hag útflutningssjóðs, sem sýni, að það muni ekki þurfa 120 millj., heldur 65.5 millj. til að jafna halla sjóðsins, þá lætur stjórnarliðið líta svo út í sínu nál. og grg. við meðferð málsins, að allt sé nákvæmlega útreiknað í hvítu bókinni, það verði bara að *lengja tímann, sem innheimtan* varir, ef prósentan er lækkuð. Og nú fyrir skömmu hefur verið útbýtt meðal þm. nál. fjhn. Nd. um frv. það, sem hér liggur fyrir. Þar kemur fram í áliti 1. minni hl. hið sama og ég hef rakið um þetta, því að í áliti minni hl. er minnt á þá áætlun, sem fjhn. Nd. fékk í maí s. l. og sýndi, að gengismunurinn var á þeim tíma ekki áætlaður 150 millj., heldur 227.5 millj. Í framhaldi af þessu segir svo í nál. 1. minni hl., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar stjórnarfrv., sem hér liggur fyrir, var til umr. í fjhn., óskaði ég (þ. e. Skúli Guðmundsson) eftir nýjum upplýsingum um ástæður *útflutningssjóðsins. Og nú barst n. ný á*ætlun um væntanlegar tekjur og gjöld útflutningssjóðsins, gerð um síðustu mánaðamót. Þar er niðurstaðan sú, að gert er ráð fyrir tekjuafgangi hjá sjóðnum um 60 millj. kr. Tekið er fram, að í áætluninni séu ekki taldar með væntanlegar tekjur af útflutningsskattinum hér eftir, það er 25—28 millj. kr. Tekjuafgangurinn ætti því að nema alls 85—88 millj. kr., og er það 40 millj. kr. hærri upphæð en talið er að allur útflutningsskatturinn muni verða. Sé byggt á þessum upplýsingum, hefði þannig orðið um 40 millj. kr. tekjuafgangur hjá útflutningssjóði, þó að enginn útflutningsskattur hefði verið á lagður til tekjuöflunar handa sjóðnum. En í febrúar s. l. sagði ríkisstj., að innheimta þyrfti 120 millj. kr. með útflutningsskatti til þess að jafna halla útflutningssjóðs, og fékk skattinn lögfestan. Ef tekið er mark á nýjustu skýrslum, sem borizt hafa, hefur álagning útflutningsskattsins verið byggð á röngum upplýsingum frá ríkisstj. um hag útflutningssjóðs."

Þetta segir í áliti 1. minni hl. fjhn. Nd. um það frv., sem hér er til umr.

Ég vil bæta því við, að sú niðurstaða, sem hér er komizt að í sambandi við þá heildarfjárhæð, sem nú kann að vera til ráðstöfunar, virðist mér vera alveg í samræmi við það, sem fram kom hjá hæstv. ráðh. í ræðu hans hér áðan, þar sem hæstv. ráðh. minntist á 80—88 millj. kr.

Ég ætla, þó að ekki sé farið lengra út í þetta mál heldur en benda á þessi dæmi, þá sýni þau svo skýrt sem verða má hið furðulega ósamræmi, sem á s. l. tveim árum hefur komið fram í sambandi við grg. um hag útflutningssjóðs, þar sem í stað þess að í þeim útreikningum, sem lagðir eru til grundvallar efnahagslöggjöfinni í heild og sjálfri stjórnarstefnunni í efnahagsmálum, þar sem miðað er við halla um 120 millj., sem verði að ná, jafna með sérstakri skattheimtu, þá virðist það nú vera komið á daginn, að þeir útreikningar séu ekki nákvæmari en svo, að í stað þess að staða útflutnings-

sjóðs hafi raunverulega reynzt með þeim halla, sem talið var, þá sé hér um tugmilljóna króna fjárhæð að ræða, sem nú megi verja til sérstakrar ráðstöfunar. Út af fyrir sig er það gott að hafa fé til ráðstöfunar. En þetta er aðeins glöggt dæmi, — eitt af mörgum, — sem sýnir, hvernig reikningslist sú reynist, sem sjálf stjórnarstefnan virðist vera grundvölluð á. Og ef við lítum bara á þennan eina þátt, sem ég geri hér að umtalsefni, þá sjáum við strax af þeim tölum, sem ég hef nefnt, þá reikningsskekkju, að gengismunur útflutningssjóðs reynist ekki 150 millj., heldur á þriðja hundrað millj., að útflutningsskattinn hefði ekki þurft að leggja á, og kollvarpar sú reynsla þeim rökum, sem fram voru flutt í bókinni „Viðreisn". Við sjáum, að reynslan hefur orðið sú, að grundvöllur framleiðslunnar með hinu nýja gengi hefur ekki reynzt eins traustur og reikningarnir sýndu, og það var í raun og veru þegar sýnt með kröfu útgerðarmanna um lækkun á prósentunum úr 5% niður í 2½%. Og til enn fyllri sönnunar því er það, að nú skuli þurfa að grípa til sérstakra ráðstafana til að greiða tryggingagjöld bátaflotans. En þar sem sérstaklega er tekið fram, að hið nýja gengi sé miðað við, að það sé hægt að standa straum af fyrningu nýju tækjanna, þá finnst mér liggja í augum uppi, að það hafi verið talið sjálfsagt, að atvinnurekendur stæðu sjálfir straum af tryggingagjöldum atvinnutækja sinna og að nýja gengið væri vitanlega við það miðað að skila atvinnurekendunum nægum fjármunum til þess. Þannig er svo að segja hvar sem litið er á þessa útreikninga. Hér segir enn fremur orðrétt: „Hitt vill ríkisstj. aftur á móti taka fram, að hún telur, að útflutningsatvinnuvegirnir að öðrum aðstæðum óbreyttum þurfi á hinu nýja gengi að halda óskertu eftir eitt eða tvö ár." Atvinnuvegirnir áttu í raun og veru ekki að þurfa á því að halda fyrr en eftir eitt til tvö ár. Svo væri allt ríflega reiknað að dómi ríkisstjórnarinnar. En ég hygg, að það hafi komið allt annað fram á landssambandsfundi útvegsmanna, sem haldinn var fyrir nokkru, og skal ég ekki fjölyrða frekar um þann þáttinn.

Með þessari ráðstöfun, sem lagt er til að gera í frv., að greiða tryggingagjöld bátaflotans af fé, sem þannig hefur safnazt í útflutningssjóð, er vitanlega á vissan hátt gripið til uppbótakerfis, sem lýst var yfir að ætti algerlega að falla niður með efnahagsmálalöggjöf, sem samþykkt var á síðasta þingi. En það, sem er eftirtektarverðast og raunar alvarlegast við þetta frv., er, að það minnir á hina miklu reikningsskekkju, sem öll stjórnarstefnan er byggð á, gagnvart atvinnuvegum landsmanna.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Austf., hefur sýnilega lagt sig í framkróka til þess að reyna að finna þá veiku punkta, sem unnt væri að finna á þeim efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru snemma á þessu ári, og þær veilur, **sem hann gæti bent á í þeim** útreikningum, sem því voru samfara. Í sjálfu sér fann ég ekki, að hann væri á móti þeim ráðstöfunum, sem felast í þessu frv., sem hér liggur fyrir. Hitt virtist vera aðalatriðið hjá honum, að reyna að sanna á ríkisstj., að henni hefði mistekizt allir sínir útreikningar og að þar hefði ein skekkjan rekið aðra, sem hann rakti í mörgum liðum og ég skal reyna að fara svolítið ofan í og sýna fram á, að þar eru ekki öll kurl komin til grafar, þegar hann hafði lokið sinni ræðu og skýrt málið frá sínu sjónarmiði.

Hann lagði höfuðáherzlu á, að það hefði verið erfitt að finna nokkurt samhengi á milli þeirra upplýsinga, sem komið hefðu um hag og afkomu útflutningssjóðs s. l. 2 ár, og það má vera, að frá hans sjónarmiði sé þetta rétt. En ég vil leggja áherzlu á, að allar þær upplýsingar, sem birtar hafa verið um hag og afkomu útflutningssjóðs, eru frá sjóðsstjórninni sjálfri komnar. Og hver hefur skipað þessa sjóðsstjórn, og hvaða menn mynda þessa sjóðsstjórn? Hefur núv. ríkisstj. skipt þar um menn og tekið menn í sína þjónustu í stjórn sjóðsins, sem ætla mætti að væru henni hliðhollari en hinir fyrri, sem þar áttu heima? Nei, það eru sömu mennirnir, sem fram til síðustu stundar sátu í stjórn sjóðsins, skipaðir af vinstri stjórninni, og það eru þeir, sem allar þessar upplýsingar hafa gefið. Og það er á þeirra ábyrgð, sem allar tölurnar, sem nefndar hafa verið, eru. Ég átti fyrir þremur dögum tal við núv. framkvæmdastjóra útflutningssjóðs, Árna Benediktsson, og hann undraðist í þessu viðtali við mig, hvernig með þessar tölur hefði verið farið, og hann sagði mér og dró ekkert úr, að allar þær tölur, sem fram hefðu komið um hag sjóðsins á undanförnum árum og m. a. tveim s. l. árum, sem hv. síðasti ræðumaður staðnæmdist þó sérstaklega við, væru frá sjóðsstjórninni og þeim komnar. Ég efast ekki um, að þessir menn hafi reynt að gera sér grein fyrir hag sjóðsins eins vel og unnt var á hverjum tíma.

Það, sem hv. þm. var að rekja hér um ýmis tímabil sjóðsins, 1958, 1959 og síðar, það er alveg út í hött, því að það eru ekki sambærilegar tölur, sem hann er að bera saman, og ekki sambærilegir hlutir, sem hann er að bera saman. Ég vil ekki ætla það, að hv. þm. geri það viljandi, en væntanlega þá vegna þess, að hann geri sér ekki grein fyrir því, að það eru ekki sambærilegir hlutir. Þegar við erum að tala um hag og afkomu sjóðsins 1958 og 1959, þá er það eingöngu möguleiki sjóðsins til þess að inna af hendi gjaldfallnar greiðslur. Fyrir og um ársbyrjun 1958 átti sjóðurinn í erfiðleikum með að standa í skilum og geta borgað það, sem hann átti að borga, og það, sem gjaldfallið var, það, sem búið var að gera gjaldeyrisskil fyrir af útflytjendum og sjóðurinn þess vegna var kominn í skuld fyrir, um leið og varan var flutt út og gerð höfðu verið skil fyrir greiðslum. Það hafði verið á fyrri tímabilum svo, að sjóðurinn gat ekki staðið í skilum á réttum tíma með það, sem hann átti að borga. Breytingin, sem verður 1958, er sú, að í staðinn fyrir að vera í skuld, getur maður sagt, eða eiga vangreitt af áföllnu nokkra verulega upphæð, þá á hann í sjóði í árslok lítils háttar upphæð, eða 5 millj. kr., eins og kom fram hjá

hv. 5. þm. Austf. Það er rétt. En það þýðir ekki, að afkoma sjóðsins hafi verið orðin góð. Það segir ekkert um ógreiddar skuldbindingar sjóðsins, sem eru ekki fallnar í gjalddaga, ekki nokkurn skapaðan hlut. Og það, sem gerist á árinu 1959, er það, að formaður sjóðsstjórnarinnar, Haraldur Jóhannesson, upplýsir mig um æ ofan í æ, að á því ári hafi gengið betur en nokkru sinni áður að standa í skilum með áfallnar greiðslur. En það þýðir ekki, að það séu gerðar ráðstafanir til þess að afla sjóðnum fjár til þess að greiða allar skuldbindingar sjóðsins, sem eru ekki fallnar í gjalddaga. Þetta er sitt hvort, og þessu má ekki rugla saman.

Ég ætla, að þetta komi af því, að hv. þm. hafi ekki gert sér ljóst, að hérna er um tvo algerlega mismunandi hluti að ræða og tvo hluti, sem alls ekki má blanda saman. Hann segir, að fjmrh. í fyrrv. stjórn hafi í októbermánuði það ár sagt, að útflutningssjóðurinn hefði getað staðið í skilum með áfallnar skuldbindingar. Það er rétt. Hann segir líka, að núv. forsrh. hafi einum mánuði seinna sagt, að það vantaði 250 millj. í sjóðinn. Það er líka rétt. Hvort tveggja er rétt, ef rétt er lesið úr því, sem sagt er. Hv. þm. vildi setja þetta í samband við kosningar, sem þarna fóru fram í millitíðinni. Ég ætla, að báðar tölurnar séu komnar frá útflutningssjóði sjálfum og hreint ekki neitt í sambandi við neinar kosningar. En í öðru tilfellinu er verið að tala um það, sem áfallið er, en í hinu tilfellinu er verið að tala um það, sem þarf til þess að leysa úr öllum skuldbindingum sjóðsins, bæði áföllnum og ekki föllnum í gjalddaga. Það er raunverulegt, að í árslokin 1959, í nóvember og desember, var gerður upp hagur sjóðsins eins nákvæmlega og unnt var, þannig að það vantaði 270 millj., til þess að sjóðurinn gæti þá staðið undir sínum skuldbindingum. Þessa upphæð var gert ráð fyrir að greiða á þann hátt, að 150 millj. yrðu fengnar með gengishagnaði af útflutningi á vöru, sem framleidd væri fyrir gengisbreytinguna og seljendurnir fengju ekki gengishagnaðinn af, heldur útflutningssjóðurinn, og það, sem á kynni að vanta, yrði tekið með útflutningsskatti. Það kemur svo í ljós, þegar búið er að gera upp eða komið er fram yfir 15. febrúar, þegar gengislækkunin er framkvæmd, að minna hafði verið flutt út af okkar útflutningsvörum en gert hafði verið ráð fyrir. Ég skal ekki segja, af hverju þetta var. En það er staðreynd, það var minna flutt út á tímabilinu nóvember-desember 1959 og til 15. febr. 1960 heldur en gert hafði verið ráð fyrir og heldur en útflutningssjóður hafði reiknað með.

Við getum hugsað okkur, að það séu tvær ástæður fyrir þessu: Önnur sú, að á sumum afurðunum var fallandi verð, og menn biðu eftir því að selja, vita, hvort verðið rétti sig ekki af, t. d. eins og á mjöli og lýsi. Á hinu leytinu var svo sú hugsun sjálfsagt hjá einhverjum útflytjenda, að það væri ekki vitað, hvernig gengisbreytingalögin mundu verða, og kannske gætu þeir sjálfir, útflytjendurnir, hagnazt eitthvað á því að geyma söluna. M. ö. o.: hvað sem um það er og hver sem ástæðan er fyrir þessari sölutregðu á þessu tímabili, þá er hún staðreynd. Það var flutt út minna á þessu tímabili, frá því í árslok 1959 til 15. febr. 1960, heldur en gert hafði verið ráð fyrir. Það þýddi, að meiri hluti af framleiðsluvörunni en gert hafði verið ráð fyrir kom í gengishagnað. Og hvað þýðir, að hún komi í gengishagnað? Það þýðir bókstaflega það, að í staðinn fyrir að útflutningssjóðurinn þyrfti að borga 80% með vöru, sem flutt var út fyrir gengisbreytinguna, þá fær hann eftir gengisbreytinguna 50% tekjur af þessari vöru. M. ö. o.: fyrir hverja milljón, sem út var flutt fyrir 15. febr., þurfti útflutningssjóður að borga að meðaltali 800 þús. kr. með hverri millj., sem út var flutt, en eftir 15. febr. fær hann ½ millj. í tekjur. Hann fær 133% gengisálag og sleppur við að borga 80% uppbætur, þ. e. a. s. mismunurinn á þessu tvennu er í kringum 50%.

Ég held, að hver, sem vill athuga þetta mál af sanngirni og skynsemi, og ég vil ætla þessum hv. þm., að hann vilji beita hvoru tveggja, — ég hef ekki reynt annað af honum, — hljóti að viðurkenna, að þessi aukning gengishagnaðarins veldur því, að það þarf ekki á eins miklum útflutningsskatti að halda og gert hafði verið ráð fyrir, vegna þess að útflutningurinn færist meira en gert hafði verið ráð fyrir yfir á tímabilið eftir 15. febr. s. l. Hann getur kennt ríkisstj. um þetta, og hann getur kennt útflutningssjóðsstjórninni um þetta, eftir því sem hann langar til, en það breytir engu um það, að þetta er ástæðan. Og það er ekki af neinni tilhneigingu til þess að falsa tölur eða gera þetta skakkt upp, að þetta hefur orðið svona. Þetta er bara staðreynd, sem gerir það að verkum, að hagur útflutningssjóðs hefur batnað um tugi millj. kr. fram yfir það, sem gert var ráð fyrir, þegar efnahagslögin voru sett, vegna dráttar á útflutningi. Þetta er ekki af því, að hagur útflutningssjóðs hafi í nóvember-desember 1959 ekki verið eins og sagt var, að það vantaði 270 millj. Nei, vissulega ekki, en þetta er ein afleiðing af þeim efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru 15. febr. 1960. Þessi batnandi hagur útflutningssjóðs er fyrst og fremst orðinn til vegna gengisbreytingarinnar.

Hv. þm. sagði, að nú væri svo komið, að nú ætti sjóðurinn orðið þrátt fyrir allt 88 millj. kr. til þess að deila út eða 40 millj. meira fé en sem næmi innheimtum söluskatti, ef ég hef skilið hann rétt. Og þetta er ekki fjarri því að vera rétt. En þetta er allt saman vegna þess, að gengishagnaðurinn hefur orðið hærri en gert var ráð fyrir og þess vegna hefur ekki þurft á eins miklum útflutningsskatti að halda og gert hafði verið ráð fyrir í upphafi. Hv. þm. vildi halda fram, að hér væri um hið furðulegasta ósamræmi að ræða, eins og hann orðaði það, og glöggt dæmi um þá reikningslist, sem núv. stjórnarstefna væri grundvölluð á. Hér er ekki um neina reikningslist að ræða. Hér er um að ræða afleiðingu af stjórnarstefnunni. Batnandi hagur útflutningssjóðs hefur orðið til vegna gengisbreytingarinnar og eingöngu vegna hennar.

Það hefur reynzt erfitt oft og tíðum að gera sér nákvæma grein fyrir hag útflutningssjóðs. En ég ætla, að þeir, sem þessar aðstæður hafa metið, — sem er stjórn sjóðsins frá upphafi, stjórn, sem vinstri stjórnin skipaði og bar ábyrgð á allt sitt stjórnartímabil, stjórn, sem hefur verið látin halda áfram síðustu ár, allt þangað til sjóðurinn var leystur upp, — að sú stjórn hafi ekki gefið aðrar upplýsingar, þó að ný ríkisstj. hafi tekið við, heldur en hún taldi rétt. Ég efast ekkert um, að hún hafi alltaf á hverjum tíma leitazt við að finna réttar tölur og það sé alltaf hægt, ef maður vill beita skynsemi og sanngirni, sem ég var að vona að þessi hv. þm. mundi gera, að finna skýringu á þeim tölum, sem bornar hafa verið fram, þó að það megi líka snúa út úr þeim, ef maður vill gera það.

Ég skal svo hverfa frá þessu atriði um hag sjóðsins. En hv. þm. sagði í lok sinnar ræðu, að það virtist svo sem grundvöllur framleiðslunnar hefði ekki reynzt eins traustur og talið var og þess vegna þyrfti útflutningsframleiðslan á því að halda að fá þetta fé endurgreitt, sem hún hefði að vissu leyti að óþörfu greitt inn í útflutningssjóðinn. Ég er alveg sammála hv. þm. um þetta, að grundvöllur framleiðslunnar hefur ekki reynzt eins traustur og talið var. Það er alveg hárrétt. En af hverju hefur hann ekki reynzt eins traustur? Er það vegna þess, að það sé einhver skekkja í útreikningunum? Þessi grundvöllur framleiðslunnar 1960 var við það miðaður frá upphafi, að sjávarútvegurinn bæri sama eða svipað úr býtum og hann hefði gert árið áður að óbreyttum aflabrögðum og verðlagi. En það, sem hefur skeð á þessu ári, er tvennt, að bæði hefur aflinn minnkað og það svo herfilega t. d. hjá togurunum, að þeir hafa ekki aflað nema ⅔ af því, sem þeir fengu árið sem leið, og það hefur líka skeð, að það hefur orðið verðfall mikið á mjög þýðingarmiklum útflutningsvörum sjávarútvegsins, bæði á mjöli og lýsi, sem hefur hvort tveggja valdið þessum atvinnuvegi ekki neinum smávegis töpum, heldur hundruð milljóna kr. töpum. Og það er þetta, sem gerir það að verkum, að það er nauðsynlegt fyrir þennan atvinnuveg að leitast við a. m. k. að endurheimta það, sem hann hefur ofgoldið í útflutningssjóð eða ekki verið ástæða til þess að hann þyrfti að gjalda. Ég held, að þó að hv. 5. þm. Austf. sé það mjög í mun að sanna á ríkisstj. einhverja vankunnáttu í reikningslist, eins og hann vildi nú helzt orða það, þá er það ekki reikningskunnáttan, sem hefur bilað í þessu tilfelli, heldur hafa bilað þau skilyrði eða þau grundvallaratriði, sem þessi reikningur var byggður á, sem var aflinn og söluverðmætið, og það er vissulega ekki hægt að kenna ríkisstj. um, þó að það sé mikil tilhneiging til þess að reyna að kenna henni um allt, sem miður fer.

Hv. þm. sagði, að ráðstafanirnar og nýja gengið hefði verið við það miðað, að sjávarútvegurinn gæti sjálfur greitt sitt vátryggingaiðgjald, og það er líka rétt. Það var við það miðað. En hvað þýðir það, þegar á einu og sama árinu gerist það, að afli togaranna níu fyrstu mánuðina er 100 millj. kr. minna virði en hann var 1959? Það er skjalfest, að aflinn á togaranna níu fyrstu mánuði ársins er 40 þús. tonnum minni en hann var á árinu 1959 og með hvert kg á kr. 2.50 þýðir það í kringum 100 millj. kr. Því hefur líka verið haldið fram og ekki vefengt, að tekjumissir sjávarútvegsins vegna verðfallsins á lýsi og mjöli nemi um 150 millj. kr., og þarna eru komnar á einu ári í þessum tveim atriðum 250 millj. kr. eða kannske upp undir tvisvar til þrisvar sinnum öll vátryggingagjöldin af öllum fiskiskipaflotanum, og eru þá ótaldir erfiðleikarnir, sem þessi atvinnuvegur hefur átt við að stríða af síldveiðunum, sem vissulega hafa einnig verið verulegir. Ég held þess vegna, að hv. þm. megi taka það til greina, að þessir erfiðleikar, sem hér hafa átt sér stað, eru ekki vegna þess, að það hafi skort nokkuð á þá útreikninga, sem gerðir voru í upphafi ársins, heldur eingöngu vegna þess, að utanaðkomandi áhrif, sem voru öllum ósjálfráð, urðu til þess, að afkoman varð lakari en reiknað hafði verið með í upphafi. Ef hins vegar aflabrögðin og verðlagið hefðu orðið eins og í upphafi var reiknað með, þá efast ég ekki um, að sjávarútvegurinn hefði sjálfur getað borgað sín vátryggingagjöld.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur nú gert aths. við þá ræðu, sem ég flutti hér áðan, og reynt að vefengja sumt af því, sem þar kom fram. En það fór sem vænta mátti, að hæstv. ráðh. tókst ekki að hnekkja þeim rökum, sem ég flutti fram í minni ræðu, enda voru þau borin fram á þann hátt að vitna til opinberra skilríkja, sem liggja fyrir í þingtíðindum eða öðrum opinberum gögnum og þessi mál varða.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég mundi hafa lagt mig mjög í framkróka við að finna veilur í reikningum ríkisstj. og stefnu hennar. Því er til að svara, að ég hef ekki gert það. Ég hef ekki lagt mig í framkróka, því að þess þarf ekki með. Dæmin eru svo augljós, hvert sem litið er, um skekkjurnar og veilurnar í stefnu hæstv. ríkisstj., að það þarf vissulega ekki að leggja mikið á sig til þess að leita að atriðum, sem sanna það.

Hæstv. ráðh. segir, að allar tölur, sem birtar hafa verið um stöðu útflutningssjóðs á ýmsum tímum og þ. á m. s. l. 2 ár, séu frá sjóðsstjórninni sjálfri komnar. Mér virðist, að þar sem hæstv. ráðh. leggur svo mikla áherzlu á þetta, þá hafi hann nokkra tilhneigingu til að varpa ábyrgðinni á þessu máli yfir á herðar þeirra embættismanna, sem skipa stjórn útflutningssjóðs. Ég vil taka fram, að ég áfellist ekki í neinu þá embættismenn, sem skipa stjórn útflutningssjóðs, og vænti, að við hæstv. ráðh. getum verið sammála um það út af fyrir sig. Ég tek það trúanlegt, að þær tölur, sem birtar hafa verið á ýmsum tímum um stöðu sjóðsins, hafi verið fengnar frá stjórn útflutningssjóðs. En myndin, sem brugðið er upp í þeim skýringum, sem gefnar eru með þeim tölum, sem birtar eru á hverjum tíma, er framkölluð á vegum hæstv. ríkisstj., — sú mynd, sem þjóðinni er

birt af þessu á hverjum tíma. Og hæstv. ráðh. virtist áfellast mig fyrir það, að ég talaði ekki nægilega skýrt um sum atriðin. Ég hygg, að ef hann lítur í sjálfs sín barm, þá hljóti hann að sjá og finna, að sú mynd, sem ríkisstj. sjálf hefur framkallað af þeim tölum, sem stjórn útflutningssjóðs hefur skilað henni í hendur, er mjög breytileg eftir því, hvaða fleti þessi mynd hefur átt að sýna á hverjum tíma, og þeim rökum mínum, sem ég færði fyrir þessu, verður með engu móti hnekkt.

T. d. segir fyrrv. fjmrh. í útvarpsræðu 20. okt. 1959 orðrétt þetta, eins og það er skráð í Alþýðublaðinu:

„Viðskipti ríkissjóðs við bankana hafa á þessu ári sízt sýnt þrengri afkomu ríkissjóðs en áður, svo að ekki sé meira sagt, og afkoma útflutningssjóðs hefur aldrei verið betri. Á þessu ári hafa eldri skuldir hans verið greiddar upp og staðið í skilum með niðurgreiðslur og uppbætur, sem til hafa fallið."

Hér er engin tæpitunga viðhöfð. (Gripið fram í.) Ja, sem til hafa fallið. Hér er engin tæpitunga viðhöfð. En á eftir þessum orðum: „til hafa fallið", er settur punktur. Ætli það sé nú svo, að stjórn útflutningssjóðs hafi á þeim tíma ekki a. m. k. getað gefið upplýsingar, sem sýndu horfurnar eitthvað fram í tímann? Ætli það hefði ekki verið hægt, hefði hæstv. ríkisstj. viljað leggja málið alveg rökrétt fyrir þjóðina í útvarpsræðu, að drepa eitthvað á horfurnar fram undan? Nei, hæstv. ráðh. kemst ekki frá því, að sú mynd, sem brugðið hefur verið upp af þessu á hinum ýmsu tímum, er gerð á vegum hæstv. ríkisstj., og þær myndir, sem þannig hafa verið sýndar, eru þannig, að það er ekki samræmi þeirra á milli, eins og ég hef þegar rakið.

Þá segir hæstv. ráðh., eða lætur orð liggja að því, að gengishagnaðurinn, sem áætlaður er og lagður til grundvallar í bókinni Viðreisn sem tekjustofn fyrir útflutningssjóð, hafi verið fundinn út eftir tölum frá stjórn útflutningssjóðs. Út af þessu leyfi ég mér að spyrja — **(Sjútvmrh.:** Ég sagði það nú ekki.) Ja, lét orð liggja að því, að til grundvallar þessum gengismun hefðu legið tölur frá stjórn útflutningssjóðs. Vill ráðh. vefengja, að ég hafi skilið þetta rétt? **(Sjútvmrh.:** Já, ég sagði bara, að heildartalan um stöðu sjóðsins hefði komið fram.) Já, hann segir, að það, sem fyrir sér hafi vakað, segir hæstv. ráðh., sé það, að heildartalan um stöðu útflutningssjóðs hafi verið byggð á tölum frá stjórn þess sjóðs, stjórn útflutningssjóðs, — sjálfsagt að hafa það, sem sannara reynist. En í sambandi við gengismuninn og áætlun hans annars vegar og hins vegar tilhneigingu ráðh. til þess að velta ábyrgðinni — að verulegu leyti, vil ég segja — yfir á herðar útflutningssjóðs og stjórnar hans, vil ég taka það fram, að vitanlega var það ríkisstj., sem ákvað gengisbreytinguna, ákvað, hvert hið nýja gengi ætti að vera. Og það er augljóst, að það gat enginn embættismaður, sem var ekki kunnugur því, hvert hið nýja gengi ætti að vera, reiknað út þennan gengismun, því að hann er vitanlega byggður á því, hvert hið nýja gengi er. Þegar á þetta atriði er litið, er það augljóst, að ríkisstj. sjálf getur ekki vikið sér undan ábyrgðinni af þessum útreikningum.

Um það álit mitt, að grundvöllur atvinnulífsins hafi ekki reynzt eins traustur og gert var ráð fyrir í útreikningum hagfræðinganna, er ráðh. mér sammála, að mér skilst. En hann leitar að öðrum forsendum fyrir þeirri niðurstöðu en þeim, sem ég dró fram. Og þær forsendur, sem hæstv. ráðh. leitar að og vill byggja þessa niðurstöðu á, eru í fyrsta lagi, að aflabrestur hafi orðið hjá sjávarútveginum, og í öðru lagi, að verðfall hafi orðið á sumum afurðum sjávarútvegsins. Í þessu sambandi vék hæstv. ráðh. að því, að hið nýja efnahagskerfi hefði verið við það miðað, að sjávarútvegurinn bæri svipað eða hið sama úr býtum og hann gerði áður með þeim uppbótum og hlunnindum, sem hann naut eftir hinu eldra kerfi. Þetta er nú enn ein sönnun þess, sem við framsóknarmenn höfum auðvitað oft bent á, að hið nýja kerfi hefur þá ekki verið sett á til þess að bæta hag sjávarútvegsins. Það átti aðeins að skipta um kerfi og tryggja stöðu sjávarútvegsins svipaða eða hina sömu og hún var eftir hinu eldra kerfi. Það átti að gera í leiðinni, um leið og kerfisbreytingin var gerð. En kerfisbreytingin út af fyrir sig hefur þá haft annað markmið en það að bæta hag sjávarútvegsins frá því, sem var, frá hinu eldra kerfi, og þá helzt það markmið, sem við höfum oft bent á áður, framsóknarmenn, að reyna að koma á breyttri efnaskiptingu í þjóðfélaginu, koma á þjóðfélagsháttum hinna góðu, gömlu daga, eins og hæstv. forsrh. mun hafa orðað það hér á þingi í fyrra.

En um aflabrestinn hygg ég það nú vera mála sannast, að það hafi orðið nokkur aflabrestur hjá togaraflotanum, en á hinn bóginn hafi afli hjá bátaflotanum verið betri eða meiri á þessu ári en á árinu 1959. Og ef aðalvertíð ársins, vetrarvertíðin 1960, er tekin út af fyrir sig, þá ætla ég, að afli bátaflotans hafi numið um eða allt að 30 þús. tonnum meira en á sama tíma 1959. Ef við tökum síldveiðarnar, þá hygg ég, að það sé sannast mála, að síldaraflinn hafi orðið minni 1960 en hann varð 1959, en að síldaraflinn 1960 sé alls ekki undir meðaltali nokkurra ára. Ég hygg jafnvel, að síldaraflinn 1960 sé meiri en ef tekið er meðaltal síldaraflans nokkur ár, áratug eða fimm ár aftur í tímann, og miðað við það.

Þegar þetta liggur fyrir, er auðsætt, að í þessu sambandi er alls ekki hægt að tala um stórfelldan aflabrest, þegar á heildarafkomu sjávarútvegsins er litið, þar eð einn þátturinn bætir annan upp að verulegu leyti.

Um verðfallið á mjöli og lýsi mun það vera rétt, að á þeim sjávarafurðum hafi orðið nokkurt verðfall á þessu ári. En þess ber að gæta í því sambandi, að það lá fyrir, þegar efnahagslöggjöfin var sett, og það er tekið fram — **(Sjútvmrh.:** Aðeins nokkur hluti af því.) að um nokkurt verðfall yrði að ræða á þeim vörutegundum. Og því til sönnunar segir svo í bókinni Viðreisn, á bls. 15—16, með leyfi hæstv. forseta:

„Að því er saltsíldina snertir, er það fyrirsjá-

anlegt, að markaðir hennar í Sovétríkjunum, Póllandi og e. t. v. einnig í Austur-Þýzkalandi muni dragast saman á þessu ári, og er sennilegt, að sá samdráttur verði meira en stundarfyrirbrigði. Verður þá óhjákvæmilega að auka sölu saltsíldar til Vestur-Evrópu og Ameríku, þar sem markaðir eru fyrir hendi, en verð lægra en í Austur-Evrópu. Hið nýja gengi mun gera þetta kleift. Að því er bræðslusíldarafurðir og hvalafurðir snertir, hefur orðið mikið verðfall á mjöli á árinu 1959, og lýsisverð er einnig lágt. Vegur þetta á móti þeim áhrifum, sem breyting gengisskráningarinnar annars mundi hafa haft á afkomu þessarar framleiðslu."

Með öðrum orðum: þær verðbreytingar, sem hæstv. ráðh. gerir að umtalsefni, voru að sumu leyti komnar fram og voru að öðru leyti meira eða minna fyrirsjáanlegar, þegar efnahagslöggjöfin er sett, og það er tekið tillit til þess samkv. grg. frv. sjálfs í útreikningunum og talið, að þetta verðfall vegi á móti áhrifunum af hinu nýja gengi, en samt sem áður átti efnahagslöggjöfin að standast. Það er alveg augljóst mál, eftir því sem fyrir liggur í þessari bók, sem hæstv. ríkisstj. gaf mér eins og öðrum landsmönnum.

Ég sé nú ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Ég ætla, að hvort sem um þetta verður farið fleiri orðum eða færri, þá verði þeim rökum ekki hnekkt, sem ég hef dregið fram í þessu efni. Og ég vil að lokum leggja sérstaka áherzlu á það, að þó að tölurnar um stöðu útflutningssjóðs á hverjum tíma hafi verið fengnar frá stjórn útflutningssjóðsins, þá er meðferð þeirra, sú mynd, sem dregin hefur verið upp af tölunum og sýnd þjóðinni á hverjum tíma, hún er ríkisstjórnarinnar, og það er sú mynd, sem ég hef sérstaklega viljað benda á að væri ekki sjálfu sér samkvæm fremur en hitt, og að því hef ég alls ekki látið liggja orð, að stjórn útflutningssjóðsins sjálfs hafi gefið upp rangar tölur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 200, n. 248, 249 og 251, 250, 252).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og afgreiðsla málsins í n. orðið sú, að allir nm. eru sammála um að mæla með frv., en tveir hv. nm., þeir 1. og 5. þm. Norðurl. e., hafa áskilið sér rétt til þess að flytja frekari brtt. og munu skila sérálitum.

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv., er um að ræða aðallega þrjár efnisbreytingar frá núgildandi lögum um þetta efni: Í fyrsta lagi, að heimilað er að fella útflutningsskattinn niður af afurðum, sem framleiddar verða eftir næstu áramót. Í öðru lagi er gert ráð fyrir lækkun útflutningsskattsins niður í ½% af niðursuðuvörum. Og svo í þriðja lagi, að heimilað er að ráðstafa eftirstöðvum útflutningssjóðs til þess að greiða vátryggingaiðgjöld skipa.

Nú er það öllum hv. þdm. kunnugt, frá því að efnahagsmálalöggjöfin var til meðferðar á sínum tíma, að útflutningsskatturinn var aldrei hugsaður sem almenn tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóðinn, heldur var tilgangur þess að leggja hann á sá að afla fjár til þess að standa straum af þeim kröfum, sem þá hvíldu á útflutningssjóði, svo að hægt væri að gera hann upp. Eins og fram kom í ræðu hæstv. sjútvmrh. fyrir frv. við 1. umr. hér í hv. d., hefur það nú orðið svo, að það fé, sem útflutningssjóður þurfti til þess að standa undir skuldbindingum sínum, hefur safnazt á skemmri tíma en gert var ráð fyrir að orðið gæti á s. l. vetri, svo að eftir það, að hann hefur staðið við allar sínar skuldbindingar um greiðslu uppbóta á útfluttar afurðir, sem framleiddar voru fyrir efnahagsmálalöggjöfina, verður nokkurt fé til umráða í sjóðnum, og þar sem það er eindregin ósk útgerðarmanna, að því fé verði varið til þess að greiða vátryggingaiðgjöldin, hefur hæstv. ríkisstj. talið, að rétt væri að koma til móts við það sjónarmið og heimila slíka ráðstöfun eftirstöðvanna. Um þetta er n. út af fyrir sig sammála, en eins og ég tók fram, þá óska tveir hv. nm. eftir að flytja frekari brtt., sem ég geri ráð fyrir að þeir geri grein fyrir í framsöguræðum sínum á eftir.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. greindi ekki á um, að samþykkja bæri þetta frv. eða efni það, sem í frv. felst. Hins vegar klofnaði n., vegna þess að meiri hl. vildi engar viðbætur við frv. gera og engar breyt. á því. En ég fyrir mitt leyti tel, að með þessu frv. sé ekki nægilega leystur vandi, þó að það sé spor í rétta átt, og hef því leyft mér að leggja fram brtt. við það, og enn fremur hef ég skrifað nál., þar sem ég geri nokkra grein fyrir afstöðu minni til frv.

Eins og hv. frsm. meiri hl. skýrði frá, nær frv. til þess að ákveða, að ekki skuli innheimt útflutningsgjald af vörum til útflutningssjóðs nema til næstu áramóta, og enn fremur felur frv. í sér ráðstöfun á þeim afgangi, sem væntanlega verður í útflutningssjóðnum, þegar hann er búinn að ljúka greiðslum á því, sem á honum hvílir beint að lögum.

Útflutningssjóðurinn hefur að undanförnu á vissan hátt verið okkur ráðgáta, því að fjárhagur hans og rekstur hefur ekki legið ljóst fyrir, hvorki á Alþingi né utan Alþingis, nema þá hjá sjóðsstjórninni sjálfri og e. t. v. hjá hæstv. ríkisstj. Það var upplýst við 1. umr., að þær skýrslur, sem ríkisstjórnir, tvær síðustu ríkisstjórnir, hafa gefið um útflutningssjóðinn, hafa ekki jafnan virzt koma heim og saman. Til var svarað þá, að þetta stafaði af því, að upplýsingarnar hefðu ekki verið sama efnis. T. d. hefði í einu falli verið upplýst, hvernig útflutningssjóðnum hefði gengið að standast straum af áföllnum kröfum, áföllnum fram komnum kröfum, en í þeim upplýsingum fylgdi náttúrlega það, að sjóðurinn hefði staðið sig betur en áður. Litlu seinna var svo upplýst, að geysilega mikill

halli væri á rekstri sjóðsins og langt frá, að hann næði til að standa við skuldbindingar sínar, og þá hafi upplýsingarnar verið miðaðar við endanlegar niðurstöður, sem áætlaðar voru fyrir sjóðinn til loka skuldbindingatímans. Þetta hafa orðið á vissan hátt felumyndir. Þær voru kallaðar fram í þeim tilgangi að gefa rekstri sjóðsins sérstakan blæ, hin fyrrnefnda til þess að sýna, að allt léki í lyndi með hann, hin síðari til að sýna, að mikils þyrfti með og í óefni væri stefnt. Þessi leikur með skýrslur um sjóðinn hefur verið leiðinlegur og óviðeigandi. Nú ætti honum að verða lokið. Nú má telja, að sjái í botn hjá sjóðnum, eða svo ætti að vera, og ég skal ekkert vefengja þær skýrslur, sem nú liggja fyrir um hann og hafa komið fram í grg. með þessu frv.

Nú er gert ráð fyrir því, að hætt verði að afla sjóðnum tekna við næstu áramót, — tekna af vörum, nema þeim, sem framleiddar verða til útflutnings til næstu áramóta. En vitanlega lifir sjóðurinn þó, meðan þessar vörur eru að flytjast út og til hans síga tekjur frá þeim.

Sjálfstæðismenn hafa litið á þennan sjóð eins og nokkurs konar snák, skilst mér, en þeir hafa samt, þótt þeir tækju við stjórn, alið hann þetta við brjóst sér, og hver veit, nema það kunni að koma fyrir, áður en hann er að fullu dauður, að lifandi anda verði blásið í nasir hans, a. m. k. virðast fjármálin ganga þannig, að full ástæða er til að ætla, að í framtíðinni þurfi til þess að grípa að jafna, eins og þessi sjóður hefur átt að gera. En það er bezt að sleppa því að tala um sjóðinn á þennan hátt.

Nú hefur — með þessu frv. — dánarbúi sjóðsins verið í raun og veru ráðstafað, og eftirstöðvar sjóðsins eiga að ganga, að því er tekjur af sjávarafurðum snertir, til að greiða vátryggingaiðgjöld fiskiskipa fyrir árið 1960. Í aths. með frv. segir, að aðalfundur L. Í. Ú. hafi óskað þessa. Og það á að fara að óskum útvegsmanna. Hins vegar eiga eftirstöðvar af tekjum vegna útflutnings landbúnaðarvara að ganga í ríkissjóðinn, og þessu fé á svo ríkisstj. að ráðstafa eftir sínum geðþótta, ráðstafa til einhvers í þágu landbúnaðarins.

Ég hefði talið, að til þess að væri samræmi á milli í þessum efnum, sjávarútvegs og landbúnaðar, þá hefði frv. átt að gera ráð fyrir því, að farið yrði að ósk Stéttarsambands bænda með þann hlut, sem til landbúnaðarins á að ganga, eins og fara á eftir óskum L. Í. Ú. með hlutdeild sjávarútvegsins, og ég hef leyft mér að flytja tillögur til þess að koma samræmi þarna á. Till. um þetta efni frá mér er á þskj. 250, og ég vænti þess, að hv. d. þyki ástæða til að taka hana til greina.

Það er, eins og ég sagði áðan, með þessu frv. reynt að bæta úr vandræðum, sem fyrir eru, þótt lítil sé að vísu úrbótin, og það er ekki ástæða til þess að leggjast á móti þessari úrbót, það sem hún nær. En þegar farið er að hrófla við efnahagsmálalöggjöfinni, eins og hér er gert, þá er full ástæða til þess í leiðinni að lagfæra fleira. Þessi úrbót, sem frv. gerir ráð fyrir, nær skammt til að kippa í liðinn öllu því, sem gengið hefur úr liði í efnahagsmálum vegna skakkra efnahagsráðstafana. Sjávarútvegurinn er í kaldakoli, eins og allir vita. Landbúnaðurinn er svipað settur, þótt það kalli ekki eins brátt að með erfiðleika hans, eða réttara sagt, þeir setjist ekki á odd við þessi áramót, eins og hjá sjávarútveginum. Atvinnuleysi er að hefjast. Fréttir af því koma alls staðar að. Kaupmáttur launa hefur stórkostlega rýrnað. Verzlunin gengur saman. Almennar framkvæmdir eru felldar niður, og hið almenna framtak í landinu í efnahagsmálum er hábundið með þeirri löggjöf, sem kennd er við hæstv. ríkisstj.

Allt á sínar orsakir. Að afstaðinni kjördæmabreytingunni sumarið 1959 og eftir kosningarnar haustið 1959 má segja, að núv. stjórnarflokkar hafi verið mjög gleðireifir, og þeir hugðust sigla áfram blint með nýjum efnahagsaðgerðum. Þeir settu á stað reikningsmeistara, vélarnar voru settar í gang til að reikna, og það, sem frá þeim kom og talið var rétt, þótti harla gott í herbúðum hæstv. ríkisstj., harla gott á pappírnum. Og vafalaust hafa vélarnar skilað dæmunum réttum. En til þess að útreikningar séu réttir, þarf meira en rétta margföldun, rétta samlagningu, rétta deilingu og réttan frádrátt. Það þarf að leggja rétt fyrir vélarnar. Og að þessu sinni er nú augljóst orðið, að það hefur ekki verið gert. Hæstv. stjórnarflokkar hlustuðu ekki á aðvaranir og þeir leituðu ekki samstarfs á breiðara grundvelli en þeir stóðu á eftir kosningarnar 1959. En meiri hl. þeirra var naumur, svo að grundvöllurinn var ekki breiður. Og þar að auki höfðu þeir unnið kosningar á þann hátt, sem þeir unnu, eða að því leyti sem þeir unnu þær, með því að fela þá stefnu, sem felst í efnahagsaðgerðum þeim, sem upp voru teknar, með því að fela það fyrir kjósendum, því að gera má ráð fyrir, að stefnan hafi búið í hugum þeirra þá. Þeir vildu ekki hlusta á ráðleggingar og þeir vildu ekki leita samstarfs eða þiggja samstarf frá öðrum. Þeir felldu hiklaust þá till. Framsfl., sem borin var fram, að kosin væri nefnd, þar sem hver þingflokkur hefði tvo fulltrúa, og sú nefnd semdi tillögur um afgreiðslu fjárlaga og efnahagsmála fyrir árið 1960, starfaði svo milli þinga og legði fyrir það þing, sem nú situr, tillögur um frambúðarlausn efnahagsmálanna.

Þetta var tilboð um samstarf, og ég hygg, að reynslan hafi nú þegar sýnt, að það var óviturlegt að reyna ekki slíkt samstarf, því að ég efast ekki um það, að grundvöllur efnahagsaðgerðanna hefði verið betur fundinn með þessu móti en á þann hátt, sem hann var gerður af hæstv. ríkisstj. og flokkum hennar, og enn fremur hefði þá átt að vera betur tryggt en ella, að stofnað væri til samtaka um að leita þeirra lausna, sem samþykktar hefðu verið með þessum hætti.

Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að þeim, sem settu löggjöfina um efnahagsmálin og gerðu efnahagsráðstafanirnar, hafi gengið illt til. En það var of mikill hofmóður þeirra eftir kosningarnar 1959, og trú þeirra var of blind, vil ég kalla, að hægt væri að fara beint af augum í einni lotu að takmarkinu með skyndiaðgerðum og hörkutökum.

Þetta er sannarlega mikið alvörumál. En dýpsta alvaran getur stundum séð broslegar hliðar á hlutunum án allrar léttúðar og dregið af þeim lærdóma, sem eru ekki einskis virði. Sú sjóferð, sem ríkisstj. og liðsmenn hennar lögðu í með efnahagsaðgerðum sínum, minnir mig á sögu af skipstjóra, sem sigldi að vestan áleiðis til Reykjavíkur. Hann varð hátt uppi staddur á Breiðafirði og heimtaði þá, að skipinu væri siglt beina leið landmegin við Snæfellsjökul til þess að stytta leiðina og flýta förinni. Ríkisstj. var á sinn hátt og flokkar hennar hátt uppi eftir kosningarnar 1959. Og vegna þess hugðist hún sigla þjóðarskútunni landmegin við jökulinn, og hún hefur enn ekki viljað láta af þessari stefnu. Að vísu er frv. þetta, sem fyrir liggur, vottur um örlitla breyt. á strikinu. En það er svo lítil breyting, að ekki kemur að neinu gagni, svo að teljandi sé. Þessi stefna landmegin við jökulinn er svo alvarleg, og siglingin er það langt komin, að nú þarf að taka aftur á bak og breyta skyndilega. Og nú ætti reynslan að vera orðin svo rækileg, að þeir flokkar, sem tóku strikið, ættu nú að geta þegið holl ráð. Og þær brtt., sem ég flyt hér á þskj. 250, miðast allar við það að hnika til stefnunni.

1. brtt. er sú, sem ég lýsti áðan, að í 1. gr. komi í stað „ákvörðunar ríkisstj." í næstsíðustu mgr.: samkvæmt tillögum Stéttarsambands bænda. Verði hún samþ., þá er sama regla látin gilda að því er útgerðina snertir og landbúnaðinn, farið að óskum beggja sambandanna, landssambanda þessara atvinnugreina.

2. till. er í fjórum liðum, a, b, c, d. Hún er um, að inn í frv. komi fjórar nýjar greinar.

A-liður hljóðar svo, það er 2. gr.:

„23. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstj. vinni að því að koma á samkomulagi á milli launþega og framleiðenda um stöðvun víxlhækkana á milli kaupgjalds og verðlags."

Þessi till. hefur það m. a. til síns ágætis, að hún er nákvæmlega orðuð samkvæmt yfirlýsingu, sem Sjálfstfl. gaf fyrir kosningar 1959 um það, hvernig hann teldi að ætti að fara að með vísitöluna. Hún er miðuð við það þess vegna að gera sjálfstæðismönnum léttara að fylgja henni. Enn fremur felur hún það í sér, ef hún er samþykkt, að tekin er upp umleitun samkomulags milli launþega og framleiðenda, að því er snertir hækkun vísitölunnar, og þá er þegar farið að vinna að því að taka höndum saman í efnahagsaðgerðum. Og þó að hæstv. ríkisstj. vildi ekki hlusta á bendingar um, að það yrði að vera meginreglan í efnahagsaðgerðum hjá okkar þjóð, þá ætti hún nú að leggja eyru við slíkri till. og taka henni fegins hendi.

B-liðurinn, snertandi 3. gr.:

„31. gr. laganna orðist svo:

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega eigi vera hærri en 5.5%."

Sú ráðstöfun, sem hæstv. ríkisstj. gerði og flokkar hennar um hækkun vaxta, hefur komið ákaflega illa við þjóðina. Hækkunin hefur mælzt ákaflega illa fyrir. Hún á, svo að ég viti, enga formælendur, enda hafa verkanir hennar orðið eins og berklar í efnahagslífinu. Ég tel því skylt að hverfa aftur til baka til þeirra vaxta, sem voru áður en ráðstafanirnar voru gerðar, og till. þessi miðar að því.

C-liðurinn er, að 32. gr. laganna falli niður, og falla jafnframt úr gildi allar þær ákvarðanir um vexti og lánstíma, sem teknar hafa verið samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar. Hér er um það að ræða, að vextir stofnlánadeilda verði færðir í sama horf sem þeir áður voru og ráðstafanir þær, sem ríkisstj. er nú heimilt að gera, séu ekki leyfðar framvegis. Hér er um að ræða fiskveiðasjóð, stofnlánadeild sjávarútvegsins, byggingarsjóð sveitabæja, ræktunarsjóð, byggingarsjóð ríkisins, byggingarsjóð verkamanna og raforkusjóð. Um þessa vexti, sem teknir hafa verið upp, er það sama að segja og afurðavíxlavextina, þeir verka eins og sjúkdómur á efnahagskerfið. Í þessu sambandi vil ég minnast þess, þegar Dragland segir í sinni álitsgerð, ráðunauturinn, sem fenginn var frá Noregi, að hann hafi litla trú á því, að vaxtahækkun hafi nokkuð að þýða, hún hafi ekki reynzt ná tilgangi sínum í Noregi, að því leyti sem hún hefur verið reynd þar. Þessi vaxtahækkun átti að verða til þess að draga úr framkvæmdum, fjárfestingu og athöfnum, sem væru mikilsverðar hjá þjóðinni. Hún hefur gert það. Hún hefur orðið háband á framkvæmdir í þjóðfélaginu, og nú horfir til algerðrar stöðvunar í þeim efnum.

Því var haldið fram um háu vextina, að þeir mundu auka sparifjármyndunina í landinu stórkostlega, og allir vita nú, að það hefur mikla þýðingu, að sparifé safnist. En reynslan virðist ekki vera önnur hér en Dragland sagði að hefði orðið í Noregi. Ef litið er á sparifjáraukninguna hjá sparisjóðum og bönkum 1958, á tímabilinu 1. marz til októberloka, en 1. marz 1960 gengu efnahagsráðstafanirnar í gildi, getur maður sagt, og síðustu skýrslur um sparifjármyndunina eða aukninguna eru frá októberlokum, svo að þetta tímabil er vert að taka til samanburðar, þá sýndi það tímabil 14.6% sparifjáraukningu. Árið 1959, þegar jafnaðarmenn fóru með stjórn í umboði Sjálfstfl., var sparifjáraukningin á þessu tímabili 13%. En í ár, eftir að efnahagsaðgerðirnar komu til framkvæmda, er sparifjáraukningin á þessu tímabili 12.3%. Dýrðin fer sem sé dalandi. En í þessu er talið sparifé í bókum og hlaupareikningum, og gera má ráð fyrir því, að eitthvað hafi færzt til meira en áður, verið lagt inn á bækur vegna vaxtahækkunarinnar. Menn skeyttu því minna áður, en létu það liggja á hlaupareikningum. Nú hafa menn meira vandað sig við það að færa til þess að ná í háu vextina, færa yfir á bækurnar frá hlaupareikningunum. En þetta hrekkur ekki til sparifjáraukningar. Og ég tel rétt að taka þetta tvennt saman, vegna þess að þegar til umræðu var ákvæðið um að flytja sparifjáraukninguna hálfa frá sparisjóðunum til Seðlabankans, þá var fyrirskipað að leggja þetta tvennt til grundvallar, og með því móti var sýnt, að þeir, sem að þessu stóðu, töldu, að þetta tvennt ætti að leggja saman, og það er ekki hægt hvort tveggja, að telja, að rétt sé að reikna þetta saman, þegar á að meta spari-

fjáraukningu til flutnings, en ekki þegar á að rannsaka, hver sparifjáraukningin er í landinu. Þetta hlýtur að vera réttmætt að láta fara saman. Ef það er réttmætt að því er fyrra atriðið snertir, þá er það líka réttmætt í seinna dæminu.

Þá er það d-liðurinn:

„33. gr. laganna orðist svo:

Síðasti málsl. 2. mgr. 16. gr. laga nr 63/1957 orðist þannig:

Stjórnum banka og sparisjóða skal skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán."

Með samþykkt þessarar till. væri ákveðið, að ekki skuli vera heimilt að fyrirskipa flutning á sparifjáraukningu úr sparisjóðum og bönkum til Seðlabankans. Það ákvæði er ákaflega ósanngjarnt og hefur skaðlegar verkanir fyrir efnahagslífið úti um land, og þess vegna er sjálfsagt að kippa þessu í liðinn, og það bætir stefnuna nokkuð, það sem það nær.

Þá er það 3. till.:

„Við 2. gr. Við greinina bætist:

Jafnframt eru úr gildi numin lög", sem þar eru tiltekin. Samtímis komi í gildi lög um bann við okri, um dráttarvexti o. fl. og lög um breytingar á þeim lögum.

Þessi grein er aðeins til þess að kippa í liðinn því, sem úr lagi gekk og þessar greinar, sem ég hef áður lesið upp í brtt., gera ráð fyrir að leiðrétta. Lög um okur voru numin úr gildi með okurvöxtum hæstv. ríkisstj. Nú er ætlazt til, að þau komi aftur í gildi, eins og sjálfsagt er.

Ég hef nú í mjög stuttu máli lýst þessum brtt. mínum. Ég leyfi mér að vænta þess, að hv. þm. þessarar hv. deildar fallist á þessar brtt., þó að hins vegar stuðningsflokkar stjórnarinnar felldu þær í hv. Nd. Allar till. miða að því, eins og ég sagði áðan, að hnika til rangri stjórnarstefnu, sem tekin var í vímu sigra, sem að mestu voru ímyndaðir, — stefnu, sem er óframkvæmanleg, svo að jafnvel má líkja henni við það að sigla landmegin við Snæfellsjökul. Ef till. eru samþykktar, verður ofur lítið nær því að komast fyrir nesið, þó að meira þurfi til að vísu. En allt er betra, sem í áttina miðar, þegar áttin er rétt. Ég tek það fram í nál. mínu, að ég mæli með því, að frv. verði samþ. En fyrst og fremst mæli ég með því, að það verði samþ. með þeim brtt., sem ég flyt og hef nú stuttlega gert grein fyrir.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram, er í sjálfu sér ekki ágreiningur um efnisatriði þessa frv. Meðal stjórnarandstöðunnar hafa frá upphafi verið uppi sterkar grunsemdir um það, að þessi skattheimta, sem nú á að afnema af útflutningsframleiðslunni, hafi að meira eða minna leyti verið óþörf til þeirra þarfa, sem hæstv. ríkisstj. taldi að væru fyrir hendi og skattheimtunni var ætlað að uppfylla. Þessar grunsemdir hafa vissulega ekki reynzt eða verið ástæðulausar. Sú kynlega vissa er nú ekki einasta fengin, að enginn minnsti fótur hafi frá upphafi verið fyrir þeirri staðhæfingu, að útflutningssjóður þyrfti þessarar skattheimtu við, heldur er nú staðfest af hæstv. ríkisstj., að hann hefði getað staðið við allar skuldbindingar sínar án útflutningsskattsins og átt þó eftir nokkra tugi millj. til ráðstöfunar, eða allt að 40 millj. kr., þ. e. a. s. með gengishagnaði af vörum, sem framleiddar voru fyrir viðreisnina, en fluttar út eftir hana, og ákveðið var um samhliða þessum skatti.

En það má með sanni segja, að saga þessa skatts sé táknræn fyrir viðreisnina alla og þá ekki síður endalok hans en sjálft upphafið. Hann var byggður á fölskum forsendum um afkomu útflutningssjóðs. Það er fullyrt, að hann sé óhjákvæmileg nauðsyn til þess að bæta fyrir gamlar syndir, og það er fullyrt, að útveginum sé ekki aðeins kleift, heldur mjög auðvelt að standa undir honum í 1 eða 2 ár. Um hríð er skatturinn síðan krafinn og afkoma útvegsins og um leið kjör sjómanna skert sem skattheimtunni nemur. En svo kemur reynslan, — bölvuð reynslan, mundu viðreisnarmennirnir kannske segja, — og hún segir þetta: Allt saman tóm vitleysa, það þurfti aldrei að leggja skattinn á, aldrei að rýra kjör útvegsins og sjómannanna, sem honum nam. — Og hún bætir raunar við: Útvegurinn gat ekki heldur borið þessa skattheimtu með öðrum þeim klyfjum, sem viðreisnin lagði honum á herðar. — Og hún segir enn þá: Útvegurinn átti inni hjá útflutningssjóði tugmilljónir án þessarar skattheimtu.

Í kjölfar viðreisnarinnar, þó ekki vegna hennar, þeirrar viðreisnar, sem átti að tryggja útveginum það, sem kallað var traustur, varanlegur og heilbrigður starfsgrundvöllur — og reyndar líka öðrum atvinnuvegum þjóðarinnar, kom ein fengsælasta vetrarvertíð bátaflotans, sem um getur. En þessari fengsælu vertíð var ekki fyrr lokið en ríkisstj. varð að viðurkenna, að útgerðin gæti með engu móti staðið undir 5% skatti af útflutningsframleiðslu sinni, og ríkisstj. varð að láta undan síga fyrir kröfum útvegsmanna og lækka skattprósentuna um helming og biðja þingið að breyta viðreisnarlögunum í þá átt, sama þingið og samþykkti, að hún skyldi vera 5%, og sama þingið sem talin var trú um, að slíkt væri rökstudd nauðsyn, sem auðvelt væri að fullnægja. Og nú kemur svo hæstv. ríkisstj. og verður að boða Alþingi þá staðreynd, að allt hafi þetta frá upphafi verið ein samhangandi flækja af reikningsskekkjum og misskilningi. Útvegurinn hefði aldrei verið skuldugur útflutningssjóði um grænan eyri og hefði aldrei átt að greiða honum neitt, heldur hafi þessu verið alveg öfugt farið. Það hafi verið útflutningssjóður, sem átti að greiða útvegsmönnum stóra fjárfúlgu. Menn eru nú orðnir ýmsu vanir, en ég efast um, að ríkisstj. hafi í annan tíma orðið að kyngja öllu betur sínum fullyrðingum en hæstv. ríkisstjórn verður nú að gera varðandi þetta mál. En það verður ekki sagt, að henni farist af neinni sérstakri karlmennsku í þessu sambandi, þegar talsmenn hennar eru að reyna að koma sökinni, sem hún sjálf ber ein og enginn annar, yfir á embættismenn sína. Hafi svo

verið, sem taka má trúanlegt, að vafi hafi leikið á útkomunni hjá útflutningssjóði, þá var eðlilegra að bíða og sjá, hverju fram yndi, áður en gripið var til þessarar skattheimtu, — þessarar skattheimtu, sem nú hefur beðið endanlegt skipbrot, eins og nú blasir reyndar við, fyrir öðrum þáttum viðreisnarinnar. Og það er a. m. k. alveg víst, að það voru ekki stjórnendur útflutningssjóðs, sem reiknuðu út eða fullyrtu, að útvegurinn gæti borið þessar álögur. Það gerði ríkisstj. sjálf og þeir af sérfræðingum hennar, sem hún getur ekki á nokkurn hátt firrt sig ábyrgð af.

Hæstv. sjútvmrh. hefur verið að reyna að fleyta sér, að ég vil segja á hundasundi, frá vandræðum sínum á þeirri staðhæfingu, að allt það versta, sem sagt hefur verið um afkomu útflutningssjóðs, hafi verið rétt og satt, en það hafi bara verið gengisfellingin eða gengishagnaðurinn, sem af henni leiddi, sem bjargað hafi því, að hún varð sú, sem nú er orðin raun á. Mér sýnist þó, enda þótt unnt væri að taka þetta sem góða og gilda vöru, að þá væri þetta alls engin afsökun. Gengisfellingin var sem sé staðreynd, þegar skattheimtan var ákveðin, og mátti því auðvitað reikna með afleiðingum hennar í þessu tilfelli eins og öðru. En hæstv. ráðherra gleymir vísvitandi öðru, sem hafa verður í huga, þegar staða útflutningssjóðs er metin að óbreyttu gengi og borin saman við stöðuna eftir gengisfellinguna. Hann gengur sem sagt fram hjá því, sýnilega í þeim tilgangi að villa um, að hefði gengið haldizt óbreytt, þá átti útflutningssjóður raunverulega inni tekjur af öllum útflutningsbirgðum, sem til voru í landinu. Vitanlega hefði komið innflutningur fyrir andvirði þessara birgða og þar með tekjur í útflutningssjóð. Og það skyldi nú vera, að jöfnuður hefði verið nálægt því að nást, ef með þessu hefði verið reiknað, og það þótt engin gengisfelling hefði orðið? Þetta dæmi ætti ekki að vera alveg útreiknanlegt, og þess vegna er það ekki heiðarlegt af hæstv. ráðherra að bera fram þær fullyrðingar, sem hann hefur margtekið í umræðunum, án þess að koma með glöggan útreikning á því, hverjar tekjur sjóðurinn hefði fengið af útflutningsbirgðum, sem til voru í landinu, að óbreyttu gengi. En þannig er allt á sömu bókina lært, hálfsannleikur eða það af minna.

Enda þótt ekki sé, eins og ég hef áður sagt, ágreiningur um þetta frv., fer ekki hjá því, þar sem það er borið fram í sambandi við þau miklu vandamál, sem útvegurinn á nú við að etja, að í sambandi við það sé nokkuð athuguð sú staða, sem hann og atvinnuvegirnir almennt eru nú í, fyrstu áramótin eftir viðreisnina. Ekki mun um það þurfa að deila, jafnvel ekki við hæstv. ríkisstj., að afnám útflutningsskattsins nær harla skammt til lausnar á allsherjarvandamálum atvinnuveganna nú, og sú mynd, sem alls staðar blasir nú við, er vissulega allt annað en falleg og í heldur litlu samræmi við þær gyllingar um traustan grundvöll, heilbrigðan grundvöll og varanlegan grundvöll, sem hæstv. ríkisstj. reyndi að hafa hér uppi fyrir 10 mánuðum. Allar þær fullyrðingar, sem þá voru hafðar hér frammi, hafa reynzt byggðar á jafnfölskum forsendum og sá skattur, sem hér er verið að ræða um. Í hverju einasta atriði viðreisnarinnar hefur sama flækja af röngum forsendum, vitlausum útreikningum og vanhugsuðum aðgerðum endurtekið sig, og á flestum sviðum verður niðurstaðan sú, að engar leiðir sjást út úr vandræðunum, sem stofnað hefur verið til, aðrar en undanhald frá viðreisnaraðgerðunum. Þegar útvegurinn nú er kominn í þrot, þá kemur jafnvel stjórnarliðið ekki auga á neinar leiðir, til þess að hann geti flotið, aðrar en þær að slaka til á viðreisninni, hefja undanhald frá þeim aðgerðum, sem allt áttu að laga fyrir 10 mánuðum. Það má segja, að á þeim tíma, sem liðinn er frá gildistöku viðreisnarinnar, hafi hæstv. ríkisstj. verið á óstöðvandi undanhaldi frá aðgerðum sínum og fullyrðingum sínum um nauðsyn þeirra og gagnsemi. Sjávarútvegurinn átti að geta staðið á eigin fótum, án styrkja og án nokkurra tilslakana á vöxtum og lánum. En hver hefur reynslan orðið? Togararnir hafa þegar fengið ¾ úr milljón hver fyrir sig í beinan styrk úr útflutningssjóði. Bátaflotinn hefur fengið 10 millj. kr. úr hlutatryggingasjóði umfram það, sem reglur og jafnvel lög heimila, og nú á hann að fá 80—90 millj. í greiðslu tryggingaiðgjalda umfram það, sem viðreisnin ætlaði honum. Allur flotinn hefur fengið fyrirheit um greiðslufrest á afborgunum og vöxtum af stofnlánum, það hafa verið gefin vilyrði fyrir 200—300 millj. kr. nýjum lánum til útvegsins umfram þau, sem lánareglur viðreisnarinnar ætluðu honum, það er látið skína í lækkanir á vöxtum, og fleira mætti telja í þessa átt. Auðvitað er allt þetta ekkert annað en undanhald frá viðreisninni og um leið óáfrýjanlegur dómur um hana.

Þrátt fyrir þetta undanhald, sem þegar er orðin staðreynd, blasir við, að sjávarútvegurinn er nú að stöðvast og atvinnuleysi að skella yfir, bæði af þeim sökum og vegna almenns samdráttar í öðrum atvinnugreinum. Hverjum togaranum af öðrum er nú lagt, en þeir, sem enn þá er haldið úti, sigla allir með aflann á erlendan markað, en frystihúsin, sem eru í raun og veru einu fullkomnu fiskvinnslutækin, sem við eigum til, standa mörg starfslaus og önnur lítið starfandi og hlaða á sig töpum af föstum kostnaði, á meðan verkafólkið, sem unnið hefur við þau, gengur atvinnulaust unnvörpum að miklu eða öllu leyti. Þannig hefur t. d. slagbröndum verið slegið fyrir eitt fullkomið frystihús á Ísafirði nú um margra mánaða skeið, og í hraðfrystihúsinu á Akureyri hefur nær ekkert verið unnið í jafnlangan tíma, eða 3—4 mánuði, en starfsliðið, allt að 200 manns, gengur atvinnulaust að kalla.

Það er líka augljóst, að bátaflotinn kemst ekki á veiðar að óbreyttum rekstrargrundvelli. Fiskkaupendur krefjast lækkaðs fiskverðs, á sama tíma og bátunum er brýn nauðsyn á hækkuðu verði til þess að standast vaxtaokrið og þær gífurlegu hækkanir, sem hafa orðið á öllum rekstrarvörum vegna gengisfellingarinnar.

Enn fremur er óhjákvæmilegt, að verkafólk í fiskiðnaðinum eins og annars staðar og sjómenn bæði á togurum og bátum fái verulegar launabætur fyrir þá dýrtíð, sem nú er að draga lífskjör alls láglaunafólks niður í svaðið.

Ekki tekur betra við, þegar áhrif viðreisnarinnar á ýmsar aðrar atvinnugreinar eru athugaðar. Byggingar íbúðarhúsa hafa á þessu ári dregizt saman um helming hér í Reykjavík og í stærstu kaupstöðunum, en því sem næst þurrkazt út í sjávarþorpunum allt í kringum landið og einnig í sveitunum. Iðnaðarfyrirtæki eru að loka vegna sölutregðu af völdum kjaraskerðinganna, sem almenningur hefur orðið að þola, og verzlanir eru einnig að segja upp starfsfólki vegna minnkandi vörusölu.

Í sem skemmstu máli: Allt það versta, sem við stjórnarandstæðingar sögðum hér á hv. Alþ. fyrir 10 mánuðum um viðreisnina, er nú að koma fram, er nú að verða að biturri staðreynd í lífi þjóðarinnar, verða að þeirri staðreynd, að það er verið að sigla henni inn í kreppuástand, sem kannske á ekki sinn líka síðan upp úr 1931, þegar atvinnuleysið var í algleymingi, með öllum þeim hörmungum, sem því fylgdu. Þessa siglingu hæstv. ríkisstj. verður að stöðva, áður en það er orðið um seinan. Þann glæp að koma hér á atvinnuleysi verður að hindra hæstv. ríkisstj. í að fremja, ekki hennar sjálfrar vegna, heldur vegna íslenzks almennings, sem verður að þola hann, og vegna íslenzkra hagsmuna. Þessi sigling hæstv. ríkisstj. verður ekki stöðvuð með neinum öðrum ráðum en þeim, að viðreisnaraðgerðunum verði hnekkt í mikilsverðustu greinum og þá fyrst með því að tryggja undirstöðuatvinnuveginum, sjávarútveginum, öruggan rekstrargrundvöll og verkafólki jafnframt verulegar kjarabætur til mótvægis við þá verðhækkunarskriðu, sem stjórnarflokkarnir hafa hleypt af stað.

Höfuðmarkmið viðreisnarinnar var auðvitað sjálf kjaraskerðingin. En til þess að hún gæti tekizt, vissi ríkisstj., að setja varð sjávarútveginn í svelti og gera hann ófæran um að standa undir lífskjörum fólksins, sem við hann vinnur. Þannig átti að sætta láglaunafólk við kjaraskerðinguna og drepa úr því kjarkinn til þess að berjast fyrir sínum rétti.

Þjóðsögur greina frá því, að kuklarar vektu upp drauga til forsendingar á óvini sína, en réðu síðan ekki við uppvakninginn, þegar hann hafði verið særður upp úr gröf sinni. Hæstv. ríkisstj. er nú að ýmsu leyti líkt komin og slíkur kuklari. Viðreisninni var ætlað að skapa sjávarútveginum mátulega slæman rekstrargrundvöll til þess, að það væri hægt að nota hann eins og svipu á verkafólk. Samdrátturinn átti að skapa mátulegt atvinnuleysi til þess að halda launabaráttunni niðri. En ríkisstj. gerði sér ekki og gerir sér kannske ekki enn grein fyrir því, að hún hefur leyst úr læðingi öfl, sem hún hefur ekki vald á. Þegar hún sér, að of langt hefur verið gengið, reynir hún að bjarga sér með undanhaldi, sem getur aðeins veitt henni stundargrið, en vill hins vegar ekki viðurkenna, að engin úrræða hennar duga til þess að beizla uppvakninginn eða koma honum fyrir, og hefur kannske enn þá reyndar takmarkaðan áhuga á því.

Ég tel, að hv. Alþ. standi nú andspænis því verkefni, sem óumflýjanlega verður að vinna, ef forða á efnahagslegu hruni: að skapa sjávarútveginum slíkan rekstrargrundvöll, að hann geti starfað óhindrað og geti jafnframt veitt sjómönnum og verkafólki þau launakjör, sem þessar stéttir geti eftir atvikum sætt sig við. Þetta verkefni jafngildir riftingu viðreisnarinnar í grundvallaratriðum, að svo miklu leyti sem þar var um afturkallanlegar aðgerðir að ræða. Við þm. Alþb. skorumst ekki undan því að leggja okkar úrræði á borðið í þessu sambandi. Við gerum okkur að vísu ljóst, að grundvallarbreyt. þurfa að verða á allri stjórn þjóðarbúsins, ef um langa framtíð á að vera unnt að sækja fram á við, byggja upp efnahagslega traust atvinnulíf og bæta lífskjörin örugglega og stöðugt. En við teljum hins vegar, að unnt sé jafnvel án slíkra grundvallarbreytinga að ráða fram úr brýnustu vandamálunum nú þegar, að það sé unnt að bæta launastéttunum a. m. k. að verulegu leyti launarán viðreisnarinnar nú strax og tryggja um leið fullan rekstur framleiðslutækjanna, þeirra framleiðslutækja, sem nú eru stöðvuð eða eru að stöðvast.

Ein veigamesta till. okkar fjallar um afnám vaxtaokurs, — þess vaxtaokurs fyrst og fremst, sem viðreisnaraðgerðirnar sköpuðu og liggur nú eins og mara á öllum atvinnurekstri og framkvæmdum og reyndar einnig á þúsundum einstaklinga, en þó á engum aðila jafnþungt og á útveginum. Við leggjum til, að almennir vextir verði færðir niður í það sama og þeir voru fyrir viðreisnina, og við leggjum enn fremur til, að vextir af afurðalánum verði lækkaðir nokkru meira eða niður í 3% á móti 9%, sem þeir eru nú í, og á móti 5%, sem þeir voru fyrir viðreisn.

Það liggja ekki fyrir óvefengjanlegar tölur um það, hve óheyrilegur gróði er soginn úr atvinnurekstrinum og sjávarútveginum alveg sérstaklega með vaxtaokrinu, sem nú er svo stórt í sniðum, að það á hvergi sinn líka í víðri veröld. Við bjuggum við of háa vexti fyrir viðreisnina, en samt voru þeir hækkaðir almennt um 50—60% og að því er afurðalánin snertir um 80%. Hve mikil er sú byrði, sem þannig er ofan á aðrar lögð á útveginn og fiskiðnaðinn, má nokkuð marka af einstökum dæmum. Ég hef t. d. athugað reikninga eins af stærri frystihúsum okkar fyrir s. l. ár, og þeir bera með sér, að það ár námu vaxtagreiðslur þess fyrirtækis 1.7 millj. kr., en á sama tíma voru öll vinnulaun 5.6 millj. Á þessu ári munu vaxtagreiðslurnar hins vegar verða nálægt 2.8 millj. kr., en vinnulaun munu á sama tíma hrapa niður í tæpar 4 millj. Þetta svarar til þess, að lækkun vaxta í það sama og gilti fyrir viðreisn mundi jafngilda 27.5% hækkun vinnulauna, ef vaxtabyrðin er umreiknuð í þau, og ef afurðalán væru enn lækkuð um 2%, mundi þetta frystihús spara sem svaraði til 4.2% af launahækkunum. Lækkunin alls, eins og við leggjum til að hún verði, mundi víst svara til 32%

launahækkunar, ef henni væri allri varið í þá áttina. Ef hins vegar væri aðeins notaður helmingur lækkunarinnar til kauphækkunar, eða 16%, væru samt eftir milli 600 og 700 þús. kr., sem verja mætti til hækkunar á fiskverði.

Það skal tekið fram, að ýmis dæmi um hlutföllin milli vaxta og vinnulauna í öðrum frystihúsum og fiskvinnslustöðvum munu sýna miklum mun meiri hlut vaxta í framleiðslukostnaði en þetta dæmi gerir. Jafnvel mun auðvelt að finna dæmi þess, ef sundurliðaður er framleiðslukostnaður á ákveðið magn af fiski, að vextirnir séu nú nálægt því þeir sömu og vinnulaunin. Ég hef fyrir mér eitt dæmi um þetta, þar sem þetta hefur verið reiknað út, aðeins kostnaður við vinnslu á einum farmi, sem var um tæp 100 tonn, og vaxtabyrðin af vinnslu þessa farms reyndist vera 35 þús. kr. á móti 45 þús. kr. í vinnulaun, og enn óhagstæðari dæmi um þetta mun þó vera hægt að finna.

Ég hygg líka, að í ýmsum öðrum tilfellum, t. d. að því er snertir togara og jafnvel fiskibáta, sem keyptir eru á viðreisnarverði og með viðreisnarkjörum, séu vaxtagreiðslurnar mun hærri en vinnulaunin. Ef við tökum nýjan togara, þá getur vaxtabyrðin vegna kaupa á honum varla verið undir 3.1 millj. kr. á ári, þó að reiknað sé með því, að langmestur hluti af stofnlánum sé erlent lánsfé með erlendum lánskjörum, en hins vegar geta vinnulaun á slíkum togara og í sambandi við slíkan togara varla farið fram úr 3 millj., svo að það er alveg öruggt, að í því tilfelli er vaxtabyrðin a. m. k. jafnmikil og trúlega nokkuð miklu meiri en öll vinnulaunin. Þessir vextir, þetta vaxtaokur, það er svo auðvitað eitt þeirra bókfærsluatriða, sem notað er til þess að blekkja almenning með, þegar verið er að reyna að telja honum trú um, að útvegurinn sé í raun réttri rekinn með botnlausu tapi og þoli engar nýjar byrðar, hvorki í formi kauphækkana né á annan hátt, þó að hið sanna sé, að gróðinn streymi frá honum í allar áttir.

Seðlabankinn einn hirðir nú á þessu ári milli 50 og 60 millj. kr. í hreinan gróða af vöxtum af afurðalánum einum, á sama tíma og útgerðin er að stöðvast. Þegar við það er svo bætt gróða annarra banka og lánastofnana og einstaklinga, sem ráða yfir fjármagni, fer ekki hjá því, að samanlögð vaxtahækkun viðreisnarinnar sé einhvers staðar á milli 200 og 300 millj. kr., og af þeirri hækkun ber útvegurinn bróðurhlutann. Sú vaxtalækkun, sem við leggjum til að verði framkvæmd, gerir ráð fyrir að létta allri þessari hækkun, sem orðin er, af og lækka auk þess, eins og ég sagði áðan, afurðalánin verulega umfram það.

Í sambandi við vextina er vert að minna á það, að með Norðmönnum tíðkast vextir, sem eru 2—4%, og jafnvel nokkuð algengt, þar sem um stofnlán er að ræða, að það sé niður í 1¼%. Þetta er á móti 9—12% hér hjá okkur eða jafnvel 13%, þegar um hlaupareikningslán er að ræða, eða aldrei minna en 3—5 sinnum lægri en hér. Í þessum samanburði er svo auðvitað að finna einn mikilvægasta þáttinn í svarinu við þeirri spurningu, sem lengi hefur verið hér uppi, hvers vegna nokkur sjávarútvegur getur staðið undir því að bera nú uppi a. m. k. 20% hærri verkalaun alls verkafólks, sem við hann vinnur í landi, í fiskiðnaðinum og annars staðar, og hvers vegna vinnslustöðvarnar þar geta greitt allt upp í 50% hærra verð eða jafnvel meira fyrir fiskinn. Samanburður á vöxtunum er ein skýringin á þessu. Og þetta getur norskur sjávarútvegur gert, þó að hann sé rekinn að ýmsu leyti við miklu erfiðari skilyrði en hér, þar sem það er t. d. ekkert sambærilegt, eins og ég mun koma lítillega að síðar, hvað íslenzkir sjómenn draga mikinn afla á land eða norskir, og ætti því kostnaður útvegs í heild að verða þar miklum mun meiri þegar af þeirri ástæðu.

Á fundi L. Í. Ú. fyrir skömmu lýsti Jónas Haralz, aðalefnahagssérfræðingur ríkisstj., að því er mér er sagt, því yfir, að engir efnahagslegir örðugleikar væru á því að lækka vexti þá, sem sjávarútvegurinn býr nú við. Örðugleikarnir á því væru einungis stjórnmálalegs eðlis. Þannig stendur nú þessi maður, sem mestu réð um vaxtaokrið, algerlega rökvana gagnvart kröfum útvegsmanna og ég vil segja kröfum þjóðarinnar um það, að okrið verði afnumið og það án tafar.

Við þm. Alþb. leggjum til, að gerðar verði ráðstafanir til þess að létta af útgerðinni a. m. k. nokkru af þeim þungu byrðum, sem á henni hvíla í formi tryggingariðgjalda. Það liggur fyrir, að öll iðgjöld fiskiskipaflotans á einu ári nemi 115—120 millj. kr. og að þau séu yfirleitt 5—9% af vátryggingarupphæð hvers skips. Svo að aftur sé tekið til samanburðar það, sem gerist í Noregi, þá eru hliðstæð iðgjöld þar af fiskibátum 2—3% af vátryggingarupphæð. Mismunurinn í heild á tryggingum fiskiskipanna einna, þótt ekki sé tekin með trygging á afurðum, sem mun e. t. v. nema litlu minni upphæð en bátanna, — ég skal ekki segja nákvæmlega um, hvað það er, en það eru mjög miklar upphæðir, — þá mundi þessi munur svara til þess að vera ekki undir 50—60 millj. kr. á ári fyrir allan flotann. Og ég hygg, að þessi mismunur stafi fyrst og fremst af tvennu: Í fyrsta lagi því, að hér er að langmestu leyti um erlendar tryggingar að ræða, sem reknar eru í umboði íslenzkra tryggingafélaga, sem annast tryggingarnar á þann hátt að taka ákveðna prósentutölu og hafa þess vegna hagsmuni af því að hafa tryggingarnar sem hæstar og innheimta sem mest fé. Og í öðru lagi eru hinar háu tryggingar að nokkru leyti bein afleiðing af lánahömlunum. Lánsfjárskorturinn hefur knúið eigendur fiskiskipanna til þess í mjög mörgum tilfellum að vátryggja fyrir hærri upphæðir en ástæða er til, jafnvel miklu hærri upphæðir, gegn því að fá lán hjá viðkomandi tryggingafélagi, og þá um leið e. t. v. tryggja með lakari kjörum en annars hefði verið hægt að sæta. En alla vega hygg ég, að enginn vafi leiki á því, að það sé hægt að spara útveginum tugmilljónir með því að koma á fót ríkistryggingu fiskiskipa og fiskafurða og brjóta þannig af útgerðinni þau gróða-

tök, sem erlend auðfélög hafa á henni í gegnum skattfrjálsa tryggingastarfsemi sína hér. Við þetta bætist svo það, að reynslan hefur orðið sú og á e. t. v. eftir að verða enn sú, að ríkið greiði hvort eð er tryggingagjöldin með einhverjum hætti, og líka af þeirri ástæðu er ekkert eðlilegra en það taki trygginguna í sínar hendur og lækki kostnaðinn sem mest til sannvirðis, en hafi hins vegar aðeins litinn hluta endurtryggðan erlendis. Fiskifloti okkar er orðinn svo stór, að hann á að geta verið nokkurn veginn sjálfstæður aðili til að byggja á örugga tryggingastarfsemi.

Það hefur lengi leikið á því sterkur grunur, að farmgjöld íslenzkra flutningaskipa fyrir flutning útflutningsframleiðslunnar séu mikils til of há, miðað við það, sem eðlilegt getur talizt. Víst er, að þau eru miklum mun hærri en þau farmgjöld, sem ýmsar aðrar þjóðir búa við. Og það mun vera hægt að benda á ýmis dæmi þess, að aðrar fiskveiðiþjóðir flytji sína framleiðslu miklu lengri vegalengd en við fyrir lægra gjald en útvegurinn verður hér að greiða til þessarar starfsemi. Það virðist a. m. k. einsætt, að það beri að rannsaka nákvæmlega, hvort skipafélögunum sé nauðsyn á svo háum farmgjöldum sem þau nú taka, og ef svo reynist, sem telja má líklegt, þá verði sett með reglugerð sérstök verðlagsákvæði um farmgjöld fyrir útflutningsframleiðsluna og útveginum léttur sá kostnaðarliður, sem hér um ræðir, um jafnmikið og oftekið kann að vera. Hér er vissulega ekki um neina smámuni að ræða, þar sem farmgjöldin aðeins fyrir freðfiskinn einan munu vera a. m. k. 70—80 millj. kr. á ári — fyrir freðfiskinn einan. Og það gæti því vissulega munað mjög miklu fyrir útveginn, þó að hann fengi ekki nema jafnvel fárra prósenta lækkun á þessum mikla kostnaðarlið.

Það mun ekki vera fjarri því að áætla, að sá tími, sem útvegurinn verður að standa undir afurðalánum sínum, sé nú um 9 mánuðir a. m. k. Það er víst, að meginástæðan til þess, að þessi tími er svo langur og vaxtabyrðin þyngist svo verulega sem raun er á vegna þessa, er sú, að sölusamlögin eða söluhringarnir skila ekki andvirði hinna útfluttu vara fyrr en 5, 6 og jafnvel 7 mánuðum eftir að varan er flutt úr landi. Samhliða vaxtalækkun mundi það því hafa mjög verulega þýðingu og jafnvel úrslitaþýðingu fyrir rekstur útvegsfyrirtækja, ef hægt væri að stytta þennan tíma. Með hliðsjón af þessari þörf útvegsins fyrir lækkun á vaxtabyrðinni og líka með hliðsjón af því, að vitað er, að útflutningsfyrirtæki taka mjög ríflega þóknun fyrir sína starfsemi, eða a. m. k. allt upp í 6%, kannske meira í sumum tilfellum, — með hliðsjón af þessu hvoru tveggja höfum við flutt till. okkar um það, að söluhringunum verði skylt að skila andvirði útfluttra vara eigi síðar en einum og hálfum mánuði eftir að varan er flutt úr landi. En það er kunnugt, að fisksöluhringarnir nota þennan biðtíma fyrst og fremst til þess að skapa sér rekstrarfé til þess að reka verzlun og atvinnufyrirtæki í þremur af markaðslöndum okkar. En í flestum eða öllum öðrum markaðslöndum fer greiðslan fram a. m. k. mjög fljótlega eða jafnvel samtímis og útflutningurinn fer fram, og þess vegna er algerlega ástæðulaust að veita hringunum nokkrar ívilnanir í þessu efni. Það er enginn vafi á því, að þetta, eins og ég sagði áðan, mundi hafa mjög mikla þýðingu til lækkunar á kostnaði útvegsins, við hliðina á þeirri sjálfsögðu ráðstöfun að hækka nú hluta afurðalána upp í svipaða upphæð og var fyrir viðreisnina, eða upp í ⅔ af áætluðu framleiðsluverði.

Ég er ekki í neinum vafa um, að þessi fjögur atriði, sem þær tillagna okkar, sem sérstaklega varða útveginn, fjalla um, eru einmitt þau atriði, sem mestu ráða um það, að t. d. sjávarútvegur Norðmanna getur risið undir, eins og ég sagði áðan, allt að 50% hærra fiskverði en hér og a. m. k. 20% hærri launakjörum í almennu kaupgjaldi. Þetta ásamt með betri nýtingu á hráefnum og framleiðslutækjum, að útvegurinn þar er a. m. k. ekki eins mergsoginn af okurvöxtum, ekki jafntröllriðinn af tryggingafélögum, farmskipaeigendum, útflutningshringum og olíufélögum, veldur því, að norskur sjávarútvegur býr sínu verkafólki og útvegsmönnum um leið betri kjör en hér, þó að Norðmenn eigi við að stríða slíkt aflaleysi á heimamiðum sínum, að hér yrði áreiðanlega engin fleyta hreyfð við svipaða aflavon.

Ég hef gluggað ofur lítið í norskar aflaskýrslur, og ég hef m. a. séð það, að í vetrarvertíðinni við Lófóten á s. l. ári tóku þátt um 10 þús. norskir sjómenn, og þessir 10 þús. menn drógu afla að landi á 10 vikum upp á 44 þús. tonn, eða innan við 4½ tonn á hvern mann. Hér mundi það þykja lítið, ef afli á sama tíma næmi ekki 20—30 tonnum á hvern sjómann. En svo koma hér menn, jafnvel hæstv. sjútvmrh., og telja lítilfjörlegan aflabrest, — lítilfjörlegan aflabrest, ef á heildina er litið, — vera einhverja allsherjar afsökun fyrir öllum, bókstaflega öllum vandræðum, sem útveginum og um leið þjóðinni hefur verið stefnt út í. Sömu mennirnir sem lögleiddu vaxtaokrið og lánahömlurnar, sömu mennirnir sem hafa ofurselt útveginn okri á tryggingum og leyft án takmarkana hækkanir á farmgjöldum, sömu mennirnir sem felldu gengið og hækkuðu allar rekstrarvörur útvegsins um hundruð millj., en létu fiskverðið standa svo til óbreytt, þær einu tekjur, sem bátaflotinn hefur, — þessir sömu menn eru vissulega ekki kjarklausir, þegar þeir koma fram fyrir hv. Alþingi og fram fyrir þjóðina og segja, að hér væri allt, bókstaflega allt í bezta gengi, ef afli hefði ekki brugðizt svo hrapallega og mjölið hefði ekki fallið svona óskaplega, síðan viðreisnin tók gildi.

Ég tel, að sagan um verðfallið á mjölinu síðan um viðreisn sé einhver allra ósvífnasta blekking, sem við höfum heyrt hér lengi, og er þó af ýmsu þar að taka. Það sanna í því máli er það, að á haustnóttum á s. l. ári var heimsmarkaðsverð á síldarmjöli komið niður fyrir 11 shillinga á prótein-einingu, og þetta heimsmarkaðsverð á síldarmjölinu hélzt lengi og stöðugt. Ég hygg, að það sé mjög auðvelt

fyrir hvern þann hv. þm., sem vill hafa það, sem satt reynist í þessu, að hafa tal af einhverjum af þeim, sem flytja út fiskimjöl og starfa hér í höfuðstaðnum sem umboðsmenn erlendra mjölkaupenda, og fá staðfestingu á þessu. Hitt er rétt, að það fóru ekki fram miklar sölur á þessu verði, vegna þess að útflutningsyfirvöld hér synjuðu mjölframleiðendum um að selja á svo lágu verði — synjuðu um það. En afleiðingin af því varð svo aftur sú, að Suður-Ameríkumennirnir, sem buðu þá um sama leyti mjölið á þessu verði, þessu heimsmarkaðsverði, tóku af okkur markaðinn. En til samanburðar má svo geta þess, að á þessu ári hefur verðið hins vegar hækkað upp í yfir 12 shillinga á prótein-einingu. Nei, þessir herrar, sem nú eru að bisa við að telja manni trú um, að verðfallið á fiskimjölinu og síldarmjölinu hafi ekki legið fyrir, þegar gengisfellingin var ákveðin, þeir höfðu ekki aðeins haft þetta verðfall fyrir augum, þegar rekstrargrundvöllurinn fyrir útveginn var ákveðinn, eins og þeir reyndar taka fram í greinargerð fyrir efnahagsmálafrv. í fyrra, þeir höfðu ekki aðeins orðið varir við þetta verðfall, þeir höfðu haft það fyrir augunum í a. m. k. sex mánuði. Og það þýðir auðvitað ekkert, hvorki fyrir hæstv. sjútvmrh. né aðra, að ætla sér að fleyta sér frá þessari staðreynd með því að segja, að heildarverðmæti mjölsins á þessu ári sé minna en í fyrra, vegna þess að það er auðvitað rétt, að fyrri hluta árs 1959 var verðið hærra. En um það leyti sem viðreisnin var framkvæmd, eða rétt skömmu áður, þá var mjöl hér selt á því lægsta verði, sem það hefur nokkurn tíma farið í, síldarmjölið.

Og svo er það aflabrestur. Í október s. l., eða þegar liðnir voru ¾ hlutar af árinu, var allur afli annar en síld orðinn kringum 6% meiri en á sama tíma í fyrra, — allur samanlagður afli togara og báta orðinn nokkru meiri en á sama tíma í fyrra. Það, sem þar kom til, var fyrst og fremst það, að þorskvertíðin var sérstaklega fengsæl og gaf meira í hönd, eða kringum 14% meira en nokkur dæmi eru til í sögunni áður. Minni afli togaranna dregur þetta aukna aflamagn niður, eins og ég áður sagði, en þó ekki svo, að samanlagður heildarafli af öðrum fiski en síld var meiri fyrstu þrjá fjórðunga ársins en í fyrra. En það er satt, að síldaraflinn var þá kringum 50 þús. tonnum minni en á sama tíma 1959. En þá var, eins og alkunnugt er, algert metár í sögu íslenzkra fiskveiða og síldarár jafnframt það bezta, sem orðið hafði í 15 ár samfleytt. Árið 1958 hefur verið talið og það með réttu gott ár, mjög gott aflaár, og það ár gaf heildaraflamagn upp á 520 þús. tonn. 1959 gaf okkur aftur á móti 560 þús. tonn, — hafði aukizt um nálægt 40 þús. tonnum á árinu 1959. Ég get auðvitað ekki fullyrt um það, hvert heildaraflamagnið verður núna í ár, þegar öll kurl eru komin til grafar, m. a. síldveiðin núna í haust, bæði fyrir norðan og sunnan, og allur afli til áramóta kominn fram. En ég hef fyrir mér skoðanir kunnugra manna um, að það sé a. m. k. mjög ólíklegt, að aflinn fari niður fyrir það, sem hann var 1958, að hann verði ekki a. m. k. kringum 520 þús. tonn. Við skulum jafnvel reikna með því, sem hæstv. ráðh. hefur látið hér liggja að eða jafnvel fullyrt, að aflinn í ár verði 40 þús. tonnum minni en í fyrra. En þá verður hann samt jafnmikill og hann var 1958, og sá munur verður þá allur á síldinni, en ekki öðrum fisktegundum. En við þessar tölur er þó ýmislegt að athuga. Siglingar togaranna hafa t. d. dregið úr afla þeirra, sem svarar a. m. k., þó að reiknað sé af fyllstu samvizkusemi, 10—12 þús. tonnum, og togurum hefur verið lagt, t. d. tveimur togurum allt árið, þ. á m. þeim togurum, sem hæstv. ríkisstj. rekur eða hafa verið reknir á hennar vegum, og öðrum togurum um lengri eða skemmri tíma. Það er því óhætt að fullyrða, að verri nýting togaranna til veiða á sök á a. m. k. helmingi af þeim mismun, sem hér kann að verða á árinu í ár og árinu í fyrra. Það er auðvitað alveg rétt, sem tekið hefur verið fram, að nokkur aukning hefur orðið á flotanum, sérstaklega á þessu ári. En þess er þá líka að geta, að mörg skip hafa gengið úr. Það er nefnilega þannig með íslenzka flotann, að skipin ganga ekki endalaust, og það hafa gengið mörg skip úr flotanum, svo að aukninguna, sem orðið hefur, ber ekki nálægt því að miða við þá rúmlestatölu, sem inn er flutt af skipum. Og við það er líka þá aths. að gera um aukninguna, sem orðið hefur á þessu ári, að þar hefur ekki verið um að ræða veiðar allt árið, heldur aðeins hluta úr árinu.

Nú er okkur sagt, að þessi trausti og varanlegi grundvöllur, sem hér átti að leggja fyrir rekstri atvinnuveganna og ég hef áður minnzt á, hafi allur byggzt á því, að aflabrögð yrðu ekki lakari en í fyrra, þ. e. a. s. heldur en í mesta aflaári, sem orðið hefur í sögu íslenzkra fiskveiða. Ég kalla þetta tíðindi. Hingað til hefur rekstrargrundvöllur báta og togara alltaf verið miðaður við meðalafla í nokkur ár, — aldrei miðað við eitt ár, þegar frá rekstrargrundvellinum hefur verið gengið, heldur meðalveiði svo og svo margra ára, venjulega 5 ára. Og ég vil bara segja: Hvers konar skynskiptingar eru þeir menn, sem ætla að byggja traustan grundvöll atvinnulífsins á því, að aldrei geti orðið neinar sveiflur í aflabrögðum, það sé tekið bara bezta árið og sagt: Svona verður það áfram? Slíkir útreikningar þola ekki nokkurn minnsta andbyr, sem við hljótum þó alltaf að þurfa að búa okkur undir að mæta. Ég held raunar, að talsmenn hæstv. ríkisstj. séu hér að gera sig aumari en efni standa til. Ég rengi það, að þeir hafi gert sig seka um svo augljósa fásinnu og þeir eru hér að saka sjálfa sig um. En hitt mun svo aftur vera nær sanni, að allir útreikningarnir hafi verið gerðir af álíka skarpskyggni um afleiðingar og á álíka traustum forsendum og þeir útreikningar, sem lágu til grundvallar útflutningsskattinum, sem stjórnin verður nú að játa að aldrei hefði þurft að leggja á og hafi verið byggður á algerum misskilningi og röngum útreikningum.

Ég sagði hér áðan, að svelti sjávarútvegsins

að yfirlögðu ráði annars vegar og kjaraskerðing launamanna hins vegar væri grundvallaratriði í viðreisnarráðstöfununum. Framkvæmd þessara grundvallaratriða er nú að leiða af sér kreppu í atvinnulífinu, samdrátt á öllum sviðum, og það getur engum dulizt, að voði er fyrir höndum, ef svo heldur fram sem nú horfir. Það er þess vegna höfuðnauðsyn, ekki aðeins fyrir verkalýðsstéttina, heldur fyrir alla þjóðina, að þessar tvær grundvallarástæður fyrir hinu geigvænlega ástandi, sem nú er að skapast, séu afmáðar og brotnar á bak aftur. Ef sjávarútveginum yrðu sköpuð góð starfsskilyrði og launakjörin bætt í kjölfar þeirra, þá margfaldast líka líkurnar fyrir því, að siglt verði fram hjá öðrum boðum samdráttar og kreppu, sem nú sést brjóta á. Um leið og við þm. Alþb. berum fram till. okkar um betri afkomuskilyrði útvegsins, leggjum við þess vegna til, að verkalýðssamtökunum séu á ný tryggð þau mannréttindi, sem núv. hæstv. ríkisstj. svipti þau með efnahagsmálalöggjöf sinni, þ. e. a. s. að þau megi á ný gera frjálsa samninga um það við atvinnurekendur, að þau megi mæta hækkuðu verðlagi, ef þau telja sér hagkvæmt að gera um það samninga, með hækkuðum launum. Við teljum, að samþykkt þessarar till. okkar sé algert lágmark aðgerða í þá átt að tryggja vinnufrið í landinu og að látið sé af svo augljósri mannréttindaskerðingu sem hér er um að ræða.

Jón Árnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um breyt. á l. um efnahagsmál, hefur gefið hv. stjórnarandstæðingum tilefni til þess að ræða á breiðum grundvelli um efnahagsmálin almennt og þau áhrif, sem lögin um efnahagsmál, er sett voru snemma á þessu ári, hafi haft á rekstrarafkomu atvinnutækjanna og þá sérstaklega sjávarútvegsins. Því hefur verið haldið fram af stjórnarandstöðunni, að með þessu frv. sé á ný gripið til uppbótakerfisins. Þeir hafa sagt, að efnahagsráðstafanirnar hafi verið við það miðaðar, að bátarnir gætu sjálfir greitt sín vátryggingariðgjöld, og það er einmitt það og ekkert annað, sem skeður, verði frv. það, sem hér um ræðir, að lögum. Í upphafi var útflutningsskatturinn 5%, en síðan lækkaður um helming, niður í 2½%, á s. l. vori. Var þá um það rætt, að skattstofninn mundi þurfa að standa nokkru lengur en ella. Hitt er svo annað mál, og það var skýrt fram tekið í aths. með efnahagsfrv., að skatturinn skyldi úr gildi numinn, þegar eftir að nægilegt fé hefði aflazt, til þess að útflutningssjóður gæti að fullu staðið við skuldbindingar sínar. Í aths. við efnahagsfrv. segir um þetta, eftir að rætt hefur verið um greiðsluþörf útflutningssjóðs og áætlaðar þær tekjur, sem gert er ráð fyrir að sjóðnum mundu falla í skaut í sambandi við gengishagnað af óútfluttum afurðum, framleiddum fyrir 15. febr. 1960, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi upphæð mun þó ekki duga til að greiða skuldbindingar sjóðsins. Er óhjákvæmilegt að afla meira fjár í þessu skyni, og er það tillaga ríkisstj., að það verði gert með því að leggja 5% skatt á allan útflutning. Er gert ráð fyrir, að þessi skattur gefi af sér um 120 millj. á árinu 1960 og að hann verði úr gildi felldur, þegar eftir að skuldbindingar útflutningssjóðs hafa verið að fullu greiddar, nema því aðeins að aðstæður hafi breytzt mjög verulega frá því, sem nú er."

Er hér að sjálfsögðu átt við, að aðstæður hafi að verulegu leyti breytzt til batnaðar.

Nú hefur það komið fram í umr. um málið og þá sérstaklega í hv. Nd., að ekki hafi verið um neinn aflabrest að ræða á yfirstandandi ári, hvorki hjá bátaflotanum né togurunum. Þeir hafi aðeins skipt um veiðisvæði til þess að geta siglt með aflann á erlendan markað, þess vegna séu veiðiferðirnar færri og aflinn minni. Hér er að mínu áliti algerlega farið með rangt mál, þegar til þessa er vitnað í sambandi við aflabrestinn.

Það er alkunnugt, að á árinu 1958 var afli togaranna mjög góður og aflamagnið aldrei meira, en aðaluppistaðan í aflanum þá var karfi. Sá karfi var fiskaður á fjarlægum miðum, við Nýfundnaland og Vestur-Grænland. Héldust þau aflabrögð nokkuð fram eftir árinu 1959. Var hér um gífurlega stór hafsvæði að ræða, svo að það þótti ósennilegt, að afli á þeim miðum gengi mjög fljótt til þurrðar. Það er skoðun fiskifræðinga, að sú aflatregða, sem nú á sér stað á hinum fjarlægari miðum, eigi ekki eingöngu rót sína að rekja til ofveiði. Það er þeirra álit, að orsökin sé jafnvel enn þá fremur í því fólgin, að viss skilyrði hafi breytzt og að fiskurinn haldi sig því ofar og dreifðara í sjónum en hagkvæmt sé fyrir togarana. En hvað sem því líður, þá áttu þessi miklu aflabrögð togaranna á árinu 1958 sinn þátt í því, að á s. l. ári var samið um smíði á 4—5 nýjum togurum af nokkru stærri gerð en Íslendingar höfðu áður átt. Hafði þá um árabil legið niðri öll endurnýjun togaraflotans og því ekki vanþörf á, að hafizt væri handa. Því miður hefur allt þetta ár átt sér stað mikil aflatregða hjá togaraflotanum, og í stærstu vélbátaútgerðarstöð landsins, Vestmannaeyjum, vantaði mikið á, að vertíðaraflinn gæti talizt hagstæður, enda þótt ræðumenn hafi haldið því fram aftur og aftur, að s. l. vertíð hafi verið mjög góð og langt fram úr meðallagi alls staðar á landinu. Á síldveiðunum var afkoma svo bág, að hlutatryggingasjóður varð að hlaupa undir bagga, og talar það skýrustu máli. Á meðan aflinn hjá togaraflotanum er svo rýr sem raun ber vitni, hafa togararnir freistazt til þess að sigla með aflann á erlendan markað og hagnýta sér á þann hátt hagstætt söluverð, sem nú hefur verið erlendis og á vissulega rætur sínar að rekja til almennrar aflatregðu, sem fleiri þjóðir en Íslendingar einir eiga við að búa. Samhliða aflabrestinum hefur svo enn fremur átt sér stað, svo sem hér hefur verið margoft bent á, geysilegt verðfall á öllu fiskimjöli og lýsi, og það er svo stórkostlegt, að miklar líkur eru fyrir því, að til framleiðslustöðvunar hefði komið hjá togaraflotanum hvað viðkemur karfaveiðunum, enda þótt ekki hefði komið til sá aflabrestur, sem átti sér stað. Það

má telja nokkurn veginn fullvíst, að það verðfall, sem varð á afurðunum í sambandi við mjöl og lýsi, hafi verið svo tilfinnanlegt, sérstaklega fyrir karfaveiðarnar, að það eru mjög mikil líkindi til, að þrátt fyrir það, að afli hefði verið sæmilegur á hinum fjarlægari miðum hvað karfaveiðar snerti, þá hefði komið til stöðvunar á veiði þeirrar fisktegundar. Svo mikill þáttur er nýting á úrgangi karfa, bæði hvað snertir mjölvinnslu og lýsi, að það er einmitt mjög sennilegt, að það hefði ekki verið hægt að halda úti togaraflotanum á þeim veiðum.

Það hefur verið á það bent, að samkv. grg. efnahagsfrv. hafi hagfræðingarnir reiknað með umræddu verðfalli. Þetta er rétt, svo langt sem það nær. En því er við að bæta, að verðfallið var alls ekki að öllu leyti komið, þegar gengið var frá efnahagslöggjöfinni, eins og fram kom hér hjá síðasta ræðumanni, snemma á þessu ári, því að verðfallið hélt áfram langt fram á árið, og í því sambandi má benda sérstaklega á, að þær áætlanir, sem stjórn síldarverksmiðja ríkisins gerði í júnímánuði um áætlað söluverð þessara afurða, stóðust ekki. Verðlækkunin hélt þá enn áfram ásamt mikilli sölutregðu, því að það er kunnugt, að löngu eftir að farið var niður í þetta lægsta verð, sem afurðirnar komust, þá var þrátt fyrir það slík sölutregða, að markaðir fundust ekki fyrir vöruna.

Það, sem hér um ræðir og frv. þetta felur í sér, er sú ákvörðun, að eftirstöðvum útflutningssjóðs skuli varið til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipaflotans og að innheimt verði sem svarar um 80 millj. kr. meira en ráðgert hafði verið. Það er áður fram komið, að skatturinn skyldi niður falla, þegar upphæðin nægði til þess að greiða að fullu skuldbindingar útflutningssjóðsins. Það, sem til álita gat komið um útflutningsskattinn, var í fyrsta lagi að fella hann niður þegar í stað, þar sem hann hafði fullnægt hlutverki sínu, og endurgreiða síðan framleiðendum eftirstöðvarnar, eða þá að verða við óskum útvegsmanna, sem hér eiga langstærstan hlut að máli, og verja eftirstöðvunum til greiðslu á vátryggingariðgjöldunum og innheimta til viðbótar óbreyttan skatt af allri framleiðslu ársins 1960. Ríkisstj. hefur orðið við óskum útvegsmanna í þessu efni. Það er enn fremur þegar fram komið, að hv. þm. eru almennt málinu hlynntir. Landssamband útvegsmanna hefur nú samþykkt að óska þess, að slíkt útflutningsgjald sem hér um ræðir verði innheimt af framleiðslu ársins 1961, enda renni skatturinn í sérstakan vátryggingarsjóð fiskiskipaflotans. Útvegsmenn óska ekki eftir þessari ráðstöfun til þess að viðhalda uppbótakerfinu, enda á þetta ekkert skylt við uppbætur, heldur er það ráðstöfun á hluta af heildarandvirði afurðanna til að tryggja þýðingarmikinn þátt og til þess að tryggja á vissan hátt rekstraröryggi útvegsins.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Lög um efnahagsmál voru samþ. á Alþ. 19. febr. 1960. Í 8. gr. þeirra var ákveði um, að 5% skattur af allri útfluttri vöru skyldi lagður á. Skyldi andvirði þessa útflutningsskatts varið til greiðslu á halla útflutningssjóðs, eins og það heitir í lögunum. Með gengislækkuninni taldi hæstv. ríkisstj. hag útgerðarinnar svo vel borgið, að henni ætti að vera það vorkunnarlaust að greiða þennan 5% skatt um eins til tveggja ára skeið. Áætlað var, að skatturinn mundi gefa af sér um 120 millj. kr. á árinu 1960, og var sú upphæð ekki talin mega vera lægri, til þess að útflutningssjóður gæti staðið við skuldbindingar sínar. Þannig voru áætlanir hæstv. ríkisstj., eins og þær birtust í grg. lagafrv. snemma á árinu 1960.

Þrem mánuðum eftir samþykkt þessara laga birtist á Alþ. nýtt stjórnarfrv. Það fól í sér þá breyt. á 8. gr. l. um efnahagsmál, að útflutningsskatturinn skyldi lækkaður úr 5% niður í 2½%. Var sú ástæða færð fyrir till. um þessa lækkun, að ósk hefði komið fram af hálfu fiskkaupenda og fiskseljenda um, að skatturinn yrði lækkaður um helming, en stæði að sama skapi lengur í gildi. Samkv. fyrri áætlun ríkisstj. átti hann, ef þessi lækkun yrði leyfð, þá að standa í 2—4 ár eftir því, hvernig áraði. Þetta frv. hlaut samþykki Alþ. 2. júní 1960.

En hvers vegna óskuðu fiskkaupendur og fiskseljendur eftir lækkun á útflutningsskattinum, og hvers vegna vildi hæstv. ríkisstj. verða við þessari ósk? Þeir töldu hag sínum sýnilega verr komið eftir efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj. en fyrir, og það álit viðurkenndi hæstv. ríkisstj. með því að vilja verða við ósk útvegsmanna. Þess vegna vildi hún verða við óskinni, að hún sá sig nauðbeygða til þess. Áætlanir hennar og útreikningar í þessu efni féllu fyrir dómi reynslunnar þegar á fyrstu 2—3 mánuðum.

Það er vert að minnast þess, að þessi 5% skattur af útfluttri vöru var einn liðurinn í þeim breyt., sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir til varanlegrar viðreisnar í atvinnulífi landsmanna, svo sem komizt er að orði í grg. efnahagsmálafrv. Það átti að hverfa af þeirri óheillabraut að þurfa að gera árlegar breytingar á aðstöðu atvinnuveganna, og það átti að uppræta þá miklu óvissu, sem tíðar breytingar skapa, afköstum þjóðarbúsins til tjóns. Öllu þessu er fagurlega lýst með þeim orðum, sem ég hef viðhaft, og þessu heitið í nefndri grg.

Í desember 1960 er enn lagt fram stjórnarfrv., er snertir 8. gr. l. um efnahagsmál. Það er það frv., sem nú er hér til umr. Þar er lagt til, að ákvæðið um útflutningsskattinn skuli ekki gilda lengur en til ársloka 1960. Þar með eru á þessu eina ári, 1960, stjórnarfrumvörpin orðin þrjú, sem fjalla um þennan skatt. Fyrst er hann ákveðinn 5%, svo er hann lækkaður og loks er hann afnuminn. Allt gerist þetta á fyrsta ári viðreisnarinnar og tekur enda ekki heilt ár. Þannig fór um þessa ráðstöfun til varanlegrar viðreisnar í atvinnulífi landsmanna. Hér er breyting á aðstöðu atvinnuveganna ekki gerð einu sinni á ári, eins og í tíð fyrri ríkisstjórna, heldur þrisvar á sama ári.

Það er augljóst, að þessi hlekkur viðreisnarinnar, útflutningsskatturinn, brást þegar á fyrstu mánuðunum. Jafnvel hæstv. ríkisstj.

neyddist til að viðurkenna það með lagafrv. sínu um lækkun hans snemma á árinu. Það var viðurkenning sannleikans í verki. Hins vegar streittist hún við að neita staðreyndinni í orði. Lækkunin jafngilti ekki eftirgjöf, því að útgerðarmenn yrðu látnir greiða skattinn lengur sem lækkuninni næmi. Þetta sagði hæstv. ríkisstj. í maí, en nú í desember ómerkir hún þau orð sín með frv. um algert afnám skattsins.

Það kom snemma í ljós, að viðreisnin var byggð á ótraustum grunni, og urðu margir til að benda á það þegar í upphafi, áður en reynslan hafði talað. Einkum hafði stjórnarandstaðan hér á þingi uppi mörg varnaðarorð um áform hæstv. ríkisstj., en á þau varnaðarorð var tæpast hlustað, hvað þá að eftir þeim væri farið. Síðan voru áformin framkvæmd, og þá lét reynslan ekki á sér standa að staðfesta haldleysi þeirra.

Flestar ráðstafanir hæstv. ríkisstj. til viðreisnar efnahagslífinu voru vissulega í samræmi við íhalds- og afturhaldsstefnu stjórnarflokkanna. En það var ekki nóg með það, svo illt sem það er í sjálfu sér. Við þetta bættist, að þær voru illa undirbúnar. Þær voru í mikilsverðum atriðum byggðar á hæpnum áætlunum og skökkum útreikningum. Þess vegna urðu áhrifin önnur en fyrirhugað var, og þess vegna verður að gera breytingar, ef komast á hjá hreinu öngþveiti. Útflutningsskatturinn og meðferð hans er glöggt dæmi þessa. Framleiðslan þoldi ekki það álag, sem skatturinn var, og það kom strax í ljós í byrjun ársins, án þess að til kæmi aflatregða þá. Hagur útflutningssjóðs um síðustu áramót var skakkt metinn og sömuleiðis þarfir hans á þessu ári. Sá útreikningur, að gengislækkunin gerði sjávarútveginum fært að greiða 5% útflutningsskatt, reyndist einnig rangur. Allt reyndist byggt annaðhvort á óvissu eða skekkju, og á slíku voru stoðir viðreisnarinnar reistar flestar hverjar. Útflutningssjóð vantar 120 millj. kr. á árinu 1960, var sagt í byrjun þessa árs. Til þess að ná því fé, þarf 5% skatt. Lækkun skattsins um helming hlaut samkv. þessu að leiða til aðeins 60 millj. kr. tekna á árinu. Í árslokin kemur svo loks í ljós, að þetta var ekki aðeins nægilegt, heldur á sjóðurinn afgang, er mun nema um 90 millj. kr. í dag. Svona haldgóðir reyndust þessir útreikningar, og því miður eru þeir ekki einsdæmi.

Það er nú orðið ljóst fyrir löngu, að gengislækkunin ásamt öðrum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. tryggir ekki hag útflutningsframleiðslunnar. Þvert á móti eru þær nú að koma henni á kaldan klaka. Viðreisnin reynist ekki varanlegri en þetta. Um næstu áramót verður óhjákvæmilegt að gera fjárfrekar breytingar sjávarútveginum til bjargar. Slíkt hefur að vísu þekkzt um mörg undanfarin áramót, en nú átti að hafa verið brotið blað í því efni. Þá tókst svona til: staða þessa atvinnuvegar aldrei lakari en nú og styrkjaþörfin aldrei meiri.

Þennan vanda, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið sjávarútveginum í á þessu ári, er þjóðarnauðsyn að leysa. Þess vegna er sjálfsagt að afnema útflutningsskattinn og skila aftur því, sem hann gaf. En þetta er auðvitað ekki nóg. Fleiri breytingar verður að gera og er unnt að gera þessum mikilvægasta atvinnuvegi okkar til bjargar. Vaxtaokrið þarf að afnema, en það mun eiga einna drýgstan þátt í öllum ófarnaðinum, og enn fleiri ráð þurfa til að koma, ef vel á að fara um sjávarútveginn á næsta ári.

Viðreisnin hefur öll reynzt feigðarflan. Í sjávarútveginum blasir við tvöfaldur vandi. Það er ekki einasta, að leita verði ráða til að koma fiskiflotanum af stað eftir áramót, tryggja afkomu hans á næsta ári, eins og orðið hefur að gera árlega hingað til síðustu árin, heldur verður nú einnig að lyfta honum upp úr því feni, sem hann hefur sokkið í á þessu ári. Þannig er verkefnið á þessu sviði nú tvöfalt á við það, sem hefur verið, vandinn tvöfaldur, og er það táknrænt og einkennandi fyrir viðreisn hæstv. ríkisstj.

Áreiðanlega reynir hæstv. ríkisstj. eftir mætti að dylja þessar ófarir sínar í efnahagsmálunum. Hún mun leitast við að dulbúa þær ráðstafanir, sem hún nú neyðist til að gera til stuðnings sjávarútveginum, dulbúa það bótakerfi, sem hún nú neyðist til að koma á fót. Hún mun reyna að koma sökinni af sér og kenna aflaskorti og öðru óviðráðanlegu um. Slíkar afsakanir munu þó reynast henni haldlitlar, þegar fram í sækir. Viðreisnin svokallaða átti að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og heilbrigðan grundvöll að sögn forustumannanna. Hafi þeir meint þetta, hefur viðreisnin mistekizt herfilega. Hafi það hins vegar aðeins verið slagorð, eins og marga grunar, og tilgangurinn alltaf verið sá með viðreisninni að skapa samdrátt í framleiðslu og atvinnu og skerða lífskjörin, þá hefur hún heppnazt og það vonum fyrr.

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að hæstv. ríkisstj. muni lítt æðrast, þótt hún verði að kasta nokkrum hundruðum milljóna í bætur til sjávarútvegsins, til þess að hann fái skrimt enn um sinn, hitt sé henni meira kappsmál og verði, að lífskjaraskerðingin mistakist ekki. Í rauninni sé það upphaf og endir allrar hennar viðreisnarstefnu, að almenningur í þessu landi hafi ekki mikið milli handanna. Í fljótu bragði sýnist þessi skoðun á stefnu hæstv. ríkisstj. fjarstæðukennd. En við nánari athugun bendir þó ýmislegt til, að hún kunni að vera réttmæt. Fátækir launþegar og lítil eftirspurn eftir vinnuafli veikir samtök vinnustéttanna og gerir launastéttirnar auðveldari viðfangs.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur sýnt það greinilega, að hún lítur á launafólk í landinu sem sinn helzta og fremsta andstæðing. Kjör þess hefur hún skert stórkostlega og í verki síðan sýnt, að hún er þess albúin að verja þá skerðingu fram í rauðan dauðann. Þetta hefur hún þegar sýnt, m. a. með bráðabirgðalögum um bann gegn verkfalli.

Lág launakjör verkafólks í landinu geta á ýmsan hátt létt undir fjáröflun hæstv. ríkisstj. á erlendum vettvangi. Það er auðveldara að lokka erlent fjármagn inn í landið, ef hægt er að benda á, að hér séu verkalaun miklu lægri

en annars staðar, að hér séu atvinnuleysingjar og að hér séu viðráðanleg launþegasamtök. Starfsfólkið í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli græddi ekki á gengislækkuninni. Það stórtapaði á henni. Það voru hins vegar bandarískir atvinnurekendur þar, sem græddu álitlegar fúlgur á þeirri gengisbreytingu. Nú sækir hæstv. ríkisstj. um uppbætur fyrir þessa lækkun launanna í herstöðinni, ekki til þess að skila þeim í hendur verkafólksins, heldur til þess að ráðstafa þeim sjálf samkv. eigin pólitískum hagsmunum og stefnu. Þannig verður kjaraskerðingin á ýmsan hátt núv. valdhöfum til framdráttar, enda líklegt, að hún sé sá miðdepill, sem allt snýst um í starfi hæstv. ríkisstj.

Skattur að upphæð 5% átti að vera sú fórn, sem útgerðin færði á altari viðreisnarinnar. Sú fórn var þó aukaatriði og nánast til að sýnast, enda sjálfsagt að gefa hana eftir, ef nauðsyn krefði. Sama gildir um allt annað í viðreisninni. Það eru aukaatriði allt saman, nema það, sem viðheldur og eykur kjaraskerðingu launastéttanna í landinu. Við getum því vænzt þess, að hæstv. ríkisstj. muni lítt kippa sér upp við, þótt hver viðreisnarráðstöfunin fari út um þúfur af annarri, svo lengi sem unnt reynist að halda launanum niðri. Hún er skilningsgóð á, að útflutningurinn þolir ekki 5% skatt. Fyrir því telur hún ekki ástæðu til að loka augunum. En þegar kemur að þörfum launþegans, gegnir allt öðru máli. Þótt hagskýrslur birti, að fjögurra manna fjölskylda með 50 þús. kr. árstekjur þurfi 70 þús. kr. til brýnustu lífsnauðsynja, er ekki rokið upp til handa og fóta um að leiðrétta það ranglæti. Slík skulu kjörin vera, hvort sem þau eru lífvænleg eða ekki, því að ef kaupið hækkar, þá er viðreisnin rokin út í veður og vind, og hæstv. ríkisstj. ætlar að standa og falla með sinni ástkæru viðreisn.

Enn fer dýrtíðin vaxandi með mánuði hverjum, og að sama skapi fara lífskjörin versnandi. Enn eru stjórnarvöld íhaldsins að beita sér fyrir hækkun verðlagsins. Nýlega var rafmagn t. d. hækkað um 15%, og fá rafmagnsnotendur að þreifa á þeirri hækkun bráðlega. Þannig er enn ekki séð fyrir endann á dýrtíðinni. Slíkt eru hæstv. ríkisstj. engin sorgartíðindi, og hún mun anda rólega, svo lengi sem kaup hækkar ekki. Það er þannig augljóst eða má vera augljóst hverjum sjáandi manni, að lífskjörin mega ekki batna í þessu landi. Alla viðleitni til þess skoðar hæstv. ríkisstj. sem hættulegt tilræði við sig. Þess vegna er sérhver tillaga, sem miðar að því að draga úr broddi dýrtíðar og kjaraskerðingar, felld umsvifalaust hér á þingi, eins og um skaðræði væri að ræða.

Á tæpu ári hefur þjóðinni lærzt að líta á viðreisn hæstv. ríkisstj. sem hreinustu plágu. Það hefur bitur reynsla kennt henni á ótrúlega skömmum tíma. Trúin á fögru loforðin um bætt lífskjör er farin veg allrar veraldar, en við blasir auðnin tóm. Hins vegar virðist hæstv. ríkisstj. ekki hafa orðið fyrir neinum vonbrigðum. Það bendir óneitanlega til þess, að hún hafi lagt annan skilning í orðið viðreisn en fólk almennt gerir. Er sú skýring sennileg, eins og ég hef þegar bent á. (**Forseti:** Má ég spyrja hv. þm., hvort hann á mikið eftir af ræðu sinni, hvort það væri rétt að fresta henni?) Ég get stytt mál mitt og lokið því á fáum mínútum.

Herra forseti. Um efni þessa frv. þarf ekki að deila. Að efni til er það leiðrétting á einu reikningsdæmi, sem hæstv. ríkisstj. og ráðunautar hennar höfðu reiknað með ótrúlega mörgum villum. Þær villur er nauðsynlegt að leiðrétta. En dæmin eru því miður fleiri, sem vitlaust eru reiknuð hjá þessari hæstv. stjórn. Skyldu t. d. ekki vera einhverjar skekkjur í því dæminu, sem fær þá útkomu, að launamenn muni endalaust þola þá svívirðilegustu kjaraskerðingu, sem um getur í heiminum síðustu áratugina? Ég efast stórlega um, að það dæmi hafi verið rétt reiknað hjá hæstv. ríkisstj., en tíminn einn mun þó leiða það í ljós.

Um leið og sú leiðrétting er rædd, sem felst í þessu frv., mun þess freistað til hins ýtrasta að fá aðrar leiðréttingar fram á lögunum um efnahagsmál. Fyrir því beitir stjórnarandstaðan sér eftir mætti. Er þá einkum lögð áherzla á að fá þau lagaákvæði afnumin, sem mestu tjóni hafa valdið atvinnulífi landsmanna á þessu ári, svo sem vaxtaokrið. Einnig er þess freistað að fá eitthvað dregið úr þeirri áþján, sem launafólk nú á við að búa. Úr vaxtaokrinu mun hæstv. ríkisstj. ef til vill eitthvað draga, þótt síðar verði. En hitt verður erfiðara verk, að fá hana til að bæta lífskjörin, enda mun þar komið við hennar aumasta blett. Hv. alþm. fá þar litlu um þokað og raunar ef til vill engu. Þar verður launafólkið sjálft að láta til sín taka, enda það eitt fært um að hafa í fullu tré við fjandsamlega ríkisstj., ef það er sameinað. Það er orðin full þörf á, að samtök launþeganna láti þessi mál til sín taka. Með degi hverjum eykst það tjón, sem viðreisnarplágan veldur. Það mun taka langan tíma að bæta úr því tjóni, sem hún hefur þegar gert, en lengri tíma tekur það þó, fái hún enn að geisa óhindruð fram á næsta ár. — Læt ég svo máli mínu lokið, herra forseti.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja umr. Ég tók eftir því í ræðu hjá hv. 4. þm. Vesturl. áðan, að hann sagði, að útvegsmenn óskuðu eftir því, að útflutningsskatturinn gilti áfram og að hann yrði notaður til þess að greiða vátryggingargjöld. Ég vildi aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort þetta mundi verða gert eftir áramótin, að lögfesta skattinn að nýju og láta hann ganga til greiðslu á vátryggingargjöldum. Ég held, að ég hafi ekkert misskilið hv. ræðumann um það, að þetta hafi verið nýframkomnar óskir útvegsmanna og að hann hafi gefið það í skyn, að hæstv. ríkisstj. mundi verða við þeim.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það er aðeins út af þessari fyrirspurn hv. 4. þm. Vestf. Ég skal upplýsa það, að í hv. Nd. skýrði ég frá því, að sú ósk hefði borizt frá stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna, að 2½% gjaldinu yrði haldið áfram, en að ríkisstjórnin hefði talið, að það væri ekki rétt, hvað sem ofan á yrði um það að lokum, að tengja það

við afgreiðslu efnahagsmálanna. Það yrði þá að taka upp sérstaklega síðar, ef við því yrði orðið, en um það hefur engin ákvörðun enn verið tekin. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að endurskoða vátryggingarkerfi skipastólsins í heild, og hefur rétt nú nýlega, eða nánar tiltekið fyrir 2 dögum, borizt umsögn þeirra, sem það hafa gert, og ég tel víst, að það verði engin ákvörðun um þetta tekin, fyrr en það álit hefur verið athugað.

ATKVGR.
Brtt. 250,1 felld með 11:8 atkv.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 252,1 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, BjörnJ, HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl.
nei: BGuðm, EggÞ, US, GTh, JÁ, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.
1 þm. (FRV) fjarstaddur.
Brtt. 250,2.a felld með 11:8 atkv.
— 252,2—3 felldar með 11:8 atkv.
— 252,4 felld með 11:8 atkv.
— 250,2.b felld með 11:8 atkv.
— 252,5 felld með 11:2 atkv.
— 250,2.c felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, ÓlJ, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ.
nei: KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, US, GTh, JÁ, JÞ, SÓÓ.
Brtt. 252,6 felld með 11:8 atkv.
— 250,2.d felld með 11:8 atkv.
— 252,7.a felld með 11:2 atkv.
— 252,7.b felld með 11:2 atkv.
— 252,7.c felld með 11:9 atkv.
— 250,3 felld með 11:9 atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Sú gífurlega hækkun á vöxtum, sem varð í byrjun þessa árs, hefur orðið til þess að lama verulega athafnalífið í landinu. Þessi vaxtahækkun hefur bitnað hart og áberandi á sjávarútveginum og öðrum framleiðsluatvinnuvegum. En vaxtahækkunin hefur líka komið annars staðar hart við, og skal ég þar aðeins minna á byggingastarfsemina í landinu.

Stjórnarandstæðingar hafa nú þessa dagana, þegar þetta frv. hefur verið til umr. í hv. Nd. og hér í þessari hv. d., leitazt við að koma fram brtt., sem fólu í sér nokkra lækkun á útlánsvöxtum. Þessar till. hafa verið dálítið mismunandi. En það er alveg sama, hvort farið hefur verið fram á meiri eða minni lækkun vaxtanna, þá hafa hv. stjórnarsinnar fellt þær allar. Ég hygg þó, að það séu ekki aðeins við stjórnarandstæðingar hér á þingi, sem teljum vextina, eins og þeir eru nú, til tjóns fyrir atvinnulífið í landinu, heldur muni allur almenningur í landinu álíta það og flestir atvinnurekendur einnig. Og mér er nær að halda, að jafnvel hæstv. ríkisstj. sé þeirrar skoðunar, að þessir háu vextir geti ekki gengið öllu lengur.

Nú er þetta mál til síðustu umr. hér á hinu háa Alþingi, það er til síðustu umr. í síðari deild. Ég vildi þess vegna enn einu sinni minna á þetta, gera þetta að umtalsefni og leggja fram eina tillöguna enn, og sú till. gengur skemmst af öllum þeim till., sem hér hafa verið lagðar fram.

Mínar brtt. eru tvær, við 31. og 32. gr. laganna um efnahagsmál. Fyrri till. felur það í sér, að almennir útlánsvextir skuli lækka um 2%. Ég bið hv. þdm. að taka eftir því, að hér er aðeins farið fram á 2% lækkun, ef það gæti orðið til þess, að hv. þdm. allir gætu sameinazt um afgreiðslu á þessari till. Hin till. er þess efnis, að frá 1. jan. 1961 skuli vextir af afurðavíxlum framleiðsluatvinnuveganna eigi vera hærri en 4% fyrstu 6 mánuði, en ½% hærri, ef framlengdir eru; enn fremur um, að Seðlabankinn skuli skyldur að endurkaupa víxla vegna afurða og lána, sem nemur 67% af áætluðu útflutningsverðmæti framleiðslunnar. Vextir Seðlabankans af slíkum lánum skulu eigi vera hærri en 2%.

Ég vildi nú mega leggja þessar till. fram og vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þeim.

Ég hefði að lokum viljað fara fram á það, ef hæstv. sjútvmrh. heyrir mál mitt, hvort það sé til of mikils mælzt, að hann láti heyra sitt álit á þessum tveim tillögum og þeim lækkunum á vöxtum, sem í þeim felast, áður en gengið verður til atkvæða.

Herra forseti. Ég beindi tilmælum til hæstv. sjútvmrh. í lok máls míns áðan. Hann mun ekki hafa heyrt það mál, sem ég flutti hér, en það er fljótsagt, að ég vil nú gera lokatilraun, þrautatilraun til þess, að Alþ. geti sameinazt um lækkun á þeim gífurlegu útlánsvöxtum, sem nú hafa tíðkazt um nokkurra mánaða skeið. Í þessum till., sem ég legg hér fram og eru tvær, legg ég til, að almennir útlánsvextir skuli lækka um 2% frá því, sem þeir eru nú. Í öðru lagi legg ég til, að vextir af afurðavíxlum framleiðsluatvinnuveganna skuli ekki vera hærri en 4% fyrstu 6 mánuði, en 4½%, ef framlengdir eru. Þetta er um afurðavíxlana. Enn fremur er svo tekið fram, að vextir Seðlabankans af lánum í þessu sambandi skuli eigi vera hærri en 2%. Mér finnst hér farið svo vægt í sakir og varlega, að ég get varla hugsað mér, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að hafa vexti hærri á næsta ári en hér er farið fram á, og ég vildi mælast til þess við hæstv. sjútvmrh., hvað hann hefði um þessar till. að segja, áður en til atkvæða er gengið.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 262) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það var aldrei meining ríkisstj., að þeir vextir, sem ákveðnir voru í sambandi við setningu l. um efnahagsráðstafanir, yrðu varanlegir, heldur voru þeir settir fyrst og fremst til þess að reyna að tryggja það, að ásókn í lánsfé til

fjárfestingar yrði minni en áður hafði verið og að þessum vöxtum yrði haldið í þessu horfi, þangað til nokkurn veginn væri náð því jafnvægi, sem sótzt var eftir. Þó hefur því verið lýst yfir á opinberum vettvangi nú, að ríkisstj. hefði til athugunar tillögur um lækkun vaxtanna og þá e. t. v. í áföngum. Um þetta er ekki tekin nein ákvörðun enn þá, en vitaskuld verður þessum vöxtum ekki haldið í því horfi, sem þeir nú eru, lengur en álitið er stranglega nauðsynlegt.

Ég fyrir mitt leyti skal ekki segja um það á þessari stundu, hversu mikið verður unnt að lækka vextina, en ég teldi það afar óheppilegt, ef því yrði slegið föstu með lögum, hvað vextir eigi að vera háir. Vaxtaákvörðunin er í höndum Seðlabankans og var það a. m. k. að forminu til, og þó að hún hafi verið tekin í samráði við ríkisstj., þá var ákvörðunin Seðlabankans á sínum tíma, og ég tel ekki óeðlilegt, að hún verði það áfram, en Alþingi grípi ekki fram fyrir hendur bankans og ákveði vextina, því að það getur líka verkað í öfuga átt við það, sem ég veit að hv. þm. stefnir að, að fá vextina færða niður í það horf, sem þeir voru, áður en breytingin átti sér stað. Ég skal þess vegna í einni setningu segja sem mitt álit um till., að ég tel það vel geta komið til mála, að vextirnir verði færðir í það horf, sem till. fer fram á. En þetta mál er til athugunar hjá ríkisstj., það hefur engin ákvörðun verið tekin, og ég tel það ekki æskilegt, að vextirnir verði bundnir með lögum nú.

ATKVGR.
Brtt. 262,1 felld með 11:8 atkv.
— 262,2 felld með 11:5 atkv.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 264).

14. Bjargráðasjóður Íslands.

Á 14. fundi í Ed., 1. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um Bjargráðasjóð Íslands [85. mál] (stjfrv., A. 94).

Á 16. og 17. fundi í Ed., 4. og 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá
Á 18. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um Bjargráðasjóð Íslands fer í þá átt að breyta að nokkru þeim lögum um bjargráðasjóðinn, sem nú gilda.

Bjargráðasjóður Íslands var stofnaður með lögum frá 1913 og var til þess ætlaður að styrkja menn, er hallæri bæri að höndum, og til þess að koma í veg fyrir áhrif hallæris. Þessi sjóður var þá stofnaður með 25 aura gjaldi á hvern einasta mann í landinu, sem hreppssjóðir eða sveitarsjóðir inntu af hendi, og ríkissjóður greiddi svo jafnháa upphæð úr sínum sjóði, til þess að mynda sjóð, sem undir þessu stæði. Þessi sjóður var að vísu eitthvað notaður, en þó lítið, en 1932—1941 voru tekjurnar í hann úr ríkissjóði felldar niður, þannig að það orkaði raunar tvímælis, hvort hann væri þá til eða ekki. 1946 kom svo til orða að leggja hann formlega niður og að skipta upp eignum hans, sem þá voru um 2 millj. kr., en varð ekki úr. Það var þá talið réttara að halda þessum sjóði gangandi og láta hann vera til, ef til kæmi, að hann ætti einhverju verkefni að sinna.

1950 voru tekjurnar til bjargráðasjóðs hækkaðar úr 25 aurum á mann í 2 kr. á mann, og 1953 var sérstakur forstöðumaður skipaður til þess að annast daglegan rekstur sjóðsins. Í stjórn sjóðsins voru þá skipaðir ráðuneytisstjóri félmrn., fiskimálastjóri og formaður Búnaðarfélags Íslands. Við þetta ástand hefur verið búið til þessa dags.

Árið 1958 var flutt frv. af hv 1. þm. Norðurl. e. og hæstv. forseta þessarar d. um það, að tekjur sjóðsins yrðu auknar og þannig að sjóðnum búið, að hann væri betur fær til þess að sinna sínu hlutverki. Þetta frv. var að einhverju leyti eða ég vil segja að verulegu leyti fram komið vegna frumkvæðis Sambands ísl. sveitarfélaga og Stéttarsambands bænda, sem óskuðu eftir því, að sjóðurinn yrði gerður öflugri en hann hefði verið að undanförnu. Í þessu frv. þeirra var lagt til, að 2 kr. gjaldið yrði hækkað í 5 kr., að breyting yrði gerð á stjórn sjóðsins og í þriðja lagi, að heimild yrði veitt til þess að lána úr sjóðnum sveitarfélögum, sem á því kynnu að þurfa að halda, og eitthvað fleira var af nýmælum í því frv., en það náði þá ekki fram að ganga.

Sjóðurinn á nú í skuldlausri eign 20 millj. og 300 þús. kr., sem að verulegu leyti er orðið til — auk framlags sveitarfélaganna og ríkissjóðs — á þann hátt, að ríkissjóður hefur afhent bjargráðasjóðnum skuldabréf, sem urðu til, þegar nokkur hallærislán voru veitt 1955 vegna óþurrka á Suðvesturlandi og vegna harðinda og óþurrka á Norðausturlandi 1949—50. Þessi skuldabréf voru að upphæð rúmar 13 millj. kr. og hafa aukið eign sjóðsins mjög verulega, samanborið við það, sem hann átti áður, og hafa gert honum mögulegt að starfa meir og betur í samræmi við sitt upprunalega hlutverk en hann hafði möguleika til með framlögum sveitarfélaganna og framlögum ríkissjóðs einum. Eignaafhending þessi, afhending skuldabréfanna, var þó að vísu skilyrði bundin um það, að taka ætti tillit til möguleika þeirra, sem skuldabréfin höfðu undirskrifað og gefið út, um það, að þeir væru færir um að greiða þessi lán, og er því vísast, að eitthvað af þessu fé komi ekki til skila, eins og upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. En eins og sjóðurinn stendur í dag, er sem sagt sjóðseign hans þessi.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir nú, fer í mjög svipaða átt og frv. þeirra tveggja hv. þm., sem ég nefndi hér og flutt var á þinginu 1958—59. Aðalbreytingarnar frá núgildandi lögum eru þær, að framlag sveitarfélaga skuli miðast við

5 kr. gjald af hverjum íbúa sveitarfélagsins og að ríkissjóðsframlagið verði einnig miðað við sömu upphæð. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að nokkur breyting verði á stjórn sjóðsins, þannig að fulltrúi frá sveitarfélagasambandinu fái þar aðild að, og er það einnig í samræmi við það, sem var í frv. þeirra tveggja hv. þm., sem ég minntist á áðan. Þá er loks í frv. nú heimild til þess að lána sveitarfélögum úr sjóðnum, ef talin er ástæða til þess og möguleiki, að sjóðurinn hafi ráð á því og geti gert það, án þess að skertir verði möguleikarnir til þess, að hann sinni sínu upprunalega hlutverki. Ef miðað er við lögin frá 1950 um ráðningu framkvæmdastjóra, þá er lítils háttar breyting þar á gerð, þannig að gert er nú ráð fyrir í frv., að framkvæmdastjóri sjóðsins verði ráðinn af sjóðsstjórninni, en ráðh. þurfi þar ekki að að koma.

Ég held, að þetta frv. um breytingu á bjargráðasjóðnum sé til bóta og að sjóðurinn verði betur fær eftir en áður til þess að sinna sínu hlutverki, ef það verður samþykkt, sérstaklega vegna þess að framlagið til hans bæði úr sveitarsjóðunum og úr ríkissjóði hækkar samkv. frv. úr 2 kr. í 5 kr. sem viðmiðunartölu, og er það nokkuð í samræmi við breytt verðgildi peninganna, alveg eins og frv. frá 1950 breytti þessari tölu úr 25 aurum í 2 kr. árið 1950.

Ég vil leyfa mér að vona, að þetta frv. verði samþ. í þessari hv. d. og að sjóðurinn megi þannig fá möguleika til þess að eflast og dafna og sinna sínu hlutverki, sem honum hefur verið ætlað, betur en áður, ef þetta verður samþykkt.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði vísað til hv. heilbr.- og félmn. að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 94, n. 120).

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Frsm. heilbr.- og félmn., Unnar Stefánsson varaþm., er vikinn af þingi, en ég hleyp í skarðið fyrir hann, til þess að gera með fáum orðum grein fyrir afstöðu n., en málinu var á sínum tíma til hennar vísað og hún hefur síðan um það fjallað.

N. var sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með lítils háttar breytingum, sem greint er frá á þskj. 120.

Þegar málið var til 1. umr. í þessari hv. d. hinn 8. nóv. s. l., fylgdi félmrh. því úr hlaði og rakti efni þess allrækilega og gerði m. a. grein fyrir þróunarsögu bjargráðasjóðs Ég tel ekki efni til að endurtaka neitt af því né ræða frekar einstakar greinar frv, en í heild sinni miðar það að því að efla sjóðinn, þannig að hann verði betur því hlutverki vaxinn, sem honum er ætlað.

Hin fyrri brtt. á þskj. 120, sem heilbr.- og félmn. ber fram, þarf ekki skýringa við. Hún er ekki efnisbreyting, en einungis til þess að hugsunin verði skýrar orðuð. Hin síðari brtt. þarf raunar ekki heldur skýringar, en í henni felst það, að lögin skuli öðlast gildi hinn 1. jan. 1961, í stað þess að frv. ráðgerir, að það skuli öðlast gildi þegar í stað. Með frv. er ráðgerð nokkur skipulagsbreyting á sjóðnum og aukning á skyldum þeirra aðila, sem leggja sjóðnum fé, og er því eðlilegt að miða gildistökuna við áramót, enda hefst þá nýtt reikningsár sjóðsins.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það var aðeins um eitt atriði, sem ég vildi spyrja frsm. hv. n. Það er í 3. gr. frv., þar segir: „Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands og formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Samkvæmt þessu er fjögurra manna stjórn fyrir þessum sjóði. Ég býst við, að þetta sé fremur óvenjulegt, að sjóður hafi fjögurra manna stjórn. Ég hef hins vegar ekki rekizt á neitt ákvæði í þessu frv., sem kveður á um það, hvernig að skuli fara, ef jöfn eru atkvæði í þessari sjóðsstjórn. Þessar stofnanir, sem eiga að nefna til menn í stjórnina, er ekkert við að athuga, þetta eru landsstofnanir. En sjálfsagt gætu komið fleiri til, sem mættu eiga þarna hlut að, og væri að mínum dómi enginn vandi að finna hliðstæða stofnun, sem gæti nefnt fimmta manninn, svo að þarna væri fimm manna stjórn. Ég verð að segja, að ég kann fremur illa við þetta ákvæði og tel það óvenjulegt, og ef það á að standa, þá hefði mér fundizt, að þarna hefði þurft að vera ákvæði um það, hvernig skuli fara að, ef jöfn atkvæði yrðu í sjóðsstjórninni.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. 4. þm. Vestf. segir, að í frv. er ráðgert, að í bjargráðasjóði verði 4 manna stjórn. Hann benti á, að það væri óvenjulegt, að stjórn stofnunar skipuðu einungis fjórir menn, og spurðist fyrir um það, hvernig fara skyldi að, ef atkvæði yrðu jöfn við atkvgr.

Ég geri ráð fyrir, að það sé rétt hjá hv. þm., að það sé algengara, að tala stjórnarmanna ýmissa sjóða og stofnana sé oddatala, en ekki jöfn tala. Hins vegar sýnist mér það liggja í augum uppi, að þegar svo ber við, að atkv. falla þannig, að þau eru jöfn, þá er tillaga fallin, eins og eftir venjulegum fundarskapareglum. Til þess að meiri hluti fáist í þessari stjórn, þarf því 3 atkv. eða 2 atkv. og 1 sitji hjá eða greiði ekki atkv., ef einhver er í andstöðu. Ég sé því ekki, að þetta þurfi að valda neinum vandræðum eða erfiðleikum og ekki ástæða til þess að gera till. um, að fjölgað verði í stjórninni af þeim sökum. Það þótti við hæfi að breyta lögunum um bjargráðasjóð þannig, að Samband ísl. sveitarfélaga ætti þar nokkurn hlut að, og er því

svo fyrir mælt í frv., að formaður sambandsins skuli eiga sæti í bjargráðasjóðsstjórn.

Ég held, að það hafi ekki verið annað, sem hv. þm. benti sérstaklega á í þessu efni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. hefur staðfest það, sem ég hélt fram, að það sé venjan að hafa oddatölu í stjórn sjóða. Ég hygg, að það sé svo að segja algild regla. Hann svaraði því, að sjálfsagt félli það mál, sem fengi aðeins 2 atkv. En þetta er ákaflega óheppilegt fyrirkomulag, hvar sem það er, að mál eyðist, að mál falli, ekki hægt að afgreiða mál bara fyrir það, að það eru fjórir hafðir í stjórn sjóðsins. Þetta er nefnilega afturför frá því, sem var. Það voru þrír í stjórn sjóðsins. Ef það þarf endilega að bæta við forstjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, þá er áreiðanlega hægt að finna einhverja hliðstæða stofnun við Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, sem gæti nefnt einn mann, svo að það væri oddatala í stjórninni. Ég vil beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki athuga þetta atriði frv. fyrir 3. umr. og bæta úr því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 120,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

6.—13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 120,2 (ný 14. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Ed., 2. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 149, 160).

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Í stjórn bjargráðasjóðs eru nú þrír menn. Þeir eru ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, formaður Búnaðarfélagsins og forseti Fiskifélagsins. Í þessu frv., 3. gr., er gert ráð fyrir, að einum manni verði bætt í stjórnina, þannig að þeir verði fjórir eftirleiðis. Er gert ráð fyrir því í frv., að formanni Sambands ísl. sveitarfélaga verði bætt í stjórnina. Því var hreyft hér við 2. umr. í hv. d., að þetta væri ekki að öllu leyti eðlilegt, m. a., að ekki væri æskilegt, að jöfn tala væri í stjórninni. Ég fyrir mitt leyti fellst á þetta, tel langtum eðlilegra, að það sé látið standa á stöku, að í þessari stjórn verði eftirleiðis annaðhvort 3 menn eða þá 5.

Mér hefur dottið í hug, hvort ekki væri æskilegt, að einn fulltrúi frá samtökum launþega ætti sæti í þessari stjórn og þá fyrst og fremst fulltrúi frá stærstu launþegasamtökunum, Alþýðusambandi Íslands. Vissulega snertir það mál, sem þetta frv. fjallar um, mjög hagsmuni allra vinnandi stétta og þá einnig verkamanna og annarra launþega. Það er talað um, að til mála komi að veita hjálp úr þessum sjóði, þegar hallæri ber að höndum í sveitarfélögum eða sýslum vegna óvenjulegra harðinda, m. a. langvarandi aflaleysis. Mér finnst því í raun og veru ekki óeðlilegt, að þessi samtök, samtök launþeganna, eigi sinn sérstaka fulltrúa í þessari stjórn. Þess vegna vil ég stinga upp á, að ákvæðinu um stjórnina í 3. gr. verði breytt á þann veg, að í stjórninni verði 5 menn, þeir sömu og taldir eru í frv. að viðbættum forseta Alþýðusambands Íslands, og ég leyfi mér að leggja fram skrifl. till. þess efnis, og mundi þá samkv. þeirri tillögu 3. gr. hljóða svo:

„Stjórn sjóðsins, er nefnist bjargráðastjórn, skipa ráðuneytisstjórinn í félagsmálaráðuneytinu, og er hann formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands, forseti Fiskifélags Íslands, forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Sambands íslenzkra sveitarfélaga.“

Ég vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir þessari tillögu, þannig að hún megi berast upp nú við 3. umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 167) og um brtt. 160, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls benti ég á, að ekki væri venjulegt né viðkunnanlegt, að stjórn opinberra stofnana sé skipuð fjórum mönnum. Ég held meira að segja, að það megi teljast til undantekninga, ef ekki einsdæmi, að það sé. Að vísu man ég eftir einni nefnd, opinberri nefnd, sem er skipuð 6 mönnum, þ. e. a. s. þar er ekki oddatala, það mun vera verðlagsnefnd, sem sett var með efnahagslögunum í fyrra. En í þeim lögum fylgdi það ákvæði, að ef ágreiningur yrði í þeirri n. og 3 yrðu á móti 3, þá hefði formaðurinn 2 atkv., og þar með var sett undir þann leka, að mál fengi ekki endanlega afgreiðslu eða jákvæða afgreiðslu í þeirri nefnd. Þó að ég vilji ekki benda á þetta til fyrirmyndar — og síður en svo, þá er þó séð við því, að mál falli niður, þ. e. a. s. yrðu felld og ekki mögulegt að ná jákvæðri afgreiðslu, ef slíkt kæmi fyrir, slík afstaða innan n. kæmi fram. Aðalatriðið fyrir mér var það, að oddatala yrði höfð í stjórn þessa sjóðs, eins og verið hefur, hvort sem það yrðu 3 eða 5. Auk þess hef ég annað á móti þessari skipan, sem nefnd er í 3. gr. frv., en þar segir, að formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga skuli vera sjálfkjörinn í stjórn bjargráðasjóðs. Það er að vísu stundarfyrirbrigði, en þó er það svo, að þessi formaður er jafnframt framkvæmdastjóri bjargráðasjóðs núna. Og ekki finnst mér það viðkunnanlegt, að Alþingi skipi svo fyrir, að framkvæmdastjórinn skuli jafnframt vera í stjórn sjóðsins, einn af fjórum. Það er svo um alla framkvæmdastjóra, að þeir eiga að gera reikningsskap sinna gerða fyrir stjórninni, og þá er það vægast sagt óviðkunnanlegt, að framkvæmdastjóri sé jafnframt einn meðdómari um eigin verk, svo að eins og á stendur nú, þá verð ég að telja það óviðkunnanlegt, að Alþ. mæli svo fyrir, að hann eigi sæti í stjórninni. Hitt er annað mál, ef einhver stofnun kýs

framkvæmdastjórann til þess og telur það viðeigandi, en að Alþingi geri það.

Ég hef flutt brtt. við þetta frv., að 3. gr. orðist þannig, að auk þeirra þriggja, sem verið hafa í stjórn bjargráðasjóðs, skuli koma tveir, sem kosnir eru á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenzkra sveitarfélaga til 4 ára í senn. Ég vil ganga til móts við þau sjónarmið, að þessi stofnun eða þetta félag, Samband ísl. sveitarfélaga, hafi sín áhrif þarna innan stjórnar bjargráðasjóðs, og því datt mér það í hug, að vel færi á því, að fulltrúafundur kysi tvo menn í þessa stjórn. Þá væru orðnir fimm menn í stjórninni og áhrifa Sambands ísl. sveitarfélaga ætti þá að geta gætt enn betur en með að eiga einn mann af 4.

Nú hefur verið flutt skrifleg brtt. um það, að 5 skuli eiga sæti í þessari stjórn, en sá fimmti, umfram það, sem er í 3. gr. frv. nú, verði forseti Alþýðusambands Íslands. Ég hef síður en svo á móti því, að sú skipan verði á gerð, og tel, að Alþýðusamband Íslands megi telja jafnframbærilegan aðila eins og Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, og hef því í raun og veru ekki á móti þeirri till., en sé ekki ástæðu til að taka mína tillögu aftur, fyrr en séð er, hvað verður um hina. Mér þykir líklegt, að sú tillaga eigi nokkurt fylgi, þar sem tveir menn úr þeirri nefnd, sem fjallar um málið, flytja hana. En hitt vil ég þó benda á, að ég geng nær vilja frv. sjálfs með því að leggja til, að tveir menn frá Sambandi ísl. sveitarfélaga eigi þarna sæti, því að frv. ætlast til, að einn sé þó úr þeim félagssamtökum, þ. e. a. s. formaðurinn. Samband ísl. sveitarfélaga er félagsmálahreyfing eða félagasamtök, sem ná yfir allt landið. Á fulltrúaráðsfundum þess sambands eiga sæti 25 menn alls staðar að af landinu. Fulltrúaráðsfundurinn mun vera þannig samsettur, að úr Vestfirðingafjórðungi eru mættir 4 fulltrúar, úr Norðlendingafjórðungi 4, úr Austfirðingafjórðungi 2, úr Sunnlendingafjórðungi 10, og auk þess eiga þar sæti stjórnarnefndarmenn 5, svo að þar eru 25 fulltrúar á fundi alls staðar að af landinu. Mér sýnist því, að það mæli full sanngirni með því að taka það tillit til þessa sambands, að það eigi þarna nokkur ítök um stjórn bjargráðasjóðs. Þau mál, sem venjulega koma fyrir bjargráðasjóð, snerta oftast nær almenning, annaðhvort almenning í vissum landshluta eða jafnvel almenning í öllu landinu, svo að það er síður en svo, að fulltrúar frá þessum samtökum eigi ekki rétt á að fjalla um þessi mál, alveg eins og fulltrúi frá Fiskifélagi Íslands og Búnaðarfélagi Íslands.

Ég tel ekki þörf á að fjölyrða um þetta frekar á þessu stigi. Ég mun, eins og ég sagði áðan, sætta mig vel við, að hin skriflega brtt. verði samþykkt, en tel ekki ástæðu til að taka mína brtt. aftur, fyrr en ég sé, hvernig fer um hina.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Eftir að þetta mál var hér til 2. umr. í þessari hv. d., hefur heilbr.- og félmn. haldið um það tvo fundi að beiðni hv. 9. þm. Reykv.

Eins og þdm. væntanlega muna, benti hv. 4. þm. Vestf. á það við 2. umr., að hann teldi óeðlilegt og óæskilegt, að einungis 4 menn ættu sæti í stjórn bjargráðasjóðs eða í bjargráðastjórn, eins og hún er kölluð í frv. Út af þessu mun það hafa verið, að hv. 9. þm. Reykv. fór þess á leit, að nefndin athugaði málið betur, og sú athugun hefur nú farið fram, eins og ég sagði áðan, á tveim fundum nú milli umræðna. Á þessum fundum komu fram að segja má báðar þær brtt., sem hér hafa komið fram, bæði brtt. á þskj. 160 og sömuleiðis hin skriflega brtt., sem þeir flytja, hv. 9. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. e., en báðar tillögurnar voru felldar í n., þannig að n. sem heild sá ekki ástæðu til að koma með brtt. við frv. Aðalrökin fyrir þessum brtt. hjá flm. þeirra skilst mér séu þau, að þeir telja ekki við hæfi, að fjórir menn eigi sæti í bjargráðastjórn, og hv. 4. þm. Vestf. sagði hér áðan, þegar hann mælti fyrir sinni till., að hann áliti, að það væri hrein undantekning eða jafnvel einsdæmi, að stjórnendur stofnunar væru 4, eða þannig, að þar væri ekki oddatala. Í mínum augum eru þetta engin rök. Eins og ég benti á við 2. umr. málsins, veldur það engum erfiðleikum né vandræðum á neinn hátt, þó að tala stjórnenda standi á jafnri tölu. Ég vil benda á það sem dæmi í þessu efni, að flm. beggja þessara brtt. voru á sínum tíma fyllilega samþykkir því, ef ég man rétt, að bankaráð Landsbankans og Útvegsbankans skyldu skipuð fjórum mönnum, og ég minnist þess ekki, að þeir kæmu þá fram með neina tillögu í þá átt, að forseti Alþýðusambandsins eða einhver annar skyldi eiga sæti í þessum bankaráðum, til þess að tala bankaráðsmanna skyldi standa á stöku. Því verður þó vart neitað, að báðir þessir bankar eru mikilsverðari fyrir þjóðarbúskapinn en bjargráðasjóður og skal ég þó engan veginn gera lítið úr þýðingu hans.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég hef átt tal við ráðuneytisstjóra félmrn., sem jafnframt er nú formaður stjórnar bjargráðasjóðs, um þessi mál og um þessar tillögur, sem fram komu í heilbr.- og félmn. og nú eru komnar fram hér í hv. d. Hann staðhæfði, að stjórn sjóðsins mundi vera andvíg því, að aðrir og fleiri ættu sæti í bjargráðastjórn en frv. gerir ráð fyrir, en þetta atriði hefur verið þrautrætt innan sjóðsstjórnarinnar. Afstaða mín í málinu miðast að vísu ekki við afstöðu þessara ágætu manna, heldur af hinu, að ég sé engin rök fyrir því, að ástæða sé til að breyta þarna um frá því, sem frv. ráðgerir.

Hv. 4. þm. Vestf. benti á það sem önnur rök fyrir sínu máli, að það væri ekki heppilegt eða æskilegt, að formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem jafnframt væri nú framkvæmdastjóri bjargráðasjóðs, skyldi eiga sæti í bjargráðastjórn. Hann benti á það, að sú skylda hvíldi á framkvæmdastjóranum að sjá um fjárreiður sjóðsins og gera upp reikninga hans og því væri ekki æskilegt, að hann ætti sæti í bjargráðastjórninni. Út af þessu vil ég einungis benda á það, að ég sé ekki, að þetta geti skipt nokkru máli, enda er svo fyrir mælt

í 5. gr. frv., að ársreikningar sjóðsins skuli endurskoðaðir af endurskoðunardeild fjmrn. og endurskoðendum ríkisreikninganna ár hvert. Ég býst við því, að þetta mundi hver sem er telja fullnægjandi tryggingu fyrir því, að ekki yrði misfarið með fjármuni sjóðsins.

Sami hv. þm. benti réttilega á, að það væri sjálfsagt og eðlilegt að taka tillit til sambands sveitarfélaganna í skipun bjargráðastjórnar. Ég er honum alveg sammála um þetta, enda gerir frv. ráð fyrir, að svo skuli gert. Nýmælið í frv. er það, að í bjargráðasjóðsstjórn skuli einmitt eiga sæti formaður sambands sveitarfélaganna, og með þeim hætti fær sambandið áhrif á meðferð þeirra mála, sem þar eiga heima og þar er um fjallað.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, enda að vísu ekki stórvægilegt mál. En af þeim ástæðum, sem ég hef nú rakið, mun ég greiða atkv. gegn báðum þessum brtt., sem fram hafa komið.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Það má að sjálfsögðu deila nokkuð um það, hvort eðlilegt sé, að í slíkum stjórnum eins og stjórn bjargráðasjóðs sitji fjórir eða fimm menn. Það má einnig deila nokkuð um það, hvort réttmætt sé, að fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands eigi þar sæti, þó að mér finnist það satt að segja ekki liggja sérstaklega beint við, að fulltrúi frá verkalýðssamtökunum sitji þar, þegar litið er til margra annarra stjórna og ráða, þar sem verkalýðssamtökin eiga engan fulltrúa, en sennilega ríkari þörf fyrir fulltrúa heldur en í þessu tilfelli. En á það almennt skal ég þó ekki leggja neinn dóm.

Ástæðan til þess, að ég vildi segja hér nokkur orð, er fram komin brtt. frá hv. 9. þm. Reykv. um það, að fimmti maðurinn í þessari sjóðsstjórn verði forseti Alþýðusambands Íslands. Ég álít, að þegar löggjafarvaldið hefur veitt Alþýðusambandi Íslands fulltrúa í ýmsum opinberum nefndum, stjórnum og ráðum, þá hafi það verið gert á grundvelli þess, að Alþýðusambandið sé allsherjarsamtök íslenzkra launþega, sem sé opið öllum stéttarfélögum og stéttarfélagasamböndum. Ég hugsa, að þetta hafi verið einn höfuðgrundvöllurinn undir aðild Alþýðusambandsins að þessum stofnunum. En nú hefur það því miður sýnt sig, að þessi grundvöllur er ekki lengur fyrir hendi. Á síðasta Alþýðusambandsþingi, sem háð var fyrir um það bil hálfum mánuði, var fjölmennasta sérgreinasambandi landsins neitað þar um inngöngu án nokkurra gildra raka. En ef þetta samband hefði verið tekið inn, hefði meðlimum Alþýðusambandsins líklega fjölgað um það bil um 15%. Það er aðeins á þessu atriði, sem ég vildi vekja athygli. Ég lít nokkuð öðrum augum á Alþýðusambandið eftir því, hvort það er opin samtök eða lokuð. Og þess vegna tel ég, að löggjafarvaldið verði nú að líta það nokkuð öðrum augum en áður, þegar þess er farið á leit, að Alþýðusambandið fái slíka fulltrúa eins og hér er rætt, eftir það, sem gerðist á síðasta Alþýðusambandsþingi, unz sá slagbrandur, sem þar var settur fyrir inngöngudyrnar, er aftur numinn á brott.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Mér finnst, eins og ég áðan tók fram, mjög eðlilegt og æskilegt, að stjórnendur þessa sjóðs verði 5 eða 3, þannig að standi á stöku. Mér finnst það langtum lýðræðislegra, að mál séu afgreidd þar með meirihlutavaldi. En það verður ekki gert ævinlega, þegar um jafna tölu er að ræða. Tveir hv. þm. hafa mótmælt þeim tillögum, sem fram eru bornar um þetta efni. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að ég gæti stutt hvora þessa till. sem er. Mér finnst það í sjálfu sér engin rök í málinu, að stjórn sjóðsins sé algerlega andvíg þeim tillögum, sem hér hefur borið á góma. Það kemur hv. þd. hreint ekkert við, hvað stjórn sjóðsins álítur um þetta. Það er hlutverk hv. þdm. að taka ákvörðun um slíkt og ekki hæfilegt að bera það fram sem nokkur rök í málinu, að stjórn sjóðsins sé andvíg því. Þar að baki geta legið heiðarleg og gild rök, að stjórnin er á móti þessu, en það getur líka hugsazt, að þar væri um einhvern klíkuskap að ræða, sem væri ekki vert að taka tillit til.

Hv. 5. landsk. þm. hafði orð á því, að til væru ráð og nefndir, þar sem væru aðeins fjórir menn. Þetta er alveg rétt. En stundum er það svo að segja gert af nauðung, að segja má. T. d. þegar rétt þykir, að allir stjórnmálaflokkar á þingi, fjórir að tölu, eigi fulltrúa í viðkomandi ráðum, þá er það stundum gert af þeirri ástæðu. Það má um það deila. hvort þungvægara sé að taka til greina þá kosti, sem því fylgja, að oddatala sé notuð, eða hitt, að taka tillit til, að hver einstakur flokkur eigi fulltrúa í viðkomandi ráðum. Þetta er svolítið annað mál en það, sem er hér um að ræða. Eins og ég tók fram áðan, finnst mér það mjög eðlilegt og æskilegt, að launþegasamtökin eigi þarna fulltrúa. Ég valdi Alþýðusamband Íslands eingöngu af því, að það eru langfjölmennustu verkalýðssamtökin hér á landi og ekki unnt að ætlast til þess, að fleiri en ein samtök launþega eigi þarna aðild að. Eins og ég sagði áðan, þá tel ég það alls ekki óeðlilegt á neinn hátt, að þessi samtök eigi fulltrúa í þessari stjórn, og má geta þess, eins og ég raunar minntist á, að atvinnuskort getur auðveldlega leitt af hallæri og því ekki nema heppilegt, að fulltrúi sé í þessari stjórn frá launþegasamtökunum.

Hv. 9. landsk. þm. var að tala um það hér, að það hefði komið í ljós fyrir hálfum mánuði, að Alþýðusamband Íslands væri lokaður félagsskapur. Hann talaði um, að það skipti miklu máli, hvort félagsskapurinn væri opinn eða lokaður, nú hefði það komið í ljós, að Alþýðusamband Íslands væri lokaður félagsskapur. Ég undrast mjög þessi orð hv. þm. Mér skilst á honum, að vegna þess að hann nú telur þessi samtök lokuð, þá vilji hann af þeirri ástæðu ekki greiða því atkv., að forseti Alþýðusambandsins eigi sæti sem fulltrúi í sjóðsstjórninni. Hvort það ber að líta á þessa yfirlýsingu hv. þm. sem refsiaðgerð af hans hálfu á hendur Alþýðusambandinu eða hefndarráðstöfun,

veit ég ekki, en a. m. k. finnast mér þessi orð hins ágæta hv. þm. mjög óviðfelldin, ómakleg og fjarstæðukennd.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hv. frsm. n. Hann andmælti þeirri brtt., sem ég flyt við þetta frv. Hann taldi það ekki vera nein rök gegn ákvæði frv. um fjögurra manna stjórn, að það væri jöfn tala, en ekki oddatala, og hann taldi sig geta hrakið þetta með því, að ég og fleiri þm. hefðum greitt atkv. með því að kjósa í bankaráð Landsbankans og bankaráð Útvegsbankans 4 menn. En hann hljóp bara yfir það, að ríkisstjórnin skipar fimmta manninn í bæði bankaráðin, svo að það eiga 5 menn sæti í hvoru bankaráði. Ég held, að ég þurfi varla að hrekja þetta með gleggra dæmi. Þetta var eina dæmið, sem hann gat nefnt um stjórn opinberra stofnana sem fyrirmynd að þessu ákvæði í frv., og þar tókst nú ekki betur til.

Hann talaði um, að ég hefði fundið að því, að eins og sakir stæðu, þá væri framkvæmdastjóri bjargráðasjóðs nú formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og að ég hafi ekki talið það viðeigandi, þar sem hann þyrfti að halda reikninga og gera upp reikninga sjóðsins. Ég nefndi ekkert reikninga þessa sjóðs, ekki einu einasta orði. Ég sagði, að framkvæmdastjóri hverrar stofnunar sem er á að gera stjórn stofnunarinnar reikningsskap á gerðum sínum, á verkum sínum sem framkvæmdastjóri. Og þannig er það alls staðar, ekki aðeins í opinberum stofnunum. heldur einnig í einkafyrirtækjum. Það er því óeðlilegt, að sami maður sé jafnframt stjórnandi og meðdómari um sín eigin verk. Þessu held ég fram. Það er að vísu svo, að jafnvel samkv. minni till. er það ekki útilokað, að formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga kæmi í stjórn bjargráðasjóðs. En þar með er ekki sagt, að hann yrði áfram þá framkvæmdastjóri sjóðsins. En hér er ætlazt til, að þessi formaður, sem nú er framkvæmdastjóri sjóðsins, verði einnig meðstjórnandi.

Af því að hv. frsm. er kominn inn í þd. aftur, vil ég endurtaka það, sem ég var að segja, að það er rangt hjá honum, að bankaráð Landsbankans og bankaráð Útvegsbankans séu skipuð fjórum mönnum. Ég býst við, að hann misminni þetta. Það hlýtur að vera svo. Það er rétt, að kosnir eru af Alþingi aðeins 4, en það er einn stjórnskipaður í bæði bankaráðin, og það eru 5 í hvoru bankaráði — oddatala í hvoru bankaráði.

Ég sé því ekki annað en það standi alveg óhaggað, sem ég sagði áðan, að það er óheppilegt, það er undantekning, ef það er ekki einsdæmi, að oddatala sé á stjórnendum opinberrar stofnunar. Þetta er aðalatriðið fyrir mér. Hann gat þess um daginn, við 2. umr. þessa máls, að það mundi ekkert ske annað en það, að ef atkv. féllu 2 á móti 2 í ágreiningsmáli í sjóðsstjórninni, þá væri það mál fallið eða sú tillaga, sem um væri að ræða. En það er einmitt það, að ef slíkur ágreiningur er fyrir hendi um eitthvert mál, þá getur slík stjórn aldrei samþykkt neina jákvæða tillögu í málinu, af því að þar er ekki oddatala, og það er ekki heldur neitt ákvæði um það, að formaður stjórnarinnar hafi frekari atkvæðisrétt en hver annar í stjórninni.

Ég endurtek það, að ég tel, að það sé aðalatriðið að bæta úr þessum ágalla. Það er rétt hjá hv. frsm., að þetta er ekkert stórmál. En það eru mistök að afgreiða frv. svona frá sér. Og þegar maður sér þessi mistök, áður en frv. er þó komið gegnum 3. umr., þá eigum við að leiðrétta þau.

ATKVGR.
Brtt. 160 felld með 9:7 atkv.
— 167 felld með 9:7 atkv.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 30. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 149, n. 284).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 149, verða gerðar fjórar meginbreytingar á lögum um bjargráðasjóð, ef frv. nær fram að ganga.

Í fyrsta lagi hækka framlög sveitarfélaga til sjóðsins úr 2 kr. á íbúa í 5 kr., og framlag ríkisins hækkar að sama skapi. Þegar sjóðurinn var stofnaður árið 1913, var gjald sveitarfélaga til hans 25 aurar á íbúa, og ríkissjóður greiddi jafnmikið á móti því. Þetta hélzt til ársins 1950, en þá var gjaldið hækkað í 2 kr. á íbúa frá hvorum aðila, og hefur það verið óbreytt síðan þrátt fyrir mikla röskun á verðgildi peninga. Með þeirri breytingu, sem lagt er til að verði á gjaldinu, má áætla, að tekjur sjóðsins verði um 1.8 millj. kr. á ári á næstunni.

Í öðru lagi verður fjölgað í stjórn sjóðsins um einn mann, og skal hann vera frá Sambandi ísl. sveitarfélaga. Þykir þessi breyting eðlileg með tilliti til þess, að hvert sveitarfélag á sér-eign í sjóðnum og lán úr honum eru veitt samkvæmt till. sveitarstjórna og með ábyrgð sveitarsjóða.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir þeirri breytingu, að sjóðsstjórnin ráði framkvæmdastjóra bjargráðasjóðs, í stað þess, að hann hefur verið skipaður af ráðherra samkvæmt gildandi lögum.

Í fjórða lagi er rýmkuð heimild sjóðsstjórnarinnar til lánveitinga, en þó því aðeins, að handbært fé sjóðsins verði meira en ætla megi nauðsynlegt til hallærislána eða styrkja samkvæmt a- og b-lið 9. gr. frv., sem eru efnis-

lega samhljóða gildandi ákvæðum. Fram til þessa hefur bjargráðasjóður einungis mátt veita hallærislán eða styrki. Mörg sveitarfélög hafa aldrei þurft á slíkum lánum að halda, og hafa sérsjóðir þeirra í bjargráðasjóði safnazt fyrir. Frv. gerir ráð fyrir, að framvegis verði heimilt að lána sveitarfélögum úr sjóðnum gegn ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu, og mun þá vera átt við það, t. d., að lán megi veita til þeirra framkvæmda sveitarfélaga, sem styrks njóta að lögum úr ríkissjóði, ef sveitarfélögin tryggja endurgreiðslur slíkra lána með ávísun á væntanleg framlög ríkissjóðs.

Ég leyfi mér að mæla með því f. h. heilbr.- og félmn., að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 310).

---

15. Ríkisreikningurinn 1959.

Á 26. fundi í Ed., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959 [112. mál] (stjfrv., A. 146).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959. Efni reikningsins og niðurstöðutölur mun ég ekki rekja hér, þar sem ég gerði nýlega í fjárlagaræðunni við 1. umr. fjárlaga allýtarlega grein fyrir afkomu ríkissjóðs á þessu ári, bæði rekstrarafkomu, eignahreyfingum og greiðslujöfnuði.

Ég hef áður gert grein fyrir því í umr. á Alþ., að brýna nauðsyn bæri til þess að breyta afgreiðslu ríkisreikninga á þá lund að hraða henni meir en verið hefur. Það hefur tíðkazt hér, að ríkisreikningur hefur ekki verið afgreiddur á Alþingi eða afgreiðslulög um samþykkt á honum fyrr en á öðru, þriðja eða jafnvel fjórða ári, eftir að reikningsárinu lauk. Ég hef látið taka saman, hvernig háttað hefur verið samþykkt á ríkisreikningum, hinum síðustu 30, eða ríkisreikningunum fyrir árin 1928—1957. Þá kemur í ljós, að 4 þeirra hafa verið afgreiddir á Alþingi á öðru ári eftir reikningslok, 19 þeirra afgreiddir á þriðja ári á eftir og 7 þeirra ekki verið afgreiddir fyrr en á fjórða ári, eftir að reikningsárinu lauk.

Nú liggur hér fyrir frv. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir 1959, og mun það vera í fyrsta sinn, sem fram er lagt á Alþ. frv. til samþykktar á ríkisreikningi á fyrsta ári eftir reikningsárið. Ég vænti þess, að framhald geti orðið á því og sú fastaregla komist á, að ríkisreikningur verði lagður fyrir Alþingi og lögfestur þegar á fyrsta ári eftir reikningsárið.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn., og vil bera fram þau tilmæli, að n. afgreiði málið sem fyrst frá sér, þannig að unnt verði að afgreiða frv. sem lög frá Alþingi nú á þessu ári.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 17. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 237 og 243).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. á þskj. 237 ber með sér, eru aðeins 3 nefndarmanna fjhn., sem undir það rita. Ég skal geta þess hér, sem vafalaust mun koma fram frá þeirra hendi, að efnislega varð ekki ágreiningur um það, að eðlilegt væri að afgreiða ríkisreikninginn, en hins vegar voru tveir hv. nm. ekki alls kostar ásáttir um orðalag á nefndaráliti þessu og hafa því ekki kosið að undirrita það, eins og það liggur hér fyrir. Mun vafalaust koma fram frá þeirra hendi, hvaða orsakir liggja því til grundvallar.

Þessi ríkisreikningur er óvenjulega snemma á ferðinni, og það hefur aldrei komið fyrir áður, að ríkisreikningur hafi verið lagður fyrir Alþingi til samþykktar svo skömmu eftir lok þess fjárhagsárs, sem ríkisreikningurinn gildir fyrir. Þetta eru óneitanlega miklar framfarir, vegna þess að sannleikurinn er sá, eins og hv. þm. áreiðanlega eru sammála um, að það hefur verið næsta fánýtt að vera að meðhöndla ríkisreikning, kannske mörgum árum eftir að viðkomandi fjárhagsári er lokið, og það því nánast verið sögulegt plagg, sem litla þýðingu hefur að öðru leyti haft. Það er hins vegar ljóst, að það horfir nokkuð öðruvísi við að fá ríkisreikning fyrir tímabil, sem enn er öllum í fersku minni. Það má því gera ráð fyrir, að menn athugi slíkan reikning af meiri gaumgæfni, og því líkur til einmitt, ef slíkum hætti er á komið, að það verði til aukins aðhalds fyrir ríkisstj., og að þessu leyti ætti það að vera mjög mikið áhugamál Alþingis, að þessari reglu verði haldið.

Það kemur hins vegar í ljós í athugasemdum yfirskoðunarmanna þessa ríkisreiknings, sem raunar mátti við búast, að þessi breyting, þessi aukni hraði á samningu ríkisreiknings veldur því, að allmikið er enn eftir af hinni umboðslegu endurskoðun reikninga fyrir þetta ár. Í upplýsingum yfirskoðunarmanna er þess getið, að skv. grg. frá ríkisendurskoðuninni, sem þeir

hafi fengið, er þeir undirrituðu reikninginn um miðjan októbermánuð, hafi verið lokið endurskoðun reikninga fyrir árið 1959 frá 15 stofnunum, en hins vegar hafi verið ólokið reikningum 42 stofnana. Það gefur auga leið og gefur því ekki sérstaka ástæðu til aðfinnslu um störf ríkisendurskoðunarinnar, að það hafi verið henni lítt mögulegt, eða raunar ógerlegt að ljúka endurskoðun reikninga allra stofnana fyrir árið 1959. Það var svo hér fyrir nokkrum árum, að ríkisendurskoðunin var mjög langt á eftir með sína endurskoðun, og það er því ekkert nýtt, að ríkisreikningar séu lagðir fyrir Alþingi, án þess að hinni umboðslegu endurskoðun sé lokið, þó að það sé að sjálfsögðu svo nú, að þar vantar miklum mun meira á en hefur verið undanfarin ár, af þeirri augljósu ástæðu, hversu reikningurinn er nú snemma lagður fram. Starf endurskoðunarinnar hefur hins vegar á undanförnum árum þokazt mjög í þá átt, að henni sé lokið, þegar ríkisreikningur er lagður fram, og það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, ef á að hafa þennan hátt á framvegis, sem vissulega er til fyrirmyndar og eftirbreytni, að reyna að stuðla að því, að endurskoðun reikninga geti að mestu leyti verið lokið. Það er ekki um að sakast, þó að eitthvað sé þar eftir, en því þyrfti þó að vera þannig háttað, að umboðslegu endurskoðuninni væri að mestum hluta lokið. Þetta hefði ekki verið auðið nú nema bæta mjög við starfskrafta endurskoðunarinnar og raunverulega naumast, enda þótt slíkt hefði verið gert, og er því ekki ástæða til þess að finna sérstaklega að því. Á það er hins vegar bent, og ég veit, að nefndin er öll sammála um, að það sé mjög æskilegt að leggja á það áherzlu í framtíðinni, að hinni umboðslegu endurskoðun verði hraðað svo, að henni geti að mestu verið lokið, þegar ríkisreikningur er fram lagður.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja frekar um ríkisreikninginn. Engum athugasemda endurskoðenda nú, að undanskilinni þessari, sem ég vék að, varðandi það, að hinni umboðslegu endurskoðun væri ekki lokið, hefur verið vísað til Alþingis til aðgerða. Að vísu er um aðra athugasemd þannig ástatt, en gefur ekki sérstaklega tilefni til aðgerða í þessu efni. Mér sýnist, að Alþingi geti ekki annað varðandi þessa athugasemd gert en beina því til ríkisstj., að það verði reynt að haga þessum vinnubrögðum svo, að hin umboðslega endurskoðun sé við það miðuð, hvað nú er gert ráð fyrir að hraða afgreiðslu ríkisreiknings. Hins vegar er naumast annað hægt en hafa þó þann fyrirvara varðandi samþykkt reikningsins nú, sem meiri hluti nefndarinnar leggur til að verði samþ., eins og hann liggur fyrir, en þó með þeim fyrirvara, að það kunni að verða einhverjar breytingar á einstökum liðum að hinni umboðslegu endurskoðun lokinni. En slíkar breytingar ættu naumast að vera þess eðlis eða það veigamiklar, að þær geti haft nokkra þýðingu varðandi heildarniðurstöðu reikningsins.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég hafði haldið, allt þangað til menn voru að fara úr húsinu í gær, efrideildarmenn, að fjhn. hefði ekki klofnað í þessu máli. Nm. voru sammála um, að æskilegt væri, að ríkisreikningur lægi sem fyrst fyrir, eftir að fjárhagsári lýkur, en hins vegar virtist þeim líka koma saman um það, að því er þennan reikning snertir, þá væri helzt til hratt farið til þess, að talizt gæti viðkunnanlegt fyrir Alþingi að taka við honum og samþ. hann.

Frsm. hafði verið kosinn hv. 6. þm. Norðurl. e., sem var að gera hér grein fyrir meirihl.-nefndarálitinu áðan, en þegar ég sá álit það, sem hann hafði samið, þá virtist mér ekki koma nægilega skýrt fram í því, eins greinilega og ástæða væri til, að nefndin teldi, að reikningurinn væri ekki það vel undirbúinn, að svo mætti endurtakast, og þess vegna skrifaði ég ekki undir nál., þegar komið var með það til mín. Hins vegar bjóst ég við því eftir venju, að leitað mundi samkomulags um orðalagsbreytingar, svo að allir gætu skrifað undir. En meiri hl. skeytti því ekki og gaf sig fram, eins og nefndin hefði klofnað í meiri hl. og minni hl. Sama niðurstaða varð hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., þegar hann sá nál., og skoðuðum við það þó sinn í hvoru lagi. Ég vissi sem sagt ekki um þetta, að ekki yrði leitað samkomulags um orðalag, fyrr en seinast í gær, og þess vegna er það, að nú liggur ekki minnihl.-nefndarálit fyrir. Að vísu var það samið og afhent til prentunar í morgun, en skjalavörðurinn var að tilkynna mér það áðan, að fyrir einhver mistök í prentsmiðjunni væri það enn óprentað.

Hv. frsm. meiri hl. minntist á það réttilega áðan, að yfirskoðunarmenn hefðu í einni sinni athugasemd skýrt frá því, að hin umboðslega endurskoðun væri langt á eftir. Þetta er í 42. aths. yfirendurskoðunarmanna frá 14. okt. í haust, og ég vil nú — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp þessa 42. aths., hún er á þessa leið:

„Yfirskoðunarmönnum barst ósk um það frá fjmrh., að hraðað yrði yfirskoðun ríkisreikningsins fyrir árið 1959, eftir því sem unnt væri. Við þessum tilmælum vildu yfirskoðunarmenn verða, eftir því sem þeim væri mögulegt. Við yfirskoðun reikningsins kom í ljós, að umboðslega endurskoðunin átti mjög mikið eftir að endurskoða og ef yfirskoðunarmenn hefðu átt að bíða eftir því, að því verki væri lokið, hefði reikningurinn ekki getað verið afgreiddur frá þeim fyrr en löngu síðar. Fyrir þessar sakir hurfu yfirskoðunarmenn að því ráði að afgreiða reikninginn frá sér, svo fljótt sem þeim var mögulegt. Skv. grg. frá ríkisendurskoðuninni, dags. 12. okt. s. l., hafði hún lokið endurskoðun reikninga fyrir árið 1959 frá 15 aðilum, en hins vegar voru aths. við þá óafgreiddar. Endurskoðun var ólokið á reikningum 42 aðila."

Þannig stendur þá á, að af 57 aðilum, sem endurskoðunin átti að fara fram hjá, var búið að endurskoða hjá 15, þó ekki að leggja fram aths. yfir þá endurskoðun eða skýrslu um þá endurskoðun, en eftir var að ljúka endurskoðun hjá 42 aðilum. Sem sagt: það var búið að endurskoða hjá 15/57 af aðilunum.

Ég lít svo á fyrir mitt leyti, að þó að það sé vafalaust rétt, að það getur varla verið hægt

að bíða eftir því, að öll endurskoðendakurl séu komin til grafar, þegar ríkisreikningur er lagður fyrir Alþingi, þá þurfi þarna að setja einhver lágmarkstakmörk. Það hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað sæmilegt er að bjóða Alþingi upp á til staðfestingar litt endurskoðaða reikninga. Það er sjálfsagt rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði, að það hefur aldrei komið fyrir áður, að reikningur lægi svona fljótt fyrir, svona skammt væri liðið frá fjárhagsárinu, þegar reikningurinn fyrir það er lagður fyrir. En vafalaust er hitt rétt líka, að það hefur aldrei komið fyrir áður og enginn hefur fært sönnur á það, að svo skammt væri komið endurskoðuninni, sem augljóst er að stendur á bak við þennan reikning. Ég tel fyrir mitt leyti, að það þurfi að koma skýrt fram frá þeirri n., sem fjallar um þennan reikning, að þó að hún láti við svo búið standa og leggi til, að reikningurinn sé samþ., þrátt fyrir það, hvernig í pottinn er búið, þá megi það ekki verða regla framvegis að hraða svo útgáfu reikningsins, að slíkt sé til staðar, að ekki sé búið að endurskoða að meira leyti en þessu. Ég hygg, að það megi fullyrða, að það muni ekki tíðkast hjá neinu stóru fyrirtæki, að reikningur sé staðfestur, ef endurskoðun á svona langt í land.

Það er ákaflega gott að fá reikninginn sem fyrst til athugunar á Alþingi, eða áður en hann er orðinn aðeins sögulegt plagg, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði að stundum hefði verið með reikningana og má nokkuð til sanns vegar færa, þó að djúpt sé í ár tekið að vísu. En þó að þetta sé gott, að fá reikninginn fljótt, þá er það bæði óviðkunnanlegt og alveg ástæðulaust að leggja svo hráan reikning fyrir Alþingi sem þennan. En ég kalla, að hann sé hrár, þegar töluleg endurskoðun hefur aðeins lokið endurskoðun á 15/57 hlutum. Í minnihlutaályktun okkar tökum við fram, að við leggjum til, að reikningurinn verði samþ., en með fyrirvara þó. Við tökum fram, að við teljum, að sá fyrirvari verði að felast í samþykktinni, að það megi ekki endurtaka sig, að svona skammt sé komið endurskoðun reikningsins. Að því er snertir þann fyrirvara, sem ég sé að meiri hl. hefur hér, fyrirvara um það, að tölur kunni að breytast eitthvað að lokinni endurskoðun, þá má segja, að í hvert skipti, sem reikningur er samþykktur, jafnvel hvort sem tekið er fram eða ekki, þá felist eftir venju slíkur fyrirvari í samþykktinni. En að þessu sinni tel ég, að auk þess eigi þar að vera skýrt, að Alþingi setji á reglu um það, að reikningur skuli betur unninn að endurskoðun en þessi er.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Eins og komið hefur fram, hefur sá háttur lengi verið hafður á hér um ríkisreikning, að hann hefur ekki verið lagður til samþykktar á Alþingi fyrr en 2 eða jafnvel 3 eða 4 árum eftir reikningsárið. Þessi vinnubrögð eru náttúrlega óhafandi, og ég ætla, að það mundi ekki þykja gott hjá neinu fyrirtæki í landinu, ef það hefði ekki reikninga sína tilbúna á næsta ári eða jafnvel sem skemmstum tíma eftir lok reikningsárs. Að þessu leyti mun ríkið hafa haft algera sérstöðu hér um langan aldur, og ætti þó ríkið fremur að vera til fyrirmyndar öðrum en hið gagnstæða. Nú hefur verið gerð sú breyting á, að á þessu ári hafa verið lagðir fram þrír ríkisreikningar til samþykktar: Ríkisreikningurinn 1957 og ríkisreikningurinn 1958, og er nú búið að afgreiða þá báða, sá þriðji er ríkisreikningurinn fyrir 1959, og liggur hér fyrir frv. um samþykkt á honum.

Til þess að fá umbætur á þessu ófremdarástandi, sem hér hefur ríkt, þurfti í fyrsta lagi að gera ráðstafanir til þess að loka reikningum og sjóðum á vegum ríkisins sem fyrst eftir síðustu áramót, og það var gert nú í fyrra lagi. Í öðru lagi þurfti að láta ljúka reikningagerð sem fyrst eftir áramót, og var öllum reikningum lokið og þeir fullgerðir þó nokkuð fyrr en tíðkazt hefur. Prentun reikningsins tók einnig skemmri tíma og var töluvert mikið fyrr á ferð nú en áður. Og í fjórða lagi urðu yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, þeir sem kosnir eru af Alþ. samkv. stjórnarskránni, við óskum um það að hraða sinni yfirskoðun eða endurskoðun. Allt þetta hefur orðið töluvert fyrr en áður. En loks er það atriði, sem hér hefur verið gert að umtalsefni, og það er hin svokallaða umboðslega endurskoðun eða tölulega endurskoðun, sem fer fram í endurskoðunardeild fjmrn. Það er að sjálfsögðu skiljanlegt, að þar sem reikningar hafa yfirleitt verið svo seint á ferð sem raun ber vitni, þá eru ekki möguleikar á því að kippa endurskoðun reikninganna hjá endurskoðunardeildinni í fullkomið lag á svipstundu, þannig að endurskoðunin, í stað þess að endurskoða einn ríkisreikning á ári, þarf að endurskoða 2 eða 3 á einu og sama ári. Slíkt var náttúrlega ekki mögulegt nema með því að fjölga stórlega starfsliði. Það var því sýnt, að áður en yfirskoðun færi fram og áður en málið yrði lagt fyrir Alþingi, þá voru ekki möguleikar á því, að hinni umboðslegu endurskoðun yrði að fullu lokið, nema sem sagt með verulega auknum kostnaði. Hér var því um tvennt að velja: annars vegar að fresta afgreiðslu ríkisreikningsins og vera í sama farinu og áður hefur verið, að Alþ. fengi ekki reikninginn fyrr en nokkrum árum seinna, eða leggja ríkisreikninginn til samþykktar nú strax fyrir Alþingi, þó að hinni umboðslegu endurskoðun væri ekki lokið.

Nú er rétt að taka það fram, eins og kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl. fjhn., að það hefur iðulega komið fyrir, að ríkisreikningur hafi verið lagður fram og afgreiddur endanlega á Alþ., án þess að hinni umboðslegu endurskoðun væri lokið á öllum einstökum reikningum ríkissjóðs. Þetta hefur iðulega komið fyrir. En hins vegar vegna þess, að reikningurinn er fyrr á ferð nú en venjulega, þá er meira ólokið af hinni umboðslegu endurskoðun en áður. Hins vegar lít ég svo á, að það sé engin nauðsyn, og það hefur ekki verið litið þannig á, að það væri nein nauðsyn að bíða með afgreiðslu ríkisreiknings, þangað til þessari endurskoðun væri að fullu lokið, því að venjan hefur verið sú, að ef eitthvað hefur komið fram, sem rétt þótti að breyta eða hefur þurft að breyta við hina umboðslegu endurskoðun, —

ef slíkt kom fram, eftir að reikningur var afgreiddur á Alþingi, þá er það leiðrétt í reikningi næsta árs og kemur ekki á nokkurn hátt að sök, enda eru þess ýmis dæmi, bæði hjá því opinbera og einstökum fyrirtækjum, að ef eitthvað kemur í ljós, sem þarf að leiðrétta í reikningum fyrri ára, þá er það leiðrétt í næsta ársreikningi.

Þrátt fyrir þennan annmarka þótti sem sagt ekki ástæða til þess að bíða með framlagningu ríkisreikningsins. Ég ræddi þetta við ríkisendurskoðandann, sem taldi enga ástæðu til þess að fresta afgreiðslunni, þrátt fyrir það að umboðslegu endurskoðuninni væri ekki lengra komið en þetta.

Í sambandi við þetta mál er svo rétt að geta þess, að við höfum rætt nokkuð um breytingar á endurskoðuninni og starfsháttum hennar. Nú er það svo, að endurskoðunardeildin byrjar ekki endurskoðun hjá ríkinu eða ríkisstofnunum fyrr en eftir lok reikningsárs og eftir að reikningur frá þeirri starfsgrein liggur fyrir. Ég lít svo á, að það væru heppilegri vinnubrögð og meira aðhald, ef hægt væri að láta endurskoðun fara fram nokkuð jafnóðum og tekjur og gjöld verða til. Til þess að svo megi verða, þarf þó nokkra breytingu á starfsháttum endurskoðunardeildar, og er það mál nú í athugun. En ef sú breyting yrði gerð, að endurskoðunardeildin færi ekki þá fyrst að hefja endurskoðun, þegar loks reikningi hefur verið lokað og reikningurinn liggur fyrir, heldur strax á reikningsárinu jafnóðum, þá ætti hinni umboðslegu endurskoðun að sjálfsögðu að verða lokið, áður en yfirskoðunarmenn hefja sína athugun.

Það, sem veit sérstaklega að Alþingi í þessu efni, eru að sjálfsögðu störf og till. og ábendingar þeirra þriggja yfirskoðunarmanna, sem kosnir eru af Alþingi sem trúnaðarmenn þess. Þeir luku sinni yfirskoðun í fyrra lagi, eins og farið var fram á, og eru þeirra athugasemdir og síðan tillögur ráðuneytisins birtar með reikningnum. Það er að sjálfsögðu rétt, að æskilegast væri, að hinni umboðslegu endurskoðun væri að fullu lokið, áður en Alþingi afgreiddi frá sér reikninginn. En ég tel samt sem áður, að hitt sé meira um vert, að Alþingi fái reikninginn til afgreiðslu með aths. yfirskoðunarmanna strax á næsta ári eftir reikningslok. En um leið og ég segi, að ég tel það meira máli skipta, vil ég undirstrika hitt, að það er í athugun, hvernig megi hraða hinni umboðslegu endurskoðun og helzt breyta starfsháttum hennar þannig, að hún gæti orðið meira jafnóðum en verið hefur.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., 19. des., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir 1959 er samið eftir ríkisreikningnum, sem útbýtt hefur verið í þinginu, og legg ég til, að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 263).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959, og hefur n. borið saman niðurstöðutölur ríkisreikningsins og ekkert fundið athugavert við þær. Yfirskoðunarmenn reikningsins hafa gert nokkrar aths. við hann svo sem endranær, og um tvær þeirra, varðandi Tryggingastofnun ríkisins og ríkisútvarpið, vísast til þeirra aths., sem fjhn. gerði við afgreiðslu reikningsins fyrir árið 1958 og beindi til ríkisstj. til athugunar. Þá hefur n. einnig að þessu sinni gert aths. við það, að á vanti, að umboðslegri endurskoðun sé lokið á reikningnum. Minni hl. nm. hefur af þessum ástæðum viljað fresta afgreiðslu málsins, en meiri hl. telur að vísu, að æskilegt væri jafnan, að slíkri endurskoðun væri lokið. En það er hins vegar víðs fjarri, að um einsdæmi sé að ræða. Þetta mun, eftir því sem hæstv. fjmrh. hefur upplýst og sömuleiðis ríkisendurskoðandi, vera nokkuð títt, og m. a. hef ég rekizt á sams konar aths. sem þessa við reikninginn fyrir árið 1952. Meiri hl. telur því ekki, að þar sé um ástæðu að ræða, sem tefja eigi afgreiðslu reikningsins, þar sem og kostur gefist þá til að leiðrétta tölur síðar, þegar þeirri endurskoðun er lokið, eins og jafnan mun hafa verið gert í ríkisreikningi næsta árs á eftir. Er það því tillaga meiri hl. n., að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Forseti (JóhH): Það kemur fram frá minni hl., að þeir eru ekki tilbúnir að afgreiða þetta mál og þeir munu síðar skila séráliti. Í samræmi við það og það, sem fram hefur komið í framsögu frá frsm. meiri hl., þá er umr. um þetta mál núna frestað, og fleira liggur þá ekki fyrir þessum fundi.

Umr. frestað.

Á 45., 48., 49. og 55. fundi í Nd., 17., 23. og 24. jan., 3. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 6. febr., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 146, n. 263 og 327).

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Mál þetta hefur verið til athugunar hjá fjhn. d., og eru viðhorf nm. til þess nokkuð mismunandi. Kemur það fram í þeim tveim nefndarálitum, sem fyrir liggja. Hv. meiri hl. n. skilaði áliti um frv. hinn 20. des. í vetur, mælti með því, að frv. yrði samþykkt, en við tveir af nm., ég og hv. 3. þm. Reykv., sáum okkur ekki fært að mæla með frv. þá og teljum ekki enn tímabært að samþykkja frv. Var það af því, eins og fram kemur í okkar nál., að það vantar mikið á, að ríkisreikningurinn hafi fengið þá meðferð, sem hann á að fá, áður en hann er samþykktur á Alþ., það vantar mikið á, að endurskoðun hans sé lokið.

Ein af þeim aths., sem yfirskoðunarmenn Alþingis hafa gert við ríkisreikninginn, er einmitt um þetta atriði. Það er 42. aths. þeirra. Þeir segja þar, að við yfirskoðun reikningsins hafi komið í ljós, að umboðslega endurskoðunin hafi átt mjög mikið eftir að endurskoða, og þeir segja, að samkv. greinargerð frá ríkisendurskoðuninni, sem út hafi verið gefin 12. okt. s. l., hafi hún á þeim tíma lokið endurskoðun reikninga fyrir árið 1959 frá 15 aðilum, en þó átt eftir að afgreiða aths. við þá reikninga, en hins vegar hafi verið ólokið endurskoðun á reikningum 42 aðila. Þannig lá þetta mál fyrir, þegar frv. var til umr. í fjhn. í desember. Og vegna þess, hve mikið var óunnið við endurskoðun reikningsins, þá töldum við í minni hl. rétt að fresta afgreiðslu málsins. Við fórum einnig fram á það að fá upplýsingar um, hvað endurskoðuninni væri þá langt komið, því að það voru liðnir meira en tveir mánuðir frá því, að þessi grg. frá endurskoðunardeildinni hafði komið, og höfum við nú fengið þá grg. nýlega, og er hún birt með nál. okkar minni hl. á þskj. 327.

Ég hef nokkuð athugað, hvernig háttað hafi verið um þetta atriði síðasta áratuginn. Ég hef athugað ríkisreikningana fyrir það tímabil og athugasemdir yfirskoðunarmanna, að því er þetta varðar. Í umsögn þeirra um ríkisreikninginn 1951 er engin aths. um það, að hinni umboðslegu endurskoðun sé að nokkru leyti ólokið. Hins vegar er aths. um þetta við ríkisreikninginn fyrir 1952, það er 30. aths. þeirra við þann reikning. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Endurskoðun reikninga hinna ýmsu stofnana ríkisins hefur mikið færzt í betra horf frá því, er áður var. Þó eru reikningar nokkurra stofnana óendurskoðaðir fyrir árið 1952 og sumir þeirra fyrir lengri tíma."

Og í till. yfirskoðunarmanna út af þessu, sem þeir gáfu út 26. okt. 1954, segja þeir:

„Áherzlu ber að leggja á það, að endurskoðuninni verði að fullu komið í lag. Aths. er því til eftirbreytni."

Svo virðist sem þessi aths. hafi borið tilætlaðan árangur, því að með reikningunum 1953 og næstu þrjú árin, 1954, 1955 og 1956, eru engar aths. frá yfirskoðunarmönnum, hinum þingkjörnu, um það, að ólokið sé tölulegri endurskoðun á reikningunum. Fyrir þessi fjögur ár, sem ég nefndi, er engar slíkar athugasemdir að finna við ríkisreikninginn.

Þá er komið að árinu 1957, og í athugasemdum yfirskoðunarmanna, sem dagsettar eru 30. nóv. 1959, segir:

„Nokkuð virðist skorta á, að umboðslega endurskoðunin hafi farið fram eins og til er ætlazt."

Svör fjmrh. við athugasemdum yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn fyrir 1957 eru dagsett 23. marz 1960, og þar með er birt svar frá endurskoðunardeild fjmrn. við áðurnefndri aths. yfirskoðunarmanna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal frá því skýrt, að heita má, að endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisendurskoðunin hefur fram til þessa talið sér skylt og hefur höndum undir komizt að annast endurskoðun á, sé nú að fullu lokið."

Eftir að hafa fengið þetta svar, segja yfirskoðunarmenn í till. sínum til Alþingis, að við svo búið verði að standa.

Þá er það ríkisreikningurinn fyrir 1958. Athugasemdir yfirskoðunarmanna eru útgefnar 29. marz 1960. 55. aths. er þannig:

„Óskað er eftir skýrslu yfir, hvað komið er umboðslegri endurskoðun hjá stofnunum ríkisins."

„Svör ráðh. við aths. eru dagsett 31. ágúst 1960, og þar með er svar frá endurskoðunardeild fjmrn. um þessa aths., þar sem segir, að framvegis muni verða send skýrsla um það, hvað komið er umboðslegri endurskoðun hjá ríkisstofnunum.

Ég hef þá gert grein fyrir því, hvernig þessu atriði hefur verið háttað, að því er snertir reikningana fyrir árin 1951—1958, að báðum meðtöldum. En eins og ég hef áður um getið, þá er þarna aths. viðkomandi þeim reikningi, sem hér liggur fyrir, reikningnum 1959, þar sem kemur fram, að það vantar mjög mikið á, að lokið sé þeirri endurskoðun á reikningnum og þeim reikningum, sem hann byggist á, í endurskoðunardeild fjmrn., sem á að hafa með höndum hina tölulegu endurskoðun.

Sumir menn hafa látið orð liggja að því í umr. um ríkisreikningana nú á þessu þingi, að nú væri meiri hraði á reikningsskilum ríkisins en áður. T. d. er að þessu vikið í nál., sem meiri hl. fjhn. í hv. Ed. gaf út um þennan reikning 16. des., þar sem segir, að n. telji það vera til mikilla bóta að leggja ríkisreikning fyrir Alþingi svo skömmu eftir lok viðkomandi fjárhagsárs. En við athugun á málinu sést ekki, að hér hafi nokkur breyting á orðið. Reikningurinn fyrir 1959 lá að vísu hér frammi þingmönnum til athugunar snemma á þessu þingi, svo að bæði fjvn.-menn og aðrir þm. gátu haft hann til hliðsjónar, t. d. við fjárlagaafgreiðslu fyrir þetta ár, sem nú er nýbyrjað. En þetta er ekkert nýtt. Á hverju fjárlagaþingi um mörg ár hefur það verið svo, að þingmenn hafa fengið í hendur ríkisreikninginn fyrir næstliðið ár, oft fjölritaðan, en það skiptir ekki máli, hvort hann er fjölritaður eða prentaður, þannig að uppgjör á ríkisreikningnum og afgreiðsla frá

ríkisbókhaldinu virðist vera nú alveg með sama hætti og áður hefur verið. En vegna þess að endurskoðun hefur ekki verið lokið, þegar reikningurinn hefur fyrst verið sýndur hér á Alþingi, þá hefur oft liðið alllangur tími, frá því að reikningurinn var lagður hér fram og þar til lög um samþykkt hans hafa verið afgreidd frá þinginu. Og þannig er það nú, að samkv. þeim nýju upplýsingum, sem fjhn. fékk frá endurskoðunardeild ráðuneytisins, en grg. er gefin út nú 27. jan., þá vantar enn mjög mikið á, að lokið sé endurskoðun þeirra reikninga ýmissa fyrirtækja og stofnana, sem eru grundvöllur ríkisreikningsins. Þetta geta menn kynnt sér í nál. okkar minni hl. fjhn. í fskj., sem þar er, og sé ég ekki ástæðu til að fara að lesa upp þann lista. Þingmenn hafa hann og geta sannfærzt um það, að enn vantar mikið á, að endurskoðuninni sé lokið.

Það eru til lög frá 1931 um endurskoðun á reikningum ríkisins og ríkisstofnana. Það eru þau lagafyrirmæli, sem nú eru í gildi um þessi efni. Þar er einmitt kveðið á um það, hvað endurskoðunardeildin í fjmrn. á að annast, og þar segir í 10. gr. þeirra laga:

„Fjármálaráðuneytinu ber að láta endurskoðunarskýrslu fylgja reikningum þeim, sem það endurskoðar, þegar þeir eru lagðir fyrir yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins."

Þarna kemur fram, eins og eðlilegt er, að það er ekki til þess ætlazt, að hinir þingkjörnu yfirskoðunarmenn fari yfir alla ríkisreikningana og reikninga allra þeirra fyrirtækja og stofnana, sem eru grundvöllur eða undirstaða ríkisreikningsins, það er ekki ætlazt til þess, enda væri óframkvæmanlegt fyrir þá að gera það. Þess vegna verða þeir að byggja umsögn sína um ríkisreikninginn hverju sinni að verulegu leyti á þeim endurskoðunarskýrslum, sem ríkisendurskoðunin lætur þeim í té og henni ber að láta þeim í té samkv. þessum lögum. Og ég lít svo á, að yfirskoðunarmenn, sem Alþingi kýs, eigi ekki að skila reikningnum frá sér til Alþingis, fyrr en þessari endurskoðun er að fullu lokið og þeir hafa fengið í hendur yfirlýsingar um það frá ríkisendurskoðuninni, að lokið sé þeim þætti, sem hún á að framkvæma. Þetta sýnast vera eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð. Þá fyrst, þegar þessi endurskoðunarskýrsla liggur fyrir, geta yfirskoðunarmenn Alþingis lagt ríkisreikningana fyrir Alþingi, vottað, að þeir séu réttir, og mælt með samþykkt þeirra. Um það ætti tæpast að vera ágreiningur, að á þennan hátt eigi að fara með þau mál. Lögin um samþykkt á ríkisreikningnum eru nokkurs konar kvittun frá Alþingi til fjmrn. eða yfirlýsing um það, að ráðuneytið hafi skilað fullnægjandi reikningum um hin miklu og margþættu ríkisviðskipti. Slíkar kvittanir á ekki að láta, fyrr en sannprófað er af þar til völdum mönnum, að reikningarnir séu réttir.

Þó að það hafi komið fyrir einhvern tíma áður, t. d. fyrir 1950, að það hafi verið samþykktir ríkisreikningar, án þess að fyrir lægi að endurskoðun væri að fullu lokið, þá tel ég, að það sé sízt til fyrirmyndar og hinni reglunni ætti að fylgja, að samþykkja ekki ríkisreikning, fyrr en hann hefur verið að fullu endurskoðaður.

Ég get nefnt hliðstætt dæmi. Eins og kunnugt er, þá er það eitt af verkum sýslunefnda að athuga reikninga sveitarsjóða og samþykkja þá. Ég hygg, að engri sýslunefnd kæmi til hugar að samþykkja sveitarsjóðsreikning, sem fyrir hana væri lagður, nema endurskoðun hans væri að fullu lokið. Á sama hátt tel ég, að það sé ekki ástæða til og ekki rétt af Alþingi að samþykkja frv. um samþykkt á ríkisreikningi, fyrr en ákvæðum öllum um endurskoðun hefur verið fullnægt og endurskoðun alveg framkvæmd. Nú er það mikið eftir enn að endurskoða reikninga, sem þessi ríkisreikningur fyrir 1959 byggist á, að það sýnast ekki vera horfur á því, að því verði lokið, áður en þessu þingi lýkur, og þess vegna teljum við í minni hl., að það sé rétt að fresta því að afgreiða þetta frv. nú.

Við viljum vænta þess, að endurskoðuninni í fjmrn. verði lokið um þær mundir, sem næsta þing kemur saman, og þá mætti afgreiða ríkisreikninginn endanlega héðan. Það verður ekki séð, að það sé neinn skaði skeður, þó að því sé frestað þangað til, en aftur á móti sjálfsagt, að þannig verði á þessu máli haldið, eins og ég hef hér um rætt, að ríkisreikningur sé ekki afgreiddur frá þinginu, fyrr en endurskoðun hans er alveg lokið. Það má þá í upphafi næsta þings fá nýjar upplýsingar frá ríkisendurskoðuninni um, hvað málinu líði. Það er því till. okkar í minni hl. fjhn., að frv. verði að þessu sinni afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem prentuð er með nál. okkar á þskj. 327 og er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem mikið skortir á, að lokið sé endurskoðun reikninga, sem ríkisreikningurinn fyrir árið 1959 er byggður á, telur deildin ekki rétt að samþykkja frv. að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég tel raunar, að það hefði vel getað komið til mála að láta frv. daga uppi að þessu sinni, taka það ekki til afgreiðslu. En verði hins vegar, t. d. af hæstv. forseta, talið rétt að afgreiða frv., þá er það okkar till., að það verði afgreitt á þann hátt að samþykkja þessa rökstuddu dagskrá.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er nú orðið nokkuð langt síðan Alþingi hefur átt þess kost að fjalla um ríkisreikning, sem er frá næsta ári á undan, og ég hygg, að síðasti reikningur, sem þannig hefur verið um á undan þessum, sé hinn frægi reikningur fyrir árið 1930, sem lá við borð að yrði felldur með jöfnum atkv. í hv. Ed., en var bjargað á mjög undarlegan hátt á því þingi. En hluturinn er sá, að það er mjög þýðingarmikið fyrir Alþ. að fá ríkisreikninga til meðferðar sem allra fyrst, því að ekkert er betur til þess fallið að sjá glöggt, hvernig fjármálaástandið er og fjármálastjórnin hefur verið.

Nú er það svo, að það er fyrir áhuga og eindregin fyrirmæli frá hæstv. fjmrh., að þessi reikningur var búinn svo snemma, að hægt var að leggja hann fyrir þetta þing, og hefði verið auðsjáanlega auðvelt að afgreiða hann fyrir

áramót, eins og hæstv. ráðh. ætlaðist til. Ráðh. lagði svo fyrir við aðalreikningshaldarann, sem er okkar ríkisbókari, að reikningurinn væri til svo fljótt sem unnt væri og að endurskoðun væri hraðað, og hann fór fram á það við okkur yfirskoðunarmenn, að þegar við fengjum reikninginn í hendur, þá flýttum við okkar yfirskoðun svo sem okkur væri unnt. Þess vegna var það, að við fórum í það að yfirskoða reikninginn á venjulegan hátt og vorum að því eins og venjulega nokkuð margar vikur og lögðum í það svipaða vinnu og venja hefur verið til, og við sáum ekki ástæðu til að neita þeim óskum fjmrh. að skila okkar athugasemdum svo fljótt sem við sæjum okkur fært.

En varðandi þær athugasemdir, sem hér hafa komið fram hjá hv. minni hl. fjhn. og í öllum aðalatriðum eru réttar, þá er það að segja, að þetta er ekkert nýtt í sögunni. Og vissulega verð ég að játa, að það hefur ekki verið og er ekki gott lag á þessum hlutum, fyrr en ríkisendurskoðunin fylgir alveg með jafnóðum, þannig að ríkisreikningurinn og hans undirstöðureikningar geti verið allir endurskoðaðir. En ef ætti að fylgja þeim fyrirmælum, sem hv. síðasti ræðumaður og hans félagi leggja til, að það væri aldrei skilað athugasemdum frá yfirskoðunarmönnum, fyrr en búið væri að fullu tölulega að endurskoða allar stofnanir og starfsgreinar ríkisins, þá þori ég að fullyrða, að það hefði mörg ár að undanförnu orðið að geyma ríkisreikningana í 4, 5 og jafnvel 6 ár, því að á tímabili var endurskoðunin svo langt á eftir, að það voru hrein vandræði, og hún er langt á eftir enn. Vitanlega er geysilega mikið verk að fara tölulega í gegnum alla þessa reikninga, og þó að það séu nokkuð margir menn, sem eru í endurskoðunardeild stjórnarráðsins, þá hafa þeir ekki fram að þessu haft við, og þess vegna hefur það skeð á undanförnum árum, að það hafa mjög margir reikningar verið samþykktir þannig, að það hefur ekki verið búin hin tölulega endurskoðun umboðslegu endurskoðunarinnar. Ég, sem er búinn að vera yfirskoðunarmaður í 24 ár, og minn eldri samstarfsmaður, Jörundur Brynjólfsson, enn lengur, við höfum nokkuð mikla reynslu af því, hvernig þessum hlutum er hagað, og við höfum margsinnis, stundum opinberlega í okkar athugasemdum og ég held árlega í viðtali við endurskoðunarmennina, óskað eftir, að þeir hröðuðu sinni endurskoðun meira en verið hefur. Þetta hefur nokkuð færzt í betra horf þrátt fyrir þá skýrslu, sem hér liggur fyrir, en engan veginn er þetta gott.

Þá er að athuga, hvaða afleiðingar hefur það haft á undanförnum árum að samþykkja reikninga á þennan hátt, og hvaða afleiðingar getur það haft að samþykkja þennan reikning, eins og hann liggur fyrir. Því er til að svara, að yfirleitt er mjög lítið um, að það séu reikningsskekkjur hjá ríkisstofnunum og starfsgreinum ríkisins. Óstjórnin í okkar fjármálum hefur á undanförnum árum legið í öðru en því, að það væri rangt reiknað tekjur og gjöld ríkisins, og þó að það komi alltaf fyrir einstaka tölur, sem ekki eru að fullu réttar, þá er haft með því eftirlit af aðalreikningshaldara ríkisins, sem ég nefndi áðan, og okkur yfirskoðunarmönnum, að það sé leiðrétt á næsta reikningi. Og þó að við höfum fyrir okkur hér eitthvað meira eða minna af tölum, sem þyrfti að leiðrétta í þeim stofnunum, sem er ekki búið að endurskoða, og þyrfti að breyta, þá er ekki hægt að breyta því, fyrr en á næstu reikningum þessara stofnana. Það má segja, að þetta allt þurfi breytinga við, og það hefur verið skoðun okkar yfirskoðunarmanna lengi og alltaf, að í raun og veru ætti endurskoðunin að vera búin og við þyrftum að fá endurskoðunarskýrslu frá hverri stofnun. En þessi hefur orðið útkoman, og þess vegna hefur verið til þess gripið, bæði af Alþingi og ríkisstj., að samþykkja reikningana margoft á undanförnum árum á þennan hátt, og það er enginn eðlismunur frá því, sem er, þó að það sé meira nú en stundum áður, sem er óendurskoðað.

Það er svo fleira í þessu sambandi, sem er mjög mikil ástæða til að athuga, og ekki sízt það, hve fljótt reikningum er lokað á hverju ári. Þessum reikningi fyrir árið 1959 var lokað fyrr en nokkrum öðrum í mörg undanfarin ár, og það er fyrir fyrirmæli fjmrh.

Í okkar fyrstu aths., sem hv. þm. hafa sjálfsagt athugað, er það tekið fram, sem okkur finnst óviðfelldið, að það er rúmlega 81 millj. talin í sjóði hjá ríkisféhirði frá áramótum, en var raunverulega ekki nema rúmar 7 millj. Hitt allt, 73 millj. rúmlega, er mismunur á tekjum og gjöldum á því tímabili, sem líður frá nýári og þangað til reikningnum er lokað, og þessi upphæð er hærri á þessu ári vegna þess, að hæstv. þáv. fjmrh., núv. utanrrh., lagði áherzlu á að innheimta tekjurnar og hann hélt meira í gjöldin fyrri hluta ársins en oft hafði áður verið, og vegna þess að reikningnum var lokað fyrr en oft endranær, var þessi mismunur miklu meiri en þegar komið er lengra fram á árið. En þannig er, að t. d. á reikningnum fyrir 1957 er síðasta sjóðfærsla inn á þann reikning framkvæmd 1. okt. 1958, og þannig hafði það verið á svipaðan veg um fjöldamörg ár. Á reikninginn 1958, sem var gerður af þáv. ríkisstj., var síðasta sjóðfærsla 30. júní 1959. En á þennan reikning, sem hér er til meðferðar, fyrir árið 1959, var síðasta sjóðfærsla 27. maí 1960. Þess vegna sjá allir menn, að þó að þetta sé engan veginn gott, þá hefur það þó færzt í miklu betra horf frá því, sem áður var, og raunverulega þyrfti það að komast í það horf, að bæði reikningum stofnana og ríkisreikningi væri lokað mjög snemma á árinu eða fljótt eftir áramót. En afleiðingarnar af þessu eru það ástand, sem um getur í okkar fyrstu aths. og ég var að nefna, og afleiðingin af þessu er líka sú, sem ég kem síðar að, að samkv. þessum reikningi er töluvert meira óinnheimt en árið áður, sem að nokkru leyti stafar af þessu.

Annars er það svo, að ég finn ástæðu til, úr því að svo stendur á, að ég er mættur hér á Alþ., þegar þessi reikningur er til meðferðar, að gera nokkru nánari grein fyrir því ástandi,

sem þessi reikningur sýnir, og hvernig horfurnar voru og hvað það er, sem núv. hæstv. ríkisstj. fékk í hendurnar, því að afleiðingarnar af ráðstöfunum vinstri stjórnarinnar koma bezt fram á þessum reikningi fyrir árið 1959, og það er vegna þess, að þær stóru ráðstafanir, sem voru gerðar í maímánuði og eru samkv. lögum frá 29. maí 1958, giltu ekki nema hálft árið 1958, en þær giltu allt árið 1959, og þess vegna verða samanlögð gjöld það ár miklu hærri en þau höfðu áður verið.

Nú er það kunnugt, að fyrir nokkrum árum var ríkissjóðnum skipt í tvennt og að ég taldi að nokkru leyti í blekkingaskyni, sem síðar hefur og komið fram. Annar hlutinn var kallaður útflutningssjóður, hinn ríkissjóður. Útkoman á þessu var þannig, að gjöld á þessum reikningi samkv. sjóðsyfirliti urðu 1193.3 millj. en gjöld útflutningssjóðs á þessu sama ári urðu 1135.3 millj., samtals er þetta, sameiginleg gjöld þessara beggja sjóða, 2328.6 millj. Nú hefur því verið haldið fram af sumum mönnum, að það hafi gífurlega hækkað útgjöldin, eftir að sú stjórn hætti, sem þarna hafði aðaláhrifin. En þannig er því varið, að fjárl. fyrir árið 1960 voru 1501 millj. og þess vegna gjöldin samkv. þeim fjárl. 827.6 millj. lægri en samanlögð gjöldin fyrir árið 1959. Og þetta er líka sú upphæð, nokkuð á 9. hundrað millj. kr., sem gengisbreyt. verkaði, því að ef ég man rétt, þá voru uppbætur á útfluttar sjávarafurðir á árinu 1959 um 800 millj. kr. En nú er þess að geta, að þó að þetta sé svona, þá er það bæði samkv. þessum reikningi og mörgum öðrum á undanförnum árum, að það eru mjög miklar upphæðir í gjöldum, sem ekki koma fram í samtölu reikningsins, og svo að skiptir á síðustu árunum hundruðum milljóna. Þetta liggur í því, að fjöldi af ríkisstofnunum og starfsgreinum er gerður upp og ekki færður inn í samtölu reikningsins nema mismunurinn á tekjum og gjöldum. Þannig er um allar stofnanir á 3. gr. fjárl., þannig er um suma skóla, þannig er um öll sjúkrahús, þannig er um raforkumálin, flugmálin, Tryggingastofnunina og margt annað, og sannleikurinn er sá, að það er mjög vafasamt, þó að því hafi ekki fengizt breytt á undanförnum árum, að öll gjöld og allar tekjur væri fært í samtölu reikningsins, enda var það svo, að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að ég hygg í umr. í Ed. í vetur, að hann hefði það í athugun eða léti athuga það, hvort ekki væri rétt að breyta þessu frá því, sem verið hefur. Nú er það svo, að t. d. eru rekstrargjöld símans á þessu ári orðin fullar 100 millj., rekstrargjöld útvarpsins 16.5 millj., rekstrargjöld raforkumálanna 46.6 millj., ef ég man rétt, og svo gæti ég haldið lengi áfram, að það er svo sem ekki, að það séu öll ríkisgjöldin talin í þeirri samlagningu, sem ég var hér að fara með.

Nú er það kunnugt, að á árinu 1959 starfaði bráðabirgðastjórn, minnihlutastjórn, sem varla var hægt að búast við neinum stórátökum af. Aðalhlutverk hennar var það að fleyta þrotabúinu, sem vinstri stjórnin skildi eftir, fleyta því yfir árið og fram yfir tvennar kosningar og fleyta því á nauðasamningagrundvelli. Þetta gerði stjórnin, og ég er sannfærður um, að ef hefði ekki orðið nein stjórnarbreyting fyrir ársbyrjun 1959, þá væru útgjöldin samkv. þessum reikningi miklu hærri en þau eru, og það er af tvennum orsökum. Í fyrsta lagi kom þessi bráðabirgðastjórn því til leiðar með stuðningi Sjálfstfl. í ársbyrjun 1959 að stöðva vísitöluskrúfuna á þá leið að skera niður mjög mikinn hluta af þeirri hækkun, sem annars hafði orðið á vísitölunni í desember. Þetta hafði sín áhrif. Í öðru lagi hefur það komið í ljós, að hæstv. fjmrh., núv. utanrrh., hefur haldið það mikið í gjöldin samkv. rekstrarreikningi, að umframgreiðslur eftir honum hafa orðið minni á þessu ári hlutfallslega en á nokkru öðru ári lengi áður, eða rúmar 18 millj. á móti 63 millj. árið áður. Þetta sýndi, að það var þó þarna töluverð viðleitni til þess að draga úr gjöldum. En því miður náði þessi viðleitni ekki eða virðist ekki hafa náð til stofnananna í 3. gr. fjárl., eins og fjáraukalögin, sem fylgja þessum reikningi, sanna, því að umframgreiðslurnar á þeim stofnunum samtals eru rúmlega 27 millj. kr., og þar eru sumar þessar stofnanir, sem um fjöldamörg undanfarin ár hafa aldrei hirt um það að fylgja fjárlögum, sem við yfirskoðunarmenn höfum lengi álitið að væri hrein óhæfa, og þar hefur það sannazt, að ríkisútvarpið er þó þeirra allra verst.

Þá kem ég að því, sem er annað aðalatriðið og hefur alltaf verið í okkar yfirskoðun, og það er að fara í gegnum umframgreiðslur, fara í gegnum það, hvernig er fylgt fjárlögum og lögum, því að það er eitt aðalatriði í starfsemi yfirskoðunar að kanna það, og við höfum árlega gert um það verulegar athugasemdir, — og hin hliðin er svo að athuga um skuldaskipti og útlán og ábyrgðir ríkisins.

Um óinnheimtar tekjur er það að segja, að sú skýrsla samkv. þessum reikningi er býsna ljót, og til þess að gefa hv. þm. upplýsingar um það, hvernig því máli er varið, skal ég lesa upp hér nokkrar tölur um þær stærstu upphæðir, sem eru óinnheimtar af tekjum í lok þessa árs. Það er í fyrsta lagi hjá innheimtumönnum, sýslumönnum og tollstjóra og bæjarfógetum, 54.6 millj., það er hjá póstinum 4.9 millj., símanum 14.8 millj., áfengisverzluninni 9.1 millj., tóbakseinkasölunni 13 millj. og þar að auki víxlar, sem út höfðu verið gefnir og að nokkru leyti til þess að koma móti útistandandi skuldum frá fyrra ári og eru 6 milljónir. Hjá útvarpinu eru þetta 4 millj., hjá raforkumálunum 21.9 millj., skipaútgerðinni 4.9 millj., flugmálunum 11.7 millj., vélasjóði ríkisins 6.6 millj., hjá ýmsum stofnunum, sem saman er dregið í einni okkar aths., skólum og spítölum o. fl., eru 7 millj. Svo koma stærstu upphæðirnar, sem svona er ástatt um, og það er í allri tryggingastarfseminni. Þar er ástandið svo ískyggilegt, að við óttumst, að það geti ekki endað nema með einhverri skelfingu. Hjá Tryggingastofnuninni sjálfri eru útistandandi 73.7 millj., atvinnuleysistryggingasjóði 24.3 millj., lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 20.6 millj., togarasjómanna 3.9 millj. Ég tek nú hér ekki hinar smærri upphæðir af þessum óinn-

heimtu tekjum, en vildi, til þess að þingmenn glöggvuðu sig á, hvað hér er um alvarlegt ástand að ræða, segja frá því, hvernig þarna er umhorfs. En þegar slíkt á sér stað, þá er það, á hvaða sviði sem er, ein gleggsta vissan um óreiðu, ef það gengur svona til. Nú höfum við hvað eftir annað gert harðar athugasemdir og líka talað við nokkra af forstjórum ríkisins. En þetta hefur síður en svo farið batnandi, nema hjá einstöku stofnun, og í þetta sinn veit ég ekki til að nema einn forstjóri, sem var forstjóri áfengisverzlunar ríkisins, tæki þessu mjög skörulega, því að hann gaf út og sendi okkur afrit af greinilegu dreifibréfi, sem hann sendi öllum, sem skulduðu þeirri stofnun, og ég hef fengið frá honum síðan upplýsingar um það, að þar hafi innheimzt miklu betur og nokkrar milljónir komið inn vegna þessarar ráðstöfunar. Hann lýsti því, að hann krefðist þess, að skuldir ættu í sjálfu sér engar stað, og ef þær yrðu eldri en þriggja mánaða, mundi hann leggja á þær bankavexti. Eitthvað svona þyrftu fleiri forstjórar starfsgreina og stofnana að gera, en það hefur ekki viljað ganga rétt vel. En eins og ég sagði áðan, þá verða menn þó að taka tillit til þess varðandi þessar miklu útistandandi skuldir, að nokkuð af þeim stafar af því, hvað reikningnum er lokað fyrr á þessu ári en næsta ár áður.

Þá kem ég að öðru alvarlegasta fyrirbrigðinu í okkar ríkisbúskap hjá ríkissjóði, og það eru ríkisábyrgðirnar. Það er orðið svo iskyggilegt mál, að við, sem erum alltaf að athuga þessa hluti, erum farnir að halda, að þetta ætli að enda með einhverri skelfingu, því að það fer alltaf sívaxandi. Í lok árs 1959 eru ríkisábyrgðir samtals taldar 1572 millj., og það er iskyggilega há upphæð. En því miður er ekki þar með allt sagt, því að samkv. skýrslu, sem hér kemur frá hv. fjhn. Ed. og var útbýtt í dag og var raunar búið að segja frá í blöðum áður, eru ríkisábyrgðirnar orðnar samtals yfir 2200 millj. kr. Ég fór að grennslast um, hvernig getur á þessu staðið, og fékk þær upplýsingar, sem mátti náttúrlega vera skiljanlegt, að þetta geri það, að ríkisábyrgðaskuldirnar hafa verið umreiknaðar. Sem sagt, það er hvorki meira né minna en hátt á 7. hundrað milljóna, sem ríkisábyrgðirnar hækka við það að vera umreiknaðar samkv. núv. peningagengi, — og þegar þær eru komnar í 2200—2300 millj. kr., þá svarar það til þess að vera hér um bil jafnmikið og allt sparifé landsmanna. Nú hef ég gert það hv. þm. til fróðleiks, sjálfum mér líka, að aðgreina þessar ríkisábyrgðir, eins og þær eru taldar á þessum reikningi, aðgreina það, fyrir hvaða aðila þessar ábyrgðir eru, aðgreina það eftir héruðum, kaupstöðum og stofnunum. Þessi skýrsla er ekki mjög löng, og ég ætla að lesa þetta upp, svo að hv. þm. geti séð, hvernig ástandið er. Ég skal taka fram, að það eitt er í þessu að athuga, að það er á einstaka stað, sem stofnanir eru fyrir stærra svæði, en ég færi ábyrgðarskuldina, þar sem fyrirtækin eru heimilisföst. Og nú skal ég lofa ykkur að heyra þessa skýrslu, ég fer ekki í þessum upplestri lengra niður en í milljónir og hundruð þúsunda, nema þar sem um lægri upphæðir er að ræða alls.

Þá er það Reykjavík 101.3 millj.
Hafnarfjörður 30.3 millj.
Gullbringu- og Kjósarsýsla með Keflavík 33.4 millj.
Kópavogskaupstaður 6.8 millj.
Borgarfjarðarsýsla með Akranesi 58.9 millj.
Mýrasýsla 3.2 millj.
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla 26.1 millj.
Dalasýsla 820 þús.
Barðastrandarsýsla 9 millj.
Vestur-Ísafjarðarsýsla 27.2 millj.
Norður-Ísafjarðarsýsla 3.7 millj.
Ísafjarðarkaupstaður 13.3 millj.
Strandasýsla 2.4 millj.
Vestur-Húnavatnssýsla 614 þús.
Austur-Húnavatnssýsla 4 millj.
Skagafjarðarsýsla með Sauðárkróki 10.7 millj.
Siglufjörður 14.5 millj.
Eyjafjarðarsýsla með Ólafsfirði 9.6 millj.
Akureyri 30.4 millj.
Suður-Þingeyjarsýsla með Húsavík 2.9 millj.
Norður-Þingeyjarsýsla 4.9 millj.
Norður-Múlasýsla 11.9 millj.
Seyðisfjörður 19.4 millj.
Suður-Múlasýsla með Neskaupstað 33.7 millj.
Austur-Skaftafellssýsla 3.2 millj.
Rangárvallasýsla 46 þús.
Vestmannaeyjar 25.3 millj.
Árnessýsla 10.2 millj.

Svo koma bankar og aðrar ríkisstofnanir 872 millj. og byggingarsamvinnufélög 205 millj.

Ég skal taka fram, að það er dálítið einkennilegt og í sjálfu sér merkilegt, að það er ekki nema ein, alls ein sýsla á landinu, sem er að þessu leyti alveg hrein, þannig að það er ekki fyrir hana nein ríkisábyrgð, og það er Vestur-Skaftafellssýsla. Það má heita, að Rangárvallasýsla sé einnig hrein að þessu leyti, því að það er ekki nema milli 40 og 50 þús., sem þar er ríkisábyrgð, og tvær aðrar sýslur, sem er sáralítið fyrir og má kalla að sé ekki neitt, og það eru Dalasýsla og Vestur-Húnavatnssýsla. En þessar fjórar sýslur eru einmitt einlitustu landbúnaðarhéruðin. Og sannleikurinn er líka sá, að meginhlutinn af öllum þessum ríkisábyrgðum er fyrir aðra atvinnuvegi og aðrar stofnanir og til annarra framkvæmda en til landbúnaðarins. Sú eina stóra upphæð, sem er fyrir landbúnaðinn og ríkisábyrgð er fyrir, eru þær skuldir, sem sjóðir Búnaðarbankans, byggingarsjóður og ræktunarsjóður, eru í, og ég býst við, að því miður hljóti það að fara svo fyrr eða síðar, að einnig þar geti eitthvað af ábyrgðaskuldunum fallið á ríkissjóð. Sérstaklega er það vaxtamismunurinn, sem er gífurlega mikill á lögboðnum vöxtum þessara sjóða og þeim vöxtum, sem þeir verða að greiða, og það er að mínu áliti mjög eðlilegt, að sá mismunur verði að lokum að greiðast af ríkissjóði, og ekkert við því að segja, þó að það komi einhver greiðsla fyrir landbúnaðinn á þessu sviði, eins og kemur í stórum stíl, er þegar komið og lítur út fyrir að verði enn meira fyrir aðra atvinnuvegi og margvíslegar stofnanir.

Ég skal nú ekki hafa þessi orð fleiri. En að

lokum vil ég endurtaka það, sem ég sagði snemma í þessari ræðu, að ég sé ekki, að það sé mjög mikill eðlismunur, þó að þessi reikningur væri afgreiddur, frá því, sem verið hefur, enda þótt fleiri stofnanir séu óendurskoðaðar af umboðslegu endurskoðuninni en stundum hefur áður verið.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., 9. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir 1959. Meðferð þessa máls hér í þinginu hefur orðið nokkuð óvenjuleg, þar sem það hefur gerzt, að minni hl. hv. fjhn. hefur í fyrsta lagi tafið afgreiðslu þessa máls síðan fyrir jól og leggur nú til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Ég skal í þessu sambandi fyrst rekja hér stuttlega, hvernig háttað er um undirbúning og afgreiðslu reikninga ríkissjóðs og ríkisstofnana. Uppgjör, meðferð og afgreiðsla þessara reikninga er í stórum dráttum á þessa leið:

Í fyrsta lagi er spurningin um það, hvenær eigi að loka þessum reikningum, og hefur sá verið háttur lengi, að reikningum ríkisins er haldið opnum, sem kallað er, langt fram yfir áramót, mánuðum saman og jafnvel fram á sumar. Það er mikilsvarðandi fyrir meðferð fjármálanna og uppgjör þeirra, að reikningum sé lokað sem allra fyrst, og skal ég koma nokkru nánar að því síðar. Í öðru lagi: eftir að reikningunum hefur verið lokað, gengur ríkisbókhaldið frá reikningum og býr út heildarríkisreikninginn. Í þriðja lagi er svo reikningurinn prentaður þannig. Í fjórða lagi koma svo til yfirskoðunarmenn Alþingis, þessir þrír trúnaðarmenn, sem Alþingi kýs til þeirra starfa. Þeir fara yfir reikningana, kanna þá og gera sínar athugasemdir. Í fimmta lagi eru svo þessar athugasemdir yfirskoðunarmanna sendar til fjmrn., sem ýmist semur eða annast um, að í hlutaðeigandi ráðuneytum og ríkisstofnunum séu samin svör við athugasemdum yfirskoðunarmanna. Í sjötta lagi fá svo yfirskoðunarmenn svör við sínum athugasemdum og gera tillögur út af þeim. Þær tillögur eru, eins og hv. þm. vita, með ýmsum hætti. Stundum telja yfirskoðunarmenn, að athugasemd þeirra sé fullnægt með svarinu, stundum segja þeir, að aths. og svarið sé til eftirbreytni framvegis, stundum segja þeir, að þetta sé til athugunar framvegis, stundum til viðvörunar framvegis, stundum að svo búið megi standa og loks vísa þeir stundum málinu til aðgerða Alþingis. Í sjöunda lagi, þegar svo athugasemdir, svör og tillögur yfirskoðunarmanna liggja fyrir, þá er þetta allt saman prentað og gengið frá reikningnum prentuðum í heild. Það eru samin tvö frumvörp í sambandi við hvern ríkisreikning, annað frv. til samþykktar á ríkisreikningnum, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, og hitt frv. til fjáraukalaga, ef þess gerist þörf, og fjáraukalögin eru jafnframt samin eftir tillögum yfirskoðunarmanna. Í áttunda lagi eru svo frv. til samþykktar á ríkisreikningi og frv. til fjáraukalaga ásamt ríkisreikningnum sjálfum prentuðum með athugasemdum og svörum og tillögum lögð fyrir Alþingi til samþykktar og afgreiðslu. Þetta er í stórum dráttum gangur þessara mála.

En hvernig hefur svo þessum málum verið háttað að undanförnu varðandi tímann, sem þetta allt tekur? Sá siður hefur verið í landi voru um langan aldur, að óhæfilega langur tími hefur liðið frá lokum reikningsárs og til endanlegrar afgreiðslu Alþingis á ríkisreikningnum. Ef litið er yfir síðustu 30 ár eða síðustu 30 ríkisreikninga eða réttara sagt frá árinu 1928—57, þá lítur dæmið þannig út, að 4 þessara reikninga hafa verið afgreiddir á öðru ári eftir reikningslok, 19 þeirra hafa verið afgreiddir á þriðja ári og 7 þeirra ekki verið afgreiddir fyrr en á fjórða ári, eftir að reikningsárinu lauk. Ef við lítum á síðasta áratuginn, kemur það í ljós, að reikningurinn hefur yfirleitt ekki verið afgreiddur fyrr en á þriðja ári eftir reikningslok. Þannig er t. d. með ríkisreikninginn fyrir 1950, að hann er ekki afgreiddur frá Alþingi fyrr en í ársbyrjun 1953. Reikningurinn fyrir 1951 er afgreiddur 1954, ríkisreikningurinn 1952 er afgreiddur á árinu 1955, reikningurinn 1953 er afgreiddur á árinu 1956, reikningurinn 1954 er afgreiddur á árinu 1957, reikningurinn 1955 afgreiddur á árinu 1958 og reikningurinn 1956 á árinu 1959. M. ö. o.: öll þessi ár tekst ekki fyrr en á þriðja ári eftir reikningslok að afgreiða ríkisreikninginn endanlega og fá endanlega kvittun Alþingis að þessu leyti.

Það er auðvitað hverjum manni ljóst, sem við fjármál fæst, að svona búskapur og svona reikningshald á engan rétt á sér. Ég ætla, að hvert einasta fyrirtæki í landinu, sem vill teljast rekið sæmilega, reyni að gera upp sína reikninga og hafa þá tilbúna og endanlega afgreidda á fyrsta ári eftir lok reikningsárs og sem allra fyrst á því ári. Ég ætla, að þetta sé nokkurt einsdæmi í okkar þjóðfélagi, sá ósiður, sem þannig hefur komizt á og hefur blómgazt svo vel síðasta áratuginn, að aldrei hefur tekizt að afgreiða reikninginn fyrr en á þriðja ári.

Hvers vegna er æskilegt að koma betri skipan á þetta og afgreiða reikningana fyrr? Til þess liggja að sjálfsögðu ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi er það auðvitað sjálfsagður búskapur, það eru engir búskaparhættir að liggja þannig árum saman á reikningum, áður en þeir eru endanlega afgreiddir. Í öðru lagi er fyrir allan almenning í landinu, sem vill fylgjast með fjármálum ríkisins, nauðsynlegt, að hann fái að vita nokkuð um tekjur og gjöld ríkisins sem allra fyrst. Og í þriðja lagi fyrir alþm. og ekki sízt fyrir fjvn. er það auðvitað nauðsynlegt, að þegar verið er að undirbúa og samþykkja fjárlög fyrir næsta ár, þá liggi fyrir ríkisreikningurinn með athugasemdum yfirskoðunarmanna, svörum og tillögum þeirra. Þannig á það auðvitað að vera, að ríkisreikning-

urinn sé ekki aðeins tilbúinn, heldur endanlega afgreiddur frá þingi, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, að gert sé, á næsta ári eftir reikningslok.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð 20. nóv. 1959, taldi ég nauðsynlegt þegar í stað að hefjast handa um að bæta úr þessu ástandi, og áður en nóvembermánuður var á enda, hafði ég rætt ýtarlega við þá þrjá embættismenn, sem aðallega fjalla um þessi mál, en það eru ráðuneytisstjóri fjmrn., ríkisendurskoðandinn og ríkisbókarinn, og ég hafði falið þeim að gera um það áætlun og ráðstafanir, að hægt væri að kippa þessu í lag. Þeir gerðu síðan sína áætlun og athuganir á þessu máli, og þá voru ákveðnar ráðstafanir í þá átt að lagfæra þetta. Í desemberbyrjun það ár ræddi ég við yfirskoðunarmenn Alþingis til þess að fá liðsinni þeirra til þess að hraða afgreiðslu ríkisreikninganna. Þeir tóku þeirri málaleitun mjög vel og skiluðu sínum athugasemdum og tillögum strax og nokkur tök voru á, eftir að reikningarnir lágu fyrir. Og hver hefur svo orðið árangurinn af þessu? Hver hefur orðið árangurinn af þessari viðleitni? Hann var í fyrsta lagi sá, að á síðasta ári var reikningum ríkisins og ríkisstofnana lokað fyrr en venja er til, að ríkisbókhaldið hafði tilbúna reikningana fyrr en venja hafði verið, að prentunin tók styttri tíma, að yfirskoðunarmenn tóku miklu fyrr til starfa en áður og luku störfum sínum á skömmum tíma. Árangurinn af þessari viðleitni hefur orðið sá, að á síðasta ári, 1960, tókst að ljúka og leggja fyrir Alþingi ríkisreikninga fyrir þrjú ár, fyrir árin 1957, 1958 og 1959. Fyrri tveir reikningarnir gengu greiðlega í gegnum Alþingi og voru lögfestir. Sá þriðji, fyrir árið 1959, var lagður fyrir í nóvember. Átti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að unnt væri að afgreiða hann fyrir áramót, og tók ég það fram við umr. í Alþ., að ég óskaði eftir því og beindi því til hv. nefnda og alþm., að lögin yrðu afgreidd fyrir jól.

Þá gerist það, að hv. minni hl. fjhn. neitaði að afgreiða reikninginn fyrir jól, og þar sem fáir dagar voru þá eftir og miklar annir í þingi, frestaðist reikningurinn af þessum sökum. Og nú sem sagt hafa þessir tveir hv. þm. í minni hl. fjhn. lagt til, að reikningnum sé vísað frá, og er það einsdæmi, að ég ætla, í þingsögunni.

Nú er það svo, að eitt atriði í þessum efnum er notað sem átylla fyrir þessari furðulegu afstöðu hv. þm., og það eru störf ríkisendurskoðunarinnar. Ríkisendurskoðunin hefur nú starfað um alllangt skeið, og er endurskoðun hennar fólgin í því eða þannig háttað í stórum dráttum, að það er endurskoðun eftir á. Ég vil biðja hv. þm. að gera sér grein fyrir því, að endurskoðun getur verið ýmist þannig, að það er fyrir fram endurskoðun, reikningar og greiðslur eru endurskoðaðar, áður en þær eru inntar af hendi. Það er sú endurskoðun, sem að sjálfsögðu er áhrifamest og sú, sem þyrfti að koma á hjá ríkissjóði og í sem flestum ríkisstofnunum. Í öðru lagi er svo endurskoðun jafnóðum, eins og er sums staðar, en hún er aðallega fólgin í því, að sem allra fyrst, eftir að reikningar hafa verið greiddir, þá eru þeir endurskoðaðir, en þó ekki fyrr en eftir að greiðslan hefur farið fram. Loksins og í þriðja lagi er sú endurskoðun, sem hefst ekki fyrr en eftir að reikningsárinu er lokið. Þessi eftiráendurskoðun er almenna reglan og hefur verið almenna reglan hjá ríkisendurskoðendum. M. ö. o.: í þessu tilfelli er það ekki fyrr en eftir árslok 1959 og eftir að reikningar hinna ýmsu stofnana liggja fyrir, sem ríkisendurskoðunin hefur þessa starfsemi sína.

Nú hefur verið þannig um síðasta áratug, að ríkisendurskoðunin hefur verið oftast mörg ár á eftir með einstaka reikninga og einstakar stofnanir. Á fyrri hluta þessa síðasta áratugs var svo komið, að endurskoðun margra stofnana var mörg, mörg ár á eftir tímanum. Á síðustu árum hefur þetta þó færzt mjög í betra horf en áður. Nú er það þannig, að þegar yfirskoðunarmenn fengu reikninginn til yfirskoðunar, þá átti ríkisendurskoðunin eftir að endurskoða hjá allmörgum stofnunum og allmarga reikninga, og vegna þess kemur hv. minni hl. fjhn. og segir: Þar sem reikningurinn er óendurskoðaður, þá er ekki hægt að afgreiða hann, og við leggjum til, að honum sé vísað frá með rökstuddri dagskrá.

Nú vil ég upplýsa það í fyrsta lagi, að það hefur aldrei komið fyrir, að ríkisendurskoðunin hafi verið búin að ljúka endurskoðun á reikningum allra stofnana og sjóða, áður en frv. hefur verið lagt fyrir Alþingi eða afgreitt, ekki eitt einasta ár. Og það hefur aldrei komið fyrir, að ríkisendurskoðunin hafi verið búin með þessa endurskoðun í öllum greinum, áður en Alþingi afgreiddi reikninginn, og því hefur aldrei verið hreyft á Alþingi fyrr, að þessar ástæður eigi að valda því, að frestað sé samþykkt á ríkisreikningi. Þetta eru auðvitað tylliástæður einar. Og nú gæti maður sagt sem svo, ef hér væri nýliði á ferð, að þetta væri skiljanlegt, að honum fyndust þetta einkennileg vinnubrögð. En þegar maður gætir þess, að hv. frsm. minni hl., hv. 1. þm. Norðurl. v., hefur lengi átt sæti á Alþ. og hann hefur átt sæti í 21 ár í fjhn. þessarar deildar og í þetta 21 ár hefur hann á hverju einasta ári fjallað um ríkisreikning, að hver einasti af þessum rúmlega 20 ríkisreikningum hefur ekki að fullu verið umboðslega endurskoðaður af ríkisendurskoðuninni, að hann hefur aldrei í þessi rúm 20 ár hreyft aths., hvernig stendur þá á því, að þessi hv. þm. kemur nú eins og álfur út úr hól og heimtar, að reikningnum sé frestað, vegna þess að hinni umboðslegu endurskoðun sé ekki lokið? Hvað veldur því, að þessi hv. þm. eftir sína 21 árs setu í fjhn. og eftir að hafa fjallað á hverju einasta ári um ríkisreikning finnur þetta nú allt í einu út?

Ríkisendurskoðunin er ekki seinna á ferð nú en áður. Að sumu leyti er hún fyrr á ferð. Í grg., sem ríkisendurskoðandi hefur látið í té, segir hann m. a.:

„Því er svo farið, að yfirskoðunarmenn geta unnið sín störf og lokið þeim, án þess að ríkisendurskoðunin hafi lokið sínum. Störfin eru ekki að neinu leyti tengd á þann hátt, að

þau bindi hvort annað. Allar leiðréttingar, sem gerðar eru eftir aths. og úrskurðum ríkisendurskoðunarinnar, fara fram á því ári, sem þær eru gerðar. Þær ná ekki árinu, sem reikningurinn er yfir, meðan endurskoðunin fer fram eftir á. Þær koma að jafnaði á næsta reikningsár á eftir eða stundum næstnæsta."

Og nú er því þannig varið, að þó að ríkisendurskoðunin hefði verið búin með endurskoðun á öllum reikningum og stofnunum, áður en yfirskoðunarmenn luku sínu starfi, þá hefðu þær athugasemdir, sem ríkisendurskoðunin gerði, eða leiðréttingar ekki getað komið inn í reikninginn 1959. Þar sem endurskoðun er eftir á, hljóta allar leiðréttingar, sem til koma eftir tillögum eða athugun ríkisendurskoðunar, að koma inn í næsta ríkisreikning. Það er því hrein fásinna að ætla sér að fresta afgreiðslu ríkisreiknings af þessari ástæðu.

Hitt er svo allt annað mál, að starfi og tilhögun ríkisendurskoðunarinnar þarf að breyta. Ég gat þess, að fyrirframendurskoðun, þ. e. a. s. áður en reikningarnir eru greiddir eða innheimtir, að slík fyrirframendurskoðun væri sú æskilegasta. Slík endurskoðun fer aðeins fram í einni grein ríkisstarfseminnar, og það er tollendurskoðunin. Áður en tollreikningar eru greiddir, innheimtir, fer ríkisendurskoðunin yfir þá alla saman. Í öðru lagi mun endurskoðun, sem kölluð er jafnóðum, þ. e. a. s. fer fram strax að loknum greiðslum, eiga sér stað nú hjá tveimur stofnunum, Tryggingastofnun ríkisins og Landssímanum. Varðandi aðrar stofnanir, sjóði, fyrirtæki fer endurskoðunin ekki fyrr fram eða hefst ekki fyrr en eftir að reikningsárinu er lokið og reikningur hefur verið gerður. Þetta atriði hef ég margsinnis og ýtarlega rætt við ríkisendurskoðandann, sem hefur mikinn áhuga á því og hefur haft í mörg ár, að þessu megi breyta, því að hann hefur margsinnis tekið fram, að hin áhrifamesta endurskoðun og sú, sem hefur verulega þýðingu, er fyrirframendurskoðun. En til þess að svo mætti verða, hefur aðbúnaður að ríkisendurskoðuninni ekki verið nægilega góður undanfarin ár. Nú er að því unnið að breyta þessu. M. a. þarf að sameina bókhald og sjóði ýmissa stofnana, sem nú eru mjög dreifðir, til þess að þetta sé mögulegt, og að því er unnið að breyta starfsháttum ríkisendurskoðunarinnar þannig, að hún geti orðið sem mest fyrirframendurskoðun. Ég skal taka það fram, að vitanlega tekur þetta tíma, kostar töluverða fyrirhöfn, ef til vill einhvern aukinn mannafla. En auk þess má gera ráð fyrir, að ákaflega örðugt verði að koma í kring slíkri fyrirframendurskoðun utan Reykjavíkur.

Þegar málin liggja svo fyrir, eins og ég nú hef greint, að það hefur aldrei mér vitanlega verið talið neitt skilyrði fyrir afgreiðslu ríkisreiknings, að hinni umboðslegu endurskoðun, sem oft er mörg ár á eftir tímanum, væri lokið, og að hv. frsm. minni hl. hefur í 21 ár, sem hann hefur átt sæti í fjhn. og hefur haft ríkisreikninginn til meðferðar, aldrei hreyft þessari aths., aldrei dottið það í hug, þá verður manni að spyrja: Hvað veldur því, að þessi hv. þm. og hv. 3. þm. Reykv., liðsmaður hans í þessu efni, leyfa sér slíka framkomu? Ef það er, eins og manni skilst, óhafandi og jafnvel ósæmandi að afgreiða þennan ríkisreikning, vegna þess að hinni umboðslegu endurskoðun sé ekki að fullu lokið, þá hefur það náttúrlega verið hin mesta hneisa undanfarin 20 ár að gera þetta á hverju reglulegu þingi og hv. frsm. minni hl. er þá vissulega sekur og ekki minnst þingmanna, vegna þess að hann hefur mesta reynslu allra núlifandi þm. um setu í fjhn. og auk þess, að ég ætla, ákaflega oft verið frsm. n. um afgreiðslu ríkisreikninganna. Enn fremur ber þess að gæta, að fjáraukalögin fyrir árið 1959 voru lögð fram hér fyrir jól og afgreidd athugasemdalaust. Ef ekki má afgreiða ríkisreikninginn, þá mátti ekki fremur afgreiða fjáraukalögin, sem vissulega eru algerlega byggð á ríkisreikningnum. Hv. þm. hreyfði ekki einni aths. í þá átt.

Nei, það hljóta að vera einhverjar annarlegar og sérstakar ástæður fyrir því, að hv. þm. tekur nú þessa furðulegu afstöðu. Ég hef aðeins komið auga á tvær ástæður. Ég skil það út af fyrir sig vel, að jafnvanafastur og íhaldssamur maður og hv. frsm. minni hl. kunni því illa, að nú sé verið að breyta út af þeim gamla, góða vana að afgreiða ríkisreikninginn ekki fyrr en eftir 3 eða 4 ár. Hans smekk virðist þannig farið, að hann hafi ekki mikla lyst á nýmeti, heldur vilji helzt, að farið sé svolítið að slá í reikninginn, áður en hann er borinn á borð fyrir hv. þingmenn. Út af fyrir sig skilur maður, að vanafesta og fastheldni hv. þm. ráði hér nokkru. En önnur ástæðan kynni að vera sú, að hann haldi, að ríkisstj. fái eitthvert lof fyrir það að koma reglu á þessa hluti og afnema það ófremdarástand, vil ég segja, sem í þessum efnum hefur ríkt. Í rauninni hefur einn liðsmaður hv. þm., þingfréttaritari Þjóðviljans, tekið skýrt fram, að þetta sé aðalhugsunin, því að hann talar um það tvívegis í Þjóðviljanum ekki alls fyrir löngu, að skrautfjöðrin í hatti fjármálaráðherrans sé eitthvað illa farin, vegna þess að ríkisreikningurinn hafi ekki fengizt afgreiddur. Þarna er komin játning á því, sem væntanlega liggur hér á bak við. Hv. þm. og stjórnarandstæðingar, a. m. k. þeir, sem honum fylgja að málum í þessu, virðast telja, að með því að kippa þessum málum í lag og láta ríkið gera upp sín fjármál og afgreiða sína reikninga, eins og í rauninni hvert heiðarlegt fyrirtæki vill gera, — hv. þm. virðist vera eitthvað hræddur um, að stjórnin fái einhverja fjöður í sinn hatt. Ef þetta er aðalástæðan fyrir tilburðum hans hér, þá má vel vera, að þetta sé mannlegt, en stórmannlegt er það ekki. Og myndarlegra hefði verið fyrir þennan hv. þm. að styðja drengilega að þeirri umbótaviðleitni í þessum efnum, sem nú er reynt að hafa um hönd.

Þessir hv. þm. í minni hl. flytja hér tillögu, sem þeir kalla að rökstuddri dagskrá. Ég hef sjaldan, ef nokkurn tíma á mínum þingferli séð dagskrá, sem er jafnórökstudd og sneydd rökum og þessa. Og ef þessir hv. þm. sjá ekki

sóma sinn í því að taka þessa órökstuddu dagskrá aftur, þá legg ég til, að hún verði felld og frv. samþykkt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. (JPálm), sem er yfirskoðunarmaður ríkisreikninga, flutti ræðu um þetta mál, seinast þegar það var hér á dagskrá. Hann nefndi m. a. í ræðu sinni ríkisstj., sem sat hér 1959 og hann studdi, og hann komst svo að orði, að þessi stjórn hefði verið að fleyta þrotabúi. Ég verð nú að segja það, að ég hef aldrei heyrt slíka öfugmælavísu fyrr frá hv. þm. Það er alkunnugt, að sú stjórn tók við verulegum greiðsluafgangi frá þeirri stjórn, sem áður var, og notaði hann til að fleyta sér yfir árið 1959.

Hv. þm. nefndi það einnig í ræðu sinni, eins og hann hefur gert stundum áður, að tekjur og gjöld útflutningssjóðs hefði átt að telja með tekjum og gjöldum ríkissjóðs. Þetta hefur vitanlega ekki við nein rök að styðjast og allir útreikningar og talnalestur hans í sambandi við það því alveg út í hött. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, vegna þess að ég tel mjög vafasamt, að það sé nokkur hv. þdm. annar, sem lítur eins á þetta mál. A. m. k. er það kunnugt, að núv. hæstv. ríkisstj., sem hann styður, og einnig fyrrv. hæstv. ríkisstj., sem hann studdi sömuleiðis, líta allt öðruvísi á þetta. Um það vitnar ríkisreikningurinn, sem hér liggur fyrir.

Annars þótti mér gott að heyra það í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., yfirskoðunarmannsins, að mér virtist hann vera mér sammála um, að það væri ekki það lag á þessum hlutum með endurskoðunina sem þyrfti að vera, tölulega endurskoðunin væri langt á eftir, og hann sagði, að það hefði verið skoðun yfirskoðunarmanna, að tölulegri endurskoðun ætti að vera lokið, þegar reikningurinn væri afgreiddur. Það kom þarna fram, að hann er mér alveg sammála um þetta, og ég vænti þess, því að hann er endurskoðandi áfram, að hann og félagar hans vinni þannig að þessu, eins og vera ber, að þeir leggi ekki ríkisreikning fyrir Alþ., fyrr en endurskoðun hans er lokið. Það eiga þeir vitanlega ekki að gera, og hæstv. fjmrh. hefur ekkert yfir þeim að segja, hinum þingkjörnu endurskoðendum, þeir eru kosnir af Alþingi og eru þess starfsmenn, en ekki ráðuneytisins.

Hæstv. fjmrh. flutti hér ræðu áðan, og var þá útsynningur í deildinni, alveg eins og úti. Hann sagði, að við í minni hl. fjhn. hefðum tafið afgreiðslu ríkisreikningsins fyrir áramótin. Reikningurinn var ekki afgr. þá vitanlega fyrir það, að það var alls ekki tímabært að afgreiða hann og ekki hægt, málið var þannig undirbúið af hálfu fjmrn., að það var ekki sæmilegt að afgreiða reikninginn, og það er ekki heldur enn.

Hæstv. ráðh. fór að rekja gang reikningsfærslunnar og endurskoðunar í ráðuneytinu og sagði í fyrsta lagi, í öðru lagi o. s. frv. og taldi upp átta atriði, en honum yfirsást þarna hrapallega, því að hann sleppti úr einum þýðingarmiklum lið, sem hann átti þó ekki að gleyma. Hann nefndi aldrei endurskoðunardeildina í fjmrn., sem hefur miklu hlutverki þarna að gegna samkvæmt landslögum og ber skylda til að endurskoða reikninginn og skila endurskoðunarskýrslu til hinna þingkjörnu endurskoðunarmanna, til þess að þeir geti látið sína umsögn um reikninginn í té til Alþingis. Hann sleppti þessu alveg. En hann er einmitt sjálfur húsbóndi yfir þessari endurskoðunardeild, hún heyrir undir hans ráðuneyti. Hann segir, að það hafi óhæfilega langur tími liðið frá lokum reikningsárs að undanförnu til endanlegrar afgreiðslu ríkisreiknings á Alþ. Það hefur orðið dráttur á afgreiðslu reikningsins, og það er einmitt vegna þess, að það hefur verið beðið eftir því, að endurskoðun reikninganna væri lokið, og það hefur staðið fyrst og fremst á endurskoðuninni í fjmrn. Það hefur ekki staðið á því að gera upp ríkisreikninginn í ríkisbókhaldinu.

Eins og ég hef áður gert grein fyrir og öllum er kunnugt, hefur það verið þannig um mörg ár, að á hverju fjárlagaþingi höfum við fengið ríkisreikning síðasta árs í hendur til þess að hafa hann til hliðsjónar við undirbúning fjárlagaafgreiðslu og annarra fjármála. Þetta er öllum kunnugt. Það hefur ekki staðið á því. En það, sem hefur valdið drættinum á því, að ríkisreikningurinn væri endanlega afgr. á þingi, er endurskoðunin, hún hefur verið langt á eftir. Það er því alveg út í hött, þegar hæstv. ráðh. var að tala um, að þingmenn þurfi við undirbúning fjárlaga að hafa reikning síðasta árs til hliðsjónar. Þetta hafa þeir haft um fjölda undanfarinna ára á hverju fjárlagaþingi. Svo spyr hann: Hver hefur orðið árangur af viðleitni núv. ríkisstj. til þess að flýta þessu? Árangurinn er ekki enn meiri en það, að endurskoðuninni er enn ólokið. Ég er ekkert að ásaka þá sérstaklega fyrir það. Það hefði sjálfsagt kostað aukin útgjöld, aukinn mannafla í endurskoðunardeild fjmrn., ef þessu hefði verið flýtt svo, að endurskoðun reikningsins fyrir 1959 væri nú að fullu lokið.

Það hefði vitanlega ekki verið nokkur vandi að afgr. ríkisreikning fyrr á undanförnum árum en gert hefur verið, ef það hefði þótt rétt að afgr. óendurskoðaða reikninga. Þá hefði verið hægt á hverju einasta þingi að samþ. hér ríkisreikning fyrir næstliðið ár. Þetta hefur bara ekki verið gert.

Hæstv. ráðh. segir, að það sé einsdæmi að leggja til, að reikningi sé vísað frá. Það er áreiðanlega einsdæmi, að ríkisreikningur sé lagður fyrir Alþ. að svo miklu leyti óendurskoðaður eins og þessi núna. Hann talar um endurskoðun eftir á í fjmrn. Ég veit ekki betur en sú endurskoðun, sem allir hinir þingkjörnu yfirskoðunarmenn framkvæma, sé líka eftir á.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það hefði aldrei komið fyrir, að ríkisendurskoðun hafi verið búin að ljúka endurskoðun, þegar reikningur var afgr. á Alþ. Þetta fær alls ekki staðizt, og ég sé ekki ástæðu til að eyða tíma í að endurtaka það, sem ég sagði í minni framsöguræðu. Ég rakti þar gang mála síðasta áratuginn. Ég

minnist þess, að á árunum um og fyrir 1950, þeim árum, þegar flokksbræður hæstv. núv. fjmrh. fóru með yfirstjórn fjármálanna, þá var oft rætt um þetta á Alþ. hvað endurskoðunin væri langt á eftir, og ég get búizt við því, að á þeim árum hafi menn samþykkt hér ríkisreikning, þó að endurskoðun hafi ekki verið að fullu lokið. En þó að slíkt hafi komið fyrir, þá er það sízt til fyrirmyndar. Síðan var þessu að verulegu leyti kippt í lag, og eins og ég gat um í minni framsöguræðu, þá er það svo um ríkisreikningana fyrir 1951, fyrir 1953, 1954, 1955 og 1956, að þá er engin athugasemd við reikningana frá yfirskoðunarmönnum hinum þingkjörnu um það, að ólokið sé hinni tölulegu endurskoðun í fjmrn., — engin athugasemd um það. Og það er algerlega rangt, sem hæstv. ráðh. heldur fram, að þessir reikningar hafi verið afgr. án þess, að endurskoðun væri lokið. Að minnsta kosti hefur alþm. þá ekki verið kunnugt um það. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að hinir þingkjörnu yfirskoðunarmenn hafi gætt svo skyldu sinnar, að þeir hefðu látið þess getið, þegar þeir afgr. reikningana til Alþingis, ef hinni umboðslegu endurskoðun hefði þá verið ólokið. Ég er ekki í vafa, að þeir hefðu gert það. Þessi fullyrðing hæstv. ráðh. fær því alls ekki staðizt, frekar en margt annað af því, sem hann var hér með áðan. Dráttur inn, sem orðið hefur, er einmitt vegna þess, að það hefur verið beðið eftir því, að endurskoðun væri lokið, og það er það, sem á að gera. Hitt er sjálfsagt, að reyna að flýta endurskoðuninni eins og hægt er, og þar ætti hæstv. núv. fjmrh. að sýna sinn dugnað. Það er einmitt stofnun, sem hann ræður yfir, endurskoðunardeildin í fjmrn., sem hér stendur á og hefur verið beðið eftir undanfarin ár. Hann er húsbóndi þar, og þar á hann að koma fram endurbótum, til þess að hægt verði að afgr. ríkisreikninginn eftirleiðis fyrr en verið hefur.

Það er bara tilgáta út í loftið hjá hæstv. ráðh., að ég sé á móti því að afgr. reikninginn núna fyrir það, að ég óttist, að núv. stjórn fái eitthvert lof í sambandi við málið. Hún getur aldrei hlotið neitt lof fyrir það eða hæstv. fjmrh. að knýja fram samþykkt á ríkisreikningi hér, sem er ekki tímabært að samþykkja, vegna þess að endurskoðun hans er að miklu leyti ólokið. En jafnvel þótt svo væri, að stjórnin gæti fengið einhverja viðurkenningu í sambandi við afgreiðslu á ríkisreikningi, þá mundi það hrökkva skammt á móti öllu öðru, sem er á hinn veginn. Ég mundi ekkert sjá eftir því, og ég mundi þvert á móti fagna því, ef hæstv. núv. fjmrh. yrði sá maður að koma þessu í betra lag, jafnvel þó að þyrfti einhverju til að kosta við aukið mannahald í fjmrn., að koma endurskoðuninni þar í það horf, að það þurfi ekki að bíða árum saman eftir henni með afgreiðslu á ríkisreikningi.

Ég þykist nú alveg vita það, að ýmsir í stuðningsliði hæstv. fjmrh. sjái, að það sé alveg rétt, sem við í minni hl. höldum fram, að það eigi ekki, það séu óeðlileg vinnubrögð að samþykkja ríkisreikning, fyrr en endurskoðun hans er að fullu lokið. Ég skal ekki segja samt, hvernig fer með afgreiðslu málsins. Það getur vel verið, að þeir geri það fyrir hæstv. fjmrh. að fella okkar rökstuddu dagskrá og samþykkja reikninginn nú þegar. En ég vænti þess, að þetta verði þó til þess, þessar athugasemdir, sem við höfum gert um þetta atriði, að það verði ekki gert framvegis að afgreiða ríkisreikninginn með þessum hætti. Það getur vel verið, að stuðningsmenn hæstv. ráðherra, þó að þeir séu í raun og veru með okkur í þessu máli, fari eftir hans vilja, af því að þeir óttist, að hann verði heldur önugur í sambúðinni að öðrum kosti, og vilji ógjarnan fá útsynning rétt strax aftur í deildina, svipaðan þeim, sem geisaði hér áðan.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara langt út í þessar umr., en ræða hv. 4. þm. Norðurl. v. (JPálm) gefur mér tilefni til þess að segja nokkur orð við afgreiðslu *þessa máls*.

Ég get tekið undir það, sem fram hefur komið hér, að nauðsyn ber til að hraða afgreiðslu ríkisreikningsins eins og auðið er. En það hlýtur að vera réttur skilningur, að því aðeins er um yfirskoðun að ræða af hendi trúnaðarmanna Alþ., að þá sé búin að fara fram sú endurskoðun, sem gert er ráð fyrir að fari fram af hendi ráðuneytisins, því að ef svo væri ekki, þá væri hér ekki heldur um yfirskoðun að ræða.

Það hefur komið fram í grg. frá yfirskoðunarmönnum nú, að endurskoðun af hálfu ráðuneytisins hafi ekki verið eins langt á veg komin að þessu sinni og venja er til, og í flestum tilfellum mun henni að mestu leyti hafa verið lokið, þegar þeir hafa tekið til við sín störf. Þrátt fyrir það, þótt svo væri, urðu þeir yfirskoðunarmenn við ósk hæstv. fjmrh. og hófu sína endurskoðun á ríkisreikningnum. Ég lít svo á, að þeir hafi með þessu brotið þann trúnað, sem hv. Alþ. hefur falið þeim. Endurskoðun þeirra á ekki að vera um það eitt að kreditera hæstv. fjmrh., hún á líka að vera eftirlit með því, að þeir, sem fara með hina umboðslegu endurskoðun, vinni sitt verk. Það er nokkur hætta á því, ef yfirendurskoðun fer fram, áður en því verki er lokið, að þá gæti það dregizt úr hömlu og jafnvel farið svo, að svo að árum skipti yrðu reikningar ýmissa minni háttar fyrirtækja ríkisins ekki endurskoðaðir. Það á að vera hlutverk yfirskoðunarmanna að gæta þess, að umboðsleg endurskoðun fari fram.

Eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. tók fram hér í umr. um daginn, þá er samþykkt ríkisreikningsins á hv. Alþ. nánast kvittun Alþ. fyrir þeim störfum, sem trúnaðarmenn Alþingis, yfirskoðunarmennirnir, eru búnir að inna af hendi. Alþ. á að geta treyst þeim til þess að leggja ekki blessun sína yfir ríkisreikninginn, svo að farið sé fram á það við Alþ., að það samþ. hann, fyrr en lokið er þeim störfum, sem á að vera lokið, áður en yfirendurskoðun fer fram. Þetta á að vera ófrávíkjanlegt atriði, og ósk hæstv. fjmrh. þar að lútandi á ekki að ráða neinu um það. Hv. yfirskoðunarmenn hafa því algerlega

brugðizt því verkefni, sem þeir áttu að leysa fyrir hönd Alþ., með að fara í endurskoðun, áður en undirbúningi var lokið. Um þetta verður ekki deilt, og verður engum til framdráttar, þó að þeir hafi trassað slíkt áður.

Annars var það nánast annað atriði í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., sem kom mér til þess að taka til máls, þó að þetta væri svo sem ærin ástæða til að tala um, því að það er ekki lítið atriði, þegar þeir, sem eru fulltrúar Alþingis gagnvart ríkisreikningnum og eiga að leggja hönd á verkið að síðustu, bregðast svo trúnaði þingsins eins og fram hefur verið tekið. En það var þrotabúið, sem hv. 4. þm. Norðurl. v. var að tala um, og fleira skemmtilegt, sem fram kom í ræðu hv. þm. og ég mun víkja að síðar, sem gaf mér tilefni til að biðja um orðið.

Sá skilningur er almennur hér á Alþ. og alls staðar í þjóðfélagi voru, að þrotabú væri það, sem gæti ekki greitt sínar skuldir, ætti ekki eignir fyrir sínum skuldum og stæði með óreiðu hér og þar. En hver var óreiðan, sem ríkisstj. tók við í árslok 1958? Hún var þessi: 43.5 millj. í greiðsluafgang frá árinu 1958 voru til þess að ráðska með á árinu 1959, þegar búið var að greiða greiðsluhallann frá 1957. Þetta var þrotabúið, sem þessi hv. þm. var að tala um, — og þetta er maður, sem er yfirendurskoðandi ríkisreikningsins, sem heldur öðru eins og þessu fram, — þegar hæstv. ríkisstj. tekur við svo blómlegu búi, að hún nánast lifði á því, því að það var ekki þetta eitt, sem hún fékk í arf frá fyrrv. ríkisstj. til þess að ráðstafa á árinu 1959.

Svo var þessi hv. þm. að tala um, að það hefðu orðið litlar umframgreiðslur á árinu 1959, það hefði nú verið annað en áður hafi verið. Lítum á það.

Árið 1959 voru fjárlög afgreidd hér á hv. Alþ. í lok aprílmánaðar. Ríkisstj. tók við um áramótin og endurskoðaði því fjárlagafrv. á fyrstu fjórum mánuðum ársins, áður en það var afgreitt. Hún fór frá 20. nóv. Er að undra, þó að hún á þessu tímabili eyddi ekki miklu umfram fjárlög, þegar hún fékk fjárlögin afgreidd, þegar fjórir mánuðir voru liðnir af árinu, og sat nánast í sjö mánuði eftir það? Við þetta er svo því að bæta, að hér er 40. aths. endurskoðenda ríkisreikningsins, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eignahreyfingar samkv. 20. gr. hafa farið langt fram úr fjárlögum. Samkv. fjárlögum er gert ráð fyrir 85.8 millj. útgjöldum, en þær námu samkv. ríkisreikningi 238.9 millj."

Hér fannst samt hv. yfirskoðunarmönnum, að þeir þyrftu að gera aths. við, þrátt fyrir það lof, sem hv. þm. sá ástæðu til að bera á hæstv. fyrrv. ríkisstj. fyrir, að ekki hefðu verið neinar umframgreiðslur.

Svo kom hv. þm. að því, sem var það skemmtilegasta í ræðu hv. þm., og það var tal hans um tvöfaldan ríkissjóð. Ég verð að segja það, og það er víst alkunna, að ég hef aldrei gert mikið stáss með núv. hæstv. ríkisstj., enda ekki séð ástæðu til þess, að þar væri neitt til að stássa með. Ég hef hins vegar aldrei ætlað henni verri hlut en fram hefur komið. Mér var það ljóst, þegar hæstv. ríkisstj. sendi Alþ. heim á haustmánuðum 1959, að hún var þá að undirbúa viðreisnina og var með því að senda þm. heim að koma í veg fyrir, að hennar eigin stuðningsmenn yrðu viðstaddir, þegar málið væri undirbúið, svo að þeir ættu ekki kost á því að fylgjast með undirbúningnum og á þann hátt að komast inn í málið. Var öllum ljóst, að þetta var höfuðtilgangur hæstv. ríkisstj., en ekki það að losna við stjórnarandstöðuna. Það þurfti að leyna málinu fyrir stjórnarstuðningsmönnunum, svo að þeir væru ekki til kvaddir, fyrr en málið væri fullundirbúið, og yrðu að gera það upp við sig að fylgja annaðhvort ríkisstj. sinni eða ekki. En hitt hafði mig aldrei grunað, að hæstv. ríkisstj. kæmi þannig fram við sína stuðningsmenn, að hún sendi þeim ekki einu sinni „hvítu bókina", Viðreisn, — ég taldi alveg víst, að hún hefði ekki haft þá þar útundan, þeir hlytu að hafa fengið bókina heim á sín heimili eins og við hinir. En ég heyrði á ræðu þessa hv. þm., að hann hefur a. m. k. ekki lesið bókina, ef hann hefur fengið hana, því að á bls. 31, neðst, stendur þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Hrein útgjaldaaukning ríkissjóðs vegna afnáms útflutningssjóðs nemur því 113 millj. kr." Þetta er að vísu búið að segja oft og mörgum sinnum hér á hv. Alþ. En svo kemur hv. 4. þm. Norðurl. v., yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna, og segir: Áður fyrr voru ríkisreikningarnir tveir og útgjöld ríkisins hafa því lækkað um nærri 900 millj. kr., vegna þess að útflutningssjóður var felldur niður. — En í „hvítu bókinni" stendur: Aðeins 113 millj. af hækkun ríkisgjaldanna 1960 voru vegna þess, að útflutningssjóður var niður lagður. — Annað var það ekki og ekki meira. Hver á svo að trúa því, að þegar yfirfærslugjaldið var hækkað með gengisbreyt. úr 55% í 132%, þá sé minna á þjóðina lagt? Öðrum tollum og sköttum var haldið, sumir nýir á lagðir, og þeir hækkuðu vegna þess, að þeir voru teknir af hærri stofni. Samt getur þessi hv. þm. komið hér á Alþ. og sagt, að raunverulega hafi ríkisútgjöldin lækkað um 900 millj.

Ég verð að segja það, að þegar þannig er á máli haldið og það af manni, sem jafnhliða segir frá því, að hann hafi endurskoðað ríkisreikninginn yfir 20 ár, þá verður manni að hugsa: Ja, endurskoðunin, guð hjálpi mér. — En það var aðeins eitt, sem var þess vert í ræðu þessa hv. þm., að því væri á lofti haldið, — því að þetta er nánast til gamans, að halda því fram, að ríkisútgjöldin hafi lækkað um 900 millj., — það var þetta, sem hv. þm. sagði um sjóði landbúnaðarins. Hann sagði það í sambandi við ríkisábyrgðirnar, sem ég ætla ekki að fara að ræða hér nú, því að þær koma sennilega til umr. hér í hv. deild síðar, að það væri ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður tæki að sér greiðslu á ábyrgðum vegna sjóða Búnaðarbankans. Um þetta höfum við framsóknarmenn lagt fram frv. í hv. Ed. Það mætti mikilli mótspyrnu. Og það er gleðilegt, ef á stjórnarheimilinu er að verða skilningur á réttmæti þessa. Það var það eina, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm., sem merkilegt gat talizt.

Um þetta mál eða ræðu hæstv. fjmrh. ætla ég ekki að segja neitt frekar að sinni, enda hafa því máli svo góð skil verið gerð. En mér finnst, að hv. 4. þm. Norðurl. v. þurfi að átta sig betur á ýmsum hlutum, áður en hann heldur slíka ræðu sem hann flutti hér fyrir nokkrum dögum.

Jón Pálmason: Herra forseti. Þeir hafa nú talað hér tveir hv. fulltrúar Framsfl. og gert miklar athugasemdir út af því, sem ég tók fram í ræðu minni hér um daginn, og eins og vant er kemur það fram hjá þessum hv. þm., að það hafi allt átt að vera í góðu lagi, þegar vinstri stjórnin fór frá í des. 1958. Þeir tala um það sem ægilegar öfgar frá minni hálfu að nefna þrotabú í því sambandi. En þrotabú var það og þrotabú, sem stjórnir þær, sem síðan hafa verið, hafa verið og eru að stríða við. Það var ekki þrotabú í þeim skilningi, að ríkissjóðurinn væri orðinn alveg tómur, enda hefði það verið skárri ósköpin, ef slíkt hefði bætzt ofan á, eftir að þeir voru búnir á 2½ ári að hækka tolla og skatta sem svaraði 1200 millj., miðað við heilt ár, og eftir að þeir voru búnir að auka skuldir ríkisins, aðallega erlendar, um 600 millj. Þrotabú vinstri stjórnarinnar lá í allt öðru, og þess vegna hrökklaðist hún frá við lítinn orðstír. Þrotabúið lá í því, að dýrtíðin flaug upp og stjórnin réð ekki við neitt, og þrotabúið lá í því, að gengi krónunnar var orðið svo gífurlega fallið sem reynslan hefur síðan sannað.

Þetta voru merkin um þrotabú vinstri stjórnarinnar, og úr því að þessir hv. þm. stofna til þess að fara nú enn á ný í þrætu út af því ástandi, sem hefur verið og er og horfur eru á að verði nokkuð lengi, þá get ég ekki látið hjá líða að lýsa því hér yfir, að á þeim dögum, sem ég hef verið á þessu þingi, bæði fyrir jólin og síðan á nýári, hefur gengið alveg fram af mér að hlusta á allar þær rubbræður, sem hér hafa verið fluttar af hv. stjórnarandstæðingum. Þess vegna þykir mér nú ástæða til að taka hér dálítið nánar til athugunar það ástand, sem var, það ástand, sem þessir menn hafa komið á, það ástand, sem þeir skildu við, og fleira.

Hv. síðasti ræðumaður, 3. þm. Vesturl. (HS), var með brigzlyrði í minn garð og okkar yfirskoðunarmanna um það, að við hefðum brugðizt okkar skyldu með því að skila athugasemdum við reikninginn 1959, áður en allri endurskoðun ríkisendurskoðunarinnar væri lokið. Ef við hefðum gert þetta, þá höfum við gert þetta alla tíð og allir yfirskoðunarmenn á undanförnum árum, því að það er alveg rangt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), að það hafi nokkurn tíma skeð á undanförnum árum, að það hafi verið lokið allri endurskoðun. Það kann að vera, að það megi segja það, að við höfum ekki að fullu gegnt okkar skyldu með því að gera ekki alltaf á hverju ári athugasemdir út af þessu. Það er út af fyrir sig rétt, við höfum ekki alltaf gert það. En við vorum lengi tveir okkar hér á Alþ., og í umr. um reikningana höfum við aldrei dregið dul á, að það var mjög mikið eftir af endurskoðun og oft í mörgum stofnunum til margra ára.

Nú er það svo, að ef þetta er trúnaðarbrot frá minni hálfu, þá fellur það ekki síður á minn samstarfsmann, sem ég hef lengst verið með. Annar minn samstarfsmaður, Björn Jóhannesson, fulltrúi Alþfl., hefur verið tiltölulega stuttan tíma, og mætti segja, að það bæri þá ekki sérstaklega að ásaka hann — eða minnst. En ef ég er ásökunarverður sem yfirskoðunarmaður út af þessum hlutum, þá er það ekki síður minn samstarfsmaður, fulltrúi Framsfl., Jörundur Brynjólfsson, sem hefur verið hér á Alþ. lengur en flestir aðrir og lengur forseti í þessari hv. deild en nokkur annar maður fyrr eða síðar, og maður, sem allir vita að er einn af hæfustu mönnum Framsfl., sem setið hafa á Alþ. Ef hægt er að ásaka mig fyrir trúnaðarbrot fyrir að hafa skilað athugasemdum of fljótt þessara hluta vegna, þá er það ekki síður um þennan mann, sem var búinn að vera yfirskoðunarmaður, áður en ég kom að því starfi.

Þá er það þetta, sem hv. síðasti ræðumaður var að tala um sem ógurlegar öfgar frá minni hálfu, að ég tók það fram, að gjöldin hefðu lækkað frá því, sem þau voru á árinu 1959, til fjárl. 1960 um á 9. hundrað millj. kr. Hann sagði nú 900 millj. og bætti þar nokkrum tugum milljóna við það, sem ég tók fram, og allar tölur, sem ég fór þar með, eru réttar. Það er samlagning á gjöldum ríkissjóðs og útflutningssjóðs, sem urðu rúmlega 2300 milljónir, og frá því eru dregnar 1500 millj., sem fjárlögin námu. Ég tók það fram í minni ræðu um daginn, að þessi mismunur, þessar rúmar 800 millj., það var það, sem gengisbreytingin verkaði, því að eins og ég tók þá fram, þá voru á árinu 1959 veittar í útflutningsstyrki á sjávarafurðir um 800 millj. kr., og það var fellt niður. Breytingin að öðru leyti á útgjöldunum var tiltölulega mjög lítil. Hún hefur orðið nokkur síðan, sem eðlilegt er, því að gengislækkun hlýtur alltaf að draga dilk á eftir sér og hafa í för með sér mikla hækkun á ýmsum útgjaldaliðum.

En úr því að ég er út í það kominn að tala við hv. þm. úr stjórnarandstöðunni, sem eru meðal þeirra, sem á þessum vetri hafa haldið hverja ræðuna á fætur annarri til ásökunar núv. ríkisstj. og um það, hvað hafi verið alblómlegt, þegar vinstri stjórnin sáluga skildi við, er rétt að ræða við þá nánar. Þessir andstæðingar núv. stjórnar, sem hér hafa haft sig mest í frammi á þessum vetri, hafa talað mikið um stefnur. Þetta ættu þeir ekki að gera, vegna þess að sumir þessara manna eru stefnulausari menn en hægt er að finna nokkurs staðar annars staðar, og það á þó sérstaklega við framsóknarmennina. Félagar þeirra í kommúnistaflokknum, Alþb., hafa, eins og allir vita, stefnu. Það er rússneska stefnan, það er hinn alþjóðlegi kommúnismi, sem er þeirra stefna, og á síðustu árum hefur hún komið fram hér á Alþingi og í landinu sem hrein niðurrifsstefna, og þegar hún þjappast upp að óreiðustefnu Framsfl., þá er engin furða, þó að faðmlagið sé sterkt. En þessir menn tala sí og æ um stefnu núv. ríkisstj. og kalla hana samdráttarstefnu. Ég er nú

nokkuð kunnugur núv. stjórnarflokkum og þeirra mönnum, og ég þekki þar ekki þessa samdráttarstefnu. Ég þekki engan mann í stjórnarflokkunum, sem hefur þá stefnu að draga saman framkvæmdir, framleiðslu, viðskipti og atvinnu. Áhugi fyrir því og óskir um það eru hvergi fyrir hendi. Allt þetta tal um samdráttarstefnu er þess vegna rugl eitt. Hitt er annað mál, að þeir menn, sem hafa fengið það hlutverk að stríða við það þrotabú, — ég sný ekki frá því orði, — það þrotabú, sem óreiðustefna liðinna ára hefur eftir sig látið, þeir eru auðvitað bundnir við óhjásneiðanleg lífslögmál, eins og það, að sá, sem hefur á allan hátt hagað sér ráðlauslega og hefur farið á hausinn, eins og kallað er, hann verður að breyta um lifnaðarhætti og getur ekki haldið áfram að gana út í hverja vitleysuna annarri verri og hirða ekkert um afleiðingar.

Fyrir 5—6 árum var aðalslagorðið hjá sumum framsóknarmönnum það, að efnahagslíf Íslendinga væri helsjúkt. Þetta var, þegar þeir voru að sundra ríkisstj. Sjálfstfl. og sinni eigin. Þetta var, þegar þeir voru að undirbúa verkfallið mikla 1955 og stofna Hræðslubandalagið fræga. Þá ætluðu þeir að lækna hið helsjúka efnahagskerfi. Þeir töldu sig þeim vanda vaxna að gerast læknarnir og til þess þyrfti að fá hina voldugu samstarfsmenn, kommúnista og Alþfl. Nú skyldi sjúkdómurinn ekki grassera lengur í efnahagskerfi Íslands. Við vitum, hvernig þetta fór. Aldrei fara sögur af slíkri meðferð á neinum sjúklingi. Vinstri stjórnin fékk völd, ekki vantaði það. Hún notaði þau völd til að auka og margfalda allar sjúkdómsorsakir þess sjúklings, sem hún þóttist ætla að lækna og hún taldi helsjúkan áður. Laun og kaupgjald var hækkað í stórum stíl, skattar og tollar hækkaðir á annan milljarð miðað við heilt ár, eins og ég tók áðan fram, skuldir stofnaðar alls staðar þar, sem það var hægt, með einni undantekningu þó, sem ég kem síðar að. Framkvæmdir ríkisins voru stórum auknar, einkum stórar og dýrar byggingar. Eyðslan, óhófið, óreiðan og ráðleysið óx og margfaldaðist. Auðvitað elnaði sjúkdómur þjóðfélagsins að sama skapi. Eftir tveggja og hálfs árs hrakfallagöngu gáfust læknarnir upp. Þeir yfirgáfu sjúklinginn og sögðu: Sjúklingurinn er að deyja. Hann er kominn fram á glötunarbarminn. — Manni fannst, að það hlyti að vera grafarbarmurinn. Manni fannst það, þar sem hinn helsjúki sjúklingur yrði þá að vera jarðaður. Orsakirnar lágu ljóst fyrir. Dýrtíðarmælikvarðinn óx um 17 stig á einum mánuði, skuldir og ábyrgðir vaxnar þjóðinni yfir höfuð og gengi íslenzkra peninga fallið svo ofboðslega, að engin dæmi eru til slíks áður, þó að fyrr hefði verið svart vegna aðgerða sömu manna, þeirra sem úr þeim flokkum voru þá við völdin.

Þegar svona var komið, hlutu aðrir menn að taka við. Þeir menn í þjóðfélaginu, sem helzt er hægt að treysta, hafa stjórnað síðan. Þeir hafa verið, eru og verða að meðhöndla þrotabúið. Að tala um stefnu, þegar svo er komið, er nokkuð hæpið, því að allar fyrri stefnur hafa orðið fyrir áföllum. Það, sem helzt kemur til mála um starfsemi núverandi stjórnar, er að kalla hana bjargráðastefnu.

En það hefur þegar sannazt, sem áður mátti vera kunnugt, að það er dýrt að verða gjaldþrota, það er dýrt, og það er alltaf þægilegra að hleypa hesti sínum út í fenið en draga hann upp aftur. Það fer ekki neitt á milli mála, að ýmsar ráðstafanir núv. ríkisstj. eru neyðarráðstafanir, — það vitum við, — sem var ekki unnt að sneiða hjá. Sú hin stærsta þeirra og alvarlegasta var sú að viðurkenna í verki þann sannleika, að gengi íslenzku krónunnar var fallið svo hroðalega sem kunnugt er. Þetta er í þriðja sinn, sem skráningu okkar krónu er breytt til lækkunar með lögum. 1939, 1950 og 1960 eru ártölin, sem þetta miðast við. Í öll skiptin gerist þessi saga á sama hátt, þótt síðasta hrapið sé mest og hættulegast, enda telja nú fróðir menn, að okkar króna sé komin niður í 6 fullgilda aura eða jafnvel lægra en það.

En hverjir voru það, sem felldu krónuna nú? Það var ekki núv. ríkisstj. Núv. stjórn gerði það eitt að viðurkenna í verki þann sannleika í okkar gengismáli, sem fyrir lá. Það voru aðrar stjórnir, sem voru við völd 1950—59, sem felldu krónuna. Það var óreiðustefnan, og hlutur vinstri stjórnarinnar var þar auðvitað langsamlega mestur. Þegar svo þeir syndaselir, sem mesta sök eiga á þessum ráðstöfunum, tala sig hása og skrifa sig þreytta um það, að núv. stjórn sé að skerða kjör fólksins og beita samdráttarstefnu í öllum framkvæmdum, þá er það andstyggilegra en flest, sem áður hefur heyrzt og sézt. Kjaraskerðing hlaut að verða óumflýjanleg afleiðing af verkum þessara manna. Annað gat ekki skeð. Og ef hún verður ekki meiri en hingað til og enn er orðið, þá gengur það kraftaverki næst. Sama er að segja um framkvæmdir og lánamöguleika. Þar hlutu afleiðingar að fylgja orsökum eins og ævinlega. En vinstristjórnarherrunum þykir ekki nóg komið, þeim þykja ekki enn nógar skuldir. Þeim er ekki nóg, að ríkisábyrgðir eru komnar í 2300 millj. kr. eða jafnmikið og allt sparifé landsmanna, og þeim þykir ekki nóg að vera búnir að koma gengi okkar krónu niður í 6 aura, sem svarar til þess, að 1000 kr. fjárhæð, sem lögð var í banka fyrir 50—60 árum, er ekki meira virði nú en 60 kr. voru þá. Þeir vilja fella gengi krónunnar miklu meira. Það sýnir öll þeirra starfsemi, innan þings og utan. Að tala um aðfarir þeirra, síðan núv. ríkisstj. tók við, og kalla það stefnu, er ekki hægt. Stefnuleysi er sanni nær. Fullkomið ábyrgðarleysi er þó réttasta orðið. Ég hef til glöggvunar skrifað hér niður hjá mér aðalútdráttinn úr ræðum og greinum þessara manna síðustu 10—12 mánuðina. Sú formúla er í aðalatriðum á þessa leið:

Allar aðgerðir núv. stjórnar til uppgerðar á þrotabúi vinstri stjórnarinnar telja þessir menn óþarfar, en hægt að halda áfram hinni fyrri stefnu með þrotlausum ríkisuppbótum á alla framleiðslu, áframhaldandi vísitöluskrúfu, launahækkunum, auknum framkvæmdum á öllum sviðum. Þannig tala fulltrúar Alþb., og þannig tala sumir framsóknarmennirnir, — ég

segi sumir, því að þeir eiga þar engan veginn allir óskilið mál. Þeir tilbiðja heimskuna til að vekja óánægju í öllum stéttum og lofa öllum betri kosti. Við verkamenn og sjómenn segja þeir: Þið verðið að fá hærra kaup, styttri vinnutíma, meiri frí. — Þeir spana þessa menn til verkfallsuppreisna og eru nú í þann veginn að stöðva alla útgerðina í byrjun vertíðar, þegar einna bezt lítur út með veiðiföng. Við fastlaunamenn segja þeir: Þið verðið að fá miklu hærri laun til að geta lifað mannsæmandi lífi. — Ég hef ekki heyrt kröfuna þar um styttri vinnutíma, enda er það svo, að flestir fastlaunamenn hafa þetta 5—7 tíma vinnu á dag og margir þeirra hafa frí þriðja hvern dag á árinu. Við útgerðarmenn segja vinstristjórnarherrarnir: Þið verðið að fá hærra afurðaverð. Ríkið verður að greiða uppbætur. — Sama segja þeir við bændur. Verzlanirnar verða að fá hærri álagningu, segja þessir menn, og þeirri kröfu er einkum hampað í kaupfélögum landsins. Við alla landsmenn segja þessir menn: Þið verðið að fá lægri skatta og tolla og útsvör, lægra verð á neyzluvörum, lægri vexti, meiri lán og miklu meiri framkvæmdir í sveitum og kaupstöðum. Þetta er það, sem þessir menn hafa verið að útmála, ræðu eftir ræðu, dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, síðan núv. ríkisstj. tók við. Allt er þetta sá boðskapur, sem dunið hefur í eyrum þings og þjóðar síðustu mánuði og allt frá sömu mönnum, sem fyrir 5—6 árum lofuðu að lækna okkar helsjúka efnahagskerfi, en steyptu því fram á gjaldþrotsbarminn.

En nú er ástæða til að spyrja. Er þetta nokkuð nýtt? Er ekki þetta sama, sem alltaf fylgir ábyrgðarlausum valdastreitumönnum, og þar eru framsóknarmenn og kommúnistar fremstir í flokki? Vissulega er þetta ekki nýtt. Þetta er sami boðskapurinn og þessir menn sumir fluttu 1949, þegar þeir voru að sundra ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar og stofna til eins hins óþarfasta og fráleitasta þingrofs, sem sagan geymir, og þetta er sami boðskapurinn, sem flestir þessir sömu menn fluttu 1955 og 1956, þegar þeir voru að spana til verkfallsins mikla og undirbúa mestu óreiðustjórn, sem nokkru sinni hefur starfað á Íslandi.

Ég minntist hér á atburðina árið 1949, þegar ríkisstj. Stefáns Jóhanns var við völd. Auk margs annars var þar lagt allt kapp á að takmarka innflutning sem allra mest, svo að ríkissjóður fengi sem minnstar tekjur að spila úr, og þá var það fjármálaráðherrann þáv., Jóhann Þ. Jósefsson, sem var aðalskotmarkið hjá þessum mönnum, sem gerðu á allan hátt tilraunir til að sprengja þessa stjórn. Og þessi iðja bar árangur. Stjórninni var sundrað, þingrof og kosningar fóru fram. Eitt ár mátti ekki líða, þar til kosningar áttu að verða. Hlutföllin í þingi breyttust lítið, en eftir kosningar var ekki hægt að mynda þingræðislega meirihlutastjórn. Það ráð var því tekið, að stærsti flokkurinn, Sjálfstfl., myndaði flokksstjórn í minni hl. Hún vann mikið verk á stuttum tíma og lagði fyrir Alþingi tillögur um víðtækar ráðstafanir. En hún fékk engan frið til að framkvæma sínar tillögur. Framsóknarmenn fluttu vantraust á stjórnina og fengu það samþykkt. Stjórnin fór frá. En samvinnuhugur, drengskapur og góðvilji sumra sjálfstæðismanna gengur stundum á ýtrustu mörk. Í þetta sinn varð endirinn sá, að þeir gengu til samvinnu við Framsfl. og undir þeirra forustu til að framkvæma þær ráðstafanir, sem framsóknarmenn fluttu sitt vantraust út af og flokksstjórnin féll á. Framsóknarmenn náðu sínu aðaltakmarki, því að gera Eystein Jónsson að fjmrh. Það var hann síðan í nærri 9 ár og þar með auðvitað Framsfl., sem réð fjármálunum meira en aðrir. Tíunda árið eða árið 1959 sýnir á ljósastan máta afleiðing þeirrar fjárstjórnar, af því að fyrst á því ári komu að fullu í ljós afleiðingar þeirra laga, sem samþ. voru af vinstristjórnarliðinu í maí 1958, en giltu aðeins hálft það ár.

Ég hef í minni fyrri ræðu, sem ég flutti hér um daginn, skýrt nokkuð ríkisreikninginn fyrir árið 1959, sem hér er til umr. og ég hef hér við höndina. En ég hef hér líka annan ríkisreikning. Það er reikningur ársins 1949. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar fundinum var frestað fyrir tæpum klukkutíma, var ég kominn þar í ræðu minni að geta þess, að ég hefði hér í höndunum tvo ríkisreikninga. Annað er reikningur ársins 1949, síðasta ársins sem Jóhann Jósefsson var fjmrh. Hinn reikningurinn er fyrir árið 1959, sá sem hér er til umr. og meðferðar.

Breytingin á þessu tíu ára tímabili er sá lærdómur, sem allir stjórnmálamenn á Íslandi þurfa að kunna. Ég skal hér aðeins nefna eina hlið þessa máls, en það eru ríkisútgjöldin. Á árinu 1949 urðu þau öll skv. þeim reikningi 404 millj. á sjóðsyfirliti. Það eru öll útgjöldin. Árið 1959 urðu gjöldin á sjóðsyfirliti þess árs reiknings 1193.3 millj. kr., en gjöld útflutningssjóðs það ár, og hann var enginn til 1949, voru 1135.3 millj. Þetta eru alls 2328.6 millj. kr. M. ö. o. hafa árleg ríkisútgjöld á þessu tímabili hækkað um 1935.6 millj. kr. En þar með er ekki sagan öll sögð. Á báðum þessum reikningum voru stórkostleg ríkisgjöld, sem eru ekki talin með í samlagningunni. Það eru útgjöld margra ríkisstofnana, sem gerðar eru upp og aðeins færður inn í samlagningu mismunur á tekjum og gjöldum, eins og ég vék að hér um daginn. Gjöld þessara stofnana voru 1959 hátt á fjórða hundrað millj. kr. og hafa hækkað á tíu ára tímabilinu nokkuð yfir 200 millj. kr. miðað við heilt ár. Ég hef ekki reiknað þetta út nákvæmlega. Allt þetta sýnir það, að á þessu tímabili, þessum tíu árum, hafa útgjöld ríkisins og stofnana þess hækkað miðað við heilt ár um nokkuð yfir 2000 millj. kr., þ. e. meira en tvo milljarða. Þegar þetta er haft í huga, þá er það furðulegt, að mennirnir, sem þessu hafa stjórnað, skuli sí og æ vera með aðfinnslur og úthrópanir í garð annarra manna, sem fara með fjármál.

Ég hef hér að framan nokkuð lýst öllum þeim beinu og óbeinu loforðum, sem núv. stjórnarandstæðingar gefa stéttum þjóðfélagsins á víxl um betri kjör og bætta aðstöðu, ef þeir hefðu

nú völd. Öllum venjulegum mönnum með heilbrigða skynsemi finnst, að um það allt gildi hið sama, sem skáldið sagði forðum.

„Eitt rekur sig á annars horn,
eins og graðpening hendir vorn.“

Það virðist allt vera í mótsögn hvað við annað og allt til samans í mótsögn við það, sem átti sér stað á valdatíma sumra þessara manna, sem sagt: Það stangast hvað við annað. Menn hafa því verið að velta því fyrir sér, hvernig því sé varið með þessa forustumenn Framsóknar og kommúnista, hvort þeir hafi yfir einhverjum töfrasprota að ráða, hvort þeir eigi einhvern Aladdínslampa í fórum sínum eða hvort þeir séu haldnir einhverri geggjun og séu að leika sér að því að gera sig að undri frammi fyrir þjóð og þingi. Allt er þetta nokkuð örðug ráðgáta, einkum vegna þess, að við, sem þekkjum þessa menn, vitum, að margir þeirra eru allgreindir menn að eðlisfari. Það er þó svo með þessar gátur eins og allar aðrar, að einhver ráðning er til, og ég þykist sjá, hver hún sé. Segjum, að kosningar færu fram á næsta vori og þessir flokkar fengju völd, eins og þeir þrá heitara en allt annað, mundu þeir þá geta framkvæmt allt sitt loforðaspjall við allt og alla? Ja, hver veit um það? En til þess hafa þeir þó einn möguleika og aðeins einn. Hann er sá að ganga Rússum á hönd í einu og öllu. Fyrsta sporið yrði sennilega það að taka 1—2 þús. millj. að láni hjá Rússum eða Austur-Þjóðverjum, ausa því út í nýjar framkvæmdir og hækkuð laun. Rússneska stórveldið munaði ekki mikið um slíkt, og sjálfsagt yrðu vextirnir lágir og fresturinn langur, því að aldrei væri til þess ætlazt, að lánið yrði greitt í sömu mynt. Í leiðinni mundu hinir nýju valdamenn segja Ísland úr Atlantshafsbandalaginu, reka burt varnarliðið og færa öll okkar viðskipti austur fyrir járntjald. Á þessa lundina mundi það verða, þetta hálofaða hlutleysi, sem þeir menn eru alltaf að flagga með, sem kalla sig hernámsandstæðinga. Ég efast ekki um, að þessi möguleiki hefði verið til árið 1958, en Alþfl. var ekki líklegur til að fylgja honum, og Hermann Jónasson vildi það ekki heldur. Þess vegna sagði hann af sér, eins og kunnugt er. Það geta kommúnistarnir aldrei fyrirgefið honum. Þeir ásaka hann leynt og ljóst um það, og það lítur út fyrir, að margir hans eigin flokksmenn séu þar alveg á sömu línu. Víðs vegar um land telja þeir þennan formann flokksins hálfgerðan varg í véum fyrir það að hafa sleppt völdunum, eins og þeir segja.

En alls þessa vegna er íslenzk pólitík mjög einföld í dag. Þjóðin á um tvennt að velja og aðeins tvennt. Þetta er vesturs- eða austursbandalagið, annaðhvort núverandi stjórn og völd þeirra flokka, sem hana styðja, eða austursbandalag kommúnista og Framsóknar, með þeim tilfæringum, sem ég hef hér nefnt, eða einhverjum öðrum svipuðum. En það verða allir Íslendingar að gera sér ljóst og hugleiða vandlega, að þótt brosin verði vafalaust blíð og faðmlögin mjúk, á meðan verið er að draga allan fjárhag Íslands austur fyrir tjaldið, þá mundi það breytast fljótt, þegar frá liði. Afkomendur Íslendinga fengju ekki að njóta þeirra verka, sem unnin yrðu fyrir rússnesku lánin. Þau yrðu krafin inn, ekki með íslenzkum peningum, því að þeir væru engir til, heldur með frelsi þjóðarinnar. Okkar land gæti þá búizt við sömu örlögum og Litháen, Lettland, Eistland, Ungverjaland og önnur þau lönd, sem rússneska tígrisdýrið hefur klófest, og þá er ekki víst, að eftirkomandi kynslóðir væru líklegar til að hrósa Framsfl. og Alþb. fyrir allt þeirra framferði. En ég vil samt segja þetta: Það er ákaflega ólíku saman að jafna í sjálfu sér um Framsfl. og Alþb. Því verður þjóðin að gera sér grein fyrir.

Alþb., kommúnistaflokkurinn, er flokkur með stefnu. Hann hefur rússnesku stefnuna ómengaða, stefnu yfirgangs og einræðis. Hann hefur síðustu 30 árin leikið sér að blekkingum nafnaskipta og hræsnismála, allt í þeim tilgangi að blekkja þjóðina. Hann hét til að byrja með Kommúnistaflokkur Íslands og kom þá hreinlega til dyranna sem eindreginn fylgisþjónn rússnesku öfgastefnunnar. Hann fann brátt, að með þessu væri varla hægt að ginna nægilega marga Íslendinga. Þess vegna skipti hann um nafn, og næsta nafnið var Sameiningarflokkur alþýðu, Sósíalistaflokkurinn, sem jafnvel er til enn þá í fórum flokksins. En það reyndist augljóst, að þetta dugði ekki til lengdar. Þegar lögbrotafélagið var stofnað, sem kallaðist Hræðslubandalag, þá mátti til að stofna annað bandalag, — og hvað skyldi það heita? Gert var ráð fyrir, að alþýðan á Íslandi væri einna auðunnast land, og því var valið nafnið Alþýðubandalag. Það skyldi berjast eins og ljón á móti úlfum gegn Hræðslubandalagi Framsóknar og Alþfl. Þannig gekk í kosningunum 1956, en eftir þær runnu bæði saman í eitt og mynduðu vstjórn, sem þýðir vinstri stjórn, vandræðastjórn, vond stjórn. Við vitum, hvernig hún endaði. Kommúnistarnir voru óánægðir, Hermann Jónasson forsætisráðherra brást rússneska bandalaginu, sagði af sér völdunum og gekk úr félaginu í bili og er vegna þess, eins og ég var að geta um, hjá mörgum þessum mönnum illa séður.

Framsfl. er annars eðlis. Hann er valdastreituflokkur, stefnulaus með öllu. Hann hefur lafað og lifað á því að hafa völd, vinna á víxl og svíkja á víxl. Á tímabilinu 1934—1958 hefur það gengið svo, að framsóknarmenn hafa blekkt og svikið Alþfl. og Sjálfstfl. sitt á hvað, svo að öllu lengra verður ekki komizt. Þess vegna hefur nú þessi pólitíski braskaraflokkur þann einn kost að þjappa sér upp að kommúnistaflokknum á hinn innilegasta máta. Enginn annar ber neitt traust til hans. Þó er mjög mikið vafamál, að kommúnistar treysti enn sterkt. Þeir vita líka, að ekki er miklu að treysta. En er það nú víst, að allir framsóknarmenn séu þarna á einni línu? Því fer fjarri. Innan þings og utan, um allar byggðir landsins, eru framsóknarmenn, sem í hjarta sínu eru gersamlega andstæðir rússnesku stefnunni. En flokkurinn er hagsmunasamband, samantjóðraað af persónulegum valdadraumum og fjár-

málalegum fríðindum. Að slíta bandið er ekki auðgert. Það er dýrt að hlýða fyrirskipun, en er orðið mörgum þessum mönnum undarlega tamt. Þeir geta varla hugsað sér slíkt, hafa líka gert það að trúarbrögðum, að í Sjálfstfl. eða Alþfl. geti þeir aldrei farið. Þessir menn virðast því nauðugir, viljugir píndir til þess að fylgja Framsóknarforustunni, hvað sem hún gerir og hversu fjarlæg sem hennar starfsemi er þeirra vilja og skoðunum. Samtök og forustu til mótstöðu vantar algerlega. Fordæmi Bændaflokksins þykir þeim ekki sérlega aðlaðandi. Þróttinn og samtökin vantar, og þess vegna má við öllu búast, alveg eins og á 400 manna flokksþinginu 1956, þegar skynsamleg tillaga frá Vilhjálmi Þór bankastjóra var felld með öllum atkv. gegn 6. Alls vegna er því Framsfl. það lið á Íslandi, sem mest hætta stafar af fyrir frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Á því getur framtíðin oltið. Allt tal þessara manna er bundið við þá röksemd, að völdin séu fyrir öllu, skoðanir, stefna og afstaða til annarra manna sé aukaatriði. Þess vegna má við öllu búast. En það er nauðsynlegt, að þetta breytist. Framsóknarmennirnir sjálfir verða að sýna það í verki, að einhverjum þeirra sé óhætt að treysta. Því aðeins geta þeir gert sér von um hugsanlega samvinnu við aðra en Alþb., og því er ekki að leyna, að margir drengilegir menn eru til innan Framsfl., og þeir ættu að sjá það og skilja, að fyrir þá er mikið verkefni og gott að hefja sinn flokk upp úr því forarsvaði, sem honum hefur verið steypt í á undanförnum árum.

Allt það, sem hér hefur verið sagt um það, að ég hefði farið með einhverjar skakkar tölur eða rangar upplýsingar varðandi þann ríkisreikning, sem hér er til meðferðar, er alveg út í bláinn. Ég hef farið hér með réttar tölur eingöngu.

Herra forseti. Ég get alveg búizt við því, að það komi einhverjar hríðargusur frá austurdyrunum í sambandi við það, sem ég hef hér sagt. En ég hef ekki rétt til að taka hér til máls aftur við þessa umr., og þess vegna verða mín svör, ef mér þykir ástæða til einhverra svara, að bíða, þangað til 3. umr. um þennan reikning fer fram.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er sagt, að „sannleikanum verði hver sárreiðastur". Þetta kom mér í hug, þegar ég hlustaði á ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v., því að það mátti gerla heyra, að maður sá var reiður mjög. Ég vil víkja að því fyrst, að ég mun ekki hér í ræðu minni fara að gera upp um ræður manna, hvorki þessa þm., sem nú var að fara úr ræðustólnum, né annarra, hvort þeir fari með rugl, séu geggjaðir eða séu að gera sig að viðundrum. Slíkur málflutningur hæfir þeim, sem vilja hann nota, og þeir þurfa ekki að nota hann, sem rökum geta beitt.

Ég benti á það hér í minni ræðu, og það var tilefnið til þess, að ég tók hér til máls, að hv. þm. hefði sem trúnaðarmaður Alþingis ekki staðið svo á verðinum sem skyldi. Þetta kemur fram í hans eigin áliti með undirskrift athugasemdanna við ríkisreikninginn. Ég vil spyrja þennan hv. þm.: Af hverju er hann og hans samstarfsmenn að taka það fram nú, að það sé svo og svo mikið eftir óendurskoðað af ríkisreikningnum, ef þetta er venja? Og af hverju eru þeir kallaðir yfirendurskoðendur? Það er af því, að þeir eiga að endurskoða, þegar önnur endurskoðun hefur farið fram. Ég er sannfærður um það, þó að ég hafi ekki unnið á þeim bæ, að það er hin umboðslega endurskoðun, sem fyrst og fremst finnur athugasemdir og hún bendir yfirendurskoðendum á margt í því efni. Hún hlýtur að hafa til þess mun betri aðstöðu en þeir. Þess vegna ríður þeim á, að hún sé búin að fara fram, áður en þeir vinna sitt verk. Hvernig heldur hv. þm., að væri litið á það í sýslunefnd, ef þangað kæmi hreppsreikningur, sem væri endurskoðaður aðeins af endurskoðanda sýslufélagsins, en ekki af heimakjörnum endurskoðendum? Honum mundi verða vísað frá, vegna þess að eðlilegum undirbúningi væri ekki lokið. Þetta fann hv. þm., og hann fann það, að hann hafði að beiðni hæstv. fjmrh. farið í verkið með of miklum hraða og flaustrað því af, án þess að eðlilegum undirbúningi væri lokið. Það skiptir mestu fyrir hv. Alþ., að þegar ríkisreikningurinn kemur til þingsins, þá sé búin að fara fram sú athugun, sem á að vera búin að fara fram, og þingið byggir svo sína samþykkt á yfirendurskoðun og undirendurskoðun, sem á að vera búin að fara fram, þegar samþykktin er gerð, enda eiga yfirskoðunarmenn, eins og ég tók fram áðan, líka að hafa eftirlit með hinni umboðslegu endurskoðun, gera sér ljóst, hvort hún fer fram á eðlilegan hátt eða ekki. Þessu verður ekki á móti mælt, og af því að þetta var vanrækt, var hv. þm. svo reiður sem raun bar vitni um og flutti þá ræðu, sem hann flutti hér áðan.

Þá var það með þrotabúið, og nú var nokkuð skipt um skeið. Nú var ríkissjóður ekki neitt þrotabú. Það var allt annað, sem átti að vera þrotabú, þó að það væri ríkisreikningurinn, sem var verið hér að ræða um, þegar hv. þm. fór að tala um þrotabúið. Það, sem gerðist, þegar vinstri stjórnin fór frá, var einfaldlega það, að það var ekki samstaða í ríkisstj. hjá þeim flokkum, sem fóru þá með völdin í landinu. Það var brostinn grundvöllurinn um samstarf við stéttafélögin, sem þessi ríkisstj. byggði sína tilveru á, og þá gerði hún það eina, sem rétt var, hún sagði af sér. Hún átti ekkert að gera annað. Grundvöllurinn, sem hún byggði á, var samstaðan við stéttafélögin. Það var brostið, því hafði verið hafnað, samstaða var ekki til í ríkisstj. um það, sem átti að gera. Og hvað á ríkisstj. þá að gera? Hún á auðvitað að leggja málið fyrir Alþ. og vita, hvort Alþ. getur myndað aðra ríkisstj. Þetta á hver ábyrgur stjórnmálaflokkur að gera, og þetta er það, sem gerðist 1958, og annað ekki.

Þá talaði hv. þm. enn þá um gjöld ríkissjóðs og útflutningssjóðs. Hvað á þetta að þýða hjá hv. þm.? Ég skal gefa honum þessa bók, fyrst ríkisstj. hefur ekki verið svo rausnarleg að láta honum hana í té, svo að hann geti lesið um

þetta og þurfi ekki hér á hv. Alþ. að vera að rugla með útflutningssjóð og ríkissjóð, sem voru tvær óskyldar stofnanir. Þar er sérstaklega tekið fram, að hvaða leyti niðurlagning útflutningssjóðs hafi áhrif á hækkun ríkisútgjaldanna 1960. Þetta vita allir þeir, sem vilja vita, og geta lesið um þetta í bókinni, og ég skal sannarlega gefa hv. þm. hana, því að ég á víst tvö eintök af þessu riti.

Hv. þm. var einu sinni enn að tala um viðskilnaðinn hjá vinstri stjórninni. Hann þarf að kaupa sér Morgunblaðið frá 19. des. 1958. Þar stendur, hvað þurfti að gera til þess að koma því í lag, sem þeir telja að þurfi lagfæringar við. Það var að lækka kaupgjaldið um 6%, sem sjálfstæðismenn ásamt hluta úr Alþfl. og Alþb. börðust fyrir sumarið 1958, og hv. 3. þm. Reykv. lýsti yfir hér á hv. Alþ. í vetur, að hann hefði staðið í samstarfi við hæstv. núv. forsrh. um að koma því fram. Þetta töldu sérfræðingar Sjálfstfl., að þyrfti að gera, þá yrðu hlutirnir í lagi og þeir gætu farið að stjórna. Svo kemur hv. þm. nú og talar um eitthvert þrotabú og vandræði, sem þeir hafi þurft að basla við núna, þegar þeir eru að fást við sína eigin drauga.

Næst kom hv. þm. að því, að það hefði hækkað dýrtíð og ríkisútgjöldin áður fyrr. En hvað hefur gerzt nú? Fjárlög hafa hækkað frá því 1958 yfir 80%, eða um 700 millj. kr. á þessum tíma, sem liðinn er frá því, að vinstri stjórnin fór frá völdum, svo að núverandi stjórnarliðum hefðu ekki blöskrað þær tölur, sem áður voru. Þeir hafa a. m. k. dyggilega unnið að þessum hækkunum.

Hv. þm. var að tala um það hér áðan, að útgjöldin hefðu hækkað á 10 ára tímabili, 1949—1959, um einar 700—800 millj., ef ég man rétt. En ég benti á það hér í vetur í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, að kaupgjald í landinu hækkaði á sama tíma álíka að prósenttölu og ríkisútgjöldin hafa hækkað. En það, sem hefur gerzt núna, er, að kaupgjald í landinu hefur lækkað á sama tíma og ríkisútgjöldin hafa hækkað. Það er sá munur, sem á er, að afkoma almennings í landinu fór batnandi áður, en nú versnandi. Þess vegna er hér líka enn þá um nýjan samanburð að ræða, sem er ekki núverandi ríkisstj. og stjórnarliðum hagstæður.

Þá er það dýrtíðin. Hún hefur lækkað hjá núv. ríkisstj. — eða hvað? Aldrei hefur hún tekið annan eins fjörkipp og síðan núverandi ríkisstj. kom til valda. Það eina, sem hefur staðið í stað, er kaupgjaldið. Allt annað hefur hækkað stórkostlega. Stefna núv. ríkisstj. er þessi. — Henni blöskraði ekki dýrtíðin, sem áður var, heldur jók hún hana og það myndarlega.

Þá kom hv. þm. að því að tala um óreiðustefnu Framsóknar. Það var ljóta stefnan, sem Framsókn hafði haldið uppi. Í því sambandi vil ég minna þennan hv. þm. á það, að fyrir kosningarnar í fyrra gáfu þeir sjálfstæðismenn út bækling einn, sem hét „Kjördæmamálið". Í upphafi þess sögðu þeir, að með fyrri kosningunum lyki því tímabili á Íslandi, sem staðið hefði þá í síðustu 30 ár og kennt er við Framsfl. En hvað hefur skeð á þessum árum? Hvernig hafa þessi ár verið fyrir íslenzku þjóðina? Aldrei hefur verið um stórstígari framkvæmdir að ræða á Íslandi heldur en einmitt á þessum árum, aldrei meiri uppbygging, aldrei blómlegra atvinnulíf, aldrei hafa fleiri menn á Íslandi átt eigin íbúðir en nú, og allt er eftir þessu. Þetta tímabil er tímabil Framsfl., og hann er stoltur af því. Svo kemur hv. þm. og kallar þetta óreiðutímabil, blómlegasta tímabilið í sögu íslenzku þjóðarinnar. Og það er annar svipur á atvinnulífinu á Íslandi, það er annar svipur úti um hinar breiðu byggðir Íslands nú en var á tímabili vinstri stjórnarinnar. Þá var í landinu blómlegt og uppbyggjandi atvinnulíf, sem nú er að dragast saman. Þetta veit hv. þm., og þess vegna er hann svo sár, sem kemur út í hans reiði, þegar hann stendur frammi fyrir þessum hlutum.

Þá talaði hv. þm. um óábyrga stjórnarandstöðu. Það eru slæmir flokkar, sem standa að því. Man hv. þm. nokkuð eftir stjórnarandstöðunni 1956—58? Man hann nokkuð um kaupgjaldsbaráttu þá? Man hann nokkuð eftir frásögn í Morgunblaðinu af ræðu Jóhanns Sigurðssonar á Dagsbrúnarfundinum, þegar hann var að brýna kommana fyrir aðgerðaleysið? Þeir sætu bara og héldu að sér höndunum og gerðu ekki neitt. Iðja, þar sem sjálfstæðismenn stjórna, var búin að hækka kaupið, og þar buðu atvinnuveitendurnir upp á kauphækkun. Það var gert vafalaust til þess að styrkja þáv. ríkisstj. Eða heldur hv. þm. það? Nei, 1958 var hækkað kaup í pólitískum tilgangi, og það er aldrei betri sönnun fyrir kauphækkun í pólitískum tilgangi en einmitt þá, vegna þess að flokkarnir, sem stóðu að þeirri kauphækkun, tóku hana aftur, þegar þeir komu til valda. Þeir tóku hana aftur, þegar þeir komu til valda, þá þurfti fólkið í landinu ekki kauphækkunina. Þegar þeir voru komnir til valda, var hún tekin til baka, því að hún var búin að gera sitt gagn.

Kauphækkun þarf ekki að vera neitt óábyrg afstaða. Fólkið í landinu þarf að hafa eðlilegar tekjur, til þess að viðskiptalífið og framkvæmdalífið í landinu geti gengið með eðlilegum hætti.

Þá kom hv. þm. að því, að hann þekkti ekki samdráttarstefnuna hjá núv. ríkisstj., hann hefði aldrei orðið var við hana. Ég tók það fram í ræðu minni hér í dag, að hæstv. ríkisstj. hefði sent sína þingmenn heim haustið 1958, til þess að þeir gætu ekki gert sér grein fyrir viðreisninni. Þetta kemur eins greinilega fram og vera má, því að hv. þm. kemur hér aftur á Alþingi og segir: Ég þekki ekki þessa stefnu. Hann þekkir ekki stefnuna, sem núv. hæstv. ríkisstjórn er mynduð til að framkvæma og stendur að. Til hvers heldur hv. þm., að vaxtahækkunin sé gerð? Hún er gerð til þess, að almenningur í landinu sé ekki að taka lán. Til hvers heldur hv. þm., að það séu gerðar skorður um útlán til atvinnuveganna og um heildarútlán hjá bönkunum? Það er líka gert til þess, að uppbyggingin í landinu verði sem minnst, til þess að sem minnst fjármagn verði í veltunni.

Til hvers heldur hv. þm., að hafi verið að stytta lánstímann? Það var líka gert til þess, að minna væri um framkvæmdir en ella. Allt þetta er á eina og sömu lund. Og svo heldur hv. þm. því fram, að hann þekki ekki stefnu hæstv. ríkisstj. Þeir vissu, hvað þeir voru að gera, hæstvirtu ráðherrarnir, þegar þeir sendu þm. sína heim, enda er árangurinn nú kominn fram. Heldur hv. þm., að það sé verið að draga fé frá landsbyggðinni hingað inn í Seðlabankann nema til þess að draga úr uppbyggingunni úti um landið? Þetta er allt á eina bókina lært. Og heldur hann, að það sé varið sömu upphæðum til framkvæmda yfirleitt í landinu nú og áður var, nema af því, að það er í samræmi við stefnu núv. ríkisstj.? Það má ekki auka neinar fjárhæðir til framkvæmda í landinu, því að það er brot á samdráttarstefnu ríkisstj. Þess vegna sést það greinilega, hvað hæstv. ríkisstj. hefur tekizt vel með heimsendingu hv. þm. sinna, að þeir hafa ekki komizt að því, sem raunverulega hefur gerzt.

Hv. þm. talaði um, að það væri ekki hægt að tala um stefnu hjá núv. ríkisstj. Það er misskilningur. Hæstv. núv. ríkisstj. hefur stefnu. Hennar stefna er gamla íhaldsstefnan, samdráttarstefnan, það eru góðu gömlu dagarnir, sem hæstv. forsrh. lýsti fyrir okkur hér í fyrravetur. Þeir voru hér fyrir 30 árum. Það er sú stefna, sem þeir vilja stefna að, og þess vegna hafa þeir stefnu. Þeir hafa íhaldsstefnuna, sem var hér, áður en umbótatímabil Framsfl. kom til. Þetta veit almenningur í landinu, og hv. þm. veit þetta líka, þó að hann vilji láta líta svo út, að hæstv. ríkisstj. hafi enga stefnu. En þessi stefna leiðir til samdráttar. Hún á að skapa fáa ríka og marga fátæka. Þetta er mergur málsins, þó að ýmislegt kunni að fara á annan veg, þegar til framkvæmdanna kemur.

Ég ætla ekki að fara út í umr. um utanríkismál við hv. þm., því að hér vorum við aðallega að tala um fjármál, en þau ekki, — eða þá spá hans um framtíðina. Ég held, að hann muni hvorki í þeim efnum né öðrum reynast sannspár.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið inn í þessar umr., en ég hjó eftir því áðan í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., að hann sagði, að það hefði komið fram í ritlingi um stjórnarskrármálið fyrir síðustu kosningar, um kjördæmabreytinguna, að tímabilið eftir 1930 og fram til þess tíma væri kennt við Framsfl., mundi verða kennt við Framsfl., og þetta væri eitt mesta framfaratímabilið í sögu þjóðarinnar og Framsfl. væri stoltur af því, að þetta tímabil væri við hann kennt. Það er mjög mikill misskilningur, sem kemur fram í þessari skoðun hv. þm., vegna þess að það var beinlínis tekið fram og leiðir af eðli málsins, í sambandi við hvað þetta var sagt, að hér var verið að ræða um stjórnskipunina og stjórnlagadeilurnar á Alþingi eftir 1930, það tímabil, þegar voru hinar löngu og miklu deilur um lýðræðislega stjórnskipun í landinu, — það tímabil í þeim efnum mundi vera kennt við Framsfl., því að á öllu þessu tímabili hafði Framsfl. meiri völd á Alþingi og í stjórn landsins en honum bar í hlutfalli við það kjörfylgi, sem hann hafði með þjóðinni. Hann stjórnaði í skjóli misréttis og ranglætis á árunum eftir 1930, og það er vegna misréttis og ranglætis í stjórnskipun landsins, sem þetta tímabil verður kennt við Framsfl. Þennan misskilning er bezt að leiðrétta í eitt skipti fyrir öll, því að ég hef oft orðið var við þetta sama í Tímanum og annars staðar frá hv. þingmönnum Framsfl.

En varðandi svo, hversu mikið framfaratímabil þetta er, þá vil ég minna hv. þm. á það, að formaður Framsfl., Hermann Jónasson, sagði í útvarpsræðu fyrir kosningarnar 1956, að hér yrði að brjóta um blað, hverfa frá eyðimerkurgöngunni, sem þjóðin hefði verið í, og fara inn á nýjar leiðir í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar, — það yrði að brjóta um blað, vegna þess að Sjálfstfl. hefði haft lykilaðstöðu í þjóðfélaginu, eins og hann komst að orði, s. l. 17 ár. Þetta var rétt hjá formanni Framsfl. En á þessum 17 árum fyrir 1956, ætli það sé ekki þá, sem framfarirnar hafa orðið mestar og glæsilegastar í okkar þjóðfélagi, einmitt framfarirnar. Ég er hræddur um, að það sé dálítið önnur saga frá tíma fyrri vinstri stjórnarinnar, frá árinu 1934 og fram að stríðinu. En þarna hleypur gróskan í framfarir okkar Íslendinga, og það er á því tímabili, samkv. vottorði formanns Framsfl., sem Sjálfstfl. hafði lykilaðstöðuna í þjóðfélaginu.

Svo er aðeins eitt atriði enn, sem margoft hefur komið fram, og það var um þessa hættulegu stefnu núv. hæstv. ríkisstj. að draga fjármagnið utan af landinu og inn í Seðlabankann. Um þetta má sjálfsagt margt deila, og ég hef látið koma fram hér áður á þingi skoðun mína um, að það megi fara varlega í að draga fjármagnið, ef um það væri að ræða, utan af landinu og inn í Seðlabankann. En það er ljóst, að fyrir ríkisstj. vakti, að svo miklu leyti sem ákveðið var að binda fjármuni sparisjóðanna og innlánsdeilda kaupfélaganna í Seðlabankanum, að með því skapaðist tækifæri eða möguleikar til þess að forða atvinnurekstrinum frá strandi, að Seðlabankinn gæti þá, eins og hann raunverulega varð að gera á s. l. ári, gengið í ríkari mæli en áður inn á þá braut að lána þeim bönkum fé, sem aðallega standa undir útflutningsframleiðslu þjóðarinnar. Það hafa aldrei verið önnur eins lán, sem þessir bankar hafa þurft að fá hjá Seðlabankanum og m. a. getað fengið af þessum sökum, eins og á s. l. ári vegna erfiðrar aðstöðu sjávarútvegsins. En hvað mikið hefur svo verið dregið utan af landinu inn í Seðlabankann? Það væri mjög fróðlegt að fá upplýsingar um það. Og ég leyfi mér nú að varpa fram þeirri spurningu: Getur þessi hv. þm. frætt okkur aðra þm. um það, hvað mikið hefur verið dregið úr innlánsdeildum kaupfélaganna á s. l. ári inn í Seðlabankann, eða einhverjir aðrir fylgismenn Framsfl. hér? Það er spurning, sem er mjög ofarlega í mönnum og menn vildu fá að vita um. Hún hefur ekki birzt enn þá opinberlega. En ég geri ráð fyrir því, að þeir menn, sem alltaf eru að tala um það, hvílík meinsemd það hafi verið að kippa

þessu fé úr innlánsdeildum kaupfélaganna og inn í Seðlabankann, geti gefið þessar upplýsingar, og leyfi mér þess vegna að inna eftir upplýsingum um það.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það voru einkum tvö atriði, sem komu fram í ræðu hv. 3. þm. Vesturl., sem ekki má lengur láta ómótmælt. Það hefur að vísu verið margendurtekið hér af hv. Framsóknarþingmönnum og þeir treysta því að sjálfsögðu, að enginn nenni að vera að mótmæla þeirri rökleysu og vilji láta það standa ómótmælt í þingtíðindum, en ég tel ekki rétt, að því sé ekki mótmælt hér í hv. Alþingi.

Fyrra atriðið var það, að hæstv. ríkisstj. hefði sent heim stuðningsmenn sína 1959, svo að þeir fengju ekki aðgang að þeim tillögum, sem verið var að útbúa í sambandi við viðreisnina, og þeir mundu aldrei hafa stutt ríkisstj., ef þessi háttur hefði ekki verið á hafður. Þetta eru þau orð, sem hv. þm. hafði um okkur, sem styðjum ríkisstj., og sumir hverjir hv. þm. Framsfl. hafa hvað eftir annað haldið því fram. En ég skal segja hv. þm. það, hver var aðalástæðan fyrir því, að þingið var sent heim. Það var málæði frá hv. þm. Framsfl., sem var aðalástæðan fyrir því, að það varð að senda þingið heim. Hefur hv. þm. alveg gleymt því, að það var varla hægt að taka fyrir hér í þessari hv. d. eða hv. Ed. eða í Sþ. nokkurt mál, að ekki væri kvatt sér hljóðs utan dagskrár og haldið uppi sífelldu málæði allan fundinn út, svo að ómögulegt var að taka nokkurt mál fyrir? Ég get upplýst hv. þm. um það, að allt þetta málæði tekur hvorki meira né minna en 500 þéttskrifaðar blaðsíður í þingtíðindunum. Og þar á Framsfl. mikinn meiri hluta. Ég hélt þó, að það væri ekki auðvelt að slá það met út hjá Sósíalistaflokknum eða Alþb., en það tókst Framsóknarþm. í þessum umr. Þar eru þeir með allmiklu fleiri blaðsíður en samstarfsflokkur þeirra, Alþb. Það var útilokað þá að hafa hér nokkurt starf í þinginu, og það var sannarlega til smánar, bæði einum og öðrum af hv. þm. Framsfl., sem tóku þátt í þeim umr. Og ég verð að segja það, að ég varð undrandi yfir því, þegar jafngamall og reyndur og stilltur þm. eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. lét hafa sig til þess hér að ræða á fjórða klukkutíma ekkert annað en tómt bull bókstaflega til þess að halda hér uppi málæði, svo að ekki væri hægt að koma fram þingstörfum. Hann komst svo langt að lýsa hér, hvað bændur á Reykhólum fyrir nokkur hundruð árum hefðu haft sér til matar og hvernig þeir hefðu aflað þeirra matvæla o. fl., o. fl., og þetta var allt í sambandi við umr. um framlengingu á lögum um skemmtanaskatt á Íslandi, sem aldrei hefur verið sagt eitt einasta orð um öll þau ár, sem ég hef setið á þingi.

Þetta var eina og aleina ástæðan fyrir því, að það varð að senda þingið heim. Það var ekki hægt fyrir forseta að neita um þann rétt í þingi að ræða mál. Ég álít hins vegar, að hann hafi gengið of langt í því að leyfa að ræða mál utan dagskrár, eins og gert var hér dag eftir dag. En það var útilokað að koma á nokkurri þingreglu hér í þinginu allt árið 1959, fyrr en búið var að senda heim suma af þeim, sem aldrei áttu neitt erindi inn á þingið 1959. Þetta var aðalástæðan fyrir því, að þinginu var frestað, en engan veginn hin. Og hv. 3. þm. Vesturl. veit það ósköp vel, að þann þótta eigum við sumir hverjir þm., sem styðjum núv. ríkisstj., að við mundum alls ekki láta bjóða okkur að reka okkur heim til þess að hafa engin afskipti af málunum. Það get ég fullvissað hann um. Hann ætti því ekki að halda svona ræðu einu sinni enn hér í Alþ. og bera fram svona fjarstæður í málfærslunni.

Hitt, sem hann hélt fram og er líka rétt að mótmæla, er, að hér hefði ekki allt verið komið í þrot í atvinnumálum og fjármálum landsins. Það sannar ekki neitt, þó að einhver ögn væri til enn þá í ríkissjóðnum, af því að svo og svo djúpt hafði verið farið ofan í vasa þegnanna. En ef það er rétt, að aldrei hafi verið blómlegra atvinnulíf, aldrei meiri þróun hér og gróska í atvinnulífinu og aldrei meiri peningar til þess að greiða með en þegar vinstri stjórnin fór frá, hvers vegna fór þá vinstri stjórnin frá, því að þau rök, sem voru borin fram áðan, eru algerlega röng? Hæstv. þáv. forsrh., Hermann Jónasson, sá einmitt, hvert stefndi, og hann var ekkert myrkur í máli að láta bæði sinn eigin flokk, samstarfsflokkana, andstöðuflokkana og alla þjóðina vita um það, að ef hann héldi einu spori lengra áfram í þessa átt, þá færi hann fram af björgunum. Það er ekki við, sem höfum búið það til. Á þeirri stundu var Hermann Jónasson raunsær. Og á þeirri stundu bjargaði hann Framsfl. frá að fara í glötunina, og þessi hv. þm. ætti að vera feginn þeirri ráðstöfun, en ekki að vera að gaspra um það nú hér, að allt hafi verið í blóma og það væri engin ástæða til þess að halda ekki áfram þeirri stefnu. Hermann Jónasson vildi nefnilega ekki taka á sig þá áhættu að fara lengra inn í eyðimörkina en hann var kominn með flokkinn og samstarfsmennina, og þess vegna sneri hann við. Hitt hefði auðvitað verið miklu betra, að hann hefði snúið við miklu fyrr. Ef það væri nokkur hæfa í því, að ástandið í atvinnumálum þjóðarinnar og fjármálum hafi verið nokkuð svipað því, sem hv. þm. sagði hér áðan, þá voru það hrein svik við þjóðina, að Framsfl., Alþb. og Alþfl. skyldu ekki halda samstarfinu áfram. Nýlega sagði einn af okkar ágætu þm. hér, 3. þm. Reykv., að hann væri verkalýðshreyfingin á Íslandi, hann réði alveg yfir allri verkalýðshreyfingunni, það væri hann einn, sem réði þar öllu, hann þyrfti ekki að spyrja neinn annan. Hvers vegna féllst þá ekki verkalýðshreyfingin á Íslandi á tillögur Hermanns Jónassonar um að snúa við? Veit ekki þessi hv. þm., að erlendis voru öll sund lokuð fyrir Íslendinga til þess að fá frekari lán, nema snúið yrði við? Er honum það alveg óljóst? Er honum alveg óljóst, að allir þeir menn erlendis, sem þekktu þessi mál, vildu ekkert orðið gefa fyrir ábyrgðir ríkissjóðs á Íslandi, nema því aðeins að það yrði snúið við í efnahagsmálunum? Ég hef ekki haft mikið að gera við við-

skiptamál erlendis og ekkert fyrir hæstv. ríkisstj., en ég hef haft svo mikið að gera við þau mál og þekki svo mikið, að ég veit, að það var ekki hægt að stíga þar nokkurt fet nema reka sig á þessar staðreyndir, að menn erlendis vildu ekki treysta orðið íslenzkri ríkisstj., nema snúið yrði við í efnahagsmálum, utan stórveldið Rússland. Og þetta kallar hv. þm., að sé ákaflega blómlegt æviskeið í voru landi.

Ég hef nú setið lengur á þingi en hv. þm. og get sagt honum það, að raunverulegasta uppbyggingarstarfið var einmitt á árunum, sem Framsfl. var ekki í stjórn. Það var á árunum 1944—47. Það var raunhæfasta starfið. En þá sviku hálfbræður Framsfl. það samstarf, og þeir sviku það vegna þess, að þeir mátu meira áhuga og umhyggju fyrir stórveldinu Rússlandi en þegnum Íslands.

Og nú vildi ég gjarnan spyrja hv. þm.: Hvers vegna hefur það fallið í skaut Framsfl. þessi ár síðan 1940 að svíkja alla þá samstarfsmenn, sem flokkurinn hefur verið með í ríkisstj.? Hverjir voru þessir seku, er hlupu frá stjórninni 1940, þegar Hermann Jónasson gat ekki lengur setið þá? Hverjir voru það, sem vildu ekki taka þátt í uppbyggingunni 1944—47 vegna reiði við sumpart andstöðuflokkana og sumpart við þjóðina, að þeir skyldu ekki kunna að meta forustu Framsfl. í landinu? Og hverjir voru það, sem sviku samstarfið 1949? Það voru ekki sjálfstæðismenn, og það var ekki heldur Alþfl. Nei, það var Framsfl. Þá þóttist hann hafa hag af því að rjúfa þá stjórn og svíkja hana. Hverjir voru það, sem stóðu á móti því, að hingað kæmu til landsins 32 togarar 1947, sem samið var um 1945? Hverjir börðust á móti því? Hvaða þm. var það, sem þá sagði, að þetta yrði allt saman tómt rusl, þegar það kæmi til landsins, og lýsti því með þessum orðum, eins og einhver karl, sem hefði komið í vatnsmyllu og sagt: Fyrst var spýta, svo var önnur spýta í kross og þriðja spýta í kross og svo fór allt í ganginn, — en þessi uppbygging sjálfstæðismanna mundi aldrei fara í ganginn? Þetta voru spádómarnir þá, og frá hverjum kom svona spádómur? Var það ekki frá einum hv. þm. Framsfl.? Þeir voru þá ekki með að byggja upp. En hverjir voru það þá, sem fyrst og fremst vildu halda áfram þessari uppbyggingu undir miklu óhagstæðara fjárhagskerfi 1947—49 og vildu þá ólmir kaupa 10 togara í viðbót með margfalt dýrara verði og margfalt erfiðari lánskjörum? Það voru framsóknarmennirnir, sem svo hlupu frá vandanum 1949. Og hverjir hlupu frá 1953? Það var enn Framsfl. Og hverjir hlupu frá 1956? Og hvaða maður var það þá, sem mest át ofan í sig af öllum ummælum um kommúnistana? Það var Eysteinn Jónsson. Hann gleypti öll þau ummæli, sem hann hafði haft öll þessi ár um kommúnista, mörg góð, mörg rétt, — hann gleypti það allt saman á einni stundu til þess að komast í sæng með þeim til að stjórna landinu. Aldrei hefur Eysteinn Jónsson smækkað sig eins mikið og á þeirri stundu. Og hverjir voru það, sem gengu hér um salina í þinginu 1955—56 til þess að eyðileggja það samstarf, sem var verið að byggja upp hér í landinu með Framsfl.? Það var foringi flokksins, Hermann Jónasson. En hann fékk launin fyrir þau störf sín seinna meir.

Nei, hv. 3. þm. Vesturl. þarf ekki að segja okkur það, sem höfum setið hér á þingi og haft samstarf við þennan flokk, hann þarf ekkert að segja okkur frá því, hvernig það samstarf hefur verið og hvernig þau loforð hafa verið haldin. Að það sé hann, sem sé driffjöðurin í allri uppbyggingu hér á Íslandi, það þarf hann að segja einhverjum öðrum en okkur hér. Ég vildi hins vegar óska þess, að augu Framsóknarþm. opnuðust nægilega snemma til þess að sjá, á hvaða hroðaleið þeir eru í landsmálum með því að falla í faðma við þann flokkinn, sem fyrst og fremst hugsar um hagsmuni annarrar þjóðar en Íslendinga. Og ég vildi óska þess, að formaður Framsfl. bæri gæfu til að snúa við með flokkinn á björgunum, áður en þeir falla alveg niður, eins og honum tókst að láta þá snúa við um haustið 1958 út úr þeirri villu, sem þeir þá voru búnir að leiða sjálfa sig í og alla þjóðina.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 5. þm. Reykv., hæstv. forseta okkar, Jóhanns Hafsteins, vil ég segja þetta: Það, sem stendur í bæklingnum, er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrri kosningarnar í sumar marka lokaþátt stjórnmálatímabils í sögu þjóðarinnar, sem margir munu telja, að hefjist með valdatöku Framsfl. fyrir um það bil 30 árum."

Það var engin stjórnarskrárbreyting, sem átti sér stað með valdatöku Framsfl. 1927. Hitt get ég vel skilið, að góður og gegn maður, eins og hæstv. forseti okkar, vilji gjarnan eiga sinn hlut í þessu tímabili og vilji því leggja á það annan dóm en sumir hans flokksmenn hafa gert og vilji þess vegna ekki eigna Framsfl. það einum, enda hafa þeir sjálfstæðismenn stundum tekið þátt í framförum í samstjórn við Framsfl.

Út af flutningi fjár til Seðlabankans, þá er mér ekki kunnugt um, hvað mikið það sé. Hins vegar veit ég, að úr minni heimabyggð hefur nokkur fjárhæð farið, svo að hundruðum þúsunda skiptir og kannske milljón, og er það allverulegt fjárhæð fyrir ekki stærri byggð en þar er. Varðandi það, sem komið hefur frá innlánsdeildunum, — ef það hefur ekkert komið, þá er það af þeirri einföldu ástæðu, að þangað hefur ekkert nýtt fé komið, og er það ekki nema eðlilegt vegna þeirrar samdráttarstefnu, sem hér hefur verið ríkjandi.

Út af ræðu hv. 1. þm. Vestf. vil ég segja þetta: Hann segir: Hv. Alþ. var sent heim af því, að stjórnarandstæðingar báðu um orðið og töluðu hér á hv. Alþ. Er það frambærileg rök, að hæstv. ríkisstj. geti sent Alþ. heim, af því að þm. tala um mál á Alþingi? Ég segi nei. Og ég veit ekki, hvort það er sérstök ástæða fyrir þennan hv. þm. að vera að ræða það, að þm. tali hér á hv. Alþ. Áður en ég kom hér á hv. Alþingi, var ég búinn að heyra af honum langar sögur um það, hvað hann tæki hér mikinn þátt í umr., og ég verð að segja það, að ég

taldi honum það ekki til lasts. Hann var kjörinn á þing til þess að taka þátt í þingstörfum, í umræðum einnig. Og það erum við hv. þm. Það eru ekki frambærileg rök, að alþingismennirnir séu sendir heim, af því að þeir taki til máls. Hitt veit hæstv. ríkisstj., að hún framkallaði hér umr. á Alþ. í fyrrahaust, vegna þess að hún frestaði þingstörfum. Þá framkallaði hún umr. út af frestuninni sjálfri. Nei, sannleikur málsins er sá, sem ég skýrði frá, að hæstv. ríkisstj. kærði sig ekki um að hafa sitt þinglið við, þegar hún var að undirbúa viðreisnina. Og því verður ekki mótmælt með þeim rökum, að ríkisstj. sendi þing heim, af því að þm. tali. Það er ekki í hennar verkahring, eða hennar vald nær ekki til þeirra hluta.

Þá var hv. þm. að tala um það, að Framsóknarflokksmenn hafi farið úr ríkisstjórnum, sem þeir hafa setið í. Er það nú nokkuð sérstakt, þó að upp úr slitni hjá stjórnarflokkum, sem standa að ríkisstj.? Það er ekkert eilífðartryggðarband, sem bundið er með myndun ríkisstj.? Það er samningur um að reyna að koma áfram málum um tiltekinn tíma, og samstarf er, meðan hægt er að koma þeim málum áfram, sem stjórnarflokkar geta sameiginlega unnið að. Þegar sá tími er liðinn, að ríkisstj. geti staðið saman að þeim málum, sem hún ætlar sér að koma fram, þá er ekkert annað að gera en hætta samstarfinu, því að þá er stjórnin ekki starfhæf lengur. Það er þetta, sem hefur gerzt og annað ekki. Og þetta er bezta sönnunin fyrir því, að Framsfl. hefur aðeins verið í ríkisstj. til þess eins að koma áfram þeim málum, sem þjóðinni mættu að gagni verða, en ekki setið þar stundinni lengur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 10. febr., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 327 felld með 21:12 atkv.

Frvgr. samþ. með 20:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:5 atkv.

Á 62. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vildi koma hér á framfæri dálítilli aths. út af einu atriði, sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. (JPálm) við 2. umr. Ég ætla ekki að fara að gera að umtalsefni hans löngu ræðu, sem kalla mátti eldhúsdagsræðu og hana ekki af finasta tagi, sem hann flutti hér. Hann hefur að líkindum flutt hana vegna þess í umr. um þetta mál, að hann hefur talið vafa leika á því, að hann gæti komið henni að síðar. En henni hefur þegar verið svarað af hv. 3. þm. Vesturl., svo að ég læt það alveg hjá líða að minnast nokkuð á þann reiðilestur.

En viðkomandi ríkisreikningnum var eitt atriði, sem ég vildi gera aths. við. Ég hafði á það bent, að í aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikningana árið 1951, 1953—1956, að báðum meðtöldum, hefði engin aths. verið um það, að ólokið væri hinni umboðslegu endurskoðun, sem svo er nefnd. En í þessari ræðu sagði hv. þm., sem er yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna, að það mundi hafa verið skýrt frá þessu í umr. um reikningana hér á þingi, þó að engin skrifleg aths. hefði verið um það gerð. Nú hef ég athugað umr. um ríkisreikningana frá þessum árum, og þar sést, að ekki hefur komið nokkurt orð frá þessum hv. þm., sem þó hefur ætíð eitthvað látið til sín heyra, þegar ríkisreikningurinn var á dagskrá, — ekki eitt orð um það, að honum væri áfátt að þessu leyti. Þannig liggur það fyrir, að á þessum árum, sem ég nefndi, hefur ekkert komið fram um það hér á þingi, að endurskoðun reikningsins væri að nokkru leyti ólokið. Þm. hafa þess vegna samþ. hann í góðri trú, að endurskoðun hans væri lokið. Viðkomandi reikningnum 1957 hef ég áður gert grein fyrir því, að þar höfðu yfirskoðunarmenn gert aths. um það, að nokkuð virtist skorta á, að umboðsleg endurskoðun hafi farið fram, eins og til er ætlazt. En þar er birt svar frá endurskoðunardeild fjmrn., þar sem segir, að heita megi, að endurskoðun þeirra reikninga, sem ríkisendurskoðunin hefur fram til þessa talið sér skylt og hefur komizt höndum undir að annast endurskoðun á, sé nú að fullu lokið. Ef það hefði legið fyrir um þann reikning, sem hér er til umr., eitthvað slíkt frá endurskoðunardeildinni, að heita mætti, að endurskoðun hans væri að fullu lokið, þá hefði enginn hreyft neinum aths. hér út af afgreiðslu þessa frv. Það er þannig ekki rétt, sem hæstv. fjmrh. hélt fram, að það hefði aldrei komið fyrir, að ríkisreikningur hefði verið fullendurskoðaður, þegar hann var samþykktur á Alþingi. Það fær ekki staðizt, því að ég geri ekki ráð fyrir því, að yfirskoðunarmenn Alþingis hafi brugðizt svo skyldum sínum, að þeir hafi látið hjá líða að minnast á þetta, ef endurskoðuninni hefði verið að meira eða minna leyti ólokið. Ég vil ekki reikna með því.

Ég vildi láta þetta koma fram, mótmæla þessu. Það er einmitt það, að drátturinn, sem hefur orðið á samþykkt ríkisreikningsins á Alþingi, stafar af því, að það hefur verið beðið eftir endurskoðuninni. Þm. hafa samþykkt reikninga allra þessara ára, 1951, 1953—1956, að báðum meðtöldum, og reikninginn fyrir 1957, eftir þessa yfirlýsingu frá endurskoðunardeildinni, sem ég gat um áðan, samþykkt reikningana og í þeirri trú, að endurskoðun þeirra væri að fullu lokið, því að það hefur ekkert komið fram á Alþ. um, að henni væri að einhverju leyti ólokið. Hér stendur hins vegar allt öðruvísi á, eins og ég hef gert grein fyrir, þar sem stórkostlega mikið vantar á, að endurskoðuninni sé lokið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta, að svo stöddu að minnsta kosti.

Jón Pálmason: Herra forseti. Út af þessari aths. frá hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég ítreka það, sem ég tók fram hér í ræðu minni um daginn, að það hefur aldrei á undanförnum árum verið

lokið endurskoðun á öllum reikningum ríkisstofnana og starfsgreina, enda þótt reikningarnir hafi verið afgreiddir. Ef hægt er að ásaka okkur yfirskoðunarmenn varðandi þetta atriði, sem kann vel að vera rétt, þá er það fyrir það að hafa ekki alltaf gert athugasemdir á hverju ári um þetta atriði. Sannleikurinn er sá, að á tímabili var endurskoðunardeild stjórnarráðsins enn lengra á eftir en hún er nú, þegar ríkisreikningar voru afgreiddir, enda þótt þeir væru svo gamlir sem upplýst hefur verið og sérstaklega greinilega fram tekið af hæstv. fjmrh. Hér er þess vegna ekki um neitt nýtt atriði að ræða, heldur er bara stigsmunur á því, hve langt endurskoðunardeildin er á eftir, og náttúrlega er það rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að endurskoðunardeildin á að vera búin og þyrfti að vera búin, áður en reikningurinn kemur til afgreiðslu. En þetta hefur nú gengið svona, ekki einasta í okkar tíð, þessara yfirskoðunarmanna, sem nú eru, heldur og töluvert oft áður, að þessi endurskoðun er ekki búin. Og það er náttúrlega í sjálfu sér ekki óeðlilegt, að hún eigi erfiðara með að ljúka sínu starfi, eftir því sem það vex, því að þetta hefur vaxið óstjórnlega á síðustu árum frá því, sem áður var.

Nú hefur hæstv. fjmrh. lýst því hér yfir, að hann hafi lagt svo fyrir, að það yrði farið að breyta til og endurskoða jafnóðum, og þá má vænta þess, að þetta færist í betra horf. En hitt verður að athuga, að það er rétt, sem aðalendurskoðandi ríkisins tekur fram í sinni skýrslu, að það er að nokkru leyti annað svið, sem endurskoðunardeildin hefur með að gera, heldur en við yfirskoðunarmenn, því að okkar aðalstarf er að rannsaka það, hvað farið hefur verið fram úr fjárlögum og að hve miklu leyti er fylgt lögum o. s. frv., auk þess sem við berum ævinlega saman spjaldskrána við reikninginn, til þess að það sýni sig, að það standi heima. Og eins og ég hef oft áður sagt, þá hefur óstjórnin í okkar fjármálum legið miklu meira í því um langa tíð, að það er ekki rétt á spilunum haldið, heldur en í því, að það væru ekki rétt færðir reikningar ríkisins, því að það er kunnugt mál, að aðalreikningshaldarinn, ríkisbókarinn Magnús Björnsson, er ákaflega vel fær í sínu starfi og fylgist með öllu eins og honum er mögulegt.

Út af þessu skal ég svo ekki fara fleiri orðum, nema frekara tilefni gefist til, en það er alveg viðurkennt frá minni hálfu, að ef um einhverjar sakir er þarna að tala, þá felast þær í því, að við höfum ekki á hverju ári gert athugasemdir um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. segir nú, að það hafi verið þannig á undanförnum árum, að hinni umboðslegu endurskoðun hafi ekki verið að fullu lokið. Þessi yfirlýsing frá yfirskoðunarmanninum kemur náttúrlega nokkuð seint, eftir að Alþingi er búið að afgreiða frá sér ríkisreikninga allra þessara ára. Seinast þegar þeir gerðu aths. af þessu tagi, en það var haustið 1954 um ríkisreikninginn 1952, þá segja þeir í 30. aths. sinni: „Endurskoðun reikninga hinna ýmsu stofnana ríkisins hefur mikið færzt í betra horf frá því, er áður var. Þó eru reikningar nokkurra stofnana óendurskoðaðir frá 1952 og sumir þeirra fyrir lengri tíma.“ En í till. sínum til Alþingis segja svo yfirskoðunarmenn: „Áherzlu ber að leggja á það, að endurskoðuninni verði að fullu komið í lag. Athugasemdin er því til eftirbreytni.“ Síðan koma reikningar næstu fimm ára, þar sem engin aths. af þessu tagi kemur fram hjá þeim, hvorki í umr. né í hinum skriflegu athugasemdum, og þm. höfðu því ástæðu til að ætla, að þeir hefðu fylgt þessu eftir, sem þeir sögðu, að áherzlu bæri að leggja á, að endurskoðuninni væri að fullu lokið, og hafa því samþ. reikninginn í góðri trú, að hann væri fullendurskoðaður.

Í ræðu sinni um þetta mál lét hæstv. ráðh. orð falla um það, að einkennilegt væri af mér, sem hef á þessum tíma setið í fjhn., að ég skyldi ekki fyrr en nú gera aths. um þetta. Það var vitanlega ekki eðlilegt, að ég gerði það, þar sem engin aths. lá fyrir frá yfirskoðunarmönnum Alþ., og ég gat því ekki vitað annað en reikningurinn væri að fullu endurskoðaður. Allar hans ásakanir í minn garð út af þessu falla því ómerkar. Þær hafa ekki við rök að styðjast.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, BBen, JPálm, GíslJ, GuðlG, GunnG, IngJ, JP, JR, PS, RH, SÁ, SI, JKs, BGr, BF, JóhH.

BFB, BP, EðS, PM, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj, SkG, ÞÞ, ÁÞ greiddu ekki atkv.

7 þm. (EOl, EmJ, GÍG, GÞG, LJós, MÁM, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

16. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1961.

Á 59. fundi í Nd., 10. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1961 [186. mál] (stjfrv., A. 356).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 33 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef fyrir hönd ríkisstj. leyft mér að bera fram frv. á þskj. 356 um, að reglulegt Alþingi 1961 skuli koma saman þriðjudaginn 10. okt. 1961, hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Þetta er gamall kunningi Alþingis, þetta frv. Það, sem um það er að segja, er tilgreint í grg. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til þess að segja annað eða meira um það en

þar stendur og vænti þess, að að lokinni þessari umr. verði málið nefndarlaust látið ganga áfram, annaðhvort nú þegar, þegar þessari umr. er lokið, eða þegar þær atkvæðagreiðslur hafa farið fram, sem eru á dagskrá dagsins í dag.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 57. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 58. fundi í Ed., 14. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umræðu, er að efni til áreiðanlega kunnugt öllum hv. alþingismönnum, og þarf ég þess vegna ekki að skýra það neitt sérstaklega, enda mundi ég ekki um það annað hafa að segja en fram er tekið í hinni stuttu grg., sem frv. fylgir. Það er venju samkvæmt, að málinu sé ekki vísað til nefndar, og vildi ég leyfa mér að mælast til, ef það er vilji hv. deildar, að að lokinni meðferð málsins nú á þessum fundi verði boðaður nýr fundur og málið þar afgreitt, og þá enn að honum loknum þriðji fundurinn, þar sem málið verði endanlega afgreitt. Ég leyfi mér að beina þessum tilmælum til hæstv. forseta og hv. deildarmanna.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 365).

---

17. Sameining Áfengisverzlunar og Tóbakseinkasölu.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins** [177. mál] (stjfrv., A. 312).

Á 51. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Undanfarna tvo áratugi hefur oft verið um það rætt að sameina Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins undir eina stjórn í sparnaðarskyni. Tvívegis hafa verið flutt frv. um það á Alþingi, en hvorugt náð fram að ganga. Það höfðu í sambandi við þau frv. ekki farið fram sérlega ýtarlegar athuganir á því, hversu mikill sparnaður kynni af þessu að verða.

Á síðastliðnu ári var framkvæmd rækileg og gagngerð rannsókn á því, hver sparnaður mundi verða að slíkri sameiningu. Sú athugun beindist á fyrsta stigi að því að sameina stjórn fyrirtækjanna, skrifstofuhald og bókhald, og þeirri rannsókn er lokið, og bendir hún til þess, að á þessum lið, stjórn, skrifstofuhaldi, bókhaldi, megi spara um 1 millj. kr. á ári við sameiningu fyrirtækjanna. Í öðru lagi er ljóst, að mikill sparnaður verður í húsnæðiskostnaði við það að sameina fyrirtækin. Það liggur ekki fyrir endanlega, hversu hárri upphæð það muni nema, en það er töluverð fjárfúlga árlega. Í þriðja lagi er svo talið víst, þótt ekki liggi *endanlega fyrir nákvæm áætlun um það*, að töluverður sparnaður verði einnig varðandi framleiðslu, vörugeymslu, afgreiðslu, flutning og útsendingu. Það er erfitt, vegna þess að nákvæmar tölur liggja ekki fyrir um það síðasttalda, að gefa upp neinar ákveðnar tölur í því efni, en þó mundi ég ætla, að á þriðju millj. ætti að mega sparast árlega með sameiningu þessara fyrirtækja.

Eftir þá athugun, sem þegar hefur fram farið, þykir því alveg einsætt að gera þessa ráðstöfun og það hið fyrsta, og um það fjallar þetta frv., sem hér liggur fyrir um sameining rekstrar Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölu ríkisins. Er þá ætlunin, að eftir sam-

eininguna skuli þessi fyrirtæki rekin í einu lagi, með heitinu Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.

Ég vænti þess, að mál þetta fái góðar undirtektir, og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 312, n. 324).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv. og nánar var lýst í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv. við 1. umr., þá er tilgangur þess sá að spara kostnað við rekstur þeirra stofnana, sem sameina á.

Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og fellst á þau sjónarmið, sem liggja því að baki, að það hefur verið borið fram, og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 58. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um það að sameina undir eina stjórn rekstur áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins. Undanfarna tvo áratugi hefur oft verið um það rætt, að rétt væri að sameina þessi fyrirtæki í sparnaðarskyni. Tvívegis hafa verið lögð fram frv. um það efni, en hvorugt þeirra náð fram að ganga.

Á s. l. ári fór fram ræki leg rannsókn á því, hvort það mundi leiða til sparnaðar að sameina þessi fyrirtæki. Sú rannsókn liggur þegar fyrir varðandi einn meginþátt þessa máls. Það er um sameiningu á sjálfri yfirstjórn, skrifstofuhaldi, bókhaldi og öðru, sem það snertir. Rannsóknin leiðir það í ljós, að sparnaður varðandi þetta efni muni verða um það bil 1 millj. kr. á ári. Annar liður er svo húsnæðiskostnaður, en þessi fyrirtæki hafa húsnæði sitt á hvorum stað. Ef þau væru sameinuð, mætti spara allverulegar fúlgur á ári hverju í húsnæðiskostnaði. Það liggur ekki enn þá fyrir tölulega, hversu mikill sá sparnaður muni verða, en hann yrði verulegur. Í þriðja lagi er svo framleiðsla, birgðageymslur, útsending, flutningur og annað þess háttar, sem er enn í athugun og enn er ekki lokið, þannig að ég get ekki um það sagt, hversu mikill sparnaður muni verða í þeim greinum, en það er einnig talið, að hann muni verða verulegur.

Eftir þessar athuganir þykir alveg einsýnt að leggja til, að þessar stofnanir verði sameinaðar undir einni stjórn, og um það fjallar þetta frv. Frv. var lagt fyrir hv. Ed. og var þar samþ. alveg einróma, og vænti ég þess, að svo verði einnig í þessari hv. deild.

Ég legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 65. og 66. fundi í Nd., 17. og 20. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 21. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 312, n. 380).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til meðferðar og athugað efni þess og rætt. Áfengisverzlun ríkisins tók til starfa samkv. l. nr. 69 7. maí 1928 og Tóbakseinkasalan samkv. l. um einkasölu ríkisins á tóbaki, nr. 58 frá 8. sept. 1931. Síðan hafa báðar þessar stofnanir starfað sem sjálfstæð fyrirtæki, en raunar þó oft verið rætt um, að hagfellt gæti verið að sameina rekstur þeirra, en þó ekki af orðið fyrr en ef nú verður. Á s. l. ári var fyrir atbeina hæstv. fjmrh. látin fara fram ýtarleg athugun á rekstri þessara fyrirtækja, og sýndi sú athugun, að líkur væru fyrir því, að um verulegan sparnað mundi verða að ræða með sameiningu þessara tveggja stofnana. Fjhn. hefur orðið sammála um að mæla með því við hv. d., að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 415).

---

18. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 4. fundi í Sþ., 19. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands** [55. mál] (stjfrv., A. 58).

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. felast tvær breytingar á lögunum um fiskveiðasjóð. Hin fyrri er sú, að hámarkið, sem nú er í lögunum, sem sjóðurinn má taka að láni með ábyrgð ríkissjóðs, hækkar úr 50 millj. og upp í 150 millj. kr., *og hitt er*, að þegar fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, sé heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, er nemur gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum, eins og segir í 2. gr. frv.

Þetta hámark, sem 1. gr. fjallar um, er nú orðið svo lágt, að með *gengisbreytingunni*, sem fram fór í vetur, fór samanlögð upphæð erlendra lána, sem sjóðurinn hefur tekið með ríkisábyrgð, fram úr þeirri upphæð, sem lögin ákveða, eða upp í 64 millj. kr. rúmar. Það er þess vegna nauðsynlegt, að lögunum verði breytt með hliðsjón af þessu og einnig með hliðsjón af því, að svo *mikil eftirspurn* hefur verið eftir lánum hjá sjóðnum, að ekki er líklegt, að hjá því verði komizt, að nokkur erlend lántaka þurfi fram að fara, til þess að sjóðurinn geti orðið við þeirri eftirspurn, sem verið hefur um ný lán hjá honum. Og ég vil bæta því við, að það hafa meira að segja verið *gerðar nokkrar ráðstafanir* til þess að útvega sjóðnum lán í þessu skyni, þó að hann á miðju þessu ári, þegar síðasta uppgjör sjóðsins, sem ég hef séð, var gert, hafi átt nokkuð mikið á annan tug milljóna króna í eigin fé og ekki hafi þurft að grípa til erlendrar lántöku þá sem komið var. En það er vitað, að margar lánabeiðnir voru þá *óafgreiddar*, ekki vegna þess, að sjóðurinn hafi ekki getað gert það, heldur vegna þess að skipin, sem lánabeiðnirnar voru bundnar við, voru ekki fullsmíðuð og þess vegna ekki tímabært að veita lánin, en vitað, að þessar lánabeiðnir mundu verða raunverulegar á næstunni.

Hitt atriðið, sem í 2. gr. felst, er svo það, að sjóðnum verði heimilað að setja gengistryggingarákvæði í þau skuldabréf, sem hann kaupir af þeim mönnum, sem lánin fá. Það hefur sýnt sig að vera nauðsynlegt, vegna þess að sjóðurinn hefur þegar orðið fyrir alltilfinnanlegu tapi, af því að lánin hafa verið veitt í íslenzkum krónum og gengisákvæðalaust, og verður ekki haldið svo áfram, nema efnahag sjóðsins sé stefnt í voða. Það er ekki heldur eðlilegt, að gengisáhætta sú, sem fylgir erlendri lántöku, hvíli á sjóðnum, heldur á þeim, sem lánið raunverulega fær.

Fleira er ekki í þessu frv., og ætla ég, að þar sé ekki neitt, sem ágreiningi þurfi að valda. Ég tel, að hvor tveggja þessi nýmæli séu nauðsynleg, og stjórn sjóðsins hefur eindregið óskað eftir því, að þessi ákvæði yrðu sett.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til *hv.* sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 6. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 58, n. 302 og 319, 320).

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft til meðferðar frv. til laga á þskj. 58 um breyt. á lögum nr. 40 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands. Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl., fjórir nm., leggur til, að frv. verði samþykkt, eins og fram kemur á nál. á þskj. 302, en einn nm., hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, skrifar undir það nál. með fyrirvara. Minni hl., hv. 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, skilar séráliti og flytur brtt. við frv. á þskj. 320.

Með frv., ef að lögum verður, eru gerðar tvær breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands. Hin fyrri er sú, að ábyrgð ríkissjóðs á skuldum fiskveiðasjóðs hækkar úr 50 millj. kr. í 150 millj. kr. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. Þessi breyting er nauðsynleg, vegna þess að skuldir sjóðsins í erlendri mynt, tryggðar með ríkisábyrgð, *eru nú orðnar um 64 millj.* kr. og því þegar komnar fram úr því, sem lög heimila, og sjóðurinn er nú í þann veginn að taka erlend lán til viðbótar. Um þessa breyt. út af fyrir sig hygg ég að ekki sé ágreiningur í sjútvn., að því er séð verður af nál. og brtt. hv. minni hluta. Síðari breytingin er sú, að sjóðnum verður heimilað að *endurlána* erlent lánsfé þannig, að áskilið sé, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum, og það er þessi breyting, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur gert ágreining um í sjútvn., sbr. nál. hans. Aðrir nm. telja óhjákvæmilegt að *heimila* fiskveiðasjóði að taka upp gengisáhættuákvæði í lánaskilmálum sínum, er svari til þess erlenda fjármagns, sem sjóðurinn hefur í útlánum hverju sinni.

Stjórn sjóðsins telur í umsögn sinni um þetta mál, sem birt er í nál. meiri hlutans, að líklegt sé, að sjóðurinn verði í framtíðinni að starfa að *verulegu leyti* með *erlendu* lánsfé. Einnig er upplýst, að sjóðurinn hafi þegar orðið að taka á sig 28 millj. kr. gengistap, en öll útlán sjóðsins hafa fram til þessa verið veitt í íslenzkum krónum, og enn fremur kemur það fram í bréfi stjórnar fiskveiðasjóðs, að þau erlendu lán, sem sjóðurinn á nú kost á og *honum eru mjög nauðsynleg*, verða beinlínis veitt með því skilyrði, að féð verði endurlánað með gengistryggingu.

Sjútvn. leitaði einnig umsagnar Landssambands ísl. útvegsmanna um þetta frv., og í svari stjórnar landssambandsins er mælt með samþykkt frv., af því að telja verði víst, að sú breyting, sem í því felst, muni gera fiskveiðasjóð betur færan til að gegna sínu mikilvæga hlutverki í framtíðinni.

Skuldir fiskveiðasjóðs í erlendri mynt eru nú, eins og áður var getið um, um 64 millj. kr., og ef nota þarf til fulls þá heimild, sem frv. gerir ráð fyrir, þá geta þær alls orðið 150 millj. kr.

Nefndarmenn kynntu sér hjá forráðamönnum sjóðsins, hvernig fyrirhugað væri að framkvæma heimildina til að setja gengisáhættuákvæði í skuldabréf sjóðsins. Þetta atriði skiptir verulegu máli, vegna þess að Fiskveiðasjóður Íslands starfar ekki eingöngu með erlendu lánsfé. Sjóðurinn hefur, sem betur fer, drjúgar tekjur í íslenzkri mynt. Þær tekjur reyndust sem hér segir árið 1959:

	millj. kr.
Útflutningsgjald (þar af 8.8 millj. kr. frá 1958)	30.9
Framlag ríkissjóðs	2
Vaxtatekjur	9.4
Alls	42.3

Árið 1960 voru tekjurnar þessar:

	millj. kr.
Útflutningsgjald (þar af 5.4 millj. kr. frá 1959)	37
Framlag ríkissjóðs	2
Vaxtatekjur	11.1
Alls	50.1

Hafa tekjurnar þannig hækkað s. l. ár um 7.8 millj. kr. frá árinu á undan, þ. e. a. s. útflutningsgjaldið hækkaði um 6.1 millj., en vaxtatekjurnar um 1 millj. og 700 þús. kr. Vil ég skjóta því hér inn í, að hækkun vaxtateknanna stafar ekki einungis af vaxtabreytingunni s. l. ár, heldur jafnframt af auknum útlánum sjóðsins. Einnig koma til ráðstöfunar hjá sjóðnum greiddar afborganir eldri lána, og var sú upphæð s. l. ár 20.4 millj. kr.

Það er þannig verulegt innlent fjármagn, sem sjóðurinn hefur til umráða á hverjum tíma, og teljum við, sem að nál. meiri hlutans stöndum, ekki ástæðu til að endurlána það fjármagn gegn gengistryggingu, enda er ekki farið fram á heimild til þess í frv. Innlenda fjármagnið endurgreiðist í sömu krónutölu og það er lánað, þótt gengi krónunnar kunni að vera fellt, og tekjur sjóðsins í krónutölu aukast við gengisfellingu vegna þess, hvernig tekjuöflun hans er háttað (útflutningsgjaldið). Sést þetta m. a. af tekjuaukningunni milli áranna 1959 og 1960, sem ég gat um áðan.

Allt öðru máli gegnir um erlent fé, sem sjóðurinn starfar með. Sjóðurinn skuldar það fé erlendis vegna þess, að honum hefur verið falið það hlutverk að hafa milligöngu um útvegun erlends lánsfjár fyrir viðskiptavini sína. Þessar skuldir vaxa í krónutölu við hugsanlega gengisfellingu, og af því að þær eru á nafni fiskveiðasjóðs, verður hann að sjá um greiðsluna. Hafi ekki verið viðhöfð sú varúð að endurlána hið erlenda fjármagn með gengisáhættuákvæðum í lánsskjölum, þá lendir gengistapið á fiskveiðasjóði eða ríkissjóði, sem ábyrgur er fyrir lánunum. Hefur fiskveiðasjóður þannig tapað 28 millj. nú þegar, eins og upplýst hefur verið. Slíku áframhaldandi tapi gæti sjóðurinn ekki mætt með öðru en innlendum tekjum sínum og höfuðstól, eða þá með því að láta ábyrgðaraðilann borga, þegar hans eigið fé væri þrotið, og gefur þá auga leið, að sjóðurinn yrði ekki mikils megnugur á því sviði, sem honum er ætlað, en það er efling fiskiflotans og fiskiðnaðarins. Ef svo færi fram, þá er bersýnilegt, að betra hefði verið að láta sjóðinn ekki hafa milligöngu um útvegun erlenda fjárins.

Það er þó með öllu ástæðulaust að taka þetta verkefni af sjóðnum. Viðskiptavinir hans þurfa mjög á hinu erlenda lánsfé að halda, og sjóðurinn getur firrt sig áhættunni af gengisfellingu með því að koma henni fyrir, þar sem hún á heima, þ. e. a. s. hjá viðskiptavinunum. Þetta telur meiri hluti sjútvn. að beri að gera, hvað snertir erlent lánsfé, sem fiskveiðasjóður endurlánar. Til frekari stuðnings þessa sjónarmiðs má á það benda, að þegar fellt er gengi krónunnar, þá er vinningur að því fyrir þá, sem skulda í íslenzkum peningum, og um flesta viðskiptavini fiskveiðasjóðs mun svo vera háttað, að þeir geti talið fram verulegar skuldir. Þeir koma a. m. k. til með að skulda fiskveiðasjóði bæði innlent og erlent fé og af innlenda hlutanum, sem væri ekki gengistryggður, mundu þeir hafa vinning á móti gengistapinu á hinum erlenda hluta.

Fiskveiðasjóður Íslands er orðinn öflug stofnun, sem hefur átt mikilvægan þátt í uppbyggingu fiskiflotans og fiskiðnaðarins, og það væri mesta skammsýni að halda þannig á málefnum sjóðsins, að tekjur hans og eignir hyrfu í gengis- eða vaxtatap. Þeir menn, sem slíkt vilja, virðast ekki sjá aðrar leiðir í fjármálum þjóðarinnar en áframhaldandi verðbólguþróun, sem leiðir til ófarnaðar, sbr. bitra reynslu okkar Íslendinga síðustu árin. Það er eindreginn vilji stjórnarflokkanna að forða mikilvægustu stofnlánasjóðum atvinnuveganna, eins og fiskveiðasjóði, frá slíkri meðferð.

Til marks um mikilvægi sjóðsins fyrir sjávarútveginn og uppbyggingu hans, og um þann vanda, sem nú þarf að leysa á vegum sjóðsins, er þetta m. a.:

Í árslok 1959 voru heildarútlán sjóðsins 219.1 millj. kr. Í lok ársins 1960 voru útlánin 376.3 millj. kr. og hafa þannig á s. l. ári aukizt um 157.2 millj. kr.

Útlánin um síðustu áramót skiptast þannig:

	millj. kr.
Lán gegn veði í skipum	332.3
Fasteignaveðslán	40.0
Lán vegna skipa í smíðum	4.0
Alls	376.3

Af þessari upphæð voru í árslok 1960 óútborguð lán 101,6 millj. kr., og er það 84 millj. kr. hærri upphæð en var óútborguð um næstu áramót þar á undan. Af þessum innstæðum lántakenda á sjóðurinn að greiða á þessu ári 34½ millj. kr., og 1962 á að greiðast 31 millj. kr. Vitað er um 14 skip, sem komin eru til landsins og líklega 12 skip í smíðum erlendis, sem enn hafa ekki fengið lán hjá sjóðnum, og

mun sjóðurinn þurfa að lána um 20 millj. kr. vegna þessara skipa, og vegna skipa og báta í smíðum innanlands er áætlað að þurfi 29 millj. kr. Vegna endurbyggingar, vélakaupa og tækjakaupa er talið að þurfi að lána um 35 millj. kr. Við þetta bætast svo lán út á fasteignir, afborganir erlendra lána og vextir, sem sjóðurinn þarf að greiða öðrum, og annar kostnaður, þannig að fjárþörf sjóðsins á þessu ári mun vera nálægt 130 millj. kr., ef hann á að geta sinnt verkefnum sínum, svo að viðunandi sé.

Áformað mun vera, að lántaka sjóðsins að þessu sinni verði 40 millj. kr., en greinilegt er, að meira þarf til, svo að sjóðurinn geti leyst þau verkefni af hendi, sem við blasa, þó að þessi lánsupphæð bætist við tekjur hans á árinu og eigið fé hans, sem nam um 12 millj. kr. um síðustu áramót.

Ég læt þetta nægja um starfsemi fiskveiðasjóðs og þann vanda, sem sjóðurinn þarf að leysa vegna geysilegra skipakaupa að undanförnu. Í þeim efnum hefur svo mikið verið að gert, að vera má, að talsvert dragi úr eftirspurn eftir lánsfé til skipakaupa í bili. En alltaf ganga gömul skip úr sér, og þörf er á nýjum skipum í þeirra stað. Hinn aukni skipakostur krefst einnig margs konar uppbyggingar í landi í sambandi við útgerðina, og benda má á ótal verkefni, sem æskilegt væri að fiskveiðasjóður gæti sinnt. Sjóðurinn þarf þess vegna ekki að kvíða verkefnaskorti, og það þarf að efla hann, en ekki veikja.

Ég mun nú að lokum fara nokkrum orðum um brtt. og nál. hv. minni hl.

Mér skilst af brtt. og nál. hv. minni hluta, að hann telji sig koma til móts við það sjónarmið, að firra beri Fiskveiðasjóð Íslands áhættu með því að leggja til, að ríkissjóður skuli bæta sjóðnum gengistap, sem hann kann að verða fyrir af allt að 50 millj. kr. erlendri lántöku á þessu ári. Ég átti satt að segja von á meiri höfðingsskap hjá þeim ágæta fulltrúa Framsfl., sem flytur þessa till. Hvers vegna fylgir hann ekki stefnu flokks síns til fulls og leggur til, að ríkissjóður skuli greiða þær 28 millj. kr., sem fiskveiðasjóður hefur þegar tapað á því að endurlána erlent fjármagn? Hvers vegna leggur hann ekki til, að ríkissjóður skuli taka að sér að greiða allt gengistap, sem verða kann á þeim 150 millj. kr., sem nú á skv. frv. að heimila sjóðnum að taka að láni erlendis? Hvers vegna fylgir hann ekki fordæmi flokksbræðra sinna í hv. Ed., sem hafa lagt til á þskj. 75, að ríkissjóður taki að sér að greiða án nokkurrar endurgreiðslukröfu erlend lán, sem hvíla á Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði sveitabæja, samtals að upphæð 160 millj. kr.? Hvers vegna leggur hv. 3. þm. Norðurl. e. ekki á sama hátt til, að ríkissjóður skuli greiða öll erlend lán Fiskveiðasjóðs Íslands, sem gætu samkv. frv. orðið 150 millj. kr.? Með þeirri hófsemi, sem hv. þm. sýnir í tillöguflutningi sínum, er hann vissulega á flótta frá þeirri meginstefnu flokks síns að loka augunum fyrir afleiðingum verðbólgu og gengisfalls með því að gefa út ávísanir á ríkissjóð og framtíðina og ýta þannig vandanum á undan sér óleystum.

Út af fyrir sig ber að fagna þessu fráviki hv. 3. þm. Norðurl. e. frá flokkslínunni. Það ber þess vott, að sá mæti maður gerir sér nú ljóst, að sú stefna, sem flokkur hans fylgir í þessum efnum, sé óheillastefna og frá henni beri að hverfa, þó að hann stígi ekki sporið að þessu sinni nema til hálfs af tillitssemi við flokk sinn. Skal ég svo ekki fjölyrða frekar um fram komna brtt. hv. minni hl., en legg til, að hún verði felld.

Það skiptir að sjálfsögðu meginmáli, hvernig við skuli brugðizt, ef gengistap verður á erlendu fjármagni, sem íslenzkar lánsstofnanir hafa endurlánað, og er að þessu vikið í nál. hv. minni hl., þar sem bent er á, að þrír aðilar geti borið gengistapið hver fyrir sig eða allir að einhverju leyti. Þessir aðilar eru hlutaðeigandi lánsstofnun, lántakandi og ríkissjóður. Með afgreiðslu sinni á þessu máli sýnir meiri hl. sjútvn. skýrt og ótvírætt, að hann fylgir þeirri stefnu að láta lántakendur sjálfa bera gengisáhættuna, og er sú afstaða í fyllsta samræmi við stefnu hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Annað mál er svo það, að nauðsyn ber til að leysa þann vanda, sem skapazt hefur vegna þeirrar glundroðastefnu liðna tímans, sem hefur stórskaðað stofnlánasjóði atvinnuveganna, og þann vanda hefur hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar sýnt á þessu þingi að þeir hafa vilja og getu til að leysa, þó að hv. Framsfl. standi alveg utan gátta. Stjórnarflokkarnir vænta þess að sjálfsögðu, að þótt sett verði gengisáhættuákvæði í lánsskjöl stofnlánasjóðanna eftirleiðis, þá sé ekki þar með sagt, að þeir, sem fái endurlánað erlent fé hjá sjóðunum, þurfi endilega að bíða af því tjón vegna gengisfellingar. Það er von okkar, sem stjórnina styðjum, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til stöðvunar verðbólgunni, fái að þróast í friði, þannig að ekki þurfi að grípa til nýrrar gengisfellingar á næstu árum. Í trausti þess, að þetta takist, legg ég til fyrir hönd meiri hl. sjútvn., að frv. verði samþykkt.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og tekið var fram af hv. frsm. meiri hl., felast í þessu frv. tvær breytingar á l. um fiskveiðasjóð, og varða báðar lántökur sjóðsins.

Þetta frv. er stjfrv. og hefur verið nokkurn tíma til meðferðar í sjútvn. Það var á sínum tíma sent til umsagnar stjórn fiskveiðasjóðs og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Hafa umsagnir borizt frá báðum þessum aðilum. Hv. frsm. meiri hl. gat þessara umsagna, og má vera, að ég komi eitthvað að þeim síðar.

1. gr. frv. er þess efnis að auka heimild fiskveiðasjóðs til lántöku. Samkv. gildandi lögum hefur sjóðurinn heimild til að taka að láni allt að 50 millj. kr. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt, en sú heimild hefur þegar verið fullnotuð, eða svo verður að telja, að hún sé það nú, eftir að skráningu gengisins hefur verið breytt, því að eftir hinni nýju skráningu skuldar sjóðurinn nú rúmlega 64 millj. kr. Í frv. er lagt til, að heimildin verði færð upp í 150 millj. kr., og við vorum sammála um það í

n., að það væri eðlilegt að auka heimildina eins og þarna er farið fram á.

Hins vegar er í 2. gr. frv. farið fram á það, að sú breyt. verði gerð, að þegar fiskveiðasjóður endurláni erlent lánsfé, þá sé heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum. Þetta þýðir væntanlega það, að sjóðnum verði heimilt að setja fyrirvara í skuldabréfin um það, að ef gengið breytist, þá breytist líka höfuðstóll lánanna eða eftirstöðva af lánunum, annaðhvort allrar lánsupphæðarinnar eða þá einhvers ákveðins hundraðshluta af lánsupphæðinni, og eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, mun fiskveiðasjóður gera ráð fyrir því, að framkvæmdin verði sú, að tiltekinn hluti láns verði með gengisbreytingarfyrirvara.

Fiskveiðasjóður Íslands hefur nú um nokkra áratugi verið sú stofnun, sem aðallega hefur veitt stofnlán til bátaútvegsins og til fiskvinnslustöðva fyrir bátaútveginn. Að vísu veitti stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands nokkuð af slíkum lánum um tíma, en eigi að síður hefur fiskveiðasjóðurinn aðallega annazt þessa starfsemi. Hann, þ. e. a. s. Fiskveiðasjóður Íslands, mun nú um þessar mundir eiga í útborguðum lánum um 275 millj. kr., — ég segi í útborguðum lánum, því að hann hefur raunverulega lánað allmiklu meira. Nokkuð mikið af þessum lánum, sem þar er um að ræða, er veitt út á fiskibáta, sem smíðaðir hafa verið erlendis. Þessum bátum fylgja erlend lán, fremur stutt lán, til nokkurra ára, og lánin, sem fiskveiðasjóður veitir, eru útborguð jafnóðum og greiða þarf af þessum erlendu lánum. Af þessu stafar mismunurinn á útborguðum lánum sjóðsins, 275 millj., og þeirri tölu, sem hv. frsm. meiri hl. nefndi áðan um lánveitingar sjóðsins í heild, eða raunverulegar lánveitingar sjóðsins. Af þessum 275 milljónum, sem sjóðurinn á í útborguðum lánum, eru 64 millj. kr. erlend lán. Sjóðurinn hefur árlegar tekjur af útflutningsgjaldi af útfluttum sjávarafurðum, og tekjurnar af þessu gjaldi áætlar stjórn sjóðsins á árinu 1961 38 millj. kr. Ég hef enn fremur spurzt fyrir um það hjá sjóðnum, hvað ætla megi að inn komi á árinu í afborgunum og vöxtum af veittum lánum og hverju sú upphæð muni nema, þegar frá hafa verið dregnar þær afborganir, sem sjóðurinn sjálfur þarf að inna af hendi, og vextir af skuldum hans. Þetta munu vera um 25 millj. kr. Þó hygg ég, að þar sé meðtalið ríkisframlagið, 2 millj. kr. á ári. Enn fremur á sjóðurinn inni sem svarar 12 millj. kr.

Þetta er þá það fé, sem fiskveiðasjóður hefur til útlána á þessu ári, sem nú er nýbyrjað, ef ekki koma til ný lán. En lánaþörfin er samkvæmt áætlun sjóðsstjórnarinnar á þessu sama ári um 130 millj. kr., sem eru, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um, lán til skipakaupa eða útborganir á lánum, sem raunverulega er búið að veita, lán til fiskvinnslustöðva í landi, lán til að kaupa vélar og báta, lán til endurnýjunar og viðgerða á bátum o. s. frv. Þetta er áætlað í heild af sjóðsstjórninni um 130 millj. kr. á þessu ári.

Það er þess vegna auðsætt, ef bornir eru saman annars vegar möguleikar sjóðsins til fjáröflunar, sem ég gat um áðan, og hins vegar áætlunin um útlán á árinu, að allmikið vantar á, að sjóðurinn geti af eigin rammleik fullnægt lánaþörfinni, og ég hef gert ráð fyrir því, svona lauslega áætlað, að hann mundi vanta til þess um 50 millj. kr. Við þá upphæð er brtt. mín á þskj. 320 miðuð. Það verður því ekki hjá því komizt, að sjóðurinn taki lán á árinu, og mjög sennilegt, að þar hljóti aðallega að verða um erlent lán að ræða eða lán af erlendum uppruna.

Nú mun vera að því komið, að sjóðurinn þurfi að fara að ganga frá fyrstu lánunum, sem veitt verða á þessu ári, og þess vegna er eðlilegt, að sjóðsstjórnin hafi áhuga fyrir því að vita, með hvaða hætti útlánin geti orðið.

Nú er það svo, og það hefur reynslan sýnt, að þegar lánsstofnun tekur erlent fé að láni og lánar það út aftur innanlands til langs tíma, þá er sú hætta alltaf yfirvofandi eða getur verið fyrir lánsstofnunina, að skráningu erlends gjaldeyris verði breytt, þannig að þegar að greiðslu þess kemur, þá verði upphæðin, sem þarf að greiða hinum erlenda aðila, orðin hærri í íslenzkum krónum en hún var, þegar lánið er tekið. Hins vegar hefur það yfirleitt verið svo, að lánsstofnanir, sem hafa tekið erlend lán, hafa lánað þetta fé út í íslenzkum krónum án þess að gera þar á nokkurn áskilnað. En þar sem gera má ráð fyrir því, að erlendar lántökur fari a. m. k. ekki minnkandi og sennilega heldur vaxandi, lán, sem tekin eru í þessu skyni, til að endurlána, þá er auðvitað eðlilegt, að þetta verði mönnum umhugsunarefni, hvernig með skuli fara, og sérstaklega þeim stofnunum, sem í hlut eiga, og í sambandi við þennan vanda liggur það nokkurn veginn í augum uppi, að þar er um þrjár leiðir að ræða.

Fyrsta leiðin er sú, sem aðallega hefur verið farin til þessa, að lánsstofnanirnar taki sjálfar á sig áhættuna við að endurlána erlent fé og greiði mismun þann, sem verða kann, af sínum eigin fjármunum eða fjármunum, sem þeim kunna að verða til þess fengnir af ríkinu, sem stendur yfirleitt á bak við þessar stofnanir og á þær í raun og veru, án endurkröfuréttar gagnvart lántakendum. Þetta er fyrsta leiðin.

Önnur leiðin er svo sú, að lántakendum sé gert að greiða slíkan gengismismun sjálfir, ef til kemur, og að um það sé gerður fyrirvari, þegar féð er lánað út. Það er þessi leið, sem gert er ráð fyrir með stjórnarfrv., að því er varðar Fiskveiðasjóð Íslands. Og stjórn L. Í. Ú., sem fékk þetta mál til meðferðar, hefur gefið um þetta atriði umsögn svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á stjórnarfundi 21. þ. m." (það hefur verið annaðhvort í desember eða janúar, ég man það ekki alveg með vissu) „var samþykkt að mæla með frumvarpinu, þar sem telja verður víst, að slík breyting, sem frv. boðar, muni gera fiskveiðasjóð betur færan til að gegna sínu mikilvæga hlutverki í framtíðinni."

Það, sem í þessari umsögn felst, er þá sennilega það, að stjórn landssambandsins geri varla

ráð fyrir, að sjóðurinn geti fengið erlend lán með öðru móti en því að inn á þetta skilyrði sé gengið, og kýs þá þann kostinn, sem máske er skiljanlegt, því að hjá því verður ekki komizt, að sjávarútvegurinn taki þau lán, sem hér er um að ræða.

Þriðja leiðin er svo sú, sem þarna kemur til greina, að ríkisvaldið, sem staðið hefur og sennilega mun standa að þeim gengisbreytingum, sem kunna að verða framvegis, sjái svo um, og þá væntanlega með löggjöf um það efni, að einhver þriðji aðili greiði það gengistap, sem verða kann á því erlenda fjármagni, sem hér er um að ræða.

Það getur sem sé verið um þessar þrjár leiðir að ræða og ekki endilega eina þeirra, því að það er auðvitað vel hugsanlegt að skipta áhættunni af því að taka erlend lán til útlána, t. d. milli lánsstofnana og lántakenda og þess opinbera, þriðja aðila. Það er hægt að fara þessar leiðir tvær eða þrjár í einu, samtímis. Ég hef fyrir mitt leyti ekki getað fallizt á, að það verði nú ákveðið með lögum, að ein af þessum leiðum og sú leið að láta lántakendurna eina bera alla áhættuna verði ákveðin með lögum. Ég hef ekki getað á það fallizt. Það er nokkuð stór ákvörðun, sem hér er um að ræða og skapar óneitanlega töluvert mikla óvissu fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli. Það skapar talsvert mikla óvissu, t. d. í sambandi við öll eigendaskipti á skipum eða öðru, sem lánað hefur verið út á, ef menn vita ekki með vissu, þegar slík eigendaskipti fara fram, hvert muni verða raunverulegt verð á þeirri eign, sem þarna er um að ræða. Ég nefni þetta sem dæmi um það óhagræði, sem það veldur að fara þessa leið. Og ég held, að það væri miklu heppilegra að láta fara fram nokkra athugun á þessu máli í „prinsipinu". Þó að hér sé um fiskveiðasjóð einan að ræða í þetta sinn, þá geta hér auðvitað fleiri lánsstofnanir komið til greina. Fleiri lánsstofnanir en fiskveiðasjóður hafa tekið erlend lán og endurlánað þau aftur, og það getur verið, að þeim stofnunum, sem það gera, fjölgi enn. Þess vegna teldi ég það heppilegast, að nú væri sett af stað ýtarleg athugun á þessu máli og þá m. a. athugaðar þessar þrjár leiðir, sem ég hér hef nefnt, hver fyrir sig og sameiginlega.

Hins vegar verður ekki hjá því komizt, að fiskveiðasjóðurinn taki þetta erlenda lán á þessu ári. Ég geri ráð fyrir því, að ekki verði hjá því komizt, og mun ein slík lántaka þegar mega heita ráðin, eftir því sem frá var skýrt á Alþingi nú nýlega, og ég býst við því, að sjóðurinn sé mjög ófús til þess að taka þau lán með gengisáhættu. Auk þess hefur sjóðsstjórnin, að ég ætla, skýrt svo frá, að það skilyrði fylgi láni, sem sjóðurinn á kost á, að það verði endurlánað með gengisfyrirvara. Ég veit raunar ekki, hvernig það skilyrði er til komið eða hvort það þarf að vera ófrávíkjanlegt, hvort stjórnarvöld kunna ekki að geta einhver áhrif á það haft. Mér er það ekki kunnugt. En sjóðsstjórnin hefur skýrt frá því, að þetta skilyrði fylgi láninu, og til þess að standa ekki í vegi fyrir því, að sjóðurinn raunverulega taki nú þetta lán og að sjávarútvegurinn geti fengið þessi stofnlán á árinu, þá virðist mér rétt að gera á þessu skipan til bráðabirgða. Sú skipan felst í brtt. á þskj. 320, þar sem lagt er til, að ríkissjóður bæti Fiskveiðasjóði Íslands það tap, sem hinn síðarnefndi kann að verða fyrir vegna breytinga á gengisskráningu íslenzkrar krónu, á allt að 50 millj. kr. erlendri lántöku á árinu 1961. Þarna er um að ræða till. um bráðabirgðalausn vegna lántöku sjóðsins á árinu 1961, — bráðabirgðalausn, sem felur það í sér, að ráðrúm gefst til þess að athuga þessi mál nánar, en þó jafnframt ekki að neinu leyti hindrað, að sjóðurinn geti notað þá lánsmöguleika, sem hann hefur ætlað sér að nota á árinu og þarf að nota. Að sjálfsögðu getur orðið um einhver útgjöld að ræða fyrir ríkissjóð af þessu, einhvern tíma, þegar þessi lán koma til útborgunar, þegar til þess kemur að borga af þessum lánum á sínum tíma, ef gengisskráningu hefði áður verið breytt. Mér virðist þetta eðlileg bráðabirgðalausn. En eins og ég sagði, get ég ekki á það fallizt, að því verði slegið föstu nú í lögum að færa yfir á lántakendur þá áhættu, sem hér getur verið um að ræða.

Hv. frsm. meiri hl. var með nokkrar hugleiðingar út af þessari brtt. minni, sem ég áttaði mig ekki fyllilega á að stæðu í sambandi við þetta mál, t. d. um það, hvers vegna ég hefði ekki lagt til, að meira yrði gert fyrir sjóðinn. Mín till. er aðeins miðuð við að vera bráðabirgðaúrræði, meðan verið er að athuga leiðir í þessu máli, og því ekki tilefni til þess að koma fram með frekari tillögur. Hann komst svo að orði eða það var niðurstaða hans, að þessi tillaga, sem ég hefði flutt, væri hófsöm, — hún væri hófsöm. Ég vona, að fleirum finnist það hér í hv. d., að till. sé hófsöm og eðlileg og eftir atvikum skynsamleg, eins og á stendur, og mér finnst, að hann ætti að draga þá ályktun af þessari hófsemi tillögu minnar að mæla með því við deildina, að brtt. verði samþykkt. Vona ég þá jafnframt, að hv. þm. geti á hana fallizt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 320 felld með 17:6 atkv.
2. gr. samþ. með 20:4 atkv.
3. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., 7. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Ís-

lands er komið hingað til þessarar hv. d. frá hv. Nd., þar sem það hefur verið samþ., að vísu ekki fyllilega shlj., en þó með yfirgnæfandi meiri hl. atkv.

Í frv. eru aðeins tvö efnisatriði. Hið fyrra er, að heimild ríkissjóðs til að ábyrgjast lántökur fyrir fiskveiðasjóð verði hækkuð úr 50 millj. í 150 millj. kr. eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. Það er nú svo komið fyrir fiskveiðasjóði eftir síðustu gengisbreytingu, að erlendar skuldir hans eru komnar yfir þetta mark eða upp í 64½ millj. kr., en þörf sjóðsins fyrir lánsfé er mjög brýn og vart í önnur hús að venda en að leita að því erlendis. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir sjóðinn að fá ríkisábyrgðina hækkaða til þess að auðvelda þessar lántökur. Það hefur þegar verið gerð ráðstöfun til þess, að hann fái nokkurt viðbótarfé af svokölluðum ICA-peningum, sem fengnir voru hingað á árinu 1959 og samtals námu um 6 millj. dollurum, og verður væntanlega þess ekki langt að bíða, að fiskveiðasjóður geti fengið allverulega háa upphæð af því fé, eða á milli 30 og 40 millj. kr. Þetta er nauðsynlegt, vegna þess að þörf sjóðsins fyrir aukið fé er mjög brýn.

Til dæmis um, hversu gífurlegar lánveitingar sjóðsins eru, má geta þess, að lán á s. l. ári, 1960, voru fyrir innflutt skip 122 millj. og fyrir skip smíðuð hér á landi um 16 millj. Þar við er þó að athuga, að upphæðin, sem greiða þurfti fyrir erlendu skipin, verður ekki greidd öll í einu, heldur er á verulegum hluta hennar nokkur gjaldfrestur. En það er þó greinilegt, að starfsfé sjóðsins þarf að aukast. Það er ekki í önnur hús að venda en að fá erlent lán til starfseminnar og þess vegna nauðsynlegt að hækka ríkisábyrgðina úr 50 millj., sem hún hefur verið bundin við og er bundin við í núgildandi lögum, eitthvað, og hefur hér markið verið sett 150 millj. kr.

Hitt efnisatriðið, sem í frv. felst, er það, að fiskveiðasjóðnum verði heimilað að áskilja sér, að þegar ný lán eru veitt úr sjóðnum, þá endurgreiðist þau með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu ísl. krónu á lánstímanum.

Fiskveiðasjóður varð á árinu 1960, í sambandi við gengisbreyt. þá, fyrir mjög tilfinnanlegu gengistapi, sem nam 21.9 millj. kr., og það er ekki eðlilegt, að sjóðurinn beri þessar byrðar og þessa áhættu, heldur séu það þeir, sem lánin taka, sem verði að gera sér ljóst, að um leið og þeir taka þessi erlendu lán, verði þeir að bera þá áhættu, sem slíku fylgir, og borga gengisbreytinguna, ef hún verður á einhverju síðara tímabili, sem lánið stendur.

Fjárhagur fiskveiðasjóðs er að vísu góður og tekjur hans eru óvenjulega miklar á íslenzkan mælikvarða. Hann hefur veitt lán til skipabygginga einna um 230 millj. kr. rúmar, en skuldbundið sig til að greiða í viðbót 100 millj., sem fengizt hafa að láni hjá erlendum skipasmíðastöðvum. Eignir hans eru taldar í árslok 1960, að skuldunum frádregnum, í kringum 224 millj. kr., og er það geysifé á íslenzkan mælikvarða, og er þá búið að draga frá það tap, sem hann varð fyrir á árinu. Árlegar tekjur hans eru líka miklar og hafa á árinu 1960 orðið sem hér segir: Ríkissjóður hefur lagt fram 2 millj. Útflutningsgjald frá 1959, móttekið á árinu 1960, var um 5.4 millj., útflutningsgjaldið 1960 32 millj., og auk þess eru svo vaxtatekjur sjóðsins, 11 millj. árlega og þó rúmlega það, þannig að segja má, að sjóðurinn standi föstum fótum. En svo bezt gerir hann það til lengdar, að hann verði ekki fyrir skakkaföllum eins og þeim, sem hann varð fyrir á árinu 1960, og til þess að koma í veg fyrir það eru ákvæðin í 2. gr. frv. sett.

Ég skal geta þess að lokum, að bæði Landssamband ísl. útvegsmanna og stjórn fiskveiðasjóðsins sjálfs hafa sent hv. Nd. umsagnir sínar um frv. og mælt eindregið með því, að það yrði samþ., enda er óskin um, að frv. yrði flutt, frá fiskveiðasjóði sjálfum komin.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 391 og 404, 405).

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. til laga um breyt. á lögum nr. 40 frá 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands, hefur sjútvn. haft til athugunar. Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn, þrír nm., leggur til samkvæmt nál. á þskj. 391, að frv. verði samþykkt óbreytt. En minni hl., hv. 4. þm. Vestf., vill ekki samþykkja frv. óbreytt, og hefur hann skilað áliti og brtt. við það á þskj. 404 og 405. Björn Jónsson, hv. 5. þm. Norðurl. e., var ekki mættur á fundi nefndarinnar og tók því ekki afstöðu til málsins.

Frv. þetta felur í sér tvær efnisbreytingar á gildandi lögum um Fiskveiðasjóð Íslands. Fyrri breytingin, sem er samkvæmt 1. gr. frv., er um það, að hámarkið, sem nú er í lögunum, um þá upphæð, sem fiskveiðasjóður megi taka að láni með ábyrgð ríkissjóðs, hækki upp í 150 millj. kr. úr 50 millj. kr., eins og nú er. — Hitt atriðið, samkv. 2. gr., er ákvæði um það, að þegar fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé, sé heimilt að áskilja, að ný lán úr sjóðnum endurgreiðist með breytilegri fjárhæð og nemi það gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum, svo sem segir í 2. gr. frv.

Um fyrra atriðið, sem viðkemur því að hækka ríkisábyrgðina eins og greinir í frv., virðast menn á eitt sáttir. Nú eftir síðustu gengislækkun er svo komið, að erlendar skuldir sjóðsins nema um 64 millj. kr. eða nokkru hærri upphæð en heimilt er. Þá er samkvæmt upplýsingum sjóðsstjórnar fiskveiðasjóðsins fyrirhugað, að sjóðurinn taki nú á næstunni fyrir milligöngu Framkvæmdabankans erlent lán. Og enn fremur segir sjóðsstjórnin, að líklegt sé, að sjóðurinn verði í framtíðinni að starfa með erlent lánsfé að verulegu leyti. Af þessum ástæðum er það augljóst, að ekki verður hjá því komizt að breyta löggjöfinni þannig, að ríkisábyrgðarheimildin hækki svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Um 2. gr. frv. er hins vegar ágreiningur. Minni hl. nefndarinnar, hv. 4. þm. Vestf., hefur á þskj. 405 lagt fram brtt., þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður bæti fiskveiðasjóði það tap, er sjóðurinn kann að verða fyrir vegna breytinga á gengisskráningu íslenzkrar krónu á allt að 50 millj. kr. erlendri lántöku á árinu 1961. Meiri hl. nefndarinnar leggur hins vegar til., að frv. í heild verði samþykkt óbreytt.

Eftir að lokið var útlánum úr stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem sett var með lögum nr. 41 29. apríl 1946, má segja, að Fiskveiðasjóður Íslands sé eina lánsstofnunin í landinu, sem veitt hefur ákveðin stofnlán út á fiskiskip og fiskvinnslustöðvar. Að því hefur verið stefnt og ber að stefna í framtíðinni að gera þessa mjög svo þýðingarmiklu lánsstofnun sjávarútvegsins að traustri og fjárhagslega öflugri útlánastofnun. Heildarútlán fiskveiðasjóðs munu um s. l. áramót hafa numið 336.3 millj. kr. út á fiskiskip og 40 millj. kr. út á fiskvinnslustöðvar, eða heildarútlán um 376.3 millj. kr. Eigi sjóðurinn að vera fær um að veita nauðsynleg stofnlán í framtíðinni, er það upplýst, að eigi verður komizt hjá því að taka að láni stórar fjárupphæðir erlendis. Samfara þeirri nauðsyn kemur og sú hætta, sem jafnan fylgir því að stofna til erlendra skulda um lengri eða skemmri tíma, en það er áhættan af hugsanlegri gengisbreytingu íslenzku krónunnar, sem átt getur sér stað á lánstímabilinu. Um það segir stjórn sjóðsins, að vegna þess að öll útlán sjóðsins hafi allt til þessa verið veitt í íslenzkum krónum án ákvæðis um gengisbreytingu, þá hafi sjóðurinn orðið fyrir 28 millj. kr. tapi vegna þessa erlenda lánsfjár, sem sjóðurinn skuldar og hefur endurlánað.

Nú er það hins vegar svo, að augljóst er, að eigi fiskveiðasjóðurinn að vera megnugur þess að veita til sjávarútvegsins nauðsynleg stofnlán, þá verður að grípa til þess að taka í stærri stíl en áður erlent lánsfé til framkvæmdanna. Það er því í alla staði óhyggilegt að girða ekki fyrir þá hættu, sem yfir sjóðnum hvílir, ef einhver slík ákvæði, sem í 2. gr. frv. eru, verða ekki sett.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk stjórnar fiskveiðasjóðs, og um efni þess hefur verið leitað umsagnar stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna. Í þeirri umsögn segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á stjórnarfundi þann 21. þ. m. var samþykkt að mæla með frv., þar sem telja verður víst, að slík breyting, sem frv. boðar, muni gera fiskveiðasjóð betur færan til að gegna sínu mikilvæga hlutverki í framtíðinni.“

Undir þetta sjónarmið vill meiri hl. sjútvn. taka og telur jafnframt, að höfuðáherzlu beri að leggja á það, að fjárhagur sjóðsins verði hverju sinni sem traustastur. Örugg efling Fiskveiðasjóðs Íslands er undirstaða þess, að sjóðurinn geti á ókomnum árum gegnt sínu mikilsverða hlutverki.

Varðandi framkvæmdina um gengisáhættuákvæði í veðskuldabréfum nýrra lána hefur sjóðsstjórnin upplýst, að gengisáhættuákvæðið verði miðað við það, sem svarar til þess erlenda lánsfjár, sem sjóðurinn starfar með á hverjum tíma, og með þeirri takmörkun. Telur meiri hl. sjútvn., að það sé það sjónarmið, sem eðlilegt sé að miða við.

Ég tel svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið, legg til, að frv. verði samþykkt óbreytt og að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. sjútvn. hefur nú greint frá, náðist ekki samkomulag í sjútvn. um afgreiðslu þessa máls. Þrír nm. mæla með samþykkt frv. óbreytts. Einn var fjarverandi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins. En ég hef skilað sérstöku áliti um þetta mál.

Það eru tvenns konar breytingar á gildandi lögum, sem þetta frv. felur í sér: Annars vegar að hækka ríkisábyrgðina fyrir lánum sjóðsins úr 50 millj. kr. upp í 150 millj. kr. Hin breytingin er sú að heimila fiskveiðasjóði að setja gengisákvæði í skuldabréf þeirra lána, sem tekin eru í sjóðnum, svo að gengisáhættan hvíli á lántakendum, ef til gengisbreytingar kemur á lánstímanum.

Eins og segir í nál. mínu á þskj. 404, er ég samþykkur 1. gr. þessa frv. Það er óhjákvæmilegt að hækka ríkisábyrgðina, svo að fiskveiðasjóður geti aflað sér viðbótarlána til þess að fullnægja eftirspurn sjávarútvegsins eftir lánum úr sjóðnum. Um þetta voru allir sammála, og um þetta hygg ég að sé ekki ágreiningur hér á Alþingi. En það gegnir öðru máli um hina breytinguna, sem í frv. felst. Hún er um það, hver eigi að bera þá gengisáhættu, sem af því stafar, að sjóðurinn tekur lán í erlendum gjaldeyri og lánar svo aftur út í íslenzkum krónum. Samkvæmt 2. gr. frv. er ætlazt til, að sú gengisáhætta hvíli á lántakendum að öllu leyti. Það á að heimila stjórn fiskveiðasjóðs að setja það ákvæði í skuldabréf fyrir þessum lánum, að upphæð skuldabréfanna breytist í samræmi við þær breytingar á skráðu gengi íslenzku krónunnar, sem verða á lánstímanum. Þetta þýðir það, að ef t. d. útgerðarmaður kaupir sér fiskibát og tekur til þess lán í fiskveiðasjóði, við skulum segja 3 millj. kr., þá getur svo farið, að hann þurfi að endurgreiða þetta lán með 3½ eða 4 millj. eða eitthvað meiri upphæð eftir því, hvort gengisbreyting hefur orðið og hve mikil hún er á lánstímanum.

Um þetta mundi gegna öðru máli, ef þetta væri lögmál, sem gilti almennt á lánamarkaðnum eða um lánveitingar til útflutningsframleiðslunnar yfirleitt, og að jafnframt væri tryggt, að hver gengislækkun væri útflutningsframleiðslunni til hagsbóta. En þessu er alls ekki til að dreifa. Það er fjarri því, að allar slíkar lánveitingar fari í gegnum fiskveiðasjóð eða að slíkum lánum fylgi almennt gengisáhætta, og skammt er þess að minnast, að gengislækkun varð sjávarútveginum til helzt til lítilla hagsbóta.

Ákvæði þessa frv. um gengisáhættu, er nú á að leggja á herðar lántakendum, hljóta að hafa það í för með sér, að útvegsmenn og eigendur

hraðfrystihúsa, sem starfa jafnvel hlið við hlið að framleiðslustörfum, búi við gerólík lánskjör í framkvæmd. Einn er háður gengisáhættunni, annar er það ekki. Einn getur orðið að taka á sig gengistap, sem nemur hundruðum þúsunda króna eða jafnvel milljónum, en annar, sem starfar á sama stað og í sams konar atvinnurekstri, getur sloppið algerlega við þessar byrðar.

Ákvæði 2. gr. þessa frv. um gengisáhættuna hafa verið rökstudd m. a. með því, að bæði stjórn fiskveiðasjóðs og stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna mæli með samþykkt frv. En það liggja fyrir tæmandi skýringar á því, hvernig muni standa á þessum meðmælum beggja þessara aðila. Þegar þetta frv. lá fyrir hv. Nd., var það sent til umsagnar beggja þessara aðila. Í svari stjórnar fiskveiðasjóðs til hv. sjútvn. Nd. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Skuldir sjóðsins í erlendri mynt, tryggðar með ríkisábyrgð, nema nú um 64½ millj. kr. með núverandi gengi og eru þannig komnar yfir hið lögleyfða hámark. Af þeim ástæðum svo og vegna þess, að fyrirhugaðar eru nú erlendar lántökur með milligöngu Framkvæmdabankans og fyrir þeim sett það skilyrði, að fé verði endurlánað með gengistryggingu, mælir stjórn sjóðsins með því, að framangreint frv. verði samþ., enda á sjóðurinn ekki kost á öðrum lánum, eins og sakir standa."

M. ö. o.: sjóðurinn átti ekki kost á öðrum lánum en erlendu lánsfé, og það var sett það skilyrði, að fé yrði endurlánað með gengistryggingu. Hvað átti þá sjóðsstjórnin að gera? Hverju átti hún að svara öðru en því að sæta þessum kostum, þegar við hana var sagt, að annaðhvort fengi hún þetta lán og með þessum skilyrðum eða ekki neitt? Auðvitað vildi hún ekki og gat ekki setið uppi fjárvana. Það var því augljóst, að sjóðsstjórnin átti engra kosta völ nema að taka því, sem hér var boðið fram. Þessi meðmæli stjórnar fiskveiðasjóðs segja því ekkert um það, hvort hún hefði ekki fremur viljað fara aðrar leiðir, hvað gengisáhættuna snertir, ef hún hefði átt þess kost, ef ekkert skilyrði hefði verið sett. En sjóðsstjórninni voru sett þessi skilyrði um gengisáhættuna, að hún skyldi hvíla á lántakendunum, og þar með voru aðrar leiðir útilokaðar.

Um meðmæli stjórnar Landssambands ísl. útvegsmanna geri ég ráð fyrir, að megi segja hið sama. Henni er kunnugt um það, að aðeins er um erlent lán að ræða, og henni er líka kunnugt um það, hvaða skilyrði eru sett fyrir þessu erlenda láni.

Báðir þessir aðilar setja það að sjálfsögðu ofar öðru að afla fiskveiðasjóði nauðsynlegs fjár til útlána og beygja sig því fyrir skilyrðunum, sem sett voru.

Það er óneitanlega vandamál að setja reglur um það, hvernig skuli mæta þeim áföllum, sem lántakendur erlends fjár verða fyrir, þegar breytt er skráðu gengi íslenzkrar krónu, en slíkar reglur þarf að setja og það sem fyrst. Atvinnurekendur, sem hér um ræðir, komast ekki hjá því að fá þessi stofnlán, annars geta þeir ekki komið sér upp þeim framleiðslutækjum, sem þeim eru nauðsynleg. Þeim er vísaður vegurinn á fiskveiðasjóð, annað þýðir ekki fyrir þá að fara, og þar fá þeir þessi svör, að lán geti þeir fengið, ef þeir taki á sig gengisáhættu, annars ekki. Auðvitað verða menn að sæta þessum kostum. Það er ekki um annað að ræða.

Með ákvæðum 2. gr. þessa frv., ef þau verða samþ. óbreytt, er stigið spor í þá átt að innleiða það sem reglu, þegar lánsstofnun tekur erlent fé til að endurlána í íslenzkum krónum, að *gengisáhættan hvíli eingöngu á þeim, er* þetta fé fá endurlánað. Þá reglu tel ég óviðunandi. Ekki ráða þessir lántakendur neinu um það, hvenær gengisbreytingar eru framkvæmdar, og þeir ráða heldur engu um það, hverjir hafa aðgang að innlendu lánsfé eða hverjir verða að sætta sig við erlent lánsfé með gengisáhættu.

Samkvæmt því, sem ég hef hér gert grein fyrir, flyt ég brtt. við 2. gr. frv. á þskj. 405, en hún er þess efnis, að ríkissjóður bæti fiskveiðasjóði það tap, sem sjóðurinn kann að verða fyrir vegna breytinga á skráðu gengi íslenzkrar krónu á allt að 50 millj. kr. erlendri lántöku á þessu ári. Ef slík till. yrði samþ., þá geri ég ráð fyrir, að það yrði til þess, að hraðað yrði undirbúningi að því að setja reglur um það, hvernig skuli mæta hugsanlegum gengistöpum af erlendu lánsfé, sem síðan er endurlánað íslenzkum útflutningsatvinnuvegum. Með þessari till. er séð fyrir því, að fiskveiðasjóður geti tekið erlent lán, sem honum nægi til útlána á þessu ári, og án þess að stofna sér í fjárhagslega hættu vegna hugsanlegra gengisbreytinga. Það er því fyllilega náð því marki, *sem annars er ætlazt til að gera með 2. gr. frv.*, þótt þessi brtt. sé samþ., og kæmi ekki að neinu tjóni fyrir fiskveiðasjóð og ekki heldur fyrir væntanlega lántakendur þessara lána. En hins vegar mundi samþykkt þessarar till. vafalaust ýta undir það að undirbúa nýja skipun um þessi mál almennt.

Hv. frsm. meiri hl. drap hér á það áðan, að það væri svo að segja ekki um aðrar lánastofnanir að ræða en fiskveiðasjóð, sem nú lánaði stofnlán til sjávarútvegsins. Það er nokkuð til í þessu. Þó vil ég minna hann á það, að nú er verið að opna lánaflokka úr stofnlánadeild sjávarútvegsins og það í allstórum stíl, og ég man ekki eftir því, að það sé neinn stafur um það, að þar eigi gengisáhætta að koma til.

Hv. frsm. gat þess, að meiri hl. tæki undir þau sjónarmið Landssambands íslenzkra útvegsmanna að tryggja sjóðnum nægilegt fé. Ég tek engu síður undir þessi sjónarmið með minni brtt., því að ég tel það alveg tvímælalaust tryggt, að sjóðurinn geti fengið jafnmikið fé og hann þarf á að halda á þessu ári, þó að hún yrði samþ. Það er því öðru nær en ég vilji á nokkurn hátt hindra það, að fiskveiðasjóður *hafi nægilegt fé til útlána. Það eina, sem ég* fer fram á með minni till., er það, að í bili hlaupi ríkissjóður þarna undir bagga, svo að ekki þurfi að skella þessari gengisáhættu á lántakendur, en síðan verði þetta til þess, að

undirbúnar verði reglur um slíka hluti. En verði þessi brtt. mín felld, sé ég mér ekki fært annað en greiða atkvæði gegn frv., þótt ég sé samþykkur 1. gr. þess, en það hef ég áður tekið fram, að ég er henni fyllilega samþykkur.

Frsm. meiri hl. (Jón Árnason): Herra forseti. Út af ræðu hv. 4. þm. Vestf. (SE) tel ég ástæðu til að taka lítils háttar til máls aftur, og vil ég þá koma að því, sem felst í till. hans um það, að ríkissjóður taki að sér að bæta fiskveiðasjóði upp það áfall, sem hann kynni að verða fyrir af lántöku 1961, sem nemur 50 millj. kr. láni. Í því sambandi vil ég benda á, að erlend lán, sem fiskveiðasjóður tekur, eru jafnan tekin til að endurlána til skipakaupa og fiskvinnslustöðva, og þegar gengislækkun á sér stað, þá er það eðlileg afleiðing af því, að verðmæti skipanna og fiskvinnslustöðvanna hækka í verðgildi íslenzkrar krónu að sömu krónutölu og gengislækkunin felur í sér, og það er eðlilegt að meta það, sem við á, jafnan með tilliti til þess, hvað kostar að endurbyggja það, og með hliðsjón af þeirri hækkun, sem þá hefur átt sér stað á hverjum tíma.

Þegar gengislækkanir eiga sér stað í þjóðfélaginu, er það yfirleitt vegna þess, að atvinnuvegum þjóðfélagsins hefur verið íþyngt það mikið, að þeir fá ekki rönd við reist. Gengislækkun á því venjulega, ef ekki alltaf, sér stað einmitt af þeim ástæðum. Þess vegna hlýtur að vera tekið tillit til þess hverju sinni, þegar gengi íslenzkrar krónu er lækkað, að það sé gert í samræmi við það, hver þörf atvinnuveganna er, og að krónan verði þá skráð með hliðsjón af því.

Það má því gera fyllilega ráð fyrir því, að þegar gengislækkun á sér stað, þá verði fullt tillit tekið til atvinnutækja sjávarútvegsins, sem er undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Þess vegna ætti að vera óhætt fyrir sjávarútveginn að taka lán með slíkum ákvæðum, sem lögin gera ráð fyrir, hvort heldur sem er til fiskvinnslustöðva eða skipabygginga, þá ætti það að vera áhættulaust, því að ég fæ eigi betur séð en það verði að gerast og athugast hverju sinni, þegar gengislækkun á sér stað, að þá sé miðað við, hvaða byrðar sé fært að leggja á aðalatvinnuvegi þjóðarinnar.

Frsm. minni hl. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Það eru einungis fá orð út af þessari seinni ræðu hv. frsm. meiri hl. n. Hann gat þess, að eignir þeirra, sem tækju á sig þessa gengisáhættu, hækkuðu líka í verði við gengisbreytingu, og það má segja, að það er nokkuð rétt, en ekki er það alltaf. Þó er það háð ýmsu, hvort eignirnar hækka nokkuð í verði við þetta. En ég vil benda honum á, að eignir hinna, sem enga gengisáhættu hafa tekið á sig, hækka nákvæmlega jafnmikið í verði, og það er þetta misrétti, sem ég tel að þurfi að leiðrétta.

Hann drap á það, að gengislækkanir væru oftast hugsaðar til hagsbóta fyrir útflutningsframleiðsluna, og rétt er það. En það er bara oft svo, að það er engin trygging fyrir því, að hagsbætur verði af gengislækkun, þótt hún sé framkvæmd. Eða er sjávarútvegurinn miklu færari um það nú en á sama tíma í fyrra að taka á sig gengisáhættu af lánum? Nei, það, sem fyrir mér vakir, er það, að það þurfi að athuga það rækilega, á hvern hátt megi dreifa meira áhættunni af gengislækkunum, þegar þær eiga sér stað, og þessi ákvörðun, að þeir einir, sem hafa tekið erlenda fé að láni, eigi að bera hana, það tel ég ekki réttlátt.

Ég vil nefna eitt dæmi enn. Ég ætla, að við allar gengislækkanir komi líka einhvers staðar fram gengisgróði. Er það nokkur fjarstæða að hugsa sér, að gengisgróði mæti gengistapi? Ef það er svo, að raunverulegur hagnaður verður af gengislækkun fyrir útflutningsframleiðsluna, þá er það vel. En það er engin trygging fyrir því, að svo verði, þótt gengislækkun sé framkvæmd. En umfram allt tel ég það aðkallandi að skapa reglur um það, hverjir eigi að bera byrðarnar af gengisbreytingum, þegar notað er erlent lánsfé. Ég tel það fjarri lagi, að sú áhætta eigi að hvíla eingöngu á þeim, sem lánin taka, enda hafa þeir ekkert val um það, hvort þeir fá lánað til sinnar framleiðslu innlent fé eða erlent, og innlent lánsfé er sannarlega í stórum stíl í umferð hjá framleiðslunni, en auk þess líka erlent fé, og þarna þarf nokkurn jöfnuð á. Gengisáhættan má ekki eingöngu hvíla á þeim, sem verða að nota hið erlenda fé. Þeir hafa ekki ráðið því sjálfir, hvort þeir hafa orðið að taka það að láni eða fengið hið innlenda fé, og þeir hafa ekki heldur ráðið því sjálfir, þegar gengisbreytingar eru gerðar. Það er hið opinbera, sem ræður slíku.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 405 felld með 11:8 atkv.
2. gr. samþ. með 12:2 atkv.
3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:2 atkv.

Á 66. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 427).

---

19. Ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um ríkisfangelsi og vinnuhæli [30. mál] (stjfrv., A. 30).

Á 4. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Nú í vetur eru liðin rétt 200 ár frá því,

að hafizt var handa um undirbúning að byggingu hegningarhússins á Arnarhóli, sem á sínum tíma var reist af mikilli rausn, svo sem sjá má á því, að eftir nokkurn tíma var húsið tekið undir bústað æðsta embættismanns innanlands og er enn í dag notað í þágu ríkisstj., nú sem stjórnarráð Íslands. Þá var það talið eitt helzta bjargráð í erfiðleikum, sem yfir landið gengu, að reisa fangelsi fyrir landslýðinn, sem gert var á svo veglegan hátt sem ég drap á.

Það frv., sem hér er til umræðu, er flutt frá nokkuð öðrum sjónarhól og ekki með sömu oftrú á, að fangelsi séu allra meina bót. En hitt verður að játa, að fangelsismál landsins eru nú og hafa langa hríð verið í sliku öngþveiti, að ekki má lengur dragast, að úr sé bætt.

Tvö aðalfangelsi eru nú starfrækt af ríkinu, annars vegar hegningarhúsið í Reykjavík, sem byggt var nokkru eftir 1870 og var lengi aðalfangelsi landsins, og enn fremur vinnuhælið á Litla-Hrauni, sem tekið var til þeirra nota kringum 1930, hefur komið að góðu gagni, en var upphaflega reist í öðrum tilgangi, hefur aldrei hentað til fulls og er nú ásamt hegningarhúsinu við Skólavörðustíg orðið gersamlega ófullnægjandi og úrelt, þannig að ekki verður við unað. Að vísu verður að horfast í augu við það, að við Íslendingar munum seint geta komið á þeirri greiningu fanga og meðferð, sem æskileg þykir og tíðkanleg er með hinum stærri þjóðum, svo margföld sundurgreining sem þar á sér stað. Strandar hér fyrst og fremst á kostnaði, sem okkur yrði gersamlega ofviða, en einnig á því, að sem betur fer er fangafjöldi hér ekki svo mikill, að hægt sé að reka sem sérstofnanir ýmsar þær fangelsisstofnanir eða deildir, sem sjálfsagðar og nauðsynlegar þykja í öðrum löndum.

En þó að við getum ekki náð þessari sundurgreiningu, verður að játa, að því fer fjarri, að í þessum efnum hafi það verið gert, sem gera þarf og hægt á að vera að hrinda í framkvæmd.

Er þá það fyrst, að því fer fjarri, að fangelsisrúm sé fyrir alla þá, sem lögum samkvæmt eiga þangað að fara. Þess vegna verður oft ærinn og mjög óheppilegur dráttur á úttekt refsivistar, og einnig verður að stytta refsivist stundum meira en æskilegt kynni að vera og náða alveg frá henni, t. d. varðandi afplánun minni háttar sekta, meira en góðu hófi gegnir.

Þá hefur einnig gersamlega farið út um þúfur, að hægt væri að greina á milli fanga hér, jafnvel samkvæmt þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru. Í hegningarlögum er ráðgert, að sundur sé skilið á milli unglinga og roskinna afbrotamanna, enda gefur auga leið, að ekki er heppilegt og beinlínis spillandi fyrir unglinga að lenda til langdvalar með þeim, sem oft hafa áður setið í fangelsum og eru þannig skapi farnir eða búnir að ávinna sér þá skaphöfn, að ekki er sennilegt, að þeir láti af afbrotum vegna sinnar fangelsisvistar. Eins skortir mjög á möguleika til þess að taka þá fanga til sérgeymslu, sem þýðast ekki samneyti við aðra eða eru svo baldnir, að erfitt er að hemja þá nema með sérstökum varúðarráðstöfunum.

Segja má, að með öllu sé ómögulegt, eins og nú háttar til, að hafa konur í fangelsi. Það er að vísu svo, sem betur fer, að ekki er mjög títt, að konur séu þangað dæmdar, en þó kemur það fyrir og kann að vera óumflýjanlegt að svipta þær frelsi af þessum sökum. En eins og nú háttar til, má segja, að það sé ógerlegt.

Geymsla til öryggis, ef ekki er um beina refsingu að ræða, heldur varúðarráðstöfun til frambúðar, er einnig mjög erfið, eins og nú háttar til, því að ekki er heppilegt að láta slíka menn vera að staðaldri innan um þá, sem beinlínis eru dæmdir til refsingar.

Aðbúnaður í fangelsunum er einnig mjög ófullkominn. Þar vantar vinnustofur, þar vantar vistarverur fyrir fangana sjálfa utan þeirra klefa, sem þeim er ætlað að dveljast í að næturlagi. Segja má, að ómögulegt sé að veita þeim kennslu, hvað þá halda með þeim samkomur, gera þeim dægrastyttingu, halda með þeim guðsþjónustur eða annað slíkt. Til alls þessa skortir með öllu húsrými.

Því sé sleppt, sem alkunnugt er, að fangelsi okkar eru nú naumast mannheld. Hvað eftir annað hefur fyrir komið, að fangar hafa brotizt út. Að vísu kemur það fyrir í hinum rammbyggðustu fangelsum, en hefur hér borið að með þeim hætti, að ljóst er, að eingöngu er að kenna um ófullkomnum húsakosti og erfiðleikum gæzlumanna að halda uppi vörzlu við þau lélegu skilyrði, sem þeir hafa við að búa.

Þannig mætti lengi telja, en ég skal ekki rekja þessa sögu, hún er í stórum dráttum alkunnug.

Oft hefur verið rætt um nauðsyn á bótum, en lítið orðið úr framkvæmdum annað en þegar gengið hefur úr hófi, hefur lítillega verið lappað upp á bæði hegningarhúsið í Reykjavík og vinnuhælið á Litla-Hrauni. Það er hvort tveggja góðra gjalda vert, en ræður alls ekki bót á þeim mikla vanda, sem hér er við að etja.

Allar þessar ástæður urðu til þess, að ég á s. l. vori fékk Valdimar Stefánsson sakadómara í Reykjavík, sem þessum málum er allra manna kunnugastur af langri dómarareynslu, til þess að taka að sér að undirbúa greinargerð og tillögur um raunhæfar framkvæmdir í þessum efnum. Þau tvö frv., sem eru á dagskrá hv. Ed. í dag, eru ávöxtur af starfi hans og samráði hans og dómsmrn., eftir að hann sendi því sína mjög ýtarlegu grg., sem ég hef hér með höndum og hv. nefnd, er þetta mál fær til meðferðar, mun fá til athugunar.

Í því frv., sem nú er til umræðu, frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, er ráðgert, að ríkið sjálft reki og komi upp, að svo miklu leyti sem ekki eru nú þegar fyrir hendi, þremur fangelsum: í fyrsta lagi ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar, í öðru lagi vinnuhæli og í þriðja lagi unglingafangelsi.

Í 2. gr. er talið, hvernig ríkisfangelsið skuli skiptast í deildir. Þar á að vera einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, kvennafangelsi og gæzluvarðhald. Í vinnuhælinu að Litla-Hrauni í Árnessýslu skal vera rúm

fyrir 60 fanga. Skal það fullnægja fangelsisrefsingum, öðrum en þeim, sem 4. gr. tekur til, en samkvæmt 4. gr. skal í sveit stofna unglingafangelsi fyrir 25 fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð 22 ára aldri.

Svo sem menn sjá af þessu, er ætlazt til þess samkv. frv., að komið verði upp tveimur nýjum fangelsum, ríkisfangelsinu, sem ákveðið er að staðsett skuli vera hér í Reykjavík eða nánd Reykjavíkur, og svo unglingafangelsi sérstöku, og er þá jafnframt ráðgert, að hegningarhúsið í Reykjavík verði lagt niður. Vinnuhælið á Litla-Hrauni á að halda áfram, en þó þannig, að það verði stórum stækkað og bætt frá því, sem verið hefur.

Um röð þessara framkvæmda er ekki fastákveðið, en á þessu stigi tel ég líklegast, að ráðlegt þyki, að auk endurbóta að Litla-Hrauni, — og það er a. m. k. brýn nauðsyn á því sem tafarminnst að bæta vinnuskilyrði með vinnuskálum stórlega frá því, sem verið hefur, — þá verði ráðizt í það að byggja ríkisfangelsið, sem um er rætt í 2. gr. frv., það sé sú stofnunin, sem mest kallar að og sízt má dragast að reist verði. Samkvæmt því mundi unglingafangelsi sitja á hakanum, og verða að bíða. En þá er þess að gæta, að nú hefur verið ákveðið að taka að nýju upp starfrækslu Kvíabryggju með sérstöku samkomulagi ríkisins og Reykjavíkurbæjar. Er þá hugmyndin sú, að hægt verði að nota Kvíabryggju að verulegu leyti fyrir unglinga, sumpart vegna þess, að ekki sé þörf á því hæli að fullu fyrir þá menn, sem þar eiga fyrst og fremst að sitja, þ. e. a. s. þá, sem hafa ekki greitt barnsmeðlög, en einnig ef hentara þykir að ráðstafa þeim þá að Litla-Hrauni og flytja hina yngri fanga frá Litla-Hrauni og að Kvíabryggju, eftir því sem hagkvæmt reynist í framkvæmd. Það er ljóst, að Kvíabryggja hentar ekki sem frambúðarfangelsisstaður. Erfitt er um samgöngur þangað og fleiri annmarkar, sem ég skal ekki telja upp. En þangað til unglingafangelsi hefur verið reist, er enginn vafi á, að það getur orðið til stórmikilla bóta, ef rekstri Kvíabryggju er þannig háttað, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Mér er það ljóst, að þessar framkvæmdir munu kosta mjög mikið fé. En það er ekki hægt að segja á þessu stigi, hversu mikið það muni verða. Fyrst er að fá heimildina til þess að ráðast í þessar framkvæmdir. Þá verður að hugsa nánar um skipulag þeirra, láta teikna þær og undirbúa svo sem tíðkanlegt er. En nú þegar er ráðgert, að ein millj. kr. á ári verði lögð til hliðar úr ríkissjóði í þessu skyni. Því fer fjarri, að ég trúi, að sú fjárveiting verði nóg til þess, að viðunandi hraði verði á þessum framkvæmdum. Miklu æskilegra væri að leggja strax meira fé til hliðar en þarna er gerð tillaga um, en það verður að sjálfsögðu að fara eftir fjárhagsgetu ríkisins, ríkissjóðs. Hafa verður í huga, að þegar framkvæmdir verða eitthvað komnar áleiðis, verður með einhverju móti að afla árlega miklu hærri upphæða, til þess að nógu ört gangi, heldur en þarna er ráðgert. Það er rétt, að menn átti sig á því til hlítar þegar í byrjun.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið. Ég veit, að allir þdm. eru mér sammála um, að ekki er viðhlítandi fyrir þjóðina að una því ófremdarástandi lengur, sem í þessum efnum ríkir. Hér verður að hefjast handa með þessum tillögum og þeirri grg., sem sakadómari hefur samið. Þar eru lagðir frumdrættir að því, sem gera þarf, og ég vil vænta þess, að málið fái greiðan framgang hér í hv. d. Ég vil leggja til, að frv. að lokinni 1. umr. fái að ganga til 2. umr. og verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 338 og 347, 339).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Mönnum hefur verið ljóst um langt skeið, að það hefur ríkt hið mesta ófremdarástand í fangelsismálum okkar. Aðalfangelsi landsins, vinnuhælið að Litla-Hrauni og hegningarhúsið í Reykjavík, eru gamlar og úreltar stofnanir, þar sem ekki er aðstaða fyrir hendi til að annast fangagæzlu með þeim hætti, sem hegningarlögin mæla fyrir um, og enn síður aðstaða til að uppfylla nútímakröfur um fangelsi og meðferð þeirra manna, sem dæmdir hafa verið til refsivistar. En þar með er ekki allt upp talið. Vinnuhælið að Litla-Hrauni og hegningarhúsið í Reykjavík rúma ekki nándar nærri þá tölu fanga, sem nauðsyn bæri til. Hefur þetta leitt til þess á öðru leitinu, að dæmdir menn verða oft að bíða mánuðum saman eftir því að verða „settir inn", og er það auðvitað afar óheppilegt, en á hinu leitinu hefur húsnæðisskorturinn leitt til þess, að þurft hefur að sleppa föngum úr haldi miklu fyrr en æskilegt væri og löngu áður en refsivistartími þeirra er útrunninn, til þess eins að rýma fyrir öðrum, sem bíða eftir plássi.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir um ríkisfangelsi og vinnuhæli, svo og frv. um héraðsfangelsi, sem fylgir í kjölfar þess, er ætlunin að leggja grundvöllinn að nýrri og betri skipan á fangelsismálum okkar. Aðalefni frv. er, að ríkið skuli eiga og reka ríkisfangelsi, vinnuhæli og unglingafangelsi. Skal ríkisfangelsi vera staðsett í Reykjavík eða nágrenni og rúma 100 fanga. Fangelsinu skal skipt í þessar deildir: einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, kvennafangelsi og gæzluvarðhald. Þá segir enn fremur í frv., að vinnuhælið að Litla-Hrauni skuli stækkað, svo að þar verði rúm fyrir 60 fanga.

Frv. þetta ásamt frv. um héraðsfangelsi er byggt á ýtarlegri skýrslu Valdimars Stefánssonar sakadómara um fangelsismál, er hann samdi að tilhlutan dómsmrn. að undangenginni umfangsmikilli athugun og skýrslusöfnun, er var framkvæmd í þessum efnum.

Allshn., sem fjallað hefur um þetta frv., hefur kynnt sér skýrslu Valdimars Stefánssonar um þessi mál. Þá hefur n. einnig fengið umsagnir fjögurra aðila um málið, en þeir eru lagadeild háskólans, Dómarafélag Íslands, Samband íslenzkra sveitarfélaga og félagið Vernd, en það lætur fangamál til sín taka.

Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér kafla úr umsögnum þessara aðila.

Í umsögn lagadeildar háskólans segir m. a. svo: „Inntakið í ofangreindu frv. er að mæla fyrir um byggingu ríkisfangelsis og unglingafangelsis, og er kveðið á um það í frv. þessu, hvaða deildir skuli vera í stofnunum þessum. Þá er einnig mælt fyrir um stækkun vinnuhælisins á Litla-Hrauni. Eins og fangelsismálum okkar er háttað hér á landi, er mjög brýn þörf á úrbótum og þolir ekki bið, að þessar nýju stofnanir séu reistar. Með frv. þessu er til þess stofnað, að lögfest sé áætlun um átak í þessum málum næstu árin, og er mjög mikilvægt, að öruggur grundvöllur sé lagður að framkvæmdum á þessum sviðum til frambúðar. Kennarar laga- og viðskiptadeildar telja þá áætlun, sem felst í frv., hyggilega og skynsamlega, þótt menn kunni að líta misjafnlega á nokkur framkvæmdaatriði. Meðal þeirra má nefna, að orka mun tvímælis, að gæzluvarðhaldsdeild og kvennadeild séu í ríkisfangelsinu, sbr. 2. gr. frv. Enn fremur má benda á, að með rökum má finna að þeirri tilhögun, að afplánun meðlaga og barnalífeyris eigi að fara fram í vinnuhæli eða unglingafangelsi, sbr. 5. gr. frv., sem raunar er að mestu í samræmi við núgildandi lög."

Þetta var úr umsögn laga- og viðskiptadeildar um frv.

Þá kem ég að umsögn Dómarafélags Íslands. Þar segir svo:

„Stjórn Dómarafélags Íslands hefur á fundi sínum 10. þ. m. fjallað um bréf hv. allshn. Ed. Alþingis 24. okt. s. l., en í bréfi þessu er óskað umsagnar félagsins um frv. til laga um héraðsfangelsi og frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Félagsstjórnin var sammála um að mæla með samþykkt beggja þessara lagafrv."

Þá kem ég að umsögn Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Sú umsögn beinist miklu frekar að hinu frv., um héraðsfangelsi, en um þetta frv. segir svo:

„Stjórn sambandsins mælir hins vegar með frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli og er því fylgjandi, að það verði samþ., því að þar er fylgt þeirri stefnu í málum þessum, sem sambandið getur alla tíð aðhyllzt."

Í umsögn félagsins Verndar segir svo m. a.:

„Vernd fagnar tilkomu þessara frv., því að með byggingu ríkisfangelsis verður hægt að koma við meiri sérgreiningu fanga en nú er og þar með stuðla að því, að fangavistin verði e. t. v. ekki einvörðungu til ills, svo sem nú virðist með þeim fangelsum, sem þjóðfélagið hefur til umráða. Með byggingu nýs fangelsis í ætt við það, sem gert er ráð fyrir í frv., verður einn bletturinn á samfélagi okkar máður af. Vernd finnst það firra að hafa deild fyrir kvenfanga í sambyggingu fangelsisins. Kvennafangelsi á alls ekki að hafa á næstu grösum við karlafangelsi. Vernd þykist vita, að sparnaðarsjónarmið hafi ráðið skipan þeirri, sem um getur í frv. í þessum efnum. Kvennafangelsi verður að byggja sér og víðs fjarri fangelsi karla. Eru rök augljós fyrir þessari skoðun Verndar og því óþarft að rekja þau hér."

Þetta var úr umsögn félagsins Verndar um frv.

Allshn. var vel ljóst, að það er á ýmsan hátt óheppileg tilhögun að hafa kvennafangelsi sem deild í almennu fangelsi fyrir karla. Sem betur fer er hér aðeins þörf fyrir lítið kvennafangelsi. Ætti að reisa það sem sjálfstæða stofnun, fjarri öðrum fangelsum og án rekstrartengsla við þau, mundi bygging þess og rekstur verða óhæfilega kostnaðarsamur miðað við fangafjölda. Gæti það leitt til þess, að kvennafangelsi yrði aldrei byggt. Það er því fyrst og fremst af fjárhagslegum ástæðum, sem meiri hl. n., er stendur að nál. á þskj. 347, hefur ekki séð ástæðu til að breyta ákvæði frv. um, að kvennafangelsið skuli vera deild í ríkisfangelsinu.

Í 5. gr. frv. segir, að afplánun meðlaga eða barnalífeyris samkvæmt framfærslulögum fari fram í vinnuhæli eða unglingafangelsi eftir aldri barnsfeðra. N. var að vísu nokkuð óánægð með þetta orð: „afplánun", fannst það ekki vel eiga við, þótt hún fyndi ekki annað orð. En það væri e. t. v. hægt að skjóta því hér fram til orðhagra manna í d., hvort ekki væri hægt að finna eitthvert hugtak, sem betur ætti þarna við. Það var minnzt á það í umsögn laga- og viðskiptadeildarinnar, að þetta fyrirkomulag gæti e. t. v. orkað tvímælis. N. sá þó ekki ástæðu til þess að breyta þessu. Eftir núgildandi framfærslulögum fer þessi „afplánun" fram á vinnuhæli. Það er rétt að taka það hér fram, að þegar þessar stofnanir, sem frv. gerir ráð fyrir, eru komnar á fót, þ. e. a. s. vinnuhæli og unglingafangelsi, mundi gert ráð fyrir því, að Kvíabryggja yrði lögð niður, og þeir, sem eru að vinna af sér meðlög og barnalífeyri, mundu þá annaðhvort vera á þessu nýja vinnuhæli, sem reist yrði, eða í unglingafangelsi, allt eftir aldri þeirra.

Í 7. gr. frv. segir, að veita skuli úr ríkissjóði 1 millj. kr. á ári hverju hið minnsta til fangelsisbygginga, þar til komið hafi verið upp fangelsum þeim, sem lög þessi mæla fyrir um. Nm. var vel ljóst, að þessi upphæð er ófullnægjandi, og á það var einnig bent af sumum þeim aðilum, er fengu frv. til umsagnar. Þess er þó að geta, að hér er um lágmarksupphæð að ræða. Er þess vissulega að vænta, að fjárveitingavaldið sjái sér að jafnaði fært að hækka þessa upphæð nokkuð. Þar sem ríkisvaldið hefur þó ætíð í mörg horn að líta með fjárframlög, taldi meiri hl. n. ekki rétt að binda hendur fjárveitingavaldsins frekar í þessu efni en gert er í frv.

Meiri hl. allshn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, svo sem fram kemur í áliti meiri hl. Einnar breytingar er þó þörf til þess að leiðrétta skekkju, sem vakin hefur verið athygli á, en sem betur fer, hefur hæstv. minni hl. tekið þá leiðréttingu upp í sínar brtt. á þskj. 339, þ. e. brtt. við 2. gr., þar sem segir, að í stað orð-

anna „kvennafangelsi og gæzluvarðhald“ skuli koma: „kvennafangelsi, varðhald og gæzluvarðhald“. Þar er í raun og veru ekki um efnisbreytingu að ræða, því að þetta orð: „varðhald“ mun af hreinum misgáningi, sennilega við prentun frv., hafa fallið niður. Þetta átti alltaf að standa þar, og það er nauðsynlegt að leiðrétta.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Það er ástæða til þess að fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram frv. til laga um fangelsi. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, er orðin brýn þörf á endurbótum í þeim málum. Hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram tvö frv. til l. um þessi mál, annað um ríkisfangelsi og vinnuhæli og hitt um héraðsfangelsi, og hafa þau orðið samferða við athugun og afgreiðslu í hv. allshn.

Þessi hv. n. gat ekki orðið alveg sammála um afgreiðslu málsins og skiptist í meiri hl. og minni hl. Minni hl. n., sem ég tala hér fyrir, fagnar tilkomu frv. í sjálfu sér, en óskar að gera örfáar brtt. við frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli. Flestar þeirra eru ekki stórvægilegar, en nokkrar þeirra eru það þó, og mun ég aðallega ræða þær till., sem máli skipta.

Hv. frsm. meiri hl. tók það fram áðan, að ég ber fram eina brtt. við 2. gr. frv. um, að bætt verði inn í orði, sem að líkindum, eins og hann tók fram, mun hafa fallið niður, orðinu „varðhald“. Ég fjölyrði ekki frekar um það.

Í 3. gr. er ákveðið um vinnuhæli ríkisins að Litla-Hrauni í Árnessýslu, að í því skuli vera rúm fyrir 60 manns. Ég hef gert það að till. minni á sérstöku þskj., að orðunum „á Litla-Hrauni í Árnessýslu“ verði sleppt. Með því vil ég láta það laust og bundið, hvort vinnuhæli ríkisins verði reist að Litla-Hrauni eða á einhverjum öðrum stað. Ég er ekki viss um, að það sé sjálfsagður hlutur, að vinnuhæli ríkisins, eins og það á að verða, skuli reist og rekið þar endilega. Þetta vinnuhæli var byggt fyrir u. þ. b. 40 árum og var þá byggt sem sjúkrahús. Því var í upphafi aldrei ætlað að vera vinnuhæli eða fangelsi. En árið 1929 var tekin ákvörðun um, að húsið skyldi notað sem vinnuhæli fyrir sakamenn, og síðan hefur það verið í þeirri notkun eða alls um 30 ár. Húsið hefur aldrei verið heppilegt til þessara nota, enda hefur forstjóri hælisins sagt, að húsaskipun væri óhagstæð, og kemst þá sýnilega mjög vægt að orði. Reynslan hefur líka sýnt, að húsaskipanin er í meira lagi óhagstæð, eins og frásagnir í dagblöðum hafa borið vitni um nú á undanförnum árum, þar sem aftur og aftur hafa skapazt alvarleg vandræði vegna húsaskipanar þessa hælis. Nú er meiningin samkvæmt þessu frv. að stækka þetta hæli um liðlega helming, byggja við og breyta. Er það nú víst eða hefur það verið athugað nægilega, að það borgi sig að nota þetta gamla og gallaða hús? Gæti ekki rannsókn og útreikningar alveg eins vel leitt í ljós, að það borgaði sig að byggja upp frá grunni vinnuhæli fyrir 60 menn eins og að klastra við þetta gamla, gallaða og úrelta hús, sem nú er í notkun? Mér finnst a. m. k. vert, að þetta yrði athugað, áður en lögfest verður og ákveðið, að vinnuhælið skuli vera á Litla-Hrauni áfram.

Ég legg það aðeins til, að í frvgr. verði ákveðið að í vinnuhæli ríkisins skuli vera rúm fyrir 60 fanga og að það skuli fullnægja fangelsisrefsingum, öðrum en þeim, sem 4. gr. tekur til, en óska þess, að því verði ekki slegið föstu, að það skuli endilega vera að Litla-Hrauni í Árnessýslu. Þar fyrir gæti niðurstaða orðið sú, að ráðlegt þætti að hafa hælið á sama stað og áður. En það væri jafnfrjálst eftir sem áður, þótt þessu ákvæði væri sleppt í 3. gr.

Ég fer svo ekki fleiri orðum um það.

Þá legg ég til, að 5. gr. verði alveg sleppt. Hún fjallar um afplánun meðlaga eða barnalífeyris samkvæmt framfærslulögum og sagt, að sú afplánun skuli fara fram í vinnuhæli eða unglingafangelsi eftir aldri barnsfeðra. Það kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., að þetta atriði 5. gr. var athugað eða rætt lítils háttar í hv. allshn. og að menn voru ekki alls kostar ánægðir með þetta ákvæði, með þessa gr. frv., þótt niðurstaðan yrði sú, að meiri hl. vildi ekki breyta þessu neitt. En ég legg til, að þessari gr. verði sleppt með öllu. Ég held, að það komi ekki að neinu tjóni, þótt þessari gr. sé sleppt eða því ákvæði, sem í henni er. Það er ákvæði um sama efni í framfærslulögum, að sveitarstjórn geti leitað úrskurðar um, að vanskilamenn á þessu sviði skuli vinna af sér barnsmeðlög á vinnuhæli, og mér finnst óþarft að taka það upp í þessi lög, — finnst nóg, að það standi í þeim einu lögum, sem það nú er í. Það er þegar rekið vinnuhæli sérstaklega í þessu skyni, vinnuhæli, sem er ekki álitið fangelsi í venjulegri merkingu eða vinnuhæli sakamanna beinlínis, og ég tel í raun og veru vel, að slíkt hæli sé rekið. Annars má mjög um það deila, hvort þetta ákvæði í framfærslulögum eigi í lögum að vera eða ekki, og ég er ekki frá því, að það sé heldur til óprýði í okkar réttarfari, en það er annað mál. Ég legg til, að þessu ákvæði í 5. gr. sé sleppt, aðallega af því, að ég tel það óþarft í þessu frv.

Þá kem ég að þeirri brtt., sem ég tel skipta mjög miklu máli, og það er 4. brtt. á þskj. 339. Í staðinn fyrir 5. gr. í frv., sem ég legg til að sé sleppt, sting ég upp á að komi 5. gr. með allt öðru efni, sem sagt um það, að héraðsfangelsi skuli eins og önnur fangelsi vera ríkisfangelsi. Ég hef sett inn í þessa till. öll ákvæði, sem ég tel máli skipta í sambandi við héraðsfangelsi, og legg til, að sú gr. verði sett inn í frv. um ríkisfangelsi sem 5. gr. þess.

Það hefur verið svo og er hér á Íslandi, að héraðsfangelsi eru reist og rekin af sveitarfélögum og ríki í sameiningu, þannig að kostnaður er greiddur að hálfu af hvorum þessara aðila. Við þetta í sjálfu sér er kannske ekki mikið að athuga. En þó er eitt, sem ég tel mjög varhugavert við þetta fyrirkomulag, og það er, að annar aðilinn annast reksturinn, ræður rekstrinum og ákveður reksturinn, en hinn aðilinn hefur ekkert með sjálfan reksturinn að gera annað en að greiða til hans. Ég tel það

alltaf óheppilegt fyrirkomulag, hvort sem það eru samskipti ríkis og sveitarfélaga eða annarra aðila, að tveir aðilar kosti, en annar hefur ekkert að segja um stjórn rekstrarins. Þetta tel ég í sjálfu sér óheppilegt, og þarna hallar á sveitarfélögin.

Valdimar Stefánsson sakadómari, sem hefur athugað þessi mál á s. l. ári fyrir beiðni hæstv. ríkisstj. og undirbúið þetta frv., fer nokkuð inn á þessi helmingaskipti, bæði í skýrslu sinni til hæstv. ríkisstj. og í aths. við frv. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa örstuttan kafla um þetta efni úr skýrslu sakadómarans. Hann er á þessa leið:

„Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð var þetta fyrirkomulag áður, þ. e. a. s. þátttaka sveitarsjóðanna í fangelsakostnaðinum, en er nú úr lögum numið þar fyrir löngu, í Danmörku 1938, í Noregi 1904 og í Svíþjóð 1921. Frá þessum tímum ber ríkissjóður í þessum löndum einn allan kostnað af fangelsunum, bæði ríkis- og héraðsfangelsunum. Skilst mér einhugur ríkja um, að þetta sé eðlilegt og heppilegt fyrirkomulag og til stórbóta frá því, sem áður var. Ríkið hefur lög- og dómgæzluna með höndum og verður að sjá um, að hún fari sómasamlega úr hendi, þ. á m., að nægileg fangelsi séu til. Þarf það ekki eftir breytinguna að eiga undir misjafnlega áhugasömum sveitarstjórnum eða misjafnlega getumiklum sveitarsjóðum, hvernig fangelsismálum er fyrir komið í hlutaðeigandi sveitarfélögum. En hér víkur þessu öðruvísi við, eins og áður segir. Skv. 3. og 6. gr. l. nr. 29/1936 eru það sveitarstjórnir, sem frumkvæði hafa að byggingu fangelsa og breytingum á þeim. Gera má að vísu ráð fyrir, að flestar sveitarstjórnir hafi skilning á þörfum sveitarfélags síns í fangelsismálum og fari að ráðum hlutaðeigandi yfirvalds í þeim efnum. Fari þær fram á framkvæmdir í þessum málum, er það ríkisins með íhlutun dómsmrh. samkvæmt 5. gr. laganna að leggja fram fé til móts við sveitarsjóðina, eftir því sem veitt er til þess á fjárl. Málið vandast, ef sveitarstjórn hefur ekki skilning á fangelsaþörf héraðsins eða sveitarsjóður er þess vanmegnugur að leggja fram fé til nauðsynlegra framkvæmda til móts við ríkissjóð. Gæti slíkt leitt til ófarnaðar, sem að óbreyttri löggjöf yrði vandleystur."

Þannig farast sakadómaranum í Reykjavík orð í skýrslu sinni.

Það eru einnig aðrar hliðar á þessu máli, og ég vil aðeins stuttlega minnast á þá hlið, sem sérstaklega snýr að sveitarfélögunum sjálfum.

Það er kunnugt, að sveitarstjórnir hafa á undanförnum árum hvað eftir annað gert samþykktir þess efnis að losna við lögreglukostnaðinn með öllu og þar með kostnaðinn af fangelsunum. Þetta er eðlilegur hlutur og frá sjónarmiði sveitarstjórna fyrst og fremst tilkominn vegna fjárhagslegra örðugleika sveitarfélaganna. Það hefur margsinnis verið á það bent, að sveitarfélögin þyrftu að fá fleiri tekjustofna, að ríkisvaldið þyrfti að beita sér fyrir því, að sveitarfélögin fengju fjölbreyttari tekjustofna. Eins og kunnugt er, hefur það viljað verða svo, að ríkisvaldið leggur fleiri og fleiri byrðar á sveitarfélögin. Það er ekki hægt að lasta það. Þannig hafa mál þróazt í okkar þjóðfélagi á undanförnum árum. En það hefur ekki að sama skapi verið séð vel fyrir því, að sveitarfélögin gætu sómasamlega staðið undir öllum þeim skuldbindingum, sem þau smátt og smátt hafa orðið að taka á sig í vaxandi mæli.

Það er vissulega til sú leið að afla sveitarfélögum nýrra tekjustofna. En það er líka önnur leið til að létta af sveitarfélögunum, og hún er sú, að ríkisvaldið taki af þeim einhverja byrðina eða nokkrar byrðarnar. Ef ríkisvaldið vildi taka af þeim kostnaðinn við löggæzlu og fangelsi, þá væri það talsverð hjálp fyrir sveitarfélögin.

Frumvörpin um ríkisfangelsi og vinnuhæli og um héraðsfangelsi voru send til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga, eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, og þegar stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga hafði fengið þessi frv. til athugunar, var strax skotið á fundi, stjórnarfundi, og þar gerð samþykkt 6. nóv. s. l. Sú samþykkt hljóðar þannig:

„Stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga vísar til fyrri samþykktar sambandsþings, fulltrúaráðsfunda og bæjarstjórafunda þess efnis, að sveitarsjóðir verði leystir undan greiðslu lögreglukostnaðar, og telur eðlilegt, að fangelsi hér á landi verði reist og rekin fyrir fé ríkissjóðs, svo sem tíðkast hjá öðrum norrænum þjóðum."

Þetta er samþykkt, sem sambandsstjórnin hefur gert og sent hv. allshn.

Í niðurstöðu umsagnar sinnar segir stjórn sambandsins á þessa leið:

„Samkvæmt framansögðu er Samband íslenzkra sveitarfélaga andvígt því, að frv. til l. um héraðsfangelsi, sem stjórn sambandsins var sent til umsagnar, verði lögfest í núverandi mynd, en leggur til, að því verði breytt til samræmis við þær ályktanir, sem áður hafa verið gerðar á vegum sambandsins um þetta efni."

Óskir sveitarfélaganna eru þannig mjög skýrt markaðar í þessu máli.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég verð aðeins að láta í ljós nokkra undrun mína á því, ef svo er, að hæstv. dómsmrh. sé eindreginn í því að hafna breytingu eins og þeirri, sem ég legg hér til að gerð verði. Mér skilst, að hann hafi að mörgu leyti betri aðstöðu til að dæma um þetta en ég og dæma það á sama veg. Þetta sjónarmið finnst mér koma skýrt fram í ummælum sakadómarans, og hann bendir á, að þessi breyting hafi fyrir löngu verið gerð annars staðar á Norðurlöndum. Ég trúi því ekki, að hæstv. ráðherra vilji halda í þetta eingöngu af því, að hans stefna sé sú yfirleitt að varðveita ríkjandi ástand, hverju nafni sem nefnist. Því trúi ég ekki. Hér er aðeins um það að ræða að létta fjárhagsbyrðum af sveitarfélögunum og leggja á ríkið, en það tel ég enga fjarstæðu.

Síðasta brtt., sem ég geri að umtalsefni, snertir 7. gr. og varðar fjárframlög úr ríkissjóði til þess að koma upp þeim stofnunum, sem um ræðir í frv. Það er ákveðið í 7. gr., að veita skuli

úr ríkissjóði 1 millj. kr. á ári hverju hið minnsta til fangelsabygginga, unz komið hefur verið upp fangelsum þeim, sem lög mæla fyrir um. 1 millj. kr. er lítið framlag. Það má segja, að það geti samkv. þessum lögum orðið meira. En það er hætt við því, að það verði ekki fyrst um sinn meira en 1 millj. kr. lögð til þessara mála árlega næstu árin, að það verði haldið við þetta ákvæði, úr því að það hefur verið sett í lög. Nú er ég alveg viss um, að okkur öllum, sem hér erum inni, kemur saman um, að þetta er allt of lág upphæð. En ríkissjóður hefur í mörg horn að líta, og það er því miður ekki hægt að hafa þetta meira á næstu árum, kunna menn að segja. En ef það er óhjákvæmilegt að setja þessa upphæð — 1 millj. kr. — í lögin, þá er spurningin, hvort þetta frv. hafi nokkurn tíma átt erindi hingað inn á Alþingi að þessu sinni. Dómsmálastjórninni, lögreglunni, föngunum, allri þjóðinni er mikil nauðsyn á því að fá þær umbætur, sem hér um ræðir. En engum þessara aðila er greiði gerður með því að samþykkja á Alþingi frv., sem næstu áratugina verður ekkert annað en pappírsplagg. Vitanlega tekur það marga áratugi að koma upp þessum stofnunum með því fjárframlagi, sem hér er ráðgert. Ég hef í minni till. lagt til, að þetta yrði tvöfaldað. Vitanlega er það líka allt of lítið og nær allt of skammt. Ég þorði ekki að hafa hækkunina meiri í minni tillögu, en ég hafði hana þetta í þeirri von, að hún fengist kannske fram. Og í öllu falli er hægt að hugga sig við það, að ef þessi upphæð — 1 millj. króna — verður tvöfölduð, þá tekur það undir öllum kringumstæðum helmingi styttri tíma að koma þessum stofnunum upp en ella yrði.

ATKVGR.
Brtt. 339,1 felld með 10:2 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 339,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 339,3 felld með 10:1 atkv.
3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 339,4 felld með 11:2 atkv.
5. gr. samþ. með 12:2 atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 339,5 felld með 10:2 atkv.
7. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 339,6 kom ekki til atkv.
9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 353).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Um það er enginn ágreiningur, að fangelsismál Íslendinga eru í mikilli niðurlægingu og þurfa rækilegra umbóta við. Af þessu tilefni fékk ég á s. l. ári sakadómarann í Reykjavík, sem er þessum málum allra manna kunnugastur, til þess að taka þessi málefni til íhugunar og tillögugerðar, og ferðaðist hann m. a. um Norðurlönd til þess að kynnast framkvæmd í þessum efnum þar. Síðan samdi hann í samráði við dómsmrn. tvö frumvörp til úrlausnar málinu, það frv., sem nú er til umr. í hv. d., frv. til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, og frv. um héraðsfangelsi, sem er hér næst á dagskrá. Þessi frumvörp voru lögð fyrir hv. Ed. í upphafi þings, og hefur hún nú samþ. þau óbreytt að efni.

Samkv. þessum frumvörpum er ætlazt til, að eins og nú verði tvenns konar háttur um greiðslu kostnaðar til fangelsa, annars vegar þau fangelsi, sem ríkið standi eitt straum af, og hins vegar héraðsfangelsi, sem kostuð séu af ríkinu og sveitarfélögum í sameiningu. Ríkisfangelsin eiga samkv. þessu frv. að vera ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni hennar, vinnuhæli og unglingafangelsi, og er þá jafnframt ráðgert, að vinnuhæli verði áfram á Litla-Hrauni, eins og nú er, en stækkað verulega, hins vegar verði það hæli á Kvíabryggju fyrir afplánun óinnheimtra barnsmeðlaga, sem rekið var um sinn og nú hefur verið endurreist, lagt niður, þegar fullkomin skipan er komin á þessi mál. Segja mætti, að frekari sundurgreining fangelsa væri æskileg heldur en lögð er til í þessu frv., en miðað við aðstæður hér á landi er slíkt naumast framkvæmanlegt. Það hefur t. d. verið bent á, að æskilegt væri að hafa sérstakt kvennafangelsi. Sem betur fer, eru svo fáar konur, sem dæmdar hafa verið til fangelsisvistar að undanförnu, — og við skulum vona, að ekki verði á því nein gerbreyting, — að rekstur sérstakrar stofnunar í því skyni er ekki framkvæmanlegur. Þess vegna er ráðgert í þessu frv., að kvennafangelsi verði ein deild ríkisfangelsis.

Hvað sem líður athugasemdum við einstakar greinar frv. eða einstök fyrirkomulagsatriði, þá eru allir sammála um það, sem þetta frv. hafa skoðað, að í því felst mikil umbót, þ. e. a. s. ef það kemst í framkvæmd, svo sem ætlað er. En ég vil mjög vekja athygli manna á því, að sú fjárveiting, sem ákveðin er í frv., 1 millj. kr. á ári, nær auðvitað ekki í námunda við að fullnægja þeirri þörf, sem hér er fyrir hendi. Hér er um algera lágmarksupphæð að ræða, og verður óhjákvæmilegt, að Alþingi héðan í frá veiti mun hærri fjárhæðir í þessu skyni, ef endurbætur eiga að nást á sæmilega skömmum tíma. Hins vegar þótti ekki fært að ákveða hærri upphæð í lögunum sjálfum, vegna þess að hag ríkissjóðs getur verið misjafnlega komið frá ári til árs. Eins er það ljóst, að það hlýtur að taka nokkurn tíma, þangað til hægt er að hefjast handa um framkvæmdir í þessum efnum. Þegar búið verður að samþykkja þetta frv. sem lög, verður að fara í að undirbúa athafnir, — og teikningar verða ekki gerðar nema eftir

mjög rækilega íhugun, — bæði um staðarval fyrir ríkisfangelsi og unglingafangelsi og eins um athugun á því, hvernig fangelsunum sjálfum verður fyrir komið. Það er því alveg ljóst, að fyrr en á árinu 1962 er útilokað að hefjast handa um framkvæmdir í þessum efnum, og fjárveitinguna, sem veitt er í fjárlögum nú, þ. e. þessa eina milljón á ári, sem hér er ætlunin að lögbjóða, ber þess vegna frekar að skoða sem ábendingu eða áminningu um þá þörf, sem fyrir hendi er, heldur en að nokkrum hafi komið til hugar, að hún mundi nægja í þessu efni. Hér er sem sagt um ramma að ræða, sem eftir er að útfylla, bæði með miklum fjárframlögum og svo með enn frekari sérfræðilegri athugun um fyrirkomulag hinna einstöku fangelsa, sem ákveðið er að byggja.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. og að frv. fái greiðan gang í gegnum þessa hv. d., svo að hægt verði að hefjast handa í alvöru um undirbúning framkvæmda á þessu ári, svo að þær þurfi ekki að dragast lengur en ég benti til fyrr í orðum mínum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 353, n. 390, 394).

Frsm. (Jón Kjartansson sýslumaður): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. Einn nm., hv. 11. landsk., hefur skrifað undir nál. með fyrirvara, en sá fyrirvari er bundinn brtt., sem hann flytur á þskj. 394 og eru að efni til flestar hinar sömu sem voru fluttar í hv. Ed.

Allir hv. þdm. eru án efa sammála um, að í fangelsismálum vorum ríki hið mesta ófremdarástand. Svo slæmt er ástandið, að ósamboðið verður að teljast menningarríki.

Á s. l. ári fól hæstv. dómsmrh. sakadómara, Valdimar Stefánssyni, að kynna sér ástand fangelsismálanna og fangelsi nágrannalandanna og gera síðan tillögur til úrbóta í þessum efnum hér á landi. Það var ekki unnt að fá heppilegri mann til þess að vinna þetta verk en sakadómarann, því að hann er allra manna kunnugastur þessum málum. Frá honum eru komnar tillögur þær til úrbóta, sem felast í þessu frv. og frv. því um héraðsfangelsi, sem er næsta mál á dagskrá.

Samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir til umr., skal ríkið reka þessi fangelsi samkv. 1. gr.: ríkisfangelsi, vinnuhæli, unglingafangelsi. Samkv. 2. gr. skal ríkið stofna ríkisfangelsi í Reykjavík eða nágrenni, en það skiptist í sex deildir, sem eru: einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, kvennafangelsi, varðhald og gæzluvarðhald. Ég býst við, að einhverjir hafi rekið augu í kvennafangelsi í sambandi við þetta og þyki ekki viðeigandi, að það sé í tengslum við ríkisfangelsi karla. En sem betur fer, er það svo, að það kemur örsjaldan fyrir, að konur séu dæmdar til refsivistar hér á landi. Í þessu efni sem ýmsum öðrum eru blessaðar konurnar til fyrirmyndar okkur karlmönnunum. Óskandi er, að það verði svo um langa framtíð, og meðan svo er, er ekki þörf á sérstöku kvennafangelsi. Samkv. 3. gr. frv. skal stækka og fullkomna vinnuhælið á Litla-Hrauni, þannig að þar verði rúm fyrir 60 fanga, en er núna fyrir 29. Og samkv. 4. gr. skal stofna í sveit unglingafangelsi fyrir 25 fanga. Þetta er í stuttu máli efni þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Það er augljóst mál, að það þarf mikið átak og það kostar mikið fé að koma fangelsismálum vorum í það horf, sem frv. gerir ráð fyrir. Sú eina millj. kr., sem ráðgert er í 7. gr. frv. að lögð verði fram í þessu skyni, segir vitaskuld sáralítið. En það er trú mín, að þegar einu sinni er búið að lögfesta fangelsin, hvernig skipulag þeirra skuli vera, þá komi Alþingi og ríkisstj. og verji miklum fjárfúlgum til þess að koma fangelsum upp. Og ég hef ekki trú á, að það bíði mörg ár, þegar þessi lög hafa verið samþ., að það rísi upp fangelsi.

Herra forseti. Ég leyfi mér fyrir hönd meiri hl. allshn. að leggja til, að frv. verði vísað til 3. umr.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við frv. um ríkisfangelsi og vinnuhæli, sem hér er til 2. umr. í hv. d. Það má segja, að þau tvö frumvörp um fangelsismál, sem hér liggja fyrir og eru á dagskrá, séu svo nátengd hvort öðru, að annað þeirra verði tæplega rætt nema fara inn á hitt. Þær tillögur, sem ég hef leyft mér að flytja, fjalla um það að sameina þessi frumvörp í eitt.

Bæði þessi frumvörp voru flutt í Ed. af hæstv. dómsmrh. Þegar þau voru rædd í allshn., lagði hv. 9. þm. Reykv. fram nokkrar brtt., sem miðuðu að því að gera eitt frv. úr báðum og allur kostnaður við byggingu og rekstur fangelsanna, þ. e. a. s. ríkisfangelsa og héraðsfangelsa, yrði greiddur úr ríkissjóði. Ekki gat allshn. Ed. fallizt á þessi sjónarmið hv. 9. þm. Reykv. Lögðu fjórir nm. til, að frv. yrði samþ. með lítils háttar breytingum, og þegar frv. kom til umr. í d., voru tillögur minni hl. felldar.

Þegar frv. var tekið til umræðu á fundi í allshn. Nd., kom í ljós, að fjórir af nefndarmönnum voru samþykkir frv., eins og Ed. hafði gengið frá því, en ég áskildi mér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma við frv. Nú hefur það orðið að samkomulagi milli mín og hv. 9. þm. Reykv., að ég tæki upp flestar brtt. hans við frv., sem hann flutti í Ed. Með því fengist þá úr því skorið, hvort hv. þm. Nd. væru sömu skoðunar og hv. þm. Ed. um afgreiðslu frv.

1. brtt. er við 1. gr., að við bætist nýr liður, sem yrði þá töluliður 4 og héti: Héraðsfangelsi. Þessi breyting þýðir það, ef hún yrði samþ., að þessi tvö frumvörp yrðu þá sameinuð í eitt, enda mælir margt með því, að svo verði gert, eins og ég mun síðar sýna fram á.

2. brtt. er við 3. gr. Orðin „að Litla-Hrauni í

Árnessýslu" falli burt. Flestum mun kunnugt, að húsið á Litla-Hrauni var ekki byggt í upphafi sem vinnuhæli fyrir fanga, heldur var það byggt í upphafi sem sjúkrahús fyrir Árnessýslu. Allan þann tíma, sem þetta hús hefur verið notað sem vinnuhæli og fangelsi fyrir afbrotamenn, hefur það verið talið af þeim, sem bezt þar til þekkja, óhentugt til þeirra nota, enda hafa því miður margir óhugnanlegir atburðir gerzt þar, sem talið er að rekja megi að einhverju leyti til þess, hvað húsnæði er ófullkomið og langt frá því að uppfylla þau skilyrði, sem þurfa og eiga að vera fyrir hendi á slíkum hælum. Ekki virðist nein endanleg rannsókn liggja fyrir um það, hvort ódýrara sé að byggja nýtt hæli eða gera nauðsynlegar endurbætur á Litla-Hrauni ásamt nauðsynlegri viðbótarbyggingu. Um þetta er rætt allýtarlega í skýrslu, sem liggur hér fyrir um fangelsismál. Eftir að maður hefur lesið þá skýrslu, sést, að ekkert slíkt liggur fyrir, sem bendir til þess, að endanleg áætlun um kostnað við byggingu slíks hælis hafi verið gerð. Engin slík áætlun endanleg liggur fyrir. Á meðan slík rannsókn ekki hefur farið fram, er, að mér virðist, lítil ástæða til að einskorða staðsetninguna við áðurnefndan stað í lögum. Fyrir því er lagt til, að orðið „Litla-Hraun" falli niður.

Þá er lagt til, að ákvæði 5. gr. um afplánun meðlaga eða barnalífeyris verði fellt niður, enda slíkt ákvæði óþarft, þar sem í framfærslulögunum er sveitarstjórnum heimilað með vissum takmörkunum að afla sér úrskurðar um, að styrkþega skuli skylt að vinna af sér á vinnuhæli ógreidd barnsmeðlög. Um þetta ákvæði hafa verið og eru sjálfsagt enn mjög skiptar skoðanir, og virðist engin sérstök ástæða vera til þess að setja ný lagafyrirmæli þar um.

Ég gat þess áðan, að breytingin við 1. gr. frv. miðaði að því að samræma þessi tvö frv., frv. um ríkisfangelsi og vinnuhæli og frv. um héraðsfangelsi. Í beinu framhaldi af breytingum á 1. gr. er lagt til, að 5. gr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Héraðsfangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga skulu reist og rekin þar, sem þeirra er þörf að áliti dómsmrn. og að fengnum till. hlutaðeigandi sveitarstjórna. Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa, en annar kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Bygging nýrra fangelsa í samræmi við þessa grein skal háð leyfi Alþingis, enda samþykki það fjárveitingu til hennar. Dómsmrh. ákveður, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, í hvaða héraðsfangelsum skuli heimil fullnusta varðhaldsrefsinga og í hve langan tíma."

Eins og þessar tillögur, sem ég hef hér lýst, bera með sér, er lagt til, að öll fangelsi í landinu skuli vera í eigu ríkissjóðs og rekin af honum. Það er í alla staði eðlilegt, að ríkið eigi og reki slíkar stofnanir, enda mun sá háttur vera á hafður á Norðurlöndum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að sveitar- og bæjarfélög eru yfirleitt í mikilli fjárþröng og oft og tíðum í hreinustu vandræðum með að standa við skuldbindingar sínar með að sjá íbúum byggðarlaganna fyrir nauðsynlegri þjónustu. Um þetta þarf ekki að ræða. Þetta er augljóst mál og öllum vitanlegt, enda hefur ríkisvaldið vanrækt að tryggja bæjar- og sveitarfélögum aukna tekjustofna til að mæta sívaxandi kröfum á hendur þeim. Samband ísl. sveitarfélaga hefur á fundum sínum margsinnis gert samþykktir þess efnis, að sveitarsjóðirnir verði leystir undan greiðslu lögreglukostnaðar. Á nýafstöðnum fulltrúaráðsfundi sambandsins var gerð sérstök ályktun þess efnis, að sveitarfélög yrðu losuð við allan kostnað við löggæzlu. Allshn. Ed. sendi bæði frumvörpin til umsagnar nokkrum aðilum, m. a. Sambandi íslenzkra sveitarfélaga. Í því tilefni gerði sambandsstjórnin svo hljóðandi samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga vísar til fyrri samþykkta sambandsþinga, fulltrúaráðsfunda og bæjarstjórafunda þess efnis, að sveitarsjóðirnir verði leystir undan greiðslu lögreglukostnaður, og telur eðlilegt, að fangelsi hér á landi verði reist og rekin fyrir fé ríkissjóðs, svo sem tíðkast hjá öðrum norrænum þjóðum."

Brtt. þær, sem hér eru fluttar við umrætt frv., eru því í fullu samræmi við skoðanir og kröfur bæjar- og sveitarfélaga og sveitarstjórna og landssamtök þeirra. Virðist allt mæla með því, að í þessu máli verði orðið við óskum þeirra.

Það munu flestir vera sammála um það, að á því sé mesta nauðsyn, að gerðar verði varanlegar úrbætur á fangelsismálum Íslendinga, og þau frumvörp, sem hér hafa verið flutt, stefni í rétta átt. Hitt dylst sjálfsagt engum, að slíkt stórátak sem það er að byggja upp fullkomin fangelsi muni kosta mikið fé og verður því ekki framkvæmt á einu eða tveimur árum. Aðalatriðið er það, að byggt sé á réttum grundvelli í upphafi. Hitt geta menn sjálfsagt deilt um, hver skuli greiða kostnaðinn við byggingu og rekstur fangelsanna. Ég er þeirrar skoðunar, að ríkissjóður eigi að bera slíkan kostnað, og eins og fjármálum sveitarfélaganna er háttað, sé ekki fært að láta þau bera helming kostnaðar af byggingu og rekstri héraðsfangelsanna, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það hefur verið og er krafa sveitarfélaganna að losna við allan kostnað af lögregluhaldi og þá að sjálfsögðu við allan kostnað við byggingu og rekstur fangelsanna. Úr því ætti nú að fást skorið, hvort hv. Alþ. sér sér fært að mæta þessum kröfum og óskum sveitarfélaganna.

Frsm. (Jón Kjartansson sýslumaður): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Fyrsta brtt. hv. 11. landsk. miðar að því að setja öll fangelsi undir ríkið. Ég er honum sammála um, að þannig hlýtur það að verða í framtíðinni. En eins og nú standa sakir og öll okkar fangelsismál eru óleyst og þessi stóru fangelsi eftir frv. verða á ríkissjóði, þá hefur hann vissulega nóg á sinni könnu. Nú er það svo, að bæði sveitarfélögin og ríkissjóður hafa héraðsfangelsin í sameiningu og reka þau í sameiningu. Ég held, að það sé rétt að halda

þessu nokkuð um skeið, þó að ég sé sannfærður um, að það endar með því, að ríkið taki allt á sig.

Þá vildi hv. flm. brtt. ekki lögbinda það, að Litla-Hraun yrði vinnuhæli. Ég hygg, að það sé af hagkvæmnisástæðum, að þetta er gert, og ég hygg, að það verði hagkvæmara að stækka og styrkja svo þetta vinnuhæli, að það verði óruggt fyrir þessa miklu fjölgun, sem ráðgerð er, heldur en byggja nýtt vinnuhæli. Það er gefinn hlutur. Ég held, að það sé ekki hyggilegt að fella þetta út.

Ég skil satt að segja ekki þá umhyggjusemi, sem ýmsir hv. þm., bæði þessi hv. þm. og eins flokksbræður hans í Ed., hafa fyrir barnsfeðrum, sem vanrækja að greiða meðlag með börnum sínum. Ég þekki ekki sveitarfélög, sem ganga svo hart að, ef um fátæka menn og reglusama er að ræða, að þau sendi þá á vinnuhælið til þess að vinna meðlögin af sér. En venjulega hafa þessir menn nóga getu, en vanrækja að greiða með börnum sínum. Tel ég óhæfu að þola þetta. Ég hef enga samvizku af því, þótt það standi í lögunum, að þeir skuli afplána meðlögin á vinnuhæli.

Þetta eru aðalbrtt., sem hv. þm. flytur. Fyrir hönd meiri hl. n. legg ég til, að þær verði felldar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 394,1 felld með 17:6 atkv.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 394,2 felld með 17:6 atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 394,3 felld með 17:6 atkv.
5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 394,4 tekin aftur.
9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 445).

---

20. Héraðsfangelsi.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um héraðsfangelsi [29. mál] (stjfrv., A. 29).

Á 4. fundi í Ed., 14. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta frv. fylgir hinu frv., sem hér var til umr. næst á undan, og er í nánu sambandi við það. Segja má, að í því sé byggt á sömu grundvallarreglum um samstarf ríkis og sveitarfélaga varðandi héraðsfangelsi og gilt hafa nú um hríð. Þó eru gerðar ráðstafanir til þess, að frekar sé líklegt eftir samþykkt frv., að um raunhæfar framkvæmdir verði að ræða, heldur en hingað til hefur reynzt, og þá ráðgert, að frumkvæði í þessum efnum geti komið hvort heldur frá ríki eða sveitarfélagi, en það sé Alþingi, sem af hálfu ríkisins hafi úrslitaákvörðunarvald um það, hvað gera skuli, og einnig reynt að tryggja, að þegar búið er að ákveða, að í slíka byggingu sé ráðizt, þá verði greiðslur inntar af hendi á skömmum tíma, þannig að báðir aðilar geti treyst því, að ekki sé látið sitja við orðin ein um greiðsluloforð, heldur verði fé raunverulega fyrir hendi.

Víðast hvar mundu héraðsfangelsi ekki verða sérlega kostnaðarmikil. Hér yrði víðast um tiltölulega litlar byggingar að ræða. En þó er þess að gæta, að margar þær byggingar, sem nú eru notaðar í þessu skyni, eru ekki til frambúðar, og þarf þar víða mjög mikilla umbóta við.

Það kom mjög til álita að kveða á um, hvort e. t. v. ríkið eitt ætti að taka á sig að standa undir öllum kostnaði af þessum málum. Að ýmsu leyti er það æskilegra, að löggæzlan sé algerlega í höndum ríkisins, heldur en þessi tvískipting eigi sér stað. En hvort tveggja er, að önnur regla hefur hingað til gilt, að enn hefur ríkið einungis nokkurn hluta kostnaðar við löggæzlu á sinni könnu, og að á næstu árum verður ríkið sjálft að verja óhjákvæmilega svo miklum fjárhæðum til ríkisfangelsa, eins og ég gerði grein fyrir áðan, að ekki er rétt, að það taki á þessu stigi á sig meiri skuldbindingar í þessum efnum en í frv. eru ráðgerðar. Það verður svo að takast til athugunar síðar, þegar búið er að gera grundvallarframkvæmdir í þessum efnum, hvort menn þá telja fært, að ríkið taki að öllu leyti við kostnaðinum, eins og víða annars staðar er nú orðið.

Ég vonast til þess, að þetta frv. fái einnig greiðan framgang. Það þarf ekki um það að ræða. Okkur er jafnkunnugt um héraðsfangelsin eins og ríkisfangelsin, að þau eru víða og víðast allsendis ófullnægjandi. En það er rétt að geta þess, að vonir standa til þess í Reykjavík, að nokkurra umbóta sé von hér, áður en mjög langt líður. Búið er að veita töluvert fé til byggingar lögreglustöðvar. Nýlega hefur verið samþykkt í bæjarstjórn Reykjavíkur að láta henni í té ágæta lóð, og er nú í undirbúningi teikning að frambúðarlögreglustöð, þar sem komið yrði fyrir nýtízku fangageymslu, sem þá mundi koma í stað hins mjög óviðunandi kjallara, sem notaður er enn og oft hefur orðið að umræðuefni, einnig hér á Alþingi, þó að skort hafi á fjárveitingar til þess að bæta þar um. En játa verður, að bygging lögreglustöðvar muni væntanlega með öllu og öllu taka svo langan tíma, að ekki sé viðhlítandi að bíða eftir henni til þess að komast frá þeirri for-

smán, sem telja verður að kjallarageymslan sé, og þess vegna hefur verið ákveðið og lögreglustjóra heimilað að ráðast í bráðabirgðaframkvæmdir til að koma upp nýrri fangageymslu með þeim hætti, að það húsrými yrði þá þannig, að með litlum tilkostnaði yrði hægt að nota það til annarra þarfa eftir á, þegar hin væntanlega lögreglustöð er komin upp. En það er ljóst, að það er ekki hægt að koma upp bráðabirgðafangageymslu, þar sem lögreglustöðina á að byggja, meðan byggingarframkvæmdirnar standa yfir, og þær munu áreiðanlega taka nokkur ár, og verður því að koma upp þessari bráðabirgðabyggingu á öðrum stað.

Ég vil vænta þess, að þetta frv. fái að ganga til 2. umr. og verði einnig sent til hv. allshn. deildarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 346).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég get látið mér að nokkru leyti nægja að vísa til þess, er ég sagði í framsöguræðu minni um frv. til l. um ríkisfangelsi og vinnuhæli.

Héraðsfangelsin eru ætluð handa handteknum mönnum, gæzluföngum og þeim, sem dæmdir eru til skammrar varðhaldsvistar. Ástandið í fangelsismálum, að því er héraðsfangelsi varðar, er ef til vill ekki miklu betra en ástandið í málum ríkisfangelsa og vinnuhæla. Þó er það auðvitað nokkuð misjafnt í hinum einstöku lögsagnarumdæmum. Sums staðar eru viðunandi héraðsfangelsi fyrir hendi, en á öðrum stöðum eru þau ýmist ófullnægjandi ellegar þau skortir alveg. Valdimar Stefánsson sakadómari telur í skýrslu sinni, að brýnust þörfin til úrbóta í héraðsfangelsamálum utan Reykjavíkur sé í Vestmannaeyjum, Ólafsvík, Akureyri, Raufarhöfn og á Seyðisfirði. Í Reykjavík telur hann nauðsynlegt að byggja 60 klefa fangageymslu í stað núverandi lögreglustöðvarkjallara.

Frumvarpi því um héraðsfangelsi, sem hér liggur fyrir, er ætlað að koma fyrst og fremst í stað laga um fangelsi, nr. 29 frá 1936. Er hér ekki um neinar meginbreytingar að ræða. Aðalbreytingin er fólgin í því að setja skýrari reglur um samvinnu ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um byggingu héraðsfangelsa og hvernig tekin skuli fullnaðarákvörðun um framkvæmdir og að tryggja betur en áður, að fé sé fyrir hendi til að ljúka þeim framkvæmdum, sem ráðizt hefur verið í.

Það hefur komið fram og heyrzt um það ýmsar raddir, kom m. a. fram hér í umr. um ríkisfangelsi, að eðlilegt væri, að ríkið annaðist að öllu leyti kostnað við rekstur og byggingu héraðsfangelsa. En samkv. þessu frv. er það óbreytt frá því, er áður var, að ríkið skuli greiða þetta að hálfu á móti viðkomandi sveitarfélögum. M. a. hefur verið vitnað hér til umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga, og það hefur líka verið vitnað hér í nágrannalöndin, hvernig þessu er fyrir komið þar. Það má sjálfsagt færa fram ýmis rök fyrir því, að það væri sanngjarnt, að ríkið greiddi þetta að öllu leyti. Þegar maður er þó að bera saman við önnur lönd, þá er auðvitað ekki nóg að taka einangruð tilfelli eins og héraðsfangelsi út úr, heldur yrði þá raunverulega að bera saman til þess að fá rétta mynd öll samskipti sveitarfélaga og ríkisvalds í þeim löndum. Út af fyrir sig er það ljóst, að héraðsfangelsin eru byggð í þágu héraðsins og ríkisins, þannig að það er a. m. k. ekkert óeðlilegt, þó að þessir aðilar skipti kostnaðinum með sér. Það er svo um margar framkvæmdir, að þær eru greiddar af báðum aðilum, ríki og sveitarfélögum, við skulum segja eins og skólar, sjúkrahús, hafnir o. fl., o. fl., og mér fyndist óeðlilegt, að farið væri að taka eitt og eitt af þessum atriðum út úr og gera þarna breytingu á, heldur yrði að taka þetta allt fyrir í heild og endurskoða þessi atriði í heilu lagi og þá jafnframt því, sem endurskoðaðar væru reglurnar um tekjustofna sveitarfélaga.

Það, sem ég held að verði þó fyrst og fremst að hafa í huga, þegar tekin er ákvörðun um það, hvort eðlilegt sé, eins og sakir standa, að ríkið taki þetta allt að sér eða sveitarfélag verði látið halda áfram að greiða þetta að hálfu, það sé, hvor aðferðin sé líklegri til þess að hafa áhrif í þá átt, að bætt sé úr skorti á héraðsfangelsum. Ég hygg, að ef ríkið tæki að sér að greiða þetta allt saman, mundu rísa upp gegndarlausar kröfur á hendur ríkisvaldinu frá héruðum og sveitarfélögum víðs vegar um landið, en ef þetta er hins vegar óbreytt, þá mundu sveitarfélögin vissulega vilja leggja það á sig að greiða sinn hluta óbreyttan af þessu, og það yrði til þess, að það kæmi raunhæft frumkvæði úr héruðunum sjálfum um uppbyggingu héraðsfangelsa, í stað þess að ef þessu yrði breytt, þá kæmu eingöngu kröfur á hendur ríkisvaldinu. Og ég held einmitt, að það sé líklegra til árangurs, að sveitarfélögin hafi líka skyldum að gegna í þessu efni.

Meiri hl. allshn., sem hefur fjallað um þetta frv., hefur mælt með því, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og fram kemur í nál. meiri hl. á þskj. 346.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að mæla á móti samþykkt þessa frv. eða ræða mikið efni þess. En ég vil leyfa mér með örfáum orðum að bera fram fyrirspurn til frsm. nefndarinnar eða leita skýringar á einu atriði frv. og jafnframt að benda nefndinni á atriði, sem ég tel að betur megi fara.

Það er ótvírætt, að nauðsyn ber til þess að halda uppi löggæzlu í sérhverju réttarríki, og með frv. þeim, sem hér eru til umr., mun vera stefnt í rétta átt. En þessi tvö frv., sem hér eru rædd, ber að skoða í samhengi hvort við annað, og í frv., sem verið var að afgreiða, um ríkisfangelsi og vinnuhæli, segir berum orðum í 1. gr. þess, að ríkið skuli eiga og reka þessi fangelsi, sem síðan eru talin. En í frv. um héraðsfangelsi eru ákvæði um, í hvaða hlut-

föllum stofnkostnaður og rekstrarkostnaður skuli greiddur, annars vegar af ríkinu og hins vegar af hlutaðeigandi sveitarfélagi. En ég hef ekki komið auga á, að það sé nokkurs staðar tekið fram í frv. berum orðum, hvaða aðili verði eigandi eða hafi eignarrétt á þessum stofnunum, héraðsfangelsunum, eftir að þau hafa verið reist og tekið til starfa. Út af þessu vil ég bera fram þessa fyrirspurn til frsm. nefndarinnar: Ber ekki að skilja þetta frv. svo, að þessar stofnanir, héraðsfangelsin, verði eign hlutaðeigandi sveitarfélaga, en framlag ríkisins skoðist sem styrkur vegna stofnkostnaðar og rekstrar fangelsanna? Eða í annan stað: Eiga þessar stofnanir að verða sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga og þá væntanlega í réttu hlutfalli við það, sem stofnkostnaður er greiddur? En ef þetta ber að skilja svo, sem ég vil nú vænta, að héraðsfangelsin verði eign sveitarfélaganna, finnst mér eðlilegt, að inn í frv. kæmu ákvæði um íhlutun sveitarstjórnar um rekstur fangelsisins, eða með öðrum orðum, að það væri ákveðið í löggjöfinni um verkaskiptingu sveitarstjórnar annars vegar og ráðuneytis hins vegar að þessu leyti. Það mun vera gert ráð fyrir, að þetta verði reglugerðarákvæði, en óneitanlega væri gleggra, að meginstefnan að þessu leyti væri ákveðin í löggjöfinni sjálfri.

1. gr. þessa frv., fyrri málsgr. hennar, er svo hljóðandi:

„Nú telur sveitarstjórn nauðsyn á, að fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzlufanga sé reist í héraðinu, og skal hún þá beina til dómsmálaráðherra beiðni um framlag úr ríkissjóði í þessu skyni."

Orðið sveitarstjórn ætla ég að hafi verið látið tákna í löggjöf hreppsnefnd eða bæjarstjórn, en nái ekki yfir sýslunefnd, a. m. k. er það áreiðanlegt, að þegar talað er um sveitarsjóð í löggjöf, þá er átt við hreppssjóð eða bæjarsjóð, en það nær ekki til sýslusjóðs. Milli þessara tveggja stiga ætla ég að sé skilgreining í löggjöfinni. Nú er skv. 1. gr. sveitarstjórn, þ. e. a. s. einni sveitarstjórn, ætlað að meta þörf á því að reisa héraðsfangelsi og standa að byggingu þess og rekstri, — fangelsi, sem á að gegna hlutverki fyrir heilt hérað, en orðið hérað hefur víðtækari merkingu en sveitarfélag. Út af þessu kemur mér til hugar, hvort ekki sé ástæða til að bæta inn í frv. ákvæðum um það, hvernig tryggja eigi rétt annarra sveitarfélaga í héraðinu til þess að eiga aðgang að og mega nota héraðsfangelsið, eftir því sem þörf krefur. Mér finnst vel koma til álita í þessu sambandi, að sýslusjóðum yrði gert að skyldu að greiða einhvern hluta af því framlagi, sem úr héraðinu á að koma, og á þann hátt verði tryggður réttur allra sveitarfélaga í héraðinu til fangelsisins, eftir því sem þurfa þykir.

Þetta frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. og allshn. hefur fjallað um það, og í áliti meiri hl. nefndarinnar segir, að nefndin hafi fengið umsagnir frá lagadeild háskólans, Dómarafélagi Íslands, Sambandi íslenzkra sveitarfélaga og félaginu Vernd. Þetta frv. er því vel undirbúið og hefur fengið mikla athugun. Eigi að síður verð ég að láta í ljós það álit, fyrst ég kvaddi mér hljóðs, að á sumum stöðum megi orðalag frv. betur fara en nú er. Ég geri ekki brtt., en vil aðeins með örfáum orðum benda á atriði þessu til sönnunar, ef nefndinni þætti hlýða að gefa því gætur á milli umr.

Í 1. mgr. 1. gr. er talað um að beina til dómsmrh. beiðni. Þetta getur staðizt, en mætti samt orða að mínum dómi nær gildandi málvenjum. Í 2. mgr. segir: „Beiðninni skal fylgja skýrsla um nauðsynina." Þetta tel ég ekki rökrétt orðalag. Ætli það reynist ekki torvelt að skrásetja nauðsynina? Mér finnst rökréttara að segja: Beiðninni skal fylgja rökstudd grg. um nauðsyn þess að reisa fangelsi o. s. frv.

2. gr. hefst þannig, að fyrri málsliður gr. er svo: „Sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir héraðsfangelsa, en annar stofnkostnaður greiðist að hálfu úr sveitarsjóði, en að hálfu úr ríkissjóði." Fyrri hlutinn er í fleirtölu, það er átt við mörg sveitarfélög, en síðari hlutinn í eintölu. Það væri fyllra samræmi að hefja greinina á því að segja: Hlutaðeigandi sveitarfélag eða sveitarfélag, sem héraðsfangelsi reisir o. s. frv. Þá kemur það eðlilega, að það greiðist úr sveitarsjóði. Ég skal bæta því við, að þessi athugasemd sýnist mér réttmæt með tilliti til 1. gr. og enn fremur með tilliti til þess, að í síðari málslið 2. gr. er rætt um, hvernig með skuli fara, ef tvö sveitarfélög standa saman o. s. frv.

3. gr. hefst þannig: „Beiðni sveitarfélaga skv. 1. gr. skal dómsmrh. senda Alþ., og ákveður það við afgreiðslu fjárl., hvort við henni skuli orðið." Ef hér er átt við umsóknir sveitarfélaga, margar umsóknir, sem sendist Alþ., þá getur orðalagið „hvort við henni skuli orðið" ekki staðizt. En sé átt við beiðni frá sérhverju sveitarfélagi fyrir sig, þarf að koma þarna: beiðni sveitarfélags, í samræmi við: „hvort við henni skuli orðið."

Ég skal svo ekki fjölyrða um málið. Aðalatriðið var að beina þessari fyrirspurn, sem ég áðan gerði, til frsm. nefndarinnar, og ég vænti þess að fá svar við henni.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Austf. hefur beint hér til mín þeirri fyrirspurn, hver sé eigandi þessara héraðsfangelsa, hvort það séu sveitarfélögin eða hvort þau verði talin sameign ríkis og sveitarfélaga. Ég skal viðurkenna það, að nefndin hefur ekki beinlínis velt þessu vandamáli fyrir sér, enda ekki þörf á því. Með þessu frv. er í raun og veru ekki breytt neitt fyrri reglum um þetta, þannig að raunverulega ætti hv. fyrirspyrjandi að spyrjast þá fyrir um það, hvernig þetta sé með þau héraðsfangelsi, sem þegar hafa verið reist og hafa kannske staðið áratugum saman, hver eigi þau fangelsi. Það mundi verða alveg sama svarið við þeirri spurningu eftirleiðis, og hv. þm. gæti þá væntanlega beint þessari spurningu til dómsmrn. eða einhverrar slíkrar stofnunar, ef þetta er deilumál. Út af fyrir sig held ég nú, að spurningin um sjálfan eignarréttinn yfir þessum húsum sé ákaflega óraunhæf. Ég mundi fyrir mína parta álíta það eðlilegast, að þetta yrði talin sameign ríkis og

sveitarfélaga, án þess að ég geti þó á nokkurn hátt kveðið upp nokkurn fullnaðarúrskurð um það mál. En aðalsvarið hlýtur að vera það, að um eignarréttinn fer eftirleiðis eins og áður. Þetta frv. breytir engu í því efni.

Þá var hv. fyrirspyrjandi að drepa á, að það vantaði þarna reglur um íhlutun sveitarstjórnar um rekstur héraðsfangelsa. Ég hef ekki orðið var við það, að sveitarfélögin væru óánægð yfir því, hvernig rekstri héraðsfangelsa væri háttað, og nefndin sendi þetta frv. m. a. til umsagnar til Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Að vísu var það aðalsjónarmið þess, að ríkið ætti að borga þetta allt saman, og satt að segja eðlilegt sjónarmið úr þeirri átt. En hins vegar var ekki neitt minnzt á þetta, að sveitarfélög þyrftu að fá frekari íhlutunarrétt, sem hefði þó a. m. k. verið eðlilegt að setja fram til vara af hálfu sambandsins, þannig að ég sé ekki, að það hafi út af fyrir sig gefizt neitt sérstakt tilefni til þess að fara að setja þar einhverjar nýjar reglur.

Um athugasemd hv. þm. varðandi málið á frv., þá get ég vel tekið undir það með honum, að það er ekki góð íslenzka á þessu, og það er ef til vill ekki til fyrirmyndar, að nefndir, sem fjalla um mál hér í þessari hv. d. og Alþ. yfirleitt, skuli gefa yfirleitt litinn gaum að því að endurbæta málið á frv. En ég skal a. m. k. bera það upp við nefndina, hvort hún vill gera till. um, að þetta verði fært til betra máls, áður en 3. umr. fer fram um málið.

Páll Þorsteinsson: Mér þykir svar frsm. nefndarinnar við fyrirspurn minni alls ekki vera skýrt, og þykir mér það miður. Hann segir, að það muni verða sama regla í þessu efni og verið hafi. En ég vakti athygli á þessu efnisatriði vegna þess, að hér er verið að setja nýja löggjöf, sem væntanlega á að standa til nokkurrar frambúðar og taka fram þeirri löggjöf, sem áður hefur verið í gildi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. frsm., að mér vitanlega hefur aldrei á það reynt, hver væri formlegur eigandi þessara fangelsa. En ég tel, að skilja verði bæði gildandi löggjöf og þetta frv. svo, að hér verði um sameign þessara tveggja aðila að ræða, ríkis og sveitarsjóða, þannig að ef húsið verður tekið til annarra nota, þá verða þeir aðilar að koma sér saman um ráðstöfun á þeirri eign, sem þarna er um að ræða. En meðan notkunin stendur, eins og ætlazt er til skv. þessu frv., þá segir um það, að það er dómsmrh., sem setur reglugerð um rekstur þessara fangelsa og ræður því yfir þeim að því leyti, sem til rekstrarins kemur. En hvorugur aðili getur án samþykkis hins, eins og ég segi, ráðstafað eigninni, ef þetta frv. nær samþykki. Ég hygg, að ákvæðin verði ekki skilin á annan veg.

Varðandi orðalag frv., þá má auðvitað lengi um orðalag deila. Héraðsfangelsi í þessu sambandi merkir þau fangelsi, sem komið er upp af sveitarstjórnum, og það er ljóst, að það er fyrst og fremst miðað við, eins og hv. 5. þm. Austf. sagði, annaðhvort bæjarstjórnir eða hreppsnefndir í því sambandi. Ef fleiri sveitarfélög koma sér saman um rekstur á byggingu og rekstur á fangelsi með þeim hætti, sem hér er um fjallað, þá er ákvæði um það í 2. gr., svo að ég hygg, að það mál horfi nokkuð glöggt við. En um aðrar orðabreytingar má segja, að hvort á að „beina beiðni" til ráðh. eða „senda beiðni" sé algert smekksatriði. „Að beina beiðni" hygg ég að sé orðalag, sem fyllilega fái staðizt og sé í raun og veru jafngott og að „senda beiðni". Eins er það, að þótt ekki sé hægt að setja nauðsynina á pappír, þá er enginn vafi á því, að það er hægt að setja skýrslu um nauðsynina á pappír. Það segir ekki, að það eigi að setja nauðsynina í bréfið, heldur skýrslu um nauðsynina, og það er efni, sem vel er hægt að skrá. Hitt játa ég, og það eru alveg réttar athugasemdir hjá hv. 5. þm. Austf., að það er ónákvæmt orðalag, sem þarfnast leiðréttingar, í 2. og 3. gr. Þar er ýmist notuð eintala eða tvítala á orðinu sveitarfélag á þann veg, að það þarf að setja samræmi á milli, og væri ég nefndinni þakklátur fyrir, ef það væri leiðrétt. Það eru bersýnilega pennaglöp, sem þar hafa átt sér stað, og þakka ég hv. þm. fyrir að vekja athygli á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 57. og 58. fundi í Ed., 13. og 14. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 14. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 29, 359).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í þeim brtt., sem allshn. hefur gert á þskj. 359, felast ekki neinar efnisbreytingar, heldur er hér eingöngu um það að ræða að færa viðkomandi greinar til betra máls, og er þar í meginatriðum farið eftir ábendingum hv. 5. þm. Austf., sem fram komu við 2. umr. málsins hér í hv. d., og get ég að öðru leyti um þessi atriði vísað til þeirrar umræðu.

ATKVGR.
Brtt. 359,1 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 359,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 359,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 14:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 366).

Á 64. fundi í Nd., 16. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. þetta er í nánu samhengi við frv., sem var til umr. næst á undan, og er hér ætlazt til, að hin sama skipan haldist um héraðs-

fangelsi og verið hefur að því meginatriði til, að þau séu kostuð af ríkissjóði og sveitarsjóði í sameiningu. Hins vegar er nokkru betur tryggt en áður, að fjárveitingar verði raunverulega inntar af hendi til þessara framkvæmda, eftir að búið er að ráðast í þær. En alveg eins og mjög skortir um viðunandi ríkisfangelsi, þá eru héraðsfangelsi víða allsendis ófullnægjandi. Er nú þegar búið að hefjast handa til bráðabirgðaúrlausnar hér í Reykjavík um byggingu nokkurrar fangageymslu, sem stendur yfir, en á að vera þannig háttað, að hún geti fallið inn í aðrar byggingar í þágu löggæzlunnar, vegna þess að í framtíðinni er hugsað, að slík fangageymsla hér yrði hluti af lögreglustöð, sem ætlaður er annar staður, en undirbúningi hennar er ekki komið svo langt, að fært þætti að bíða með byggingu bráðabirgðafangageymslu, þangað til henni væri lokið. En eins og við öll vitum, þá er núverandi fangageymsla í lögreglustöðinni við Pósthússtræti óboðleg, og hefur raunar verið látið við hana una lengur en sæmilegt sé.

Það er ekki einungis hér í Reykjavík, sem ástandið er óboðlegt, heldur einnig víðs vegar úti um land, eins og gerð er grein fyrir í grg., sem fyrir liggur frá sakadómara og allshn. mun fá til athugunar.

Þeirri aths. hefur verið hreyft, og hún er út af fyrir sig réttmæt, að eðlilegast væri, að ríkið kostaði fangelsi að öllu, vegna þess að eðli málsins samkvæmt sé löggæzla ríkismál öllu frekar en sveitarstjórnar. Þó að eðli málsins sé slíkt, þá vitum við, að sveitarstjórnir standa hér enn að verulegu leyti undir lögreglukostnaði, svo að á meðan sú skipun stendur, er ekki hægt að segja, að það brjóti á móti meginreglum íslenzkra laga, að sveitarsjóðirnir taki einnig þátt í héraðsfangelsum. En ég játa hins vegar, að ég tel, að í framtíðinni sé eðlilegast, að þessi mál komist í það horf, að allur kostnaður af löggæzlu væri lagður á ríkið. Enn hefur ekki þótt fært að gera þá breytingu og þykir ekki fært með héraðsfangelsin á þessu stigi málsins, einkanlega vegna þess, að um þau fangelsi, sem ríkið verður að koma upp og getur ekki vænzt aðstoðar annarra til að koma upp, má segja, að þörfin á þeim er svo brýn, að ekki má draga fjárveitingar, sem hægt er að fá í því skyni, til annarra skyldra þarfa, eins og héraðsfangelsa. Það eru meiri líkur til þess, að héraðsfangelsi komist fljótt upp, þar sem þeirra er þörf, með þátttöku sveitarfélaganna á þessu stigi málsins heldur en ef kostnaðurinn væri lagður á ríkið eitt, og sker það úr um það, að enn verður að halda í hið gamla fyrirkomulag, þó að ég telji, að framtíðin hljóti að verða sú, að þessi kostnaður leggist allur á ríkið. En þá er líka eðlilegt, að það verði eftir það, að sveitarstjórnir eru búnar að fullnægja þeirri skyldu, sem hingað til hefur á þeim hvílt, betur en þær enn hafa gert, því að víðast hvar hefur sáralítið verið hirt um þessi málefni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða lengur um frv., leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn. og fái greiðan framgang í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 403).

Frsm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta um héraðsfangelsi var lagt fram í Ed. samhliða frv. því til laga um ríkisfangelsi og vinnuhæli, sem var rætt hér næst á undan. Hvor tveggja þessi frumvörp eru byggð á athugunum og tillögum sakadómarans í Reykjavík, sem fékk það verkefni á hendur að athuga um fangelsismál hér á landi. Sakadómari hefur gefið mjög ýtarlega og greinargóða skýrslu um fangelsismálin í heild, og niðurstaðan af hans tillögum er, eins og ég sagði, tvö frumvörp um ríkisfangelsi og vinnuhæli annars vegar og héraðsfangelsi hins vegar.

Allshn. hefur athugað þetta frv. og mælir með samþykkt þess. Einn nm., hv. 11. landsk., hefur þó áskilið sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja slíkum, ef fram kynnu að koma, og þessi hv. þm. hefur í sambandi við ríkisfangelsi komið fram með brtt., sem hefðu breytt mjög þessu máli, sem ég nú ræði og hér er á dagskrá, ef samþykktar hefðu verið.

Það er ekki vafi á því, að það markmið, sem stefnt er að með þessu frv., er að bæta úr brýnni þörf. Fangelsismál okkar Íslendinga hafa lengi verið í hinni mestu óreiðu, og því hefur verið lýst hér áður og allir sammála um. Allir þeir, sem hugsa um þessi mál og hafa hug á og vilja leysa þau, vita um þá nauðsyn, sem er á því að koma upp sæmilegum fangelsum.

Það hefur komið í ljós, að það er ekki samstaða um það, hvernig greiða skuli stofnkostnað annars vegar og rekstrarkostnað hins vegar í sambandi við héraðsfangelsi. Till. hefur komið fram um það varðandi ríkisfangelsi, að um héraðsfangelsin færi í kostnaði eins og ríkisfangelsi, en í þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði helming kostnaðar og viðkomandi sveitarsjóður hinn helminginn.

Það hefur lengi verið með okkur sú regla uppi um löggæzlukostnað, að sveitarsjóðir hafi tekið að sér vissan hluta á móti ríkinu, og þetta hefur verið svo framkvæmt vegna þess, að ríkissjóður hefur aldrei talið sig vera það efnum búinn, að hann gæti tekið þessi mál á sína arma einvörðungu, enda má telja það nokkurn veginn ljóst og rökrétt, ef litið er til þess, í hverju horfi ríkisfangelsi hafa verið um langt skeið. Þess vegna tel ég og meiri hl. allshn. rétt að samþykkja þá tilhögun, sem gert er ráð fyrir í ákvæðum þessa frv., — þá tilhögun, að ríkissjóður greiði helming, en viðkomandi sveitarsjóðir hinn hlutann, á meðan ríkissjóður þarf að leggja stórfellt kapp á og mikla fjármuni fram til þess að koma höfuðfangelsum ríkisins í viðunandi horf. Á þessa röksemd verður maður að fallast að sinni. Hitt er svo vitað, að þróunin hlýtur að verða sú, eins og er með öðrum þjóðum mörgum, t. d. nágrannaþjóðum okkar, að ríkissjóður einn taki á sig allan kostn-

að af þessum málum, fangelsismálum þjóðarinnar, enda í raun og veru ákaflega eðlilegt og rökrétt. En meðan svo er um fjárhag ríkissjóðs sem er í dag og þá venju, sem hefur ríkt í þessum efnum, að því er varðar héraðsfangelsi, þá þykir okkur í allshn. rétt að fylgja þessu frv. með þessum ákvæðum um greiðsluskyldu eða kostnaðargreiðslu.

Það er ekki ástæða til þess fyrir mig að hafa öllu fleiri orð um þetta mál. Í fyrra máli hér á dagskrá var rætt nokkuð af framsögumannsins hálfu um þessi mál almennt, og eiga hans orð hér vel við. Mér er ljóst og okkur nm., að hér er stefnt í þá átt að færa þessi mál í betra horf, og þess er hin fyllsta nauðsyn. Við væntum þess, að hv. alþm. hér í d. geti greitt frv. atkvæði, og það er mjög mikil þörf á því, að framkvæmdir hefjist sem fyrst í þessu efni. Það ber nokkurn vott þess, að svo verði, að ákvæði eru í frv., að Alþ. skuli koma til í upphafi í sambandi við áætlunarkostnað, sem bendir til þess, að ríkið ætli sér að vinna skipulega að fjárhagsmálum í þessu efni, og það verður að telja til hins betra, að ekki sé lagt í neinn stofnkostnað í sambandi við héraðsfangelsi, nema nokkurn veginn sé tryggt, að málið komist fram. Þetta er mikilsvert ákvæði, sem hefur ekki verið áður í löggjöf um fangelsi.

Að svo mæltu vildi ég óska þess, að málið fari að lokinni þessari umr. til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 446).

---

21. Almenn hegningarlög.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940 [10. mál] (stjfrv., A. 10).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem þingheimi er kunnugt, eru núgildandi hegningarlög frá árinu 1940. Í þeim eru vissar meginreglur, sem munu um ófyrirsjáanlegan tíma halda gildi, en einnig ýmis atriði, sem vegna breyttra þjóðfélagshátta og breyttra skoðana á eðli afbrota og skynsamlegum viðbrögðum gegn þeim, þ. á m. meðferð á brotamönnum, hljóta að koma til endurskoðunar ætíð öðru hvoru. Af þessum sökum var það, að er ég var dómsmrh. 1952, skipaði ég 3 menn í nefnd til þess að endurskoða hegningarlögin, þá próf. Ármann Snævarr og hæstaréttardómarana Jónatan Hallvarðsson og Þórð Eyjólfsson. Þeir lögðu þegar á árinu 1954 fram frv. um breyt. á almennum hegningarlögum, og var aðalefni þess um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma, sem voru merk nýmæli á sínum tíma og voru lögfest á árinu 1955. Síðan gerðu þeir till. um aðra veigaminni breyt., sem lögfest var á árinu 1956, aðallega um, hver færi með ákæruvald í vissum brotamálum, svo sem nánar greinir í þeim lögum. Fyrir þingið 1957 voru svo af hálfu þessarar nefndar lögð fram allmörg frv., hin sömu sem nú eru borin fram á ný á þskj. 10—28. Þessi frumvörp voru á þinginu 1957 flutt af allshn. þessarar hv. d. og að því er ég hygg einungis rædd hér við 1. umr., en dagaði síðan uppi og fengu ekki frekari meðferð þingsins. Þetta er samanlagt allmörg lög og virðast við fyrsta álit kannske allflókið mál, en er þó miklu einfaldara, þegar það er skoðað, heldur en í fljótu bragði virðist. Við athugun þótti mér rétt að taka þessi frumvörp til flutnings á ný og leggja þau fyrir Alþingi, jafnframt því sem rétt er að geta þess, að ég hef beint því til nm., að þeir haldi áfram endurskoðunarstarfi sínu á hegningarlögunum í heild og einstökum greinum þeirra, eftir því sem þeir sjá ástæðu til, en mér hefur skilizt, að frá því að þeir sendu frá sér þessi frumvörp, sem lögð voru fyrir þingið 1957, hafi starf þeirra legið niðri. En ég tel síður en svo, að enn sé hinni nauðsynlegu endurskoðun lokið, heldur þurfi hún að halda áfram og sérfræðingar að fara yfir þennan marggreinda lagabálk í heild til þess að færa hann í nútímahorf.

Þó að ekki séu nema 20 ár, frá því að hegningarlögin voru lögfest, hafa orðið meiri breytingar innanlands en nokkru sinni áður á jafnlöngum tíma, og kunnugt er, að viðhorf manna til brotamanna tekur stöðugum breytingum við auknar rannsóknir í þessum efnum og skoðun þess, hvað að haldi kemur í viðureigninni við það böl, sem hér er barizt gegn.

Það má segja, að rýmkun hinna skilorðsbundnu dóma og heimildin til þess að falla frá málshöfðun með skilyrði, sem lögfest var 1955, og eðli þeirra frumvarpa, sem hér liggja fyrir, sé í raun og veru hvort tveggja svipað. Þar er að því stefnt, að viðurlög af hálfu ríkisins við brotum raski sem minnst högum afbrotamannsins, og það miðast við, að þó að ekki verði komizt hjá refsingum, sem auðvitað eru aldrei æskilegar, heldur einungis neyðarvörn þjóðfélagsins, þá sé það ljóst, að forðast beri, að þær hafi þau áhrif að einangra brotamanninn til frambúðar frá þjóðfélaginu, gera hann að varanlegum fjandmanni þess, bæði til böls fyrir hann sjálfan og hans aðstandendur og einnig

með því móti að auka á hættuna um áframhaldandi afbrot af hans hálfu.

Sú regla, sem upp var tekin með lögunum frá 1955, að heimila að falla frá málshöfðun með tilteknum skilyrðum, hefur reynzt vel, og að athuguðu máli hygg ég einnig, að þær breytingar, sem eru meginatriði þessara frumvarpa á þskj. 10—29, sem ég — með leyfi forseta — mun ræða um öll í einu lagi, muni hafa svipuð áhrif. En aðalefni þeirra er að breyta reglunum um réttindasviptingu ýmiss konar, sem látin hefur verið fylgja refsingu, a. m. k. meiri háttar refsingu, við þeim brotum, sem talin hafa verið svívirðileg að almenningsáliti. Það er að vísu enginn efi á því, að réttindasvipting getur oft og tíðum haft mikil áhrif til varnaðar á þann veg, að brotamenn óttast það yfirleitt eða oft meira að missa ýmiss konar réttindi og þá ekki sízt almenn mannréttindi, svo sem kosningarrétt og kjörgengi, — þeir óttast það meira en refsidóm, t. d. stutta fangelsisvist, og þetta kann oft að koma harðar niður á þeim.

Oft og tíðum er það einnig svo, að mjög eðlilegt er, að slík viðurlög liggi við. Ef menn hafa með broti sýnt, að þeim er ekki treystandi til þess að njóta einhverra tiltekinna réttinda, er mjög eðlilegt, að það sé látin vera afleiðing af brotinu, að þeir séu sviptir þeim réttindum. En núgildandi reglur um réttindasviptingu ganga miklu lengra en miðað sé við, hvort eðli brotsins sé slíkt, að manninum sé ekki í hverju einstöku tilfelli treystandi til að nota þessi réttindi. Og þá hefur það þótt vera raun, bæði hér og víða annars staðar, og er staðfest af fræðimönnum, að svo almenn réttindasvipting geti leitt til einangrunar brotamannsins, hindri það, að hann samlagist þjóðfélaginu á ný, komi oft í veg fyrir, að hann geti stundað þá vinnu, sem honum er hentust og heppilegust fyrir hann og hans aðstandendur og þjóðfélagið í heild, að hann stundi, og einnig um almenna mannréttindasviptingu, að hún sé óþarflega hörð refsing miðað við það brot, sem um kann að vera að ræða.

Þessar ástæður hafa leitt til þess, að í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur á síðari árum verið gerð gerbreyting á reglunum um réttindasviptingu frá því, sem áður var, og hún látin gilda í miklu færri tilfellum en áður, og í öllum þessum löndum er nú búið að fella niður skilyrðið um það, að maður hafi óflekkað mannorð, til þess að njóta almenns kosningarréttar, þetta hefur verið fellt niður í þessum löndum, þó að t. d. í Danmörku hafi þurft að breyta sjálfri stjórnarskránni til þess að koma nýjunginni í rétt lagaform.

Hér á landi er að óbreyttri stjórnarskrá ekki um það að ræða að fella niður skilyrðið um óflekkað mannorð fyrir almennum kosningarrétti. Ef menn telja rétt, að það sé fellt niður, verður það að gerast með stjórnarskrárbreytingu, en í þeim frv., sem hér liggja fyrir, er gert ráð fyrir, að þetta skilyrði sé fellt brott varðandi kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna og varðandi prestskosningar, og fyrirmælinu varðandi alþingiskosningar og þá einnig um forsetakosningar, kosningu á forseta Íslands, er breytt þannig, að ný túlkun er tekin upp á því, hvað þurfi til þess, að um mannorðsflekk verði talið að ræða.

Löggjafinn hefur áður talið sér heimilt að túlka þetta á mismunandi vegu. Áður fyrr var það á mati þeirra, sem sömdu kjörskrár, í fyrstu, hverjir skyldu vera taldir hafa mannorðsflekk, og þá var talið, að afbrotið þyrfti að vera svívirðilegt að almenningsáliti, sem er mjög teygjanlegt hugtak. Með hegningarlögunum 1940 var hins vegar lagt á vald dómara hverju sinni að kveða á um það, um leið og dómur skyldi ákveðinn, hvort þessi mannorðsflekkur skyldi fylgja. Þetta hefur ekki þótt reynast vel, talið, að það valdi óþörfum sárindum hjá brotamanni, að þetta sé sérstaklega fram tekið, og þess vegna er það ein af nýjunguunum í þessum frv., að aftur skuli tekið upp það, sem áður gilti, að ákvörðun um þetta er lögð í hendur þeirra, er semja kjörskrána, er undir mati þeirra komið, en þó á þann veg, að menn geta borið það sjálfir undir dómstól, ef þeir telja sig ranglega svipta réttindum. Jafnframt er svo ákveðið, að brot þurfi að vera framið af manni, eftir að hann er búinn að ná vissum aldri, 18 ára, og refsing ekki vera minna en 4 mánaða varðhald eða frelsissvipting, til þess að um mannorðsflekk verði talið að ræða, þannig að svipting kosningarréttar mundi eftir hinum nýju reglum verða mun sjaldgæfari en áður var, fleiri njóta kosningarréttar, þótt þeir brjóti lögin, heldur en hingað til hefur verið talið gilda.

Túlkun löggjafans á þessu stjórnarskrárákvæði er engin nýjung. Eins og ég gat um, var breytt til 1940, dómstólunum fengið í fyrstu vald, sem á sama stigi hafði áður verið hjá þeim, sem sömdu kjörskrána, og eins var með lögum 1955, sem ég vitnaði í áður, ákveðið, að skilorðsbundnir dómar skyldu ekki hafa áhrif til mannorðsflekkkunar, gagnstætt því, sem áður hafði verið talið. Það er því enginn vafi á því, að þessi túlkun, sem tekin er upp í þessum frv., fær staðizt eftir stjórnarskránni. Hitt er svo annað mál, hvort menn telja þessi ákvæði vera eðlileg, efni sínu samkvæmt, að rýmka kosningarréttinn með þeim hætti, sem ég hef gert grein fyrir. En aðalbreyting frv. er þessi, að nema þessa takmörkun kosningarréttarins alveg úr gildi varðandi sveitarstjórnarkosningar og prestskosningar og takmarka áhrifin varðandi þingkosningar og kosningar til forsetadæmis, svo sem ég var að reyna að skýra.

Samhliða þessu eru einnig felldar úr gildi reglur í ýmsum einstökum tilfellum, þar sem mannorðsflekkur hefur verið látinn hafa áhrif til réttindasviptingar. Það er ýmist alveg fellt úr gildi eða breytt svo, að einungis er um heimild að ræða fyrir dómara til þess að kveða á um það í hverju einstöku tilfelli, hvort hann telji brotið, sem framið hefur verið, vera þess eðlis, að það gefi tilefni til þess að svipta menn tilteknum réttindum. Hér getur oft verið um allmikið matsatriði að ræða, en engir eru hæfari til en hlutlausir dómarar að kveða þann úrskurð upp.

Þetta er í raun og veru aðalkjarni þessa máls, og veit ég ekki, hvort ég geri málið gleggra fyrir þingmönnum, sem ég man að 1957 áttuðu sig lítið á því, hvað hér var um að ræða, með því að fjölyrða öllu meira um það. En það er þó rétt að taka fram, að fyrstu greinar frv. á þskj. 10, þ. e. a. s. frv. um breytingu á sjálfum hegningarlögunum, fjalla að nokkru leyti um önnur atriði.

Ákvæðin í 1. gr. eru nánast öryggisákvæði, sem ég mundi halda að væru talin vera í gildi nú þegar, þó að ekki sé berum orðum tekið fram í lögum, en sérfræðingunum hefur þótt réttara að kveða beinlínis á um, en það er, að viðurlög samkvæmt 7. kafla hegningarlaganna, m. a. þau, sem ég var að gera grein fyrir, megi ekki leggja á, nema bein heimild sé til þess, með sama hætti og gildir um heimild til þess að leggja á sjálfa refsinguna.

Eins er í 2. gr. ákveðið, að þessum viðurlögum í 7. gr. megi ekki beita, nema því aðeins að ljóst sé, að heimildin hafi verið í lögum, þegar brotið var framið, þ. e. a. s., að það er ekki hægt að láta heimildina verka aftur fyrir sig. Þetta hefur verið talin algild regla í okkar refsirétti um langa hríð. En við vitum, að sums staðar annars staðar hefur nú verið vikið frá því meginatriði í refsirétti, sem sjálfsagt er fyrir okkur að halda fast við.

Ákvæðið í 3. gr. er mjög lítilsvert. Þar er tekið skýrt fram, að reynslutími, sem þar er ákveðinn, megi aldrei standa lengur en til loka refsitíma. Áður var ákveðið, að hann gæti staðið allt að tveimur árum, en nú takmarkast þessi tvö ár af því, að það má sem sagt aldrei vera lengur en til loka sjálfs refsitímans.

Í 4. gr. eru fyrirmæli um það, að falla skuli niður heimild, sem nú er í hegningarlögunum, um það, að banna megi eftir nánar ákveðnum reglum tilteknum mönnum að kaupa áfengi. Þessu fyrirmæli hefur ekki verið fylgt og er talið gersamlega þýðingarlaust og er þess vegna fellt niður.

Í 5. gr. eru svo fyrirmæli um það að gera skýrari eða samræmdari núgildandi reglum fyrirmæli um það, að menn sem haldnir eru drykkjufýsn, megi leggja inn á viðeigandi hæli.

Varðandi aftur á móti 6. og 7. gr. og öll hin frv. á þskj. 11—28, þá fjalla þau um þetta meginatriði, sem ég ræddi um, takmörkun á reglunum um réttindasviptingu, sem leiði af afbroti, þannig að réttindasvipting komi yfirleitt ekki til greina, nema því aðeins að talið sé, að brotið gefi sérstakt tilefni til hennar.

Enn fremur er veitt heimild til þess, að ef maður hefur verið sviptur rétti um óákveðinn tíma, þá geti hann leitað til dómstólanna til að fá úr því skorið, hvort hann megi öðlast réttinn að nýju.

Það eru vafalaust enn fleiri ákvæði en þau, sem hér eru talin upp, í þessum lagafrv., sem skoða þarf. En gerð hefur verið grein fyrir, að eðlilegra væri að endurskoða þau ákvæði í samræmi við allsherjarendurskoðun tiltekinna lagabálka eða reglna, sem um ákveðin efni gilda.

Ég vil að lokum nefna sem dæmi ákvæðis, sem á að haldast og sjálfsagt er að halda, vegna þess að þar gefur brotið sjálft vísbendingu um, að manni sé ekki trúandi fyrir réttindunum, og það er ef maður er sviptur rétti til að aka bifreið vegna brota á umferðarlöggjöf eða áfengislöggjöf. Þar er það alveg ljóst, að ef maður hefur ekið með þeim hætti, að hann fylgir ekki umferðarreglum, hvað þá ef hann er undir áhrifum áfengis við aksturinn, þá er hann búinn að sýna, að honum er ekki treystandi til þess að njóta þess sérstaka réttar, sem í ökuleyfinu felst. Þetta ákvæði á að haldast og er dæmi um það, hvers eðlis þær réttindasviptingar eru, sem ráðgert er að haldist þrátt fyrir þær reglur, sem hér er ætlunin að setja, um leið og hin almennu, víðtæku áhrif réttindasviptingar, sem leiðir af hinu gamla hugtaki um mannorðsflekk eða brot, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, ýmist falli alveg burt eða verði mjög takmörkuð.

Ég leyfi mér að leggja til, að þetta frv. fari til hv. allshn. ásamt öllum hinum frv., sem ég mun ekki mæla sérstaklega fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 126).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað og rætt frv. það, sem hér er til 2. umr., á nokkrum fundum sínum, og hafa nm. orðið sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt.

Frv. þetta, sem er stjórnarfrv., felur í sér nokkrar breytingar og viðauka við 1., 2., 42., 65. og 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 1940, og auk þess er lagt til í frv., að 64. gr. laganna verði með öllu felld niður, en í þessari grein er heimild fyrir dómstóla til að banna drykkjusjúklingum að kaupa eða neyta áfengis undir vissum kringumstæðum, en þetta ákvæði þykir hafa orðið til lítils gagns, sérstaklega nú upp á síðkastið.

Frv. nákvæmlega sama efnis og þetta var flutt af allshn. Nd. á Alþingi 1957—58 á þskj. 217, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi frv. þá ýtarleg grg. og athugasemdir þeirra, sem annazt höfðu samningu þess, en það eru þeir hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor. Þessir þrír menn eiga sæti í svonefndri hegningarlaganefnd, en verkefni þeirrar nefndar er að endurskoða og gera tillögur um breytingar á hegningarlögum. Leyfi ég mér að vísa til þessarar grg. og aths. um efni þeirra breytinga, sem í frv. þessu felast og lagt er til að gerðar verði á almennum hegningarlögum.

Þá hefur allshn. einnig athugað frumvörp þau, sem lögð hafa verið fram með frv. þessu á þskj. nr. 11—28, að báðum meðtöldum, en frumvörp þessi eru einnig samin af hegningarlaganefnd og standa í nánu sambandi við þá breytingu á hegningarlögum, sem ég áður gat um. Mun ég ekki tala fyrir hverju þessu frv.

sérstaklega, en allshn. leggur til, að þau verði öll samþ. óbreytt. Í öllum þessum frumvörpum er lagt til, að niður verði felld ákvæði um skerðingu ýmissa réttinda, svo sem lífeyrisréttinda, vegna þess að lífeyrisþegi hafi framið refsiverðan verknað, að óflekkað mannorð, sem kallað er, sé ekki lengur skilyrði fyrir kosningarrétti á safnaðarfundi og kjörgengi í sóknarnefnd, fyrir kosningarrétti og kjörgengi við sveitarstjórnarkosningar, fyrir því, að menn geti öðlazt ýmis atvinnuréttindi, t. d. til að reka verzlun, veitingasölu og iðnað, og fyrir því, að menn geti verið löglegir stofnendur og stjórnendur hlutafélaga. Í öðrum þessara frumvarpa er að vísu lagt til, að felld verði niður ákvæði um, að umsækjendur um viss atvinnuleyfi, t. d. leyfi til að stunda lækningar, endurskoðun og fasteignasölu, svo að eitthvað sé nefnt, verði að hafa óflekkað mannorð eða hafi ekki verið dæmdir fyrir brot, sem er talið svívirðilegt að almenningsáliti, til þess að þeim verði veitt viðkomandi leyfi, en í stað þess er því stjórnvaldi, sem veitir slík leyfi, heimilað að synja þeim manni um það, sem hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður er talinn bera vott um, að umsækjandinn kunni að misfara með þau réttindi, sem honum eru veitt með leyfinu.

Í frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, á þskj. 28, er lagt til, að dómur fyrir refsivert brot hafi ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára, er hann framdi brotið, og refsing fyrir brotið sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða að öryggisgæzla sé dæmd. Þetta ákvæði nær einnig til forsetakosningar og þjóðaratkvgr. Í 33. gr. stjórnarskrárinnar frá 1944 er óflekkað mannorð skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi til alþingiskosninga, og verður því ákvæði þess vegna ekki breytt eða að neinu leyti haggað nema með stjórnarskrárbreytingu. Í frv. þessu er hins vegar skilgreint, hvað valdi hið minnsta mannorðsflekkun í þessu sambandi, en hingað til hefur það að mestu leyti verið á valdi dómstóla að ákveða það.

Um rök fyrir þeirri mildun og tilhliðrunarsemi, sem felst í öllum þessum frumvörpum í garð þeirra, sem gerzt hafa sekir við lög og hlotið refsidóm fyrir, leyfi ég mér að vísa til hinnar ýtarlegu grg. og athugasemda hegningarlaganefndarinnar, sem ég nefndi áður, á þskj. 217 frá 1957—58, svo og til ræðu hæstv. dómsmrh., er hann fylgdi frumvörpum þessum úr hlaði við 1. umr. þeirra.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er í nánu sambandi við öll frumvörpin, sem eru síðar á dagskránni. Það má segja, að þau séu í raun og veru sama málið, þó að af formlegum ástæðum hafi þótt réttara að flytja það í svo mörgum frumvörpum sem hér liggja fyrir, og er þó eitt sama eðlis enn eftir í Nd., vegna þess að þar hafði verið boðuð brtt. við það. Ég mun því leyfa mér að ræða um öll málin samtímis.

Frumvörp þessi eru samin af þrem mönnum, sem á sínum tíma voru skipaðir til þess af dómsmrh. að endurskoða hegningarlögin, og hafa nú þegar verið lögfestar nokkrar af þeirra tillögum. Það mál, sem hér liggur fyrir, var borið fram fyrst á þingi 1957, en varð þá ekki útrætt. Að athuguðu máli þótti rétt að flytja þessi frumvörp að nýju nú. Hv. Nd., sem hefur haft málið til meðferðar og stöðvaði málið 1957, hefur nú samþykkt þessi frumvörp.

Í mjög stuttu máli er aðalefni þeirra, að í stað þess, að það leiði, ef svo má segja, af sjálfu sér af meiri háttar refsingum, að menn missi almenn mannréttindi, þá verði mannréttindamissirinn ýmist alveg felldur niður eða það verði látið undir úrskurði dómara hverju sinni, hvort ástæða sé til að svipta sakborning einhverjum tilteknum réttindum, og þá miðað við það, hvort brotin séu þess eðlis, að líklegt sé, að hann sé ekki verður réttindanna þeirra vegna. Þessi almenna mannréttindasvipting hefur verið lengi í lögum, en að skoðun sérfróðra manna í refsirétti þykir það fyrirmæli ekki heppilegt, horfa til þess að gera þann, sem fyrir réttarsviptingunni verður, óstýrilátari, setja hann í andstöðu við þjóðfélagið, gera honum erfiðara fyrir um að samlaga sig því og reglum þess, eins og nú er viðurkennt að sé ein höfuðnauðsyn um þá, sem komizt hafa í ósátt við lögin og hlotið refsingar fyrir þær sakir.

Sums staðar annars staðar, þar sem svipuð réttarskipun gildir og hér, er búið að fella niður það skilyrði, að maður þurfi að hafa óflekkað mannorð til þess að geta notið almenns kosningarréttar. Stjórnarskrám hefur sums staðar verið breytt í þessu skyni, þar sem þörf hefur verið á því. Á okkar landi er það ákveðið í stjórnarskránni, að þessu skilyrði þurfi að fullnægja, og er þess vegna ekki hægt að breyta því með einföldum lögum. Hins vegar er hér lagt til, að önnur túlkun stjórnarskrárákvæðanna verði tekin upp en hefur gilt nú um sinn, — túlkun, sem á að verða mildari fyrir sakborning en sú skilyrðislausa regla, sem í gildi hefur verið. Jafnframt er svo mannorðsflekkur felldur burt sem skilyrði kosningarréttar, þar sem um einfalt lagaákvæði er að ræða, sbr. sveitarstjórnarkosningar og sóknarnefndir.

Þetta eru aðalatriði þess máls, sem hér ligg-

ur fyrir, og hygg ég, að það verði í raun og veru ekki ljósara með því að fjölyrða meira um það á þessu stigi. Ég vonast til þess, að hv. d. taki það til vinsamlegrar meðferðar, vísi því til 2. umr. og hv. allshn., og legg ég til, að sú meðferð verði ekki aðeins höfð um þetta frv., heldur öll hin frumvörpin, sem síðar eru á dagskránni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 457).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. þetta til breytinga á almennum hegningarlögum, sem hér liggur fyrir, og er n. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt ásamt 18 öðrum lagafrv. á þskj. 11—28, sbr. þskj. 192, sem fjalla um breytingar á sérlögum, sem standa í nánum tengslum við aðalfrv. Einn nm., hv. 3. þm. Norðurl. v., var fjarverandi, þegar málið var afgreitt á nefndarfundi.

Frv. þetta hefur áður verið flutt á Alþingi, veturinn 1957—58, en var þá ekki útrætt. Fylgdi því þá mjög skilmerkileg greinargerð og glöggar skýringar við einstakar greinar, og er í rauninni alveg nægjanlegt að vísa til þessara gagna. Þar stendur í rauninni allt, sem segja þarf um þetta mál.

Frv. ásamt greinargerðinni, er fylgdi því í fyrra skiptið, var samið af hegningarlaganefndinni, en í henni sátu hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ármann Snævarr, en þetta eru fremstu menn þjóðarinnar á sviði refsiréttar.

Höfuðtilgangur þessa frv. er að draga úr því, að menn missi borgaraleg réttindi og atvinnuréttindi vegna refsiverðra brota. Er með þessu fetað í fótspor þeirrar réttarþróunar, sem átt hefur sér stað í Danmörku, Noregi og Svíþjóð á undanförnum árum og áratugum. Sem dæmi um hin nýju sjónarmið má nefna, að sé vélstjóri dæmdur í refsingu fyrir að falsa tékka og fái þannig flekkað mannorð og missi þar af leiðandi vélstjóraréttindi, þarf sá verknaður ekki að veita neina bendingu um það, að maðurinn sé líklegur til að misfara með vélstjóraréttindi sín, og því ástæðulaust að setja það að óhjákvæmilegu skilyrði fyrir vélstjóraréttindum, að maður hafi óflekkað mannorð.

Eftir hinum nýju reglum, sem koma fram í 6. gr. aðalfrv., er réttindasviptingin bundin við skilyrði, að brotið gefi til kynna, að veruleg hætta sé á því, að sakborningur mundi fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Þegar brot er stórfellt, má einnig svipta sakborning réttindum, ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfa eða njóta réttindanna.

Í þessum frv. felst það m. a., að óflekkað mannorð verði fellt niður sem skilyrði kosningarréttar og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar. Að því er kjörgengi varðar sérstaklega, tekur hegningarlaganefndin fram, að það geti ekki verið varhugavert að láta kjósendum það eftir, hvort þeir vilji kjósa dómfelldan mann eða ekki. Hegningarlaganefndin tekur einnig fram, að hún sé þeirrar skoðunar, að rétt sé að nema úr lögum óflekkað mannorð sem skilyrði kosningarréttar og kjörgengis við alþingiskosningar. Þessu verður hins vegar ekki breytt með lagasetningu, heldur þarf til þess stjórnarskrárbreytingu, eins og kunnugt er.

Ég vil svo að lokum endurtaka tilvísun mína til skýringa og grg. hegningarlaganefndarinnar, þegar frv. kom hér fram hið fyrra sinn á Alþingi. Jafnframt vil ég taka fram, að frekari framsaga verður ekki flutt fyrir fylgifrv., sem hér koma á eftir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 484).

---

22. Eftirlaun.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á tilskipun 31. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi lög 5. jan. 1851, um eftirlaun** [11. mál] (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 127).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 485).

---

23. Sóknarnefndir og héraðsnefndir.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 16. nóv. 1907, um skipun sóknarnefnda og héraðsnefnda** [12. mál] (stjfrv., A. 12).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 128).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 486).

---

24. Dómtúlkar og skjalaþýðendur.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 2. nóv. 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalþýðendur** [13. mál] (stjfrv., A. 13).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 129).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 487).

25. Lífeyrissjóður embættismanna.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra** [14. mál] (stjfrv., A. 14).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 130).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 488).

26. Hlutafélög.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög** [15. mál] (stjfrv., A. 15).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki ræða efnislega þetta frv., það er liður í réttlætisákvörðunum, sem hæstv. dómsmrh. hefur lýst hér í sinni ræðu í sambandi við fyrsta frv. En ég vildi aðeins mega skjóta þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh., hvort hann mundi hafa nokkuð við það að athuga, að sett yrði sem bráðabirgðaákvæði á eftir 3. gr., að hlutafélagalögin skyldu endurskoðuð í heild innan ákveðins tíma. Mér er ljóst, að það er hægt að bera slíka brtt. fram í sérstöku frv., en þá væri verið að bera fram frv. til breytinga á hlutafélagalögunum í tveimur frv. á sama þingi, en það er dálítið óviðkunnanlegt. Það væri auðvitað einnig hægt að bera slíkt fram í þingsályktun, sem þá hefur ekki jafnmikið gildi og lög, en vitað er, að það er bráðaðkallandi að endurskoða hlutafélagalögin í heild og það svo mjög, að það má helzt ekki líða langur tími, þar til það verður gert.
Að öðru leyti skal ég ekki ræða um frv., en ef hæstv. ráðh. hefur ekkert á móti þessu, vildi ég vænta þess, að n., sem fær þetta mál til athugunar, tæki upp þessa ábendingu mína til athugunar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem menn e. t. v. muna, var fyrir nokkrum árum skorað á ríkisstj. með samþykkt Alþingis að láta endurskoða hlutafélagalögin, og fór sú endurskoðun fram og frv. var lagt fyrir Alþingi. Það frv. þótti þó við athugun

vera allt of flókið og þungt í vöfum. Það fékk þess vegna aldrei afgreiðslu hér á þingi, og mun vera samhuga álit, að það mundi vera allt of erfitt í framkvæmd, til þess að bót yrði að lögfestingu þess. Þetta frv. var að langsamlega mestu leyti sniðið eftir þá nýjum hlutafélagalögum í Svíþjóð, sem hafa þótt reynast mjög illa í framkvæmd, einmitt af þeim sömu ástæðum sem mönnum leizt ekki á að lögfesta frv. hér.

Hins vegar hafa nú verið gerðar ráðstafanir til þess, að norrænir lögfræðingar endurskoði hlutafélagalögin á Norðurlöndum almennt og færi þau í viðráðanlegt horf með meira samræmi innbyrðis en verið hefur undanfarið. Einn af fremstu lögfræðingum í Danmörku, Borum prófessor, sem hér var á lögfræðingaþinginu í sumar, ræddi einmitt þetta mál við mig og óskaði eftir þátttöku Íslands og bauðst til þess að láta okkur fylgjast í einu og öllu með og gera okkur aðvart um, hvað þeirra starfi liði.

Við fylgjumst auðvitað, ef við sjálfir óskum, með þessu samstarfi og eigum ætíð kost á að taka þátt í því. Borum vissi um viðleitni okkar og áhuga til að endurskoða lögin og sagði, að þeir mundu nú í haust eða vetur koma saman og vinna verulega í þessu og láta okkur síðan vita, hvað þeirra starfi liði. Ég tók þessu góða boði og mun fylgjast með því, hvað þessari endurskoðun líður, sem að verulegu gagni getur orðið fyrir okkur og undirstaða nýrrar löggjafar, sem brýn þörf er á.

Ég þakka þess vegna hv. 1. þm. Vestf. fyrir hans ábendingu, en tel, að eins og á stendur sé ekki þörf fyrir þingið að gera um þetta beina ályktun, þar sem málið er þegar til athugunar hjá rn. og eitt þeirra mála, sem er í sameiginlegum undirbúningi innan hins norræna löggjafarsamstarfs, ef svo má að orði kveða.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Einmitt með því að mér var kunnugt um, hvaða afgreiðslu frv. um endurskoðun á hlutafélagalögunum frá fyrri tímum fengu, bar ég fram þessa fsp. Svar hæstv. ráðh. er mér fullkomlega nægjanlegt. Ég mun því ekki bera fram sjálfur slíka brtt. við frv. né óska þess, að n. taki það mál sérstaklega til athugunar. Ég tel, að það sé rétt, eins og ráðh. minntist á, að bíða eftir þeirri athugun, sem fer fram á Norðurlöndum og gæti orðið okkur að mörgu leyti til leiðbeiningar, þar sem hér gæti verið um sameiginleg lagaákvæði að ræða fyrir öll Norðurlöndin.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 131).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 489).

---

27. Verzlunaratvinna.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 27. júní 1925, um verzlunaratvinnu [16. mál] (stjfrv., A. 16).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 16, n. 132).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 490).

28. Veitingasala o. fl.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.** [17. mál] (stjfrv., A. 17).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 133).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 491).

29. Iðja og iðnaður.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, og l. nr. 105/1936, um breyt. á þeim lögum** [18. mál] (stjfrv., A. 18).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 18, n. 134).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 492).

30. Tannlækningar.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar** [19. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 135).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 493).

31. Lækningaleyfi.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar** [20. mál] (stjfrv., A. 20).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 136).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 494).

32. Leiðsaga skipa.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögu skipa** [21. mál] (stjfrv., A. 21).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 21, n. 137).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 495).

33. Fasteignasala.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 11. júní 1938, um fasteignasölu** [23. mál] (stjfrv., A. 23).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 139).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 496).

---

34. Niðurjöfnunarmenn sjótjóns.

Á 2. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 74 11. júní 1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns** [24. mál] (stjfrv., A. 24).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, n. 140).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 497).

---

35. Atvinna við siglingar.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum** [25. mál] (stjfrv., A. 25).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 25, n. 141).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—20. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 30. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 25, 156).

Davíð Ólafsson: Herra forseti. Brtt. á þskj. 156. sem ég hef leyft mér að flytja ásamt þeim hv. 3 þm. Sunnl. og hv. 6. þm. Sunnl. við frv. til l. um breyt. á l. um atvinnu við siglingar, sem liggur hér fyrir hv. d. til 3. umr., fjallar að vísu um efni, sem er óskylt þeim breytingum, sem frv. er ætlað að gera á þessum lögum, en þar er, sem kunnugt er, um að ræða breytingu, sem er afleiðing af breytingu á hegningarlögunum. Hins vegar töldum við flm. till. ekki óeðlilegt, úr því að lögin eru hér til meðferðar, að freista þess að fá leiðréttan galla, sem er á l., sem má segja að til hafi orðið vegna aldurs þess ákvæðis l., sem hér um ræðir. Hér er sem sé um að ræða, að aðstæðurnar hafa breytzt, svo að það ákvæði l., sem hér um ræðir, á ekki við lengur.

Hér er um að ræða f-lið 2. gr. l. um atvinnu við siglingar frá 1946, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Innanlandssigling er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 60 sjómílur frá sjálfu landinu.“ Ákvæðið miðast við, að þeir, sem hafa hið svokallaða minna skipstjórapróf,

geti ekki siglt nema við strendur Íslands eða innanlandssiglingu, eins og kallað er, og takmörkin eru sett 60 sjómílur, og hefur svo staðið í l. frá því 1936. Það er ljóst, að miðað við aðstæður á þeim tíma var þetta ákvæði eðlilegt og fullnægjandi, hvaða veiðar sem um var að ræða á þessari stærð skipa hér við land. Í sjálfu sér setti stærð skipanna þá takmörk fyrir því, hversu langt þau gátu sótt. Langflest fiskiskipanna voru smáskip, sem gátu ekki sótt á djúpmið.

Þegar l. var breytt 1946, var miðað við 85 rúmlesta skip, í staðinn fyrir 75 áður, með bráðabirgðaákvæði, sem sett var í þau lög. En áfram var haldið því ákvæði í l. frá 1936 að miða hámarksfjarlægð frá ströndinni við 60 sjómílur. Á þeim tíma mátti raunar segja, að þetta væri ekki óeðlilegt, því að fiskveiðar á þessari stærð skipa voru þá yfirleitt stundaðar innan þessara marka. En upp úr því fara að breytast veiðar hér við land, einmitt á þessum skipum, og þá fyrst og fremst síldveiðarnar breytast mjög á árunum eftir 1946, og einkum þegar kemur fram yfir 1950, þá fjarlægjast síldargöngurnar ströndina fyrir norðan og austan og flotinn verður að sækja lengra og lengra út frá ströndinni til þess að fylgja síldargöngunum eftir. Og nú er svo komið undanfarin ár, að algengt er, að flotinn elti síldargöngurnar yfir 100 mílur á haf út eða út á yztu mörk landgrunnsins.

Árið 1957 var gerð breyting á bráðabirgðaákvæði l. frá 1946 og minnaprófsréttindin voru þá aukin þannig, að miðað var við 120 rúmlesta skip, enda var þá svo komið, að skipin höfðu stækkað mjög. Ný skip, sem byggð voru á þessum árum, voru einmitt mjög mörg af stærðinni yfir 85 rúmlestir, og eins og við vitum nú, þá er mjög algengt, að stærð fiskiskipa sé milli 80 og 120 rúmlestir. Þá hefði í sjálfu sér verið eðlilegt að breyta fjarlægðarmörkunum vegna breyttra aðstæðna, því að segja má, að ósamræmi sé í því að miða réttindin við 120 rúml. skip, en takmarka hins vegar fjarlægðina, sem sigla má frá ströndinni, við 60 sjómílur.

Afleiðingin af þessu, eins og það er nú, er sú, að í mjög mörgum tilfellum, — og á það við fyrst og fremst um síldveiðarnar á sumrin, — eru skipin og hafa verið nú um nokkurt skeið á veiðum á svæðum, sem eru utan við hin löglegu fjarlægðartakmörk, og skipstjórnarmenn, sem minnaprófsréttindi hafa, eru því raunverulega réttlausir, þegar þeir koma út fyrir þau takmörk. Þetta er í sjálfu sér óviðunandi ástand.

Þessi brtt. við lögin miðar að því að laga lögin að þeim aðstæðum, sem nú eru, og þannig, að til frambúðar geti verið, á meðan gert er ráð fyrir minna prófi, sem miðist við takmörkuð siglingaréttindi. Með 150 sjómílna fjarlægð, eins og gert er ráð fyrir í tillögunni, má telja, að farið sé út fyrir yztu mörk þess, sem bátar af þessari stærð sækja til veiða, og þetta á þegar í dag, eins og ég sagði áðan, við um síldveiðarnar fyrir Norður- og Austurlandi. Það er að vísu enn ekki sótt svo langt til veiða á öðrum stöðum við landið. Í viðræðum, sem ég átti við skólastjóra stýrimannaskólans, Friðrik Ólafsson, taldi hann ekki nú þörf á að hafa fjarlægðina nema 100 sjómílur við Suður- og Vesturland, en hins vegar 150 sjómílur við Norður- og Austurland, en að öðru leyti féllst hann á, að eðlilegt væri að gera þá breytingu á l., sem hér ræðir um.

Flm. hafa hins vegar að athuguðu máli talið heppilegra að hafa sömu fjarlægð alls staðar við landið, þar sem mismunandi fjarlægðir á mismunandi stöðum mundu aðeins valda erfiðleikum, og með því að miða við 150 sjómílur, þá má segja, að allt landgrunnið umhverfis Ísland sé innan takmarkanna, en fiskveiðar okkar fara nú einmitt vaxandi á miðum, sem liggja fjarri ströndinni. Bátaflotinn sækir lengra og lengra út til fanga, og þess vegna er eðlilegt, að reynt sé að miða ákvæði l. við að ná yfir það svæði, sem bátaflotinn stundar veiðar á. Það er því von okkar, að hv. þdm. geti fallizt á þessa brtt. okkar.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir á þskj. 25, er, eins og tekið hefur verið fram, eitt af mörgum, sem flutt eru í sambandi við fyrirhugaða breytingu á hinum almennu hegningarlögum. Þegar þetta frv. var lagt fram, kom mér til hugar að flytja við það brtt. um að leiðrétta ákvæði í l. um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, sem ég tel að sé orðið úrelt. En þar sem engar brtt. höfðu yfirleitt komið fram við þessi frv., þá féll ég frá að gera það. Nú er komin hér fram brtt. á þskj. 156 frá þremur hv. þm. Ég sé ekki ástæðu til þess að gera neina aths. við þá brtt. Hv. 1. flm. hefur mælt fyrir henni og skýrt hana. En úr því að brtt. er komin fram, vildi ég nú mælast til þess við hæstv. forseta, að hann frestaði þessu frv., og vænti þess, að enginn hafi neitt á móti því, til þess að mér gefist kostur á að orða þá brtt., sem ég gjarnan vildi, eins og nú er komið, flytja við frv., og eins og ég sagði áðan, er þess eðlis, að þar er um leiðréttingu að ræða á ákvæði, sem mér virðist vera orðið úrelt. Ég vildi sem sagt mælast til þess, að málinu yrði frestað að þessu sinni. Þyrfti sennilega ekki að vera um langa frestun að ræða.

Umr. frestað.

Á 31. og 32. fundi í Nd., 2. og 5. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 25, 156, 176).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 5. þm. Vestf., hv. 4. þm. Austf. og hv. 2. þm. Vesturl. leyft mér að flytja á þskj. 176 brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Brtt. fjallar um það, að breytt verði 15. gr. laga nr. 47 frá 1958, sem fjallar um breyt. á lögum frá 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Þegar þessi breyt. var gerð með l. nr. 47 1958, hefur svo til tekizt, að í 15. gr. l. frá 1958 eru tvenns konar ákvæði um það, hve

margir vélstjórar skulu vera á skipi, sem hefur vél milli 600 og 900 hestöfl. Þessi ákvæði eru í d-lið og e-lið greinarinnar og eru ekki samhljóða. Þessa ósamkvæmni þarf að sjálfsögðu að leiðrétta, og Landssamband ísl. útvegsmanna hefur nú nýlega á aðalfundi sínum beint því til stjórnar Landssambandsins að vinna að því við Alþingi, að þessi ákvæði verði samræmd.

Með tilliti til þess, sem ég nú hef sagt, höfum við þessir fjórir þm. leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 176, þar sem farið er fram á, að lagfært sé þetta misræmi í löggjöfinni frá 1958, sem við ætlum að hafi komizt inn í lögin á sínum tíma fyrir vangá.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Í sambandi við fram komna brtt. á þskj. 176, við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, vil ég leyfa mér að óska þess við hæstv. forseta, að hann fresti afgreiðslu málsins um sinn, svo að þeirri n., sem hafði haft þetta frv. til athugunar, gefist tækifæri til að athuga fram komnar tillögur. Ég sé það við að athuga málið, að hér er farið fram á allmiklar breytingar á þeim lögum, sem hér um ræðir, sérstaklega viðvíkjandi vélstjórum á þar til tekinni stærð vélskipa. Ég tel það alveg óforsvaranlegt að hespa þetta mál af hér í deildinni, án þess að nefndinni sé gefinn kostur á að athuga fram komna till. og hafa samráð við þá menn, sem málið aðallega heyrir undir. Á ég þar við stéttarfélög viðkomandi vélstjóra.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir það, sem síðasti ræðumaður, hv. 11. landsk. þm., sagði um það, að málið verði athugað nokkru betur í þessari hv. d., áður en það fer út úr henni, og það liggja til þess tvær ástæður, utan þeirra raka, sem hv. þm. bar fram.

Í fyrsta lagi er það, að í frv. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar, eins og það frv. liggur fyrir, er einungis um eitt ákveðið atriði að ræða og raunar í sambandi við fjöldamörg önnur lög til þess að breyta þessu sama atriði þar eins og í hinum öðrum lögum, sem voru þessu frv. samferða. Að mínu viti hefði þess vegna átt að afgreiða þetta atriði út af fyrir sig, án þess að fleiri efnisatriði væru tekin þar til meðferðar. Lögin um atvinnu við siglingar hafa verið í endurskoðun, og er þess að vænta, að fram komi frv. til l. um breyt. á siglingalögunum nú bráðlega, og ættu þá efnistillögurnar, sem hér liggja fyrir við upphaflega frv., frekar að ræðast í sambandi við það. Ég held, að það megi segja, að þessar nýju tillögur um gagngerða endurskoðun á siglingalögunum komi mjög bráðlega fram, og mér fyndist þá, að það gæti vel komið til álita að afgreiða bæði tillöguna á þskj. 176, sem hér hefur nú verið lýst, og aðra tillögu, sem líka hefur komið fram í sambandi við frv., í sambandi við afgreiðslu siglingalagafrv. í heild, þó að þetta eina tiltekna atriði, sem í frv. felst, væri látið ganga sinn gang.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., 9. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 156 samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 176 samþ. með 13 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, JSk, JR, SÁ, SkG, ÞÞ, BF, BK, BFB, EOl, EystJ, GíslG, SB.

JPálm, GÞG, IngJ, JP, MÁM, DÓ, BBen, EðS, EI, EmJ, GeirG, GuðlG, BGr greiddu ekki atkv.

14 þm. (GÍG, GJóh, HÁ, HS, JóhH, KGuðj, LJós, ÓTh, PS, SI, AGb, ÁÞ, BP, GH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og ég hef áður getið um í sambandi við umræður um þetta mál, eru siglingalögin öll og hafa verið lengi til endurskoðunar, og eins og ég lýsti líka yfir þá, munu þau væntanlega í heild verða lögð fram mjög bráðlega. Ég vil því ekki taka efnislega afstöðu um þetta einstaka atriði og greiði þess vegna ekki atkvæði.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og l. nr. 47 1958, um breyt. á þeim lögum.

Á 34. fundi í Ed., 12. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 192).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—22. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 498).

36. Löggiltir endurskoðendur.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 29. des. 1953, um löggilta endurskoðendur** [26. mál] (stjfrv., A. 26).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 142).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 499).

37. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins** [27. mál] (stjfrv., A. 27).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 27, n. 143).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 500).

38. Kosningar til Alþingis.

Á 2. fundi í Sþ., 11. okt., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis** [28. mál] (stjfrv., A. 28).

Á 3. fundi í Nd., 13. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 144).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 501).

39. Lánasjóður íslenzkra námsmanna.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna** [184. mál] (stjfrv., A. 350).

Á 58. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Gengislækkunin í fyrra jók mjög framfærslukostnað íslenzkra námsmanna erlendis. Hann jókst meira en svaraði hinni almennu hækkun á söluverði gjaldeyris, þar eð námsmenn höfðu fengið gjaldeyri keyptan með aðeins 30% álagi, þótt almenna yfirfærslugjaldið væri 55%. Alþ. gerði í fyrra mjög myndarlegar ráðstafanir til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á námskostnað Íslendinga erlendis. Framlög á fjárlögum til námslána og styrkja voru hækkuð sem því svaraði, að allir íslenzkir námsmenn gætu áfram fengið sömu upphæð í lán og styrki og þeir höfðu áður fengið, reiknað í erlendum gjaldeyri, þrátt fyrir gengisbreytinguna. Fjárhæð sú, sem veitt var til námslána og styrkja handa námsmönnum erlendis, var hækkuð úr 2 millj. í 5.2 millj. kr. Þegar höfð er hliðsjón af því, að á árinu 1959 hafði fjárveiting til námslána og styrkja til handa íslenzkum námsmönnum erlendis verið hækkuð úr 1275 þús. í 2 millj. og þannig fjórfölduð á tveim árum, verður ekki annað sagt en Alþ. hafi gert sér ljósa nauðsyn þess að greiða fyrir íslenzkum námsmönnum erlendis. Fjárveiting til lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands hafði og á árinu 1959 verið aukin úr 650 þús. í 1 millj. Hún var í fyrra aukin aftur upp í 1.4 millj. kr.

Hinar auknu fjárveitingar til íslenzkra námsmanna erlendis í fyrra voru þó ekki nægjanlegar til þess að draga úr áhrifum gengisbreytingarinnar á framfærslukostnaðinn í þeim mæli, sem æskilegt hefði verið. Þess vegna hefur ríkisstj. síðan athugað möguleika á því að bæta aðstöðu námsmannanna frá því, sem var á síðasta ári. Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að skynsamlegasta leiðin að því marki sé að veita íslenzkum námsmönnum erlendis kost á ríflegum námslánum með mjög hagstæðum kjörum.

Til ársins 1953 voru veittir nokkrir námsstyrkir við háskólann hér, svonefndir náms- og húsaleigustyrkir. Stúdentarnir sjálfir beittu sér þá hins vegar fyrir því, að slíkar styrkveitingar voru felldar niður, en í staðinn stofnaður lánasjóður, sem veita skyldi stúdentum hagkvæm lán. Voru það tillögur þeirra, að lánin skyldu vera með 3½% vöxtum, endurgreiðsla hefjast þremur árum eftir, að námi lyki, og þau þá endurgreiðast á 10 árum. Alþ. féllst á þessa till. stúdentanna og setti lög um lánasjóð stúdenta við háskólann hér, og hefur hann starfað síðan 1953. Á því ári veitti Alþ. 300 þús. kr. til sjóðsins. Framlagið var hækkað í 500 þús. kr. 1954, í 650 þús. kr. 1956, í 1 millj. 1959 og í 1.4 millj. á síðasta ári.

Menntamálaráð Íslands, sem úthlutar fjár-

veitingum Alþingis til íslenzkra námsmanna erlendis, hefur og mörg undanfarin ár varið nokkrum hluta fjárveitinganna til námslána og þá með sömu kjörum og gilt hafa við háskólann hér. Á árunum 1953—58 varði menntamálaráð þó aðeins um ⅓ hluta fjárveitingarinnar til námslána, en ⅔ hlutum til styrkja. Þegar fjárveitingin var aukin 1959 úr 1.3 millj. í 2 millj., breytti menntamálaráð hins vegar um stefnu, minnkaði styrkupphæðina úr 875 þús. í 600 þús., en jók námslánaupphæðina úr 400 þús. í 1400 þús. Í fyrra, þegar fjárveitingin var aukin, til þess að námslán og styrkir gætu haldizt óbreytt í erlendum gjaldeyri, voru lánin og styrkirnir aukin hlutfallslega, en jafnframt voru þá sett lög um lánasjóð námsmanna erlendis, í öllum meginatriðum hliðstæð lögunum um lánasjóð stúdentanna hér, þar eð eðlilegt þótti, að jafnmiklar námslánaveitingar og þá var orðið um að ræða, eða 3.2 millj. kr., færu fram samkvæmt lögum.

Stefnan undanfarin ár hefur því verið sú að færa stuðning ríkisvaldsins við námsmenn æ meir yfir í það horf, að þeim sé veittur kostur á hagkvæmum lánum í stað beinna styrkja. Það voru stúdentarnir við háskólann hér, sem áttu sjálfir upptökin að þessari stefnubreytingu, og menntamálaráð hefur síðan horfið meir og meir að henni. Á s. l. ári varði menntamálaráð 4.6 millj. kr. til námslána, en 1.3 millj. kr. til styrkja, annarra en stóru styrkjanna svonefndu, sem ég mun víkja nánar að síðar.

Ríkisstj. telur, að skynsamlegasta leiðin til að auka stuðning við íslenzka námsmenn sé sú að hækka verulega þær fjárhæðir, sem þeir geti fengið að láni með hagkvæmum kjörum, og lengja endurgreiðslutímann frá því, sem verið hefur. Það er höfuðmarkmiðið með þessu frv. að koma því til leiðar, að framvegis eigi íslenzkir námsmenn heima og erlendis kost á láni að meðaltali 25 þús. kr. á ári í allt að fimm skipti með 3½% vöxtum til 15 ára, en endurgreiðsla hefjist 3 árum eftir að námi lýkur. Þeir, sem stunduðu nám erlendis, fengu á síðasta ári í lán og styrk upphæð, sem nam að meðaltali 15 þús. kr. á hvern námsmann, þeirra sem á annað borð hlutu lán eða styrk. Þeir, sem stunduðu nám við háskólann hér og fengu lán, fengu hins vegar aðeins rúmar 10 þús. kr. í lán að meðaltali.

Sökum þess að langmestum hluta þess fjár, sem Alþ. nú veitir til stuðnings íslenzkum námsmönnum, er varið til námslána, mun eigið fé þeirra tveggja lánasjóða, sem nú starfa, aukast allört á næstu árum. Athuganir hafa leitt í ljós, að eftir 7—8 ár gætu sjóðirnir sameiginlega af eigin rammleik aukið meðallánsupphæð sína til hvers námsmanns upp í 25 þús. kr. En til þess að unnt sé að hækka meðallánsupphæð nú þegar á þessu ári upp í þessa fjárhæð, þurfa sjóðirnir hins vegar verulegt lánsfé á næstu árum. Skömmu eftir áramótin ræddi ég það við stjórnendur lánsstofnana hér í Reykjavík, hvort þær væru fáanlegar til þess að kaupa á næstu árum skuldabréf að nýjum lánasjóði, sem myndaður yrði við sameiningu þeirra tveggja, sem nú starfa, þannig að honum yrði kleift að hækka meðallánsupphæð nú þegar á þessu ári upp í 25 þús. kr. Þessi málaleitan fékk mjög góðar undirtektir, og hafa lánsstofnanir nú veitt vilyrði um slík skuldabréfakaup, sem geri kleift að hækka meðallánsupphæð í 25 þús. kr. Það er gert ráð fyrir því, að veitingu beinna námsstyrkja, að frátöldum stóru styrkjunum svonefndu, verði hætt, samtímis því að námslánin verði aukin. Hafa útreikningar sýnt, að sjóðurinn þarf að selja skuldabréf fyrir 4—5 millj. kr. næstu 6 árin, en síðan fer lánsfjárþörfin smáminnkandi, og árið 1970 geti sjóðurinn byrjað að endurgreiða lánin og árið 1980 yrðu þau að fullu greidd. Lánsfjárþörfin yrði hæst árið 1971 45 millj. kr. En 1985 mundi eigið fé sjóðsins vera orðið svo mikið, að hann gæti staðið undir lánveitingum sínum af eigin rammleik, þannig að ríkisframlag til hans gæti fallið niður.

Frv. þetta er flutt til þess að gera kleift að hagnýta þá lánsmöguleika, sem völ er á og nauðsynlegir eru, til þess að hægt sé að auka nú þegar námslánin upp í 25 þús. kr. að meðaltali, skapa skilyrði til þess, að unnt sé að veita lán fimm sinnum í stað fjórum sinnum, eins og gert hefur verið undanfarið, og lengja endurgreiðslutímann úr 10 árum í 15 ár. Í þessu sambandi er eðlilegt að sameina þá tvo lánasjóði, sem fyrir eru, í einn og setja honum sérstaka stjórn. Er í frv. gert ráð fyrir því, að hún sé skipuð fimm mönnum, tilnefndum af háskólaráði, menntamálaráði, stúdentaráði og Bandalagi háskólamanna, þangað til íslenzkir námsmenn erlendis hafa komið á fót samtökum sín á milli, en þá er gert ráð fyrir, að þau tilnefni mann í stjórnina. Formann er hins vegar gert ráð fyrir að menntmrh. skipi. Hlutverk stjórnarinnar á að vera að annast fjárreiður sjóðsins, en þó er heimilað að fela bankastofnun útborgun lána, bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að stjórnin skipti fé því, sem Alþ. veitir hverju sinni til stuðnings námsmönnum, milli stúdenta við háskólann hér og íslenzkra námsmanna erlendis, og er þess vegna gert ráð fyrir því, að sjóðurinn starfi í tveimur deildum, lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis. Ekki er heppilegt að binda það í fjárlögum, hversu mikið fé skuli renna til hvors hópsins fyrir sig, því að tala námsmanna heima og erlendis kann að breytast frá ári til árs og ýmsar aðstæður aðrar, sem gera það nauðsynlegt, að hlutfallsskiptingin sé endurskoðuð árlega. Eðlilegt er og, að stuðningur hins opinbera við námsmenn heima og erlendis sé sem hliðstæðastur, og þarf að fara fram gaumgæfileg athugun á því, hvernig hann megi verða það. Ætti skiptingin þá að sjálfsögðu að miðast við niðurstöður slíkrar athugunar, en hún er í verkahring stjórnar sjóðsins. Frv. gerir á hinn bóginn ráð fyrir því, að sömu aðilar annist úthlutun sjálfra námslánanna og nú, þ. e. menntamálaráð úthluti námslánum til íslenzkra námsmanna erlendis og nefnd skipuð með sama hætti og stjórn lánasjóðs stúdenta við háskólann hér nú úthluti námslánum til háskóla-

stúdenta. En í þeirri stjórn eiga sæti tveir fulltrúar frá háskólaráði, tveir frá stúdentaráði og hinn fimmti frá menntmrn.

Í 7. gr. er ákvæði um, að ríkissjóður leggi sjóðnum árlega til framlag í fjárlögum, sem sé eigi lægra en framlagið í núgildandi fjárlögum, en það er 6 millj. og 25 þús. kr.

Í 8. gr. er síðan ákvæði, er heimilar sjóðsstjórninni að taka innanlands allt að 45 millj. kr. lán á árunum 1961—80 gegn tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins, en eins og ég gat um áðan, er slík lántaka nauðsynleg, til þess að unnt sé að auka námslánin og hafa kjör á þeim eins og ég hef lýst.

Í ákvæðum til bráðabirgða er menntamálaráði heimilað að gera þeim námsmönnum erlendis, sem fengið hefðu styrk á þessu ári og því næsta samkvæmt þeim reglum, sem gilt hafa, kost á að fá áfram þann styrk, sem þeir hefðu fengið, í stað lána samkvæmt þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir að tekin verði upp. Starfsreglur menntamálaráðs hafa að undanförnu verið þær, að námsmenn hafa fengið námslán fyrstu tvö ár námsins, en síðan námsstyrki í tvö ár í viðbót. Má því segja, að þeir, sem búnir eru að fá námslán í tvö ár hjá menntamálaráði, hafi getað gert sér réttmæta von um námsstyrk í ár og næsta ár. Hefur því þótt rétt að heimila menntamálaráði að veita þessum námsmönnum kost á því að fá áfram þann stuðning, sem þeir hefðu fengið að öllu óbreyttu, þ. e. styrk með ef til vill viðbættu láni, samtals að upphæð 15 þús. kr. hvort árið, eða fá hin nýju námslán í allt að þrjú skipti, að meðaltali 25 þús. kr. í hvert skipti. Að þessu frátöldu er gert ráð fyrir því, að beinar styrkveitingar falli niður, nema hvað haldið verði þeim styrkjum, sem árið 1959 var tekið að veita afburða námsmönnum í eins konar verðlaunaskyni fyrir námsafrek við stúdentspróf. Árið 1959 voru styrkir þessir 5 að tölu og veittir til 5 ára, 20 þús. kr. á ári. Í fyrra var þeim fjölgað í 7 og upphæð þeirra jafnframt hækkuð í 30 þús. kr. vegna gengisbreytingarinnar. Eru þessir styrkir veittir án tillits til þess, hvort stúdentinn hyggst stunda nám sitt heima eða erlendis. Þessum styrkjum er talið rétt að halda, þótt stuðningnum við námsmenn að öðru leyti sé breytt í námslán.

Þá má geta þess, að í 6. gr. frv. er það nýmæli, að stúdentum frá hinum Norðurlöndunum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda nám við Háskóla Íslands, er veittur réttur til námslána með sama hætti og íslenzkum námsmönnum.

Að síðustu skal þess getið, að við undirbúning þessa frv. hafa verið höfð samráð við menntamálaráð, háskólaráð og stjórn lánasjóðs stúdenta. Þá hafa og að sjálfsögðu verið höfð náin samráð við stjórnendur þeirra lánastofnana, sem veitt hafa vilyrði fyrir því að kaupa skuldabréf af sjóðnum, en þeim er ríkisstj. sérstaklega þakklát fyrir fyrirgreiðslu við málefni, sem hún telur mjög nytsamlegt. Á því er enginn vafi, að það er ekki aðeins mjög gagnlegt að greiða fyrir því unga fólki, sem býr sig undir ævistarf í þágu þjóðar sinnar með löngu námi. Það má jafnvel segja, að vafasamt sé, hvort nokkur fjárfesting sé líkleg til þess að skila meiri arði en einmitt sú, sem varið er til þess að auka og bæta þekkingu þjóðarinnar.

Ég leyfi mér að óska þess, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn., og ég leyfi mér að beina því til hv. nefndar, að hún hraði afgreiðslu málsins eftir föngum, þar eð ég tel brýna nauðsyn bera til, að skipan sú, sem frv. gerir ráð fyrir, komi sem fyrst til framkvæmda.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég er samþykkur þeirri aðalstefnu, sem kemur fram í þessu frv., að í stað styrkja sé farið meira inn á lánabrautina, svo sem frv. mælir fyrir um. En ég tók hér til máls til þess að benda á, að þetta frv. er aðeins um einn flokk námsmanna, þ. e. háskólaborgara, styrkur eða lán til háskólaborgara innanlands, en síðan til fleiri námsflokka, þegar lært er erlendis. Í þessu sambandi vil ég benda á, hvort það sé alveg rétt fyrir Alþingi að hlúa eingöngu að þessum námsflokkum í landinu, og vildi mega beina því til hæstv. menntmrh., hvort hann væri til viðtals um það að gera verkefni lánasjóðsins viðtækari innanlands.

Ég vil leyfa mér að benda á, að eftir því sem tækniþróunin vex í þessu landi, er vaxandi þörf á þeim mönnum, sem stunda iðnnám. Til dæmis var hér á Íslandi komið á stofn 1916 vélstjóraskóla, og þegar borin er saman námsbraut vélstjóra og þeirra manna, sem nema hér við háskólann, þá sýnist ekki óeðlilegt, að tekið sé nokkurt tillit til þess kostnaðar, sem vélstjóranámið hefur í för með sér. Eins og nú er komið fræðslulöggjöfinni í landinu, verða þessir menn að inna af höndum gagnfræðanám, sem tekur 2 ár, áður en þeir koma í verknám. Síðan er þeim gert að skyldu að vera við verknám í 4 ár og á sama tíma vera við iðnskólanám, sem kostar þá mikla vinnu, bæði daga og nætur, alveg gagnstætt því, sem almennt er um þá unglinga, sem ganga í menntaskóla. Og þegar því er lokið, verða þeir að fara í bóklegt nám í vélstjóraskólanum í 3 ár. Þeir eru þá komnir samanlagt með 9 ára nám, án þess að hafa að nokkru leyti meiri tekjur en sá, sem gengur til háskólanáms. Ef við berum þetta saman við stúdentanámið, þá þurfa stúdentar fyrst að inna af hendi gagnfræðanám eða landspróf, sem tekur líka 2 ár, menntaskólanám, sem tekur 4 ár, og stytzta háskólanám 3 ár, ef farið er í guðfræðinám eða annað, sem hægt er að taka á skemmsta tíma. Við erum þá komnir í 9 ára nám, nákvæmlega sama tíma og vélstjórar. Haldi þeir áfram tvö ár til við háskólann, þá erum við komnir í 11 ára nám, miðað við 9 ára nám hjá vélstjórunum.

Nú skulum við ekki loka augunum fyrir því, að síðan var farið að byggja hér ýmiss konar iðjuver, frystihús, sementsverksmiðjur, áburðarverksmiðjur og rafmagnsiðjuver, eru fyrst og fremst kallaðir til starfa þessir menn, sem eytt hafa 9 árum til náms, og auk þess kallar til þeirra skipafloti landsmanna, eftir því sem hann eykst, þar koma stærri og vandaðri vél-

ar og meiri þörf þar á mönnum með góða þekkingu til þess starfa. En flotinn er í dag þannig settur, að mjög mikill hluti af fiskveiðiflotanum hefur orðið að sætta sig við undanþágu frá náminu og verður að gera enn og það til stórtjóns fyrir alla útgerð og alla aðila, og það er vegna þess, að aðgangurinn að skólanum er ekki eins mikill og eftirspurn. Það er í þessum skóla nú eitthvað á annað hundrað manns, en fullnægir hvergi eftirspurninni, og það er m. a. vegna þess, að þeim er gert erfiðara um nám en t. d. í Háskóla Íslands, einkum og sér í lagi þegar miðað er við þau lög, sem hér á að setja.

Ég vil því mega beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh.: Er hann til viðtals um það, að einnig þessir menn fái að njóta á líkan hátt sams konar lána og hér er gert ráð fyrir? Ég get vel skilið, að það sé kannske ekki hægt á þeim stutta tíma, sem eftir er af þessu þingi, að fella það inn í þetta frv., og ég get vel fellt mig við það, að hæstv. ráðh. lýsi því yfir, að það skuli tekið til athugunar fyrir *næsta þing, hvort ekki væri hægt að koma þessu á*. Ég mundi vel fella mig við þá lausn málsins, því að ég hef fullan skilning á því, að það verði erfitt að fella það inn í þetta frv., vegna þess að það þurfi meiri undirbúning. En ég vænti þess, að hæstv. ráðh. láti orð falla um það hér, að hann vilji láta athuga þetta mál, athuga, hvort hægt sé að sameina þetta síðar við þetta frv., ef það verður ekki hægt nú, og hann vilji þá beita sér fyrir því, að það verði gert, því að mér er fullkomlega ljóst, að það er mjög mikil nauðsyn, að þetta mál sé tekið til athugunar. Ég tel, að það sé ekki rétt stefna hjá hv. Alþingi að beita sér eingöngu fyrir því, að sem flestir þegnar þjóðfélagsins fari í háskólanám á Íslandi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var rætt hér á þingi í fyrra, vakti ég máls á því, að ekki væri nægilega langt gengið þá til að bæta upp íslenzkum námsmönnum þá kjaraskerðingu, sem hefði hlotizt af völdum gengislækkunarinnar, með þeirri fjárveitingu, sem þá var ætluð til þessara mála. Það hefur nú komið á daginn, að þessi athugasemd mín var rétt, eins og kemur fram í grg. þessa frv., að þær úrbætur, sem fengust þá, hafa hvergi nærri hrokkið til þess að bæta þá kjaraskerðingu námsmanna, sem leiddi af gengislækkuninni.

Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er stigið nokkurt spor í þá átt að bæta námsmönnum þetta með því að gefa þeim kost á auknum lánum. En ég dreg hins vegar mjög í efa, að það sé rétt stefna að ætla að gera þetta eingöngu með lánaleiðinni. Ég held, að það sé líka nauðsynlegt að gera þetta á þann veg að auka námsstyrkina frá því, sem verið hefur. Við sjáum það, ef við athugum þetta frv. nánar, að þó að reynt verði að bæta úr þörfum námsmanna með auknum lánum, kemur til með að hvíla á þeim talsvert mikill baggi að námi loknu, þó að þeir njóti þeirra hlunninda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er gert ráð fyrir því, að námsmaður geti fengið 25 þús. króna lán árlega í fimm ár, a. m. k. á sá möguleiki að vera fyrir hendi, eða samtals um 125 þús. kr., og þennan möguleika yrðu að sjálfsögðu allir þeir námsmenn að nota sér, sem hafa ekki þeim *mun efnaðri aðstandendur. Mér sýnist*, að þetta mundi þýða það, að þegar farið væri að endurborga lánin, mundu afborganir og vextir af þeim vera um 12 þús. kr. á ári í 15 ár, og það er að sjálfsögðu æði mikill baggi. Þess vegna dreg ég í efa, þó að námsmenn fái þau hlunnindi, sem felast í þessu frv., að þau verði nægjanleg, sérstaklega fyrir þá, sem efnaminni eru, og þess vegna ætti ekki síður að vinna að því að bæta úr þeirri nauðsyn, sem hér er fyrir hendi, með því að auka námsstyrkina en með því að fara lánaleiðina.

Það var alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að einhver sú bezta og öruggasta fjárfesting, sem til væri, væri að styrkja unga og efnilega menn til framhaldsmenntunar, og ég held, að þetta komi til með að eiga enn þá frekar við í framtíðinni en það hefur þó átt við að undanförnu vegna þess, hve mikið kemur til með að velta á því, að þjóðfélagið hafi sem flestum vel menntuðum og ekki sízt tæknilega menntuðum mönnum á að skipa. Þess vegna held ég, að við þurfum að gera enn meira en gert er ráð fyrir í þessu frv. til að hvetja menn til að afla sér slíkrar menntunar og að gera mönnum það mögulegt, án þess að á þeim þurfi að hvíla mikill skuldabaggi um langan tíma, eftir að þeir hafa lokið námi. Víða erlendis færist það nú í vöxt til þess að hvetja unga *menn til framhaldsmenntunar, að þeir séu látnir* fá styrki í vaxandi mæli, og víða er ekki hægt að kalla þetta styrki, heldur námslaun, sem ég held að sé alveg eins rétt og gefi raunverulega réttari hugmynd um það, sem meint er með því framlagi, sem ríkið veitir í þessum efnum.

Ég vil í framhaldi af því, sem ég hef nú sagt, beina þeim tilmælum til þeirrar nefndar, sem kemur til með að fjalla um þetta mál, að jafnframt því sem að sjálfsögðu ber að taka vel frv., að því leyti sem það gengur í þá átt að skapa mönnum betri skilyrði til lána, þurfi að taka það alveg sérstaklega til athugunar, hvort ekki eigi að ganga mun lengra á þeirri braut en hingað til hefur verið gert að veita aukna námsstyrki. Ég vil í því sambandi endurnýja eða árétta þau ummæli að nýju, sem hæstv. menntmrh. sagði, að betri fjárfestingu *er tæpast um að ræða en það að tryggja efni*legum mönnum sem bezta menntunarmöguleika.

Ég vil svo enn fremur taka undir það, sem hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) sagði, að mér finnst, að það eigi að athuga í þessu sambandi, hvort ekki sé rétt að veita fleiri ungum mönnum möguleika til námsstyrkja og námslána en þeim, sem stunda háskólanám.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það, sem er kosturinn við þetta frv., er, að námsmenn fá með þessu móti meira fé til þess að geta kostað sig til náms en þeir hafa nú. Það, sem er gallinn hins vegar á þessu frv. frá mínu sjón-

armiði, er, að það er notuð röng leið til þess að veita þeim þetta fé. Það er engum efa bundið, að fyrir þjóðfélagið er langheppilegasta aðferðin í sambandi við að tryggja, að þjóðfélagið fái sem bezta krafta til starfanna fyrir mannfélagið í framtíðinni, að allir hafi sömu efnahagslegu aðstöðu til þess að læra, þannig að auður eða fátækt geti ekki ráðið því, hvort menn geta setið á skólabekknum og lært, heldur séu það eingöngu hæfileikarnir, sem geri út um þetta. Og það er engum efa bundið, að það er nauðsynlegt fyrir íslenzka þjóðfélagið að stefna að því af fullri djörfung að skapa slíka aðstöðu. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að t. d. Bandaríkjamenn, þar sem þessi aðstaða hefur verið óskaplega misjöfn, eins og auður og fátækt er í því landi, eru að læra það nú m. a. einmitt af sósialistísku ríkjunum, eftir að þau fóru að fara fram úr þeim á vissum sviðum tækninnar, að það er hin jafna aðstaða í þjóðfélaginu fyrir alla aðila til menntunar, sem skapar mestar framfarir í einu þjóðfélagi. Þess vegna væri það rétt stefna, að það, sem ríkið léti í té handa námsmönnunum, væru fyrst og fremst styrkir, sem gerðu þeim, sem eru fátækir, jafnmögulegt að læra og þeim, sem eiga efnaða að. Og það er vitanlegt, að jafnvel núna er það svo, að sumir þeir menn, sem hæst stúdentspróf hafa tekið á Íslandi á síðustu árum, mundu ekki hafa getað haldið áfram námi sökum fátæktar, nema því aðeins að þeir gætu notið slíkra styrkja í löndum sósíalismans. Og það er ekki rétt af íslenzka ríkinu, þegar það er að gera þarna verulega bót á, eins og vissulega felst í þessu stjórnarfrv., að reyna að tryggja námsmönnum meira fé til umráða, að gera hana með þessu móti. Ég álít þess vegna, að það eigi að taka það til alvarlegrar athugunar í þeirri nefnd, sem þetta mál nú fer til, að fara ekki inn á þessa leið, að afnema styrkina, alla nema stóru styrkina, heldur að halda styrkjunum að svo og svo miklu leyti. Ég sæi ekkert eftir bönkunum að leggja beinlínis fram nokkurt fé og það óafturkræft og án 8% vaxta. Bankar, sem græða 150—200 millj. kr. á ári, geta ósköp vel lagt þó nokkuð mikið af mörkum til, eins og hæstv. menntmrh. orðaði það, „beztu fjárfestingarinnar, sem til væri". Þeir leggja í það mörg tvísýn fyrirtæki, að það að styrkja námsmenn með nokkru fé væri ekki nema eðlilegt. Hitt er aftur á móti eðlilegur hlutur, að þjóðfélagið geri allríkar kröfur til þeirra námsmanna, sem það styrkir á þann hátt, og jafnvel að betra eftirlit sé með því en oft hefur verið undanfarið.

Ég vil ekki á neinn hátt tefja fyrir þessu frv. Ég álít, að það eigi að ganga nú til menntmn. En ég vil eindregið mælast til þess, að hv. menntmn. athugi það, hvort ekki ætti að halda meira af styrkjunum en hér er gert ráð fyrir. Og enn fremur vil ég aðeins skjóta því fram, að jafnvel þó að bankarnir láni vextina, sem þeir mundu lána til lánasjóðsins, þá sé ekki rétt að láta þá reikna fulla vexti af þessum lánum, t. d. jafnvel upp í 8%, það sé of mikið.

Við Íslendingar eigum svo mikið undir því, að fyrst og fremst verði okkar fólk menntað, bæði til verklegs og bóklegs náms, að við verðum að reyna að tryggja, að allir hafi þar jafna aðstöðu og að við getum skapað öllum þeim, sem hæfileika hafa, möguleika til þess að afla sér þeirrar miklu þekkingar, sem mannfélagið nú getur látið í té. Þess vegna er það mjög ánægjulegt, að það skuli vera lagt til að stiga þarna stórt skref til þess að auka það fé aftur, eftir að það var minnkað hér um árið. Ég vænti, að menntmn. athugi að gera það á skynsamlegri hátt en þarna er gert.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) ræddi þá vaxandi þörf, sem væri á mönnum, sem stundað hefðu iðnnám og hvers konar tækninám, og þá nauðsyn, sem á því væri að bæta aðstöðu þeirra til þess að stunda námið, sem í mörgum greinum er orðið mjög langt. Ég er honum algerlega sammála um það, sem hann sagði í þessum efnum, um það, hve stórvaxandi þörf okkur Íslendingum, eins og raunar öllum öðrum þjóðum, er á mönnum, sem hafa til að bera grundvallaða tæknimenntun, tækniþekkingu, þótt ekki sé um háskólamenntun að ræða. Kannske er það einmitt á því sviði, sem skórinn kreppir einna mest hér á Íslandi núna, að það er hér alvarlegur og vaxandi skortur á mönnum, sem hafa meiri menntun en iðnskólar veita, en hafa þó ekki þörf fyrir jafnmikla menntun og háskólar veita. Ég er honum líka sammála um það, að í sumum greinum, sérstaklega að því er snertir vélstjóranám, er það orðið svo langt, að mjög æskilegt væri að geta stutt þá menn, sem út á þá námsbraut leggja, en þeir eiga nú ekki völ neins opinbers stuðnings nema þess, sem í því felst, að þeir eiga kost á ókeypis skólavist.

Það mun hafa verið fyrir líklega tveimur árum, sem fulltrúar frá nemendum vélskólans og kennurum hans, undir forustu skólastjóra vélskólans, komu til mín og ræddu þessi vandamál. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú, að ég skipaði nefnd manna til þess að athuga þörf vélskólanema á aðstoð í námi þeirra með sérstöku tilliti til þess, að stofnaður yrði lánasjóður til þess að veita nemendum vélskólans lán, en einmitt það nám er sérstaklega langt, eins og hv. þm. rakti. Þessi nefnd skilaði störfum í fyrra, í ársbyrjun 1960, ef ég man rétt, og hefur það frv., sem hún samdi um stofnun lánasjóðs vélskólanema, síðan verið til athugunar í ríkisstj. Ef það á að samþykkjast, mundi þurfa nokkra fjárveitingu á fjárlögum í þennan sjóð, vegna þess að stuðningurinn er eðlilega í því fólginn að veita lánin með lægri vöxtum en hægt er að fá lánsfé fyrir á almennum lánsfjármarkaði. Það mundi því hvort tveggja þurfa að ske, annars vegar að byggja sjóðinn smám saman upp með ríkisframlögum, líkt og gert hefur verið með þá tvo lánasjóði, sem nú eru til í landinu, til handa námsmönnum, og svo hins vegar til þess að jafna þann vaxtahalla, sem yrði á sjóðnum, ef hann tæki lán og endurlánaði með hóflegum eða lágum vöxtum. Þetta mál er enn til athugunar í ríkisstj., og ég er þeirrar skoðunar, að hér sé um

nauðsynjamál að ræða, sem eigi að fá jákvæða afgreiðslu á sínum tíma.

Um þetta frv., sem hér liggur fyrir, er hins vegar það að segja, að það gerir ráð fyrir ráðstöfun á fé, sem í gildandi fjárlögum er veitt, annars vegar til íslenzkra námsmanna erlendis og hins vegar til stúdenta við háskólann hér. Þess vegna tel ég ekki ákvæði um lánveitingar til t. d. vélskólanema eða annarra tæknifræðinema hér innanlands eiga heima í þessu frv. og hitt væri heppilegra, að setja sérstök lög um nýjan námslánasjóð fyrir þá nemendur hér innanlands, sem taldir væru verðugir nokkurs stuðnings. Auðvitað væri hugsanlegt að breyta ákvæðunum um þennan lánasjóð, sem nú er gert ráð fyrir að stofna, þannig, að hann taki einnig til annarra námsmanna en stúdenta, sem stunda nám hér innanlands, en þá verður að koma til ný fjárveiting frá Alþingi í sjóðinn til stuðnings þessum námsmönnum. Ef það yrði gert, er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að breyta lögunum og víkka hlutverk þessa námslánasjóðs. En meðan það fé, sem Alþingi veitir á fjárlögum, er eingöngu ætlað annars vegar stúdentum við háskólann hér og hins vegar námsmönnum erlendis, er ekki hægt að breyta þessum lögum og láta þau taka einnig til annarra námsmanna innanlands en stúdentanna, vegna þess að þá er ríkisframlag, sem nú er veitt til stúdenta og námsmanna erlendis, tekið til annarra námsmanna, sem Alþingi veitir nú ekkert fé til á fjárlögum.

Ég vil taka það hér skýrt fram, að ég er öllum þeim meginatriðum, sem hv. 1. þm. Vestf. rakti í ræðu sinni um þessi mál, sammála og vil mjög gjarnan hafa samstarf við hann, sem ég veit að er áhugamaður sérstaklega um tækninámið, um það að flýta fyrir því, að þetta mál fái þá afgreiðslu, fyrst í ríkisstj. og síðan hér á Alþingi, sem ég veit að við erum sammála um að nauðsynleg og eðlileg sé.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) lýsti því í sinni ræðu, að hann teldi nauðsynlegt eða a. m. k. miklu heppilegra að halda styrkjum, auk stóru styrkjanna svonefndu, í stað þess að hverfa algerlega yfir á námslánabrautina að stóru styrkjunum frátöldum. Á s. l. ári var 1.3 millj. kr. varið til námsstyrkja til handa námsmönnum erlendis, en engu til námsstyrkja handa stúdentum við háskólann hér. Í fyrsta lagi má segja, að það sé óeðlilegt að gera í þessu efni upp á milli námsmannanna erlendis og stúdentanna við háskólann hér. Annaðhvort á að veita báðum hópunum styrki eða hvorugum hópnum styrki. Þetta er þó ekki mergurinn málsins, heldur hitt, að það að hverfa frá styrkjunum og nota það fé sem uppistöðu í lánasjóð gerir kleift að hafa námslánin svo miklu meiri en styrkina, að ég fyrir mitt leyti er í engum vafa um, að það er rétt stefna að taka upp lánin í stað námsstyrkjanna. Ég lét athuga það við undirbúning málsins, hvaða áhrif það mundi hafa, ef þeim 1.3 millj. kr., sem á síðasta ári var varið til námsstyrkja til handa námsmönnum erlendis, — ef þeirri upphæð til styrkja yrði haldið, hvaða áhrif það hefði á getu sjóðsins til að veita námslán á næstu 20 árum. Að halda styrkupphæðinni mundi þýða, að hver námsmaður héldi að meðaltali rúmlega 3 þús. kr. styrk, en áhrifin á upphæð námslánanna mundu verða sú, að eftir 3 ár yrði að lækka námslánin úr 25 þús. í 22 þús. kr., og síðan yrði um áframhaldandi lækkun að ræða, þangað til lánin yrðu að síðustu komin ofan í 12 þús. kr. Það, sem m. ö. o. er um að velja, er annars vegar sú braut, sem þetta frv. gerir ráð fyrir að lagt verði út á, að menn eigi kost á 25 þús. kr. láni á næstu 20 árum, og hins vegar að menn eigi kost á 3 þús. kr. styrk að meðaltali og lánum, sem fari lækkandi úr 22 þús. í 12 þús. kr. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að frá sjónarmiði námsmannanna sjálfra er hin fyrri leiðin æskilegri og heppilegri. Það er heppilegra að eiga kost á 25 þús. kr. láni allan tímann frekar en þessum tiltölulega litla styrk og síðan hríðlækkandi láni. Hitt er annað mál, að mér finnst það vel koma til athugunar, þegar sjóðurinn er orðinn svo öflugur, að hann þarf ekki lengur á ríkisstyrk að halda til þess að standa undir óbreyttum lánum, að þá sé það fé, sem þá losnar hjá ríkinu, tekið til lánveitinga jöfnum höndum, auk þess sem lánin yrðu aukin. Það kæmi líka til athugunar, að þegar ekki þarf lengur á að halda nýjum fjárveitingum til stóru styrkjanna svonefndu, eftir tvö ár, en til þeirra eru veittar 210 þús. kr. á hverju ári, þá sé þeim fjárveitingum haldið og þær notaðar til þess að taka upp nýja styrki, sem séu mun lægri en stóru styrkirnir. En þetta mun geta komið til ákvörðunar þegar eftir tvö ár, því að þetta er þriðja árið, sem kerfi stóru styrkjanna er í gangi.

Þetta hvort tveggja finnst mér sem sagt vel koma til athugunar. En á þessu stigi fannst mér það ekkert áhorfsmál, að skynsamlegra væri að nota það fé, sem Alþingi veitir, og það fé, sem hægt er að fá að láni í bönkum, til lánveitinga eingöngu, því að með því móti kemur féð hraðast námsmönnunum að gagni og með því móti er unnt að tryggja, að það fé, sem þeir fá til ráðstöfunar, að vísu sem lán, en með mjög hagstæðum kjörum, verði sem hæst.

Að öðru leyti þakka ég þær góðu undirtektir, sem meginefni frv. fékk hjá öllum þeim þremur hv. þm., sem tóku til máls.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. menntmrh. fyrir þær undirtektir, sem hann hafði hér við mína till. í sambandi við þetta mál, og ég felli mig að sjálfsögðu fullkomlega við þá meðferð á málinu, sem hann lýsti. Ég skil mjög vel hans rök, að það sé ekki rétt að taka upphæð, sem ákveðin hefur verið þegar til háskólastúdenta, til láns eða styrkja, og dreifa á aðra aðila, og mun því ekki gera neina tilraun til þess að fá þessi ákvæði sett inn í það frv., sem hér er til umr. Ég vænti hins vegar, að þessari athugun verði haldið áfram og að henni verði lokið svo snemma á árinu, að það sé vitað, hve stóra fjárupphæð þarf til viðbótar á fjárlögum til þessara mála, áður en gengið er frá undirbúningi fjárlaga. Ég ber það traust til hæstv. fjmrh., að hann muni

ekki skjóta sér undan því að taka sanngjarna upphæð til þessara mála inn á næstu fjárlög. Ég skal svo ekki ræða meira um það atriði.

Ég er hæstv. menntmrh. alveg sammála um það og er þar á öndverðum meið við þá aðra, sem hér hafa talað, að það beri að halda sér fast að lánastefnunni. Öll þau rök, sem hann færði fyrir því máli, eru sannarlega rétt. En þar kemur og enn meira til. Við vitum, að eins og nú er málum komið, er mjög mikill fjöldi þeirra nemenda, sem fá styrk til að nema erlendis, ekki einungis háskólanám, heldur og ýmsan annan fróðleik, sem hefur tilhneigingu til þess að ná í þennan styrk, jafnvel þó að menn stundi ekki nám sem aðalgrein erlendis. Ef um það væri að ræða, að þessir menn ættu að bera ábyrgð á endurgreiðslu fjárins, gæti það verið stærsta og bezta vörnin gegn þeirri ásælni, sem er í að fá styrki, án þess að það sé knýjandi þörf fyrir sömu aðila að vera við nám erlendis, sem ef til vill mætti nema hér heima. Í þessu liggur mjög mikill vandi fyrir þá menn, sem eiga að úthluta þessum fríðindum, að gera upp á milli þeirra manna, sem sækja um þetta. En það mundi veita mikið aðhald, ef þetta skilyrði yrði sett, að það séu einmitt veitt lán, en ekki styrkir, eins og gert hefur verið.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. menntmrh. sagði um málefni annarra námsmanna en þeirra, sem stunda háskólanám, þá vil ég segja það, að ég hygg, að það mundi verða heppilegast að leysa það mál þannig að mynda sérstakan sjóð í því skyni, eins og hann minntist á, í stað þess að taka það upp í sambandi við þann lánasjóð, sem hér er verið að ræða um, og mér virðist það mál vera komið á svo góðan rekspöl, að það ætti að vera unnt fyrir hæstv. menntmrh. að leggja slíkt frv. fram nú á þessu þingi, svo að menntmn. gæti fengið það til athugunar jafnhliða því, sem hún athugar þetta frv. Ég held, að það sé engin ástæða til þess að vera að tefja neitt framgang slíks máls, fyrst undirbúningur þess er þegar kominn á verulegan rekspöl. Þörfin fyrir það, að slíkur sjóður sé settur á laggirnar, er augljós og jafnvel ekkert síður aðkallandi en það mál, sem hér liggur fyrir, og þess vegna ætti að mega vænta þess, að hæstv. ríkisstj. léti þetta mál ekki dragast lengur, heldur legði það fram nú á þessu þingi, svo að unnt væri að taka það til athugunar jafnhliða því, sem þetta mál er athugað í nefnd.

Í tilefni af því, sem hæstv. menntmrh. sagði um þetta mál, að það væri ekki hægt að auka lánin án þess að fella niður námsstyrkina, þá finnst mér sú fullyrðing hans ekki geta staðizt. Það, sem að sjálfsögðu þarf að gera í þessum efnum, er að veita heildarfjárveitinguna bæði til námslána og námsstyrkja, en hæstv. menntmrh. gekk út frá því, að upphæðin, sem veitt væri til þessara mála, mætti alls ekki vera hærri en sú, sem talað er um hér í frv. Það er alveg augljóst af því, sem hér hefur fram komið, og menn vita það líka og vissu það reyndar áður, að þessi upphæð er allt of lág til þess að fullnægja þeirri upphæð, sem þarf til þessara hluta. Þess vegna ber að stefna að því, að þessi fjárveiting sé aukin, og menntmn. verður að hafa það atriði vel í huga, þegar hún athugar þetta mál, því að það er að sjálfsögðu rétt hjá hæstv. menntmrh., að ef menn binda sig við þá upphæð, sem hér er nefnd, þá er ekki hægt að gera hvort tveggja að auka lánin og að halda áfram styrkjunum. Það, sem þarf að gera, ef rétt er haldið á í þessum efnum, er að vinna að því, að bæði lánsmöguleikarnir og styrkjamöguleikarnir verði auknir og heildarfjárveitingin til þessara mála verði hækkuð sem þeirri þörf nemur. Ég álít þess vegna, að sú athugun, sem þetta mál fær í menntmn., eigi að beinast að því, hvað mikið þurfi að hækka fjárveitinguna, til þess að hægt sé að fullnægja eðlilegri lánaþörf í þessum efnum, jafnframt því að halda við eðlilegum styrkjum. Og ég held, að það komi ekki einungis til mála í því sambandi að viðhalda þeim styrkjum, sem nú eru, heldur hækka þá talsvert frá því, sem nú er.

Ég vildi beina því til hæstv. n., hvort hún gæti ekki unnið að því að kynna sér það fyrirkomulag, sem er víða búið að taka upp erlendis og er ekki fólgið í því að veita lán eða styrki, heldur svokölluð námslaun. Það fyrirkomulag hefur gefizt vel víða erlendis, og ég held, að það komi að því fyrr en seinna hér á landi, að við verðum að taka þá fyrirmynd upp, ef við ætlum að tryggja það, að nægilega margir menn afli sér þeirrar tæknilegu framhaldsmenntunar, sem þjóðfélagið hefur þörf fyrir, og ekki þá sízt þeir, sem eru efnaminni. Mér finnst sem sagt, að það sé undirstaða þess, ef meðferð þingsins á þessu máli að þessu sinni eigi að koma að einhverju gagni, að fjárveitingin, sem veitt er, verði verulega hækkuð, hún sé of lág í þessu frv., og vandinn verði þess vegna ekki sæmilega leystur, nema því aðeins að þessi upphæð, sem hér er nefnd, verði hækkuð verulega, jafnvel allt að tvöfölduð, svo að það sé hægt að fullnægja bæði eðlilegri lánaþörf og eðlilegri styrkjaþörf námsmanna. Ég held, að enginn þm. ætti að þurfa að sjá eftir því, þó að það færu einar 12 millj. kr. til slíkra mála eins og þessara. Það er hægt að fullyrða það, að það er vafasamt, hvort nokkur fjárveiting verði líklegri til að borga sig betur en einmitt sú, því að það sagði hæstv. menntmrh. alveg rétt, og ég vil ljúka þessum orðum mínum með því að taka undir það með honum, að það er vafalaust engin fjárfesting til betri en sú, sem beinist að því að styrkja unga, efnilega menn til framhaldsmenntunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 350, n. 458, 439).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. það til laga um lánasjóð íslenzkra námsmanna, sem er 184. mál, er í stórum dráttum þess efnis, að breytt er mjög skipulagi lánamála náms-

manna, tveir lánasjóðir sameinaðir, aflað er allmikils aukins lánsfjár til þeirra mála og loks gert ráð fyrir því í frv., eins og það var fram lagt í upphafi, að námsstyrkir legðust að mestu leyti niður, en fé, sem til þeirra hefur verið varið, rynni inn í þennan nýja og efldu sjóð til þess að veita námslán. Eins og frv. var fram lagt, gerði það ráð fyrir, að hægt yrði á þennan hátt að tryggja námsmönnum miklu meira fé en áður hafði verið, þó að sú breyting yrði, að það yrði nú allt lánsfé, í stað þess að verið hefur hvort tveggja, styrkveiting og lán.

Síðan frv. þetta kom fram, hafa orðið um það allmiklar umr., bæði hér á þingi og utan þings. Hafa komið fram skoðanir í þá átt, að það sé ekki æskilegt að leggja námsstyrki niður að svo miklu leyti, sem frv. gerir ráð fyrir.

Menntmn. leitaði álits ýmissa aðila um þetta frv. Bæði háskólaráð og stúdentar við Háskóla Íslands mæltu eindregið með því, að það yrði samþykkt, eins og það var fram lagt. Hins vegar komu fram raddir frá stúdentum á nokkrum stöðum erlendis, þar sem eindregið var mælzt til, að styrkjum yrði haldið áfram í ríkara mæli en frv. gerir ráð fyrir. Þetta atriði var því tekið til nýrrar íhugunar, og menntmrh. ákvað að flytja sjálfur brtt. við frv., eftir að hann hafði heyrt þessar raddir og athugað þau rök, sem fram komu. Brtt. þessi er á þskj. 439 og er þess efnis, að þeim námsstyrkjum, sem verið hafa, verði haldið áfram óbreyttum. Þrátt fyrir þessa breytingu er sjálfsagt að gera þá skipulagsbreytingu á lánasjóðnum, sem frv. gerir ráð fyrir, og eftir stendur það, að hægt verður að efla þennan lánasjóð stórkostlega og auka mjög aðstoð við íslenzka námsmenn.

Í áliti menntmn. á þskj. 458 eru prentaðar tvær ýtarlegar töflur, sem sýna, hvaða áhrif það hefur á fjárhag og lánagetu þessa fyrirhugaða sjóðs, ef þeim námsstyrkjum verður haldið, sem hingað til hafa verið. Í dálki 2 á töflu nr. 1 á annarri blaðsíðu álitsins eru taldar upp þær upphæðir eða þær tekjur, sem sjóðurinn missir alls á árabilinu frá 1961—85, og er þar um liðlega 40 millj. að ræða. Ég vil þó sérstaklega beina athyglinni að dálki nr. 6 í þessari töflu, en þar er sýnt, hver líklegt er að verði sú meðalupphæð, sem hægt er að tryggja námsmönnum bæði með styrk og lánum, ef námsstyrkjum verður haldið áfram og þær 40 millj., sem taldar eru í dálki 2, verða óendurkræfar í stað þess að velta inn í lánakerfið. Þá kemur í ljós, að þessi breyting hefur þær afleiðingar, að í stað þess að geta veitt hverjum námsmanni um 25 þús. kr. lán, en það var höfuðtilgangur með þessu frv., verður heildarupphæð styrkja og lána, sem þeir geta átt von á, nokkru lægri, en fer þó aldrei á tímabilinu niður fyrir 20 þús. kr., þannig að hér verður eftir sem áður um stórfellda bót að ræða fyrir námsmenn. Menntmn. er sammála um að mæla með samþykkt brtt. menntmrh., og ef sú brtt. nær samþykki, eru það meðmæli nefndarinnar, að frv. svo breytt hljóti samþykkt hv. deildar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langar að láta í ljós þakklæti til hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli, sem telja má brýnt hagsmunamál íslenzkra námsmanna bæði hér heima og erlendis. Ég vil jafnframt láta í ljós ánægju mína yfir því, að samstaða skuli hafa náðst milli allra flokka þingsins um atbeina við framgang þessa máls, og láta í ljós þá ósk, að hér eftir gangi málið greiðlega gegnum þessa hv. d. og sömuleiðis gegnum hv. Ed.

Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi láta koma fram hér á hinu háa Alþingi í framhaldi af þeirri till. til breyt. á frv., sem ég leyfði mér að flytja á þskj. 439. Eins og hv. frsm. menntmn. tók fram í sinni ræðu, felst það í henni, að gert er ráð fyrir því, að menntamálaráð úthluti framvegis sömu upphæð til beinna styrkja handa íslenzkum námsmönnum erlendis, auk stóru styrkjanna svonefndu, og þeirri upphæð, sem veitt var í styrki á s. l. ári, eða 1.3 millj. kr., en hins vegar lækki framlag ríkissjóðs til námslána um sömu upphæð. Ég vildi láta það koma fram í framhaldi af þessari tillögu, sem ríkisstj. varð sammála um að ég flytti, að að baki hennar liggur sá skilningur, að þetta lækkaða framlag til lánasjóðsins til námslánanna, vegna þess að námsmenn erlendis eiga að halda styrkjum, verði ekki til þess að rýra þá námslánaupphæð, sem stúdentar við háskólann hér hefðu að öðrum kosti átt að fá samkv. frv. Ég vildi m. ö. o. láta koma skýrt fram, að sá skilningur liggur að baki flutnings þessarar till., að hér sé um að ræða skipti á styrkjum og lánum hjá íslenzkum námsmönnum erlendis, en þessi breyting eigi engin áhrif að hafa á þau kjör, sem íslenzkum stúdentum við háskólann hér annars hefðu hlotnazt. Það væri að sjálfsögðu ekki eðlilegt, að sú breyting yrði gerð, að íslenzkir námsmenn erlendis fái að halda styrkjum og að sú staðreynd verði til þess að lækka lán til allra íslenzkra námsmanna, bæði þeirra, sem eru erlendis, og þeirra, sem stunda nám hér heima.

Það, sem í tillögunni felst, er það, að íslenzkir námsmenn erlendis hafa kosið að halda styrkjunum, sem þýðir þó jafnframt það, að þeir afsala sér samsvarandi rétti til lána. Ég hygg, að allir hljóti að vera sammála um, að þessi skilningur sé eðlilegur, en ég vildi láta hann koma fram hér, til þess að um það gæti eftir á enginn vafi verið, hver tilgangurinn hafi verið með þessari brtt., og tel raunar víst, að hv. menntmn. hafi eðlilega lagt sama skilning í þetta mál.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þegar mál þetta var lagt fyrir, lýsti ég fylgi mínu við frv., eins og það var borið fram á þskj. 350. Nú sé ég, að málið hefur tekið nokkrum breytingum, eins og bæði hæstv. ráðh. hefur lýst og hv. frsm., og er breytingin aðallega í því fólgin, að styrkjunum er haldið, en lánaupphæðirnar lækka hlutfallslega eða samsvarandi. Ég tel, að þessi stefna sé röng. Ég mun þó ekki gera neina tilraun til þess að stöðva málið í þetta skipti, en vildi vænta þess, að hæstv. ráðh. ynni að því í framtíðinni, að sú regla yrði tekin upp að halda lánunum, eins og hugsað var, og láta

þau vera hærri en hér er gert ráð fyrir, en minnka styrkina, beinlínis vegna þess, að það hjálpar í framtíðinni miklu fleiri mönnum og hjálpar þeim betur en það kerfi, sem hér er tekið upp. Þetta þótti mér rétt að taka fram þegar við þessa umræðu. Ég sé, að það er fullt samkomulag um málið. Ég mun því greiða því atkv. nú í þetta skipti, en vænti þess, að þetta mál verði tekið til athugunar og því breytt í það horf síðar meir, sem það var upphaflega.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta í ljós ánægju mína yfir því, að sú breyting hefur verið gerð á þessu máli, að styrkjunum verður haldið áfram, en þeir ekki lagðir niður, eins og gert var ráð fyrir í frv. upphaflega. Ég hefði hins vegar heldur kosið, að þetta hefði verið gert með þeim hætti, að heildarupphæðin yrði aukin, sem færi til styrktar námsmönnum, þannig að það framlag til lánanna, sem var í frv. upphaflega, hefði staðið óbreytt, en heildarupphæðin verið hækkuð, þannig að styrkirnir hefðu getað haldizt. Það hefði verið í samræmi við þær tillögur, sem við framsóknarmenn lögðum fram, er fjárlögin voru hér til umræðu. Ríkisstj. mun hins vegar hafa talið rétt að binda sig við þá upphæð og þess vegna kosið að fara þá leið, sem hér er nú farin, að lækka aftur þá upphæð, sem átti að verja til lána samkv. frv., og láta styrkina þá heldur haldast. Ég vænti þess, að við næstu fjárlög á næsta þingi verði þetta mál tekið til endurskoðunar á þann veg, að heildarupphæðin, sem fer til námsmanna, verði hækkuð, svo að lánin geti aukizt, þó að haldið verði svipuðum styrkjum og nú er og jafnvel nokkru hærri, og í trausti þess, að það verði gert á næsta þingi, get ég fylgt þessu frv. nú.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram út af því, sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv., að meðferð þessa máls hefur algerlega byggzt á þeim fjárupphæðum, sem vitað er í dag að eru fyrirliggjandi sem lán, og í sambandi við fjárframlög ríkissjóðs við þær upphæðir, sem standa í síðustu fjárlögum. Afgreiðsla þessa máls þýðir að minni hyggju engan veginn, að neinn þm. bindi sig við þessar upphæðir sem hámarksupphæðir. Eðlilegast væri, ef leitazt er við að tryggja enn meira fé til þess að hjálpa lánsmönnum, þá komi það til afgreiðslu á sínum stað við fjárlagaafgreiðslu í haust. En að þessu sinni hefur ekki verið sérstaklega rætt um aðrar upphæðir en þær, sem fyrir liggur að hægt er að ráðstafa í þessum tilgangi nú.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Við meðferð þessa frv., sem hér liggur fyrir um lánasjóð íslenzkra námsmanna, hefur það gerzt í hv. menntmn., að n. hefur lagt til, að samþ. verði brtt. frá hæstv. menntmrh. Þessi breyting er nýlega fram komin, og ég hef ekki athugað hana til hlítar, en mér skilst á hv. frsm. og hæstv. ráðh., að hún eigi að vera í því fólgin, að íslenzkir stúdentar við nám erlendis skuli eiga kost á því eftirleiðis að fá námsstyrki og framlagið til lánasjóðs íslenzkra námsmanna skuli lækka sem þessu svarar eða um nálega þriðjung. Hæstv. ráðh. lýsti því þó jafnframt yfir, að hann skildi þessa breyt. svo, að hún skyldi ekki að neinu leyti koma niður á mögulleikum stúdenta hér við háskólann til þess að fá lán úr sjóðnum. Hv. menntmn. segir í áliti sínu, að um það atriði, að námsstyrkir falli að mestu niður, en stóraukin lán komi í þeirra stað, hafi reynzt vera mjög skiptar skoðanir. Það var út af þessu, sem ég kvaddi mér hljóðs til þess að óska eftir upplýsingum. Hv. n. segir, að bæði háskólaráð og stúdentar við Háskóla Íslands hafi mælt með samþykkt frv. óbreytts, en stúdentar á nokkrum stöðum erlendis hafi eindregið mælzt til, að „styrkjunum verði haldið", eins og það er orðað í nál. Nú veit ég ekki nánar um það, hvaða gögn hafa legið fyrir hv. n. um álit þeirra aðila, sem hér eru nefndir. Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. frsm. menntmn. um það, hvað sé átt við með þessu orðalagi: „stúdentar við Háskóla Íslands hafa mælt með því, að frv. verði samþykkt óbreytt", hvort það séu einstakir stúdentar eða sameiginleg afstaða stúdenta við Háskóla Íslands og þá á hvern hátt sameiginleg. Og á sama hátt vil ég spyrja, hvað það orðalag þýði, sem kemur fyrir síðar í álitinu, að stúdentar á nokkrum stöðum erlendis hafi eindregið mælzt til, að styrkjunum verði haldið, hvort hér sé átt við einstaklinga, sem hafi sent erindi til n. um málið eða hvort um sé að ræða samtök íslenzkra stúdenta erlendis „á nokkrum stöðum," eins og það er orðað, og þá hvort ætla megi, að þetta erindi megi skoða sem álit íslenzkra stúdenta erlendis almennt, hvort það sé þannig fram komið. Ég vildi leyfa mér að spyrjast fyrir um þessi tvö atriði hjá hv. frsm.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Mér er að sjálfsögðu ljúft að veita þær nánari upplýsingar, sem síðasti ræðumaður óskaði eftir. Þær umsagnir, sem lágu formlega fyrir n., eru umsögn Háskóla Íslands, undirrituð af rektor háskólans, og umsögn stúdentaráðs Háskóla Íslands, undirrituð af formanni þess, en stúdentaráð sendir í þessu sambandi ályktanir, sem almennur stúdentafundur gerði 14. febr. s.l. Þau álit, sem borizt hafa frá námsmönnum erlendis og hafa öll komið til n. án þess, að óskað væri eftir, af þeim augljósu ástæðum, að það er bæði tímafrekt að skrifa til útlanda eftir áliti um frumvörp og þyrfti þá að skrifa til æði margra staða, þessi álit eru: Í fyrsta lagi frá Félagi íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn, og þar er um að ræða samþykkt, sem gerð var á fundi með 32 shlj. atkv. laugardaginn 18. febr. Í öðru lagi frá Félagi íslenzkra stúdenta í Stokkhólmi. Það er ýtarlegt og langt skjal, þar sem þeir gera grein fyrir námskostnaði, færa rök fyrir því, að í þeim löndum, þar sem nám er dýrast, mundi það hafa þær afleiðingar fyrir námsmenn, ef þeir fengju enga styrki að heiman, að skuldasöfnun yrði þeim óbærilega mikil, því að þeir mundu í flestum tilfellum þurfa að taka lán til viðbótar þeim ríkislánum, sem reiknað var með í frv. óbreyttu. Í þriðja

lagi umsögn frá formanni Félags íslenzkra háskólastúdenta í Frakklandi.

Þetta eru þær upplýsingar, sem formlega lágu fyrir n. Það er langt mál að lesa þetta allt, en efnislega eru umsagnirnar þannig, að stúdentar hér heima eru þeirrar skoðunar, ef dæma má eftir áliti stúdentafundar og ýmsum öðrum upplýsingum, að þeir hafa höfuðáhuga á námslánum, enda er þeirra hlutur í námsstyrkjum æði lítill. Hins vegar hafa stúdentar erlendis, sem notið hafa styrkjanna, áhuga á því að halda þeim áfram.

Þessar umsagnir eru þó ekki eina ástæðan fyrir því, að menntmn. komst að þeirri niðurstöðu, sem fyrir liggur. Þegar við 1. umr. málsins komu fram allsterk andmæli hér í þessari hv. d. gegn því, að styrkirnir yrðu felldir niður. Ég hygg, að það hefði ekki verið hægt að skapa samstöðu allra nm., sem eru úr öllum flokkum þingsins, um málið á annan hátt en þennan. Ég fyrir mitt leyti tel það mikils virði í máli sem þessu, að það fáist afgreitt með samkomulagi, en verði ekki knúið fram með deilum, ekki sízt þegar hæstv. menntmrh. við nánari athugun málsins og athugun á öllum þessum aðstæðum sá sér fært að fallast á þá skoðun, sem hér hefur orðið ofan á. Hann lét gera þá ýtarlegu athugun, sem fram kemur í fskj. með nál., og flutti síðan þá brtt., sem fyrir liggur.

Ég vænti þess, að þessar upplýsingar séu nægilegt svar við fyrirspurnum hv. síðasta ræðumanns.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 439,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 439,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 472).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar gengi íslenzku krónunnar var breytt í fyrra, hafði sú ráðstöfun víðtæk áhrif á kjör íslenzkra námsmanna erlendis. Þetta var hinu háa Alþ. ljóst þegar og gerði því við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 ráðstafanir til þess að hækka mjög fjárveitingar til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis. Alþ. hækkaði fjárveitingar til námsstyrkja og námslána í réttu hlutfalli við þá breyt., sem varð á verði þess gjaldeyris, sem námsmenn erlendis kaupa, þannig að eftir sem áður gátu íslenzkir námsmenn erlendis fengið jafnháa upphæð í erlendum gjaldeyri í lán og styrk.

Ríkisstj. var ljóst, að þó að hér hefði Alþ. gert mjög myndarlega, væri engu að síður nauðsynlegt að gera frekari ráðstafanir til aðstoðar námsmönnum erlendis, og hefur það mál því verið í athugun síðan á síðasta þingi.

Þær upphæðir, sem Alþ. hefur veitt til styrktar námsmönnum bæði erlendis og hér heima, hafa vaxið mjög á hinum síðari árum. Árið 1952 námu fjárveitingar til námsstyrkja og námslána alls 1.2 millj. kr., en síðar hafa þessar fjárveitingar smám saman vaxið mjög, einkum þó á árunum 1959 og 1960, og á gildandi fjárlögum eru veittar 6.6 millj. kr. til styrkja og námslána handa íslenzkum námsmönnum erlendis. Á s. l. 8 árum hefur því sú fjárveiting, sem Alþ. veitir til þessara þarfa, meira en fimmfaldazt. Jafnframt því að fjárveitingarnar hafa vaxið svo mjög sem þessar tölur bera vott um, hefur sú breyting orðið, að í vaxandi mæli hefur verið horfið frá beinum styrkjum og tekin upp námslán með hagkvæmum kjörum.

Menntamálaráð, sem ráðstafar fé því, sem Alþ. veitir til styrktar íslenzkum námsmönnum erlendis, tók allsnemma upp á því að skipta fjárveitingu sinni í námsstyrki og námslán með hagkvæmum kjörum. Síðan hefur menntamálaráð ávallt aukið námslánin hlutfallslega miklu meira en námsstyrkina. Þegar svo sú breyt. var gerð á s. l. ári á fjárveitingum Alþ., sem ég gat um áðan og er hin mesta, sem gerð hefur verið, var viðbótarfé að langmestu leyti notað til aukinna námslána.

Við Háskóla Íslands var 1952 eingöngu um að ræða styrki, svonefnda náms- og húsaleigustyrki. Fyrir forgöngu stúdentanna sjálfra var á árinu 1953 sett löggjöf um stofnun lánasjóðs stúdenta við Háskóla Íslands og styrkirnir þá afnumdir algerlega og allri fjárveitingunni, sem Alþ. veitti, varið til lánasjóðsins, þannig að síðan 1953 er eingöngu um að ræða námslán við Háskóla Íslands, en enga námsstyrki, og hafa engar óskir komið fram frá stúdentum við háskólann um að taka upp aftur styrki, heldur hafa þeir þvert á móti óskað eftir því, að þær auknu fjárveitingar, sem fáanlegar væru til þessara þarfa, gengju til aukningar á námslánum.

Meðalupphæðin, sem íslenzkir námsmenn erlendis fá nú í lán og styrk, er 15 þús. kr. á ári, en er allmisjöfn eftir því, hvar námsmennirnir stunda nám, hvort þar er hár námskostnaður eða tiltölulega lágur. Meðalupphæð þeirra lána, sem stúdentum við Háskóla Íslands eru veitt, er hins vegar allmiklu lægri, eða um 10 þús. kr.

Þrátt fyrir þá miklu aukningu, sem varð á

fjárveitingunum á s. l. ári og gerði kleift að auka sérstaklega upphæð til þeirra, sem stunda nám erlendis, og einnig nokkuð til hinna, sem stunda nám hér, hafa styrk- og námsupphæðir þó ekki getað orðið hærri en hér segir, 15 þús. kr. að meðaltali til námsmanna erlendis og um 10 þús. kr. að meðaltali til námsmanna hér. Þessar upphæðir er bráðnauðsynlegt að auka mjög verulega, raunar alveg burtséð frá þeirri hækkun, sem hefur orðið á framfærslukostnaði námsmanna erlendis. Þörfin fyrir sérmenntað fólk og langskólagengið á mörgum sviðum er orðin svo brýn, að það er æskilegt, að ríkisvaldið láti það í stórauknum mæli til sín taka að greiða fyrir slíku námi. Þess vegna athugaði ég undanfarna mánuði, hvaða leiðir væru líklegar til þess að auka stórlega skilyrði til lánveitinga til námsmanna bæði erlendis og hér heima. Ég hef rætt þetta mál við fulltrúa frá bönkunum hér í Reykjavík, Seðlabankanum og viðskiptabönkunum. Niðurstaðan af þeim umr. varð sú, að bankarnir reyndust reiðubúnir til þess að mynda samtök um að kaupa verðbréf frá lánastofnun, sem hefði með höndum lán til námsmanna, bæði erlendis og hér heima. Bankarnir reyndust reiðubúnir til þess að kaupa svo mikil verðbréf á næstu 20 árum, að unnt væri að auka meðallán til námsmanna heima og erlendis upp í 25 þús. kr. úr 10—15 þús. kr. Nákvæmir útreikningar, sem gerðir voru, leiddu í ljós, að slík ný lánastofnun mundi þurfa að geta selt verðbréf fyrir upphæð, sem næmi um 45 millj. kr., þannig að hámarksskuld stofnunarinnar yrði á næstu 20 árum rúmar 45 millj. kr. Mundi þörf þessarar nýju lánastofnunar fyrir verðbréfasölu verða mest næstu árin, 4—5 millj. kr., en síðan fara smálækkandi, eftir því sem lánin endurgreiddust, ofan í ¾ úr millj. kr. eftir 20 ár, en að þeim tíma liðnum gæti slík lánastofnun byggt sig sjálfa upp með endurgreiðslu lánanna, svo að hún ætti að geta staðið undir þessari lánaupphæð áfram af eigin rammleik, jafnvel þó að gert hafi verið ráð fyrir um 5% aukningu á tölu námsmanna og þar með námslánum á hverju ári næstu áratugina.

Eftir að bankarnir höfðu sýnt þann mjög lofsverða skilning á þessu nauðsynjamáli og þar með stórhug að taka að sér að sjá nýrri lánastofnun fyrir því fé, sem nauðsynlegt væri, til þess að hún gæti starfað með þeim hætti, sem ég hef lýst, gerði ég ráðstafanir til þess, að samið yrði frv. um stofnun lánasjóðs íslenzkra námsmanna, en jafnframt yrðu afnumin lögin um þá tvo lánasjóði, sem nú starfa, lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands og lánasjóð íslenzkra námsmanna erlendis, en lög um hann voru sett á s. l. ári í sambandi við hina auknu fjárveitingu til námsmanna erlendis, sem ég hef þegar getið um.

Það er nauðsynlegt, að sjóðurinn sé einn, því að fjárrreiður hans verða svo miklar og þær skuldbindingar, sem hann undirgengst, að eðlilegt er, að um eina stofnun sé að ræða, sem um gildi föst skipan og sé undir ákveðinni stjórn samkvæmt lögum. Gert er ráð fyrir því, að lánasjóðirnir báðir, sem nú eru starfandi, gangi inn í þennan nýja lánasjóð, sem gert er ráð fyrir að stofnaður verði með þessu frv. ef það nær fram að ganga. Hins vegar taldi ríkisstj. ekki rétt að gera neinar aðrar efnisbreytingar að því er snertir úthlutun á því fé, sem veitt er, eða því, sem aflað verður. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að sjóðurinn skiptist í tvær deildir: lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis. Skulu sömu aðilar sem nú stjórna lánveitingum eða styrkjum til þessara tveggja hópa námsmanna stjórna hvorri lánadeildinni um sig, þ. e. 5 manna nefnd, sem skipuð er með sama hætti og stjórn lánasjóðs háskólastúdenta er nú, að því er snertir lán stúdentanna við Háskóla Íslands, og menntamálaráð ráðstafar því fé, sem veitt yrði til lánadeildar námsmanna erlendis. En sjóðurinn skal vera undir einni yfirstjórn, sem annast fjárreiður sjóðsins, tekur nauðsynleg lán honum til handa og skiptir fénu á milli þessara tveggja deilda. Er gert ráð fyrir því, að sú stjórn verði skipuð þannig, að í henni skuli eiga sæti fulltrúar frá háskólaráði og menntamálaráði annars vegar og frá stúdentaráði við Háskóla Íslands og Bandalagi háskólamanna hins vegar, þó þannig, að Bandalag háskólamanna skal ekki tilnefna aðila lengur í yfirstjórn sjóðsins en þangað til stúdentar erlendis bindast samtökum, sem hljóta þá viðurkenningu af hálfu menntmrn., að þau geti tilnefnt aðila í stjórnina. Formann stjórnarinnar er gert ráð fyrir að menntmrh. skipi.

Ég vil undirstrika, að það er verkefni þessarar yfirstjórnar sjóðsins að annast um fjárreiður hans og skipta heildarfénu, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar, milli hinna tveggja deilda hans. En brýna nauðsyn ber til þess að rannsaka vandlega, með hvaða hætti er eðlilegast og sanngjarnast að skipta þessu fé, sem Alþ. veitir hverju sinni, og því mikla fé, sem bankarnir ætla nú að veita þessari nýju stofnun, milli þessara tveggja hópa námsmanna, námsmannanna erlendis og stúdentanna við háskólann hér. Sú skipting, sem Alþ. hefur gert í fjárlögum til eins árs í senn, þarf að ýmsu leyti endurskoðunar við, og það er ekki eðlilegt að binda skiptinguna á milli þessara tveggja hópa námsmanna í fjárlögum, heldur er eðlilegt, að fram fari gaumgæfileg athugun á því, með hverjum hætti fénu verði sem sanngjarnast skipt, þannig að aðstaða námsmannanna verði sem jöfnust, hvort sem þeir stunda nám erlendis eða hér heima. Það er eitt höfuðverkefni aðalstjórnar sjóðsins að gera rannsókn á slíku og skipta síðan fénu árlega á milli hinna tveggja deilda.

Í frv., eins og það upphaflega var lagt fyrir hv. Nd., var gert ráð fyrir því, að styrkir til íslenzkra námsmanna erlendis féllu framvegis niður, aðrir en stóru styrkirnir svonefndir, en það eru 30 þús. kr. styrkir, 7 að tölu, sem veittir eru árlega til náms annaðhvort við háskólann hér eða erlendis. Var þetta gert til þess að koma á samræmi á milli þeirrar aðstöðu, sem námsmenn hér heima búa við og námsmenn erlendis, en námsmennirnir hér heima höfðu sjálf-

ir haft forgöngu um það fyrir tæpum 10 árum að breyta þeim styrkjum, sem við háskólann voru veittir, í námslán. Þess vegna þótti ríkisstj. í fyrstu eðlilegt, að líkt gilti um námsmennina erlendis, að þeim væri gefinn kostur eingöngu á lánum, sem þá gætu orðið mun hærri bæði í nútíð og þó einkanlega í framtíð, þar sem lánin endurgreiddust og mætti þá endurveita. Það kom hins vegar í ljós við meðferð málsins, að íslenzkir námsmenn erlendis óskuðu mjög eftir því, að styrkveitingum til þeirra væri haldið, en styrkir til þeirra námu í heild á s. l. ári 1.3 millj. kr. Að athuguðu máli þótti ríkisstj. rétt að verða við þessum tilmælum, með sérstöku tilliti til þess, að íslenzkir námsmenn erlendis hafa fastan árlegan útgjaldalið, sem stúdentar við háskólann hér hafa ekki, þ. e. ferðakostnað út og heim, og enn fremur er námsár yfirleitt mánuði lengra erlendis en heima, þannig að segja má, að beinn námskostnaður þeirra, sem stunda nám erlendis, sé nokkru meiri eða a. m. k. skilyrði til sumarvinnu nokkru minni. Þess vegna þótti ríkisstj. rétt að leggja til þá breyt. á frv. í Nd., að haldið væri sömu upphæð til námsstyrkja handa námsmönnum erlendis og notuð var á s. l. ári, eða 1.3 millj. kr., en framlagið í lánasjóðinn minnkað að sama skapi. Þetta mun hafa þá þýðingu, að meðalnámslán til námsmanna erlendis mun lækka úr 25 þús. kr., eins og gert hafði verið ráð fyrir, í um það bil 20 þús. kr. Meðalstyrkur til námsmannanna mun verða milli 3 og 4 þús. kr. Þess ber þó að geta, að ekki fá allir styrk, þannig að styrkur til þeirra, sem styrk fá á annað borð, verður hærri en sú upphæð, sem ég nefndi.

Um það varð samstaða í hv. menntmn. Nd. og síðar í neðri deild allri að fallast á þessa breytingu á frv., enda höfðu þegar við 1. umr. í hv. Nd. komið fram raddir af hálfu nokkurra þm. um það, að ekki væri æskilegt að hverfa algerlega frá styrkjakerfinu, eins og gert var ráð fyrir í upphaflega frv. En eftir að samstaða hafði náðst um að gera þessa breytingu meðal allra flokka hv. Nd., var einnig samstaða um frv. í heild, og var það afgreitt með shlj. atkv. úr hv. Nd. á fundi fyrir nokkurri stundu.

Ég vona, að eins fari um málið hér í hv. efri deild, að samstaða náist um að mæla með frv. og það geti síðan gengið greiðlega gegnum hið háa Alþingi. Það er enginn vafi á því, að hér er um mikla hagsbót að ræða fyrir námsmennina, bæði hér heima og erlendis. Þeir styrkir, sem verið hafa, bæði stóru styrkirnir og dreifðu styrkirnir svonefndu, haldast, en í stað lána, sem áður námu 10—15 þús. kr. og voru til aðeins 10 ára, eiga nú að geta komið lán, sem nema 20—25 þús. kr., auk þess sem lánstíminn verður lengdur úr 10 árum í 15 ár. Það, sem um er að ræða, er m. ö. o. það, að lánsupphæðin rúml. tvöfaldast, auk þess sem lánstíminn er lengdur um 50%.

Þetta er tvímælalaust til mikilla hagsbóta fyrir þá, sem hér eiga hlut að máli og raunar eiga þessa hagsbót fyllilega skilið. Ég vil gjarnan segja það hér, eins og ég hef sagt í hv. Nd., þegar málið var til umr. þar, að mér er til efs, að nokkur fjárfesting sé íslenzku þjóðfélagi hagkvæmari en aukinn stuðningur við íslenzka námsmenn.

Ég vildi svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að málinu yrði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 472, n. 532).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þegar frv. þetta var til 1. umr. hér í þessari hv. þd., fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði með ýtarlegri ræðu. Menntmn. hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt. Um frv. sjálft sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða, en vísa sem sé til ræðu menntmrh., sem ég áðan nefndi og hann flutti hér við 1. umr. málsins í deildinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 557).

---

40. Framkvæmdabanki Íslands.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands** [178. mál] (stjfrv., A. 313).

Á 54. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður árið 1953, var ákveðið, að þar skyldi vera 5 manna bankaráð. Skyldu þrír bankaráðsmenn kosnir af Alþingi, sá fjórði tilnefndur af Seðlabankanum og hinn fimmti vera ráðuneytisstjórinn í fjmrn. Þessi skipan gilti fram til ársins 1957. Þá var lögum breytt að þessu efni og þá ákveðið, að fjórir bankaráðsmenn skyldu kosnir af Alþingi,

en sá fimmti skipaður af ráðherra og vera formaður bankaráðsins. Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir sams konar breytingu og þegar hefur verið gerð varðandi Búnaðarbankann og í ráði er að gera varðandi aðra banka, þ. e., að allir fimm bankaráðsmenn skuli kosnir hlutbundinni kosningu af Alþingi og ráðh. síðan skipa einn þeirra formann bankaráðsins. Hér er þó í þessu frv. það frávik, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. skuli sitja fundi bankaráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Framkvæmdabankinn hefur með höndum ýmiss konar störf fyrir fjmrn., og þótti í upphafi, eins og ég gat um áður, rétt að skapa þessi tengsl milli ráðuneytisins og bankans, að ráðuneytisstjórinn ætti sæti í bankaráðinu. Hér er gert ráð fyrir, að hann sitji fundi bankaráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil aðeins, af því þetta mál er nú til umr. sérstaklega um Framkvæmdabankann, minna á það, sem ég sagði í umr. um frv. um Seðlabanka Íslands, að ég álít, að þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á lögunum, eigi að endurskoða mjög alvarlega í fjhn. með það fyrir augum að fella þennan banka niður og taka þá starfsemi hans, sem helzt gæti til heilla orðið, inn í starfsemi Seðlabankans. Ég álít, að það nái ekki nokkurri átt, að það sé haldið áfram, þegar á að endurskoða bankalöggjöfina til frambúðar, að halda einum banka, sem á að vera nokkurs konar, — ég vil ekki segja einkabanki fjmrh., en banki, sem er þannig út úr kerfinu, að hann heyrir alveg sérstaklega undir meira að segja annan ráðh. en bankamálaráðherrann og hefur verkefni, sem stangast allt saman á við það, sem aðrir bankar eiga að vinna og þá fyrst og fremst Seðlabankinn. Ég held, að ég hafi fært áðan rök fyrir því máli, að það sé ekki eðlilegt, þegar verið er að endurskoða bankalöggjöfina, að láta þennan banka haldast áfram, og mun þess vegna, þegar þetta mál verður rætt í fjhn., gera það að brtt. minni, að það úr starfsemi Framkvæmdabankans, sem rétt sé að haldist áfram, verði fellt inn í Seðlabanka Íslands og sérstaklega inn í þá hagfræðideild, sem þar ætti að starfa.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, áður en þetta mál fer til nefndar, að ég tel þá breytingu, sem hér á að gera á bankaráðinu, ekki til bóta, og þá ekki heldur þá breytingu, sem á að gera á skipun bankaráðs Landsbankans, og það er vegna þess, að ég álít, að þau tengsl við ríkisstj., sem í því felast, að formaður bankaráðsins sé skipaður af henni, séu nauðsynleg og heppilegra að halda þeim en að breyta til eins og hér er gert ráð fyrir. Ég byggi þessa skoðun mína m. a. á því, að Framkvæmdabankanum er ætlað að vinna mjög mikið fyrir ríkisstj., hafa milligöngu um lántökur og útlán svo að segja á hennar vegum, og að þar þurfi þess vegna að vera talsvert mikil tengsl á milli og því frá mínu sjónarmiði síður en svo ástæða til þess að draga úr þeim frá því, sem þau eru nú.

Um Framkvæmdabankann að öðru leyti vil ég segja þetta: Ég átti mikinn þátt í því, að Framkvæmdabankinn var stofnaður, og tel, að það hafi verið alveg sérstakt heillaspor, að honum var komið á fót. Það var orðið þannig, að fjmrn. var að vissu leyti orðið bankastofnun. Það kom sem sé í ljós alltaf betur og betur, að viðskiptabankarnir og seðlabankinn töldu sig ekki geta haft með höndum þá lánastarfsemi alla saman, sem á ríkisins vegum þurfti að vera. Þeir töldu sig ekki geta haft á sinni könnu að taka fjárfestingarlán erlendis, t. d. með ríkisábyrgð, og lána þau aftur út innanlands.

Þess vegna var þetta í ríkara og ríkara mæli að verða þannig, að ríkisstj. sjálf tók þessi lán fyrir ríkissjóðs hönd og lánaði þau síðan aftur út. Þetta var orðin geysimikil starfsemi í sjálfu fjmrn., og það var augljóst, að það fór ekki vel á því, að þetta þyrfti að vera þarna í þessari stjórnardeild.

Enn fremur varð það augljóst, að Íslendingum var að áskotnast talsvert fjárfestingarlánafé, þar sem var mótvirðisfé, sem kom inn í landið í sambandi við Marshall-aðstoðina, og það var mjög þýðingarmikið, að þetta fjármagn yrði að sem mestu leyti útlánafé til framkvæmda og það varanlega, ekki bara lánað út í eitt sinn, heldur innheimt og síðan lánað út aftur og aftur, þetta yrði sem sagt að fjárfestingarfé til frambúðar. Augljóst var, að það var ekki hægt að setja þetta fé í eina framkvæmd, þetta var það mikið fé, að það varð að deila því í ýmsar framkvæmdir, og kom þá til álita, hvaða stofnun skyldi hafa þessa fjárfestingarlánastarfsemi með höndum.

Og þá sýndist ekki ráð að leggja þessa fjárfestingarlánastarfsemi til einhvers af viðskiptabönkunum. Það gat tæpast staðizt, að einhver einn af viðskiptabönkunum hefði slíka stórfellda almenna fjárfestingarlánastarfsemi fyrir landið með höndum. Og ekki hæfði heldur fyrir seðlabankann að hafa þetta hlutverk. Að þessu athuguðu, bæði því, hvernig þróunin varð um erlendu lántökurnar og milligöngu ríkisstj. og fjmrn. í því, og svo einnig með tilliti til þess, að þarna var að myndast í landinu talsvert af fjárfestingarlánafé, þá sýndist það vera einfaldasta og heppilegasta lausnin að setja upp fjárfestingarbanka hér, eins og gert hefur verið í mjög mörgum löndum, og mér er satt að segja ekki kunnugt um, að seðlabankar í öðrum löndum hafi með höndum hliðstæða fjárfestingarlánastarfsemi og Framkvæmdabankinn hefur hér.

Mín skoðun er sú, að reynslan hafi sýnt, að það var hyggilegt að koma Framkvæmdabankanum upp og láta hann hafa þessi hlutverk, bæði að vera lántakandi erlendis að lánum, sem voru tekin af opinberri hálfu, og svo að vinna að því að ráðstafa því fjárfestingarfé, bæði mótvirðisfénu og þá öðru fjárfestingarfé, sem inn í bankann kæmi hér innanlands. Hugsunin var sú, að með tímanum gæti komið inn í bank-

ann eitthvað af innlendu fé, öðru en Marshallfé, þótt það hafi ekki orðið enn þá.

Ég álít, að það hafi komizt miklu betri skipan á fjárfestingarlán en áður með því að koma þessari stofnun upp, og mín spá er sú, að Framkvæmdabankinn eigi eftir að vaxa stórkostlega og verða með merkari stofnunum þjóðarinnar. Ég vil einnig benda á, að auk þess, sem ég nú þegar hef nefnt, hefur Framkvæmdabankinn einnig haft milligöngu um ýmsar aðrar lántökur erlendis, sem hefur orðið stórfellt hagræði að fyrir ýmis fyrirtæki í landinu, sem hafa verið að byggja sig upp, og það mjög heilbrigðar lántökur að mínu viti, sem engin önnur lánastofnun hér hefði talið sitt hlutverk að sinna. Starfsemi Framkvæmdabankans til þess að greiða fyrir uppbyggingunni hefur verið harla víðtæk.

En einmitt af því, að starfsemi Framkvæmdabankans er á þessa lund og hún er ákaflega mikið tengd ríkisvaldinu, svo sem ég vildi rifja upp í sambandi við þetta frv., tel ég, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, gangi ekki í rétta átt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 442).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fjhn. hefur haft mál þetta til meðferðar, en við afgreiðslu þess í n. var aðeins viðstaddur meiri hl., svo sem fram kemur á þskj. 442.

Eins og frv. var, þegar það var lagt fyrir, er í raun og veru ekki önnur efnisbreyting á lögunum um Framkvæmdabankann en breyting á skipan bankaráðsins til samræmis við tilsvarandi ákvæði um bankaráðin í hinum ríkisbönkunum, sem bæði hefur verið lögfest og liggja fyrir till. til lögfestingar um. En undir meðferð málsins komu tilmæli til n. frá hæstv. fjmrh. að hækka nokkuð heimildina til ríkisábyrgðar fyrir lánum, sem bankinn hefur, en samkvæmt 9. gr. laganna um Framkvæmdabanka Íslands frá 1953 eru ákvæði um það, að fjmrh. sé heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 80 millj. kr. Þessi upphæð, 80 millj., var svo hækkuð með l. nr. 39 frá 1954 upp í 225 millj. og enn með l. nr. 35 frá 1957 um 150 millj., þannig að heimildin er nú 375 millj. Það er nokkuð ónotað af þessari heimild, en hefur náttúrlega breytzt í gildi í sambandi við gengisbreytinguna, og ef bankinn aðeins fengi að halda sömu heimild og hann hefur nú, miðað við gengisbreytinguna, þá mætti hækka heimildina um 125 millj. kr. M. ö. o.: ef hámarkið verður fært upp í 500 millj., er það efnislega ekki breyting frá því, sem var hjá bankanum fyrir gengisbreytinguna. En það er lagt til í brtt. meiri hl. á þskj. 442, að hámarksupphæðin verði 600 millj., og er það í samráði við eða eftir ósk hæstv. fjmrh., og þá er aukin raunverulega og efnislega um 100 millj. kr. heimildin til ríkisábyrgðar á erlendum lántökum.

Það liggur ekki fyrir nein sundurliðuð grg. um það, en bankinn hefur verið að leita eftir erlendum lántökum, sem sennilega þyrfti að nota ríkisábyrgðina í sambandi við, bæði almennt og í sambandi við hús bændasamtakanna og fyrirhugaðar ráðagerðir um að koma upp hóteli í hluta af því húsi. Einnig hefur verið leitað eftir lánum í sambandi við a. m. k. að breyta í lengri lán stuttum lánum, togaralánum, sem áður hafa verið tekin. Og svo hefur bankinn fyrir hönd ríkissjóðs að jafnaði tekið þessi svokölluðu PL-480 lán frá Bandaríkjunum, sem ríkisábyrgð hefur jafnan verið á, þannig að það þótti eðlilegt að breyta núna hámarki heimildarinnar fyrir ríkisábyrgð til samræmis í fyrsta lagi við gengisbreytinguna, og það nemur um 125 millj. kr., en þar að auki 100 millj. kr., svo að hámarkið færist með þessum hætti úr 375 millj. upp í 600 millj. kr.

2. brtt. frá fjhn. er sú, og það er til samræmis við aðrar brtt., sem n. hefur flutt, bæði í sambandi við landsbankalöggjöfina, seðlabankalöggjöfina og útvegsbankalöggjöfina, að fella niður ákvæði um það, ef bankaráðsmaður eða varamaður fellur frá eða verður óhæfur til starfsins, áður en starfstími hans er á enda, að Alþingi kjósi þá annan mann í hans stað. Þetta er fellt niður, og það stendur þá opið, ef svo fer, að bæði aðalmaður og varamaður falla frá á tímabilinu, sem þeir eru kosnir, og var sá skilningur í n., svo sem gerð hefur verið grein fyrir í sambandi við önnur hliðstæð frv., að fram úr þeim vanda yrði þá að ráða hverju sinni, væntanlega með samkomulagi þingflokka á hverjum tíma og eftir þeirri meginreglu, að það röskuðust þá ekki hlutföll í bankaráðunum af þessum sökum á milli þingflokkanna.

3. brtt. er aðeins afleiðing af 1. brtt., að fella þá úr gildi þær fyrri breyt., sem voru gerðar um hámark ríkisábyrgðarinnar, því að það þótti eðlilegra að taka upp þann hátt að taka beinlínis upp 9. gr., eins og hún er í löggjöfinni, og hún er þá óbreytt samkvæmt 1. brtt. eins og hún er þar, aðeins með hámarksupphæðinni 600 millj., sem upphaflega var 80 millj., en er komið upp í 375 millj.

Ég vænti, að hv. þdm. séu ljósar þær breyt., sem hér um ræðir, og meiri hl. leggur sem sagt til, að með þessum breyt. verði þetta frv. samþ.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég ræddi um það við 1. umr. þessa máls, að ég hefði álitið heppilegra í sambandi við þær breyt., sem gerðar voru á Seðlabankanum, þegar verið væri að reyna að steypa bankalöggjöfina í nýtt form til frambúðar, að það hefði líka verið gerð sú breyt., að Framkvæmdabankinn hefði orðið hluti úr Seðlabankanum, sérstaklega úr hans hagskýrsludeild. Nú hefur hins vegar orðið samkomulag hér í þinginu að afgreiða þetta

öðruvisi, og ég mun ekki gera neinar till. um slíkt.

Hvað snertir hins vegar sjálfa 1. gr. um að kjósa bankaráðið á þann hátt, sem þar er lagt til, þá er ég því fylgjandi.

En tilefni mitt til þess að taka til máls var fyrst og fremst sú brtt., sem flutt er um að auka þær heimildir, sem hæstv. fjmrh. er veitt til ríkisábyrgðar til handa bankanum. Ég held, að það sé alveg sérstök ástæða til þess að aðgæta nokkru betur, áður en slíkar heimildir eru samþ. Í fyrsta lagi hefur það verið nokkur siður á Alþingi, áður en heimildir til erlendra lántaka eru samþ., að því væri yfir lýst, a. m. k. ef það væri þá þegar ákveðið, til hvers skyldi nota slíkar heimildir, og að svo miklu leyti sem slíkar hugmyndir væru nú þegar uppi hjá hæstv. ríkisstj. eða stjórn Framkvæmdabankans, þá væri þess vegna æskilegt að fá nú þegar að vita um það. Sé það hins vegar meiningin að hafa þarna bara nokkuð til að hlaupa upp á svo að segja, þá væri gott, að það kæmi líka skýrt fram.

Ég segi þetta m. a. alveg sérstaklega vegna þess, að það er farið að bera á vítaverðri ógætni í sambandi við ráðstafanir um lán erlendis og notkun þeirra innanlands. Það er sérstaklega eitt, sem veldur þessari ógætni. Það er, að það tíðkast nú upp á síðkastið hér á Íslandi, sem tíðkast ekki í nokkru öðru landi, að sjálf gengisskráningin er notuð sem vopn af hálfu yfirstéttarinnar í stéttabaráttunni. Gengisskráning og launabarátta eru með öllum nágrannaþjóðum okkar tveir gersamlega óskyldir hlutir, og það mundi engri atvinnurekendastétt í Englandi, Danmörku eða annars staðar láta sér detta í hug að fara að beita gengisskráningunni, skráningunni á gengi myntar landsins, sem vopni í sambandi við t. d. launabaráttu verkamanna. Hins vegar er það svo, að hér tala menn og það í valdastöðum alveg óhikað um það, að svo framarlega sem verkamenn t. d. hækki sín laun, sem er sjálfsagður og óhjákvæmilegur hlutur, þá verði að fella gengi krónunnar. Slíkir menn eru til og það jafnvel í ráðherrastólum. Í raun og veru mundu í hverju einasta öðru landi slíkir menn vera teknir sem glæpamenn. Ef einhver maður í Englandi núna, í enskri ríkisstj., léti í ljós, við skulum segja t. d. enskur fjmrh., að það væri meining hans, ef laun yrðu hækkuð í Englandi, að lækka gengið, þá yrði hann ekki stundinni lengur, alveg án tillits til flokkanna, í fjármálaráðherrasessi. Meira að segja þó að ríkisstj. í Englandi væri búin að ákveða að lækka gengi pundsins, þá mundi hún fram á þá mínútu, að hún tilkynnir það, þverneita því. En hér er farið öfugt að. Hér er hvað eftir annað verið að hóta með því að lækka gengi krónunnar, og þegar svo ógætnir menn eða samvizkulausir um fjármál þjóðarinnar hafa einhver völd hjá þjóðinni, verða menn og sérstaklega Alþingi að gá að sér, þegar verið er að samþ. erlend lán.

Það að fella gengi krónunnar, þegar við höfum tekið erlend lán til ýmissa nytsamra framkvæmda hér innanlands, hefur, eins og öllum hlýtur að vera ljóst, alveg ægilegar afleiðingar. Þegar við fellum gengi krónunnar nú t. d. og höfum áður tekið stór lán til góðra fyrirtækja eins og áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju, Sogsvirkjunar og annars slíks, þá hækka öll þessi lán, og öll þessi fyrirtæki verða að hækka stórkostlega sína vöru, og slíkt veldur þess vegna alveg stórkostlegu róti á öllu efnahagskerfi þjóðarinnar.

Enn þá ægilegra verður þetta, þegar um er að ræða lán, sem hafa verið tekin í það, sem maður mundi kalla framkvæmdir, sem standa ekki undir sér. Við skulum segja, að það sé þó sök sér með fyrirtæki eins og áburðarverksmiðju, það hefur verið tekið erlent lán í hana, hún framleiðir áburð. Hefðum við haldið áfram að kaupa þann áburð erlendis frá, hefði hann hækkað. Hins vegar ef við tökum lán og verjum t. d. því láni til vegagerða, hafnargerða og annarra slíkra hluta, þá fer þetta bókstaflega að þýða, að vegagerð eða hafnargerð, sem við erum að gera, verður kannske þrem, fjórum, fimm árum seinna tvöfalt dýrari en það, sem við upphaflega höfðum reiknað með.

Ég held þess vegna, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að Alþingi sýni meiri gætni í veitingu slíkra heimilda, a. m. k. þegar ástæða er til að óttast, að farið sé með gengisskráningu þjóðarinnar jafnvel af fullkomnu samvizkuleysi af þeim, sem völd hafa um það. Þess vegna vildi ég mjög eindregið óska þess, að hæstv. fjmrh., ef honum er það þegar kunnugt, segði, til hvers ætti að nota þá auknu heimild, sem hér er um að ræða, að svo miklu leyti sem það væri þegar fyrirhugað, og hins vegar, ef það er ekki þegar ákveðið, til hvers á að nota hana, þá hefur það verið síður hingað til að fara ákaflega gætilega í slíka hluti. Það hefur verið síður hingað til á Alþingi að veita heldur slíka heimild jafnóðum. Og það er ekkert óeðlilegt, að það sé heldur skorið við nögl sér, það sem lánað er í slíku sambandi. Það mætti segja t. d., að þótt Framkvæmdabankinn sé alls góðs maklegur, þá segi ég t. d., ef verið væri að hugsa um einhverja nýja glerverksmiðju, þá er ekkert fyrir fram vitað, að Alþingi væri mjög hrifið af því. Það er ekki alveg víst, þannig að það gerði þess vegna ekki til, þótt Alþingi vissi um svona hluti fyrir fram.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég gat ekki mætt á fundi fjhn., þegar mál þetta var afgreitt þaðan, af sérstökum ástæðum, og hef ekki skilað nál.

Eins og frv. er nú, væri það í samræmi við önnur stjórnarfrumvörp um bankamál, sem hér hafa verið til meðferðar í d. Breytingin, sem í frv. felst, er varðandi skipun bankaráðsins, og ég get ekki fallizt á það, að rétt sé að gera þessa breyt., hvorki hjá Framkvæmdabankanum né hinum bönkunum. Ég mun því ekki greiða atkv. með 1. gr. frv., sem um þetta fjallar, og ekki með frv., eins og það er, heldur leggja á móti því.

En nú hefur hv. meiri hl. fjhn. borið fram brtt. í sínu nál. á þskj. 442 um það að auka við þær heimildir, sem fjmrh. hefur í lögum til að

ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán, er Framkvæmdabankinn kann að taka. Samkv. því, sem frsm. meiri hl., hv. 5. þm. Reykv., gerði grein fyrir, eru ábyrgðarheimildir, sem áður hafa verið veittar, alls 375 millj., en svo er talið, að hækka þurfi upphæðina um 125 millj. Vegna þess að nokkuð af nefndri heimild er nú ónotað og vegna gengisbreytingarinnar þarf að hækka upphæðina, til þess að jafnmikið fáist og áður í erlendri mynt. Frsm. taldi, að það þyrfti 125 millj. kr. hækkun af þessum sökum, og þó að það yrði samþykkt, þá yrðu ábyrgðarheimildirnar raunverulega óbreyttar. En þar til viðbótar er lagt til, að samþ. verði viðbót við heimildirnar, 100 millj. kr.

Það má vel vera, að það sé þörf til eða ástæða fyrir að hækka þessa ábyrgðarheimild fyrir Framkvæmdabankann. En ég hefði talið það æskilegt, áður en Alþingi samþykkir slíka hækkun, að það lægju fyrir fyllri upplýsingar um það, hvernig áformað væri að nota þær ábyrgðarheimildir, til hvaða framkvæmda væri ráðgert að bankinn tæki lán gegn ábyrgð ríkissjóðs. Ég hefði talið, að það ætti að liggja fyrir skýrsla um það, hvernig eftirstöðvar ábyrgðarheimildanna, sem nú eru og mundu verða 125 millj. samkv. því, sem hér hefur komið fram, yrðu notaðar og þá einnig viðbótin. Sem sagt, ég hefði talið, að það ættu að liggja fyrir nánari upplýsingar um notkun á þeim 225 milljónum, sem lagt er til í till. meiri hl. að við bætist ábyrgðarheimildirnar.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þeir tveir hv. þm., sem hér hafa talað, hv. 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v., hafa óskað eftir því, að upplýst væri, til hverra framkvæmda ætti að nota þau lán, sem ábyrgðarhækkun fyrir Framkvæmdabankann snertir.

Nú er það þannig, að þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður 1953, lagði þáv. fjmrh., núv. hv. 1. þm. Austf., það til, að ákveðið yrði í 9. gr. l. í fyrsta lagi, að ríkissjóður ábyrgðist allar skuldbindingar bankans innanlands, og í öðru lagi, að fjmrh. yrði heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans allt að 100 millj. kr. á hverjum tíma. Þáv. hæstv. fjmrh. taldi, að það væri nauðsynlegt með tilliti til þess hlutverks, sem bankanum er ætlað að inna af hendi, að hann gæti aflað sér viðbótarfjár við það stofnfé, sem hann fékk, og verður að telja eftir atvikum eðlilegt, að ábyrgðarupphæðin var fyrst ákveðin 100 millj. kr. Í meðförum Alþ. var þetta svo lækkað niður í 80 millj. Þegar frv. var lagt fram og var hér til meðferðar, var ekki á það minnzt, til hverra ákveðinna framkvæmda ætti að nota þessar ríkisábyrgðir, heldur væri það almenn heimild til þess að auðvelda starfsemi bankans. Strax á næsta ári, 1954, flutti sami hæstv. fjmrh. frv. um breytingu á þessu, þ. e. a. s. hækkun á þessari ábyrgðarheimild úr 80 millj. upp í 225 millj. Í frv. var ekki á það minnzt, til hverra einstakra framkvæmda ætti að nota þetta fé. Þremur árum síðar lagði sami hæstv. fjmrh. til og þá með stuðningi beggja þeirra hv. þm., sem hér töluðu, að enn yrði veitt viðbótarábyrgðarheimild fyrir Framkvæmdabankann, 150 milljónir, þannig að ábyrgðarheimildin var þá komin upp í 375 millj. kr. Þess var ekki getið, að þessa hækkun ætti að nota til einhverra tiltekinna framkvæmda, heldur væri nauðsyn á því vegna almennrar starfsemi bankans, til þess að hann á hverjum tíma, þegar hann þyrfti að taka erlent lán til einhverra nauðsynlegra framkvæmda, hefði þær heimildir, sem æskilegt væri, og þyrfti ekki í hvert sinn að leita til Alþingis.

Þessi hefur sem sagt verið hátturinn varðandi Framkvæmdabankann frá stofnun hans, og hafa báðir þessir hv. þm., sem nú heimta grg. um, hvaða ákveðnar, tilteknar framkvæmdir það séu, sem eigi að útvega lán og veita ríkisábyrgð til, þeir hinir sömu hafa tekið þátt í að hækka stórum á undanförnum árum þessar ábyrgðir án þess að minnast á slíkt. Það er því ástæðulaust miðað við fyrri afstöðu þeirra að fara frekar út í þetta. En ég vil aðeins til viðbótar því, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði, undirstrika það, að aðalástæðan fyrir þessari hækkun, sem hér er lögð til nú, er gengisbreytingin á síðasta ári. Meiningin með þessu er sú, að bankinn hafi aðstöðu til þess að taka svipaðar upphæðir í erlendum gjaldeyri og fyrir gengisbreytinguna, en til þess þarf að sjálfsögðu að hækka verulega hina íslenzku fjárhæð. Þetta er gert eftir eindregnum óskum bankans. Auk þess hefur hann farið fram á, að nokkur viðbótarheimild yrði veitt, til þess að hann hefði möguleika til þess að taka lán erlendis til ákveðinna framkvæmda, sem ríkisvaldið ákvæði, ef ríkisábyrgð væri þar sett að skilyrði. M. ö. o.: hér er um að ræða annars vegar nokkra rýmkun á þessum heimildum bankans, alveg á sama hátt og veitt hefur verið tvisvar sinnum áður, og auk þess leiðréttingu á þessari ríkisábyrgðarupphæð vegna gengisbreytingarinnar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur ekki viljað verða við þeirri ósk að gefa neina yfirlýsingu um, til hvers ætti að nota þær auknu lánheimildir, sem hér er farið fram á. Er það þó venjulega það, sem hefur þótt það minnsta, sem gert væri, þegar farið er fram á heimildir til lánveitinga á Alþingi af hálfu ríkisstj., að sagt sé, til hvers það sé.

Hæstv. fjmrh. talar um það í því sambandi, að þegar lánsheimildir hafi áður verið veittar vegna Framkvæmdabankans, hafi ekki verið óskað eftir upplýsingum um, til hvers ætti að nota féð, að því er mér skildist. Ég hef ekki farið gegnum Alþingistíðindin, sem ég sé að hann hefur allmikinn bunka af, en skal taka hann trúanlegan um þetta, að það hafi enginn óskað eftir því, hvorki fylgjandi stjórnar né stjórnarandstaða, að neinar upplýsingar væru gefnar um þetta, og því hafi ekki verið ástæða fyrir fjmrh. á þeim tíma að gefa neinar upplýsingar. Það er út af fyrir sig alveg ágætt, að það skuli hafa verið svo gott samræmi og samkomulag um þessa hluti á þeim tíma og svona mikið gagnkvæmt traust, að stjórnarandstaða,

hver svo sem hún hefur verið á þessum tíma, — og það hafa m. a. verið í stjórnarandstöðu á þessum tíma báðir þeir flokkar, sem nú sitja í stjórn, — hefur ekki fundið neina ástæðu til þess að spyrja um slíkt. Ég get ekki skýrt þetta öðruvísi en svo, að á þessum undanförnu 10 árum, sem þessar lánsheimildir hafa verið hækkaðar til Framkvæmdabankans, hafi menn hér á Alþingi, hvaða flokkar sem hlut áttu að máli, yfirleitt ekki verið hræddir um, að það væri farið þannig að viðvíkjandi gengisskráningu íslenzku krónunnar, að það væri einhver stórhætta á ferðum í hvert skipti, sem ætti að veita lánsheimild, og þess vegna hafi hvorki Sjálfstfl. né Alþfl. né Sósfl. né Alþb., sem hafa allir verið í stjórnarandstöðu á þessum tímum, fundið ástæðu til þess að spyrja um slíkt eða vekja athygli á slíku. Það er þess vegna mjög eftirtektarverð staðreynd, sem hæstv. fjmrh. upplýsir, að það sé í fyrsta skipti nú, ef þetta er allt rétt hjá honum, sem ég ekki efa, að það koma fram óskir um að fá að vita, til hvers eigi að nota peningana.

Hvernig stendur á því, að þessar óskir skuli nú komnar fram og það frá tveimur flokkum í þinginu? Það þarf ekki að leita lengi að því til að sjá, hvernig á því stendur. Það hefur aldrei á þessum tíu árum verið svo óábyrg fjármálastjórn, verið svo samvizkulauslega farið með fjármuni ríkisins og með lánstraust ríkisins erlendis eins og nú er gert. Það hefur aldrei legið fyrr fyrir á Íslandi í sambandi við, þegar menn hafa verið að taka lán, að Alþingi mætti eiga það á hættu, að þegar væri búið að gefa ríkisstj. heimild til þess að taka lán, væri farið út í það rétt á eftir að lækka gengið. Það er þetta, sem veldur því, að nú er spurt og það af hálfu tveggja flokka í þinginu, til hvers eigi að nota peningana. Meðan menn gátu nokkurn veginn treyst því, eins og hæstv. fjmrh. virðist hafa upplýst með þessu, að það mundi ekki verða farið svo ógætilega með þetta lánsfé, sem ríkið tæki, að það væri verið að leika sér bókstaflega að því eða verið að nota það sem vopn í stéttabaráttunni innanlands að lækka gengi krónunnar, — meðan menn gátu nokkurn veginn treyst slíku, og eftir gengislækkunina 1950 hafa menn auðsjáanlega gengið út frá því, að þetta mundi vera tiltölulega traust um tíma, þá voru menn ekki eins mikið að spyrja um þetta. Það, sem hins vegar veldur því, að menn nú óska upplýsinga, er, að menn eru orðnir hvekktir. Menn eru hvekktir af því, að þarna sé farið svo ógætilega að, að það sé verið að leika sér að því bókstaflega að fella gengi íslenzku krónunnar, og það sé ekki nóg með, að það sé verið að leika sér, heldur er bókstaflega verið að hóta því og það af hálfu valdamanna í þjóðfélaginu, að svo framarlega sem t. d. verkamenn fá sitt kaup hækkað, verði lagt út í lækkanir á genginu.

Hæstv. fjmrh. má engan veginn búast við því, að þó að það hafi verið þannig á undanförnum árum, að Sjálfstfl., þegar hann hefur verið í stjórnarandstöðu, og Alþfl. og Sósfl. eða Alþb., þegar þeir hafa verið í stjórnarandstöðu, hafi ekki gert mikið veður út af slíku eða jafnvel fundið ástæðu til þess að spyrja eða koma fram með óskir, þá er ástandið orðið þannig í þjóðfélaginu núna. Við vitum, hvernig þetta ástand er. Við vitum, að það eru nokkrir stórlaxar, m. a. í Sjálfstfl., sem skulda tugi, ef ekki hundruð millj. króna í bönkunum, sem vinna að því öllum árum, að gengi krónunnar sé lækkað, og vilja nota til þess hverja átyllu, sem þeir geta fengið, til að láta strika út hjá sér skuldirnar og skeyta ekki um það í því sambandi, þó að mikil lán, sem ríkið hefur tekið erlendis, margfaldist þar með í verði. Það er þetta samvizkuleysi. Það er þessi vægðarlausa misnotkun á pólitísku valdi nokkrum skuldakóngum til framdráttar, sem gerir, að menn eru nú hvekktir. Þess vegna þykir mér það slæmt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa orðið við því að ræða nokkuð um þetta.

Ég held satt að segja, að hæstv. ríkisstj. standi ekki þannig að vígi í meðferð fjármála, sízt af öllu í sambandi við ríkisábyrgðir fjmrn., að hún hafi efni á því að neita þm. um upplýsingar. Hæstv. fjmrh. hefur heimild af hálfu ríkisins til þess að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, sem tekin eru erlendis. Og það er gert ráð fyrir því, að hæstv. fjmrh. noti slíkar heimildir af samvizkusemi. Ég vil bara rétt minna á það, til þess að segja þeim stjórnarflokkum, sem nú fara með völdin, að það er ekki rétt af þeim að vera með neinn hroka í slíku sambandi, að það er fullkomin þörf rannsóknar á, hvernig fjmrh. þessara flokka hafa hagnýtt slíkt vald. Ég á þar með alveg sérstaklega við þann fjmrh., sem sat á undan hæstv. núv. fjmrh., núv. utanrrh. Ábyrgðirnar, sem menn hafa heimild til þess að gefa fyrir hönd ríkissjóðs, eru gefnar á þeim grundvelli, að fjmrn. áliti tryggingarnar gildar, sem gefnar séu. Og ég býst við, að það verði tilefni hér bráðum í þinginu til þess að taka þau mál til nákvæmrar rannsóknar, hvernig þessar heimildir hafa verið notaðar, þannig að það er engin ástæða til þess, svo framarlega sem menn vita betur, að vera að neita um upplýsingar í þessu efni. Hitt er aftur á móti allt annað mál, ef menn segja sem svo: Okkur langar til þess að hafa þetta fé til vara, til þess t. d. að tryggja ýmis gagnleg innkaup viðvíkjandi framleiðslutækjum, sem bæta gjaldeyrisaðstöðu landsins. — Það er ekki alveg sama, um hvað er að ræða í slíku. Mér þykir það sem sé slæmt, að hæstv. fjmrh. skuli ekki hafa orðið við þessari ósk, en við því er ekkert að gera.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ekki er það ætlan mín að fara að hefja hér deilur um þessa till. um hækkun á ábyrgðarheimild fyrir Framkvæmdabankann. Eins og ég held, að ég hafi vikið að í minni fyrri ræðu áðan, má vel vera, að það sé ástæða til að hækka þessa ábyrgðarheimild. Ég hins vegar tel æskilegt, að hæstv. ríkisstj. gefi þinginu eitthvað nánari upplýsingar um það, til hvers ætlunin sé að nota þau lán, sem kunna að verða tekin af Framkvæmdabankanum gegn ríkisábyrgð. Hæstv. fjmrh. talaði hér áðan, en gaf engar upplýsingar um þetta. Hins vegar sagði hann,

að áður, þegar Alþingi hefði veitt slíka heimild Framkvæmdabankanum eða aukið við hana, þá hefðu ekki verið gefnar upplýsingar um það, hvernig ætti að nota þær heimildir, til hvaða framkvæmda ætti að nota þau lán, sem ríkið gengi í ábyrgð fyrir samkv. þessum heimildum. En mér sýnist, að þetta geti ekki staðizt alveg hjá hæstv. ráðh. Ég hef hér fyrir framan mig Alþingistíðindi frá 1953, en þar er einmitt stjfrv. á þskj. 546 um breyt. á l. um Framkvæmdabankann. Lagt er til, að 9. gr. l. sé breytt eða sett ný ákvæði um ábyrgðarheimild, og samkv. þessu frv. var lagt til, að heimildin yrði hækkuð úr 80 millj. í 175 millj. kr., og í aths. með þessu frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðan lögin um Framkvæmdabankann voru sett, hefur hann tekið þrjú erlend lán, samtals rúmar 27 millj. kr. Þá er nú ráðgert, að bankinn annist um lántöku erlendis til fyrirhugaðrar sementsverksmiðju. Fjárhæð þess láns mun væntanlega verða 40—50 millj. kr. Enn fremur mun bankanum verða falið að leita eftir erlendum lánum til raforkuframkvæmda þeirra, sem ráðizt verður í samkv. ákvörðun ríkisstj. í raforkumálum.“ En það var einmitt um þessar mundir, sem gerð var hin svonefnda tíu ára áætlun um framkvæmdir í raforkumálum, og þá þegar vitað, að til þess þurfti mikið fé. Þá segir einnig í athugasemdunum: „Rétt er að geta þess, að með lögum nr. 92 1952 er ríkisstj. heimilað að taka 22 millj. kr. lán handa stofnlánadeildum Búnaðarbanka Íslands, byggingarsjóði og ræktunarsjóði. Þetta lán tók Framkvæmdabankinn með ábyrgð ríkissjóðs samkv. 2. mgr. 9. gr. l. um Framkvæmdabanka, og fellur því heimild laga nr. 92 1952 niður ónotuð. Enn fremur mun falla niður lántökuheimild ríkisstj. að fjárhæð 46 millj. kr. í l. nr. 35 1948, um sementsverksmiðju, sbr. l. nr. 57 1950, ef Framkvæmdabankinn annast þá lántöku með ábyrgð ríkisstj. samkv. 9. gr. l. nr. 17 1953. Samanlagðar eldri lántökuheimildir, sem þannig falla niður, nema því 68 millj. kr.“

Í umr. um þetta frv. kom þetta sama fram, t. d. í ræðu frsm. fjhn. í Ed., hv. þm. Seyðf., Lárusar Jóhannessonar, þar sem hann talar einmitt um lán til sementsverksmiðjunnar og lánsheimild í öðrum lögum falli þá niður. Nokkru meiri umr. urðu um þetta í Ed., og einnig var nokkuð rætt um málið í Nd. Þar gerði þáv. hæstv. fjmrh. grein fyrir málinu mjög á sama veg og gert er í aths., sem ég nú hef vitnað til. Og þar segir hann frá ástæðum fyrir því, að frv. er lagt fyrir, það er fyrst og fremst fyrirhuguð lántaka til raforkuframkvæmda og sementsverksmiðjunnar og til stofnlánasjóða landbúnaðarins, og í ræðu í Nd. um málið fer þáv. fjmrh. fram á það, að fjhn. taki upp till. um að hækka ábyrgðaheimildina enn úr 175 millj. upp í 225, eða um 50 millj. frá því, sem gert var ráð fyrir, og segir, að það sé nauðsynlegt að gera þetta, vegna þess að búast megi við, að tekið verði meira lán til sementsverksmiðjunnar en áður hafði verið gert ráð fyrir, segir, að það geti farið svo, að þess gerist þörf. Frsm. fjhn. þessarar deildar var þá núv. hæstv. forseti, Jóhann Hafstein, og gerði hann í framsöguræðu sinni einnig grein fyrir þörfinni fyrir þessa heimildarhækkun þá. Síðan gerðist það, að eftir till., sem fram kom hér í hv. Nd., var frv. afgreitt þannig, að þessi hækkun var samþykkt, en sett inn í frv. grein, sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef Framkvæmdabankinn annast lántöku til að koma á fót sementsverksmiðju samkv. lögum þessum, fellur niður lántökuheimild ríkisstj. samkv. 2. gr. l. nr. 35 1948, um sementsverksmiðju.“

Þá féll niður þarna ábyrgðarheimild úr öðrum lögum einmitt á móti þessu, og önnur breyting mun hafa verið gerð einnig á frv. samkv. tilmælum þáv. fjmrh., þannig að við endanlega afgreiðslu var ábyrgðarheimildin ákveðin 225 millj. í staðinn fyrir 80, en felldar niður í staðinn eldri ábyrgðarheimildir úr öðrum lögum.

Ég hef hér sýnt fram á það, að einmitt þegar þessi aðalbreyting var gerð á l. og ábyrgðarheimildin hækkuð úr 80 upp í 225 millj., var gerð grein fyrir aðalástæðunum fyrir því, að farið var fram á þessa hækkun, og mér virðist, að það hafi verið gert frá hálfu stjórnarinnar fyrir fram, án þess að nokkur óskaði eftir slíku hér á hv. Alþingi.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta mál er svo einfalt, að í rauninni ættu þessar umr. að vera gersamlega óþarfar. Framkvæmdabankinn hefur farið fram á það af tveimur ástæðum, að ríkisábyrgðarheimildin í gildandi lögum verði hækkuð. Önnur ástæðan er gengisbreytingin á s. l. ári, og þarf að hækka upphæðina í íslenzkum krónum, til þess að bankinn geti haft svipaða aðstöðu um erlendar lántökur og áður. Ég hélt, að þetta væri auðskilið mál, og ætti varla að þurfa um það að deila. Hin ástæðan er sú, að Framkvæmdabankinn, sem hefur nú að mestu notað þær heimildir, sem hann hefur í lögum, óskar eftir að fá nokkra viðbótarheimild, til þess að hann hafi möguleika á erlendum lántökum, þegar á þarf að halda og þær eru mögulegar. Þetta er allt og sumt, sem frv. snýst um. Varðandi síðara atriðið hefur það frá stofnun bankans þótt sjálfsagt, að bankinn hefði nokkuð rúmar hendur varðandi ríkisábyrgðir til að taka erlent lán til þeirra framkvæmda eða umbóta, sem bankaráð bankans og bankastjóri hafa ákveðið.

Það er nú þannig eins og jafnan áður, að það er ekki ákveðið, til hverra einstakra framkvæmda eða lántaka þessar ábyrgðir verði notaðar. Hv. frsm. meiri hl. nefndi hér nokkur atriði, sem væru til athugunar hjá bankanum, en lántaka hefur ekki verið ráðin né ríkisábyrgð ákveðin í neinu þeirra tilfella.

Það er furðulegt, að þessir tveir hv. þm., síðustu ræðumenn, 3. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v., sem báðir hafa staðið að því að veita hækkunarheimildir ríkisábyrgða fyrir Framkvæmdabankann án þess sjálfir að minnast á það í þingræðum eða nál., til hvers ætti að nota þetta, að nú gera þeir veður út af þessu.

Ég skal nú sýna, hvernig þetta var síðast, þegar heimildin var hækkuð um 150 millj. kr. Það var á þinginu 1956—57, þegar báðir þessir hv. þm., sem hér hafa verið með gagnrýni, voru í stjórnarliði, stjórnarstuðningsmenn. Þá er lagt fram frv. um breyt. á framkvæmdabankalögunum. Það eru tvö atriði í því: annað er breyting á bankaráðinu og hitt er um hækkun á ríkisábyrgðarheimild fyrir Framkvæmdabankann um 150 millj. kr. Í grg. er ekki minnzt á einu orði, til hverra framkvæmda eigi að nota þetta. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhæðin var upphaflega 80 millj., var hækkuð í 225 millj., en nú er svo komið, að eigi er eftir af heimild þessari nema 60—70 millj., og þykir óhyggilegt, að ráðh. hafi eigi meiri möguleika til að veita bankanum ríkisábyrgð á erlendum lánum, þegar litið er til þess, hver reynslan hefur verið undanfarið. Með því er með frv. lagt til, að til viðbótar þeirri fjárhæð, sem nú er lögum samkv. heimilt að ábyrgjast, megi ríkissjóður ábyrgjast allt að 150 millj. kr.“

Síðan er ekki eitt einasta orð um, til hvers á að nota þetta, í hvaða einstakar framkvæmdir. Þetta er í sjálfu stjfrv., sem var borið fram af hv. núv. 1. þm. Austf. Síðan var málinu vísað til fjhn. Nd. Hún klofnar, og meiri hl. leggur til, og í meiri hl. eru þeir Skúli Guðmundsson og Einar Olgeirsson, að þetta sé samþ. óbreytt. Þeir minnast ekki á það, hvorki í nál. né umr., til hverra hluta eigi að nota þetta, af því að þeir voru þá þeirrar skoðunar, eins og þeir hafa verið frá stofnun bankans eða a. m. k. hv. 1. þm. Norðurl. v., að það væri eðlilegt, að bankinn hefði nokkrar heimildir til þess að fá erlent lán og ríkisábyrgð á þeim, þegar á þyrfti að halda til einhverra einstakra framkvæmda. Sem sagt, það hefur aldrei komið fyrir, meðan þessi mál hafa verið til umr. hér í Alþingi, að það væri sundurliðað í einstökum atriðum, til hverra hluta ætti að nota þessar ábyrgðir.

ATKVGR.

Brtt. 442,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GíslJ, GuðlG, GunnG, GÞG, HS, JP, JR, KGuðj, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, ÞÞ, JKs, BGr, BF, BBen, EI, EmJ, JóhH.

IG, GeirG, GíslG, HÁ, SkG, HB, EðS greiddu ekki atkv.

12 þm. (GÍG, GJóh, HV, IngJ, JSk, LJós, ÓTh, ÁÞ, BK, BP, EOl, PM) fjarstaddir.

Brtt. 442,2 samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, JP, JR, KGuðj, MÁM, PS, RH, SÁ, SI, JKs, BGr, BF, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, JóhH.

nei: SkG, ÞÞ, HB, IG, GíslG.

HÁ, HS, EðS greiddu ekki atkv.

13 þm. (GJóh, HV, IngJ, JSk, LJós, ÓTh, ÁÞ, BK, BP, EOl, PM, GeirG, GÍG) fjarstaddir.

Brtt. 442,3 samþ. með 23 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 20:3 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:1 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 479).

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í þessu frv. um breyt. á lögum um Framkvæmdabankann felast tvær aðalbreytingar. Önnur snertir skipun bankaráðsins. Þegar bankinn var stofnaður, var bankaráð hans þannig skipað, að Alþ. kaus þrjá menn í bankaráð, fjórði maður var tilnefndur af Seðlabankanum og sá fimmti var sjálfkjörinn, ráðuneytisstjórinn í fjmrn. Árið 1957 var skipun bankaráðsins breytt með lögum. Skyldu þá fjórir bankaráðsmenn kosnir hlutfallskosningu af Alþ., en sá fimmti skipaður af fjmrh., og skyldi hann vera formaður bankaráðsins. Með þessu frv. er gert ráð fyrir að breyta skipun bankaráðsins í það horf, að allir fimm bankaráðsmenn skuli kosnir hlutfallskosningu af Sþ. Sú skipan er til samræmis við það, sem gert er ráð fyrir í öðrum bankafrv., sem hér liggja fyrir, Seðlabanka, Landsbanka, Útvegsbanka, og samþ. var á síðasta Alþ. um Búnaðarbanka Íslands. Gert er svo ráð fyrir, að ráðh. skipi einn þessara þingkjörnu manna sem formann bankaráðsins. Enn fremur er ákvæði um, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. skuli eiga sæti á fundum bankaráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Bankinn hefur margvísleg störf á höndum fyrir fjmrn., og hefur frá öndverðu verið talið sjálfsagt, að náið samstarf yrði milli rn. og bankans. Það þykir því eðlilegt, að ráðuneytisstjórinn eigi sæti með þessum hætti í bankaráðinu.

Hin breyt. er sú, var gerð í meðförum Nd., að breyta þeirri hámarksupphæð, sem veita má ríkisábyrgð fyrir á erlendum lánum bankans. Þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður, var ákvæði um það, sem er óbreytt einnig samkv. þessu frv., að ríkissjóður beri ábyrgð á innlendum skuldbindingum bankans. Enn fremur var svo ákveðið, að fjmrh. væri heimilt að ábyrgjast erlend lán fyrir Framkvæmdabankann að upphæð allt að 80 millj. kr. Það var talið þá, að nauðsynlegt væri fyrir bankann að hafa slíkar heimildir, þegar hann tæki lán erlendis til einhverra sérstakra þarfa eða framkvæmda, sem bankinn vildi lána til og greiða fyrir. Árið eftir að bankinn var stofnaður, eða árið 1954, var þessi 80 millj. heimild hækkuð upp í 225 millj., og árið 1957 var þessi upphæð enn hækk-

uð um 150 millj., þannig að hún er nú 375 millj. Það er sú upphæð, sem heimilt er að veita ríkisábyrgðir fyrir á erlendum lánum bankans. Nú er þessi upphæð að sjálfsögðu reiknuð í íslenzkum krónum, og vegna gengisbreytingarinnar er þörf á að endurskoða og breyta þessari upphæð. Nokkur upphæð af þessum 375 millj. er enn ónotuð. Til þess að bankinn geti fengið með ríkisábyrgð jafnháa upphæð í erlendum gjaldeyri og fyrir gengisbreytinguna, þarf að hækka þessa fjárhæð í ísl. kr. Auk þess er eðlilegt, að um leið og greitt er af þeim lánum með ríkisábyrgð, sem bankinn hefur þegar tekið, skapist bankanum möguleikar til að taka jafnháa upphæð í erlendum gjaldeyri í staðinn, þannig að möguleikar hans að þessu leyti minnki ekki. Þetta er önnur ástæða til þess, að hækka þarf þessa upphæð. Loks hefur bankinn farið fram á, þar sem nokkuð langt er komið um notkun þessarar heimildar, að hann fái nokkra viðbótarheimild til þess að hafa möguleika á erlendum lántökum, þegar hann þarf á að halda vegna framkvæmda, sem hann vill eða ætlar að lána til. Af þessum ástæðum flutti meiri hl. fjhn. hv. Nd. till. um að hafa þessa hámarksupphæð 600 millj. kr., og liggja til þess þær þrjár ástæður, sem ég hér hef rakið.

Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir í hv. þd., og legg til, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 479, n. 522).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir frv. þessu við 1. umr. málsins hér í hv. d. og eins og kemur fram í grg. með þessu frv., þá felur það í sér tvær meginbreytingar frá núgildandi lögum. Önnur er sú, að bankaráð Framkvæmdabankans verður eftirleiðis kosið á annan hátt en nú er eða þann, að allir bankaráðsmenn eru kosnir hlutbundnum kosningum af sameinuðu Alþingi. Er sú skipan í samræmi við það, sem gert er ráð fyrir hvað snertir bankaráð annarra ríkisbanka. Hin meginbreytingin er fólgin í því, að hækkuð er ábyrgðarheimild bankanum til handa til samræmis við breytingar, sem orðið hafa á verðgildi peninganna.

Fjhn. hefur haft þetta mál til meðferðar, og mæla fjórir nm. með því, að það verði samþ. óbreytt, svo sem nál. á þskj. 522 ber með sér, en einn af okkur fjórum, sem skrifuðum undir nál., hefur þó fyrirvara, hv. 5. þm. Norðurl. e. Hv. 1. þm. Norðurl. e., Karl Kristjánsson, hefur hins vegar ekki séð sér fært að mæla með samþykkt frv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ekki gefið út neitt nál. sem nm. í fjhn., en það er tekið fram, sem rétt er og frsm. meiri hl. gat um, að ég sá mér ekki fært að mæla með frv.

Þetta frv. er eitt af fjórum samhliða frumvörpum um breytingar á bankalöggjöfinni, og mér virðist það athugavert við öll þessi frumvörp sameiginlega, að þau eru ekki gerð með gagngerri endurskoðun á bankalöggjöfinni, sem þó hefði mátt telja þörf á að gera og rétt hefði verið að gera, úr því að haft er fyrir því að breyta löggjöf þessara banka hér á Alþingi. Í öðru lagi virðist mér það ekki fullkominn tilgangur eða meðmælaverður að breyta löggjöf þessara banka fyrst og fremst með tilliti til þess að stytta gildistíma kosninga þeirra bankaráðsmanna, sem voru gerðar á sínum tíma. Umboð þeirra hafa ekki enn gengið út, og mér sýnist, að það hefði gjarnan verið hægt að bíða með slíkar ráðstafanir, þangað til búið væri að endurskoða löggjöfina. Enn fremur virðist mér, að þetta gæti verið dálítið athugavert, ef ríkisstjórnir tækju upp á því yfirleitt, — þær eru fljótar að fara frá völdum oft og einatt og nýjar koma, — að hver ný stjórn felli niður umboð bankastjórna til þess að koma að sínum stuðningsmönnum og gera gildandi sína pólitísku stefnu hverju sinni. Það er hætt við, að þá mundi bankastarfsemin geta orðið alllaus í rásinni í framkvæmd frá stjórnartímabili til stjórnartímabils.

Sú breyting, sem hér á að gera á l. um Framkvæmdabanka Íslands samkv. 1. gr. þessa frv., er vafalaust mjög réttmæt vegna breytts peningagildis. Hins vegar sé ég ekki, að hún gefi frv. það gildi og skapi því þá nauðsyn, að hún yfirskyggi aðrar þær breytingar, sem ég er búinn að nefna, og það athugaverða við setningu þeirra laga, sem nú á að setja um þessa fjóra banka, og þess vegna mun ég greiða atkv. á móti þessu frv. í heild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11:6 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:2 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 558).

---

41. Listasafn Íslands.

Á 4. fundi í Ed., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um Listasafn Íslands [41. mál] (stjfrv., A. 41).

Á 5. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

***Menntmrh.* (Gylfi Þ. Gíslason):** Herra forseti. Frv. um Listasafn Íslands samhljóða þessu frv. var flutt á síðasta Alþ., en varð þá eigi útrætt.

Um listasafnið eru nú ekki til nein lög. Því var það, að ég í janúar 1957 skipaði nefnd til þess að semja frv. til laga um safnið. Áttu sæti í n. Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, Björn Th. Björnsson listfræðingur, Gunnlaugur Scheving listmálari, dr. Gunnlaugur Þórðarson stjórnarráðsfulltrúi og frú Selma Jónsdóttir, umsjónarmaður listasafnsins. Er frv. þetta í öllum aðalatriðum eins og n. lagði til, að það skyldi vera. Áður en frv. var lagt fyrir Alþ., var það borið undir Bandalag ísl. listamanna, Félag íslenzkra myndlistarmanna, félagið Óháðir listamenn, Nýja myndlistarfélagið, þjóðminjavörð og menntamálaráð Íslands. Þær umsagnir þessara aðila, sem menntmrn. bárust, eru birtar með frv. sem fylgiskjöl. Að höfðu samráði við nefndina, sem frv. samdi, tók rn. til greina nokkrar ábendingar Félags ísl. myndlistarmanna, sem fjallaði um frv. fyrir hönd Bandalags ísl. listamanna, og sumar aths. þjóðminjavarðar.

Árið 1885 hafði Björn Bjarnarson, síðar sýslumaður og alþm. Dalamanna, forgöngu um það, að gefin voru hingað til lands 38 málverk, flest eftir danska málara, eða 29, en 6 eftir Norðmenn, 1 eftir Svía, 1 eftir Austurríkismann og 1 eftir Þjóðverja. Málverkin voru send landshöfðingja, en hann kom þeim fyrir í alþingishúsinu. Árið 1895 bættust 29 myndir í safnið, en þær hafði Edvald J. Johnsen læknir ánafnað safninu eftir sinn dag. Ári síðar áskotnuðust safninu enn 2 málverk. En fyrsta myndin, sem listasafnið eignaðist eftir íslenzkan mann, var höggmyndin Útilegumaður eftir Einar Jónsson frá Galtafelli. Ditlev Thomsen ræðismaður gaf safninu þá mynd árið 1902. Fyrsta málverkið, sem safnið eignaðist eftir Íslending, var málverkið Áning eftir Þórarin B. Þorláksson, en þá mynd gáfu nokkrir menn í Reykjavík safninu 1911.

Hinn 16. sept. 1915 fólu forsetar Alþingis þjóðminjaverði „alla umsjón, niðurskipun og skrásetningu allra málverka og listaverka þeirra, er Alþingi á eða landið". Er sagt í bréfi forsetanna til þjóðminjavarðar, að þeir ætlist til, að safn þetta verði „framvegis sem sérstök deild af þjóðminjasafni landsins", og verði ekki keypt neitt af listaverkum til safnsins nema í samráði við þjóðminjavörð. Samtímis veitti Alþingi nokkurt fé, til þess að unnt væri að hafa safnið til sýnis. 24. jan. 1916 ákvað stjórnarráðið, að „Listasafn Íslands, hér undir telst málverkasafn landsins og önnur listaverk, sem landið á, skal vera undir umsjón þjóðminjavarðar og vera ein deild af þjóðminjasafninu. Öll listaverk, sem landið síðar kann að eignast, skulu jafnóðum lögð til listasafnsins". Kom safnið þannig í umsjón þjóðminjavarðar, Matthíasar Þórðarsonar. Alþingi veitti jafnvel nokkurt fé til kaupa á erlendum listaverkum, auk þess sem safnið eignaðist smám saman verk eftir íslenzka listamenn.

Ýmsar góðar gjafir bárust safninu og á næstu árum. Má þar til nefna gjafir Guðjóns Sigurðssonar úrsmiðs, Helga Sigurðssonar prests á Melum, Christians Gierlöffs rithöfundar í Osló, frú Kristínar Andrésdóttur, ekkju Markúsar Ívarssonar forstjóra, og dætra þeirra, Magnúsar Grönvolds yfirkennara í Osló, Ragnars Moltzaus útgerðarstjóra í Osló og L. Foghts forstjóra í Kaupmannahöfn.

Síðast, en ekki síst, ber að nefna verðmætustu gjöfina, sem listasafninu hefur hlotnazt. Árið 1958 eignaðist listasafnið öll málverk Ásgríms Jónssonar listmálara, húseign hans og lausafé. En hann hafði í gjafabréfi ákveðið, að eftir andlát sitt skyldu öll málverk sín, hús og peningar verða eign listasafns ríkisins, og skulu þau varðveitt í húsi hans, þar til listasafn hafi verið byggt, þar sem myndunum sé tryggt svo mikið rúm, að gott yfirlit fáist um safn hans. Í safninu reyndust 423 fullgerðar myndir, þar af 198 olíumálverk og 225 vatnslitamyndir, auk þess 236 ófullgerðar myndir, 203 olíumálverk og 33 vatnslitamyndir, og enn fremur mjög margar teikningar. Er þetta ein verðmætasta gjöf, sem íslenzka ríkinu nokkru sinni hefur verið gefin.

Árið 1928 voru sett lög um menntamálaráð og menningarsjóð, og var í þeim ákveðið, að listasafnið skyldi vera undir stjórn menntamálaráðs og fé varið úr menningarsjóði til listaverkakaupa. Á árunum 1928—59 hefur verið varið 1.9 millj. kr. til listaverkakaupa. Á árinu 1951 var safninu komið fyrir í byggingu þjóðminjasafnsins, og hefur það verið þar síðan. Hefur aðsókn að safninu jafnan verið mikil. Auk þess sem þar hafa verið sýndar myndir safnsins sjálfs, hefur verið efnt þar til ýmissa sérsýninga, svo sem á myndum Ásgríms Jónssonar, Jóns Stefánssonar og Jóhannesar S. Kjarvals.

Þá skal ég fara nokkrum orðum um helztu ákvæði frv.

1. gr. kveður svo á, að safnið sé eign íslenzka ríkisins og fari menntmrn. með yfirstjórn þess. Þá er þar kveðið svo á, að menningarsjóður greiði listasafninu a. m. k. 500 þús. kr. árlega af tekjum sínum til listaverkakaupa. Þegar ný löggjöf var sett um menntamálaráð og menningarsjóð árið 1957 og menningarsjóði séð fyrir mjög auknum tekjum með því að leggja sérstakt gjald á aðgöngumiða að skemmtunum, var það að sjálfsögðu gert til þess að bæta skilyrði menningarsjóðs til þess að gegna hlutverki sínu. Verkefni menningarsjóðs hafa frá upphafi verið þríþætt: bókaútgáfa, listaverkakaup handa listasafninu og stuðningur við vísindarannsóknir. Tekjurnar, sem menningarsjóður hafði úr að spila í þessum tilgangi, voru sektir fyrir áfengislagabrot, og höfðu þær numið um ½ millj. kr. um nokkurt skeið. Höfðu tekjur þessar reynzt allt of litlar til þess að sinna þessum miklu og fjölbreyttu verkefnum. Með þeirri breytingu, sem gerð var á lögum um menningarsjóð 1957, voru tekjur hans um það bil sexfaldaðar eða auknar upp í því sem næst 3 millj. kr. Jafnframt var að vísu stofnaður vísindasjóður og menningarsjóði ætlað að greiða til hans a. m. k. 800 þús. kr. árlega, en jafnframt var þeirri skyldu í aðalatriðum létt af menningarsjóði að efla vísindarannsóknir í landinu. Tekjur þær, sem menningarsjóður skyldi hafa til ráðstöfunar til þess að sinna

hinum öðrum verkefnum sínum, urðu því rúmlega fjórfaldar á við það, sem áður hafði verið. Með hliðsjón af því, að menntamálaráð hafði um allmörg undanfarin ár varið um það bil 100—150 þús. kr. árlega til listaverkakaupa, er eðlilegt, að nú sé varið um það bil hálfri milljón árlega í þessu skyni. Eru ákvæði 1. gr. um þetta efni við það miðuð.

Í 2. gr. eru ákvæði um það, hvert vera skuli aðalhlutverk listasafnsins, og ætti ekki að þurfa að vera ágreiningur um þau ákvæði.

Í 3. gr. er svo ákveðið, að safnið skuli vera til sýnis almenningi án endurgjalds.

Í 4.—7. gr. eru ákvæði um stjórn safnsins, og eru það þau ákvæði frv., sem skoðanir geta helzt orðið skiptar um, enda var n., sem undirbjó frv., ekki á einu máli um þetta efni. Stjórn safnsins er nú í höndum menntamálaráðs Íslands undir yfirstjórn menntmrn. Menntamálaráð hefur lýst sig andvígt þessu frv. og telur það að taka stjórn safnsins undan menntamálaráði brjóta í bága við það, sem til hafi verið ætlazt með þeim nýju lögum um menningarsjóð og menntamálaráð. Þau lög voru á sínum tíma sett fyrir mitt frumkvæði, og sé ég ástæðu til að taka fram, að hér gætir misskilnings hjá menntamálaráði, því að í þessum lögum segir í 7. gr., að meðal verkefna menntamálaráðs sé „að hafa yfirumsjón með listasafni ríkisins, þar til lög verði sett um safnið.“ Það var alltaf ætlun mín að gangast fyrir því, að frv. yrði flutt að sérstökum lögum fyrir listasafnið, svo sem nefndarskipunin í ársbyrjun 1957 ber einnig vott um. Það virðist og í alla staði eðlilegt, að sérstök lög gildi um listasafnið og það lúti sérstakri stjórn, enda mun sá háttur vera hafður á hvarvetna í nágrannalöndum.

Í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að skipaður sé sérstakur forstöðumaður safnsins. Er hér ekki um nýmæli að ræða, því að síðan í október 1950 hefur verið starfandi sérstakur umsjónarmaður við safnið. Ákvæði greinarinnar um safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið eru við það bundin, að fé sé veitt í því skyni í fjárlögum. Samþykkt þessa frv. mun því ekki hafa í för með sér neina aukningu starfsliðs né aukin útgjöld.

Í 5. gr. eru ákvæði um safnráð, en verkefni þess á að vera að kaupa listaverk til safnsins, taka ákvörðun um viðtöku gjafa og sérsýningar, er safnið gengst fyrir. Ákvæðin um skipun safnráðsins eru eins og meiri hluti nefndar þeirrar, sem undirbjó frv., lagði til, að þau yrðu. Forstöðumaður listasafnsins á að vera formaður ráðsins, en auk hans skulu eiga sæti í því þrír listamenn, kjörnir úr hópi íslenzkra myndlistarmanna til fjögurra ára í senn, og skulu tveir þeirra vera listmálarar, helzt fulltrúar mismunandi liststefna, og einn myndhöggvari. Fjórði maðurinn skal vera tilnefndur af heimspekideild háskólans, þangað til kennsla í listsögu er hafin við háskólann, en þá skal kennarinn í þeirri grein eiga sæti í safnráðinu. Minni hl. n., sem undirbjó frv., þeir Gunnlaugur Scheving listmálari og dr. Gunnlaugur Þórðarson stjórnarráðsfulltrúi, taldi óeðlilegt, að heimspekideild háskólans eða listsögukennari þeirrar deildar eigi samkv. stöðu sinni sæti í safnráðinu, og lagði til, að menntmrh. skipaði einn safnráðsmanninn í þess stað. Félagið Óháðir listamenn tók undir þessa skoðun minni hl. nefndarinnar.

Í 6. gr. eru ákvæði, sem veita forstöðumanni safnsins og formanni safnráðsins meiri áhrif á ákvarðanir ráðsins, þ. e. fyrst og fremst listaverkakaup, en öðrum ráðsmönnum, því að þar segir, að sé safnstjóri tillögu andvígur, þá þurfi einróma samþykki hinna fjögurra, til þess að tillagan teljist samþykkt. Virðist með þessu sæmilega tryggt, að ákvörðun sé ekki tekin, nema gild rök liggi til hennar. Á hinum Norðurlöndunum er hvarvetna um að ræða safnráð, enda virðist með því móti bezt tryggt, að sem flest sjónarmið komi til greina við val á listaverkum. Í Danmörku og Noregi er forstjóri safnanna sjálfkjörinn formaður safnráðanna. Í Danmörku og Noregi eiga myndlistarmenn einnig allmikla hlutdeild í safnráðunum, 2 af 4 í Danmörku og 6 af 11 í Noregi. Í Svíþjóð eiga listamenn hins vegar enga aðild að safnráðinu.

Í þessu sambandi má geta þess, að þegar fjallað var um þetta frv. í Nd. í fyrra, gerðu tveir nm. menntmn., sem skiluðu áliti um frv. og lögðu til, að það yrði samþykkt, tillögu um, að ákvæðum um safnráð yrði breytt þannig, að íslenzkir myndlistarmenn, þeir sem séu eða hafi verið félagar í einhverju félagi myndlistarmanna, skuli kjósa úr sínum hópi 15 menn í nefnd, er velji úr hópi myndlistarmanna 3 menn í safnráð til 4 ára í senn og jafnmarga varamenn, tvo listmálara, er æskilegt sé, að séu fulltrúar mismunandi liststefna, og einn myndhöggvara, en aðild heimspekideildar háskólans eða listsögukennara hennar að safnráðinu falli niður og skipi menntmrh. mann í ráðið í stað þess.

Um önnur ákvæði frv. sé ég ekki ástæðu til að geta sérstaklega, nema ákvæði 14. gr. um rétt safnsins til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkum. Við meðferð málsins í hv. menntmn. Nd. í fyrra kom fram ósk um það af hálfu samtaka listamanna, að síðustu málsgr. 14. gr. yrði breytt í það horf, að til allrar eftirgerðar þurfi samþykki höfundar eða annars handhafa höfundarréttar og eigi hann þá rétt til þóknunar, en í frv., eins og n. gekk frá því og það er flutt hér, er gert ráð fyrir því, að ekki þurfi samþykki höfundar né heldur eigi hann rétt til þóknunar, ef safnið lætur gera eftirmyndir af listaverkunum til afnota fyrir það sjálft og til sölu innan veggja þess. Þótt ákvæði greinarinnar séu hér eins og þau voru í upphaflega frv., ber ekki að skilja það svo, að ég hafi neitt á móti þessari breyt., og get ég fyrir mitt leyti fallizt á hana, ef þeirri hv. n., sem fær málið til meðferðar hér, sýnist svo.

Ég óska þess mjög, að þetta frv. fái afgreiðslu nú á þessu þingi. Það er ekki vansalaust, að ekki skuli vera til löggjöf um Listasafn Íslands, einn verðmætasta fjársjóð, sem Íslendingar eiga. Þótt ég því á engan hátt finni að stjórn menntamálaráðs á listasafninu, er í alla staði

eðlilegt, að svo stórri og mikilvægri stofnun sem Listasafni Íslands sé fengin sérstök stjórn, sem hafi ekki öðrum störfum að gegna. Hitt er svo rétt, að ekki er nægilega vel séð fyrir þörfum listasafnsins með því einu að setja um það löggjöf. Brýnasta hagsmunamál safnsins er bygging húss fyrir listaverk þess. Að því máli er ekki vikið á annan hátt í þessu frv. en að í 13. gr. segir, að reisa skuli sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé sé veitt til þess á fjárlögum eða á annan hátt. En það má ekki dragast miklu lengur, að hafizt sé handa um að reisa byggingu, þar sem þjóðin geti notið þess mikla fjársjóðs, sem í listasafninu felst.

Fyrir tveimur árum samþykkti Alþingi lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands. Var tilefni þess það, að Jóhannes S. Kjarval afþakkaði, að ríkið reisti hús, sem vera skyldi honum vinnustofa og jafnframt til sýningar á verkum hans, en um það hafði Alþingi samþykkt fjárveitingu. Óskaði Kjarval þess, að það fé, sem veitt hafði verið til Kjarvalshúss, skyldi renna sem stofnfé í byggingarsjóð listasafnsins. Samþykkti Alþingi þegar í stað stofnun byggingarsjóðsins með framlögum til Kjarvalshúss sem stofnframlagi. Síðan hefur ½ milljón kr. verið veitt árlega á fjárlögum í þennan byggingarsjóð. En betur má, ef duga skal, til þess að listasafn rísi fljótlega af grunni. Er auðséð, að sérstakrar tekjuöflunar er þörf í því skyni.

Ég hef áður sett fram þá hugmynd, að hluta af þeim tekjum, sem hin þrjú stóru happdrætti, happdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og happdrætti Háskóla Íslands, nú hljóta í skjóli löggjafar frá Alþingi og með margs konar öðru tilstilli ríkisvaldsins, væri vel varið til þess að stuðla að byggingu listasafns, auk þess sem styðja ætti vísindarannsóknir í landinu í auknum mæli af þessum tekjum, en þær munu nú nema alls um 10 millj. kr. árlega. Þessi hugmynd hefur ekki enn fengið nægilegan hljómgrunn, fyrst og fremst eflaust vegna þess, að menn hafa talið, að skipting fjárins milli fleiri verkefna en það nú er notað til mundi draga úr stuðningi við þau góðu mál, sem þessar tekjur nú styrkja. En svo þyrfti þó ekki að vera, þar sem tekjur þessar vaxa ört ár frá ári. Fjárþörf til sumra þeirra verkefna, sem nú eru studd með þessum tekjum, hefur hins vegar fremur farið minnkandi en vaxandi. Ég er því enn þeirrar skoðunar, að þessa leið ætti að fara til þess að stuðla að framgangi þess ótvíræða nauðsynjamáls, sem bygging listasafns er. Ég minni á þetta í þessu sambandi, þótt það sé þessu frumvarpi í sjálfu sér óviðkomandi. En ég get þó ekki látið vera að undirstrika þörfina á byggingu listasafns, þegar löggjöf um safnið er til umræðu. Hitt vona ég, að þótt skoðanir manna séu eitthvað skiptar um það, hvaða leið eigi að fara til þess að tryggja fé til byggingar safnsins, þá verði það ekki til þess að tefja fyrir því, að nauðsynleg löggjöf verði sett um safnið, því að við svo búið má ekki lengur standa, að jafnvel sjálfsögð lagaákvæði séu ekki til um eina merkustu og mikilvægustu stofnun þessarar þjóðar.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Eins og hæstv. menntmrh. tók fram, er þetta frv. til laga um Listasafn Íslands ekki nýtt. Það var hér á ferðinni í fyrra og komst þá í nefnd, sem sýnilega hafði engan áhuga á að afgreiða málið, af hvaða ástæðum sem það nú var.

Mér sýnist þetta frv. í heild ekki illa úr garði gert. Ráðuneytið á að fara með yfirstjórn safnsins. Þá á að koma 5 manna safnráð, valið vísdómslega samkv. flóknustu reglum. Síðan er forstöðumaður af fínustu tegund, safnvörður og svo loks allt annað nauðsynlegt starfslið. Fyrir þessu er öllu vel séð í frv. og sömuleiðis því, að til listaverkakaupa skuli árlega varið a. m. k. hálfri milljón króna. En þótt þetta sé allt gott og blessað og frv. allt hið snoturlegasta að frágangi, þá á það að mínum dómi samt ekki brýnt erindi gegnum þingið að þessu sinni. Það má að vísu segja, að meinlaust sé að leggja það fram, en ég held, að frv. sé bezt geymt hjá nefnd einnig nú, að það verði lagt þar til hliðar að sinni eins og fyrra skiptið.

Ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. leggur þetta frv. fram af áhuga fyrir velferð listasafns ríkisins. En mig undrar, að hann skuli ekki grípa annars staðar niður, að hann skuli leggja fram þetta frv., eins og það er úr garði gert, en gera ekki heldur annað, sem listasafninu er miklu brýnna og nauðsynlegra. Á þessa brýnu nauðsyn listasafnsins benti hæstv. ráðherra í niðurlagi sinnar ræðu, og ég hafði búizt við, að í samræmi við það hefði hann einbeitt sér að því verkefni, sem brýnast er, en ekki að því, sem síður liggur á.

Listasafn ríkisins er til, en gallinn er sá, að það á ekkert þak yfir höfuðið. Það hírist nú í húsakynnum þjóðminjasafnsins við mjög þröngan kost, bæði sjálfu sér og þjóðminjasafninu til mikils baga. Það er þannig húsnæðisleysið, sem mest háir listasafninu, en ekki skortur á lögum. Það mætti spyrja í því sambandi, hvar 5 manna safnráðið ætti að starfa og hvar ætti að koma fyrir forstöðumanninum, safnverðinum og öllu öðru nauðsynlegu starfsliði. Fyrir það er ekkert húsnæði. Nei, það er fyrst og fremst húsnæði, sem listasafn ríkisins vantar, en alls ekki lög. Úr húsnæðisskortinum þarf að bæta hið bráðasta, og þegar það hefur verið gert, má fara að tala um lög handa stofnuninni, ef þess þá yfirleitt gerist nokkur þörf. Það má á það benda, sem raunar má lesa í grg., að ríkislistasafnið í Kaupmannahöfn er í hinum glæsilegustu húsakynnum og hefur verið það í marga áratugi, en lög á það engin til enn í dag og virðist þó komast vel af þrátt fyrir það. Sama má segja um þjóðminjasafnið í Reykjavík. Það á sitt eigið húsnæði og hefur því fram að þessu getað dafnað. En það á engin sérstök lög, enda sjálfsagt enginn orðið til þess að falast eftir þeim.

Ýmsir aðilar hafa verið spurðir álits um þetta frv., og meðal þeirra er menntamálaráð. Menntamálaráð mælir ekki með þessu frv., en það bendir á, að sú sé brýnust nauðsyn safns-

ins, að húsnæðismálum þess verði komið í viðunandi horf, og að eftir að það hefur gerzt, kæmi til mála að setja sérstaka löggjöf safninu til handa. Kristján Eldjárn þjóðminjavörður telur í sínu áliti lagasetningu um listasafnið lítils virði, á meðan ekki sé bætt úr húsnæðisþörfinni. Og hann segir orðrétt í álitsgerð sinni: „Lagafrv. um Listasafn Íslands er gott út af fyrir sig, en missir marks, ef ekki kemst mjög bráðlega skriður á byggingu þess húss, sem verður frumskilyrði þess, að lögin geti verkað eðlilega."

Fyrir hv. Nd. liggur nú frv. til laga um fræðslumyndasafn ríkisins. Það er líka stjórnarfrv. og raunar í þessu keimlíkt hinu. Þar er prýðilega séð fyrir yfirstjórn, fjölmennri undirstjórn og mætu starfsliði, en með öllu gengið fram hjá húsnæði handa safninu, sem nú mun vera á götunni í bókstaflegri merkingu svo að segja. Þannig er þetta. Það, sem öllu öðru fremur háir þessum söfnum, er húsnæðisskorturinn, en úr honum er ekki hirt að bæta með þessari löggjöf, heldur reynt að breiða yfir ósómann áferðarfalleg lög. Á sama hátt var farið að við náttúrugripasafnið. Það fékk á sínum tíma sinn ágæta lagabálk, en ekkert húsnæði, og hefur þess vegna aldrei getað þrifizt. Mér hefði fundizt meira til um áhuga hæstv. menntmrh., ef hann hefði nú á þessu þingi viljað beita sér fyrir að bæta úr þessari þörf, þessari brýnustu þörf listasafnsins, og leitazt við í framkvæmd að leysa það vandamál. Það hefði verið sómasamlegra og gagnlegra að beita sér fyrir byggingu húss handa listasafninu en að kasta fram þessu frv. hvert árið eftir annað.

Ég vakti máls á því fyrir nærri tveimur árum á fundi í Sþ., hvort ekki mundi tilhlýðilegt að minnast 150 ára afmælis Jóns Sigurðssonar með því að reisa listasafni þjóðarinnar verðug heimkynni. Þeirri málaleitun svöruðu stjórnarvöldin með þögninni, nema pappírslög um þetta efni eigi að skoðast sem þeirra svar. Þótt til lítils muni vera, ætla ég að endurtaka það, sem ég lagði til fyrir nærri tveimur árum.

Á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, 17. júní 1911, var stofnaður Háskóli Íslands. Það var vel til fundið og verðug minning hins merka manns. Með þeirri stofnun var iðkendum fræða og vísinda á Íslandi tryggður sess í framtíðinni, og var það vel í anda Jóns Sigurðssonar. En með þennan minnisvarða í huga virðist ekki fjarri lagi að renna augum nú, er líður að árinu 1961, 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar, til annars veigamikils þáttar í menningarlífi þjóðarinnar, listanna. Áður vanhagaði þjóðina um háskóla. Nú skortir hana sómasamleg húsakynni listasafni sínu til handa. Væri það ekki tilhlýðilegur vottur ræktarsemi og virðingar að reisa þau heimkynni af grunni á 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar? Vísindi og listir, skóli og listasafn eru greinar á sama meiði, en menning þjóðarinnar er bezta tryggingin fyrir sjálfstæði hennar um alla framtíð, sjálfstæðinu, sem Jón Sigurðsson barðist fyrir allra manna bezt hér á landi.

Bygging Listasafns Íslands ætti að helgast minningu Jóns Sigurðssonar. Það er enn ekki of seint. Fjár verður tæpast erfitt að afla, þar koma frjáls framlög almennings til, fyrirtækja og sveitarfélaga, auk þess sem ríkissjóði væri gert að láta af mörkum.

Á þessa leið var hugmyndin, sem ég hreyfði fyrir tæpum tveimur árum hér. En hún féll ekki í smekk hæstv. ráðh. Þeir kusu að minnast þessa afmælis með öðrum og að mínum dómi lágkúrulegri hætti, en út í það skal ég ekki fara hér.

Ég vil að lokum undirstrika þetta: Hús handa listasafninu er brýnasta nauðsyn þeirrar stofnunar. Þetta viðurkenndi einnig hæstv. ráðh. Henni liggur ekkert á lagabálki þeim, sem henni er nú fyrirhugaður. Hann getur beðið öllum að skaðlausu. En húsnæði þarf listasafnið að fá og það sem allra fyrst. Það séu mín tilmæli til hæstv. ráðh., að hann beiti sér að því verkefni, sem brýnast er, en láti það bíða, sem frekar má bíða í þessu efni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mér urðu það nokkur vonbrigði, að hv. 9. þm. Reykv. (AGl) skuli taka þessu frv. eins og ræða hans bar vott um. Um það erum við alveg sammála, og kom það fram í ræðum okkar beggja, að stærsta hagsmunamál safnsins nú er að sjálfsögðu bygging yfir verk þess. Af því má auðvitað engan veginn draga þá ályktun, sem hann gerði, að þetta frv. sé þýðingarlaust, það þurfi ekki að ná fram að ganga og það væri bezt geymt í nefnd. Sannleikurinn er sá, að það mundi auðvelda alla baráttu fyrir fjáröflun til byggingarinnar, að mál safnsins séu komin á traustan og öruggan grundvöll. Það er baráttunni fyrir nauðsynlegu fé til safnbyggingarinnar nokkur fjötur um fót, að bókstaflega engin lagaákvæði eru til um safnið. Ég hef heyrt þá röksemd, þar sem fjármál safnsins eða safnbyggingar hefur borið á góma, að málefnum safnsins hafi á undanförnum áratugum ekki verið sinnt meira en svo, að það hafi ekki einu sinni verið hirt um að setja safninu sérstök lög, eins og þó eigi sér stað um flestar hliðstæðar stofnanir. Auk þess, að það er sjálfsagt og eðlilegt, að um allar mikilvægar stofnanir þjóðfélagsins séu til sérstök lög, má enn fremur segja, að það sé dálítill þáttur í baráttunni fyrir því að afla fjár til byggingar yfir safnið að treysta starfsgrundvöll þess eins vel og unnt er, og það er m. a. gert með því að búa því lagagrundvöll. Það má því segja, að að vissu leyti sé lagasetning nauðsynleg forsenda þess, að hafizt sé handa um byggingarframkvæmdir, nauðsynleg forsenda þess, að hægt sé að berjast með þeim hætti, sem nauðsynlegt er, fyrir nauðsynlegum fjárveitingum til byggingarinnar og fjáröflun til hennar og á annan hátt.

Annars held ég, að það verði ekki sagt með nokkrum rétti, að mig hafi skort áhuga á því að afla fjár til byggingar safnsins. Ég beitti mér fyrir því, að veitt er nú árlega fé til byggingar safnsins, þó að það sé að vísu ekki nema ½ milljón kr. núna, sem í þessu skyni er varið á hverju ári. Ég setti einnig fram till. á sínum

Listasafn Íslands.

tíma um sérstaka fjáröflun til byggingar safnsins, og voru þær till. þannig, að gert var ráð fyrir því, að happdrætti SÍBS og happdrætti DAS greiddu í byggingarsjóð listasafnsins jafnmikinn hluta af árlegum tekjum sínum og háskólinn og háskólahappdrættið greiðir til atvinnudeildarinnar, en það er ⅛ hluti af árlegum tekjum háskólahappdrættisins. Ef þetta hefði náð fram að ganga eða næði fram að ganga, má gera ráð fyrir, að í byggingarsjóð listasafnsins rynnu um 1—1½ millj. kr. árlega umfram það, sem ríkið veitir á fjárlögum hvers árs, og væri með því móti vel séð fyrir þörfum listasafnsins. Þessar till. hlutu því miður ekki nægilegan stuðning á sínum tíma, og vil ég því óska, að ég mætti draga þær ályktanir af ummælum hv. 9. þm. Reykv., að hans flokkur væri nú slíkum till. fylgjandi, en á það skorti því miður á sínum tíma, að hans flokkur vildi veita þessum till. nægilegt brautargengi.

Án þess að ég vilji nú hefja hér neinar ádeilur á hv. 9. þm. Reykv. eða hans flokk í þessu sambandi, get ég þó ekki stillt mig um að geta þess, þar sem hann sagði, að hann hefði vænzt annars af mér í þessu sambandi en þess, að ég legði fram þetta, sem hann kallaði falsfrumvarp, í stað raunhæfrar baráttu fyrir fjárveitingu til byggingar safnsins, að í þeirri stjórn, sem okkar flokkar báðir stóðu að, tókst aldrei að fá neitt samkomulag um það að taka upp fjárveitingu á fjárlögum til byggingar listasafnsins, og stóð það m. a. á afstöðu flokks þessa hv. þm. Ég lagði fram till. um það oftar en einu sinni, en hlaut ekki stuðning við það frá hans flokki, og þess vegna var það ekki fyrr en Alþfl. fór einn með ríkisstj., að ákveði um framlag til byggingar listasafnsins var tekið upp í fjárlög. Nú þætti mér vænt um, ef skilja mætti ræðu hv. þm. þannig, að afstaða flokks hans í þessu máli væri breytt til batnaðar. Hefði ég að vísu heldur kosið, að það hugarfar hefði verið þar ofan á, meðan flokkurinn mátti sín einhvers í ríkisstj., því að það gagnar minna, að afstaða flokksins sé orðin þessi nú, eftir að hann er utan ríkisstj. En betra er þó seint en aldrei, þegar um slíka hugarfarsbreytingu er að ræða.

Hv. þm. gat þess, að engin lög væru til um þjóðminjasafnið, hefði það þó vel dafnað hingað til, og mætti af þessu bezt sjá, að listasafninu væri heldur engin nauðsyn á lögum. Í sambandi við þetta vil ég upplýsa, að frv. til laga um þjóðminjasafn er nú í samningu á vegum menntmrn., og vona ég, að frv. um það efni verði lagt fyrir þetta þing. Ég vil segja sama um það efni og ég sagði áðan um listasafnið, að það er engan veginn vansalaust, að ekki skuli vera til lagasetning um sjálft þjóðminjasafnið. Úr því á að sjálfsögðu að bæta, og úr því er verið að bæta núna.

Hv. þm. vék einnig að áliti menntamálaráðs á þessu frv. Ég vil aðeins endurtaka og undirstrika það, sem ég sagði í framsöguræðu minni, að það álit er byggt á misskilningi. Menntamálaráð hefur látið þess getið í bréfi, að það væri ekki í samræmi við þá stefnu, sem kom fram í hinni nýju lagasetningu um ráðið frá 1957, að taka stjórn listasafnsins undan menntamálaráði. Að þetta er misskilningur, sést þegar á því, að í sjálfu frv. er yfirstjórn menntamálaráðs yfir safninu bundin við þann tíma, þar til sérstök lög verði sett um listasafnið. Nefndin, sem undirbjó hina nýju lagasetningu fyrir menntamálaráð, var á einu máli um, að eðlilegt væri, að sérstök lög yrðu sett um listasafnið, og kemur það greinilega fram í nál. hennar, sem prentað var sem fylgiskjal með frv. um menntamálaráð frá 1957, enda var n., sem samdi þetta frv., skipuð um svipað leyti og n. til þess að endurskoða löggjöfina um menntamálaráð og menningarsjóð.

Þá gat hv. þm. um, að húsnæðismál fræðslumyndasafnsins væru í óefni og þyrfti sömuleiðis að bæta þar um. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hefur kunnugleika á því, sem fyrir ekki alllöngu hefur gerzt einmitt í þessum málum. Kann að vera, að hann hafi það ekki, og ekki heldur hægt til þess að ætlast, en húsnæði fræðslumyndasafnsins hefur fyrir nokkru verið aukið mjög verulega, þó að það sé að vísu ekki komið í það horf, sem ég vildi gjarnan kjósa að það kæmist. En ég mundi einnig halda, að framgangur þess frv., sem stjórnin hefur einnig lagt fyrir þetta þing, mundi bæta aðstöðu menntmrn. og væntanlegrar yfirstjórnar fræðslumyndasafnsins í baráttunni fyrir því að koma húsnæðismálum fræðslumyndasafnsins endanlega á þann grundvöll, sem nauðsyn ber til.

Ég vil einnig bæta nokkru við ummæli hv. þm. um húsnæði náttúrugripasafnsins, þar sem hann sagði, að lög hefðu verið sett um náttúrugripasafnið, en því ekki fengið viðunandi húsnæði. Þetta átti við eða var rétt til skamms tíma. En einmitt nú fyrir tveimur árum hefur verið bætt mjög myndarlega úr brýnni húsnæðisþörf náttúrugripasafnsins, þar sem það hefur fengið mjög rúmgott og mjög fullkomið nýtt húsnæði til umráða innarlega við Laugaveg og er einmitt nú þessar vikurnar að koma því fyrir í hinu nýja húsnæði, sem eflaust mun duga náttúrugripasafninu um nokkur komandi ár, meðan bygging endanlegs safnhúss er í undirbúningi og meðan hún verður framkvæmd. Hygg ég, að enginn, sem að náttúrugripasafninu stendur og til hagsmuna þess og þarfa þekkir, hafi nú ástæðu til þess að kvarta yfir húsnæðisleysi, ekki einu sinni yfir lélegu eða þröngu húsnæði náttúrugripasafnsins, og mætti þvert á móti segja, að vel væri, ef öll söfn í landinu byggju við jafngott og glæsilegt húsnæði og náttúrugripasafnið nú hefur yfir að ráða.

Þessi atriði vil ég láta koma fram í tilefni af ræðu hv. þm. Mér þykir vænt um áhuga hans á því, að byggingu yfir Listasafn Íslands sé hraðað, þó að ég segi það aftur að síðustu, að enn vænna hefði mér þótt um áhuga hans, ef ég hefði orðið hans svona ríkulega var undanfarin 3—4 ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Listasafn Íslands.

Á 68. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 41, n. 429, 430).

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þegar frv. þetta var til 1. umr. hér í hv. Ed., fylgdi hæstv. menntmrh. því úr hlaði með ræðu, og þar sem frv. fylgir enn fremur allýtarleg grg., sé ég ekki ástæðu til að fara hér mörgum orðum um frv. almennt, en mun hins vegar aðallega ræða um þær brtt., sem menntmn. hefur orðið sammála um að flytja við frv. og ég mun síðar koma að.

Menntmn. hefur rætt þetta frv. á allmörgum fundum. Hún boðaði á sinn fund þá nefnd, sem samdi frv. á sínum tíma, og auk þess formenn þeirra þriggja félaga myndlistarmanna, sem nú eru hér starfandi. Þessir aðilar mættu á einum af fundum n., nema formaður Nýja myndlistarfélagsins, sem var forfallaður. Þeir gáfu nm. ýmsar skýringar og ábendingar og tjáðu sig um brtt., sem til umr. voru í menntmn.

Nm. hafa allir orðið sammála um að flytja við frv. brtt. þær, sem eru á þskj. 430, en einstakir nm. hafa óbundnar hendur um að flytja frekari brtt. við frv. og fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Ég mun þá víkja nokkuð að brtt. þeim, sem menntmn. flytur og eru á þskj. 430.

Er þá 1. brtt., sem er við 2. gr. A-liður hennar er um, að aftan við b-lið bætist: „geyma má fé í þessu skyni frá ári til árs". Sú upphæð, sem skv. frv. skal verja til kaupa á erlendum listaverkum, þ. e. a. s. $1/10$ hluti af þeirri heildarupphæð, sem safninu er fengin til listaverkakaupa, yrði vart svo mikil, að eins árs framlag nægði til þess að kaupa erlent listaverk, sem safninu gæti orðið verulegur fengur að. Það má frekar gera ráð fyrir, að leggja yrði saman framlög fleiri ára til slíkra kaupa, og það þykir rétt að taka af öll tvímæli um heimild til slíks, enda vakti það einnig fyrir þeirri n., sem frv. samdi.

Með b-lið 1. brtt. er lagt til, að listasafninu verði falin umsjón með öllum listaverkum í eigu ríkisins, þótt geymd séu utan safnsins, öðrum en þeim, sem geymd eru í þjóðminjasafninu eða falin eru þjóðminjaverði eða öðrum til umsjónar. Það síðasttalda nær þannig til safns Einars Jónssonar og Ásgrímssafns, sem nú eru bæði undir sérstakri stjórn eða í sérstakri umsjá. N. var tjáð, að eins og nú hagaði til, væru listaverkin, sem þessi brtt. nær til, þ. e. a. s. listaverk í eigu ríkisins, á skrá hjá listasafninu. Með brtt. er lagt til, að listasafninu verði falin umsjón þeirra, þ. á m. eftirlit með því, að þau séu forsvaranlega varðveitt og hljóti nauðsynlegar viðgerðir o. s. frv.

2. brtt. n. er við 4. gr. frv. Hér er lagt til, að forstöðumaður safnsins verði skipaður, þegar lögin öðlast gildi. Samkvæmt frv. er safnráði falið mikilvægt hlutverk, en forstöðumaður safnsins skal eiga sæti í safnráði, og jafnframt er hann formaður þess. Safnráð verður því eigi fullskipað og starfhæft, fyrr en skipaður hefur verið forstöðumaður safnsins, og því virtist nm. einsætt að flytja þessa brtt.

3. brtt. n. er við 5. gr. frv., sem fjallar um safnráð og skipun þess, og er lagt til, að á þeirri grein verði gerðar allverulegar breyt. Er þá fyrst það að nefna, að lagt er til, að menntmrh. skipi einn mann í safnráð og varamann hans eftir hverjar alþingiskosningar, í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir, að þegar kennsla í listasögu verði hafin í Háskóla Íslands, skuli kennarinn í þeirri grein vera sjálfkjörinn í safnráð, en þangað til skuli heimspekideild háskólans velja mann í safnráð svo og varamann.

Eins og fram kemur í grg. með frv., varð ágreiningur í undirbúningsnefndinni eða n. þeirri, sem frv. samdi, um þetta atriði. Minni hl., eða tveir af fimm nm., vildi hafa þá skipan á, sem menntmn. leggur nú til. Fyrir meiri hl. undirbúningsnefndarinnar mun það hins vegar hafa vakað, að sú skipan, sem í frv. felst, mundi ýta frekar undir það, að upp yrði tekin kennsla í listasögu við háskólann.

Þegar þeir, sem að samningu frv. stóðu, mættu á fundi menntmn., var álits þeirra leitað m. a. um þetta atriði, og ég ætla, að mér sé óhætt að fullyrða það, að meiri hl. hafi út af fyrir sig ekki verið henni andvígur, ekki talið, að sú skipan, sem lögð er til með brtt., væri á neinn hátt óheppilegri, heldur hafi vakað fyrir þeim að ýta e. t. v. undir, að upp yrði tekin kennsla í listasögu við háskólann, með því að fela heimspekideildinni að tilnefna mann.

Þá eru lagðar til verulegar breyt. á kosningu hinna þriggja fulltrúa listamanna í safnráðið og varamanna þeirra. Það er í fyrsta lagi lagt til, að kosningarréttur og kjörgengi sé bundið við félög myndlistarmanna, sem starfandi eru, þegar kosning fer fram, þó þannig, eins og í frv. er reyndar gert ráð fyrir, að það nægi, til þess að menn hafi kosningarrétt og kjörgengi, að þeir hafi verið starfandi í einhverju slíku félagi, þótt ekki séu þeir enn félagar, þegar kosningin fer fram, en brtt. felur það m. a. í sér, að þarna sé miðað við félög, sem þá eru starfandi.

Þá er sú mikilvæga breyt. lögð til, að í stað þess að kosið sé á fundi, sem boðað sé til með þeim hætti, sem í frv. greinir, fari kosning fram skriflega og utan kjörfundar, og séu þeim, sem kosningarrétt hafa, sendir kjörseðlar. Kjörstjórn skuli sjá um undirbúning og framkvæmd kosningarinnar og sé hún skipuð forstöðumanni safnsins, sem sé formaður hennar, ráðuneytisstjóranum í menntmrn. og einum manni tilnefndum af stjórn Bandalags íslenzkra listamanna. Kjörstjórn skuli láta gera kjörseðla, sem séu í samræmi við það, sem lögin ákveða, og m. a. sé þannig frá gengið, að kosnir verði, eins og bæði er í frv. og eins í brtt. gert ráð fyrir, tveir málarar og einn myndhöggvari í safnráðið. Þótt ekki komi það fram, hvorki í frv. né heldur í brtt. þeim, sem menntmn. hefur flutt, þá er það vitanlega undirskilið, að varamenn skuli einnig vera tveir málarar og einn myndhöggvari. Það yrði sem sé kjörstjórnarinnar að hafa hér kjörseðla þannig, að tryggilega verði frá því gengið, að kjörnir safnráðsmenn af listamanna hálfu sem og varamenn skiptist þannig í hópa.

4. brtt. n. er við 6. gr. frv. Þar leggur *menntmn.* til, að áfram haldist það vald safnstjóra eða forstöðumanns safnsins, sem ráðgert er í 6. gr. frv., þegar um listaverkakaup er að ræða, eða m. ö. o. falli burt, að einróma samþykki fjögurra safnráðsmanna þurfi til ákvörðunar um kaup á listaverkum, ef forstöðumaður safnsins eða safnvörður í forföllum hans er henni andvígur. Það er sem sé, ef um listaverkakaup er að ræða. En um önnur þau mál, sem safnráð fjallar um, er lagt til, að rísi ágreiningur milli formanns safnráðs og annarra safnráðsmanna, þá skuli bóka ágreiningsatriðið og rökstudda grg. aðilanna í gerðabók ráðsins og megi síðan skjóta slíkum ágreiningi til menntmrh. til úrskurðar.

Við 11. gr. frv. flytur n. 5. brtt. sína, sem er um það, að við bætist nýr málsl.: „Með samþykki safnráðs má þó víkja frá þessu ákvæði." Það er sem sé því, að óheimilt sé að lána listaverk safnsins nema á listsýningar, og þá því aðeins, að forstöðumaður telji sérstaka ástæðu til. Þetta þótti vera nokkuð strangt, og n., sem undirbjó frv., var einnig sömu skoðunar og taldi nú, að þarna væri of fast að orði kveðið og rétt væri að veita heimild til annarra lána en á listsýningar, að því tilskildu, að samþykki safnráðs kæmi til.

Loks er 6. og síðasta brtt. n., við 14. gr. frv., og fjallar um rétt til eftirmyndunar eða annarrar eftirgerðar af listaverkum. Í frv. er gert ráð fyrir, að safnið hafi rétt til slíkrar eftirmyndunar til afnota fyrir safnið sjálft og til sölu innan veggja þess, en hér er lagt til, að við bætist: „og á sýningum, sem það heldur," þ. e. a. s. sýningum, sem safnið gengst fyrir. Fulltrúar listamanna, sem mættu á fundi menntmn., höfðu ekkert við þetta að athuga, og n. þótti rétt og eðlilegt, að ákvæði um þetta bættist inn í frv.

Ég ætla, að það sé ekki fleira, sem ég þarf um þetta mál að segja að svo komnu.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Ég ætla ekki að hreyfa neinum athugasemdum við brtt. frá hv. menntmn. Ég hygg, að þær muni flestar eða allar til bóta. En ég vil hafa orð á því nú, að mér finnst, að brtt. hv. n. hefðu átt að vera fleiri. Sérstaklega sakna ég þess, að ekki skuli hafa komið frá n. nein till. til breyt. á 13. gr. frv., en þá grein gerði ég að umtalsefni lítils háttar við 1. umr. málsins.

Í 13. gr. segir, að reisa skuli sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess á fjárlögum eða á annan hátt. Ég hafði orð á því, að með tilliti til hinna miklu húsnæðisvandræða listasafns ríkisins væri þetta harla óákveðið ákvæði og veitti ekki af að herða á því. Þeim tilmælum eða þeirri áskorun beindi ég til hv. n. að taka þetta sérstaklega til athugunar. Margir, sem þekkja til listasafns ríkisins, eru þeirrar skoðunar, að safnið vanhagi miklu meira um hús en um lagabálk. Þetta kemur greinilega fram í álitsgerðum, sem þessu frv. fylgja, og skal ég aðeins minna á álit þjóðminjavarðar, en hann segir svo, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagafrv. um Listasafn Íslands er gott út af fyrir sig, en missir marks, ef ekki kemst mjög bráðlega skriður á byggingu þess húss, sem verður frumskilyrði þess, að lögin geti verkað eðlilega."

Listasafnið er nú til húsa í þjóðminjasafnshúsinu. Um það segir þjóðminjavörður á þessa leið:

„Í fáum orðum sagt: Listasafnið kemst aldrei úr kútnum, meðan það er hér, og það, sem sárgrætilegra er, að það kreppir að *þjóðminjasafninu* í þess eigin húsi. Þjóðminjasafninu veitir ekkert af öllu því plássi, sem listasafnið hefur nú, og skal ég sýna fram á það, ef óskað er."

Þannig kemst þjóðminjavörður að orði í sinni álitsgerð.

Sjálft menntamálaráð Íslands hefur tjáð sig í svipaða átt. Það segir í sínu áliti:

„Ráðið leyfir sér hins vegar að benda á, að sú er brýnust nauðsyn safnsins, að húsnæðismálum þess verði komið í bætt horf. Þyrfti þegar að hefja undirbúning þess máls, og tjáir menntamálaráð sig fúst til að veita því hvern þann stuðning, er það gæti í té látið."

Ég vil enn minna á þetta. Ég vil líka minna á það, að í gildandi lögum er til ákvæði um byggingu listasafnshúss. Það er í lögum, sem nú eru a. m. k. 30 ára gömul. Þar er menntamálaráði falið að undirbúa byggingu listasafnshúss. Þetta gamla ákvæði er sem sagt mun ákveðnara í orðalagi en ákvæðið í 13. gr. frv.

Ég vil nú beina þeirri fsp. til hv. menntmn., hvort hún virkilega hafi alveg gengið fram hjá þessu mikilvæga atriði í athugun málsins, hvort það hafi alls ekki komið til athugunar eða tals, að þessi 13. gr. væri linlega orðuð, og hvort ekki væri unnt á einhvern hátt, um leið og þetta frv. væri afgr., að ýta undir byggingu listasafnshúss, sem er langtum brýnna verkefni en samþykkt þessa frv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Síðasti ræðumaður, hv. 9. þm. Reykv. (AGl), spurði um það, hvort ekki hefði komið til umræðu í menntmn. að flytja brtt. við 13. gr. — ef ég tók rétt eftir — með afdráttarlausum ákvæðum í þá átt, að hafizt skyldi handa um byggingu yfir listasafn ríkisins. Ég get skýrt hv. þm. frá því, að í n. var hreyft brtt. í þá átt. Um þær varð ekki samkomulag, og þær eru ekki fluttar af n. í heild a. m. k. Um hitt veit ég ekki, hvað einstakir nm. hugsa sér um flutning slíkra till. eða annarra, en eins og fram kemur í nál., hafa allir nm. óbundnar hendur um það.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil aðeins láta í ljós þakklæti mitt til hv. menntmn. fyrir góða og greiða afgreiðslu hennar á þessu frv. og taka það fram, að ríkisstj. getur fyrir sitt leyti fullkomlega stutt allar þær brtt., sem hv. menntmn. hefur flutt við frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 430,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 430,2 (ný 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 430,3 (ný 5. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 430,4 (ný 6. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 430,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 430,6 samþ. með 14 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 437, 443, 455).

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Á þskj. 455 flyt ég brtt. við 13. gr. þessa frv. Í 13. gr. segir, að reisa skuli sérstakt hús fyrir listasafnið, þegar nægilegt fé sé veitt til þess í fjárlögum eða á annan hátt. Þetta er allt og sumt, sem ákveðið er í frv. um sérstakt listasafnshús. Eins og ég benti á hér við 2. umr., er þetta álíka óákveðið ákvæði og var sett inn í lög fyrir rúml. 30 árum. Hins vegar er það viðurkennt af öllum, sem til þekkja, að það, sem listasafn ríkisins vantar sérstaklega, er húsnæði, og er það brýnasta þörf listasafnsins í dag. Það má segja með réttu, að ef listasafn ríkisins fengi húsnæði, væri þörfum þess í bráð fullnægt og allar aðrar greinar þessa frv. næsta óþarfar í samanburði við þessa þörf.

Ég hef nú leyft mér að gera brtt. við þessa grein, og er hún þó ekki sérlega róttæk, en í brtt. minni segir, að reisa skuli sérstakt hús fyrir listasafnið í Reykjavík. Skuli safnráð þegar hefja undirbúning þeirrar byggingar með því m. a. að velja húsinu stað og láta gera af því teikningu. Enn fremur skuli safnráðið gera till. um öflun fjár til byggingarinnar umfram það, sem veitt er til hennar í fjárlögum. Ég held, að ef þessi brtt. yrði samþykkt, mundi það ýta undir og örva til framkvæmda í þessu efni. Það er að mínum dómi fyllilega tímabært að fara að velja listasafnshúsinu stað, útvega því lóð, og þegar það væri gert, mætti gjarnan láta gera teikningar að húsinu, og síðan trúi ég því, að framkvæmdir gætu bráðlega hafizt og haldið áfram. Mér er ekki kunnugt um, hve mikið fé er nú til í byggingarsjóði listasafnsins, en það munu þó vera nokkrar milljónir. Með þessu fé mætti hefja framkvæmdir, strax og nauðsynlegum undirbúningi væri lokið, og að öðru leyti teldi ég mjög æskilegt, að safnráðið væntanlega hefði frumkvæði um að afla fjár fram yfir það fé, sem veitt verður árlega í fjárlögum, en það er nú ½ millj. kr. á ári. Það eru ýmsar leiðir hugsanlegar til þess að afla fjár til viðbótar, sérstaklega með stuðningi almennings, og ég trúi ekki öðru en að ef góð öfl, listamenn og aðrir, legðust á eitt, þá mundi veitast auðvelt að safna fé á þann hátt, hvort sem það yrði gert með happdrætti eða á annan hátt. Er ég sannfærður um, að þessi leið væri fær.

Ég vil nú biðja hv. þdm. að athuga þessa brtt., sem — eins og ég tók fram — er í sjálfu sér ekki neitt róttæk, fer ekki fram á neinar auknar byrðar á hendur ríkissjóði, en hins vegar gæti orðið til þess að flýta því, að framkvæmdir þessa þarfa máls færu að geta hafizt nú í náinni framtíð.

ATKVGR.
Brtt. 443 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 455 felld með 8:6 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Sþ., 13. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 464).

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Um listasafn íslenzka ríkisins eru engin lög til. Þó er hér um að ræða merka stofnun, þar sem geymd eru mjög mikil — að segja má jafnvel ómetanleg verðmæti. Fyrsti vísir safnsins var það, er Björn Bjarnarson, síðar sýslumaður í Dölum, gaf ríkinu 38 erlend málverk, flest eftir Norðurlandalistamenn. Síðar, eða á árinu 1902, eignaðist ríkið fyrsta íslenzka listaverkið, höggmynd eftir Einar Jónsson, og nokkru síðar eignaðist ríkið fyrsta málverkið, eftir Þórarin Þorláksson.

Lengi vel var listasafnið í vörzlu þjóðminjavarðar eða allt þangað til 1928, að lög voru sett um menningarsjóð og menntamálaráð og var þá menntamálaráði falin umsjá safnsins, og hefur menntamálaráð síðan haft safnið í sinni vörzlu og skoðazt sem stjórn þess undir yfirstjórn menntmrn.

Þegar lögin um menningarsjóð og menntamálaráð voru sett 1928, var menningarsjóði veittur sérstakur tekjustofn, sektir fyrir brot gegn áfengislögunum. Eitt af þeim þremur meginverkefnum, sem menningarsjóði var ætlað að sinna, var að kaupa listaverk til listasafnsins, auk þess sem honum var ætlað að fást við bókaútgáfu og styrkja náttúrurannsóknir.

Áður en núgildandi lög um menningarsjóð voru sett og honum tryggðar stórauknar tekjur frá því, sem hann áður hafði, þá hafði hann síðustu árin um ½ millj. kr. á ári, sem skipt var nokkurn veginn í þrjá jafna hluta milli þessara þriggja höfuðverkefna sjóðsins. Með lagasetningunni frá 1958 voru menningarsjóði hins vegar tryggðar um 3 millj. kr. í tekjur árlega. Þar af ganga að vísu 800 þús. kr. til vísindasjóðs, en nokkuð á 3. millj. er árlega til ráðstöfunar í þágu bókaútgáfu, til listaverkakaupa og til stuðnings vissra náttúrurannsókna.

Það er ekki með öllu vansalaust, að ekki skuli vera til sérstök löggjöf um stofnun eins og listasafnið. Þess vegna var það, að ég í ársbyrjun 1957 fól nokkrum mönnum að gera drög

að frv. fyrir safnið, þeim Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra, Birni Th. Björnssyni listfræðingi, Gunnlaugi Scheving listmálara og dr. Gunnlaugi Þórðarsyni stjórnarráðsfulltrúa, ásamt Selmu Jónsdóttur umsjónarmanni listasafnsins. Þetta frv., sem hv. Ed. hefur nú afgreitt með shlj. atkv., er upphaflega samið af þessari n. Nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar á tillögu n. í menntmrn. á sínum tíma, og að till. hv. menntmn. Ed. hafa enn verið gerðar smávægilegar breytingar á frv. Aðalatriði þess eru þau, að í 1. gr. er svo kveðið á, að menningarsjóður skuli greiða listasafninu árlega a. m. k. 500 þús. kr. af tekjum sínum til listaverkakaupa, en það er mun hærri upphæð en menntamálaráð hefur varið undanfarin ár í þessu skyni. Í 2. gr. er síðan kveðið á um hlutverk safnsins, og er ástæðulaust að lýsa því nánar, sem þar er greint.

Í 4. og 5. gr. er kveðið á um yfirstjórn safnsins. Er gert ráð fyrir því, að ráðh. skipi safninu forstöðumann, safnvörð og annað nauðsynlegt starfslið, þegar fé er veitt í því skyni í fjárlögum, en yfirstjórn safnsins skal vera í höndum safnráðs, fimm manna, sem sé þannig skipað, að forstöðumaður safnsins skal vera sjálfkjörinn í safnráðið og formaður þess, listamenn skuli kjósa úr sínum hópi eftir vissum reglum þrjá fulltrúa í safnráðið, en eins og frv. er nú komið frá hv. Ed., er gert ráð fyrir því, að menntmrh. skipi fimmta manninn í safnráð. Í upphaflega stjórnarfrv. var í samræmi við tillögu n., sem samdi það á sínum tíma, gert ráð fyrir því, að fimmti maðurinn skyldi vera valinn af heimspekideild háskólans, þangað til kennsla í listsögu sé hafin í háskólanum, en þá skuli kennarinn í þeirri grein eiga sæti í safnráðinu. Hv. Ed. þótti hins vegar réttara að breyta þessu ákvæði í það horf, að ráðh. skipi fimmta manninn. Gert er ráð fyrir því, að safnráðið taki allar helztu ákvarðanir, sem safnið varða, þ. á m. ákvarðanir um listaverkakaupin, og að safnráðið taki sínar ákvarðanir með meiri hluta atkv. Þó er gert ráð fyrir því, að ef formaður safnráðsins, þ. e. forstöðumaður safnsins, er ekki í þeim meiri hluta, verði allir hinir fjórir að vera sammála, til þess að ákvörðun sé gild. Með þessu móti eru forstöðumanni safnsins og formanni safnráðsins tryggð mest áhrif á gerðir safnráðsins og sérstaklega val listaverkanna. Ef hann er slíkri ákvörðun andvígur, verða hinir fjórir að vera sammála, til þess að ákvörðunin sé gild. Hv. Ed. hefur einnig bætt inn í frv. ákvæði um það, að ef ágreiningur verði á milli formanns safnráðsins, þ. e. forstöðumanns safnsins, og hinna 4 nm., þá eigi hvor aðili um sig rétt á því að gera grein fyrir þessum ágreiningi og bóka hann og vísa honum til menntmrh. til úrskurðar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um efni frv. að öðru leyti. Þess má þó geta, að í 13. gr. er gert ráð fyrir því, að sérstakt hús verði reist yfir safnið, þegar nægilegt fé er veitt til þess á fjárlögum eða á annan hátt. Alþingi samþykkti fyrir tveimur árum lög um byggingarsjóð Listasafns Íslands. Stofnframlag hans var það fé, sem Alþ. hafði veitt til þess að reisa hús yfir verk Jóhannesar Kjarvals listmálara. Hann afþakkaði það boð Alþingis og mæltist til þess, að það fé, sem Alþingi hafði þegar veitt til byggingar húss yfir sín verk, skyldi ganga sem stofnframlag til byggingarsjóðs yfir listasafn ríkisins, og samþykkti Alþingi þá með shlj. atkv. frv., þar sem byggingarsjóður listasafnsins var stofnaður. Síðan hefur Alþ. veitt árlega ½ millj. kr. í þennan byggingarsjóð. Hann er hins vegar ekki orðinn svo gildur enn, að hægt sé að hefjast handa um byggingu safnsins með því fé, sem í honum er. Ef þetta frv. nær fram að ganga og safninu er með því fenginn lagagrundvöllur til þess að starfa á og tryggð myndarleg fjárupphæð, a. m. k. ½ millj. kr. á ári, til listaverkakaupa árlega, tel ég næsta verkefnið í málefnum safnsins vera að huga að möguleikum til þess að afla byggingarsjóðnum aukins fjár, þannig að hægt sé sem fyrst að hefja byggingu listasafnsins. Þar sem það er nú til húsa, í efstu hæð í þjóðminjasafnsbyggingunni, er þegar farið að verða of þröngt um þau listaverk, sem safnið á. Ég hygg þó, að ekki sé rétt að blanda saman annars vegar lagasetningu um safnið og því að tryggja safninu tekjur til árlegra listaverkakaupa og svo hins vegar byggingarmálum safnsins, en vildi þó láta þess getið, að ég tel það ekki mega dragast lengur að gera sérstakar ráðstafanir til þess að afla nægilegs fjár í byggingarsjóðinn, þannig að hægt verði að hefjast handa um byggingu yfir safnið.

Ég vil mega vænta þess, að jafngott starf takist í hv. menntmn. þessarar d. og tókst í menntmn. hv. Ed., þannig að það megi takast að afgreiða þetta frv. nú á þessu þingi.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 464, n. 526).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta er hingað komið frá hv. Ed. Menntmn. þeirrar deildar hafði það til ýtarlegrar athugunar, ræddi það við ýmsa þá aðila, sem þetta mál snertir mest, gerði sameiginlegar tillögur um ýmsar breytingar, sem náðu fram að ganga í Ed.

Menntmn. þessarar hv. d. hefur farið yfir frv., hefur athugað þær breytingar, sem urðu á því í Ed., og er sammála um að mæla með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir. Þó áskilja einstakir nm. sér rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja, ef fram koma.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

5.—16. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 576).

---

42. Verkstjóranámskeið.

Á 3. fundi í Ed., 13. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um verkstjóranámskeið [9. mál] (stjfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svo sem fram kemur í grg. þessa frv., hafa þrisvar sinnum áður verið lögð fyrir hv. Alþ. frv. til laga um verkstjóranámskeið, og sýnir sá flutningur, að talin hefur verið þörf á því að koma á fastri skipun um menntun til handa verkstjórum, enda er það ljóst, að í nútímaþjóðfélagi, þar sem ætíð er krafizt meiri og meiri tæknimenntunar, er brýn þörf á því, að þeir, sem stjórna vinnu annarra, hafi til þess sérstaka þekkingu og æfingu. Að vísu er það svo, að sú þekking og æfing, sem hverju sinni er krafizt, kann að vera nokkuð ólík, og þess vegna er erfitt að fastmóta fyrir fram, hvernig þvílíkri fræðslu á að vera háttað. Verður vafalaust töluvert að prófa sig áfram um það, hvernig henni skuli fyrir komið.

Hingað var fenginn sérfræðingur á vegum Iðnaðarmálastofnunarinnar, maður frá Noregi, til ráðuneytis í þessum efnum, og má segja, að frv. það, sem nú liggur hér til meðferðar, sé samið á grundvelli hans álitsgerðar og að öðru leyti að fengnum till. frá eða umsögn frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Verkstjórafélaginu og Iðnaðarmálastofnuninni, en allir þessir aðilar hafa mjög látið þessi mál til sín taka.

Í frv. þessu er ráðgert, að skipuð verði sérstök stjórn þriggja manna til þess að fara með þessi málefni, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandinu, annar af verkstjórasamtökunum og sá þriðji af Iðnaðarmálastofnuninni, en Iðnaðarmálastofnunin eigi hins vegar að hafa daglega meðferð málsins með höndum. Nokkur skoðanamunur var um, hvernig þessu skyldi fyrir komið. Iðnaðarmálastofnunin eða hennar stjórnendur töldu æskilegra, að hún hefði meiri bein áhrif á meðferð málsins en hér er lagt til, en hinir tveir aðilarnir lögðu áherzlu á, að þessi skipan yrði upp tekin, sem hér er lögð til. Í þessu frv. er einnig gerður sá munur frá því, sem var í því frv., sem næst áður lá fyrir Alþ. um þetta efni, að þar var ráðgert, að iðnskólum yrði að verulegu leyti fengin þessi fræðsla í hendur. Hin norska álitsgerð og skoðun verkstjóra- og vinnuveitendasambanda var á þá leið, að ekki væri heppilegt, a. m. k. á þessu stigi, að tengja þetta tvennt saman. Betra væri að efna hér til sérstakrar starfrækslu, en þó þannig, að mjög yrði að prófa sig áfram um það, hvernig henni yrði fyrir komið. Ætlunin er ekki sú, að komið verði upp neinu fræðslubákni, ef svo má segja, heldur verði stuðlað að því, að haldin verði námskeið, fyrst og fremst fyrir Reykjavík, en e. t. v. einnig víðar um landið, og einnig hafður bréfaskóli í þessum efnum og þannig prófi menn sig áfram, áður en fastmótað verði, hvernig þessi starfræksla skuli vera í framtíðinni. Þá er einnig í frv. horfið frá því, sem hefur a. m. k. verið í sumum fyrri frv. um þetta efni, að prófskírteini frá þessum námskeiðum veiti forrétt til vinnu. Það þykir ekki tímabært að kveða svo á, fyrr en sýnt er, að hvaða gagni námskeiðin raunverulega koma. Það er alltaf hægt að bæta þeim forréttindum við á síðara stigi málsins, ef þetta nær tilætluðum árangri, eins og við vonum. En það er ljóst, að hér þarf um svo margt að þreifa sig áfram, að ekki er rétt að veita ákveðin forgangsréttindi fylgjandi prófunum á þessu stigi málsins.

Það er ekki gott að segja, hversu mikill kostnaður verður þessu samfara. Mér þykir sennilegt, að hagkvæmt þyki í fyrstu að senda sérstakan mann til að setja sig inn í meðferð þessara mála, t. d. í Noregi, áður en starfrækslan verður upp tekin. En síðan er, eins og ég segi, ekki ætlunin, að það verði haldinn fastur skóli, heldur einungis námskeið tiltölulega stutt í fyrstu og kostnaði verði haldið innan þess ramma, sem Alþingi veitir fé til hverju sinni, og vona ég, að a. m. k. til að byrja með þurfi það ekki að verða nema nokkur hundruð þús. kr. á hverju ári, en sennilega verður ekki með minna sloppið.

Mér fyndist eðlilegast, að þetta væri í fyrstu ekki ósvipað því, sem hefur átt sér stað með kennslu á vegum Fiskifélagsins fyrir vélstjóra og stýrimennsku á minni bátum, þar sem stutt námskeið hafa verið haldin víðs vegar á landinu án verulegs kostnaðar fyrir þátttakendur og fyrir ríkið. Það yrði byrjunin, og síðan yrði á þeim grundvelli að kveða nánar á, e. t. v. með nýrri löggjöf, ef menn vildu leggja meira fram, en þá væri það eftir að komið væri í ljós, að þetta hefði orðið að því gagni, sem menn að vísu vona að það verði.

Ég leyfi mér að leggja til, að málið gangi til 2. umr. og verði vísað til nefndar. Ég hef ekki athugað, í hvaða nefnd þetta mál hefur verið áður. (Gripið fram í.) Sennilega er eðlilegast, að það verði sent til hv. iðnn. Ég get fallizt á þá tillögu.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði í þessu frv., sem mig langaði til þess að minnast á nú við þessa umr., áður en málið fer til n. Hæstv. ráðh. minntist á þetta atriði, en það er, að próf frá þessu námskeiði skuli ekki veita nein forgangsrétt-

indi. Fyrir þessu er gert ráð í þessu frv., gagnstætt því, að mér skilst, sem verið hefur í fyrra frv. eða fyrri frumvörpum um sama efni. Nú er það athyglisvert, að það eru sett inntökuskilyrði til þessara námskeiða. Nemendur verða að fullnægja vissum skilyrðum, sem eru í 4 liðum. Í öðru lagi skulu haldin próf að loknu námskeiði og skipaðir prófdómendur, þ. e. a. s., það eru gerðar allmiklar kröfur til væntanlegra nemenda á þessum námskeiðum, en þar á móti virðast þeir engin réttindi eiga að fá.

Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er þetta fyrst og fremst hugsað svo fyrst um sinn, en vel komi til mála síðar meir að breyta þessu. En ég verð að segja eins og er, að frá mínum bæjardyrum er það ófullkomleiki á þessu frv., að þannig skuli vera gengið frá hlutunum. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en vildi geta þess arna og beina því til hv. n., sem þetta mál fær nú, hvort hún muni ekki vilja athuga þetta sérstaklega og þá hvort ekki kæmi til greina, að einhver forgangsréttur gæti fylgt þegar frá upphafi, þannig að það kæmi fram í þessu frumvarpi.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég hef síður en svo á móti því, að hv. n. athugi það, sem hv. þm. hér hreyfði. Þetta er að sjálfsögðu álitamál, eins og kemur fram í mismunandi tillögum um það. Ég vil aðeins benda á, að mjög fjölmennir skólar, eins og verzlunarskólinn hér, ég hygg einnig Samvinnuskólinn, hafa starfað áratugum saman og orðið að miklu gagni, þó að próf frá þeim hafi ekki veitt nein sérstök forréttindi lögskipuð, og eru þeir þó ólíkt fastmótaðri en sú fræðsla, sem hér er ætlazt til. Það er vegna þess, að þeir hafa orðið að verulegu gagni, sem menn sækja þá og sótzt er eftir mönnum, sem á skólunum hafa verið, umfram aðra, en ekki vegna þess, að það sé lagaskylda. Verkstjórn er svo ákaflega misjöfn og í svo mörgum ólíkum samböndum, sem á það mundi reyna, hvort forréttindi ætti að veita eða ekki, að ég óttast, að það sé mjög erfitt að semja um það tæmandi reglur, þannig að það kæmi að nokkru verulegu gagni. En ég bendi á þetta einungis hv. n. og d. til athugunar, en ekki vegna þess, að ég hafi neitt á móti því, að þetta sé athugað, því að það tel ég alveg sjálfsagt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 453, 454).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur verið, eins og segir í grg., samið í iðnmrn., og hefur verið haft samráð við þá aðila, sem málið helzt snertir. Iðnn. hefur að auki fengið um frv. umsagnir margra aðila, svo sem greint er frá í nál. n. á þskj. 453. Allir þessir aðilar mæla efnislega með frv. og telja það vera til mikilla bóta að fá lögfesta þá starfsemi til þjálfunar verkstjórum, sem frv. gerir ráð fyrir.

Í umsögnunum koma hins vegar fram ýmsar aths., eins og að sjálfsögðu alltaf vill verða, þegar um slíkt mál er að ræða, þar sem hér er um nýja starfsemi að ræða, á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Allir þessir aðilar leggja þó ríka áherzlu á nauðsyn þess, að komið sé á sem beztri þjálfun verkstjóra, en telja ýmsir, að þó að þetta sé mjög gott skref í þá átt, þá sé æskilegt að ganga í framtíðinni enn lengra. Það er t. d. í umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna bent á, að það væri æskilegt að stefna að því síðar að koma á sérstökum skóla, og af fleiri aðilum er tekið fram, að það gæti verið mjög æskilegt í framtíðinni, að hér kæmi tækniskur skóli í framhaldi af þessum námskeiðum. Það er vitanlega framtíðarinnar mál, og á þessu stigi er ekki hægt að fara að lögfesta slík ákvæði.

Aths. hafa komið fram bæði varðandi stjórn stofnunarinnar, sem auðvitað er alltaf töluvert mikið vandamál, þar sem margir aðilar koma við sögu, og enn fremur varðandi inntökuskilyrði á námskeiðin. Ákvæði um stjórn stofnunarinnar er í frv. sett eftir vandlega athugun og samráð milli þeirra aðila, er málið skipta, og ekki talið auðið að gera þar breyt. á, á þessu stigi málsins a. m. k.

Varðandi 3. gr. frv., um inntökuskilyrði á námskeiðin, þá er það skoðun flestra þeirra aðila, sem umsögn hefur verið fengin frá, að það sé ekki heppilegt að ákveða þau í lögunum, svo sem gert er ráð fyrir í 3. gr., heldur verði þau ákveðin eftir nánari athugun í reglugerð, og það er till. iðnn., að sú breyt. verði gerð á 3. gr., að í stað hinna tilteknu inntökuskilyrða, sem þar eru, verði það almenna ákvæði sett, að ráðh. ákveði með reglugerð inntökuskilyrði á námskeiðin.

Það er ekki ástæða til þess að orðlengja frekar um málið. Í grg. frv. koma fram skýringar á mikilvægi þess, og allir aðilar, sem umsagnar hefur verið leitað hjá, telja, að með því sé stigið mjög stórt spor í þá átt að koma þessum málum í viðhlítandi horf. Það er samdóma álit iðnn. að mæla með því, að frv. verði lögfest. Iðnn. sjálf flytur ekki nema þessa einu brtt. við frv. Hins vegar hafa einstakir nm. áskilið sér rétt til þess að flytja eða styðja brtt., sem fram kynnu að koma, svo sem nál. ber með sér.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Þetta frv. er sennilega mjög tímabært og verðskuldar að fá fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi. Verkmenning okkar Íslendinga þykir ekki standa á sérlega háu stigi, og það, sem þetta frv. fjallar um, ætti að verða spor í þá átt að bæta úr þeim ágöllum, sem hjá okkur eru í þessu efni. Frumvörp hafa áður verið lögð fram á Alþingi í sömu átt. Segir í aths., að það hafi þrívegis verið lögð fram frv. sömu tegundar, fyrst árið 1939, síðan árið 1950 og loks árið 1959, en ekki orðið að lögum.

Frv., sem síðast var hér á ferðinni, árið 1959,

er að ýmsu leyti samhljóða því, sem nú liggur fyrir, en þó hefur nokkrum atriðum nú verið sleppt, og þar á meðal eru þau atriði, sem ég vildi minnast á hér.

Eins og frv. ber með sér, stendur til að gera allmiklar kröfur til þeirra manna, sem sækja þessi námskeið og ljúka þar prófi. Samkvæmt 3. gr. frv. eru inntökuskilyrði ákveðin og það allströng. Að vísu gerir hv. iðnn. þá brtt., að þessi inntökuskilyrði verði ákveðin með reglugerð, en vitanlega verða einhver inntökuskilyrði. Þar við bætist svo, að próf skulu haldin og skýrslur um prófin síðan skráð í bækur, sem rn. löggildir til þess.

Í frv. frá 1959 var sérstök grein um það, að hver sá, sem staðizt hefði verkstjórapróf, ætti rétt á að fá skírteini á eyðublaði, sem rn. léti í té. Þetta er fellt burt nú. Hvort það ber að skilja á þann veg, að ætlunin sé, að þeir, sem prófi hafi lokið, eigi ekki rétt á að fá skírteini, veit ég ekki, en það, að þessu ákvæði er nú sleppt úr frv., gæti þó bent til þess. Þetta finnst mér í meira lagi athugunarvert, og vil ég því vekja á þessu athygli, hvort það sé ætlunin, að þeir menn, sem prófi ljúka, eigi ekki rétt á að fá skírteini.

Annað ákvæði í frv. frá 1959, sem sleppt er nú, er um réttindi þeirra manna, sem prófi ljúka. Í frv. frá 1959 var sérstök grein þess efnis, að verkstjórar, sem lokið hefðu prófi, og verkstjórar, sem starfandi eru, þegar lögin öðluðust gildi, og starfað hefðu þá sem verkstjórar a. m. k. 12 mánuði á síðustu þremur árum, skyldu að öðru jöfnu ganga fyrir um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu. M. ö. o.: þá átti að veita þeim, sem lokið hefðu tilskildu prófi, nokkur réttindi. Þetta ákvæði er algerlega fellt niður í frv., eins og það nú liggur fyrir. Er þetta sanngjarnt: fyrst að gera sérstök og kannske allströng inntökuskilyrði til námskeiðanna um menntun og annan undirbúning, síðan að heimta svo og svo ströng próf, en veita síðan engin réttindi? Ég vil benda á, að til eru lög um skóla og um námskeið. Í öllum þessum lögum eru þeim, sem prófi ljúka, veitt réttindi. Það er í fyrsta sinn nú, að lög verða samþ. um þessi efni þannig, að engin réttindi eru veitt þeim, sem prófi ljúka. Ég skal aðeins minna á, að íþróttakennaraskólapróf veitir réttindi. Þar er um skóla að ræða og þó raunar aðeins um 9 mánaða námskeið. Handíðakennaraskólapróf veitir réttindi. Þar er einnig aðeins um 9 mánaða námskeið að ræða. Mótornámskeið, hið minna og hið meira, veita bæði réttindi, en hér í þessu tilfelli á ekki að veita nein réttindi. Þetta finnst mér ekki sanngjarnt og ekki heppilegt.

Ég vil leyfa mér að leggja fram brtt. við þetta frv. varðandi þessi atriði, sem ég hef nú rætt um. Brtt. eru á þessa leið:

„Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. (5. gr.) Hver sá, sem staðizt hefur verkstjórapróf, á rétt til að fá skírteini. Um prófskírteini og frágang þeirra skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. (6. gr.) Verkstjórar, sem lokið hafa prófi, og verkstjórar, sem starfandi eru, þegar lög þessi öðlast gildi, og starfað hafa þá sem verkstjórar a. m. k. 12 mánuði á síðustu þrem árum, ganga að öðru jöfnu fyrir um verkstjórn í sömu starfsgrein í opinberri vinnu."

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja fram þessa till. Hún er skrifleg og of seint fram komin, og ég óska þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 473) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hér hafa verið lagðar fram tvær skriflegar brtt. við frv. frá hv. 9. þm. Reykv. (AGl).

Varðandi fyrri brtt. er það að segja, að enda þótt það sé ekki beint tekið fram í frvgr., er það algerlega samkvæmt eðli málsins, að nemendur geti fengið skírteini, þannig að það er ástæðulaust að taka það fram. Einmitt ákvæði 5. gr. eru því til tryggingar, að svo sé. Ákvæðin eru beinlínis við það miðuð, að það séu innfærð í bækur öll þau atriði, sem máli skipta um próf umsækjenda, og að það próf sé jafnframt staðfest af prófdómendum og stjórn námskeiðanna. Mér sýnist það liggja algerlega í augum uppi, að nemandi, sem hefur verið á námskeiði, geti hvenær sem er fengið útskrift úr slíkri bók, því að ef svo væri ekki, væru ástæðulaus þessi nákvæmu fyrirmæli um það, að bækur þessar skuli einmitt uppfylla öll þau skilyrði, sem prófbækur uppfylla. Ég hygg, að í ýmsum lögum, þar sem menn gangast undir próf, sé það ekki sérstaklega tekið fram, að nemandi geti átt rétt til eða hann eigi kröfu á því að fá prófskírteini, heldur sé það talið liggja svo í augum uppi, að ákvæði í því efni þurfi ekki. Þetta er nú auðvitað atriði hins vegar, sem skiptir ekki öllu meginmáli, en mér sýnist sem sagt, að brtt. sé þarflaus.

Hin brtt. er aftur efnislegs eðlis, þannig að þar er gert ráð fyrir að breyta allveigamiklu atriði í frv., þ. e. a. s. að veita verkstjórum, sem verið hafa á námskeiði þessu, sérstök forréttindi. Þessu atriði er breytt frá frv. 1959, og það er beinlínis tekið fram í grg. þessa frv., að þessu efnisatriði sé breytt vegna þess, að ekki þyki vera hér um svo fullkomna menntun að ræða hjá verkstjórum, þó að þetta námskeið verði sett á laggirnar, að það sé auðið að veita slíkan forgangsrétt eins og hér er um að ræða, og það er rétt einnig að taka það fram, að í allmörgum þeirra umsagna, sem komið hafa um málið, er beinlínis varað við því að veita slík réttindi sem gert er ráð fyrir í brtt. Ég hygg þess vegna, að það sé bæði nauðsynlegt og skynsamlegt að láta þessi námskeið þróast nokkuð og láta reynsluna leiða í ljós, hversu haldgóð þau verða, áður en sett er jafnróttækt ákvæði og hér greinir, að þeir verkstjórar, sem á námskeiðunum eru, skuli beinlínis eiga lagarétt til þess að sitja fyrir öðrum um verkstjórn.

Það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að ef námskeið þessi skila góðri raun, sem allar vonir standa til að verði, muni það verða þátt-

takendum í þeim til mikilla hagsbóta við að fá verkstjórnarstörf, þannig að atvinnurekendur telji sér hag í því að fá slíka verkstjóra til starfa, enda þótt þeim sé ekki veitt slík lagavernd eða lagaréttur, sem brtt. gerir ráð fyrir. Enda þótt hér sé um námskeið að ræða, er þó ekki um formlegan skóla að ræða, og miðað við þær aðvaranir, sem einmitt hafa komið um þetta efni frá ýmsum þeim aðilum, sem reka mjög veigamikinn atvinnurekstur, teldi ég vera mjög varhugavert, að farið yrði á þessu stigi að veita slík réttindi, sem umrædd brtt. gerir ráð fyrir.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Varðandi prófskírteini vil ég taka það fram, að það hlýtur að vekja nokkra tortryggni, að þetta ákvæði, sem stóð í frv. 1959, skuli nú vera numið burt, án þess að nokkuð tilsvarandi komi í staðinn. Það gæti gefið tilefni til að ætla, að það hafi verið með vilja gert að nema það í burtu og að viðkomandi rn. gæti, ef svo bæri undir, neitað prófmönnum um skírteini. Ef þar við bætist svo nú, að þessi brtt. mín um, að menn, sem lokið hafi prófi, skuli eiga rétt á prófskírteini, skyldi verða felld, þá er það enn fremur staðfesting á því, að ástæða sé til að ætla, að það skoðist ekki skylda rn. að láta þetta í té. Ég vil þess vegna skjóta því til hv. n., hvort hún vilji ekki athuga þetta á milli umr. og þá jafnvel koma þessu fyrir t. d. í 4. gr. frv., þannig að þetta verði ótvírætt.

Hitt atriðið er auðvitað miklu stærra, eins og hv. frsm. n. tók fram, en ég tel það mjög illa farið, að þeir, sem sækja þessi námskeið og ljúka þaðan prófi, skuli ekki fá nein réttindi. Það verður ekki til þess að örva aðsókn að þessum námskeiðum. Það verður ekki til þess að örva góða menn til þess að sækja þessi námskeið, að þau veita nákvæmlega engin réttindi.

Í grg. frv. segir, að vafasamt sé að láta próf frá nokkurra mánaða námskeiði veita skilyrðislausan forgangsrétt til verkstjórnar. Í till. minni er langt frá því, að veita eigi skilyrðislausan forgangsrétt. Það væri að mínum dómi alveg fráleitt. Hitt er annað, að veita forgangsrétt að öðru jöfnu, eins og segir í minni brtt. og eins og stóð í frv. frá 1959. Það þýðir, að ef tveir menn standa að öllu öðru leyti jafnfætis að því að fá stöðu hjá opinberu fyrirtæki, en annar hefur námskeiðspróf, þá skal hann ganga fyrir.

Ég skil illa þá menn, sem eru andvígir því að veita þessi takmörkuðu réttindi, og ég held, að það verði ekki starfsemi þessa skóla eða þessara námskeiða til góðs. Vitanlega er hér, eins og fram er tekið, aðeins átt við þennan vissa takmarkaða forgangsrétt að opinberri vinnu, en ekki allri vinnu, þannig að öll einkafyrirtæki gætu eftir sem áður hagað þessu eftir sínu höfði.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. Ég skal aðeins taka það fram, að það er auðvitað sjálfsagt, ef hv. flm. óskar þess og vill taka sína fyrri brtt. aftur, að n. athugi það mál milli umræðna og kynni sér það til hlítar, hvort hér hefur verið ætlunin að gera nokkra efnisbreytingu á, enda þótt þetta ákvæði félli niður úr frv. Í grg. frv. er tekið fram, hvaða efnisatriðum hafi verið ætlunin að breyta, og þar er þetta atriði ekki tilgreint. Því höfum við talið, að það hafi ekki verið ætlunin að gera þar neina breytingu á, þó að þetta væri ekki beint tekið fram, vegna þess, eins og ég áðan sagði, að raunverulega þarf ekki að taka slíkt fram, þegar svo skýr ákvæði eru sett eins og í greininni eru um, hvernig gengið sé frá prófbók. Það er hins vegar sjálfsagt að athuga það til hlítar, svo að enginn vafi verði á því, ef hv. flm. vill taka sína tillögu aftur til 3. umr. Að öðru leyti vil ég taka það skýrt fram, að ég lít svo á, að enda þótt sú till. yrði felld, sé það á engan hátt nein ábending um, að það skuli ekki gefa út skírteini, heldur standi þau orð og sá skilningur í því sambandi, sem ég hef hér lýst.

Varðandi síðara atriðið sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum en ég gerði í ræðu minni áðan. Það er stórt efnisatriði, sem að sjálfsögðu þarf að íhuga vandlega, áður en sett er, því að þarna er um mikil réttindi að ræða. Varðandi það, að þessir menn hafi þá ekkert gott af sínu námi, álít ég, að það sé ekki rétt, vegna þess að ef á annað borð einhver trú er á þessum námskeiðum, sem við verðum að vona að verði og a. m. k. umsagnir allra aðila, sem til hefur verið leitað, benda til, að þeir telji hér vera um mikilsverða starfsemi að ræða, þá liggi það í augum uppi, að ef um jafngóða menn er að ræða að öðru leyti, þá hljóti það án nokkurra forréttinda í lögum að vera svo, að forstjórar fyrirtækja telji sér fremur hag í því að velja þann manninn, sem meiri menntun hefur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 454 (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 474 teknar aftur til 3. umr.
4.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 15. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 474, 473).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. málsins voru fluttar brtt., sem hv. flm. tók aftur til 3. umr. Ég lýsti þá þeirri skoðun, að önnur brtt., sem var um það að veita verkstjórum, sem á námskeiðunum væru, ákveðin forréttindi til starfa, gæti ekki samrýmzt þeirri stefnu, sem mörkuð væri í frv., og mundi ekki geta orðið til góðs, a. m. k. ekki á fyrsta stigi málsins, fyrr en séð verður, hvaða reynsla verður af þessum námskeiðum.

Hin till. hv. 9. þm. Reykv. var þess efnis, að hann lagði til, að sú breyting yrði gerð við 5. gr. frv., að þar yrði beinlínis tekið fram, að nemendur skyldu eiga rétt á að fá prófskírteini, og taldi, að ef það ákvæði yrði ekki tekið inn í greinina, væri vafasamt, að þeir ættu

slíkan rétt. Ég lofaði, að það yrði tekið til athugunar milli umr. Að vísu hefur nefndin ekki haldið um það fund, en við nánari athugun málsins kom í ljós, að þessi till. er, svo sem ég hafði gert ráð fyrir, algerlega óþörf, vegna þess að í 4. gr. frv. er beinlínis gert ráð fyrir, að prófskírteini verði gefin út, því að þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra setur ákvæði um það með reglugerð, að fengnum till. Verkstjórasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, hvaða námsgreinar skuli kenna og hverjar prófkröfur skuli vera, svo og um það, hvernig kennslu, prófi, einkunnagjöf og útgáfu prófskírteina skuli hagað, um skólagjöld og annað“ o. s. frv.

Með orðalagi þessarar greinar er beinlínis tekið fram, að það sé gert ráð fyrir því, að prófskírteini séu gefin út, en hins vegar, í stað þess að ákveða það í lögunum sjálfum, skuli form þessara skírteina ákveðið með reglugerð, eins og svo mörg önnur atriði frv. Og einmitt vegna þess, að hér er um byrjunarframkvæmd að ræða, þar sem er ekki við neina reynslu að styðjast, hefur það komið fram, eins og ég gat um við 2. umr. málsins, að flestir þeir aðilar, sem umsagnir hafa sent um málið, hafa einmitt lagt til, að það verði aukin þau ákvæði í frv., sem sett verði með reglugerð, en ekki beinlínis endanlega settar reglur um í lögunum sjálfum, svo sem t. d. um inntökuskilyrðin í 3. gr. frv., sem eru að sjálfsögðu veigamikil atriði. Það er þá ekki síður eðlilegt, enda mun það vera sú algilda regla við allt nám og skólahald, að það sé ákveðið í reglugerð, en ekki lögunum sjálfum, hvernig hagað sé útgáfu prófskírteina. Af því að till. hv. 9. þm. Reykv. kom fram undir umr. um málið, hafði ég ekki athugað þetta ákvæði í 4. gr., en mér sýnist, eftir að það hefur verið athugað, og vona, að hann geti einnig á það fallizt, að þetta sé svo skýrt sem verða má og það væri í rauninni mjög óeðlileg lagasetning, ef yrði svo farið að taka það fram í annarri lagagrein, að nemendur skyldu eiga rétt á prófskírteinum.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Hv. frsm. iðnn. benti á ákvæði í 4. gr. varðandi útgáfu prófskírteina. Þar segir, að með reglugerð skuli ákveða m. a. um útgáfu prófskírteina, hvernig henni skuli hagað. Í þessari gr. felst ekki skuldbinding um, að prófskírteini skuli gefin út handa hverjum þeim, sem stenzt prófið, heldur er aðeins ákveðið, hvernig haga skuli útgáfu prófskírteina, hvort menn skuli fá þau eða ekki, hverjir skulu fá þau og hverjir ekki. Þetta má teygja, ef í það fer, og með tilliti til þess, að það þótti ástæða til árið 1959 af þeirri nefnd, sem þá útbjó frv. sömu tegundar, að láta það standa skýrt og skorinort, að þeir, sem próf stæðust, ættu rétt á að fá prófskírteini, þá finnst mér það engan veginn óþarft, að þetta ákvæði standi, og því sé ég ekki ástæðu til að draga mína till. til baka, þrátt fyrir þetta óljósa og loðna ákvæði, sem um þetta er í 4. gr.

Síðari brtt. mín er miklu mikilvægari, þar sem þar er ákveðið, að þeir, sem standast prófið, fái einhver réttindi og að prófin skuli gilda sem meðmæli um stöðuveitingar hjá hinu opinbera. Að öðru jöfnu tel ég hana að sjálfsögðu miklu þýðingarmeiri og vil enn minna á, að ef hún verður felld, þá verða það fyrstu lögin um námskeið, um skóla, sem gera kröfur til nemenda um inntökuskilyrði og prófkunnáttu, en veita þeim engin réttindi.

ATKVGR.
Brtt. 473,1 felld með 9:3 atkv.
— 473,2 felld með 9:4 atkv.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 76. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Áður hafa legið fyrir Alþingi till. um verkstjóranámskeið, en ekki náð fram að ganga. Málið var tekið upp til endurnýjaðrar athugunar á síðasta ári, og þótti rétt að leggja það fyrir í því formi, sem þetta frv. hefur hlotið. Það hefur verið frá upphafi þings til athugunar í hv. Ed. og einungis gerð á því lítilvæg breyting þar.

Segja má, að hér sé um að ræða eins konar heimildarlöggjöf, þar sem framkvæmdaraðilum undir umsjá og með samþykki ríkisstj. er fengin víðtæk heimild til þess að koma á þeim námskeiðum, sem frv. fjallar um. Sú aðferð þykir hentari en setja um þetta fastákveðnar reglur þegar í upphafi, af því að hér er um nýbreytni að ræða, og verður nokkuð að koma fram í þróun málanna, hver háttur sé heppilegastur.

Sama er um það atriði að segja, sem nokkur ágreiningur varð um í Ed., hvort veita ætti mönnum forgangsrétt til vinnu og þá einkum hjá opinberum aðilum, þeim er lokið hafa því verkstjóraprófi, sem ráðgert er. Slíkur forgangsréttur er ekki tímabær á þessu stigi málanna, þó að vel geti komið til greina síðar, a. m. k. um tiltekin próf og tilteknar starfsgreinar, að veita slík forréttindi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið, en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn., sem ég hygg að hafi haft málið í Ed.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 474, n. 528).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Ingimundarson): Herra forseti. Frv. það til laga um verkstjórafræðslu, sem hér liggur fyrir, á sér nokkuð langan aðdraganda. Það eru a. m. k. nokkur ár síðan

áhugi varð til fyrir því, að komið yrði upp námskeiði eða skóla fyrir verkstjóra. Málið hefur verið í athugun hjá ýmsum áhugamönnum og verið á undirbúningsstigi í nokkur ár. Þeir aðilar, sem fyrst og fremst hafa haft málið til athugunar og undirbúnings, eru verkstjórarnir sjálfir, Iðnaðarmálastofnunin og samtök atvinnurekenda. Frv. um þetta efni hafa áður verið lögð fyrir þingið, fyrst árið 1939, en síðan 1950 og loks árið 1959, en ekki orðið að lögum. Þrátt fyrir þetta hefur Verkstjórasamband Íslands reynt að bæta úr brýnni þörf með því að halda námskeið öðru hverju með stuðningi ríkissjóðs og Vinnuveitendasambands Íslands. En frv. gerir ráð fyrir, að um föst, árleg námskeið verði að ræða. Um þörfina eru allir sammála, sem um málið hafa fjallað, enda gegnir verkstjórinn þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélaginu og á vinnumarkaðnum. Hann þarf að hafa góða almenna menntun og auk þess ýmsa sérþekkingu.

Í iðnþróuðum nágrannalöndum er nú lögð mikil og vaxandi rækt við verkstjóraþjálfun. Í Noregi er það Statens Teknologisk Institut í Osló, sem sér um þessa fræðslu og vinnur að vísindalegum athugunum um verkstjórn. Forstöðumaður þeirrar deildar, sem annast þetta starf í Noregi, Rolf Wattne yfirverkfræðingur, kom hingað til lands í apríl 1959. Hann kynnti sér hér alla málavexti og gerði ýtarlegar tillögur um verkstjóranámskeið, og mun frv. það, sem hér liggur fyrir, styðjast við þá álitsgerð. Wattne telur, að í slíkum skóla þurfi að kenna eftirfarandi námsgreinar: verkstjórn og vinnusálfræði, vinnulagsmælingar og athuganir, ágrip af rekstrarhagfræði, vinnulöggjöf og launasamninga, slysavarnir, móðurmál, reikning, rafmagnsfræði, teikningu o. fl. Þetta eru vafalaust allt gagnleg fræði fyrir verkstjóraefni, en vafasamt er, að hægt verði að koma upp svo fullkominni fræðslu að sinni, enda munu ekki vera til íslenzkir kennslukraftar í sumar þeirra námsgreina, nema sérstakar ráðstafanir væru gerðar til þess að sérmennta menn til þessa starfs. Er sennilega skynsamlegt að þreifa nokkuð fyrir sér um námsefni og alla reynslu, enda gerir frv. ráð fyrir, að það sé ákveðið með reglugerð.

Iðnn. hv. d. hefur kynnt sér þær umsagnir, sem fyrir liggja, en þær eru frá Verkstjórasambandi Íslands, vitamálastjóra, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Iðnaðarmálastofnun Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, vegamálastjóra, Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi ísl. iðnrekenda og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Mæla allir þessir aðilar með því, að frv. verði samþykkt, en sumir hafa gert athugasemdir við 2. og 3. gr. frv., þ. e. um inntökuskilyrði og um stjórn námskeiðsins. Hv. Ed. hefur með nokkrum hætti tekið til greina athugasemdirnar við inntökuskilyrðin, þar sem d. hefur breytt greininni á þá leið, að þau verði ákveðin með reglugerð. Iðnn. hv. d. hefur ekki séð ástæðu til þess að gera neinar breytingar á frv. frá því, sem það var afgreitt frá Ed., og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það kom frá Ed., eða a. m. k. 4 nm., en einn var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 474).

---

43. Alþjóðlega framfarastofnunin.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um þátttöku Íslands í Hinni alþjóðlegu framfarastofnun** [128. mál] (stjfrv., A. 183).

Á 34. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ísland er aðili að Alþjóðabankanum í Washington og hefur verið það, frá því að ákveðið var að stofna hann árið 1944, en hann hefur starfað síðan 1946. Starfsemi þessa banka hefur verið mjög mikil. Hann hefur veitt mörg og stór lán, einkum til rafveitna, samgangna, áveitna og þungaiðnaðar víða um heim. Hann hefur m. a. veitt talsverð lán hingað til Íslands. Enda þótt starfsemi bankans hafi verið víðtæk, hafa lán hans þó yfirleitt verið takmörkuð við greiðslu erlends kostnaðar við þær framkvæmdir, sem bankinn hefur á annað borð lánað til, og hafa að ýmsu leyti gilt allstrangar reglur um þessar lánveitingar. Þess vegna hafa á síðustu árum verið uppi raddir um það, að æskilegt væri, að á hinum alþjóðlega lánamarkaði ættu ýmis lönd, sem skammt eru á veg komin í efnahagsþróun sinni, völ á lánum, sem væru ekki með jafnströngum skilyrðum og þeim, sem Alþjóðabankinn setur fyrir sínum lánum, m. a. að lánað væri einnig að einhverju leyti til greiðslu á innlendum kostnaði við framkvæmdirnar, sem lán eru veitt til. Hefur verið um það rætt að koma upp annarri alþjóðlegri lánastofnun við hlið Alþjóðabankans, sem hafi þetta hlutverk með höndum.

Á næstsíðasta aðalfundi Alþjóðabankans í Washington, sem var haldinn í september árið 1959, var ákveðið að koma á fót nýrri stofnun, sem hlaut nafnið Hin alþjóðlega framfarastofnun, í þessu skyni, og var ákveðið, að hlutafé þessarar nýju stofnunar skyldi vera 1000 millj. dollara, og öllum aðildarríkjum Alþjóðabankans gefinn kostur á að verða stofnendur þessa nýja banka. Ef Ísland gerist aðili að þessari stofnun, mundi hlutur íslenzka ríkisins í hlutafé

hennar verða 100 þús. dollarar, og bæri að greiða af því í erlendum gjaldeyri 10 þús. dollara á fimm árum. En 90 þús. dollarar skulu greiddir í innlendum gjaldeyri og leggjast á reikning stofnunarinnar hjá Seðlabankanum.

Með þessu frv. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að gerast aðili að þessari nýju alþjóðlegu lánastofnun. Virðist vera sjálfsagt, þegar af þeirri ástæðu, að Ísland er aðili að Alþjóðabankanum og ekki er annað vitað en öll aðildarríki Alþjóðabankans verði einnig aðilar að þessari nýju stofnun, að Ísland verði það líka. Alveg eins og Ísland hefur fengið lán hjá Alþjóðabankanum og haft tvímælalausan hag af því að vera þar aðildarríki, ætti Ísland einnig að geta haft skilyrði til þess að fá lán hjá þessari nýju stofnun, og er því rétt að skapa nauðsynlegan grundvöll til þess með því að gerast stofnaðili að henni. En ef Ísland á að vera stofnaðili, þarf það að gerast fyrir áramótin næstu, og af þeim ástæðum er æskilegt, að þetta frv. hljóti afgreiðslu, áður en alþingismenn fara í jólaleyfi.

Ég óska þess, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., 16. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 183, n. 321).

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. fjhn. á þskj. 321, fékk fjhn. þetta mál til meðferðar nokkru fyrir áramót.

Það hefur verið venja um slík mál eins og þessi, þar sem ályktanir eru gerðar um aðild Íslands að alþjóðasamtökum, að þeim frumvörpum, sem um þau fjölluðu, fylgdu sjálfar stofnsamþykktirnar, og n. hlutaðist þess vegna til um að fá stofnsamþykktirnar til athugunar og hefur síðan látið fylgja nál. samninginn, bæði á íslenzku og frumtexta.

Nefndarmenn eru allir sammála um, að það sé rétt, að Ísland gerist aðili að þessum samtökum. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ., og flytur einnig þá till., sem orðuð er sem brtt. á þskj. 321, að þegar frv. er orðið að lögum og verður birt, þá komi stofnsamningurinn sem fylgiskjal með lögunum og birtist þannig.

Það er ekki sýnt annað en Íslandi geti verið sómi og e. t. v. hagur að því að taka þátt í slíkum samtökum sem hér er um að ræða. Þetta er nýr vísir, sem er að vaxa út frá samstarfi þjóða í Alþjóðabankanum, og það kemur fram í inngangínum að samningnum, að þær ríkisstjórnir, sem hafa undirritað þennan samning, telja, að gagnkvæmt samstarf um efnahagslegar framkvæmdir, heilbrigð framþróun efnahagsmála í heiminum og jafnvægur vöxtur alþjóðlegra viðskipta muni leiða til samskipta landa í milli, er stuðlað geti að varðveizlu friðar og farsældar í heiminum. Hljótum við að taka undir það, Íslendingar, ekki síður en aðrar þjóðir. Um markmið þessara alþjóðlegu samtaka, sem lagt er til að við Íslendingar gerumst aðilar að, segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Markmið stofnunarinnar er að stuðla að efnahagslegum framkvæmdum, auka framleiðni og bæta þar með lífskjör í löndum þeim, er skammt eru á veg komin og þátttakendur eru í stofnuninni, einkum með því að útvega fjármagn til þýðingarmikilla framkvæmda með kjörum, sem eru rýmri og íþyngja ekki greiðslujöfnuðinum jafnmikið og venjuleg lán, og stuðla á þann hátt að þeim markmiðum framkvæmda, sem Alþjóðabankinn til viðreisnar og framkvæmda stefnir að, svo og að auka við starfsemi hans.“

Í grg. fyrir frv. ríkisstj. er gerð grein fyrir, hvaða fjárhagslegt álag hér er um að ræða fyrir Ísland, þ. e. a. s. hvert framlag þess skuli vera, og þar er að sjálfsögðu öllu stillt í hóf, en framlögin eru í hlutfalli við stærð ríkjanna. Ber okkur ekki að leggja fram nema 100 þús. dollara, en greiðsluskyldan er að tíunda hluta í erlendum gjaldeyri, eða 10 þúsund dollarar, og má greiðast á fimm árum, og afgangurinn, 9/10, einnig á fimm árum, en í eigin gjaldeyri.

Það er aðaltilgangurinn með starfsemi þessarar stofnunar, eins og fram kemur í 5. gr., að leggja fram fjármagn til þess að efla þróun á þeim landssvæðum heimsins, sem skammt eru á veg komin og aðilar eru að stofnuninni. Fjármagn það, sem stofnunin leggur fram, skal notað í því skyni, sem stofnunin telur að eigi forgangsrétt vegna þróunar með tilliti til þarfa viðkomandi svæðis eða svæða. Ber að leggja fram fé til ákveðinna framkvæmda, nema alveg sérstaklega standi á.

Það er rétt að vekja athygli á því, að stofnuninni ber ekki og ekki gert ráð fyrir, að hún leggi fram fé til nokkurrar framkvæmdar, ef félagsríki, í hvers landi framkvæmdin er staðsett, leggur á móti slíku framlagi.

Þá kemur fram í 6. gr. stofnsamningsins, að stofnunin á eigi né starfsmenn hennar að hafa nokkur afskipti af stjórnmálum nokkurs félagsríkis, og eigi skulu þeir heldur láta stjórnmálaeðli félagsríkis eða ríkja hafa áhrif á ákvarðanir sínar, enda ber þeim í þessu efni einungis að hafa hliðsjón af efnahagsmálum og meta þau af óhlutdrægni til þess að ná markmiðum samnings þessa.

Hv. þm. hafa nú aðstöðu til þess að kynna sér, eftir að þessu þskj. var útbýtt, sjálfan stofnsamninginn. Það er rétt að vekja athygli á því, að félagsríki er hvenær sem er heimilt að segja sig úr stofnuninni með skriflegri tilkynningu til aðalskrifstofunnar, ef það síðar skyldi óska þess. Ef verður einhver ágreiningur á milli ríkjanna, eru sérstök ákvæði í 10. gr. um það, hvernig með skuli fara, og hafi félagsríki sagt sig aftur úr stofnuninni, eru þar ákvæði um, að gerðardómur skuli útkljá þær deilur eða ágreiningsmál, sem kynnu af því að rísa.

Stofnfé eða hlutafé stofnunarinnar, eins og

það er orðað í grg. ríkisstj., á að vera 1000 millj. dollara, og síðan eru ákvæði um það að geta aflað viðbótarfjár. Það er því full ástæða til þess að ætla, að þessi stofnun geti að verulegu leyti stuðlað að því að efla efnahagsþróunina í þeim löndum, sem erfiðast eiga, og þá í þeim tilgangi, að það verði til þess að efla í heild efnahagssamvinnu og viðskipti ríkja, eins og ég gat um áðan, sem stuðla mundu að friði og farsæld í heiminum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér að leggja til fyrir hönd fjhn., að frv. verði samþ. og aðeins sú formlega breyting á gerð, sem lagt er til á þskj. 321, að sjálfur stofnsamningurinn verði á sínum tíma birtur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 321 (fylgiskjal) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 66. fundi í Nd., 20. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 381).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 64. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að gerast aðili að nýrri alþjóðlegri fjármálastofnun, eins konar nýjum alþjóðabanka. Í því er enn fremur gert ráð fyrir því, að stjórninni verði heimilað að taka lán í Seðlabankanum, sem jafngildi 100 þús. dollurum, til þess að standa straum af framlögum Íslands til stofnunarinnar, en 10% af þessu framlagi á að greiðast í erlendum gjaldeyri, gulli, en 90% má greiða í íslenzkum krónum.

Það var árið 1944, sem fjölmörg ríki, ýmis þau helztu, sem þá stofnuðu Sameinuðu þjóðirnar, stofnuðu einnig alþjóðabanka og alþjóðagjaldeyrissjóð, hvort tveggja í því skyni að stuðla að endurreisn heimsins úr rústum styrjaldarinnar.

Alþjóðabankinn tók til starfa árið 1946 og hefur síðan haft aðsetur í Washington. Hann hefur verið mjög aðsópsmikill og veitt stórfé til framkvæmda í flestum þeirra ríkja, sem gerðust aðilar að Alþjóðabankanum, en þau eru nú 68 að tölu.

Mestur hluti þess fjár, sem Alþjóðabankinn hefur lánað, hefur farið til rafveitna, til vegalagninga, til áveitna og til þungaiðnaðar í öllum heimsálfum, og fé það, sem hann hefur lánað, hefur hann lánað með þeim kjörum, sem gilt hafa á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði, bæði að því er snertir vexti og lánstíma. Það hafa hins vegar löngum verið uppi þær skoðanir, að æskilegt væri, að til væri við hlið Alþjóðabankans stofnun, sem gæti veitt vanþróuðum löndum lán með nokkru rýmri skilmálum en Alþjóðabankinn hefur getað veitt, fyrst og fremst af því, að fé það, sem hann hefur haft til útlána, hefur fyrst og fremst verið fengið á verðbréfamarkaðinum í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu. Samkvæmt reglum Alþjóðabankans hafa lán hans fyrst og fremst verið fyrir erlendum kostnaði við þær framkvæmdir, sem hann hefur lánað til, með örfáum undantekningum að vísu. Það hefur einnig þótt vera heppilegt, að til væri við hlið Alþjóðabankans lánastofnun, sem einnig gæti lánað til greiðslu þess innlenda kostnaðar, sem þær framkvæmdir, sem á annað borð væri lánað til, hefðu í för með sér. Af þessum sökum hefur það alllengi verið á döfinni að koma upp slíkri alþjóðlegri lánastofnun, í grundvallaratriðum hliðstæðri Alþjóðabankanum, en þó þannig, að hún gæti, ef svo sýndist, lánað með nokkru vægari kjörum en Alþjóðabankinn verður að lána, og einnig með nokkru rýmri lánsskilmálum, einkum að því er það snertir, að lánsfé megi einnig ganga til greiðslu innlends kostnaðar við framkvæmdirnar, og hefur þá verið gert ráð fyrir því, að slík lán færu fyrst og fremst til vanþróaðra landa.

Á næstsíðasta aðalfundi Alþjóðabankans, sem haldinn var í Washington í september 1959, var samþykkt, að bankinn skyldi beita sér fyrir stofnun slíkrar fjármálastofnunar, sem þá skyldi hljóta nafnið Hin alþjóðlega framfarastofnun. Það var samþykkt með samhljóða atkvæðum allra 68 aðildarríkja Alþjóðabankans, og var í samþykktinni ákveðið, að bankinn skyldi teljast stofnaður, þegar þátttakendur hefðu skrifað sig fyrir ⅔ hlutum hlutafjárins, en það átti að vera 1000 millj. dollara. Í september s. l., 1960, höfðu ríki þegar skrifað sig fyrir ⅔ hlutum af þessum 1000 millj. dollara, og var því þeirri forsendu í samþykkt aðalfundar Alþjóðabankans fullnægt, að þessi stofnun teldist stofnuð og gæti tekið til starfa.

Það er gert ráð fyrir því, að öll aðildarríki Alþjóðabankans geti orðið aðildarríki að þessari nýju fjármálastofnun, Hinni alþjóðlegu framfarastofnun. Ísland hefur verið aðili að Alþjóðabankanum allt frá stofnun hans 1944, og þykir því ríkisstj. vera einsætt, að Ísland eigi einnig að gerast aðili að þessari nýju fjármálastofnun, en hún á að vera systurstofnun Alþjóðabankans að öllu leyti og lúta sömu stjórn og sama stjórnarfyrirkomulagi og Alþjóðabankinn lýtur. Ísland á aðild að stjórn Alþjóðabankans og atkvæði um öll hans málefni og mundi því einnig sjálfkrafa öðlast aðild að þessari nýju fjármálastofnun og aðild að stjórn hennar. En hlutur Íslands í stofnuninni mundi verða 100 þús. dalir, og af því á að greiðast $\frac{1}{10}$ hluti eða 10 þús. dalir í erlendum

gjaldeyri, og það á að greiðast á næstu fimm árum. Hinn hlutinn, 90 þús. dalir, má greiðast í íslenzkum gjaldeyri og má vera innistæða íslenzka ríkisins í Seðlabankanum.

Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Hún afgreiddi málið samhljóða eftir einróma meðmælum hv. fjhn. í þeirri deild. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að málið fái sams konar afgreiðslu hér í hv. Ed., að um það þurfi ekki að reynast neinn ágreiningur. Ég vil því leyfa mér, herra forseti, að óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. fjhn., og vil mega beina þeim tilmælum til nefndarinnar, að hún hraði afgreiðslu sinni á málinu eftir föngum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 381, n. 416).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Fjhn. Ed. hefur haft til meðferðar frv. það, sem hér liggur fyrir, og eins og álit n. á þskj. 416 ber með sér, mælir n. einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, en leyfi mér í því efni að vísa til framsögu hæstv. viðskmrh. við 1. umr. málsins svo og samningsins um Hina alþjóðlegu framfarastofnun, sem birtur hefur verið með frv. á þskj. 381.

Eins og samningurinn ber með sér, er tilgangur frv. sá að veita heimild til aðildar Íslands að Alþjóðlegu framfarastofnuninni, en megintilgangur Alþjóðlegu framfarastofnunarinnar er sá að vinna að því, að hin svokölluðu vanþróuðu lönd eigi kost á fjármagni með hagstæðari kjörum en annars mundi kostur á á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði til þess að efla efnahagslegar framfarir í þessum löndum. Það er raunar, eins og kom fram í framsöguræðu hæstv. viðskmrh., eðlileg afleiðing af aðild okkar að Alþjóðabankanum, **að við gerumst** einnig aðilar að þessari stofnun, sem verður í rauninni hluti af þeirri starfsemi, sem um er að ræða, þar sem Alþjóðabankinn er. Hér er auðvitað fyrst og fremst um mannúðarmál að ræða, sem eðlilegt er, að við teljum okkur skylt að taka þátt í. Þar að auki eigum við auðvitað nokkurra hagsmuna að gæta í sambandi við það, að efnahagslegar framfarir eigi sér stað í þessum löndum, því að á síðustu árum höfum við í vaxandi mæli selt afurðir okkar til þessara landa, og það er auðvitað skilyrði fyrir því, að sá markaður eflist, að efnahagur almennings í þessum löndum batni. Einnig mun þó ofarlega í huga ýmissa hv. þdm. spurningin um það, hvort möguleiki mundi vera á því, að Ísland gæti komið til að njóta góðs af aðild að þessari stofnun á þann hátt, að komið gæti til greina, að við fengjum lán sem vanþróað land. Í sambandi við það tel ég aðeins rétt að fara örfáum orðum um það, hvað átt er við með vanþróuðum löndum.

Í þeim samningi, sem birtur hefur verið með frv., liggur að vísu ekki fyrir nein skilgreining á því, hvað séu tæknilega vanþróuð lönd, og til þess liggja e. t. v. eðlilegar ástæður, að slík skilgreining er ekki gefin, því að auðvitað er ekki til neinn algildur mælikvarði á það, hvaða lönd séu vanþróuð og hvaða ekki. Það mun þó vera algengast að nota sem mælikvarða á það, hvort land sé vanþróað eða ekki, meðalþjóðartekjur á íbúa í viðkomandi landi, og eftir því sem ég hef komizt næst, þá mun nú almennast að miða við 300—400 dollara meðaltekjur á ári á mann. Þar sem meðaltekjur okkar Íslendinga munu vera um 1000 dollarar, liggjum við talsvert ofan við þetta lágmark, svo að ef litið er á það eitt, þá eru möguleikarnir kannske ekki miklir á því, að við getum fengið lán frá þessari stofnun. Þess ber þó að gæta í því sambandi, að ekki mun því þó stranglega fylgt út í æsar að miða við þjóðartekjurnar sem mælikvarða á það, hvort land sé vanþróað eða ekki, og munu dæmi um það, að einstök lönd hafa fengið aðstoð sem vanþróuð lönd, ef atvinnuvegir þeirra eru mjög einhliða. Þannig er mér sagt, að Venezúela, sem hefur talsvert yfir 400 dollara þjóðartekjur á mann, hafi fengið aðstoð sem vanþróað land á þeim grundvelli, að atvinnuvegir þess lands eru mjög einhliða, þar sem það flytur ekki annað út en olíu. Sömuleiðis munu þess dæmi, að einstaka lönd hafa fengið aðstoð sem vanþróuð lönd, ef vissir landshlutar hafa verið taldir vanþróaðir, og má nefna Ítalíu sem dæmi um þetta. Þjóðartekjur Ítala liggja allmikið yfir þessu hámarki, en þar sem Suður-Ítalía hefur verið talinn vanþróaður landshluti, hafa Ítalir fengið aðstoð á þeim grundvelli. Þó að líkurnar á því, að við kæmum til greina sem lántakendur úr þessari stofnun, séu litlar, þá er það e. t. v. ekki útilokað með öllu, þannig að möguleiki gæti verið á því, að ef þannig væri litið á, að einstakir landshlutar eða einstök kjördæmi væru vanþróuð, þá gætu slík lán komið til greina Íslandi til handa. Samt sem áður getum við e. t. v. varla reiknað með því, að þetta komi til greina. En af öðrum ástæðum, sem raktar hafa verið, verður svo að líta á, að rétt sé, að við verðum aðilar að þessari stofnun, og skv. því hefur n. lagt einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 627).

44. Landsbanki Íslands.

Á 35. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Landsbanka Íslands [179. mál] (stjfrv., A. 314).

Á 54. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um Landsbanka Íslands er í nánum tengslum við það frv., sem var til umr. hér áðan, um Seðlabanka Íslands. Í þessu frv. eru fólgin þau ákvæði óbreytt í öllum meginatriðum, sem nú gilda um Landsbanka Íslands, viðskiptabankann. Í frv. er fátt nýmæla og ekkert, sem talizt getur skipta máli um hlutverk eða skipulag Landsbanka Íslands, viðskiptabankans. Það leiðir hins vegar af eðli málsins, að um leið og aðskilnaður er gerður á milli Landsbanka Íslands, seðlabankans og Landsbanka Íslands, viðskiptabankans, er nauðsynlegt að setja sérstök lög, ekki aðeins um seðlabankann, heldur einnig um viðskiptabankann. Þær einar breytingar, nánast orðalagsbreytingar, hafa verið gerðar á gildandi lagaákvæðum um Landsbankann í þessu frv., sem gera orðfæri einfaldara og ákvæði orðfærri en er í gildandi lögum. Um efnisbreytingar er engar að ræða. Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 70. og 71. fundi í Nd., 28. febr. og 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 314, n. 419 og 433).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til meðferðar í fjhn. d. Það hefur ekki orðið samkomulag um afgreiðslu málsins, og skilar minni hl., 1. þm. Norðurl. v., séráliti.

Þetta frv. er hluti af heildarendurskoðun á bankalöggjöf landsins, sem hæstv. ríkisstj. hefur látið framkvæma á liðnum vetri. Þegar hafa nokkur lög verið samþykkt í sambandi við þessa heildarendurskoðun, svo sem lög um Verzlunarbanka Íslands og lög um Búnaðarbanka Íslands. Önnur frumvörp, sem enn liggja fyrir þinginu til afgreiðslu sama efnis, eru frv. þetta um Landsbanka Íslands og einnig frv. um Útvegsbanka Íslands og Framkvæmdabankann. Ef þessi frumvörp ná samþykki þessa þings, hefur farið fram allgagngер endurskoðun á bankalöggjöf landsins og þá aðeins eftir að semja lög um almenna bankastarfsemi, um réttindi og skyldur banka og hvaða skilyrðum þurfi almennt að fullnægja, til þess að til banka sé hægt að stofna.

Minni hl. fjhn. hefur fært þau rök fram, að frv. þetta sé óþarft. Við í meiri hl. teljum, að hér sé um misskilning að ræða, því að fyrst og fremst er það öllum kunnugt og einkum þeim, sem starfað hafa að bankamálum, og er mér persónulega kunnugt um, að það er enginn ágreiningur um það í bankaráði Landsbanka Íslands, að lögin um Landsbankann muni hafa þurft endurskoðunar við að mörgu leyti. Liggja til þess ýmsar ástæður, m. a. þær, að þegar lögin voru síðast endurskoðuð og umsamin, var því starfi hraðað svo mjög, að nokkrar misfellur áttu sér þar stað. Í öðru lagi gefur það og auga leið, að ef frv. það um seðlabanka, sem nú er hér til umr. í hv. d., nær fram að ganga, er auðvitað brýn nauðsyn að endurskoða landsbankalögin sjálf.

Ég mun ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Meiri hl. n. hefur lagt fram brtt. á þskj. 419, sem er sama eðlis og hliðstæð brtt., sem borin var fram við frv. um seðlabanka, og lýtur að kjöri varamanna og aðalmanna í bankaráð, ef þeir falla frá á kjörtímabilinu, og hefur orðið samkomulag í n. um þessar tillögur. Ég vil fyrir hönd meiri hl. fjhn. leyfa mér að mæla með því við hv. d., að frv. verði samþ. svo breytt, sem gert er ráð fyrir í þessari brtt.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er annað af tveimur stjórnarfrumvörpum um Landsbankann, sem ríkisstj. hefur borið fram. Hitt er frv. um Seðlabanka Íslands. Aðalbreytingin, sem þetta frv. felur í sér frá núgildandi lögum, er viðkomandi vali á mönnum í bankaráð Landsbankans. Gert er ráð fyrir að haga því með nokkuð öðru móti en nú er og jafnframt ákveðið að svipta núv. bankaráðsmenn umboði, þó að kjörtími þeirra sé ekki liðinn. Ég tel enga þörf fyrir þessa breyt. á bankalögunum og lít svo á, að hún sé sízt til bóta, og mæli því gegn því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 419 samþ. með 28 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
10.—17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
18.—24. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:5 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 475).

Gísli Jónsson: Forseti. Ég sé, að hér hefur verið tekin upp ný regla um að halda fundi áfram án þess að gefa fundarhlé. Þingsköp segja ekkert um það að vísu, en þetta er þó alveg ný regla, sem tekin hefur verið hér upp, og ég vildi nú mælast til þess, að ef það er hugsað hjá forseta að hafa þá reglu, þá væri

hún birt í dagskránni, svo að þm. vissu, hvers þeir ættu að vænta. Ég tel ekkert eftir mér að sitja hér á fundum og hlusta á umr. manna, en ég vildi þó gjarnan vita, hvort það er hugsað að taka upp þessa reglu að halda áfram sleitulaust fundum og það án þess að láta hv. þm. vita um það.

Forseti (RH): Eins og hv. þdm. sjá, eru á dagskrá d. prentuð 11 mál, og ætlunin var að reyna að tæma dagskrána, svo framarlega sem vanalegur fundartími entist til þess. En þegar séð varð, að það gat ekki orðið, var ákveðið að reyna að halda áfram nokkra stund enn þá, en þó ekki úr hófi fram. Nú innan mjög skammrar stundar er ætlunin að fresta þessum fundi, en þó mun verða reynt að ljúka umr. um þau mál, sem á dagskrá eru.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég vil nú taka undir orð hv. 1. þm. Vestf. um, að þetta eru óeðlileg vinnubrögð, og nú fyrir nokkru sagði hæstv. forseti mér, að það mundi ekki verða haldið fundi áfram lengur en til kl. 5. Nú er hún þegar nokkuð komin á sjötta tímann. Ég lét mér það lynda, þótt menn fengju ekki venjulegt hlé milli 4 og 5, en ég verð mjög að finna að því og mótmæla því, að nú sé lengur haldið áfram fundi, því að það er kunnugt, að það er fundur í Sþ. kl. 8 í kvöld, útvarpsumræða, og ýmsir þm., sem taka þátt í þeim umr., þurfa að búa sig undir þær. Ég vil þess vegna mjög andmæla því, að nú verði lengur haldið áfram fundi. Ég sé ekki, að það hafi svo mikla þýðingu, að það sé ástæða til að gera það.

Forseti (RH): Ég vil benda á, að ætlunin var, eins og ég sagði áðan, að reyna að ljúka umr. um nokkur dagskrármál, og voru það fyrst og fremst bankamálin, sem höfð voru í huga. Stefnt var að því að reyna að ljúka umr. um þau mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 476 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 28:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 506).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 506, n. 534 og 540).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og grg. frv. þess, sem hér liggur fyrir, ber með sér, hefur það aðallega að geyma tvær efnisbreytingar. Í fyrsta lagi þá, sem leiðir af aðskilnaði seðlabankans og viðskiptabanka Landsbankans. Jafnhliða þeim breytingum, sem nauðsynlegt hefur þótt að gera á landsbankalögunum í tilefni af þessu, hafa lögin um Landsbankann, að því leyti sem þau snerta viðskiptastarfsemi hans, verið samrýmd nýrri lagafyrirmælum um hliðstæða viðskiptabanka, svo sem þeim, sem gilda um Útvegsbanka Íslands og aðra viðskiptabanka, sem nú eru starfandi, en landsbankalögin eru í meginatriðum frá 1927, svo að eðlilegt er vegna þeirrar þróunar, sem síðan hefur átt sér stað, að slíkra breytinga væri þörf. Annað efnisatriðið, sem breytt er með þessum lögum, er ákvæði um kosningu bankaráðs Landsbankans, sem er í samræmi við tilsvarandi ákvæði um kosningu bankaráða annarra ríkisbanka, eins og þegar hefur verið samþ. hér í hv. deild hvað Framkvæmdabankann snertir.

Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar, og mælum við fjórir, sem stöndum að nál. á þskj. 534, með því, að það verði samþ. óbreytt, en einn nefndarmanna, hv. 1. þm. Norðurl. e., tjáir sig frv. andvígan og hefur skilað séráliti á þskj. 540.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er í raun og veru sjálfsögð afstaða til þessa frv. hjá mér, sem þarf ekki að skýra, þar sem ég hef verið andvígur frv. því, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu í deildinni um Seðlabanka Íslands. Ég hlýt að vera andvígur þessu frv. líka, því að eins og hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, þá er efni þess aðallega tvenns konar og þeirra breytinga, sem það felur í sér frá núgildandi löggjöf: Annars vegar það, að breyta þarf landsbankalögunum í samræmi við það, að aðskilnaður á að vera gerður milli seðlabankans og Landsbankans, og ég hef gert grein fyrir því í sambandi við frv. um seðlabankann, hvers vegna ég er þeim þætti andvígur. Hins vegar er svo bráðabirgðaákvæðið um það að nema úr gildi umboð bankaráðsmannanna, sem nú starfa, og kjósa bankaráð hans að nýju. Því er ég einnig andvígur. Ég sé enga þörf á því að taka umboðið af þeim mönnum, sem nú starfa í bankaráðinu, og það því frekar sem það virðist á engan hátt hafa rekið sig á starfsemi núv. hæstv. ríkisstj., því að Landsbankinn hefur að fullu verið samvinnuþýður við hæstv. ríkisstj. Þessu vil ég bara lýsa yfir. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt meira.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:3 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 10:2 atkv.

5.—6. gr. samþ. með 10:2 atkv.

7. gr. samþ. með 10:2 atkv.

8.—17. gr. samþ. með 10:2 atkv.

18.—24. gr. samþ. með 10:2 atkv.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10:2 atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 80. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 628).

---

45. Útvegsbanki Íslands.

Á 57. fundi í Nd., 7. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um Útvegsbanka Íslands [183. mál] (stjfrv., A. 348).

Á 58. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar ég lagði fyrir þessa hv. deild frv. um Seðlabankann og Landsbankann, lét ég þess getið, að bráðlega mundi ríkisstj. leggja fyrir hv. þingdeild frv. til laga um Útvegsbanka Íslands.

Í þessu frv. eru ekki önnur efnisnýmæli en þau, að í 9. gr. eru ákvæði um, hvernig bankaráð skuli skipað, og eru þessi ákvæði að því leyti breyting frá gildandi skipun, að gert er ráð fyrir því, að allt bankaráðið, þ. e. hinir fimm menn, sem það skipa, sé kosið hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, en gildandi regla er sú, að fjórir bankaráðsmenn eru kosnir af Alþ., en einn skipaður af bankamálaráðherra. Í frv. um Seðlabanka og Landsbanka, sem nú liggja fyrir hv. deild, er einmitt gert ráð fyrir þessari skipan á bankaráðum þeirra banka, og er ákvæði þessa frv. til samræmis við það, sem þar er lagt til, og sama gildir um frv. um Framkvæmdabankann. Slík breyting var gerð á skipun bankaráðs Búnaðarbankans á s. l. ári.

Tvær aðrar minni háttar efnisbreytingar eru í þessu frv.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir heimild ráðherra til þess að víkja bankastjóra frá, en hér er gert ráð fyrir því, að bankaráð geti undir vissum kringumstæðum haft slíka heimild, enda er það bankaráðið, sem ræður bankastjórana, en ekki ráðh.

Þá eru tekin af tvímæli um það, hvernig skilja beri ákvæði gildandi laga um það, hvaða aðila innan bankans Fiskveiðasjóður Íslands lúti, en um það hefur verið nokkur ágreiningur, hvort skilja beri ákvæði gildandi laga þannig, að stjórnendur fiskveiðasjóðs séu bankastjórn Útvegsbankans eða bankaráð hans. Í framkvæmd hefur fiskveiðasjóður verið talinn heyra undir bankastjórnina, og er gert ráð fyrir, að þetta atriði verði lögfest þannig.

Að öðru leyti er ekki um efnisbreytingar að ræða, en orðalagi hins vegar á nokkrum stöðum breytt, það gert einfaldara, og þó einkum og sér í lagi er því breytt til samræmis við það, sem á sér stað í frv. um Landsbanka Íslands, sem liggur fyrir þessari hv. deild.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 28 shlj. atkv.

Á 70. og 71. fundi í Nd., 28. febr. og 2. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 348, n. 420 og 434).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Frv. þetta hefur eins og fyrri bankafrv. verið til meðferðar í fjhn. d., og þar hefur ekki að þessu sinni heldur orðið samkomulag um afgreiðslu málsins, og skilar minni hl., 1. þm. Norðurl. v., séráliti.

Í frv. þessu eru ekki miklar efnisbreytingar frá fyrri lögum um Útvegsbankann, enda hafa þau svo nýverið verið endurskoðuð. Helztar munu þær vera, að í 7. gr. frv. er breyting á ákvæðinu um fiskveiðasjóð og þar tekin af öll tvímæli um, að hann lúti undir bankastjórnina beint, en ekki bankaráð, eins og jafnvel mátti ráða af fyrri l., en raunar var framkvæmt þannig, að bankastjórn fór ein með þessi mál.

Önnur efnisbreyting er og í 10. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að bankaráð geti samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, haft heimild til þess að víkja bankastjóra úr starfi undir vissum kringumstæðum. Þetta er ákvæði, sem var ekki í fyrri lögum.

Þá er það þriðja atriðið, sem lýtur að kosningu bankaráðsins, og er með frv. þessu gert ráð fyrir, að bankaráð Útvegsbankans verði framvegis kosið með sama hætti og nú tíðkast í Búnaðarbanka og gert er ráð fyrir að verði í Seðlabanka og í Landsbanka Íslands.

Önnur efnisatriði eru svo veigalítil, að ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þau hér. Hins vegar hefur meiri hluti nefndarinnar gert tillögu um breytingu þá, sem borin er fram í nál. á þskj. 420, þar sem gert er ráð fyrir, að sami háttur verði á kjöri aðalmanna og varamanna, ef frá falla á kjörtímabilinu, og gerð hefur verið grein fyrir í sambandi við seðlabankafrv.

Það er till. fjhn. til hv. deildar, að frv. þetta verði samþykkt með þeirri breytingu, sem fram er lögð á þskj. 420.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef skilað séráliti um málið á þskj. 434. Eins og þar er bent á, er aðalbreytingin á gildandi lögum, sem frv. felur í sér, ákvæði um kosningu bankaráðs, sem á að verða með nokkuð öðrum hætti en nú er, og enn fremur, að nú þegar skuli kjósa nýtt bankaráð, ef frv. þetta verður samþykkt, og þá eftir hinum nýju ákvæðum, þó að kjörtími núv. bankaráðsmanna sé ekki liðinn.

Ég tel þessa breytingu á lögunum sízt til bóta, heldur fremur hið gagnstæða, og legg til, að frv. verði felld.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 420 samþ. með 25 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
10.—17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
18.—24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23:6 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 477).
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 478 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 507).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Ed., 16. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 507, n. 523 og 539).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér þá einu efnisbreytingu, sem máli skiptir, frá núgildandi lögum um Útvegsbanka Íslands, að breytt er fyrirkomulagi varðandi kosningu bankaráðs. Er sú breyting í samræmi við aðrar breytingar, sem gerðar hafa verið um kosningu bankaráða ríkisbankanna.

Afgreiðsla málsins í fjhn. hefur verið á þann veg, að við fjórir, sem stöndum að nál. á þskj. 523, mælum með því, að það verði samþykkt óbreytt, en hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur skilað séráliti og treystist eigi til að mæla með frv. Er sú afstaða n. í heild og einstakra nefndarmanna í fullu samræmi við afstöðuna til þeirra annarra bankafrv., sem hér hafa verið rædd, og sé ég því eigi ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. frsm. meiri hl. fjhn. gerði svo skýra grein fyrir afstöðunni í nefndinni, að ég tel mig ekki eiga annað erindi hér í ræðustólinn en undirstrika það, sem hann sagði, að afstaðan til þessa frv. er í fullu samræmi við afstöðu til hinna bankafrv., og að því er mína afstöðu snertir, fór hv. frsm. alveg með rétt mál, og ég þarf þar engu við að bæta. Ég er á móti frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:2 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10:2 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 10:2 atkv.
7. gr. samþ. með 10:2 atkv.
8.—17. gr. samþ. með 10:2 atkv.
18.—24. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 80. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 629).

---

46. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Á 45. fundi í Nd., 17. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands til að opna nýja lánaflokka [152. mál] (stjfrv., A. 269).

Á 46. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er til staðfestingar á brbl., sem forseti Íslands gaf út samkv. till. ríkisstj. hinn 5. jan. s. l. Meginatriði brbl. er að heimila stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, sem stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, er þau hafa ráðizt í. Er gert ráð fyrir því, að stofnlánadeildin afli fjár til þessara lána með því að stofna til skuldar við Seðlabankann, enda sé svo um samið við viðskiptabanka þeirra fyrirtækja, er lán fá, að staða þeirra banka gagnvart Seðlabankanum batni í samræmi við það, og skulu lán Seðlabankans til stofnlánadeildarinnar endurgreiðast jafnört og lán hennar innheimtast. Hér er því um það að ræða að breyta allmiklu af skuldum sjávarútvegsins til skamms tíma í löng lán, og var talið nauðsynlegt að gera slíkar ráðstafanir kleifar um leið og vertíð hæfist.

Áður en ég rek einstök ákvæði brbl. nánar og skýri þau, er rétt að gera stuttlega grein fyrir þeim atriðum í fjármálum sjávarútvegsins, sem gera slíkar ráðstafanir nauðsynlegar og eðlilegar.

Um það getur varla verið ágreiningur, að fátt sé íslenzku efnahagslífi mikilvægara en að fjármál höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar, sjávarútvegsins, séu í heilbrigðu horfi. Á það hefur hins vegar skort verulega um langt skeið undanfarið. Enginn íslenzkur atvinnuvegur býr nú við jafnóheilbrigt ástand í fjármálum sínum og einmitt sjávarútvegurinn.

Jafnframt því, sem hin nýja stefna núv. ríkisstj. í efnahagsmálum lagði traustan grundvöll að heilbrigðum rekstri og auknum afköstum í sjávarútveginum, var nauðsynlegt, að ráðstafanir væru gerðar til þess að koma fjármálum útgerðarfyrirtækja í heilbrigðara horf, þannig að óheilbrigð fjárhagsuppbygging útgerðarfyrirtækja torveldaði þeim ekki að hagnýta þau vaxtar- og framfaraskilyrði, sem hin nýja stefna leggur grundvöll að.

Það, sem fyrst og fremst hefur háð útgerðarfyrirtækjum á fjárhagssviðinu, er mikill skortur á lausafé. Hefur hann sumpart stafað af rekstrarörðugleikum, en þó í miklu ríkara mæli af mikilli fjárfestingu, sem hvorki hefur verið hægt að kosta af hagnaði né heldur afla til hæfilega langra lána. Í stað þess hafa fyrirtækin safnað lausaskuldum og þó einkum aukið afurðalán sín og bundið rekstrarfé fyrirtækjanna. Þá er þess og að geta, að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi hafa of lítið eigið fé, en það veldur hins vegar því, að vaxtabyrðin verður óeðlilega þung. Verðbólga undanfarinna áratuga og rekstrarörðugleikar hafa smám saman eytt eigin fé í rekstri fyrirtækjanna, jafnframt því sem eigið fé bundið í fasteignum hefur aukizt vegna verðhækkana eignanna. Hins vegar hefur mat eignanna til skatts haldizt lágt og þar af leiðandi einnig lögleyfðar afskriftir. Fjármagnsmyndun í fyrirtækjunum verður lítil, jafnvel þótt afkoman sé góð, og afskriftir og ágóði að frádregnum sköttum nægja ekki til þess að viðhalda eignum og endurnýja þær. Að síðustu er þess að geta, að verðbólga undanfarna áratugi hefur ýtt mjög undir öra fjárfestingu og valdið því, að uppbygging fiskvinnslufyrirtækja hefur verið handahófskenndari en æskilegt hefði verið. Hafa örðugleikar á öflun lánsfjár til langs tíma stuðlað enn frekar að þessu. Þó að framleiðslugetan sé öðrum þræði meiri en hægt er að hagnýta, er að hinu leyti víða um að ræða ófullkomna aðstöðu og lélega skipulagningu.

Af því, sem nú hefur verið sagt, má vera ljóst, að það, sem sjávarútveginum ríður sérstaklega á, er, að greiðslutíma skulda hans sé breytt til samræmis við þann tíma, sem hann hefur fest fé til. Mjög mörg útgerðarfyrirtæki eru hlaðin lausaskuldum í bönkunum, og íþyngja þær rekstri þeirra verulega. Er hér sumpart um að ræða lán með veði í afurðum, rekstrarlán, sem eiga að greiðast af afla, og gamlar lausaskuldir vegna taprekstrar. Bæði afurðalánin og rekstrarlánin eru orðin óeðlilega há hjá fjölda fyrirtækja, vegna þess að peningar hafa verið teknir út úr rekstrinum til fjárfestingar eða vegna taprekstrar. Þetta veldur á hinn bóginn því, að peningatekjur fyrirtækjanna eru teknar jafnóðum upp í afurðalán bankanna. Fjármál fyrirtækjanna reyrast þannig í mjög þröngar skorður.

Það er megintilgangur þessarar lagasetningar að létta þeim bagga af sjávarútveginum, sem í því felst, að óeðlilega hár hluti fjármagns fyrirtækjanna er lánsfé til skamms tíma, sem þó hefur verið fest í framkvæmdum til langs tíma. Skal ég nú gera grein fyrir því, hvernig framkvæmd þessarar lánabreytingar er fyrirhuguð.

Gert er ráð fyrir því, að fyrirtæki, sem stunda sjávarútveg og fiskvinnslu, geti sótt um nýja tegund lána hjá stofnlánadeildinni fyrir meðalgöngu viðskiptabanka síns og með ábyrgð hans. Lán þessi skulu aðeins veitt gegn veði í framleiðslutækjum. Í sambandi við þá veðsetningu skulu eignir allar metnar til endurkaupsverðs að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar, frá því að hún varð til. Einnig skal við ákvörðun endurkaupsverðs taka fullt tillit til tæknilegs notagildis eignarinnar, t. d. hvort hún fullnægir nútímakröfum varðandi afkastagetu, rekstrarhagkvæmni o. fl. Mat þetta framkvæma þrír menn, einn tilnefndur af stofnlánadeildinni, einn af fjmrn. og hinn þriðji af viðskiptabanka Landsbankans og Útvegsbanka Íslands sameiginlega. Hámarkslán, að viðbættum öðrum lánum, sem á hinum veðsettu eignum hvíla, skulu vera 70% af matsverði. Gert er ráð fyrir því, að stofnlánadeildin geti lækkað þetta hlutfall, þegar matið er að hennar dómi of hátt, miðað við viðskiptalega aðstöðu fyrirtækis eða staðsetningu, t. d. að því er varðar öflun hráefnis eða rekstrarkostnað. Hámarkslánstíminn skal vera 20 ár fyrir lán út á fasteignir, 15 ár fyrir lán út á skip og 10 ár fyrir lán út á vélar, en innan þessara marka miðist lánstími við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna. Stjórn stofnlánadeildarinnar ákveður vexti, að höfðu samráði við ríkisstj. Er gert ráð fyrir því, að lántakandi greiði jafnan afborganir og vexti tvisvar á ári, 1. maí og 1. nóv. Gert er ráð fyrir fyrstu afborgun 1. maí 1962, en vaxtagreiðslur eiga hins vegar að hefjast strax á reglulegum gjalddögum.

Stofnlánadeildinni er ætlað að hafa náið samráð við viðskiptabanka lánbeiðanda varðandi athugun á lánbeiðni hans. Skal stofnlánadeildin, að fengnum tillögum frá viðskiptabönkunum, setja reglur varðandi það, hversu meta skuli fjárþörf fyrirtækja í því skyni að leysa úr lausafjárvandræðum þeirra.

Lán úr stofnlánadeild skal því aðeins veita, að deildin telji, að með því megi koma fjárhag lánbeiðanda á viðunandi grundvöll. Þegar stjórn stofnlánadeildarinnar telur, að fengnum till. viðskiptabanka umsækjanda, þörf á ýtarlegri athugun á fjárhag umsækjandans, áður en unnt sé að afgreiða lánbeiðni frá honum, getur hún tilkynnt það skiptaráðanda, og er þá hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna

skuldbindinga lánbeiðanda óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsumsókn hefur verið afgreidd, en þó aldrei lengur en til ársloka 1961. Bú hans má ekki heldur taka til gjaldþrotaskipta á því tímabili. Hér er því aðeins um heimildarákvæði að ræða, sem ekki er gert ráð fyrir að þurfi að grípa til nema vegna tiltölulega fárra fyrirtækja, sem orðið hafa fyrir sérstökum rekstrarörðugleikum.

Gert er ráð fyrir, að Seðlabankinn láni stofnlánadeildinni það fé, sem hún þarfnast, til þess að kaupa þau skuldabréf, sem hér verður um að ræða. Hins vegar gangi andvirði skuldabréfanna að langmestu leyti til þess að greiða lausaskuldir lántakanda við viðskiptabanka sína eða aðra kröfuhafa, sem að sínu leyti eru einnig skuldunautar viðskiptabankanna, þannig að ekki verði um að ræða aukið lánsfé til handa fyrirtækjunum, heldur breytingu á skuldum til skamms tíma í langt lán. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn fallist á að taka þessi nýju skuldabréf til greiðslu á lausaskuldum viðskiptabankanna við hann og til að bæta reikningsaðstöðu þeirra, enda ábyrgist bankarnir greiðslu bréfanna gagnvart Seðlabankanum. Þannig verði hér ekki um að ræða, að nýju fé sé veitt til viðskiptabankanna úr Seðlabankanum, heldur minnkar skuld viðskiptabankanna við Seðlabankann eða inneign þeirra þar vex um sömu fjárhæð og útistandandi lausaskuldir viðskiptabankanna hjá sjávarútveginum minnka vegna hinna nýju lánastofnana deildarinnar. Frá sjónarmiði Seðlabankans horfir málið þannig við, að kröfur hans á viðskiptabankana minnka, en hann öðlast hins vegar innstæðu hjá stofnlánadeildinni.

Á móti skuld stofnlánadeildarinnar við Seðlabankann koma hins vegar veðkröfur hennar á hendur lántakendum, ásamt ábyrgð viðskiptabankanna.

Frá sjónarmiði viðskiptabankanna horfir málið þannig við, að skuld þeirra við Seðlabankann minnkar eða inneignin hjá honum eykst jafnmikið og kröfur á sjávarútveginn minnka. Í lánamálum sjávarútvegsins hefur það hins vegar gerzt, að í stað stuttra skulda við viðskiptabankana er komið langt skuldabréfalán hjá stofnlánadeildinni.

Hluti af þeim lausaskuldum sjávarútvegsins, sem greiða verður, er ekki við viðskiptabanka, heldur við aðra aðila, svo sem verzlunar- og iðnaðarfyrirtæki, sem selja sjávarútveginum nauðsynjar eða framkvæma fyrir hann þjónustu. Lánabreytingin stuðlar mjög að því, að fyrirtæki geti greitt slíkar skuldir, þar sem breyting afurðalána og annarra stuttra lána í bönkunum í löng lán losar fé, sem hefði ekki farið til greiðslu þessara stuttu lána. Sú greiðslugeta, sem þannig skapast, á að gera fyrirtækjum kleift að standa í skilum við aðra aðila.

Samt má búast við því, að stundum verði óhjákvæmilegt, að hluti stofnlánadeildarlánanna fari til greiðslu lausaskulda utan bankanna. Þegar hin löngu lán eru notuð til greiðslu slíkra skulda, verður að gera ráð fyrir því, að viðskiptabönkunum geti yfirleitt tekizt að lækka skuldir þessara fyrirtækja við sig um jafnháa upphæð. Yrði þá um hreina lánabreytingu að ræða, alveg eins og þegar hin löngu lán eru notuð til greiðslu beinna skulda sjávarútvegsins í bönkunum. Þó má búast við, að þetta sé ekki alltaf mögulegt, þ. e., að í einstaka tilvikum þurfi að greiða með hinum löngu lánum lausaskuldir, sem séu þess eðlis, að samsvarandi lækkun á bankaskuldum geti ekki átt sér stað. Viðskiptabankinn verður eigi að síður að bæta stöðu sína gagnvart Seðlabankanum jafnmikið og nemur hinu nýja láni. Verður þá annað tveggja að eiga sér stað: að viðskiptabankinn leggi fram af eigin rammleik það fé, sem þarf til að greiða slíkar lausaskuldir, eða í öðru lagi, að Seðlabankinn með sérstökum samningi við viðskiptabankann geri honum kleift að leggja fram þetta fé, enda leyfi þróunin í viðskiptum bankakerfisins í heild við Seðlabankann, að það sé gert án nýrrar peningaþenslu.

Þetta eru aðalatriði þess kerfis, sem gert er ráð fyrir að koma upp á grundvelli bráðabirgðalaganna frá 5. jan. 1961, sem ríkisstj. vonar að hið háa Alþingi fallist á.

Á því getur varla leikið nokkur efi, að rekstraröryggi sjávarútvegsins eykst mjög við þá lánabreytingu, sem hér er gert ráð fyrir. Á hinn bóginn er hér ekki um að ræða neins konar styrk til sjávarútvegsins, sem inntur sé af hendi á kostnað nokkurs annars atvinnuvegar eða nokkurrar annarrar stéttar. Það er Seðlabankinn, sem ber byrðina af lengingu lánanna. Það er sterk aðstaða Seðlabankans, sem gerir þessa lengingu lánanna mögulega, og hin sterka aðstaða hans til þess að gera þessa ráðstöfun byggist fyrst og fremst á því, að gerðar hafa verið á s. l. ári ráðstafanir til þess að koma peningamálum þjóðarinnar í heilbrigt horf. Ríkisstj. er á hinn bóginn ljóst, að öllum umbótaþörfum í fjármálum sjávarútvegsins er engan veginn fullnægt með þessum ráðstöfunum. Í kjölfar þeirrar endurskipulagningar á fjárhag útgerðarfyrirtækja, sem þessi lagasetning væntanlega leiðir til, er nauðsynlegt að sigli ráðstafanir til þess að sjá öllum greinum sjávarútvegsins fyrir nægilegu fjármagni til nauðsynlegra nýbygginga og endurbóta. Verður það eflaust ekki gert nema með erlendum lánum að verulegu leyti. Einmitt þess vegna er það gleðilegt, að þjóðin endurheimti nú það lánstraust, sem hún því miður var að glata.

Ríkisstj. hefur í undirbúningi samningu allsherjar framkvæmdaáætlunar fyrir nokkur næstu ár, og verður samræmd fjárfestingaráætlun fyrir sjávarútveginn að sjálfsögðu einn meginþáttur þeirrar framkvæmdaáætlunar. Þegar hún liggur fyrir, er nauðsynlegt að athuga skilyrði til öflunar erlends fjármagns til langs tíma til slíkra framkvæmda. Kæmi þá vel til greina, að slík lán færu að einhverju leyti um hendur þeirrar stofnunar, sem þetta frv. fjallar um, þ. e. a. s. stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Jafnframt þarf að vinna að því, að sem fyrst komist á innlendur verðbréfamarkaður, þar sem hægt væri að afla lánsfjár

til stofnlánadeildarinnar og annarra fjárfestingarlánastofnana. Væri þá t. d. hugsanlegt, að viðskiptabankar vildu kaupa verðbréf stofnlánadeildarinnar, sem síðan annaðist útlán til sjávarútvegsins, fremur en að lána sjávarútveginum beint til fjárfestingar. Ég get þessa hér einungis til þess að undirstrika, að ríkisstj. er ljós nauðsyn þess að bæta skipulag á lánveitingum til fjárfestingar í sjávarútvegi og hefur fullan hug á að koma þeim málum á traustan grundvöll í sambandi við framkvæmd þeirrar framkvæmdaáætlunar, sem í undirbúningi er að semja.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umræðu og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð almennt um þetta mál, sem hér hefur verið lagt fyrir.

Ég býst við, að það hafi verið ætlun hæstv. ríkisstj. og þeirra, sem hafa stutt hana, að hún mundi eiga annað erindi við hv. Alþingi tæpu ári eftir að lagt var í hina svokölluðu viðreisn en að flytja frv. um eins konar skuldaskil eða kreppulánastarfsemi fyrir sjávarútveginn. Okkur var þá sagt, að það væri verið að stofna til efnahagskerfis, sem ætti að tryggja, að höfuðatvinnuvegir landsins gætu staðið óstuddir, styrkjalausir, og að ekki þyrfti, þegar því væri á komið, sí og æ að vera að gera nýjar ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegunum.

Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er á hinn bóginn svo augljóslega, að ekki verður um deilt, ein af þeim tilraunum, sem hæstv. ríkisstj. er að gera til þess að ná sjávarútveginum út af því skeri, sem hún hefur stýrt honum á.

Það er einkennilegt, að þetta mál skuli hafa verið gert að bráðabirgðalögum. Hvernig stendur á því, að það eru gefin út bráðabirgðalög í þinghléinu um þetta mál, sem óneitanlega er stórmál, og þau eru gefin út 5. janúar? Hvers vegna eru þessi bráðabirgðalög gefin út? Hvers vegna var ekki hægt að setja þessi lög með venjulegum hætti á Alþingi? Ekki eitt einasta orð í ræðu hæstv. ráðherra fyrir málinu var til þess að útskýra þetta. Lá svona mikið á að setja þessa löggjöf? Og ef það lá svona mikið á að setja þessa löggjöf, hvernig stóð þá á því, hvaða ástæður lágu til þess, að svona mikið lá á að setja löggjöfina einmitt þennan dag, 5. janúar? Er kannske byrjað að veita þessi lán? Er þetta lánakerfi komið í gang? Fór það í gang 6. jan., lögin eru gefin út 5. jan., — eða 7. jan.? Er það komið í gang? Nei, það hefur enginn enn þá fengið nokkra aðstoð samkvæmt þessari löggjöf, og það er ekki einu sinni núna, þegar þingið er komið saman, búið að gefa út reglugerðina samkvæmt þessari löggjöf. Það er ekki búið að gefa út reglugerðina, og það er fyrst nú í framsöguræðu hæstv. viðskmrh., sem hv. alþm. og þjóðin fær hugmynd um ýmsa þýðingarmestu þætti þessa máls, sem alls ekki er að finna í sjálfum bráðabirgðalögunum.

Þannig horfir þetta við um málsmeðferðina. En hvernig stóð þá á því, að um þetta voru sett bráðabirgðalög? Vill ekki hæstv. ráðherra skýra þá nauðsyn, sem á því var, og í hverju hún liggur málefnalega séð, því að ég vænti, að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstj. þekki ákvæði stjórnarskrárinnar um bráðabirgðalög, að það á ekki að gefa út bráðabirgðalög, nema sérstaklega brýna nauðsyn beri til? Það verða að vera sterkar og þýðingarmiklar ástæður fyrir því, að bráðabirgðalagaheimild stjórnarskrárinnar sé notuð. Hverjar voru hinar knýjandi ástæður til þess að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni 5. jan., en hreyfa síðan hvorki hönd né fót til þess að gefa út reglugerð eða gera aðrar ráðstafanir til þess, að nokkur aðili geti fengið nokkra aðstoð eða stuðning samkvæmt þessari löggjöf, alveg fram til þessa dags?

Eða var þetta, að gera þetta með bráðabirgðalögum, kannske bara einn liðurinn í því að reyna að ná sjávarútveginum af skerinu? Var kannske málsmeðferðin sjálf líka einn þátturinn í því að reyna að ná sjávarútveginum af skerinu, sem hæstv. ríkisstj. hefur sigit honum á? Og hvernig kemur það heim og saman við þá meginstefnu, sem ríkisstj. sagðist hafa, sem sé þá, að koma þannig hag og aðstöðu höfuðatvinnuveganna, að það þyrfti engin afskipti af þeim af ríkisvaldsins hendi, þar gæti allt gengið öruggt og tryggilega? Ég skora enn á hæstv. ráðherra að færa greinagóð rök fyrir því, hvers vegna þessi löggjöf var gerð að bráðabirgðalögum.

Við sjáum, að hér eru ráðgerð eins konar skuldaskil fyrir sjávarútveginn, og hæstv. ráðherra tíndi fram nokkrar ástæður, sem hann sagði að væru fyrir því, að nú þyrfti að grípa til þessara ráðstafana. Ég skal ekki rekja þær ástæður, sem hann færði fyrir því, lið fyrir lið eða hverja fyrir sig, en ég ætla að bregða upp mynd af þessu máli, eins og ég býst við að hún blasi við hverjum þeim manni, sem er kunnugur því, sem hér hefur gerzt á undanförnum mánuðum, um ráðstafanir hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum.

Það er nú öllum kunnugt, að þegar núverandi valdasamsteypa tók við, var sjávarútvegurinn rekinn með blóma, það má víst nærri segja: með óvenjulegum blóma, og ákaflega örar framfarir voru þá í sjávarútvegsmálum, eins og m. a. sést á þeim glæsilega fiskiflota, sem þá kom til sögunnar og var að koma til landsins raunar löngu eftir að núverandi valdasamsteypa tók við.

En það náðist ekki samkomulag þá um að stöðva dýrtíðarskrúfuna, og vegna þess komst núverandi valdasamsteypa til valda, náði völdum í landinu, náði tökum á málefnum landsins. Þá var efnt til algerrar stefnubreytingar í efnahagsmálum, eins og alkunnugt er, og stefnubreytingin var fólgin í því að gera allt í senn: lækka gengi íslenzkrar krónu stórkostlega, leggja gífurlegar nýjar álögur á þjóðina, hækka vextina og gera þá hærri og þungbærari en í nokkru öðru nálægu landi og draga stórkostlega saman alla lánastarfsemi í landinu. Allar þessar ráðstafanir samanlagðar gátu aldrei haft minni áhrif en sem nam yfir 1000 millj. kr. til hækkunar á verðlagi í landinu, samanborið við óbreytt viðskipti, eins og þau voru fyrir

þessar breytingar. Það var þegar augljóst fyrir fram og margsagt, að óhugsandi var, að framleiðslan gæti staðizt þessar ráðstafanir. Bara vaxtahækkunin ein nam hjá mörgum fyrirtækjum sem svaraði 15—20% af því kaupgjaldi, sem fyrirtækin greiddu, — bara vaxtahækkunin ein nam slíkum fjárhæðum, og því var meira að segja lýst yfir af þeim, sem fyrir þessu stóðu, að það væri ekki neitt gert ráð fyrir þessum vaxtahækkunum, þegar gert var upp, hvernig þessar ráðstafanir mundu verka á framleiðsluna í landinu. Það var sérstaklega tekið fram, að vaxtahækkunin væri ekki tekin með inn í það dæmi. En hún nam svona gífurlegum fjárhæðum fyrir framleiðsluna, eins og ég var að gera grein fyrir. Þetta var sett ofan á þá gífurlegu verðhækkun, sem átti sér stað á öllum rekstrarvörum framleiðslunnar og á öllum vörum í landinu yfirleitt vegna gengislækkunarinnar og hinna nýju álaga.

Ofan á þetta bættist svo, að ríkisstj. lýsti því yfir, að nú ætti að taka upp nýja stefnu í útlánum, það hefði allt of mikið verið lánað út í landinu, og því var lýst yfir í grg. fyrir viðreisninni, að útlánaaukningin í heild mætti ekki verða meiri en 200 millj. kr., það hafði ríkisstj. reiknað út. Auðvitað var þetta ekki minnsta fásinnan af öllu því, sem þá var haldið fram um þessi mál, þegar þess var gætt, að allt verðlag og allur framleiðslukostnaður var stórhækkaður frá því, sem hann hafði áður verið. Því var sem sé lýst yfir, að það ætti að draga svo saman útlánin í landinu með tilstyrk Seðlabankans, að útlánaaukningin ætti að verða minni en hún hefur verið á undanförnum árum, þrátt fyrir stórkostlegum mun hærra verðlag og meiri framleiðslukostnað, enda varð náttúrlega reynslan fljótlega sú, að það sýndi sig í framkvæmd, hvílík fásinna þetta var. Langflest framleiðslufyrirtæki landsins hefðu stöðvazt þegar s. l. vor, ef ríkisstj. hefði treyst sér til eða reynt að framkvæma þessa yfirlýsingu sína eins og hún lá fyrir. Þess vegna varð auðvitað að brjóta þessa áætlun. En samt sem áður voru útlánin dregin stórkostlega saman. Seðlabankinn var látinn endurkaupa minna af afurðavíxlum en nokkru sinni áður, endurkaupin voru sem sé dregin stórkostlega saman, og viðskiptabönkunum var svo ætlað að bæta við nokkrum lánum, til þess að allt stöðvaðist ekki.

Niðurstaðan af þessu öllu saman var svo orðin sú í haust, að sjávarútvegsfyrirtækin voru algerlega stöðvuð og komin í greiðsluþrot í stórhópum. Þá var það, sem hæstv. ríkisstj. fór til viðskiptabankanna í landinu og bað þá um að auka lánin, bað þá um að brjóta þá stefnu eða þær yfirlýsingar, sem ríkisstj. hafði fyrir fram gert um útlánastefnuna, — bað þá um að brjóta þessar reglur, bað þá um að auka útlánin til fyrirtækjanna og þá með það fyrir augum, að ríkisstj. mundi síðar gera ráðstafanir til útlánaaukningar, sem gætu að einhverju leyti komið bönkunum til góða, ef þeir ykju útlánin s. l. haust til þess að koma í veg fyrir algera stöðvun sjávarútvegsins þá þegar.

Þannig var búið að þjarma að með ráðstöfunum ríkisstj. til þess að auka rekstrarútgjöldin, með vaxtahækkuninni og með lánasamdrættinum, að ríkisstj. varð þá strax að fara að gera þessar ráðstafanir, til þess að framleiðslan stöðvaðist ekki. Þá varð að gera fleiri ráðstafanir til þess að bæta upp þau mistök, sem hæstv. ríkisstj. hafði staðið fyrir. Það varð að gera ráðstafanir til þess að greiða öll **vátryggingar**iðgjöld fiskiskipaflotans, og það varð að gera ráðstafanir til þess að útvega sjávarútveginum gjaldfrest á afborgunum af föstum lánum, það varð að gera sérstakar ráðstafanir varðandi uppbætur úr hlutatryggingasjóði vegna síldarútgerðarinnar, og það varð að gera sérstakar ráðstafanir vegna lána út á síldarnætur. Allar þessar ráðstafanir hefur ríkisstj. verið að gera í haust, smátt og smátt, til þess að reyna að koma sjávarútveginum út af því skeri, sem viðreisnin hefur komið honum á.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er síðasta og nýjasta skrefið, sem hæstv. ríkisstj. hefur stigið í þessu efni. Það er sagt, að þetta lánakerfi, sem nú á að setja upp, sé sett upp vegna þess, að sjávarútvegurinn hafi fengið of lítil stofnlán á undanförnum árum. Ég skal ekki fara mjög út í það. En hitt vita allir, að þetta kerfi er auðvitað fyrst og fremst sett upp vegna þess, hve ráðstafanir núv. ríkisstj. hafa reynzt sjávarútveginum gersamlega óbærilegar, hafa haft í för með sér rekstrarhalla á því ári, sem nú er að líða, og stóraukna rekstrarfjárþörf, sem ríkisstj. ætlaði sér að mæta með því að draga stórkostlega saman lánveitingar til sjávarútvegsins, því að það voru yfirlýsingar hennar í fyrra. Þær voru um, að það skyldi mæta stóraukinni rekstrarfjárþörf sjávarútvegsins með því að draga stórkostlega saman lánveitingar til útvegsins.

Það er því verið með þessu fyrst og fremst að mæta þeim stórkostlegu búsifjum, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir vegna ráðstafana hæstv. ríkisstj., afleiðingunum af efnahagslöggjöfinni, sem voru alveg fyrirsjáanlegar og varað var við hér í fyrravetur og forráðamenn sjávarútvegsins hafa bæði fyrr og síðar varað við og bent á.

En ríkisstj. barði höfðinu við steininn í þessu efni í fyrravetur og fram eftir árinu, barði höfðinu við steininn, en hefur síðan orðið vitanlega, til þess að ekki yrði allsherjarstöðvun til frambúðar, að gera þessar neyðarráðstafanir, sem ég hef verið að lýsa, en allar ganga þvert öfugt á þá stefnu, sem ríkisstj. lýsti yfir í fyrravetur. Þær eru því allar samanlagt og hver út af fyrir sig yfirlýsingar um, hve gersamlega hefur mistekizt sú tilraun, sem hæstv. ríkisstj. taldi sig vera að gera til þess að koma málum hér á heilbrigðari grundvöll en áður var.

Hæstv. ríkisstj. er þetta auðvitað ljóst, og hún er ákaflega mædd, eins og gefur að skilja, yfir þeirri ömurlegu reynslu, sem á þessu tæpa ári hefur orðið af þessum ráðstöfunum. Og það er ekki nema mannlegt og skiljanlegt, að hæstv. ríkisstj. sé mædd yfir þessu. Hún vill kenna öllu mögulegu öðru um, og það eru sendir menn út af örkinni við öll hugsanleg tækifæri til þess að segja mönnum, að þeir erfiðleikar, sem nú sé við að fást, séu ýmist gamlar leifar, frá því

áður en þessi valdasamsteypa tók við, eða þá vegna óviðráðanlegra ástæðna.

En hverjar eru staðreyndirnar í þessum efnum? Staðreyndirnar eru þær, að afli bátaflotans á þorskveiðum hefur verið óvenju góður s. l. ár. Togararnir öfluðu mjög illa, það vitum við. En það er ekki hægt að kenna aflaleysi á togurum um, hvernig komið er hag bátaútvegsins og fiskiðjuveranna. Síldarafli var á s. l. sumri sá mesti, sem hér hefur orðið, utan einu sinni á s. l. 16 árum. Verðlag á sjávarafurðum, mjöli og olíu var lágt og lækkandi framan af árinu og á síðari hluta ársins 1959. En því er lýst yfir berum orðum í grg. efnahagsmálafrv. frá í fyrra, að það sé orðin veruleg verðlækkun á þessum vörum og þeim, sem hafi reiknað dæmið fyrir hæstv. ríkisstj., sé þessi verðlækkun ljós og það sé gert ráð fyrir henni, ráðstafanir til þess að mæta henni séu innifaldar í þeim ráðstöfunum, sem gerðar séu.

Þessi málflutningur hæstv. ríkisstj. er því gersamlega vonlaus undanbrögð, enda getur hver maður sagt sér sjálfur, að það var óhugsandi, að sjávarútvegurinn eða nokkur annar íslenzkur atvinnuvegur gæti staðizt þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir í fyrravetur. Það var alveg óhugsandi, að það væri hægt að hækka framleiðslukostnaðinn svo gífurlega sem þá var gert og vextina og draga jafnframt stórkostlega saman allar lánveitingar, eins og lagt var út í, en hæstv. ríkisstj. hefur orðið að hopa frá að verulegu leyti, en þó alltaf of seint, þannig að tjónið hefur orðið.

Það er ekki hægt að segja annað en ráðstafanir þær, sem gerðar voru nú um áramótin til þess að draga nokkuð úr vaxtaokrinu, sem hæstv. ríkisstj. innleiddi, gangi í rétta átt, og það verður einnig að segja, að þær ráðstafanir, sem ganga í þá átt að auka lánveitingar til sjávarútvegsins, ganga líka í rétta átt. Það er verið að stíga skref til baka frá því, sem hæstv. ríkisstj. hafði ætlað sér. En þessi skref eru stigin of seint. Það er búið að verða óbætanlegt tjón að hinum fávíslegu ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. í vaxtamálum og lánamálum framleiðslunnar og almennings í landinu, og auk þess þýðir ekki að stíga í þessu nein hálf skref, eins og hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir, heldur þarf t. d. að lækka vextina nú þegar niður í það, sem þeir voru, og taka upp heilbrigða útlánapólitík í stað þeirrar samdráttarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir.

Það kalla ég óheilbrigða útlánapólitík og hreinlega miðaða við að búa til kreppu í landinu að minnka stórkostlega lán út á afurðir, eins og hæstv. ríkisstj. hefur leyft sér að gera, því að vitanlega er það ekkert annað en að minnka stórkostlega lán út á afurðir að láta Seðlabankann lána sömu krónutölu út á afurðir og áður, enda þótt verðlag allt hækki stórkostlega í landinu. Það er að búa til kreppu að gera slíka ráðstöfun og fær ekki staðizt.

Þessar ráðstafanir eru þegar búnar að misþyrma mörgum framleiðslufyrirtækjum í landinu og búnar að hafa í för með sér stórkostlegan samdrátt og verkun niður á við í efnahagslífi þjóðarinnar, sem er ekki búið að bíta úr nálinni með, því að það er máske hægara að koma slíkri hreyfingu niður á við af stað en að stöðva hana og snúa henni við aftur. En þessi hreyfing niður á við, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið af stað með þessum margumtöluðu ráðstöfunum, er nú farin að sýna sig á öllum sviðum þjóðlífsins. Hún hefur dregið úr sjálfri framleiðslunni, hún hefur dregið úr atvinnunni, og hún hefur minnkað tekjur heimilanna í landinu, þannig að margir sjá nú engan veginn, hvernig þeir fá hag sínum borgið. Og þessi hreyfing niður á við hefur þegar skert lífskjör þjóðarinnar stórkostlega frá því, sem þau þyrftu að vera. Á þessari hreyfingu niður á við ber hæstv. ríkisstj. og þeir, sem standa að þessum efnahagsráðstöfunum, fulla ábyrgð.

Og nú er þannig komið þessum málum, ekki aðeins í sjávarútvegsmálum, heldur málum yfirleitt, að ástandið í efnahagsmálum þjóðarinnar hefur vafalaust sjaldan, ef það hefur nokkurn tíma verið jafngeigvænlegt og það er nú. Við sjáum aðeins sýnishorn af þessu í þeim margvíslegu kreppuráðstöfunum og uppbótaráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. neyðist nú til þess að gera fyrir sjávarútveginn. Það er eitt dæmið. En það eru því miður fleiri hættulegar hliðar á þessu máli, t. d. eins og það, að varla nokkur maður í landinu treystir sér til þess að halda því fram, að það sé hægt að lifa mannsæmandi eða sómasamlegu lífi á verkamannakaupi, eins og nú er orðið, miðað við 8 stunda vinnudag. Að minnsta kosti hef ég engan mann heyrt bera sér í munn, að það sé í raun og veru hægt. Þannig er búið að koma þessum málum. Það er ekki aðeins sjávarútvegurinn, sem býr við þungan kost og stendur á þessu skeri, sem hæstv. ríkisstj. er að reyna að ýta honum út af, heldur blasa hinar ömurlegu afleiðingar af þessari samdráttar- og kjaraskerðingarstefnu hvarvetna við. Og hvernig hugsa menn sér að leysa þennan vanda? Hvernig hugsa menn sér að leysa þessi mál? Hvaða ráðstafanir ætlar hæstv. ríkisstj. að gera til þess að leysa þennan vanda alþýðuheimilanna í landinu?

Nákvæmlega sama er að segja um aðstöðu og afkomu bændastéttarinnar. Þessar ráðstafanir og þessi nýja efnahagsmálastefna hefur þannig hitt bændastéttina, að það er alveg sama að segja um þeirra tekjur og tekjur alþýðustéttanna við sjóinn, það mun varla nokkur maður hafa sig til þess að halda því fram, að þetta geti staðizt til frambúðar og að á slíkum tekjum verði lifað sómasamlegu lífi. Það hefur þegar dregið stórkostlega úr framkvæmdum í sveitunum, eins og upplýsingar hafa verið gefnar um, alveg eins og við sjávarsíðuna.

Það var látið í veðri vaka eða því var haldið fram, þegar verið var að leggja út í þetta, sem ég kalla fásinnu, að það yrði að gera þetta vegna þess, að það hafi verið svo stórkostlegur halli á þjóðarbúskapnum á undanförnum árum. Sjálfur forsrh. lét sér sæma það í fyrra um áramótin að halda því fram, að Íslendingar hefðu eytt um efni fram 1050 millj. á fimm árum og það væri ástæðan til þess, að nú væri

verið að gera þessar geigvænlegu ráðstafanir í þjóðarbúskapnum og leggja á menn stórkostlega kjaraskerðingu. En hvernig var þetta dæmi sett upp? Það var sett upp þannig, að þá voru talin til eyðslu um efni fram þau lán, sem tekin höfðu verið til þess að reisa Sogsvirkjunina, áburðarverksmiðjuna, sementsverksmiðjuna og gera fjöldann allan af hliðstæðum framkvæmdum í landinu. Þetta var kallaður eyðsluhalli þjóðarinnar. Þetta var kölluð eyðsla þjóðarinnar umfram efni, sem væri þess valdandi, að innleiða yrði stórkostlega kjaraskerðingu. Og það var sagt, að þessi kjaraskerðing yrði að vera svo rækileg, því að það væri ekki hægt að fá lán til framkvæmda, enda gefið í skyn, að það væri algerlega óheilbrigt að taka slík lán. Nú hefðu menn ekki úr að spila á næstu árum nema aðeins sjálfu útflutningsverðmætinu, hreinum gjaldeyristekjum, engu lánsfé. Þess vegna yrðu menn að búa sig undir þetta, og á þessu væri kjaraskerðingin byggð. Hún væri byggð á því, að menn yrðu að fara að borga aftur til baka skuldirnar. Menn yrðu að taka af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, sem svaraði afborgunum af þeim lánum, sem búið væri að taka. En um lánsfjárinnflutning mættu menn ekki hugsa, menn yrðu að gera sér það ljóst.

Allt voru þetta hreinar blekkingar, eins og við sjáum á því, að ekki var stjórnin fyrr búin að læða þessum ráðstöfunum yfir eða koma þeim á en hún fór að ráðgera stórkostlegar lántökur, og síðast endaði hæstv. viðskmrh. ræðu sína hér áðan með því að lýsa því yfir, að það stæði til að taka stórkostleg erlend lán til þess að byggja upp framleiðsluna í landinu, lýsti yfir, að það yrði mikill innflutningur á erlendu lánsfé. Það voru því hreinar blekkingar, sem þjóðinni var sagt til rökstuðnings fyrir þessum nýju álögum og hinni nýju kjaraskerðingarstefnu, og er margsinnis játað af þeim, sem fyrir þessu standa.

Svo er því bætt við, að nú um áramótin er mönnum sagt af hæstv. forsrh., að það sé nú nokkuð annað viðhorf, því að nú sé 270 millj. kr. afgangur á þjóðarbúskapnum, það var sem sé ekki hægt að skilja annað af því, sem hæstv. ráðh. upplýsti þjóðina um á sjálfan nýársdaginn. En þá var ekki gert upp eins og gert var upp í fyrra. Nei, það var ofur lítið annað. Þessar 270 millj., sem verið var að tala um nú, var gjaldeyrisstaða bankanna, sem hafi batnað um það. Nú var ekki verið að taka tillit til lánanna, sem tekin hafa verið. Það var alger óþarfi. Ekki tekið neitt tillit til þess, sem flutt hefur verið inn í landið af erlendu lánsfé, og ekki einu sinni þess, sem menn hafa tekið í stuttum vörulánum á árinu, sem eru ekki smáræðis fúlgur. M. ö. o.: það er nú nefnd tala, sem ekkert segir um afkomuna og er gersamlega allt annars eðlis en þær, sem notaðar voru í fyrra. En menn eiga í sakleysi sínu að líta svo á, að það hafi ekki orðið nein smávægileg breyting á afstöðunni út á við við viðreisnina. Hún sé fólgin í því, að í staðinn fyrir, að á síðustu fimm árum hafi þjóðin eytt um efni fram rúmlega 200 millj. á ári, þá sé hún nú farin að leggja fyrir 270 millj.

Það er margt til tínt til að reyna að skjóta ástæðum undir þá óheppilegu kjaraskerðingar- og samdráttarstefnu, sem upp var tekin í fyrra, illu heilli. Afleiðingarnar sjá sennilega sumir hverjir betur en áður, og er ekki of mikið sagt með því. Ég býst við, að margur sá, sem þá studdi að þessum ráðstöfunum, mundi feginn vilja gefa mikið til, að ekki hefði verið út í þetta lagt, enda býst ég sannast að segja við, að það hefði aldrei verið lagt út í þetta, eins og það var gert, ef hv. Alþ. hefði ekki verið rekið heim í fyrrahaust, á meðan hæstv. ríkisstj. lokaði sig inni og bruggaði þetta. Ég leyfi mér að segja þetta. Og ég held, að það sé ekkert of mikið traust í því á þm. Sjálfstfl., að ef þeir hefðu fengið að vera með í ráðum á undirbúningsstigum þessa máls og ekki verið sendir heim, eins og gert var, þá hefði ekki komið til mála að leggja út í þessar ráðstafanir, eins og gert var. Þessar ráðstafanir allar saman bera það nefnilega með sér, að þar hafa ekki þeir um fjallað, sem hafa nægilegan kunnugleika á íslenzku atvinnulífi, enda leyfi ég mér að endurtaka það, sem ég sagði hér eitt kvöldið fyrir jólin, því að það voru svo fáir viðstaddir þá, að sumir af þeim hæstv. ráðherrum, sem um þessi mál fjalla, þekkja ekki miklu meira til íslenzks atvinnu- og framkvæmdalífs en þeir sjá af tilviljun út um gluggana hjá sér. Tökum bara það dæmi eitt að bjóða mönnum upp á annað eins og það að gera þessar ráðstafanir, sem við þekkjum, og lýsa því yfir um leið, að útlánaaukningin í heild í landinu eigi ekki að verða nema 200 millj. Hugsið þið ykkur að bera annað eins og þetta fram og reyna svo að framkvæma þetta og gera mönnum allt það tjón, sem af öllum þeirra tilraunum til að framkvæma svona fásinnu hefur leitt. Alltaf hafa þeir verið að brjóta þessa stefnuyfirlýsingu vitanlega, smátt og smátt, en alltaf of seint og of lítið, þannig að þessar tilraunir til að halda atvinnulífinu í kútnum eru búnar að gera sitt tjón, áður en lagfæringarnar eiga sér stað.

Nú segir hæstv. viðskmrh., að þær ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. að veita sjávarútveginum, útvegsmönnum og vinnslufyrirtækjum, lán til talsvert langs tíma, eigi að gera með því að breyta stuttum lánum í löng lán. Og hæstv. ráðh. lætur helzt í það skína, að það sé hægt að gera þetta án þess, að það þurfi nokkurt nýtt fjármagn til þess. Það má vera, að í ýmsum dæmum sé hægt að breyta svona, án þess að nýtt fjármagn þurfi til. En í öðrum dæmum er það vitanlega ekki mögulegt. Það er ekki alveg ljóst enn þá, hvernig þetta á að framkvæmast í einstökum atriðum, en ég held, að það hljóti að vera hugsunin, að eitthvað af þeim lánum, sem útvegsmenn eða fiskiðjufyrirtæki hafa fengið í viðskiptabönkunum út á afurðir, verði lengt upp í t. d. 15 ára lán. En ef það er meiningin og þarna er um lán að ræða, sem áttu að greiðast upp, þegar afurðirnar fóru út úr landinu eftir tiltölulega stuttan tíma, en eiga að verða að 15 ára lánum, þá eiga peningarnir að koma til baka á 15 árum í staðinn fyrir að koma inn eftir 3 eða 4 mánuði. Til þess að hægt sé að gera svona

lagaðar ráðstafanir og þær komi að gagni fyrir útveginn, en komi mönnum ekki í koll aftur eftir örfáa mánuði, hlýtur náttúrlega að þurfa nýtt fjármagn. Það hlýtur auðvitað að þurfa nýtt fjármagn til þess að lána mönnum þá rekstrarlánin aftur á ný, án þess að hafa fengið þau eldri inn, því að ekki getur það verið ætlunin að hætta að veita mönnum rekstrarlán. Eða er það kannske meiningin hjá hæstv. ríkisstj. að lengja að vísu þessi lán, en skera svo niður rekstrarlánin alveg að sama skapi strax á næsta ári? Kannske það sé meiningin að lána þá þeim mun minna út á nýju afurðirnar á þessu ári.

Nei, það hlýtur auðvitað að þurfa nýtt fjármagn að koma til að einhverju verulegu leyti, enda lét hæstv. ráðh. í það skína, að það mundi ekki alls kostar vera hægt að komast hjá því, að nýtt fjármagn kæmi til. En mér skilst, að það atriði sé eins konar feimnismál hjá hæstv. ríkisstj., það megi helzt ekki mikið um það tala, að það þurfi nýtt fjármagn, vegna þess að hún er búin að tala svo digurbarkalega um, að allt nýtt fjármagn, sem látið væri út úr Seðlabankanum umfram það, sem hún hugsaði sér í fyrravetur, þegar hún lýsti yfir um þessar margumtöluðu 200 milljónir, hefði í för með sér verðbólgu og væri brot á lögmálinu, sem þessi viðreisn var byggð á. Þess vegna er það svona mikið feimnismál, ef til mála kæmi, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að nýtt fjármagn færi út úr bönkunum.

Auðvitað hlýtur hér að einhverju leyti að verða um nýtt fjármagn að ræða, og er síður en svo, að það sé ámælisvert, því að einmitt ef það verður þannig, að hér sé um nýtt fjármagn að ræða út úr Seðlabankanum, þá er ríkisstj. með því, alveg eins og með vaxtalækkuninni, sem hún neyddist til að framkvæma, að stíga skref til baka, ofur lítið skref til baka til að leiðrétta þá óhæfu, sem hún lét Seðlabankann framkvæma í fyrra með þeim gífurlega lánasamdrætti, sem þá var innleiddur og alls ekki hefur staðizt á nokkurn hátt og ríkisstj. hefur smátt og smátt orðið að gera ráðstafanir til þess að vega á móti og nú síðast þessa ráðstöfun, sem verður auðvitað í reyndinni að verulegu leyti sú, að Seðlabankinn lætur út nýtt fjármagn. Þá er þessi speki öll saman orðin þannig, að fyrst eru innleiddir okurvextir og hagur fyrirtækjanna lamaður með því og lánasamdrættinum út á afurðirnar frá Seðlabankanum, og síðan eru mönnum lánuð skuldaskilaeða kreppulán til þess að borga með í bili tjónið, sem hæstv. ríkisstj. hefur valdið.

Mér sýnist, að það gangi alveg í rétta stefnu, að þarna komi nýtt fjármagn frá Seðlabankanum, og að það sé örlítil bót á þeim óhóflega samdrætti, sem sú stofnun hefur verið látin framkvæma með því að draga stórkostlega úr afurðalánunum, og ég tel, að Seðlabankinn muni mjög vel geta lagt þetta nýja fjármagn til, án þess að fá þar nokkuð á móti, og þá einnig með tilliti til þess, að Seðlabankinn hlýtur að hafa alveg óhemjugróða af þeim skatti, sem hæstv. ríkisstj. lét hann leggja á útgerðina og aðra framleiðslu í fyrra með vaxtahækkuninni, þegar afurðavextirnir voru hækkaðir. Það var hreinn skattur, þegar vextirnir á afurðalánunum voru hækkaðir úr 5% og upp í 9%. Það var hreinn skattur, sem Seðlabankinn var látinn leggja á útgerð og landbúnað. Það er því sannarlega engin ástæða til að efast um, að Seðlabankinn geti mjög vel skilað einhverju af þessu aftur með því að greiða fyrir lánamálum útgerðarinnar. Og það má að mínu viti tala um það algerlega feimnislaust, að ef þetta á að verða að gagni fyrir útveginn, þá verður Seðlabankinn að koma með eitthvert nýtt fjármagn inn í þetta, eins og dæmið, sem ég tók áðan um veðlán út á sjávarafurðirnar, sýnir glöggt. Ef á að breyta þeim í löng lán að einhverju leyti, þá verður það til þess, að það fjármagn kemur inn á 15 árum t. d., sem átti að koma inn eftir nokkra mánuði. Og rekstrarlán verða menn svo að fá aftur, eins og áður. Það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að það sé hægt að draga stórkostlega úr rekstrarlánunum, þó að þessar ráðstafanir séu gerðar.

Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minnast á það, sem hæstv. viðskmrh. sagði um skort á stofnlánum á undanförnum árum. Það er alveg rétt, að það hefði verið æskilegt, að það hefði verið hægt að veita í mörgum dæmum ríflegri stofnlán en gert var á undanförnum árum. En ég man eftir því, að aðalmálgagn núv. ríkisstj. var ekki alls fyrir löngu að lýsa því, hvað margvísleg mistök hefðu orðið varðandi atvinnuuppbygginguna í landinu á dögum t. d. vinstri stjórnarinnar, eða áður en núv. stjórnarflokkar náðu tökum á þessum málum. Það var sagt alveg skilmerkilega í þessu uppgjöri blaðsins, — það var Morgunblaðið, — að höfuðmeinsemdin í sjávarútveginum væri sú, að eignalausir menn og eignalítil fyrirtæki hefðu átt allt of greiðan aðgang að stofnlánum og of háum stofnlánum, það hefði ekkert vit verið í því og mundi framvegis verða fyrirbyggt, að slík mistök ættu sér stað. Það var lögð alveg sérstök áherzla á þetta, að það hefði verið allt of greiður aðgangur að því fyrir þá, sem hefðu of lítið eigið fé á milli handa, allt of greiður aðgangur að allt of háum stofnlánum einmitt í sjávarútveginum. Ég get ekki stillt mig um að minna á þetta, vegna þess að það sýnir ofur lítið málflutninginn úr þessum herbúðum yfirleitt. En það var höfuðatriði í þessu, að þetta ætti ekki að verða framvegis. Og hugsunin var sú, að einungis þeir, sem hefðu nægilegt eigið fé, eins og það var orðað, ættu að eiga rétt á því að fá stofnlán, m. ö. o. einungis þeir efnuðu, þeir ríku ættu að eiga rétt á því að fá stofnlán, hinir ættu ekkert erindi í framleiðsluna eða atvinnurekstrinn. Það var hugsunin.

Og það er einn angi af þeirri sömu hugsun, sem kemur fram í því, sem hæstv. viðskmrh. lýsti hér áðan og þarf að athuga mjög gaumgæfilega við meðferð málsins, sem sé að hámarkslán samkv. þessu kerfi, sem nú á að setja upp, ætti aldrei að mega vera yfir 70% af matsverði. M. ö. o.: ef ég skil þetta rétt, eiga þeir, sem skulda t. d. meira en 70% af matsverði eigna, alls ekki að koma til greina að fá nokk-

urn stuðning samkv. þessu nýja lánakerfi, og þetta er í góðu samræmi við þennan höfuðleiðara Morgunblaðsins, sem var um það, að einungis þeir, sem hefðu nægilegt eigið fjármagn, ættu erindi inn í atvinnurekstrinn, hinir ættu þangað ekkert erindi.

En á undanförnum árum hefur verið reynt að greiða fyrir sem allra flestum í þessu tilliti. T. d. víðs vegar úti um landið hefur verið reynt að greiða fyrir fyrirtækjum til að koma upp framleiðslutækjum, jafnvel þó að þau þyrftu að fá 80—85% af fénu að láni eða meira, og ég fullyrði, að ef það hefði á undanförnum árum átt að halda sér við þessa 70% reglu, sem hér var lauslega nefnd, þá hefði orðið lítið úr þeirri stórkostlegu uppbyggingu, sem á síðustu árum hefur átt sér stað víðs vegar um landið í sjávarútvegi og öðrum atvinnurekstri. Ég fullyrði þetta.

Það þarf þess vegna að athuga mjög gaumgæfilega þessa hlið á málinu, hvort þeir eiga að úrskurðast hér utangarðs algerlega, sem kunna að skulda meira út á eignir sínar en sem svarar 70% af matsverði. Ef það verður gert, þá er hér tekin upp algerlega ný stefna í þessum efnum. Þetta er því eitt af þeim atriðum, sem þarf að athuga mjög rækilega.

Mér finnst enn þá margt óljóst um, hvernig þessar lánveitingar eru hugsaðar. En ég geri að sjálfsögðu ráð fyrir, að það verði athugað gaumgæfilega í þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar, og vitanlega þarf annaðhvort að setja nánari ákvæði um þessar lánveitingar inn í lögin sjálf eða þá þarf að liggja fyrir, hvernig reglugerðin er hugsuð, og þá um leið, hvernig lánveitingarnar verða.

Þá vil ég minnast á, að það er rík nauðsyn að athuga gaumgæfilega um aðstöðu landbúnaðarins á hliðstæðan hátt og hér er ráðgert varðandi sjávarútveginn. Mér er kunnugt um, að samtök landbúnaðarins hafa haft samband við hæstv. ríkisstj. um það efni, því að það er langt síðan það kom greinilega fram, að ætlunin var að athuga skuldamál sjávarútvegsins. Mér er kunnugt um, að samtök landbúnaðarins hafa haft samband um þetta við hæstv. ríkisstj., og mér hefur skilizt, að það sé verið að starfa að hliðstæðri athugun á skuldamálum bænda og landbúnaðarfyrirtækja og hér hefur átt sér stað um sjávarútveginn. Ég vil fyrir mitt leyti leggja hina mestu áherzlu á, að það verði gert og það geti orðið tekið til meðferðar í beinu sambandi við þetta mál, gerðar verði hliðstæðar ráðstafanir til þess að greiða fyrir landbúnaðinum. Það er alveg óhætt að fullyrða, án þess að ég vilji vera að fara lengra út í það núna, að það er knýjandi þörf á því, að hliðstæðar ráðstafanir geti orðið gerðar fyrir landbúnaðinn, bæði einstaklingana og þau fyrirtæki, sem starfa fyrir hann.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, var því lýst yfir, þegar hæstv. ríkisstj. lagði fram till. sínar um nýja efnahagsmálastefnu á öndverðu ári 1960, að megintilgangur hinna nýju tillagna ríkisstj. í efnahagsmálum væri að koma aðalatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum, á heilbrigðan grundvöll og sjá svo um, að hægt væri að reka sjávarútveginn án styrkja og uppbóta. Þetta var margsinnis tekið fram í grg. frv. og í málflutningi hæstv. ríkisstj. hér á Alþ. um þessar nýju efnahagsráðstafanir. Aðaltilgangurinn var sem sé sá að tryggja rekstrarafkomu sjávarútvegsins og koma þeim rekstri sem heild á heilbrigðan grundvöll. Þá var ekki minnzt á neitt slíkt sem það, sem þetta frv. nú fjallar um. Þá voru ekki gefnar hér neinar yfirlýsingar um það eða nein orð látin liggja að því, að eftir nokkra mánuði þyrfti að taka öll lánamál sjávarútvegsins til nýrrar athugunar og gerbreytingar frá því, sem áður var. Þá voru menn beinlínis látnir skilja, að hin nýja stefna, sem nú átti að taka upp í efnahagsmálum landsins, ætti að leysa vandann og koma sjávarútveginum á þennan heilbrigða rekstrargrundvöll. Það hlýtur því að hafa vakið undrun, a. m. k. allra þeirra, sem trúnað lögðu á orð hæstv. ríkisstj. í þessum efnum, að hún skyldi telja sig neydda til þess að rjúka upp nú í jólafrii þingmanna og setja bráðabirgðalög um raunveruleg skuldaskil útgerðarinnar.

Ég óska eindregið eftir því, að hæstv. ríkisstj. gefi hér skýringu á því, hvaða ástæður lágu til þess, að henni þótti nauðsynlegt að grípa til bráðabirgðalagasetningar í þessum efnum. Það var kunnugt, að hæstv. ríkisstj. hafði opinberlega lýst því yfir við samtök útgerðarmanna í landinu, að hún ætlaði sér að setja löggjöf svipaða og þá, sem hér hefur verið sett. Og hún hafði m. a. látið fjármálaráðunaut sinn halda langt og ýtarlegt erindi yfir samtökum útvegsmanna eða útvegsmönnum um það, hvað væri hér raunverulega á ferðinni í sambandi við þessa væntanlegu lagasetningu. Útvegsmenn vissu því fyllilega um það, hvað hér átti að koma. En hvað var það þá, sem gat knúið hæstv. ríkisstj. til þess að þurfa nú að setja brbl. um þetta efni? Lög um skuldaskil útgerðarinnar hafa verið sett hér á Alþingi áður og ekki með bráðabirgðalögum, og framkvæmdin hefur líka orðið sú, síðan brbl. voru sett, að ekkert bendir til þess, að það hafi verið brýn nauðsyn á því að setja brbl. í þinghléinu um þetta mál. Og í þessum umr. hefur ekkert komið fram, sem réttlæti þessa bráðabirgðalagasetningu. En hæstv. ríkisstj. var orðið það ljóst, m. a. vegna yfirlýsinga frá samtökum útvegsmanna, að svo var orðið ástatt með fjárhagsmálefni útgerðarinnar í heild, að þar þurfti ýmislegt að gera, og það voru uppi margar kröfur frá hálfu útvegsmanna til ríkisstj., og svo hefur ríkisstj. í einhverri ofboðslegri hræðslu þotið upp og sett brbl. í þessum efnum, rétt eins og hún væri að gera sinn hag eitthvað betri með slíkri ráðstöfun. Ég á erfitt með að skilja þessa brbl.-setningu á annan hátt en þann, að hér hafi komið til eitthvert hræðslukast hæstv. ríkisstj. Mér er ómögulegt að finna, hvaða bein rök hafa legið til þess, að hér voru sett brbl. En væntanlega getur hæstv. ríkisstj. skýrt það atriði nokkru betur en hún hefur gert.

En hvað er það svo, sem hér er raunverulega

á ferðinni? Jú, það er sagt, að nú eigi aðallega að breyta stuttum lánum, sem útgerðin hefur fengið í bönkum landsins, í löng lán, og einnig muni útgerðin verða þess aðnjótandi, að vextir á þessum lengdu lánum verði nokkru lægri en vextirnir á stuttu lánunum. Kemur það ekki upp í huga einhverra, sem hér voru viðstaddir afgreiðslu viðreisnarlöggjafarinnar á sínum tíma, að eitt af meginákvæðunum einmitt í viðreisnarlöggjöfinni var það ákvæði, að það þurfti að breyta þeim lögum, sem í gildi voru um stofnlán til útgerðarinnar? Það hafði sem sé verið um alllangan tíma svo, að útgerðin gat fengið sín meginstofnlán frá fiskveiðasjóði til 20 ára og reyndar með heldur hagstæðum vaxtakjörum líka, 4 og 4½% vöxtum. En einmitt eitt af því, sem viðreisnin boðaði, var, að það varð að breyta þessum lögum og ákveða að stytta stofnlán útgerðarinnar úr 20 árum, eins og hafði verið bundið í lögum, niður í 15 ár, og það varð að hækka vextina á þessum stofnlánum frá því, sem áður var. Svo er nú aftur komið eftir 10 mánuði og sagt: Nei, nú skulum við hafa þetta á hinn veginn. Nú skulum við aftur lengja stuttu lánin, og nú skulum við aftur lækka vextina í staðinn fyrir að hækka þá áður. — Hér er m. ö. o. gersamlega snúið við blaðinu frá því, sem var snemma á árinu. Þá var nauðsynlegt að breyta lögum í þá átt að stytta stofnlán útgerðarinnar. Nú á að lengja þau. Þá var nauðsynlegt að breyta lögum og ákveða að hækka vextina á stofnlánunum. Nú á að lækka vextina, einmitt í þessum mánuði. Ríkisstj. hefur auðvitað í þessum efnum rekið sig á það, að kenningar þær, sem túlkaðar voru fyrir henni um það leyti, sem hún var að setja viðreisnarlöggjöfina, hafa reynzt eintóm vitleysa, og því er það, sem slíkt fum er á hæstv. ríkisstj., að nú boðar hún allt annað en hún boðaði þá.

En svo er mönnum sagt um þessi nýju lán, sem mjög hefur verið talað um að veita eigi útgerðinni í landinu, — talað hefur verið um 300—400 millj. í þessum lánum, — að þessi nýju lán séu með þeim undrum, að það þurfi hvergi að taka peninga á neinn hátt til þess að setja í þessi lán. Engan nýjan pening á að leggja fram, en samt á að veita ný lán. Og rætt er um það, eins og m. a. kom hér fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að það eigi að taka nokkurn hlutann af þeim afurðalánum, sem útgerðin hefur haft, og breyta þeim afurðalánum í löng lán, og síðan er til þess ætlazt, að eftirleiðis verði afurðalánin ekki hærri en um 70%, í staðinn fyrir það, að afurðalánin hafa nú í mörgum tilfellum verið 100%. Það er ekki mikil bót fyrir útgerðarfyrirtæki að verða þess aðnjótandi, að þau afurðalán, sem fyrirtækið hefur haft um skeið, eigi að lækka, hluta af þessum afurðalánum eigi að taka og breyta í löng lán, en eftirleiðis á fyrirtækið ekki að geta fengið nema 70% af þeim lánum, sem það hefur getað fengið fram til þessa, til þess að standa undir kostnaði af framleiðslu nýrra afurða. Það er auðvitað alveg augljóst, að ef ætti að fylgja þessu fram, þá ræki hér strax til stöðvunar, að ég tali nú ekki um. ef þannig ætti að halda á málunum, eins og hæstv. viðskmrh. túlkaði hér, að með því að taka hluta af afurðalánunum og lengja þau í þessi löngu lán, þá losnar, eins og hæstv. ráðh. sagði, nokkur hluti af andvirði afurðanna. Þegar þær eru nú seldar, þá fær útgerðarfyrirtækið nokkuð af lausum peningum, sem það getur þá, eins og hann sagði, notað til þess að borga aðrar lausaskuldir, sem nú hvíla á rekstrinum. En ef fyrirtækið gerir það, hvernig tekst þá til, þegar fyrirtækið þarf að framleiða á nýjan hátt og fá afurðalán á ný og fær þá ekki nema 70% af framleiðslukostnaði? Hvaðan á þá að taka hinn hlutann af framleiðslukostnaðinum? Nei, um leið og á að ákveða, að afurðalánin eigi eftirleiðis að minnka frá því, sem þau hafa verið, verður vitanlega að taka þann hluta, sem nú losnar af afurðalánunum eða af andvirði afurðanna, og setja í nýja framleiðslu, svo framarlega sem þetta á ekki að leiða til stöðvunar innan skamms.

Nei, sú ráðstöfun að ætla að minnka þau lán, sem hafa verið veitt sem afurðalán, og taka hluta af afurðalánum og breyta þeim í löng lán, getur vitanlega ekki orðið til nokkurra bóta fyrir reksturinn. Það er að vísu svo um þessi væntanlegu lán, sem hér er rætt um, að það er margt óljóst í því, hvernig framkvæmd þessara mála verður. En það þykir mér vera alveg sýnt, að svo framarlega sem þetta á að koma sjávarútveginum að einhverju gagni, eins og nú er komið rekstrarmálum sjávarútvegsins, verður hér að vera um beina útlánaaukningu að ræða. Þá verður hér að koma til þess, að þessi nýju lán verði raunverulega ný lán með nýju fjármagni, því að annars hefur þetta sáralitla þýðingu. Ég held líka, að hæstv. ríkisstj. hljóti að gera sér grein fyrir því, að þannig hlýtur þetta að fara. En vegna þess, sem hún hefur sagt áður um útlán bankanna og meginstefnumið viðreisnarinnar að draga úr útlánum, þykir ríkisstj. sennilega handhægara að hafa þetta svona núna, að lýsa því yfir, að hér sé einvörðungu um millifærslu á lánum að ræða, en hér eigi ekki að vera um að ræða útlánaaukningu, þó að hún viti, að þessi ráðstöfun leiðir til þess, að hér verður um útlánaaukningu að ræða innan skamms. Þegar lausaskuldir fyrirtækjanna í bönkunum hafa verið teknar og færðar í aðra stofnun og eiga þar að vera sem löng lán, þá byrjar lántakan á nýjan leik í viðskiptabönkunum og færist fljótt upp að sama marki og hún var áður, því að annars rekur allt í strand.

Menn muna eftir því, að í grg. fyrir viðreisnarfrv. sagði hæstv. ríkisstj. á sínum tíma, að hún mundi hlutast til um það við viðskiptabankana og Seðlabankann, að útlánaaukning á árinu 1960 skyldi ekki verða meiri en 200 millj. kr. Þetta var ætlunin í sambandi við útlánamálin. Nú í lok októbermánaðar sögðu Hagtíðindin það, að útlánaaukningin hjá bönkunum væri ekki orðin 200 millj., heldur 421 millj. og þessi útlánaaukning meiri en helmingi meiri en ráð hafði verið fyrir gert í grg. viðreisnarfrv. Þessi útlánaaukning átti sér stað á þeim tíma, sem mjög gekk á birgðir af út-

flutningsvörum í landinu, og samkv. eðlilegum hætti hefðu útlánin átt að minnka með minnkandi birgðum í landinu. En jafnhliða því, sem birgðirnar minnkuðu, jukust útlánin helmingi meira en sérfræðingar ríkisstj. höfðu gert ráð fyrir. Og útlánaaukningin var raunverulega enn meiri en þetta, vegna þess að það vita allir, að allverulegur þáttur í auknum útlánum nú á þessu ári hefur verið í formi erlendra vörukaupalána hjá verzluninni, sem áður varð að fá sín lán í gegnum banka landsins eins og aðrir, og ef verzlunin fékk eitthvað aukin lán, þá kom það vitanlega fram í auknum útlánum bankanna almennt séð. Nú gat verzlunin tekið mikið á annað hundrað millj. í sérstökum vörukaupalánum erlendis frá, án þess að þessi nýju lán væru talin með í útlánaaukningunni í landinu. Þannig er auðvitað enginn vafi á því, að útlánaaukningin hefur verið margföld á við það, sem sérfræðingar ríkisstj. gerðu ráð fyrir á sínum tíma. Og útlánaaukningin þurfti að verða enn meiri en þetta. Hún þurfti raunverulega að verða þeim 300—400 millj. meiri, sem þetta frv. nú stefnir að, en það stefnir að því að færa til sjávarútvegsins með einum eða öðrum hætti 300—400 millj. í nýjum lánum, þó að það eigi að heita svo í upphafi, að hér eigi ekki að vera um útlánaaukningu að ræða, heldur tilfærslu á lánum, því að það er vitanlegt mál, að framhaldið af þessu hlýtur að verða það, að hér verður um beina útlánaaukningu að ræða.

Í þessum efnum hefur auðvitað farið eins fyrir stefnu ríkisstj. viðvíkjandi þessum atriðum og í öðru. Ekkert af þeim útreikningum hefur staðizt, sem ríkisstj. lagði fram sem rökstuðning fyrir viðreisninni á sínum tíma. Við vitum það, að ein aðalröksemdin fyrir viðreisninni var sú, að skuldir þjóðarinnar við útlönd væru orðnar of miklar, — skuldirnar væru orðnar allt of miklar og þær yrðu að lækka, og að því átti viðreisnin að stefna. Nú fyrir tveimur dögum eða svo skrifaði einn af hagfræðingum Sjálfstfl. allýtarlega grein um þetta efni í Morgunblaðið, Þorvarður J. Júlíusson, starfsmaður Verzlunarráðs Íslands. Hann sagði í sinni grein, að árið 1960, viðreisnarárið, hefði nettó-skuldaaukning við útlönd orðið á milli 4 og 5 hundruð millj. kr., eins og hann orðaði það, — nettó-skuldaaukning við útlönd á árinu 1960 hefði orðið á milli 4 og 5 hundruð millj. kr. Og það er enginn vafi á því, að skuldaaukningin við útlönd varð raunverulega mun meiri en þetta, því að stuttu vörukaupalánin eru ekki þarna talin fram, en þar er sumpart um lán að ræða fyrir vöru, sem er innflutt og uppétin eða notuð í landinu, en skuldin stendur enn þá eftir við útlönd. Síðan viðreisnarlöggjöfin var samþ., hefur því orðið um að ræða stórkostlega nýja skuldasöfnun við útlönd. Það hefur vitanlega farið um koll í áætlunum sérfræðinga ríkisstj. eins og annað.

Eina afsökunin, sem hæstv. ríkisstj. hefur í þessum efnum, er auðvitað sú, að hún bendir á: Menn verða að gæta að því, að það hefur verið flutt svo mikið inn af bátum og skipum á þessu ári, það hefur verið enn þá meira en var árið á undan. — Það er rétt, að það hefur verið nokkru meira af almennum fiskibátum, en líka er rétt að hafa það í huga, að einmitt skuldirnar, sem þeir viðreisnarmenn þýsnuðust sem mest yfir, um það leyti sem þeir voru að réttlæta sína viðreisnarstefnu, voru skuldir við útlönd fyrir að byggja nýja Sogsvirkjun, fyrir að byggja sementsverksmiðju og fyrir að kaupa mjög mikinn og voldugan bátaflota inn til landsins. Þá voru slíkar skuldir taldar óguðlegar, og rök voru sett upp um það, að nú yrði að taka upp nýja stefnu í efnahagsmálum landsins vegna þessarar skuldasöfnunar til þess að koma í veg fyrir frekari skuldasöfnun. En hvernig hefur farið?

Þessi sami hv. hagfræðingur, sem ég minntist hér á áðan og skrifaði grein í Morgunblaðið nú fyrir nokkrum dögum, gerði þar líka grein fyrir því, að greiðslujöfnuðurinn við útlönd á árinu, sem var að líða, 1960, er einhver sá óhagstæðasti, sem yfir Ísland hefur komið. Hann gerir samanburð á greiðslujöfnuði fyrir árið 1959 og árið 1960. Hann telur, að greiðsluhallinn við útlönd árið 1959, með alveg sambærilegum tölum, þ. e. sama gengi reiknað allt árið 1959 og var 1960, þá telur hann, að greiðsluhallinn 1959 hafi verið 475 millj. kr., en segir, að hann muni verða 460 millj. 1960. En svo ber bara að hafa það í huga, að opinberar skýrslur sýna líka, að árið 1959, sem var eitt hið óhagstæðasta í greiðslujöfnuði, sem við þekkjum, það ár var þessi óhagstæði greiðslujöfnuður m. a. vegna þess, að þá jukust birgðir í landinu af útflutningsvörum stórkostlega. Um áramótin lágum við með miklu meiri framleiðsluvörur í landinu en við lágum með þá í ársbyrjun. Greiðsluhallinn við útlönd stafaði sumpart af þessu. En núna 1960 er þetta alveg öfugt. Þá liggja miklu minni vörubirgðir í landinu í lok ársins en lágu þar í byrjun ársins. Greiðsluhallinn er því á árinu 1960 raunverulega miklu meiri en á versta árinu áður.

Ef maður vill svo bæta einnig við greiðsluhallann, sem auðvitað ber að gera, þeim sérstöku skuldum, sem við höfum stofnað til erlendis vegna vöru, sem inn er flutt og búið er að nota, þ. e. vegna hinna stuttu vörukaupalána, þá sjá allir, að greiðsluhallinn á árinu 1960, viðreisnarárinu, er margfalt miklu meiri en við höfum þekkt áður.

En svona hefur þetta sem sagt gengið til í öllum greinum. Hæstv. ríkisstj. setti í upphafi ársins löggjöf, sem sagt var, að hefði það meginmarkmið, að hún ætti að koma rekstri sjávarútvegsins á hallalausan grundvöll og heilbrigðan rekstrargrundvöll. Nú í byrjun þessa árs verður að grípa til bráðabirgðalaga til þess að setja ákvæði um skuldauppgjör útgerðarinnar í landinu. Þannig hefur það farið.

Á nákvæmlega sama hátt hafa ráðstafanirnar yfirleitt í efnahagsmálunum farið.

Ég hefði viljað, vegna þess að þetta mál er nú hér til umr. á fyrsta stigi, óska eftir því, að hæstv. ríkisstj. gæfi hér nokkrar frekari upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd á þessu skuldauppgjöri útgerðarinnar. Ég vildi t. d. spyrja um það: Hefur ríkisstj. ákveðið í

þessu efni einhverja tiltekna fjárhæð, sem miða skal þessi lán við? Er hér um fasttiltekna fjárhæð að ræða sem heild, 300 millj., 400 millj., eða getur hér orðið um miklum mun hærri upphæð að ræða, þar sem eigi að breyta hinum svonefndu stuttu lánum í lengri lán? Í grg. fyrir frv. kemur ekkert fram um, hvað hér er áætlað um, hvað verja skuli í þetta mikilli fjárhæð.

Þá er hér annað atriði, og það er: Hefur ríkisstj. ákveðið eitthvað um það, hvaða vextir skuli gilda á þessum lánum?

Þá er enn annað atriði, og það er: Hafa verið teknar ákvarðanir um, hvaða tegundir lána af hinum svonefndu stuttu lánum það eru, sem skulu ganga fyrir öðrum með þessa lengingu? Er það sá hluti afurðalánanna, sem er fram yfir 70%? Á hann að færast yfir fyrst og fremst? Eða hvaða önnur lán eru það sérstaklega, sem hér eiga að færast yfir og verða löng lán fremur en önnur? Eru uppi till. um það hjá hæstv. ríkisstj. að gera hér einhverjar sérstakar ráðstafanir fyrir þau útgerðarfyrirtæki, sem þegar hafa lán til langs tíma fram yfir 70% af matsverði eigna viðkomandi fyrirtækis?

Það er kunnugt, að þær reglur hafa verið í gildi um langan tíma varðandi bátaútveginn, að fiskveiðasjóður hefur veitt lán til langs tíma, sem kölluð hafa verið, til þess að kaupa nýja fiskibáta, og þau lán hafa numið 67 og upp í 75% af stofnkostnaði. Ég hygg því, að flestir fiskibátar í landinu hafi þegar fengið lán, sem nema 70%. Er það þá meiningin, að bátaflotinn í landinu sem slíkur geti ekki orðið aðnjótandi þessara lána yfirleitt, þar sem er um að ræða bátana sem slíka, en ekki annan þátt í rekstri bátaeigendanna? Ég hygg, að þeir bátar séu fáir í landinu, sem hafa ekki fengið löng lán, sem nema 70% af stofnkostnaði. Eru þá uppi till. um það hjá hæstv. ríkisstj. að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir fyrir þessa aðila?

Mér hefði þótt vænt um það að fá upplýsingar um þessi atriði.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að mér sýnist vera augljóst mál, að það, sem raunverulega er að gerast með þessari löggjöf, er það, að hæstv. ríkisstj. veit það og hefur fengið upplýsingar um það frá bönkum landsins, frá viðskiptabönkunum eflaust, að útgerðin hefur safnað miklum skuldum á s. l. ári, og nú er því ætlunin að breyta þeim töpum, sem orðið hafa á s. l. ári, rekstrartöpunum, sem stafa m. a. af efnahagsráðstöfunum ríkisstj., í löng lán. En hefur þá ekki hæstv. ríkisstj. gert sér grein fyrir því, að ef hún heldur áfram fast við stefnu sína í efnahagsmálunum, þá gerist nákvæmlega það sama aftur um næstu áramót. Enn kemur ný skuldasúpa sem afleiðingar af þeirri efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. rekur, og þá þarf aftur að bæta við lánalengingarsummuna, ef ekki á allt að reka í strand. Það kann að vera, að það sé óhjákvæmilegt, eins og komið er, að fara þessa leið, að taka þau töp, sem hér hafa myndazt á s. l. ári, leggja þau til hliðar, frysta þessar skuldir, en mér sýnist hitt líka jafnóhjákvæmilegt, að reyna að koma í veg fyrir, að þetta endurtaki sig, og það sé aðalatriðið.

Ég vænti, að hæstv. ríkisstj. athugi það atriði líka.

Umr. frestað.

Á 47. fundi í Nd., 20. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Málsvarar stjórnarandstöðunnar, hv. 1. þm. Austf. (EystJ) og hv. 4. þm. Austf. (LJós), héldu í gær alllangar ræður um þetta frv. Það merkilegasta við þessar ræður var, að þótt þær væru allýtarlegar, var í þeim engar upplýsingar að finna um, hvort hv. ræðumenn og þá væntanlega flokkar þeirra væru með frv. eða mótfallnir því. Um það féll ekki eitt orð í ræðum þeirra. Það mun hins vegar væntanlega koma í ljós við meðferð málsins á þinginu, í síðasta lagi við atkvgr., hvort það hlýtur stuðning þeirra flokka, sem þessir hv. þm. eru fyrirsvarsmenn fyrir, eða hvort þeir beita sér gegn því, og verður sannarlega fróðlegt að fá um það vitneskju. En það voru nokkur atriði í ræðum þeirra, sem mig langar til að gera að umtalsefni.

Í fyrsta lagi kvörtuðu þeir báðir undan því, að brbl. skyldu hafa verið gefin út um þetta efni, og töldu engar viðunandi skýringar hafa verið á því gefnar, hvers vegna það hafi verið nauðsynlegt. Þær skýringar er þó að finna í forsendum brbl. sjálfra, en þar segir, að um leið og vertíð hæfist, hafi verið talið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að allmiklu af skuldum sjávarútvegsins til skamms tíma verði breytt í löng lán. Það var upphaf vertíðarinnar, sem gerði það nauðsynlegt, að þessu máli, sem um nokkurt skeið hafði verið á döfinni, væri komið í höfn. Þeir töldu og, að ekki hefði verið hafður mikill hraði á vinnubrögðum í kjölfar setningar brbl., þar sem enn væri ekki búið að gefa út reglugerð samkv. brbl. Ég furðaði mig dálitið á því, að þeim skyldi ekki vera kunnugt, hvorugum held ég, að reglugerðin var gefin út 14. jan. s. l., er undirrituð s. l. laugardag, svo að öllum undirbúningi af hálfu stjórnarráðsins í þessum efnum er lokið og þegar farið að vinna að framkvæmd málsins af fullum krafti af hálfu þeirra, sem um framkvæmdina eiga að fjalla, þ. e. a. s. stjórn stofnlánadeildarinnar og viðskiptabankanna. Ríkisstj. hefur engan dag látið líða, síðan brbl. voru sett, án þess að inna af hendi sínar skyldur í þessum efnum gagnvart þeim aðilum, sem hagræðis eiga að njóta í kjölfar þessarar lagasetningar. Ef beðið hefði verið eftir Alþingi með lagasetninguna, er augljóst mál, að málið hefði tafizt um 3—4 vikur og hefði því alls ekki getað komið að því gagni, sem þessari nýskipan er ætlað að koma.

Auk þessa voru tvö atriði í ræðum hv. þm., sem mig langar til að gera að umtalsefni. Þeir fjölluðu báðir um þessi atriði og á nokkuð svipaðan hátt. Annars vegar voru þær staðhæfingar

þeirra, sem raunar hefur verið mjög á loft haldið, bæði hér í þingsölunum í síðustu viku fyrir jólaleyfi og í blöðum hv. stjórnarandstöðu nú um nokkurra mánaða skeið, þær fullyrðingar, að vaxtahækkunin á s. l. ári hafi verið og sé útgerðinni sem og öðrum atvinnurekstri landsmanna algerlega óbærileg byrði. Þetta var margundirstrikað í ræðum hv. þm. í gær. Það var eins og þessu væri teflt fram sem eins konar mótvægi á móti því hagræði, sem allir hlytu að játa að útvegurinn mundi njóta í kjölfar þessarar lagasetningar, það hagræði væri í raun og veru smámunir hjá þeim gífurlegu búsifjum, sem útgerðin hefði orðið fyrir, fyrst og fremst vegna vaxtahækkunarinnar og einnig vegna lánatakmörkunarinnar á s. l. ári. Þetta er hið fyrra af þeim atriðum, sem mig langar til að gera að umtalsefni. Hið síðara eru þær staðhæfingar, sem fram komu í ræðum þessara hv. þm. um greiðslujöfnuðinn á s. l. ári og þann samanburð, sem þeir gerðu á niðurstöðu greiðslujafnaðarins þá við undangengin ár.

Þá er fyrst að snúa sér að vöxtunum og þýðingu vaxtanna fyrir sjávarútveginn. Hv. 1. þm. Austf. gekk jafnvel svo langt að staðhæfa í ræðu sinni í gær, að vaxtahækkunin ein næmi sem svaraði 15—20% af kaupgjaldi margra útgerðarfyrirtækja. Ég hef hér fyrir framan mig rekstraráætlun togara fyrir eitt ár og rekstraráætlun línubáts. Báðar þessar áætlanir eru samdar af sérfróðum mönnum á þann hátt, sem ágreiningslaust hefur verið um mörg undanfarin ár, að slíkar áætlanir skuli samdar. Áætlanir sem þessar voru ekki aðeins grundvöllur undir þeim útreikningum, sem gerðir voru í sambandi við gengisbreytinguna á s. l. ári. Slíkar áætlanir, nákvæmlega eins og þessar í öllum aðalatriðum, voru einnig undirstaða undir þeim ráðstöfunum, sem stjórn Hermanns Jónassonar gerði nokkrum sinnum á sínu valdaskeiði, svo að um gerð þeirra í sjálfu sér er enginn ágreiningur á milli þeirra flokka, sem setið hafa í ríkisstj. undanfarin ár. Vextir eru nú um 2% hærri en þeir voru fyrir efnahagsráðstafanirnar og verða það væntanlega enn um nokkurt skeið. Ef reiknaður er útgjaldaaukinn af 2% vaxtahækkun í rekstraráætlun togara fyrir eitt ár, hækkar heildarrekstrarkostnaður togarans um 0.7%. 2% vaxtahækkun hjá togaranum þýðir 0.7% útgjaldaaukningu fyrir togarann á ári. Ég orðlengi ekki um, hvílík fjarstæða það er, að slík útgjaldahækkun vegna vaxtahækkunarinnar geti stefnt eða stefni rekstri togara í bráða hættu. Til samanburðar má geta þess, að kaupgreiðslur til skipshafnar eru 27% af heildarútgjöldum togarans. Að því er línubátinn snertir, þýðir 2% vaxtaaukning hækkun á heildargjöldum hans um 0.6%, eða mjög svipaða tölu. Hlutdeild hlutanna í heildarútgjöldum bátsins er hins vegar 33%. Ég segi um þetta hið sama og áðan, að öllum mönnum má vera augljóst, að það er reginfjarstæða að telja þessa útgjaldaaukningu skipta nokkru meginmáli í rekstri línubátsins. Hins er svo að geta á hinn bóginn, að þýðing vaxtanna í rekstri vinnslufyrirtækjanna er mun meiri, áreiðanlega helmingi meiri og líklega ríflega það heldur en hlutur vaxtanna í rekstri báts og togara. Um hlutdeild vaxtanna í rekstri frystihúsa, saltfiskvinnslustöðva og við skreiðarverkun er því miður ekki hægt að fá jafnóyggjandi upplýsingar og um áætlaðan rekstrarkostnað togara og báts. Ég hygg þó, að segja megi, að 2% vaxtahækkun þýði jafnvel 2—2½% aukningu á rekstrarkostnaði vinnslustöðvanna, og er það að vísu mun meira en vaxtaútgjöldin fyrir togarann og bátinn.

Þótt ekki sé hægt að fá glöggar upplýsingar um þýðingu vaxtanna fyrir vinnsluna í heild, er hægt að mynda sér mjög greinargóða hugmynd og í raun og veru miklu nákvæmari hugmynd um vaxtabyrði útgerðarinnar með því að fá upplýsingar í bönkunum um heildarlán bankanna til útgerðarinnar, því að um það eru til nákvæmar skýrslur í viðskiptabönkunum. Ég hef fengið upplýsingar um það, hversu mikið bankarnir áttu í útlánum hjá útgerðinni, allri útgerðinni, vinnslustöðvunum auðvitað meðtöldum, í nóvemberlok 1960. Þá voru heildarlán útgerðarinnar hjá bankakerfinu 1471 millj. kr. Þar af voru 70 millj. löng lán á föstum vöxtum, sem vaxtahækkunin hafði ekki áhrif á. Síðan varð lækkun á lánunum í desember í sambandi við birgðabreytingar, og það er því áreiðanlega mjög nálægt lagi að áætla lánin til útgerðarinnar á árinu 1960 1400 millj. kr. Nú hækkuðu vextir í febrúarlok 1960 um um það bil 4%, svo að það er hægur vandi að reikna, hverju 4% vaxtahækkun í 10 mánuði af 1400 millj. kr. nemur, en það eru 47 millj. kr. Útgjaldaaukning útgerðarinnar í heild hefur því numið einhvers staðar mjög nálægt 47 millj. kr. á árinu 1960. Ég segi nú aftur: Dettur nokkrum manni í hug í alvöru, eða eru það frambærilegar staðhæfingar á Alþingi og gagnvart alþjóð að halda, að jafnvel þessi útgjaldaaukning í þessa 10 mánuði hafi haft úrslitaþýðingu fyrir rekstur sjávarútvegsins á Íslandi? Verðmæti sjávarútvegsframleiðslunnar hefur á árinu 1960 verið um það bil 2400 millj. kr., svo að vaxtahækkunin er um 1.9% af heildarframleiðsluverðmæti sjávarútvegsins.

Nú var í fyrsta lagi öllum kunnugt, að sú mikla vaxtahækkun, sem gerð var í febrúarlok 1960, var gerð til bráðabirgða. Henni var aldrei ætlað að standa til frambúðar, enda voru vextirnir lækkaðir um s. l. áramót, eins og öllum er í fersku minni. Eru vextirnir nú ekki nema um 2% hærri en þeir voru fyrir efnahagsráðstafanir. Því hefur enn fremur verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., að þessum vöxtum er ekki meiningin að halda lengur en talið er nauðsynlegt til þess að vera öruggur um að halda verðbólguþróuninni í skefjum. Á það væntanlega ekki að taka mjög langan tíma frá þessari stundu, að úr því fáist skorið endanlega, hvort stefnubreytingin verður sigursæl eða ekki. Ef við minnumst þess, að vextir eru nú 2% hærri en þeir voru fyrir efnahagsráðstafanirnar, og ef við gerum ráð fyrir því, að útlán til útgerðarinnar verði á næsta ári um 1500 millj. kr., þá þýðir það 30 millj. kr. útgjaldaaukningu á heilu

ári fyrir útgerðina, miðað við það ástand, sem var fyrir efnahagsráðstafanir. Hér verður þess enn fremur að geta, að það frv., sem hér er til umræðu, sem sagt lánabreytingin, mun hafa í för með sér mjög verulega vaxtalækkun fyrir útveginn. Ekki er hægt að segja með vissu, hversu miklu hún muni nema, en ég leyfi mér samt að fullyrða, að í kjölfar samþykktar þessa frv. muni sjávarútvegurinn njóta vaxtalækkunar, sem muni nema einhvers staðar um 10 millj. kr., sem þá má draga frá vaxtahækkuninni eða útgjaldaaukningunni, vegna þess að viðskiptavextir eru nú 2% hærri en þeir voru fyrir efnahagsráðstafanirnar, þannig að áætla má, að vaxtaútgjöld útvegsins á árinu 1961 muni verða eitthvað í kringum 20 millj. kr. meiri en þau voru á heilu ári fyrir efnahagsráðstafanirnar. 20 millj. kr. af um það bil 2500 milljóna framleiðsluverðmæti er um 0.8%.

Þetta eru tölur, sem ógerningur er að vefengja. Ég segi ekki, að þær séu nákvæmar upp á milljón. Það geta slíkar tölur aldrei verið. En það getur engu skakkað, sem neinu máli skiptir, enda þyrfti að tvö-, þre- eða fjórfalda tölurnar, til þess að þær hefðu nokkuð í áttina við þá þýðingu, sem hv. málsvarar ríkisstj. hafa verið að gefa í skyn að þær hefðu. 20 millj. kr. útgjaldaaukning á árinu 1961 vegna vaxtahækkunarinnar fyrir útveg í heild eins og sjávarútveginn getur bókstaflega enga úrslitaþýðingu haft fyrir hag eða rekstur útvegsins. Allar staðhæfingar um, að með þessum ráðstöfunum hafi verið og sé áfram verið að leggja óbærilegar byrðar á útgerðina, eru því algerlega staðlausir stafir.

Þá eru örfá orð um það atriði, að lánaaðhaldið á s. l. ári hafi einnig reynzt útgerðinni mjög alvarlegur baggi. Ég gat þess áðan, að í nóvemberlok s. l. hafi lán bankanna til sjávarútvegsins numið 1471 millj. kr. Ég fékk upplýsingar um það, hver lánin til sjávarútvegsins voru í nóvember 1959. Þá námu þau 1262 millj. kr. Þannig hafði sjávarútvegurinn frá bankakerfinu 209 millj. kr. meira í nóvemberlok 1960 en hann hafði í nóvemberlok 1959. Þetta er öll hörkumeðferðin, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir af hálfu bankakerfisins. Ef tekið er tillit til verðlækkunar, sem orðið hefur á ýmsum afurðum, eru birgðir í nóvember 1960 aðeins um 25 millj. kr. lægri en í nóvember 1959, svo að hér hefur verið greinilega um það að ræða, að sjávarútvegurinn hefur haft meira fé til umráða úr bankakerfinu á s. l. ári en hann hafði árið áður, og var það í raun og veru eðlilegt og sjálfsagt í framhaldi af þeirri kostnaðaraukningu, sem átti sér stað á því ári. Þessar tölur ættu einnig að taka af tvímæli um, að mjög hafi verið sorfið að sjávarútveginum og jafnvel rekstur hans torveldaður með því að meina honum eðlilegan og heilbrigðan aðgang að lánsfé. Hitt er svo annað mál, að það tókst á s. l. ári að koma í veg fyrir það, sem gerzt hefur mörg undanfarin ár, að ýtt væri undir vaxandi verðbólgu með því að deila út í þjóðfélagið lánsfé úr bönkunum, sem heilbrigður sparnaður stóð ekki á bak við.

Þá var einnig að því vikið í ræðum beggja hv. stjórnarandstæðinga í gær, að ríkisstj. hafi sett mjög strangar lánatakmörkunarreglur og síðar orðið að fara bónarveg til bankanna um að brjóta þessar reglur. Hér er mjög villandi frá skýrt. Ríkisstj. setti sér í sambandi við efnahagsráðstafanirnar að vinna að því, að útlán bankakerfisins færu ekki fram yfir visst mark. Ríkisstj. datt auðvitað aldrei í hug að binda sjálfa sig nokkrum böndum í þessum efnum. Slíkur ásetningur er einungis til viðmiðunar, og það er til mikils hægðarauka og mikils gagns að vinna þannig. Eitt af því, sem á vantaði einmitt í stjórn Hermanns Jónassonar, var, að þannig væri unnið, að menn settu sér mark fram í tímann, stefnumið til þess að vinna að. Slík stefnumið geta hins vegar aldrei reyrt þróunina í fastar skorður og mega ekki gera. Ef í ljós kemur, að víkja þarf í einhverju smávægilegu frá því, þá er það gert. Það var það, sem var gert á árinu 1960. Í staðinn fyrir að einblína á þessi stefnumið sem óumbreytanlegt lögmál, var tekið eðlilegt og sjálfsagt tillit til þróunarinnar og staðreynda lífsins. Það var lögð meiri áherzla á að halda atvinnuvegunum gangandi, eins og gert var og tókst, heldur en að skoða viðmiðunartölur, að skoða áætlanir sem bindandi lög. Þarna hygg ég, að ríkisstj. hafi farið rétt að. Annars var í þessum efnum um svo smávægileg frávik að ræða, ef sambærilegar tölur eru teknar, að ekki er sérstakt orð þar á gerandi.

Seinna atriðið, sem ég vildi gera að umtalsefni úr ræðum hv. stjórnarandstæðinga í gær, voru ummæli þeirra um greiðsluhallann á árinu 1960 og sá samanburður, sem þeir gerðu á þessum greiðsluhalla og greiðsluhallanum sérstaklega árin 1959 og 1958. Ég rek ekki málflutning þeirra, geri ráð fyrir, að flestum hv. þm. sé hann ljós. Hann hefur auk þess birzt í morgun í forustugrein í dagblaðinu Tímanum, sem flestir hafa væntanlega rifjað upp þar, svo að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það hér, heldur skal snúa mér beint að þeim svörum, sem hægt er að gefa og nauðsynlegt er að gefa við þessum málflutningi.

Það er því miður mikill galli á þeim umr., sem fara fram um greiðslujafnaðarmálin, að menn hafa þar mikla tilhneigingu, margir þm. og jafnvel fyrrv. ráðh., eins og báðir hv. ræðumenn frá því í gær, til þess að fara mjög villandi með tölur og tala í sömu andránni um tölur, sem þýða sitt hvað, og jafnvel nota orðið „greiðslujöfnuður“ í tveimur ólíkum merkingum. Það er í raun og veru nauðsynlegt, að a. m. k. þm. komi sér saman um að nota orð í einni og sömu merkingu, og það á að vera tiltölulega auðvelt. Ef við komum okkur saman um, hver skuli vera merkingin í orðinu „greiðslujöfnuður“, jafnvel þó að við komum okkur saman um, að nota megi orðið í tvenns konar merkingu, ættum við ekki að þurfa að deila um þá tölu, sem hér er um að ræða. Ástæðan til þess, að við deilum, er, að hugtakið „greiðslujöfnuður“ er í belg og biðu notað í tvenns konar merkingu, sem er alveg óskyld. Maður gæti fyrirgefið mönnum á götunni, sem hugsa ekki sérstaklega um þessi mál, að láta

slíkt henda sig. Maður gæti jafnvel fyrirgefið blaðamönnum, sem þurfa að skrifa um þúsund hluti og þurfa því miður oft að skrifa um hluti, sem þeir hafa ekki tíma til að setja sig inn í, að þeir skrifi villandi um slík mál eins og þessi. Ég segi alveg hiklaust, að ég á erfitt með að fyrirgefa þingmönnum og þá alveg sérstaklega fyrrverandi ráðherrum að tala þannig um þessi mál, að augljóst er, að þeir nota orð í tvenns konar merkingu, með þeim afleiðingum, að þeir, sem á þá hlusta og hafa ekki sett sig rækilega inn í hlutina, misskilja niðurstöðu málsins herfilega. Það, sem hefur gerzt, er það, að í umr. hér á þingi og í blöðum um greiðslujafnaðarmálin hefur orðið „greiðslujöfnuður" verið notað í þessum tveim merkingum: Annars vegar hefur orðið „greiðslujöfnuður" verið notað til þess að tákna hallann á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd í vörum og þjónustu, þ. e. mismuninn á gjaldeyrisgreiðslum þjóðarinnar í heild til útlanda og frá útlöndum fyrir allar vörur og alla þjónustu, sem frá landinu fer og til landsins kemur. Greiðsluhalli hefur annars vegar verið talinn tákna hallann á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd í vöruskiptum og þjónustuviðskiptum. Þessi halli var á s. l. ári 460 millj. kr. Hann var á árinu 1959 475 millj. kr. Hins vegar verður að vita, hvað þessi tala raunverulega táknar, að það geta verið stórir þættir í aðalliðunum, sem mynda þessa tölu, sem eru alls ekki sambærilegir frá ári til árs. (**EystJ**: En hvað var þetta 1958? Hefur ráðh. það hjá sér?) Ekki nema á gamla genginu, 75 millj. Ég ætla einmitt að koma að því á eftir. Ég var ekki búinn. — Inn í þessar tölur ganga liðir, sem eru ekki og geta ekki verið sambærilegir frá ári til árs. Það er mjög misjafnt hjá einstökum þjóðum, hvað slíkir liðir eru stórir. Það er mjög misjafnt, hvað mikið samræmi er í þessum tölum frá ári til árs. Hjá okkur, þar sem mjög verulegur hluti innflutningsins eru skip og bátar og flugvélar, geta þessar tölur breytzt mjög mikið frá ári til árs og alls ekki gefið rétta hugmynd um heildarniðurstöðuna, þannig að það getur verið nauðsynlegt og er hjá okkur tvímælalaust nauðsynlegt að athuga, hversu mikill hluti af innflutningnum hefur verið skip, bátar og flugvélar, og taka tillit til þess. Eins og við vitum hefur endurnýjun skipaflotans hér og flugvélaflotans orðið í stórum stökkum. Við höfum keypt inn okkar skip með nokkurra ára millibili og þá í einu fyrir tugi, ef ekki hundruð milljóna, reiknað á núverandi gengi. Það er algerlega augljóst mál, að ekki dugir að bera saman tölur frá ári til árs, þar sem mjög stórir liðir, jafnvel aðalliðirnir, taka slíkum stökkbreytingum frá einu árinu til annars. Þess vegna er það einnig, að þegar hagstofan og hagfræðistofnanir bankanna gefa upp innflutninginn, geta þær jafnan um innflutning á skipum og bátum alveg sérstaklega til þess að auðvelda mönnum samanburðinn frá ári til árs. Þess vegna er það einnig, að þegar talað er um þennan heildarhalla á vörum og þjónustu, þar sem innflutningur og útflutningur eru stærstu liðirnir, verður einnig að taka tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa á greiðslum vegna skipa og báta, til þess að hægt sé að gera slíkan samanburð réttan. (Gripið fram í.) 1959? Nei, þetta kemur allt saman á eftir. Svarið við þessu kemur hér á eftir, ef ég bara fæ að ljúka máli mínu. (Gripið fram í.) Þetta er rangt. Ég hef þetta allt saman hérna. Ég kem að þessu öllu saman á eftir. Ég átti von á þessu satt að segja. Ég er farinn að þekkja hv. þm. og búinn að heyra svo mikið af umr., að ég var undir það búinn að svara þessu líka. Það kemur hér á eftir.

Ég vil víkja að því, hversu mikil breyting hefur orðið á greiðslum vegna skipa og báta og flugvéla á árinu 1959 og 1960. Á árinu 1959 námu greiðslur vegna skipa og báta og flugvéla 320 millj. kr., en á árinu 1960 500 millj. kr. M. ö. o.: greiðslur vegna skipa og báta og flugvéla aukast um 180 millj. kr., eru 180 millj. kr. meiri 1960 en þær voru 1959. Þar er auðvitað meginskýringin á því, að hallinn á vörum og þjónustu er 460 millj. kr. 1960, miðað við 475 millj. 1959, að hann hefur ekki minnkað um meira en 15 millj. kr. þrátt fyrir batann í gjaldeyrisstöðunni. Meginskýringin á því er sú, að við höfum notað 180 millj. kr. meira til þess að greiða fyrir skip og flugvélar en við gerðum 1959. M. ö. o.: á árinu 1959 er verið að greiða skip og báta, sem gerðar voru pantanir á í stjórnartíð Hermanns Jónassonar og stjórnartíð Emils Jónssonar. Það er það, sem þarf að greiða. Þann reikning var verið að greiða á s. l. ári. (Gripið fram í.) Það hef ég aldrei sagt. Reikninga á að greiða.

Ég var að segja áðan, að annars vegar hefði orðið „greiðsluhalli" verið notað til þess að tákna hallann á vörum og þjónustu. Það er önnur merkingin, sem lögð hefur verið í orðið „greiðsluhalli". Einnig hefur verið lögð í orðið „greiðsluhalli" önnur viðtækari merking, og hún er sú að taka þar einnig tillit til afborgana af skuldum þjóðarinnar og annarra fjármagnshreyfinga, t. d. breytinga, sem verða á skuldum eða inneignum Íslendinga, þ. e. einstaklinga, erlendis. Þegar orðið „greiðsluhalli" er notað í þessari merkingu, er það gert til þess að fá heildarmynd af þeirri breytingu, sem verður á heildargjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að þó að halli á vörum og þjónustu vaxi ekki frá einu ári til annars, getur orðið mikil breyting á heildargjaldeyrisaðstöðu þjóðarinnar gagnvart útlöndum, ef afborganir á skuldum vaxa mjög mikið, ef áður er búið að stofna til skulda, sem auðvitað þarf að borga af. Þess vegna verður, ef menn vilja fá heildarmynd af gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar við útlönd, jafnframt að taka tillit til þeirra afborgana, sem þjóðin er búin að skrifa undir að borga, og annarra minni háttar breytinga, sem geta orðið á öðrum gjaldeyrisviðskiptum einstaklinga. Þá fyrst fæst heildarmynd af gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar við útlönd.

Þessi merking, sem ég var nú að lýsa í orðinu „greiðsluhalla", var lögð í orðið í grg. ríkisstj. fyrir efnahagsmálafrv. veturinn 1960, og það var engin dul á það dregin, að þetta var merking-

in, sem lögð var í orðið „greiðsluhalli". Það var sem sé hallinn á vörum og þjónustu við útlönd, að viðbættum afborgunum af föstum lánum og öðrum breytingum á gjaldeyrisviðskiptum þjóðarinnar við útlönd. Sú merking hefur verið lögð í það síðan í þeim skýrslum, sem gefnar hafa verið út í framhaldi af þessu. Nú skal ég færa rök fyrir því, hvers vegna var alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu. Það var vegna þess, að það hafði komið í ljós, hvers vegna ekki mátti þegja um þessa hlið á málinu. Það var komið í ljós, að til svo mikilla lána hafði verið stofnað á undanförnum árum, smám saman á áratugnum 1950—60, einkum á síðari helmingi hans, að greiðslubyrðin vegna þessara lána var að verða miklu, miklu meira vandamál en breytingin, sem varð á hallanum á vörum og þjónustu. Til þess að sýna fram á þetta hef ég einnig látið taka saman yfirlit yfir hallann á vörum og þjónustu og afborganir af lánum og aðrar fjármagnshreyfingar frá 1956 til 1960, allt reiknað á gamla genginu, til þess að auðveldari sé samanburðurinn við fyrri árin. Ég tel að sumu leyti eðlilegra, af því að þau eru fleiri, að reikna allt saman þannig, heldur en fara að umreikna árin 1956—59 yfir í nýja gengið. Hér eru tölur, sem mig langar — með leyfi hæstv. forseta — til að lesa fyrir þm., til þess að þeir sjái nákvæmlega, hvað er um að ræða, þannig að menn þurfi ekki að deila um þessi atriði, — ef menn vilja ekki deilurnar, ef menn vilja ekki segja rangt, þá þurfi ekki neinn að gera það vegna skorts á upplýsingum. Tölurnar um hallann á vörum og þjónustu frá 1956 til 1960, reiknaðar á gamla genginu, eru þessar:

1956	162	millj.	kr.
1957	166	—	—
1958	75	—	—
1959	204	—	—
1960	197	—	—

Ef við hins vegar athugum afborganir, samningsbundnar, fastar afborganir af skuldum, eru þær tölur þessar:

1956 29 millj. kr. Við sjáum, að í samanburði við greiðsluhallann á vörum og þjónustu, sem þá var 162 millj., skiptir afborgunartalan þá ekki neinu verulegu máli. Afborganir af föstum lánum 1956 eru ekkert verulegt vandamál í hlutfalli við hallann á vörum og þjónustu, sem raunar þarf ekkert vandamál að vera heldur, því að það er alveg eðlilegt, að land eins og Ísland hafi halla í viðskiptum, að því er snertir vörur og þjónustu. Sem sagt, afborganirnar þá eru ekkert sérstakt vandamál, sem sést á hlutfallinu á milli talnanna. Nú les ég áfram:

1956 ..	afborganir	29	millj.	kr.
1957 ..	—	45	—	—
1958 ..	—	63	—	—
1959 ..	—	106	—	—
1960 ..	—	124	—	—

Þetta mun verða enn meira 1961, 124 millj. kr. M. ö. o.: samningsbundnar afborganir af erlendum lánum eru á árunum 1959 og 1960 orðnar meira en helmingur af hallanum á vörum og þjónustu. Það er þessi staðreynd, sem auðvitað hefði gert algerlega óforsvaranlegt að tala eingöngu um greiðsluhalla þjóðarinnar gagnvart útlöndum í merkingunni: greiðsluhalli á vörum og þjónustu. Það varð að taka fram og margundirstrika hina stórvaxandi þýðingu afborganna af erlendum skuldum. Þess vegna var ekki aðeins sjálfsagt, heldur hefði allt annað verið óheiðarlegur málflutningur og til þess að blekkja þjóðina, ef ekki hefði verið gert yfirlit yfir summuna af greiðsluhallanum á vörum og þjónustu og samningsbundnum afborgunum af erlendum lánum. Þá varð auðvitað líka að taka tillit til hins, sem skiptir miklu minna máli, sem sé breytinga á öðrum gjaldeyrisviðskiptum einstaklinga og birgðabreytinga hérlendis, sem þýða gjaldeyri, og þar fram eftir götunum. Þær tölur fyrir þessi sömu ár eru þær, að 1956 er jákvæð breyting um 22 millj. kr., þá koma gjaldeyristekjur inn af þessum sökum, 1957 40 millj., 1958 55, 1959 aðeins 4 og 1960 jákvæð breyting 18 millj. kr. Þannig hefur heildarhallinn á greiðsluviðskiptum landsins við útlönd á þessum árum orðið þessi 1956—60, þessir þrír liðir, halli á vörum og þjónustu, afborganir og aðrar fjármagnshreyfingar:

1956	169	millj.	kr.
1957	251	—	—
1958	208	—	—
1959	314	—	—
1960	303	—	—

Heildargreiðsluhallinn hefur á þessu fimm ára tímabili því verið þessi. Við þurfum auðvitað að vita, hvað átt er við, þegar talað er um greiðsluhalla í þessari merkingu. Þetta eru allt aðrar tölur og þýða allt annað en orðið greiðsluhalli í merkingunni: halli á vörum og þjónustu.

Nú þarf að taka út úr þessum samanburði þær tölur, sem eru algerlega ósambærilegar frá ári til árs, sem sagt innflutning skipa og flugvéla og svokallaðar nettó-fyrirframgreiðslur, og þær tölur hvert ár eru þessar: 1956 91 millj., 1957 42 millj., minnkar um helming, 1958 107 millj., næstum þreföldun, 1959 137 millj. og 1960 214 millj. Greiðslurnar vegna innflutnings skipa og flugvéla eru 1960 fimm sinnum hærri en 1957. Maður fær engan skynsamlegan samanburð á milli ára, nema því aðeins að maður taki þessar tölur burt, dragi frá, ef maður vill bera árin saman, þó að hinar tölurnar séu auðvitað réttar að því er snertir heildargjaldeyrisaðstöðuna.

Ef teknar eru tölurnar yfir hallann fyrir utan skip og flugvélar, þannig að tölurnar séu sambærilegar, eru þær þessar: 1956 er heildarhallinn 78 millj., 1957 er hann 208 millj., 1958 er hann 101 millj., 1959 er hann 177 millj., og 1960 er hann 89 millj., allt reiknað á gamla genginu. Þannig er heildargreiðsluhallinn á árinu 1960, að frátöldum skipum og flugvélum, 88 millj. kr. minni en hann var á árinu 1959, reiknað á gamla genginu.

Ég taldi rétt að láta þessar tölur koma fram, til þess að menn þyrftu ekki að deila, hvað væri rétt í þessu, ef menn vilja hafa það, sem er rétt í því. Það er sem sagt nauðsynlegt, ef menn

eru með þessar greiðslujafnaðartölur, að segja alveg skýrt, hvað menn eiga við með orðinu „greiðslujöfnuður". Það er með þetta orð eins og orð almennt, að það má nota orð í margs konar merkingu, og það er ekkert einsdæmi, að orðið „greiðslujöfnuður" sé notað í fleiri en einni merkingu. Það hefur verið notað í fleiri en einni merkingu. En það er skylda hvers manns, sem orðið notar og segir frá tölum, sem það tákni, að segja, í hvaða merkingu hann er að nota orðið. Það er í þeim efnum, sem hv. forsvarsmönnum stjórnarandstöðunnar hefur orðið fótaskortur og þess vegna sagt hluti, sem gefa tilefni til mjög alvarlegs misskilnings á málinu. Ég tók hér með mér frv. ríkisstj. um efnahagsmál ásamt grg. og vitna þar í bls. 31 til þess að taka af öll tvímæli um, í hvaða merkingu ríkisstj. og hennar sérfræðingar frá byrjun hafa notað orðið „greiðsluhalli". Það er á bls. 31, með leyfi hæstv. forseta:

Yfirlit um greiðsluhallann við útlönd frá 1955—1958. Þar er fyrsti liðurinn greiðslujöfnuður á vörum og þjónustu, og niðurstaðan á honum er halli á vörum og þjónustu. Í næstu línu fyrir neðan eru afborganir af erlendum lánum, eins og ég var að lesa, og svo aðrar fjármagnshreyfingar og leiðréttingar og síðan gerð grein fyrir, hvernig hallinn er jafnaður, og alls er greiðsluhallinn við útlönd svona saman settur talinn það, sem þar er greint, og þær tölur eru í samræmi við það, sem ég las áðan, nema ég hef aðeins fengið bætt við tölunum fyrir 1959 og 1960.

Ég mun því algerlega vísa þeirri staðhæfingu heim til föðurhúsanna, að ríkisstj. hafi sagt eða gert neitt eða birt nokkurn skapaðan hlut, sem gefi tilefni til misskilnings í þessum efnum. Ég vil raunar ekki heldur trúa því, að hv. þm., sem ég þekki af margra ára samstarfi í ríkisstj. að eru báðir mjög töluglöggir, átti sig ekki á þessu. Ég er sannfærður um, að þeir gerðu það báðir. Þess vegna get ég ekki annað en harmað það, að þrátt fyrir það skuli svona alvarleg tilefni vera gefin almenningi til þess að misskilja þessi efni.

Niðurstaðan af því, sem ég hef sagt um þetta efni, er því sú að beina því til hv. stjórnarandstæðinga og raunar til þm. yfirleitt í umr. um þessi mál að gera almenningi þau ekki enn torskildari en þau í raun og veru eru með því að fara gálauslega með orð og tölur í þessu sambandi. Við ættum að koma okkur saman um það hér á hinu háa Alþingi, það er í raun og veru atriði, sem skiptir miklu máli fyrir virðingu Alþingis hjá þjóðinni, að við stöndum hér ekki hver framan í öðrum og segjum hver annan segja ósatt um hluti, sem engin ástæða á að vera til að deila um, ef menn bara koma sér fyrir fram saman um að meina það sama með þeim orðum, sem menn nota.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það má greinilega verða var við það í þessum umr., að hæstv. viðskmrh. finnur allóþægilega nú, að hann hefur tekið upp sérstaka þýðingu á ákveðnu orði, sem hér hafði verið notað allmikið af opinberum aðilum áður, en það var orðið „greiðsluhalli". Bæði hagstofan og eins hagfræðideild Landsbankans, sem gefur út Fjármálatíðindi, höfðu notað þetta orð um margra ára skeið þannig, að ekki fór mikið á milli mála, hvað stóð á bak við þetta orð, hvað þar var átt við, og það var einmitt í þeirri merkingu, sem við stjórnarandstæðingar notuðum þetta orð í nokkrum deilum, sem hér fóru fram um efnahagsmálin um það leyti, sem verið var að samþykkja viðreisnarlöggjöf ríkisstj. Allt fram til þess hafði verið gerð sú grein fyrir orðinu „greiðsluhalli", að hér væri um að ræða uppgjör á viðskiptum þjóðarinnar við önnur lönd, þ. e. a. s., að taldar voru til útgjalda hjá okkur allar innfluttar vörur, sem við keyptum til landsins, og greiðsla fyrir alla þjónustu til útlendinga, en hins vegar var tekið sem tekjur hjá okkur allur okkar útflutningur og allar þær tekjur, sem við áttum að fá fyrir þjónustu við útlendinga. Þannig var dæmið gert upp, og þetta var kallað í öllum opinberum skýrslum greiðsluhalli þjóðarinnar, þegar svo stóð á, eða greiðslujöfnuður við útlönd.

En hæstv. núv. ríkisstj. dugði það ekki, þegar hún fór að rökstyðja frv. sitt til gengislækkunar og efnahagsráðstafana, að notfæra sér þessa skýringu á orðinu „greiðsluhalli", og hún tók upp þá nýlundu, að nú bætti hún við þessa tölu, sem birt hafði verið af þessum opinberu aðilum, allríflegri summu til viðbótar og lagði hana þar við og sagði: Hinn raunverulegi greiðsluhalli er svona mikill. — Þá var vitanlega komin önnur merking í orðið greiðsluhalli. Og hvað var þetta í aðalatriðum, sem hér skakkaði um? Það var það, að ríkisstj. tók til viðbótar afborganir af erlendum lánum þjóðarinnar og bætti við hið fyrra uppgjör og fékk þannig greiðsluhallann út hærri. M. ö. o.: ef þjóðin hefur skuldað 700 millj. kr. erlendis og borgað síðan af þessum 700 millj. kr. 100 millj., lækkað skuldir sínar úti, þá var sú greiðsla tekin til viðbótar við innfluttar vörur og talin sem bein útgjöld og skapa halla hjá þjóðinni. Auðvitað höfðu okkar fjármálastofnanir, eins og hagfræðingarnir við Landsbankann og hagfræðingarnir við hagstofuna, aldrei viljað telja þetta til halla í rekstri þjóðarinnar, þó að hún lækkaði skuldir sínar við útlönd. En þetta þótti hæstv. ríkisstj. nauðsynlegt að gera á þessum tíma, að telja þessar afborganir með og bæta ofan á þá tölu, sem alltaf hafði verið færð í opinberum skýrslum sem greiðsluhalli, og þannig fékkst út háa talan. Svo gerist auðvitað það einkennilega, að þegar uppgjörið kemur fyrir viðreisnarárið, þá þarf allt í einu að taka upp gamla lagið aftur. Þá má ekki hafa sama hátt á og telja afborganir af skuldum líka með. Nei, þá eru sýnilega merkingarnar tvær í orðinu, og nú verða menn bara að gæta að sér, hvort þeir nota heldur þessa merkinguna eða hina.

Nei, það er alveg augljóst, hvað hér er um að ræða, og getur hver hv. alþm. glöggvað sig greinilega á því með því að líta yfir Hagtíðindi og með því að líta yfir Fjármálatíðindin. Þá sést greinilega, að árum saman hefur greiðsluhallinn alltaf verið gerður upp á þann hátt, sem við notuðum þessa tölu, en ekki á

þann hátt, sem ríkisstj. leyfði sér að gera, þegar hún gerði upp greiðsluhallann við útlönd í grg. sinni fyrir viðreisnarfrv. Þar var verið að hafa rangt við, og nú kemur það henni í koll aftur.

En það er fleira í þessum efnum, sem er eftirtektarvert og í rauninni miklu athyglisverðara en þetta uppgjör og það, sem nú er sagt, og það, sem þá var sagt. Við stjórnarandstæðingar bentum á, að hinar opinberu skýrslur hefðu sagt, að greiðsluhallinn við útlönd árið 1958, síðasta ár vinstri stjórnarinnar, hefði samkv. opinberum skýrslum verið talinn 90 millj. Það er rétt, að á sumum skýrslunum var hann talinn 75, eins og hæstv. viðskmrh. nefndi hér áðan. Var það vegna þess, að tilteknar fiskbirgðir, sem höfðu verið fluttar út til Ameríku, voru þá ekki taldar með í öðru tilfellinu. En hagstofan notaði töluna 90 millj. í greiðsluhalla, og ég held mig við þá tölu árið 1958. Við þessa tölu þurfti auðvitað ríkisstj. að bæta afborgunum af lánum til lækkunar á erlendum skuldum til þess að fá greiðsluhallann eitthvað upp þetta ár. En það var ekki það, sem ég ætlaði að tala um nú. Við bentum á, að þegar litið væri á þennan greiðsluhalla fyrir árið 1958, 90 millj., þá bæri að líta á það, að birgðir í landinu af útflutningsvörum, framleiddum fiski, sem lá tilbúinn hér í landinu, höfðu aukizt um 90 millj. Hefði hann verið fluttur út, þá náðist fullkominn greiðslujöfnuður þetta ár. En það var alveg hlaupið yfir það, alveg stigið yfir það. Menn vildu ekki líta á það, þó að það sé vitanlega eitt af stærstu atriðunum í þessu, hvort birgðir af útflutningsvörum hafa minnkað eða aukizt á viðkomandi ári. Við bentum einnig á annað atriði, og það var það, að þegar menn litu á greiðsluhallann 90 millj. árið 1958, bæri að taka tillit til þess, að þá væri búið að telja til útgjalda hjá þjóðinni allan hinn mikla innflutning, sem væri vegna innflutnings á skipum, flugvélum og stórkostlegum gjaldeyrisgreiðslum til þess að greiða slík mannvirki eins og Sogsvirkjunina og önnur stór mannvirki í landinu. Við bentum á, að þegar svo stæði á, að þjóðin stæði í stórfelldum framkvæmdum, eins og við að byggja Sogsvirkjun, sem kostaði yfir 200 millj. kr., þá hlyti það vitanlega að skapa allmikil gjaldeyrisútgjöld á því ári, sem þetta gengi yfir, og það yrði að taka tillit til þess, þegar menn gerðu sér grein fyrir því, hvað þessi greiðsluhallatala raunverulega segði. Nei, ríkisstj. var ekki aldeilis á því, leit fram hjá því öllu saman, og greinargerðin fyrir viðreisnarfrv. ber þess glöggt vitni, að hún tók ekkert tillit til þess í sínum tölum, hvað var flutt inn á árunum 1958 og 1959 af skipum, af flugvélum og öðru, sem var í sambandi við stórframkvæmdir í landinu.

En nú, þegar kemur til uppgjörs á árinu 1960 og það er auðvitað mikill greiðsluhalli, þá segir hæstv. viðskmrh.: Þetta segir ekkert, það verður að taka tillit til þess og draga hér frá innflutning á skipum, bátum og flugvélum, ef það á nokkurt vit að vera í þessum samanburði. — Man þessi hæstv. ráðh., hvernig hann brást við þessum athugasemdum okkar, þegar hér var verið að deila um viðreisnarfrv. á sínum tíma í byrjun ársins? Ég veit, að hv. alþm. muna vel eftir því. Þá var stigið yfir þetta, og ríkisstj. lézt ekki sjá það og vildi ekki viðurkenna það, að raunverulega hefði útkoman á árinu 1958 verið mjög hagstæð í viðskiptum þjóðarinnar út á við, þar sem bókfærður greiðsluhalli var aðeins 90 millj. kr., en birgðaaukning á útflutningsvörum var jafnmikil á því ári, þrátt fyrir gífurlega mikinn innflutning, sem þá var, eða óvenjulega mikinn innflutning á dýrum tækjum og stofnkostnaði nýrra atvinnufyrirtækja í landinu. En það þurfti að sanna þjóðinni það þá, að svo væri komið, að þjóðarbúið væri rekið með gífurlegum halla, 200—300 millj. kr. halla á hverju ári, og að þessi halli hefði verið til jafnaðar 200 millj. kr. s. l. 5 ár eða yfir 1000 millj. kr. alls, eins og menn muna vel eftir. Menn verða vitanlega að vera sjálfum sér samkvæmir í þessum efnum. Ef þeir vilja gera greiðsluhallann upp eitt árið þannig, að hin gamla merking í orðinu „greiðsluhalli" ætti ekki að notast, heldur ætti að bæta við hana líka greiðslum á afborgunum, og það ætti heldur ekkert tillit að taka til þess, hvort mikið var flutt inn af dýrum atvinnutækjum, þá vitanlega verður að gera það annað árið líka.

Við skulum nú aftur halda okkur við það að líta örlítið á uppgjör ársins 1960 og ársins 1959, því að mér þótti hæstv. viðskmrh. fara þannig með tölur þar eða leggja þannig merkingu í tölur, að menn hefðu getað haldið, að útkoman á því ári hefði raunverulega verið miklum mun betri í viðskiptum þjóðarinnar við útlönd en t. d. á árunum á undan. En ef hann vill vera heiðarlegur í málflutningi, eins og hann var hér að óska mjög eftir að þm. væru, verður hann þó að viðurkenna, að hvernig svo sem hann veltir tölunum fyrir sér fyrir árið 1960, þá er afkoma þjóðarinnar út á við langverst það ár og enn verri en árið 1959, sem hún var þó lökust samkvæmt opinberum tölum.

Ég benti á það í umr. í gær, að einn af þekktum hagfræðingum í landinu og einn af þeim, sem munu vera í sjálfu hagfræðingaráði Sjálfstfl., starfsmaður Verzlunarráðs Íslands, Þorvarður J. Júlíusson, hefði alveg nýlega gert grein fyrir því í Morgunblaðinu, að á sambærilegum grundvelli, — en hann reiknaði allar tölur á nýja genginu, en ekki á gamla genginu, eins og hæstv. viðskmrh. gerði, — þá hefði greiðsluhallinn verið árið 1959 475 millj., en árið 1960 460 millj., eða svo að segja jafnmikill. En sá var bara munurinn, eins og ég benti á, og ég vil minna hæstv. viðskmrh. á að gera þar athugasemd við, ef ekki er rétt með farið hjá mér, að árið 1959, þegar greiðsluhallinn er talinn þarna 475 millj., það ár var mjög mikil birgðaaukning á útflutningsvöru í landinu. Greiðsluhallinn það ár stafaði að verulegu leyti af því, að það var aukning á útflutningsbirgðum í landinu. Það stóð svona á um áramótin með útflutninginn. En árið 1960, þegar greiðsluhallinn er talinn 460 millj., var hins vegar gengið verulega á útflutningsbirgðirnar, þær minnkuðu. Það var ekki nóg að flytja út afurðir ársins 1960 á þessu ári,

heldur þurfti einnig að flytja út á þessu ári afurðir frá árinu 1959. Allar síldarlýsisbirgðirnar og síldarmjölsbirgðirnar frá árinu 1959 voru fluttar út á árinu 1960 og gera vitanlega útkomu ársins 1960 þar af leiðandi miklu betri, þegar litið er á þetta í tölum. Það sér því hver maður, sem tekur þarna tillit til birgðanna, að hinn raunverulegi halli á búskapnum árið 1960 er miklum mun meiri en hallinn var 1959, þegar hallinn var þó mestur áður. En eins og ég benti á í ræðu minni í gær, þá er sanngjarnt að bæta við, að vitað er, að árið 1960 er innflutningurinn — eða útgjöld þjóðarinnar gjaldeyrislega séð — talinn minni en hann raunverulega er, vegna þess að talsverður hluti af innflutningnum, sem búið er að taka inn í landið og nota, hefur ekki enn verið færður til reiknings gjaldeyrislega séð, við skuldum hann enn þá í stuttum vörukaupalánum til erlendra verzlunarhúsa. En áður var þetta ekki. Þá varð að greiða vöruna, þegar hún var flutt inn og hún var tekin til notkunar. Raunverulega er því alveg augljóst mál, að árið 1960 er langsamlega lakasta árið hjá okkur í gjaldeyrislegu tilliti í viðskiptunum við útlönd.

Ég tók eftir því, að þegar hæstv. viðskmrh. reyndi að fegra nokkuð árið 1960 — síðasta ár — í samanburði við önnur ár í þessum efnum, þá vill hann nú orðið draga frá innflutningnum andvirði báta, skipa og flugvéla, og hann fellst gjarnan á að draga það þá líka frá í uppgjöri áranna 1956, 1957, 1958 og 1959. En eins og hann vill fallast á að draga þennan óvenjulega mikla innflutning á bátum, skipum og flugvélum á þessu ári frá, hvers vegna þá ekki einnig að draga frá hin óvenjulega miklu gjaldeyrisútgjöld vegna Sogsvirkjunarinnar, vegna sementsverksmiðjubyggingarinnar, af hverju ekki að draga það frá líka? Var það bara vegna þess, að það var á árunum 1957 og 1958, en ekki nú á árinu 1960? Nei, svona meðferð á tölum, eins og hæstv. ríkisstj. hefur leyft sér að viðhafa í þessum efnum, hefur vitanlega hneppt hana í þennan vanda, sem hún er komin í nú.

Ef menn gera upp greiðsluhallann við útlönd eftir beinum tölum á nákvæmlega sambærilegum grundvelli og áður var, kemur í ljós, að greiðsluhallinn 1959 var miklum mun meiri en 1958, en greiðsluhallinn 1960 er gerður upp í beinum tölum nokkurn veginn sá sami og hann var 1959, en þá er raunverulega eftir að taka tillit til birgðahreyfinga og svo einnig til vörukaupalánanna.

Það er auðvitað alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. sagði, alveg eins og við bentum honum á, þegar viðreisnarfrv. lá hér fyrir þinginu, að það er ekki hægt að gera neinn skynsamlegan samanburð á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd frá ári til árs nema taka sanngjarnt og fullt tillit til þess, hvort þjóðin er að flytja inn á því ári stórkostleg stofnverðmæti í formi skipa, í formi nýrra orkuvera eða verksmiðja. Það verður vitanlega að taka tillit til slíks. Við vitum, að svo gæti staðið á hjá þjóðinni, að hún hefði mjög góða afkomu á einu ári raunverulega, þ. e. a. s. mikla framleiðslu og miklar tekjur og eyddi í sjálfu sér ekkert meiru en venjulega, en það ár hefði hún ráðizt í að flytja inn, auðvitað vegna þess, að hún hefur tekið erlend lán, tæki eða verksmiðjur upp á gífurlega háa upphæð, mörg hundruð milljónir eða jafnvel milljarð, og það mundi auðvitað þýða það á pappírnum, að þá væri kominn greiðsluhalli, því að þetta er allt saman talið til útgjalda, þó að eignin liggi fyrir í landinu. Slíkt uppgjör segir auðvitað ekki nema mjög takmarkað. Það var þetta, sem við vorum að benda á, stjórnarandstæðingar, þegar ríkisstj. var að berja hér fram viðreisnarfrv. sitt á sínum tíma, að það yrði að taka tillit til þess, að sá greiðsluhalli, sem hefði orðið á árunum 1957 og 1958, stafaði að mjög verulegu leyti af því, að þjóðin var þá að flytja inn þessi verðmæti, sem áttu vitanlega að koma henni að gagni í framleiðslu á komandi árum og hafa gert og eru að gera núna. Þá fékkst ríkisstj. ekki til að hlusta á þessi rök og lamdi sitt mál í gegn og blekkti þjóðina með því að halda því fram, að hallinn á þjóðarbúskapnum væri allt annar en hann var.

Á árinu 1958 varð framleiðsluaukning í sjávarútveginum í kringum 20%, af því að skipin voru orðin fleiri og nýting flotans var ein sú bezta, sem við höfum þekkt. Flotanum var jafnar og meir haldið til veiða en nokkurn tíma var áður, og því varð framleiðsluaukning. Af því náðum við því raunverulega á því ári að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd, ef við tökum birgðirnar með, sem þá höfðu safnazt upp í landinu, þrátt fyrir hinn gífurlega mikla innflutning á því ári. Það var samt sem áður óskrað framan í þjóðina af boðberum viðreisnarinnar á þessum tíma, að allt væri hér að steypast á höfuðið og að hér yrði að taka upp þessa nýju stefnu vegna gífurlegs halla á viðskiptum þjóðarinnar við útlönd. En það var ósatt.

Það var svo annað atriði, sem mig langaði til að víkja að nokkrum orðum, af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði. Hann vék hér nokkuð að vaxtagreiðslum útgerðarinnar og hvaða áhrif vaxtahækkunin hefði haft á útgerð landsmanna og komst þar að mínum dómi að furðulega vitlausri niðurstöðu. Fyrst var það, að hæstv. ráðh. tók rekstur togara og síðan tók hann rekstur vélbáts og miðaði við þær áætlanir, sem lágu fyrir um rekstrarútgjöld þessara fyrirtækja, og taldi, að vaxtaútgjöldin væru ekki rétt mikil hjá þessum aðilum, og reiknaði þetta út í 0.7% af heildarútgjöldum togara og 0.6% af heildarútgjöldum báta, þá vaxtahækkun, sem þarna hefði verið samþ. Það lá alveg greinilega í orðum hans, að þó að hann viðurkenndi, að vaxtaútgjöldin hjá fiskiðnaðinum, hjá frystihúsum mundu vera allmiklu meiri en hjá bátum og togurum, þá væri þó alls fjarri, að þetta gæti haft nein úrslitaáhrif á rekstrarafkomu fiskiðnaðarins í landinu.

Hann minntist á það, hæstv. ráðh., að hér hefðu fallið orð um, að vaxtahækkunin, sem ríkisstj. ákvað í upphafi ársins og var að meðaltali um 4%, mundi hafa jafngilt í rekstrarútgjöldum hjá frystihúsi 15—20% hækkun á öllum launagreiðslum, og taldi slíkt algera fjar-

stæðu. Ég hef í nokkrum tilfellum einmitt rannsakað þetta beint upp úr reikningum slíkra fyrirtækja. Ég gæti meira að segja látið ráðh. hafa reikninga eins slíks fyrirtækis. Ég tók þessar tölur hjá þessu fyrirtæki vegna þess, að ég hafði góða aðstöðu til þess að fá reikningana, og það er engin launung á því, að í þessu fiskverkunarfyrirtæki, þessu frystihúsi, sem hefur aðra fiskverkun með höndum líka, voru árið 1959 allar vinnulaunagreiðslur yfir- og undirmanna þar 3.3 millj. kr. Hins vegar voru vaxtagreiðslurnar í þessu fyrirtæki árið 1959 rétt aðeins innan við eina millj. kr. Síðan voru reiknaðir út þeir vextir, sem yrðu hjá fyrirtækinu við sams konar rekstur á árinu 1960 eftir nýja vaxtakerfinu, og vaxtahækkunin var um 720 þús. kr. hjá þessu fyrirtæki. Samtals voru þá vextirnir orðnir rúmlega 1700 þús. kr. á móti 3.3 millj. vinnulaunagreiðslum, eða vaxtahækkunin jafngilti nákvæmlega 22% af öllum vinnulaunagreiðslum þessa frystihúss. Ég skal einnig bæta því við, að ég var nokkru seinna staddur á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, og þar hlustaði ég m. a. á tvo landsþekkta útgerðarmenn, þekkta sjálfstæðismenn um leið, Ólaf Jónsson úr Sandgerði og Finnboga Guðmundsson úr Gerðum, báða mjög þekkta útgerðarmenn. Lögðu þeir á þessum fundi fram skrifaða greinargerð með fyrirspurn til Jónasar Haralz, sem mætti á þessum fundi, og þar gerðu þeir grein nákvæmlega í tölum fyrir áhrifum vaxtahækkunar á tiltekinn rekstur hjá þeim í þeirra fiskiðnaði. Og niðurstaða þeirra var sú, að þeir töldu, að vaxtahækkunin hefði numið heldur hærri upphæð en í þessu dæmi, sem ég hafði litið á, þar sem dæmið sagði, að vaxtahækkunin næmi 22%. Þessir landsþekktu menn upplýstu þarna, að af þeirra bókhaldi væri það að segja, að vaxtahækkunin væri heldur hærri en þetta. Og svipaða sögu hafa aðrir að segja.

Nú skal ég koma hér með frekari skýringar á þessu almenns eðlis, svo að hæstv. viðskmrh. mætti þá athuga málið að nýju.

Það er talið, að meðalfrystihús í landinu framleiði rúmlega 1000 tonn af frystum þorskflökum. Ásamt með annarri framleiðslu, sem venjulega fylgir þessu í flestöllum tilfellum, er vægilega metið að telja, að öll framleiðsla, sem um er að ræða í slíku frystihúsi sem þessu, að fylgiafurðunum meðtöldum, sé að framleiðsluverðmæti í kringum 8—10 millj. kr., í sumum tilfellum nokkru hærri, en sjaldan eða aldrei lægri en þessi upphæð. Nú vita allir, að reynslan er sú, að þeir, sem standa í framleiðslu á fiskafurðum, verða að leggja út svo að segja allt þetta andvirði, og það geta þeir ekki gert nema taka lán til þess, þeir verða að greiða vinnulaunin, þeir verða að greiða aflaverðmætið o. s. frv., enda hefur reynsla bankanna orðið sú, að þeir hafa í langflestum tilfellum orðið að lána þessum aðilum rétt við 100% af útflutningsverði vörunnar eða alveg eins og varan kostar. Slíkt fyrirtæki sem þetta hefur þá bara af afurðunum einum varla minna umleikis á árinu en 8—9 millj. kr., sem það þarf að liggja með í lánum. Þá er spurningin þessi: Þurfa þeir nú að hafa lánið allt árið fyrir þessa ársframleiðslu? Þeir, sem hafa komið nærri skreiðarframleiðslu og verkun á saltfiski t. d., ef hann er verkaður, gefa allir upp, að þeir verði að hafa sín afurðalán í meira en sem nemur heilu ári. Það er svo og kunnugt mál, að frystihúsaeigendur hafa gefið það upp, að þeir þurfi meira að segja að bíða í kringum 6—7 mánuði að meðaltali eftir því að fá þann fisk sinn greiddan, sem þeir eru búnir að afhenda til útflutnings, það taki þá að jafnaði 6—7 mánuði, frá því að þeir afhenda fiskinn til útflutnings, þar til þeir hafa fengið hann fyllilega greiddan. En til viðbótar við þessa 6—7 mánuði má svo auðvitað bæta þeim tíma við lánstímann, frá því að fiskurinn er framleiddur og þangað til hann er tekinn til afskipunar, og það mun því mjög vægilega áætlað, að í sambandi við hraðfrystan fisk séu lánin frá 9—12 mánuði til jafnaðar. Það mun því ekki vera fjarri því, að meðaltalshús eins og þetta verði að hafa í bein afurðalán 8—10 millj. kr. yfir árið. Þá fer að verða auðvelt að sjá, hvaða vextir og vaxtahækkun er eingöngu á því. En svo er um miklu meira að ræða en aðeins afurðalánin, sem hæstv. ráðh. virðist aðallega miða við. Útgerðin þarf auðvitað að standa undir miklu, miklu meira en bara afurðalánum. Til viðbótar við þau lán, sem almennt eru bókfærð sem afurðalán framleiðslunnar, koma önnur rekstrarlán útgerðarinnar í ýmsu formi hjá bönkunum og oft og tíðum yfirdráttarlán á hlaupareikningum, sem verða líka vegna ýmiss konar bæði framkvæmda og sveiflna í rekstri. Til viðbótar við þetta koma svo líka hjá sjávarútveginum öll stofnlánin. Á hverju ári þarf útgerðin vitanlega að taka meira og minna af stofnlánum: í fiskveiðasjóði, í Framkvæmdabankanum, og útgerðarfyrirtæki verða, eins og menn vita, að taka tugi milljóna króna að láni úr ýmsum kunnum sjóðum í landinu, atvinnuleysistryggingasjóði og fleiri sjóðum, þar sem þau fá lán til síns stofnkostnaðar og á óbeinan hátt til síns rekstrar. Til viðbótar við þetta má einnig telja, að t. d. núna, eftir að vextirnir urðu svona gífurlega háir, þurfa útgerðarfyrirtæki einnig að borga þessa feiknarlega háu vexti til margra viðskiptavina sinna, eins og t. d. olíufélaga og margra annarra, ef um drátt er á greiðslu þangað að ræða. Það er því alveg furðulega fjarstætt, þegar hæstv. ráðh. talar um það, að öll lán til sjávarútvegsins hafi verið núna í nóvemberlok 1470 millj. kr. Ef hann vill líta á skýrslur bankanna, þá segja þær, að öll lán bankanna, — aðeins lán bankanna og sparisjóðanna, — hafi verið 4600 millj. kr. um þetta sama leyti. En svo heldur hæstv. ráðh., að lán sjávarútvegsins, þegar þau eru öll talin, hafi ekki verið nema 1400 millj. Hverjir skyldu hafa allt hitt? Ekki eru í þessari tölu nein stofnlán. Stofnlánasjóðirnir eru þar að auki taldir með 2500 millj. kr. í stofnlán. Heildarlánin hjá fjárfestingarlánasjóðunum og bönkum og sparisjóðum eru þannig talin hartnær 7 þúsundir milljóna. Það er vitanlega alger fjarstæða að tala um, að öll lán til sjávarútvegsins séu

þessar 1470 millj., sem hæstv. ráðh. hér talar um. Hér er fyrst og fremst um að ræða afurðalán eða lán, sem eru í beinum tengslum við afurðalán hjá bönkunum. En önnur lán eru í margs konar formi veitt til útgerðarinnar og eru langt umfram þetta. Þessi einstöku dæmi, sem auðvelt er að taka, ef menn vilja kanna það í einstökum tilfellum, — þessi einstöku dæmi um rekstur fiskiðjuvera sýna glögglega, hversu vaxtaútgjöldin eru gífurlega þung á rekstrinum.

Vextirnir í sambandi við rekstur bátanna og rekstur togaranna koma svo raunverulega fram í gegnum þennan gífurlega vaxtaþunga fiskiðnaðarins. Þegar svona baggar eru lagðir á fiskiðnaðinn, gerir hann ekkert annað en það, að hann lækkar fiskverðið til bátanna og fiskverðið til togaranna, og þannig vitanlega hvílir þetta á þessum greinum sjávarútvegsins á óbeinan hátt. En við getum sagt, að þessar byrðar hvíli á sjávarútveginum sem heild.

Ég veit svo ekki, hvort það er einhver hending líka, að hæstv. viðskmrh. nefndi hér tiltekna tölu í nóvemberlok. En það er einmitt svo, að í nóvemberlok eru allajafna allar afurðabirgðir og hin skráðu lán útvegsins hin lægstu, sem þau yfirleitt verða, vegna þess að þá er búið að ganga lengst á birgðirnar, sem liggja í landinu. Þá er búið að flytja tiltölulega mest út, og menn eru rétt að verða búnir að hreinsa sig upp fyrir næsta úthald. En lánin til sjávarútvegsins í maí—júní, þegar mjög mikill hluti af afurðalánum út á vetrarvertíðina er enn standandi og þar að auki eru lán vegna síldveiðanna, bæði til síldarverksmiðja og annarra, að bætast þar í hópinn, eru vitanlega miklum mun hærri.

Ég held, að það væri miklu sæmra fyrir hæstv. ríkisstj. að reyna að gera sér alveg hleypidómalausa grein fyrir því, hvað er rétt í þessum efnum, en vera að fimbulfamba með slíka fádæma fjarstæðu og vitleysu, eins og Morgunblaðið hefur verið með undanfarna daga í sambandi við þunga vaxtanna og ég heyri nú, að hæstv. viðskmrh. endurtekur hér lið fyrir lið, eins og Morgunblaðið hefur verið að hafa þetta upp undanfarna daga, hvort sem hann hefur nú gefið Morgunblaðinu þessar upplýsingar, sem hann sagðist hafa fengið eftir góðum heimildum, eða hann hefur farið að taka þessa vizku beint upp úr Morgunblaðinu. En ég get fullvissað hann um það, að hér er algerlega rangt með farið og ekki í neinu samræmi við það, sem staðreyndir segja til um.

En það er með þetta eins og ýmislegt fleira, að það virðist vera, að það fari alveg eftir því, hvað við á í hvert skipti. Vaxtahækkunin var feiknalega mikil og voldug og stórkostlega þýðingarmikil fyrir alla hina mörgu og sárþjáðu sparifjáreigendur í landinu. Þá var hún mikil. En þegar þarf aftur að telja hana fram hjá hinum, sem eiga að borga hana, þá bara munar ekkert um þetta. Svipaða sögu er að segja um aðra hluti í þessu uppgjöri hæstv. ríkisstj., að það skiptir auðvitað engu máli að taka tillit til þess, þegar hún var að rökstyðja sína viðreisn, þó að þjóðin hefði notað mjög miklar fjárfúlgur á árinu 1958 til þess að flytja inn skip og flugvélar og heilar verksmiðjur. Það skipti engu máli. Það varð bara að líta fram hjá því. En núna, þegar hún stendur þannig fyrir því sjálf, þá gefur alranga hugmynd af ástandinu að taka ekki tillit til þess arna. Þetta er auðvitað að segja eitt í dag og annað á morgun, af því að maður er kominn í flækju, af því að maður er búinn að tefla sig inn í vitleysu og menn sjá ekki almennilega leið út úr henni. Þetta er nákvæmlega sama myndin og ég gerði hér grein fyrir í gær, og auðvitað kom ekki eitt einasta orð frá hæstv. ráðh. út af. Eins og það sé ekki einkennilegt, að einn liður í viðreisninni skyldi vera í febrúarmánuði að breyta gamalli lagasetningu varðandi sjávarútveginn og ákveða að stytta lánstímann á stofnlánum til sjávarútvegsins? Lög, sem höfðu staðið í mörg ár, þar sem ákveðið var, að fiskveiðasjóður skyldi lána út á skip og báta til 20 ára og til mannvirkjagerðar í landi til 20 ára, það þurfti endilega vegna viðreisnarinnar að breyta þessum lögum og segja: Það má ekki hafa lánin lengur en til 15 ára og 12—15 ára, ef það voru fasteignir í landi. — En núna eftir tíu mánuði koma sömu menn og segja: Nú höfum við fundið leiðina út úr öllum vandanum. Það er bara að lengja stuttu lánin. Það á að taka þessi lán, sem eru til of stutts tíma, og lengja þau í 15—20 ár. Þá er allt í lagi. — Í fyrra tilfellinu var það svo, að þá þurfti endilega að hækka vextina á stofnlánum sjávarútvegsins úr 4% í 6.5%. En menn þurfa að borga núna 7—8% af þessum stuttu lánum, og á að lækka þetta niður í 6½%.

Nei, ég held fyrir mitt leyti, að langbezta leiðin fyrir hæstv. ríkisstj. og ráðherra hennar væri að segja það, sem er nú líklega mjög mikið til rétt, að hún hafi látið ákveðna ráðunauta sína villa sér sýn og hafi álpazt út í ráðstafanir, sem verði að kippa öllum til baka aftur, af því að þær hafi allar reynzt vitlausar, og snúa svo bara hreinlega til baka aftur, setja skömmina í þessum efnum á þá, sem líklega eiga frumskömmina í þessu, þótt auðvitað geti ríkisstj. ekki skotið sér undan því, að hún hefur samþykkt þetta, hún hefur fallizt á þessar ráðstafanir, sem allar hafa mislukkazt.

Nú standa menn frammi fyrir því, að nettóskuldaaukning þjóðarinnar við útlönd er í kringum 500 millj. á árinu 1960. Það er ekki mín tala, það er ekki ég, sem hef sagt þetta, heldur sagði svo í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum einn af hagfræðingum Sjálfstfl., Þorvarður J. Júlíusson. Hann sagði, að nettóskuldaaukningin við útlönd af föstum lánum væri um 500 millj. En einn megintilgangur viðreisnarinnar átti einmitt að vera að minnka skuldirnar við útlönd, því að þær væru orðnar allt of háar. Og hæstv. viðskmrh. er nýlega búinn að vera hér uppi í pontunni og verður þar að viðurkenna, að raunverulega er greiðsluhalli við útlönd, mældur á sömu mælistiku og hér hefur verið gert áður, á árinu 1960 einn sá mesti, sem við höfum haft. Og það er, eins og ég sagði þá, engin afsökun fyrir ríkisstj., þó að hún geti sagt: Á árinu 1960 var flutt inn mikið

af bátum og skipum, óvenjumikið, — vegna þess að á árunum á undan var flutt inn óvenjumikið bæði af bátum og skipum og flugvélum og verksmiðjum. Það er því enginn munur á því nú og því, sem áður var.

Ég beindi svo þeirri fsp. til hæstv. viðskmrh. í gær í sambandi við þessa lagasetningu, hver hefði raunverulega verið ástæðan til þess, að ríkisstj. hefði talið sig vera knúna til þess að setja brbl. um þetta skuldauppgjör hjá útgerðinni. Eins og menn kannast við, er svo fyrir mælt í stjórnarskrá landsins, að ekki skuli setja brbl. nema brýn nauðsyn sé til slíks. Hæstv. ráðh. svaraði hér áðan því einu til, að í grg. fyrir brbl. væri tekið fram, að hér væri um brýna nauðsyn að ræða, og það hefði verið nauðsynlegt, vegna þess að vertíð væri að byrja. Ég fæ ekki séð það enn, hvaða munur hefði verið á því fyrir útgerðina til þess að byrja vertíð að vera búin að fá, eins og hún var búin að fá áður, loforð ríkisstj. fyrir því, að þessar lánalengingar skyldu fara fram, og svo því, að sjá þetta sett sem brbl. án nokkurrar athugunar hér á Alþingi. Nú var líka öllum útgerðarmönnum alveg augljóst mál, að þó að þessi lög yrðu sett sem brbl. 5. jan., hlaut það að taka alllangan tíma, ég vil segja marga mánuði, þangað til búið verður að veita lán samkvæmt þessum lögum, svo að nokkuð um muni. Lánveitingarnar geta aldrei farið fram fyrr en á miðri vertíð eða seinni hluta vertíðar, það er gefið mál, því að menn vita, að framkvæmdin á að vera sú, að þrír matsmenn eiga að meta allar eignir útgerðarinnar. Það á að taka frystihús úti á landi og meta það í hólf og gólf, hvað slíkt frystihús mundi kosta á verðlagi dagsins í dag, og rannsaka, hvað vélarnar eru gamlar, hvað húsið er gamalt, og fyrna þetta niður til þess að finna matsverð. Auðvitað tekur þetta langan tíma, allt það uppgjör, sem hér á að fara fram. Undirbúningsvinnu að þessu hefði mátt vinna alla saman, ef ríkisstj. var búin að gefa útgerðarmönnum loforð um að setja þessi lög og ef hún vissi, að hún hafði raunverulega þingfylgi fyrir lögunum. En hún átti ekki heldur að gefa út nein brbl., nema hún hefði slíkt þingfylgi, og það hlýtur hún að hafa verið búin að kanna, þegar hún gaf út brbl. Það var því þarflaust með öllu að rjúka upp og gefa út brbl. í þessum efnum, og ég sé ekki annað en öllum ríkisstj. sé mjög auðvelt að gefa út brbl. yfirleitt í öllum tilfellum, ef má rökstyðja þörfina fyrir brbl. á jafnléttilegan hátt og hér er gert. Mér finnst því, að skýring hæstv. ráðh. á setningu brbl., nokkrum dögum áður en þing kom saman, sé mjög ófullnægjandi.

Ég lagði fyrir hæstv. ráðh. hér í umr. í gær nokkrar aðrar fsp. varðandi framkvæmd þessara væntanlegu laga. Ég spurðist m. a. fyrir um það, hvort nokkuð væri ákveðið í þeim efnum, hvað hér væri um mikil heildarlán að ræða, ég hefði heyrt minnzt á 300 millj., 400 millj. og jafnvel allt upp í 700 millj. Hefur ríkisstj. ekki hugsað sér einhver takmörk í þessum efnum, hvað má taka undir þessa lengingu mikla heildarfjárhæð, eða er hér kannske engin takmörkun á? Enn fremur spurðist ég fyrir um, hvort ákvarðanir hefðu verið teknar um vexti af þessum væntanlegu lengingarlánum. Ég heyrði ekki, að hæstv. ráðh. svaraði þessu neinu.

Annað atriði er líka mjög mikilvægt, sem ég spurðist hér fyrir um, en það er varðandi framkvæmdina á þessum málum, hvort ákveðnar hefðu verið einhverjar reglur um það, hvað af skuldum útvegsins skyldi fyrst og fremst taka upp í þessi lengingarlán. Á t. d. fyrst að taka lán, sem hafa verið veitt sem afurðalán, jafnvel upp í 100%, og lækka þau lán ofan í 70% af áætluðu útflutningsverði afurðanna, eins og ég hef heyrt nokkuð talað um? Eru þetta þau lánin, sem m. a. eiga að ganga fyrst yfir í þessa lengingu, eða eiga það kannske að vera viðskiptabankarnir, sem algerlega ráða, hvað af skuldum útgerðarfyrirtækja verður lengt á þennan hátt? Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um þessi atriði. En meginatriðið er þó það, sem ég hef aðallega rætt í þessum umr., en það eru ástæðurnar fyrir því, að þessi lög eru nú sett, þau eru nú fram komin, að nú þarf tíu mánuðum eða svo, eftir að viðreisnarlöggjöfin tók gildi, að framkvæma almenn skuldaskil hjá útgerðinni, þó að sagt væri með viðreisnarlöggjöfinni, að megintilgangur hennar væri að koma rekstri útgerðarinnar á hallalausan grundvöll og heilbrigðan grundvöll. Auðvitað sjá menn, að þetta takmark viðreisnarinnar hefur gersamlega brugðizt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð í tilefni af því, sem hæstv. viðskmrh. sagði. Það var ekki hægt að segja, að hæstv. ráðh. gæfi miklar viðbótarupplýsingar um þetta mál, sem fyrir liggur. En á hinn bóginn gaf hann ýmsar talsvert þýðingarmiklar upplýsingar um önnur atriði og þá sérstaklega um afkomuna út á við á árunum 1959 og 1960. Hæstv. ráðh. sagðist vilja leggja sitt lóð á þá vogarskál, að mynd af þeim efnum gæti orðið sem skýrust í hugum sem flestra landsmanna og sem sönnust, og skildist manni, að þetta hefði að hans skilningi alltaf verið tilætlun hæstv. ríkisstj. En aftur á móti hefðu verið aðrir menn, þ. á m. sumir fyrrv. ráðh., sem væru mjög ámælisverðir, því að þeir hefðu reynt að flækja þessi mál og villa fyrir mönnum og borið brigður á það, sem hinir betri menn úr stjórnarliðinu hefðu haft um þessi efni að greina landsfólkinu.

Ég verð að segja, að þessar bollaleggingar sóma sér heldur illa í munni hæstv. ráðh., þegar tekið er tillit til þess, að hann talar hér fyrir munn ríkisstj., því að einn hinn allra mesti ljóður á ráði hæstv. ríkisstj. hefur verið sá, hvernig hún hefur umgengizt skýrslur þær, sem gerðar eru af opinberum stofnunum í landinu einmitt um þessi efni. En hámarki sínu náði þessi starfsemi hæstv. ríkisstj. einmitt í grg. sjálfs viðreisnarfrv. og þó alveg sérstaklega í þeirri útleggingu, sem á þeirri skýrslu var viðhöfð, og stóð þar fremstur í flokki hæstv. forsrh. og hefur haldið þeirri starfsemi áfram fram á þennan dag. En sú skýrsla, sem gerð var um þessi efni og hét Yfirlit um greiðsluhallann við útlönd 1955—1958 og birt

var í grg., fjallaði um það í útleggingu hæstv. ríkisstj., að það hefði orðið greiðsluhalli við útlönd, og það stendur orðrétt í þessu yfirliti: greiðsluhalli samtals á árunum 1955—1958 1050 millj. Og í útleggingunni hét, að þetta sýndi, — og það var alveg sérstaklega hæstv. forsrh., sem lagði sig fram um að greina þjóðinni frá þeirri gæsalappastaðreynd, — að þetta sýndi, að þjóðin hefði lifað um efni fram og á fimm árum hefði þjóðin eytt 1050 millj. meira en hún hefði aflað. Þetta var ekki neinn hégómi, því að á þessu var það byggt fyrst og fremst að leggja á þjóðina gífurlega kjaraskerðingu, sem ríkisstj. hefur verið að bisa við að koma í framkvæmd síðan.

En við leyfðum okkur að benda á og ætlum ekki að biðja hæstv. viðskmrh. afsökunar á því, hvorki í dag né endranær, að þessi tala og þessi málflutningur allur væri hrein fölsun, — hrein fölsun frá rótum á því, hvernig raunverulega væri ástatt um þjóðarhaginn og hvað raunverulega hefði skeð, ekki fyrir það, að tölur væru falsaðar, heldur hitt, að tölur væru settar rangt upp í því skyni að láta þær gefa rangar upplýsingar og leggja út af þeim með blekkingum. Og þetta lá einfaldlega í því, sem nú kemur eins greinilega fram og hægt er að óska sér, að í þessum tölum var talið til útgjalda á þjóðarbúinu og til eyðslu allt það, sem þjóðin lagði á þessum árum í nýjungar, í nýjar framkvæmdir, eins og t. d. Sogsvirkjunina, áburðarverksmiðjuna og sementsverksmiðjuna, og einnig það, sem þjóðin lagði út eða tók að láni fyrir báta og skip og hvers konar önnur tæki. *Þetta leyfði hæstv. ríkisstj. sér að kalla* eyðslu þjóðarbúsins og bera vott um, að Íslendingar hefðu lifað um efni fram sem þessu nam.

Það var ekki nægilegt fyrir ríkisstj. í þessum blekkingaáróðri að nota niðurstöður þeirrar skýrslu, sem sýndi halla á vörum og þjónustu og ekki heldur hefði verið hægt að nota réttilega með þessu móti, því að þar var líka talið með það, sem flutt var inn til þessara stórframkvæmda, og skip og bátar og annað slíkt, — það var ekki einu sinni nóg að nota þá tölu í þessum áróðri, heldur varð að setja upp enn aðra tölu og kalla hana greiðsluhalla við útlönd, þar sem bætt var við ýmsum öðrum liðum, sem voru enn óskyldari eyðslu en jafnvel þessi tækjaöflun og stórframkvæmdir, og er þá mikið sagt, svo sem afborgunum af skuldum við útlönd, þ. e. a. s. lækkunum á erlendum skuldum. Slíkum liðum var bætt við, og allt var þetta kallað eyðsla og vottur þess, að þjóðin lifði um efni fram. Og niðurstaðan varð þannig 1050 millj. á 5 árum. Og nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. viðskmrh.: Vill hann mæla í móti því, að það hafi verið þessi tala, sem kölluð var vottur þess, að Íslendingar hefðu lifað um efni fram, og að það væri einmitt þessi niðurstaða, sem sýndi, að hér hefði verið stórkostlegur halli á viðskiptunum við útlönd?

Ég held, að það sé ekki til neins fyrir einn eða annan að *mótmæla því, að þannig var þetta* mál flutt, og því kemur það úr hörðustu átt, þegar hæstv. ráðh. er að vara menn við því nú að fara ógætilega með tölur og áminna um að byggja samvizkusamlega á þeim staðreyndum, sem fyrir liggja. Hann ætti að beina þeim ábendingum í aðra stefnu en til stjórnarandstöðunnar.

Hvað hefur svo komið í ljós hér í dag? Hæstv. viðskmrh. hefur upplýst hér í dag, og það er mjög merkilegt, að eftir þessari uppgjörsaðferð, — og ég bið menn að taka eftir því, — eftir þessari uppgjörsaðferð, sem ríkisstj. notaði um greiðsluafkomuna við útlönd á árunum 1955—58, eftir þeirri sömu aðferð, sem hún hafði við að gera upp þetta tímabil, var greiðsluhallinn 1959 730 millj. og greiðsluhallinn á þessu ári, sem nú var að líða, 704 millj. Eftir uppgjörsaðferð ríkisstj. sjálfrar, eins og hún vildi hafa hana, hefur greiðsluhallinn orðið með núverandi gengi 1434 millj. á tveimur árum. Hvað segir hæstv. ríkisstj. um þetta? Er það þá þetta, sem þjóðin hefur eytt um efni fram á þessum tveimur árum undir forustu hinnar nýju valdasamsteypu? Vafalaust, að þeirra skilningi.

En nú hefur mönnunum orðið meira en lítið bilt við, og er það ekkert einkennilegt. Hér um má segja, að það kemur mönnum ævinlega í koll að haga sér í málflutningi eins og hæstv. ríkisstj. hefur leyft sér í þessu sambandi. Nú verður þetta eins skýrt og verða má, því að nú kemur hæstv. viðskmrh. og segir: Það má ekki undir nokkrum kringumstæðum ske það ódæði, að nokkur maður leyfi sér að nota þessa tölu í umræðum um afkomu þjóðarinnar út á við. Nei, það verður að draga alveg stórkostlega liði frá. Það verður að draga frá innflutning á skipum og flugvélum, segir ráðh., ekki hefur því verið kastað út í eyðslu. Það verður að draga það frá. — En hvenær dró núv. ríkisstj. frá innflutning á skipum og flugvélum, þegar hún var að segja þjóðinni frá því, að á fimm árunum, áður en hún tók við, hefði verið eytt 1050 millj. um efni fram? Hvenær var þá dreginn frá innflutningur á skipum og flugvélum? Og eru það aðeins skip og flugvélar, sem skipta máli í þessu sambandi? Það er fleira matur en feitt kjöt, þó að það sé gott. Það er líka þýðingarmikið, að þjóðin eignist orkuver eins og Sogið og framkvæmdir eins og áburðarverksmiðjuna og sementsverksmiðjuna, og ef nokkur gljóra á að vera í því að nota þessar tölur á þann hátt, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, þá á vitanlega líka, eins og við margsinnis bentum á, að taka þessar framkvæmdir og fleiri til greina.

Með þessu hefur verið svo rækilega flett ofan af blekkingum hæstv. ríkisstj., sem hún hefur flutt þjóðinni í þessum efnum, sem frekast verður á kosið. Og það sem bezt er, hæstv. ríkisstj. hefur gert það sjálf, og það var auðvitað æskilegast, að hún gerði það sjálf. Það hlaut að koma að því, að hún gerði það. Þetta hlaut að koma í koll, vegna þess að það hlaut að verða hægt að stilla upp dæmi fyrir árin 1959 og 1960 alveg hliðstæðu við það, sem ríkisstj. gerði *fyrir árin 1957 og 1958 og misnotaði svo* freklega, að alræmt er orðið og vitanlega til vanvirðu fyrir þá, sem þannig hafa á haldið.

Ég tek fullkomlega undir þau ummæli hæstv.

viðskmrh., að menn umgangist þessi mál af háttvísi og greini rétt frá. En eins og ég hef margsinnis tekið fram og augljóst er af því, sem ég hef sagt, fer ekki á milli mála, hvar misbrestur hefur orðið í því sambandi.

Og þessum leik er haldið áfram, því að það eru nefnilega fleiri uppgjör, sem koma til greina í þessu sambandi, en uppgjör á vörum og þjónustu og svo greiðslujafnaðaruppgjörið hliðstætt því, sem hæstv. ríkisstj. lét setja í fyrra í grg. efnahagsmálafrv. Það er líka til uppgjör, sem sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna út af fyrir sig. Sú tala segir ekki ákaflega mikið um afkomu þjóðarinnar út á við. Og það veit ég, að hæstv. viðskmrh. viðurkennir hreinlega, að hún segir ekki mikið um það, því að þar er eftir að taka til greina lántökurnar og marga aðra liði, sem koma smátt og smátt inn í uppgjörið eftir því, hversu það er ýtarlega gert og hversu margir liðir eru teknir með. En nú er samt byrjaður sá leikur í herbúðum hæstv. ríkisstj., ég hef ekki mikið orðið var við, að hæstv. viðskmrh. hafi leikið hann, — en það er byrjaður sá leikur að slá því fram, að gjaldeyrisstaða bankanna hafi batnað um svo og svo marga milljónatugi, og nefna það sem einhvers konar sönnun fyrir því, að afkoma þjóðarinnar út á við hafi farið stórkostlega batnandi árið 1960, þó að sú tala út af fyrir sig segi ekki neitt um þau efni. M. ö. o.: það er blekkingaleikur leikinn enn eins og var í fyrra. Nú er bara gripið annað atriði, af því að það hentar betur, og notað í þessu skyni.

Þetta er ekki fallegur leikur, og hæstv. viðskmrh. ætti að beita sér fyrir því, að þessu væri hætt og að hver tala væri látin innihalda í málflutningi það, sem hún raunverulega inniheldur, en ekki eitthvað allt annað, eins og gert hefur verið. Hér er náttúrlega sannast að segja um grundvallaratriði að ræða, því að það er hreint siðleysi að misnota tölur og uppgjör frá stofnunum eins og hagstofunni á þann hátt, sem gert hefur verið. Og svo er óskammfeilnin svo stórkostleg, að þegar bent er á, hvernig niðurstöðurnar eru notaðar og ranglega út af þeim lagt, þá er sagt: Hvað er verið að tala um þetta? Þetta er frá hagstofunni. — Jú, tölurnar eru frá hagstofunni, en það er bara lagt allt annað inn í þær en nokkur maður hefur leyfi til og allt annað en í þeim felst, og svo eru svörin: Þær eru frá hagstofunni. — Það eru ekki nema nokkrir dagar síðan aðalmálgagn ríkisstj. leyfði sér að viðhafa þessa málsmeðferð í umr., sem urðu um áramótaboðskap núv. forsrh., þar sem þessi tala um gjaldeyrisstöðu bankanna var notuð á villandi hátt, — áreiðanlega af ásettu ráði á villandi hátt, — því að sá sami ráðh., sem breiddi sig út yfir það í fyrra í hliðstæðum nýársboðskap, að þjóðin hefði eytt um efni fram 1050 millj. á fimm árum, og byggði það á þessari þokkalegu stefnu í málflutningi, sem ég lýsti hér áðan, að telja með í eyðslunni allt, sem hafði farið til skipa- og bátakaupa og til Sogsvirkjunarinnar, áburðarverksmiðjunnar og sementsverksmiðjunnar, — sá hinn sami ráðh., sem breiddi sig út yfir þetta þá, var ekkert að segja þjóðinni það núna um áramótin, að eftir sams konar reikningsmáta hefði hallinn orðið 1434 millj. á árunum 1959 og 1960. Hvers vegna sagði hæstv. forsrh. ekki þjóðinni það núna á nýársdag, sem er nákvæmlega hliðstæð tala og hliðstæðir útreikningar og þeir, sem hann flutti í fyrra? Og af því að hæstv. forsrh. fór héðan út rétt í þessu, þá skora ég á hæstv. viðskmrh. að hrekja þetta, ef það er hægt.

Þegar hæstv. viðskmrh. ræddi um afkomuna út á við, minntist hann talsvert mikið á, að afborganir af lánum hefðu farið vaxandi og orðið hærri fjárhæð í hlutfalli við hallann á vörum og þjónustu en áður hefði verið. Ég held, að þetta sé ekki neitt einkennileg þróun, þegar þess er gætt, að landsmenn hafa komið sér upp fyrirtækjum eins og áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju og öðrum slíkum fyrirtækjum, sem verða til þess, að innflutningur minnkar stórkostlega, því að vörurnar eru framleiddar í landinu sjálfu, og í staðinn fyrir innflutninginn koma svo greiðslur af lánunum, sem tekin voru til að koma fyrirtækjunum upp. Ég held þess vegna, að þessar hugleiðingar hæstv. ráðh. hafi ákaflega litla þýðingu til að sýna mönnum, hvernig þjóðarbúið stendur eða hvernig horfir um þessi mál. Það er stórkostlegur ávinningur að því að byggja áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju, þó að afleiðingin af því verði sú, að afborganir og vextir til útlanda hækki frá því, sem áður hefur verið, því að að öllu öðru óbreyttu minnkar við það hallinn á vörum og þjónustu. Hér þarf líka margt fleira að taka til greina, t. d. eins og það, að keypt hefur verið talsvert mikið af skipum og bátum og tekin lán til stutts tíma í því skyni, og þá koma þar þungar greiðslur stutta stund. Það er svo margt í þessu, sem kemur til greina, að einfaldur samanburður eins og ráðherra gerði hefur ekki mikla þýðingu.

Að lokum vil ég svo segja varðandi þennan þátt í málinu, að ég sé ekki betur en að af upplýsingum ráðherrans megi ráða, að afkoma þjóðarinnar út á við árið 1960 hafi verið mjög slæm og allt öðruvísi en þeir, sem fyrir þessari svokölluðu viðreisn stóðu, töldu að mundi verða. Er það sannast að segja hörmuleg niðurstaða af þessu öllu saman, þegar það kemur nú í ljós til viðbótar við allt annað, að niðurskurðurinn á framkvæmdunum og hin mikla kjararýrnun hefur ekki einu sinni náð að verða þess valdandi, að það skapist jafnvægi í bili út á við. Þvert á móti, þrátt fyrir þennan stórkostlega samdrátt í framkvæmdum og niðurskurð á neyzlu verður stórkostlegur halli út á við. Þetta er hörmuleg niðurstaða.

Þá mun ég víkja að hinu atriðinu, sem hæstv. ráðherra gerði að umtalsefni, vaxtabyrði útgerðarinnar. Hann sagði, að vaxtabyrðin væri mjög lítil og hækkun á vöxtum hefði sáralitla þýðingu fyrir útgerðina. Þetta væri auðséð á því, að 2% vaxtahækkun hefði lítil áhrif á rekstrarútgjöld togara, eins og áætlanir hefðu verið lagðar fyrir hann, og einnig á rekstrarreikning fyrir fiskibát. En hæstv. ráðherra hefur náttúrlega aldrei dottið í hug, að fiskverðið

kynni að vera lægra til bátanna og togaranna vegna þess, hve vextirnir voru hækkaðir stórkostlega, og þegar þess er gætt, að það eru fiskiðjuverin, sem taka yfirleitt mest af lánunum, sem hvíla á fiskinum, og verða að borga vextina. Hæstv. ráðherra hefur náttúrlega aldrei dottið það í hug, og niðurstaðan af því verður svo sú, að þessi dæmi hafa sáralitla þýðingu eða nánast enga þýðingu eða kannske öllu heldur eru mjög villandi í sambandi við allt málið. Það er staðreynd, að mörg fiskiðjuver í landinu hafa orðið fyrir svo þungum áföllum vegna vaxtahækkunarinnar, að það nemur a. m. k. 15—20% af því kaupgjaldi, sem þau verða að greiða. Er hægt að færa dæmi fyrir þessu, eins og hér hefur verið upplýst, enda er í þessu sambandi skemmst að minnast, að einn merkur athafnamaður hefur gefið um þetta þýðingarmiklar upplýsingar í einu af aðalstjórnarblöðunum, Haraldur Böðvarsson á Akranesi. Þar upplýsti hann, að aðeins nokkur fyrirtæki í einni veiðistöð greiddu 8 millj. kr. í vexti, og það er ekki lágt áætlað, að áður en stjórnin kom til skjalanna, hefur vaxtabyrði þessara fyrirtækja ekki verið yfir 5½ millj. Það er alveg áreiðanlegt, að stjórnin hefur hækkað með sínum ráðstöfunum vexti þessara örfáu fyrirtækja í einum fiskibæ á landinu um a. m. k. 2.5 millj. kr.

Hæstv. ráðherra nefndi hér tölu um útlán bankanna í útgerðina. Í fyrsta lagi veit maður ekki, hvað er þá talið til útgerðar, hvort öll vinnslufyrirtæki eru þar talin með og öll lán, sem þar eiga að vera, t. d. eins og síldarverksmiðjur og annað slíkt. Í annan stað vantar þarna inn í allt það lánsfé, sem útgerðin hefur frá öðrum aðilum en bönkunum og er stórkostlega mikið fjármagn, enn fremur þau lán, sem útgerðin hefur frá sparisjóðum, sem eru allstórar stofnanir víða í landinu. Þá vantar inn í þetta dæmi öll stofnlánin. Þessi málflutningur hæstv. ráðherra fær því alls ekki staðizt á nokkra lund. Ber það ekki vott um mikla rannsókn eða að djúpt sé kafað, þegar þess er gætt, að hæstv. ráðherra notaði hér til rökstuðnings þessari fullyrðingu sinni um, að vextirnir hefðu litla þýðingu fyrir útveginn, þær upplýsingar, sem Morgunblaðið hefur flutt um þetta undanfarna daga og er orðið að athlægi fyrir um gervallt landið. Einmitt þann málflutning tók hæstv. ráðherra upp í sinni ræðu. Ég gat ekki fundið annað en að hann fylgdi efnislega öllu því, sem þar hefur verið haldið fram um þetta. Þennan kafla ræðu sinnar endaði hæstv. ráðherra með því að halda því fram, að það væri fjarstæða, sem stjórnarandstæðingar hefðu stagazt á, að vextir þeir, sem hæstv. ríkisstj. innleiddi, væru óbærilegir fyrir íslenzkt atvinnulíf. Þá sjáum við, að við höfum fengið viðskiptamálaráðherra, sem heldur því fram, að íslenzku atvinnulífi hafi ekki verið ofgert með 11½% vöxtum. Allir, sem til þekkja, vita þó, að það er gersamlega óhugsandi, að íslenzkt atvinnulíf geti borið slíka vexti, eins og líka hæstv. ráðh. hefur fengið að reyna, þó að hann vilji ekki játa það, því að hæstv. ríkisstj. hefur neyðzt til þess að lækka vextina nú þegar talsvert, þó að ekki hafi hún gert það nóg.

Þeir, sem standa fyrir atvinnurekstri, vita betur en hæstv. ráðh. um þetta. Það er vafalaust ekki mikið sagt, að það þyrfti að tvöfalda og vel það þá fjárhæð, sem hæstv. ráðh. vildi telja að sjávarútvegurinn í heild þyrfti að gjalda í vöxtum. Svo fjarri lagi voru fullyrðingar hans um það efni.

Hæstv. ráðh. vék hér dálítið að útlánunum. Við höfðum bent á, að hæstv. ríkisstj. hefði lýst því yfir í grg. fyrir viðreisnarfrv., að útlánin mættu ekki fara yfir 200 millj. Síðan benti ég á, hvílík fjarstæða þetta hefði reynzt í framkvæmdinni og fjarri öllu lagi og barnalegt að hugsa sér, að það væri hægt að draga svo stórkostlega saman lánin til framleiðslunnar á sama tíma sem allur rekstrarkostnaður væri hækkaður svo gífurlega og vaxtabyrðin einnig. Reynslan hefur líka sýnt þetta, því að ríkisstj. hefur alls ekkert getað farið eftir þessum hugleiðingum. Það hefur auðvitað orðið að auka útlánin langt fram yfir þessa fjárhæð, og svo endar það með því, að þegar ríkisstj. er búin að keyra framleiðsluna í kút með því að rembast við að komast sem næst þessari fjarstæðu, sem hún hafði einsett sér í byrjun að stefna að, þá verður hún að koma hér með frv. um að auka útlánin til útgerðarinnar og auka útlánin yfirleitt. Það er vitað mál, að þótt hæstv. ríkisstj. sé að láta í veðri vaka núna, að það sé hægt að gera þessi skuldaskil fyrir útgerðina og hjálpa henni, án þess að nokkurt nýtt lánsfé fari í umferð, þá er slíkt hin mesta fjarstæða. Ef þau lán, sem bankakerfið hefur látið út upp á síðkastið út á afurðir, verða að einhverju leyti gerð að löngum lánum í staðinn fyrir að koma inn á næstu mánuðum, þá verður það í reyndinni til þess að auka það fé, sem í heild verður í útlánum, því að vitanlega kemst hæstv. ríkisstj. ekki hjá því að láta bankana lána fyrirtækjunum rekstrarlán framvegis eins og verið hefur. Eða er það meiningin, eins og ég spurði hér um í gær, er það meiningin að draga úr rekstrarlánunum á þessu ári stórkostlega frá því, sem var í fyrra, og lána miklu minna út á afurðirnar en áður hefur verið gert? Þessu svaraði hæstv. ráðh. ekki neitt.

Hæstv. ráðh. var að tala um, hvað það væri ákaflega þýðingarmikið að setja sér markmið. Hann var að tala um það í sambandi við þessar 200 millj. Það hafi eiginlega vantað hér undanfarið, að menn settu sér markmið. Menn ættu að setja markmið og svo ættu menn að keppa einlæglega að því að ná þeim markmiðum. Ég sé nú ekki, hvaða þýðingu það hefur haft í þessu sambandi, þó að ríkisstj. væri að nefna þessa fjarstæðu í fyrra, 200 millj., sem útlánaaukningin ætti að verða. Og hvaða gagn hefur það gert? Ég sé það ekki. Í framkvæmdinni hefur ekkert farið nálægt þessu markmiði, sem kastað var þarna fram, og gagnið get ég ómögulega séð. En ógagnið kem ég auga á, sem liggur í því, að það var verið að rembast við að reyna að halda sér í þessa fjarstæðu, þangað til búið var að gera framleiðslunni stórtjón. Það eru

þau einu áhrif, sem ég hef getað komið auga á af þessu „markmiði", sem hæstv. ríkisstj. setti sér alveg út í bláinn. Ef það á að vera gagn að því að setja sér markmið, verða þær fyrirætlanir að vera byggðar á einhverju raunsæi og einhverri þekkingu um það, hvað hugsanlegt er að gera. Annars verður þetta að stórtjóni, eins og nú liggur fyrir.

Ég spurði hæstv. viðskmrh. að því í gær, hvernig á því stæði, að það hefði verið ráðizt í að gefa út bráðabirgðalöggjöf um þetta mál. Honum hlyti að vera kunnugt um, að slíkt ætti ekki að eiga sér stað, nema alveg sérstaklega brýna nauðsyn bæri til. En hæstv. ráðh. vísaði bara til grg. í þessu efni. En þar segir ekkert, sem hægt er að kalla rök fyrir því, að þurft hafi að gefa út brbl. um þetta. Það er eitthvað á þá lund, sem hæstv. ráðh. endurtók, að um leið og vertíð hæfist, væri nauðsynlegt, að gerðar væru ráðstafanir til að breyta lausaskuldum í föst lán. Hvaða lausaskuldum hefur verið breytt í föst lán? Ég veit ekki um, að einni einustu lausaskuld hafi verið breytt í fast lán. Ég hef rekizt á útgerðarmenn síðustu daga, sem alls ekki hafa hugmynd um, hvort þeir koma til greina í þessu skuldauppgjöri, sem hér er stofnað til, hvort þeir fái nokkra minnstu aðstoð í þessu sambandi. Og það er einfaldlega af þeirri ástæðu, að það hefur ekkert komið út annað en þessi brbl.-rammi, og reglugerðin var ekki komin hingað til Alþ., þegar ég fór inn í þennan sal á fund kl. hálftvö í dag. Þá var Lögbirtingablaðið með reglugerðinni ekki komið hingað til Alþingis. Það er því ekkert búið að starfa samkv. þessari löggjöf. Það hefur ekki einn einasti útgerðarmaður á landinu fengið lausaskuld sinni enn þá breytt í fast lán samkv. þessu, og a. m. k. fram að þessu hefur mönnum alls ekki verið ljóst, hvort þeir gætu komið til greina í þessu skuldauppgjöri. Það hefði því verið hægt að ná sama árangri með einhvers konar viljayfirlýsingu af hendi hæstv. ríkisstj. um það, hvað hún ætlaðist fyrir. Og það er algert brot að mínu viti á þeirri reglu, sem að réttu á að hafa um útgáfu brbl., að grípa til þess að þessu sinni varðandi þetta mál.

Hitt er svo annað mál, að maður veit, hvers vegna brbl. voru gefin út. Það liggja til þess pólitískar ástæður. Það liggja til þess þær ástæður, að hæstv. ríkisstj. er alltaf að reyna að finna alls konar aðferðir til þess að ná sjávarútveginum út af því skeri, sem hún hefur siglt honum á, og koma flotanum af stað á vertíðina án þess að gera beina samninga við útgerðarmenn að formi til. Það má ekki vera það form á því, vegna þess að það átti að vera einn liður í hinni nýju efnahagsmálastefnu, að slíkt kæmi ekki til mála og þyrfti alls ekki að koma til mála, því að þetta átti allt að vigta sig sjálft og allt að ganga af sjálfu sér. Og það er þessi þrái hjá hæstv. ríkisstj., þó að hún sjái, að stefnan er farin út um þúfur, og það er farið að gera alls konar ráðstafanir til þess að ýta á flot, — opinberar ráðstafanir margvíslegar, heila keðju, sem við höfum verið að lýsa við umr., bæði fyrir jól og nú í gær. En þó að þetta liggi allt saman fyrir, verður þetta helzt að vera þannig, að það séu ekki að forminu til gerðir neinir samningar. Samt sem áður á að spila spilunum út, og það þarf að spila þeim út nægilega snemma, þannig að það hafi áhrif í þá átt að leysa atvinnuvegina úr læðingi. Stjórnarráðstafanirnar eru gerðar til þess, að flotinn fari af stað, og það er þess vegna, sem gripið er til þess að gefa út þessi brbl. Það er einn liðurinn í því að blóta á laun, ef svo mætti segja, — það er einn liðurinn í því að blóta á laun. Það er einn liðurinn í því að brjóta þá stefnu um afskiptaleysi í þessum málum, sem hæstv. ríkisstj. var búin að marglýsa yfir að hún mundi hafa. Það er einn liðurinn í því að semja við forustulið útgerðarinnar á bak við tjöldin. Það er einn liðurinn í því að gera opinberar ráðstafanir með samningum bak við tjöldin við forustumenn útgerðarinnar um það, hvað ríkisstj. og ríkisvaldið geri, til þess að útgerðin geti gengið. Þessi útgáfa brbl. út af fyrir sig er þess vegna eins og ein málsgrein í þrotabúsyfirlýsingu viðreisnarinnar, ein málsgrein, ein setning.

Hæstv. ráðh. sagði í þessu sambandi, að hann furðaði sig á því, að okkur skyldi ekki vera kunnugt um, að reglugerðin var undirrituð 14. jan. Hann sagðist furða sig á því. Hvernig áttum við að vita það? Það hefur ekkert verið tilkynnt um það. Ég hef hvergi séð það. Ég hef þó alltaf verið að horfa eftir því í blöðunum, hvort reglugerðin væri komin, en ekki séð neitt um, að reglugerðin hafi verið gefin út, því síður reglugerðina sjálfa. Það er ekki hægt að furða sig á því, að mönnum er það ekki kunnugt, sem voru ekki þar til kvaddir á nokkurn hátt, að reglugerðin var út gefin 14. jan.

Ég hef frétt, að það sé staðfest í þessari reglugerð, sem ég hef ekki séð eða lesið, að ekki eigi að koma til greina, að menn geti fengið stuðning, ef þeir skulda meira en 70% af matsverði eignanna. Þetta ákvæði tel ég ófært. Með þessu móti verða öll þau fyrirtæki, sem skulda meira en 70% af eðlilegu matsverði eigna sinna, útilokuð frá því að fá nokkurn stuðning. Það vil ég ekki fyrir mitt leyti með nokkru móti fallast á. Það geta verið fullkomlega heilbrigð fyrirtæki og átt fullan rétt á sér, þó að þau skuldi meira en þetta. Og hér er um algera stefnubreytingu að ræða frá því, sem áður hefur verið. Stefnan hefur einmitt verið sú að reyna að greiða fyrir því, að ýmis fyrirtæki víðs vegar um landið gætu starfað, þótt þau þyrftu að fá að láni meira en 70% af verði eigna, jafnvel upp í 90% af stofnverði þeirra tækja, sem þau þurftu að afla sér. Ég hef að vísu séð, að annar stjórnarflokkurinn telur, að það hafi verið rangt að styðja þessi fyrirtæki og stuðla að því, að svona atvinnurekstur gæti komizt upp. En ég tel, að þetta hafi í mörgum dæmum átt fullan rétt á sér og það nái ekki nokkurri átt að breyta hér gersamlega um stefnu og útiloka alla frá stuðningi og lánum, sem geta ekki lagt fram 30% af verði eigna af eigin fé. Hér er um grundvallarstefnubreytingu að ræða í uppbyggingu atvinnulífsins, ef þessu verður haldið til streitu. Ég vil biðja menn að skoða þetta. Ég vil biðja menn

að gera sér þetta ljóst. Ég vil biðja menn að gera sér ljóst, hvað skeður, ef þessi stefna verður tekin upp og verður haldið við hana. Og það er gleggst í því efni að benda á, að ef þessi stefna hefði verið höfð á undanförnum áratugum, hefði meginhluti þess atvinnurekstrar, sem byggður hefur verið upp víðs vegar um landið, aldrei komið til greina, vegna þess að ekki hefur verið mögulegt í mörgum byggðarlögum að ná saman 30% af stofnverði þeirra tækja, sem fyrirtækin hafa þurft á að halda.

En ég sé eyrnamarkið á þessu. Það er eyrnamark þeirra, sem með þessu öllu saman, sem nú er verið að gera, vilja koma í veg fyrir, að atvinnureksturinn geti orðið byggður upp á þann hátt, sem gert hefur verið á undanförnum áratugum, vilja fyrst og fremst, að atvinnureksturinn sé í höndum þeirra, sem hafa nóg eigið fé, eins og það er orðað á máli Morgunblaðsins, nægilegt eigið fjármagn. Þannig er það orðað. Það hefur alveg sérstaklega verið fundið að því einmitt í þessu málgagni, að á undanförnum árum hafi menn átt allt of greiðan aðgang að lánum, þeir sem hafi ekki haft nægilegt fjármagn handa á milli. En það er einmitt lífæðin í okkar uppbyggingu, að ríkisvaldið hefur hreinlega verið notað, líka vald ríkisins yfir bönkunum, til þess að stuðla að uppbyggingu þeirra, sem höfðu lítið eigið fjármagn, voru fátækir, þannig að uppbyggingin yrði ekki eingöngu á vegum þeirra tiltölulega fáu, sem með einhverjum ráðum höfðu komizt yfir mikið fjármagn.

Ég vil spyrja hæstv. viðskmrh., hvort það sé stefna Alþfl. að breyta nú algerlega til á þennan hátt og hvort flokkurinn hafi gert sér grein fyrir því, hvað af þessu leiðir, ef þessi regla, sem þarna er sett í þessa löggjöf, á að útfærast einnig í bankapólitíkinni yfirleitt og ríkisábyrgðarpólitíkinni og í sambandi við aðra þá fyrirgreiðslu, sem tíðkazt hefur að láta í té við uppbyggingu atvinnulífsins. Við sjáum, hvað núna er verið að gera í ríkisábyrgðarmálunum, á því frv., sem liggur fyrir um ríkisábyrgðirnar, og við sjáum alls staðar þetta sama. Þetta er allt angi af þeim sama hugsunarhætti, sem lýst var í forustugrein aðalstjórnarblaðsins skilmerkilega á s. l. hausti.

Í þessu sambandi vil ég spyrja hæstv. viðskmrh.: Hvernig verður t. d. litið á atvinnuaukningarféð í þessu sambandi? Atvinnuaukningarféð hefur verið skoðað sem stuðningsfé af ríkisvaldsins hendi til þess að greiða fyrir uppbyggingunni víðs vegar um landið. Er ætlunin að telja þetta fé, atvinnuaukningarfé, með skuldum í sambandi við þessi skuldaskil fyrirtækjanna, og er þá ætlunin að loka þessari fyrirgreiðsluleið fyrir öllum fyrirtækjum á landinu, sem skulda meira en 70% af andvirði eigna, að atvinnuaukningarfénu meðtöldu? Slíkri framkvæmd mótmæli ég gersamlega, eins og yfir höfuð þessari nýju stefnu, sem þarna er upp tekin og ég hef lýst.

Þá hefur verið spurt, hvort þessi aðstoð, þessi lánabreyting eða hvað við eigum að kalla það, væri miðuð við ákveðna heildarfjárhæð. En þessu hefur ekki verið svarað af hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. hlýtur samt að geta svarað þessu, fyrst hann getur reiknað út, hve mikil vaxtahlunnindi útgerðin fær vegna þessara lána. Er það ekki?

Hæstv. ráðh. sagðist vera búinn að reikna það út, að vaxtahlunnindi útgerðarinnar af þessum lánum yrðu 10 millj. Hann hlýtur þá að geta sagt okkur, hvað hárri fjárhæð í heild hann reiknaði með, þegar hann fékk út þessar 10 millj. Hæstv. ráðh. hefur líka verið spurður að því hér, hvaða vextir mundu verða á þessum lánum, og því hefur hann ekki heldur svarað. En hæstv. ráðh. hlýtur að vita það, því að ekki gæti hann fundið það út, að vaxtahlunnindi þau, sem útvegurinn fær af þessu, verði 10 millj., nema það sé búið að hugsa sér, hvað vextirnir verða. Mér finnst ekki rétt af hæstv. ráðh. að vera að halda þessum upplýsingum, þar sem hann hefur þær, og vildi taka undir þær óskir, sem hér hafa komið fram, að ráðh. gæfi þessar upplýsingar.

Loks er svo eitt atriði enn í sambandi við málið, sem mig langar til að minnast á. Eftir því, sem hæstv. ráðh. hefur talað, og því, sem í frv. stendur, sýnist þetta allt vera byggt á því, að öll lánin verði afgreidd í gegnum viðskiptabankana og upp í skuldir við þá. Hvað verður þá um þau fyrirtæki, sem eru æði mörg í landinu, sem skulda öðrum stofnunum en bönkunum? Eiga þau ekki að koma til greina í þessu sambandi? Getur það staðizt, að þau komi ekki til greina? Þau hljóta að eiga rétt á sér, alveg eins og þau fyrirtæki, sem skipta við bankana. Og ef þetta hefur ekki verið skoðað ofan í kjölinn, vil ég biðja hæstv. ráðh. að athuga það gaumgæfilega, að það eru vafalaust til fyrirtæki í landinu, sem eiga alveg jafnmikinn rétt á aðstoð og önnur, sem skulda öðrum stofnunum en bönkunum, og það er alls ekki víst, að þær stofnanir, sem þau skulda, skuldi bönkunum. Ég vil vona, að hæstv. ráðh. athugi þetta atriði, og má vera, að í reglugerðinni sé eitthvert ákvæði um þetta.

Hæstv. ráðh. kvartaði yfir því, að hann hefði ekki heyrt það á því, sem menn sögðu, hvort menn væru með eða móti frv. Ég lýsti því þó mjög greinilega yfir, að því er mér fannst, að ég teldi frv. stefna í rétta átt að því leyti, sem hér væri gert ráð fyrir að bæta lánakjör útgerðarinnar og lækka vextina. Þessu er ég hvoru tveggja mjög fylgjandi og fylgjandi meginstefnu frv. að því leyti. En á hinn bóginn sé ég ekki betur en á frv. séu stórkostlegir ágallar, sem verði að leggja áherzlu á að fá lagaða.

Umr. frestað.

Á 48. fundi í Nd., 23. jan., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég held, að þær umr., sem urðu hér í hv. deild s. l. fimmtudag og föstudag í sambandi við þetta frv., hafi orðið gagnlegar. Ég held, að þær hafi brugðið nokkurri birtu á atriði, sem oft hefur verið talað um með allt of óljósum hætti og að þær eigi að geta stuðlað að því, að í framtíðinni ræðist hvorki þm. né aðrir við

um mikilvæg atriði í efnahagsmálunum þannig, að almenningur fái tilefni til þess að misskilja veigamikil atriði og fá rangar hugmyndir um staðreyndir. Þessu tel ég, að tvímælalaust beri að fagna.

Í ræðum hv. stjórnarandstæðinga, málsvara hv. Framsfl. og hv. Alþb., 1. og 4. þm. Austf., voru nokkur atriði s. l. föstudag, sem ég sé ástæðu til að gera að nokkru umtalsefni. Ég skal láta alveg vera að lengja þessar umr. með því að víkja að því, sem mér finnst mega telja aukaatriði í málinu, minni háttar atriði, heldur ræða atriði, sem snerta grundvallaratriði í þeim deilum, sem uppi eru milli ríkisstj. annars vegar og stjórnarandstæðinga hins vegar um kjarnann í stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Um þetta atriði var málflutningur þessara tveggja hv. þm., hv. 1. þm. Austf. og 4. þm. Austf., svo líkur, að í raun og veru er ekki ástæða til þess að greina þar sérstaklega á milli. Það var sami kjarninn í ádeilum þeirra beggja, ekki aðeins á þetta frv., heldur í því, sem þeir vildu í framhaldi af umr. um það gera að kjarnaádeilu á ríkisstj. Þeir gerðu það báðir að aðaluppistöðu máls síns s. l. föstudag að segja, að í þeim skýrslum, sem ríkisstj. hefði birt um heildargreiðsluhallann í grg. sinni fyrir frv. um efnahagsmál veturinn 1960, væru fólgnar miklar blekkingar, mjög alvarlegar blekkingar, og þó kannske öllu heldur, að út af þessum upplýsingum hefði verið lagt þannig, að þjóðinni hefðu verið gefnar alrangar hugmyndir um staðreyndir málsins. Þeir héldu því báðir fram, að fram til þess tíma, þangað til í febrúar 1960, hefðu bæði hagstofan og hagdeild Landsbankans birt upplýsingar um greiðslujöfnuðinn þannig, að þær hafi snert aðeins greiðslujöfnuðinn í vörum og þjónustu, en síðan hefði ríkisstj. tekið upp nýja skilgreiningu á hugtakinu greiðslujöfnuður og bætt þar við afborgunum af erlendum lánum, fengið þannig út miklu hærri heildargreiðsluhalla, notað hann til þess að segja þjóðinni ranglega, að hún hefði lifað um efni fram, og reynt þess vegna með röngum og fölskum forsendum að fá þjóðina til þess að trúa því til þess að sætta sig við kjaraskerðinguna, þótt til þess hafi engin ástæða verið. Til sönnunar þessum kjarna í málflutningi sínum vildu þeir síðan benda á, að nú væri það upplýst, bæði í grein, sem komið hafi í Morgunblaðinu eftir framkvæmdastjóra Verzlunarráðsins, og tölum, sem ég skýrði frá s. l. fimmtudag, að enn á árunum 1959 og 1960 hefði verið mikill greiðsluhalli í sama skilningi og stjórnin hefði lagt í orðið, þegar hún lagði fram frv. um efnahagsmál, og væri þetta hinn þyngsti dómur á viðreisnina, að á þeim tíma, síðan þessir flokkar fóru úr stjórn, hafi haldið áfram að vera mikill heildargreiðsluhalli á þjóðarbúskap Íslendinga, þannig að við sjálfir hefðum fellt dóm um okkar eigin stefnu með því að birta upplýsingar um áframhaldandi mikinn greiðsluhalla á árunum 1959 og 1960.

Hér er í raun og veru um að ræða mjög veigamikið grundvallaratriði í orðaskiptum í umr. stjórnarsinna annars vegar og stjórnarandstæðinga hins vegar um efnahagsmálin, svo að það er full ástæða til þess að gera þessum atriðum nokkur skil.

Að því er það snertir fyrst, að ríkisstj. hafi tekið upp einhverja nýja merkingu í orðinu greiðsluhalli í grg. fyrir frv. um efnahagsmál í febrúar 1960, er það hinn mesti misskilningur. Svo vill til, að ég var alveg nýlega að lesa grein í alþjóðlegu fjármálatímariti, sem gefið er út af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, um efnahagsmál Norðmanna á árinu 1960. Þetta er ritið International Financial News Surway, og stendur í þessari grein um efnahagsmál Norðmanna þessi setning, með leyfi hæstv. forseta:

„Hallinn á greiðslujöfnuðinum á vörum og þjónustu verður væntanlega upp undir 400 millj. norskra kr. árið 1961 eða um það bil 100 millj. kr. hærri en hann var á árinu 1960. Afborganir af skuldum eru áætlaðar 400 millj. norskra kr., og veldur það heildargreiðsluhalla að upphæð um það bil 800 millj. norskra kr.“

Ég get þessa dæmis hér einungis til þess að taka af öll tvímæli um, hvernig um svona mál er hugsað og skrifað á alþjóðlegum vettvangi. Og þar verður þess ekki vart, að nokkur sjái ástæðu til þess að rangtúlka slíkar upplýsingar eða telja þær þýða allt annað en þær raunverulega þýða. Hér er gerður í ljósu máli greinarmunur á greiðsluhalla á vörum og þjónustu annars vegar og síðan rætt um afborganir af erlendum lánum og í framhaldi af því talað um heildargreiðsluhalla svo og svo mikinn. Þetta er nákvæmlega sama aðferðin og ríkisstj. hafði í grg. sinni fyrir efnahagsmálafrv. Þar var skýrt frá greiðsluhalla á vörum og þjónustu fyrir næstliðin fimm ár og spáð um hann fimm ár fram í tímann, síðan gerð grein fyrir afborgunum af lánum fyrir sama tímabil og loks rætt um heildargreiðsluhallann. Hitt er rétt hjá hv. þm., að það yfirlit, sem hagstofan og Landsbankinn hafa gert um greiðslujöfnuðinn um mörg undanfarin ár, hefur verið um greiðsluhalla á vörum og þjónustu, enda ávallt tekið skýrt fram, enda augljóst fyrir hvern þann, sem skýrslurnar les, að það er um greiðsluhallann á vörum og þjónustu. Hagstofan og Landsbankinn hafa hins vegar aldrei gert skýrslur um heildargreiðsluhallann við útlönd, ekki tekið afborganir af erlendum lánum og aðrar fjármagnshreyfingar inn í þessar skýrslur sínar. Þessi skýrsluform eru orðin mjög gömul, og það er mjög eðlilegt, að Landsbankinn og hagstofan hafi ekki gert þetta, einfaldlega vegna þess, að það er ekki fyrr en alveg nú nýlega, eins og ég vék nokkuð ýtarlega að í ræðu minni á fimmtudaginn, að greiðslur af erlendum lánum hafa farið að skipta mjög verulegu máli í samanburði við greiðsluhallann á vörum og þjónustu. Það var einmitt sú staðreynd, hversu miklu máli þessar afborganir voru farnar að skipta á síðari helming áratugsins, 1956 og síðar, að það hefði verið óforsvaranlegt að geta ekki sérstaklega um þær í sambandi við greiðsluhallann — í framhaldi af greiðsluhallanum á vörum og þjónustu. Það að gera þjóðinni eingöngu grein fyrir greiðsluhallanum á vörum og þjónustu, greiðsluhalla í þrengri merkingu orðsins, en láta hitt ekki

fylgja með til skýringar til viðbótar, þannig að þjóðin gerði sér ljósan heildargreiðsluhallann, hefði verið að blekkja sjálfa sig og þjóðina herfilega.

Sannleikurinn er sá, að báðar þessar merkingar í orðinu greiðsluhalli hafa mikla þýðingu. En þær hafa misjafna þýðingu eftir því, hvernig aðstæðurnar eru. Ef afborganabyrðin er tiltölulega jöfn frá ári til árs, að ég ekki tali um frá áratug til áratugs, svo sem á sér stað hjá mörgum þjóðum, þar sem iðnaðarþróunin hefur um langan tíma verið stöðug, er aðalstærðin, sem máli skiptir, greiðsluhallinn á vörum og þjónustu. Aftur á móti fyrir þjóðir, sem standa í örri uppbyggingu, að ég nú ekki tali um, ef þær kosta hana að mjög verulegu leyti með föstum erlendum lánum, verður að skoða heildargreiðsluhallann til þess að gera sér grein fyrir því, hvert stefnir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hitt er svo annað mál, og það þurfa allir, ekki aðeins þm., heldur allir, sem þessi mál skipta, að gera sér algerlega ljóst, að greiðsluhalli, í hvorri merkingunni sem er, segir út af fyrir sig ekkert um það, hvort þjóð lifir um efni fram eða ekki. Greiðsluhalli í hvorri tveggja merkingunni segir í sjálfu sér ekkert um það, hvort þjóð lifir um efni fram eða ekki. Það er alveg eðlilegt, að þjóðir hafi greiðsluhalla, að þjóðir, sem standa í uppbyggingu sinna atvinnuvega, að þjóðir, þar sem mörg verkefni eru og hægt er að hagnýta innlent og erlent fé með hagkvæmum hætti, hafi einhvern greiðsluhalla við útlönd. Hitt hlýtur hvert mannsbarn að sjá, að þessi staðreynd þýðir ekki það, að greiðsluhallinn megi vera eins mikill og verkast vill. Þó að einhver greiðsluhalli við útlönd sé fullkomlega eðlilegur, fullkomlega réttlætanlegur og jafnvel til mikils góðs fyrir þróun þjóðarbúskaparins, má auðvitað ekki draga af því þá fjarstæðukenndu ályktun, að engu máli skipti, hvort greiðsluhallinn er mikill eða lítill, og ætti ekki að þurfa að undirstrika það öllu meir.

Hallinn, hvort sem hann er mikill eða lítill, jafnast með lántökum erlendis. Í því sambandi er mjög mikilvægt, hvers eðlis lánin eru, hvort þau eru föst lán eða lausaskuldir, og einnig, hvort þau eru til langs eða skamms tíma. Það, sem fyrst og fremst var varhugavert við hinar miklu lántökur okkar undanfarinn áratug, einkum á seinni helmingi áratugsins, var sú staðreynd, að allt of mikill hluti hinna erlendu lána var söfnun lausaskulda og allt of mikill hluti hinna erlendu lána voru lán til stutts tíma, til 4—6 ára.

Báðir málsvarar hv. stjórnarandstöðu í þessum umr. hafa haldið því fram, að hinn mikli greiðsluhalli áranna 1955—59, sem bent var á við undirbúning efnahagsráðstafananna á s. l. ári, hafi ekki verið varhugaverður, vegna þess að hið erlenda lánsfé hafi farið til þess að greiða kostnað við margs konar framkvæmdir, við Sogsvirkjunina, áburðarverksmiðjuna og við skipa- og bátakaup. Þetta atriði hefur verið eitt meginatriðið í deilunum um efnahagsmál, ekki aðeins í þessum umr. og ekki aðeins undanfarnar vikur, heldur undanfarna mánuði. Þetta er í raun og veru eitt hið helzta, sem fylgismönnum stjórnarstefnunnar og andstæðingum hennar ber á milli um staðreyndir í efnahagsmálunum. Þessi staðhæfing var endurtekin svo að segja alveg samhljóða af þessum hv. þm. s. l. föstudag. Upphæð greiðsluhallans er í raun og veru alveg óumdeild. Eftir að menn hafa komið sér saman um, að réttlætanlegt sé að nota orðið greiðsluhalli í víðari og þrengri merkingu, heldur mér vitanlega enginn því fram, að tölurnar um heildargreiðsluhallann séu ekki réttar. En þá hefur því verið haldið fram, að þessi greiðsluhalli, þótt mikill sé, um 200 millj. á ári í gamla genginu, hafi ekki verið varhugaverður og hann sé ekki varhugaverður, vegna þess að lánsféð hafi farið til þess að greiða kostnað við framkvæmdir, sem síðan eru nefndar. En hér er um grundvallarmisskilning að ræða, sem að vísu hefur verið bent á áður, en kannske ekki undirstrikað nógu rækilega, og þess vegna er þessi staðhæfing endurtekin æ ofan í æ, og það er því fyllsta ástæða til að fara nokkrum almennum orðum um þessa staðhæfingu.

Heildarframleiðsla þjóðar verður væntanlega alltaf meiri en erlendar lántökur hennar á sama tíma. Þess vegna er og verður áreiðanlega alltaf hægt að benda á framkvæmdir innanlands, sem séu jafnmiklar og erlendar lántökur á sama tíma. Þetta á ekki aðeins við um Íslendinga. Þetta á við um bókstaflega allar þjóðir, sem taka erlend lán. Ég þekki ekki til slíks ástands hjá nokkurri þjóð, að hún hafi tekið meiri erlend lán en sem svarar til framkvæmda innanlands á sama tíma. Þetta hefur ekki heldur átt sér stað hér. Framkvæmdir okkar hér innanlands á þessu tímabili, 1955—58, hafa auðvitað verið miklu, miklu meiri en erlendar lántökur okkar á sama tíma. Við getum aldrei tekið svo mikil erlend lán, við mundum aldrei fá svo mikil erlend lán nokkurs staðar, að við gætum ekki bent á, að framkvæmdir innanlands yrðu enn meiri en til lántakanna svarar. Þetta er ekki aðalatriði málsins. Þjóð má ekki taka ótakmörkuð lán erlendis, jafnvel þó að hún verji þeim öllum til framkvæmda. Ég skal segja meira: Þjóð má ekki taka ótakmörkuð lán erlendis, jafnvel þó að hún geti varið þeim öllum saman til mjög hagkvæmra og arðbærra framkvæmda innanlands. Því eru nefnilega alveg ákveðin takmörk sett, hvað greiðslubyrðin af erlendum lánum má verða mikil, án þess að fjárhagslegu öryggi og heilbrigði sé stefnt í hættu. Það, sem meginmáli skiptir í sambandi við erlendar lántökur, sem þýða skuldbindingu um greiðslu í erlendum gjaldeyri framvegis, er, að greiðslubyrðin í erlendum gjaldeyri fari ekki fram úr ákveðnu marki, fari ekki fram úr ákveðnum hundraðshluta af heildargjaldeyristekjunum, því ef hún gerir það, stofnar hún lánstrausti þjóðarinnar í hættu. Þetta er meginatriði málsins í sambandi við erlendu lántökurnar á síðari helming áratugsins 1960, en alls ekki hitt, í hvað lánsféð fór.

Hjá okkur Íslendingum hafði verið haldið þannig á málum, að á árinu 1959 var orðið

ljóst, að greiðslubyrðin af erlendum lánum, sem á árunum 1951—56 var aðeins 2—3% af gjaldeyristekjunum, fór svo ört vaxandi, að hún óx frá 1957 til 1959 um næstum helming. Hún var 1957 komin upp í 5.1%, helmingi meira en meðaltalið 1951—56. Hún fór enn vaxandi 1958, í um 5.7%, og 1959, þegar málin voru skoðuð ofan í kjölinn, var greiðslubyrðin enn vaxin um næstum helming frá því 1957. Hún var komin upp í 9.4% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar, — og það sem enn alvarlegra var: það var fyrirsjáanlegt, að hún mundi verða enn meiri á árunum 1960 og 1961, þar sem hámarkinu mundi verða náð og greiðslubyrðin væri orðin milli 11 og 12%. Það var fyrirsjáanlegt á árinu 1959, að greiðslubyrðin mundi innan tveggja til þriggja ára, þ. e. á árinu 1961, vera orðin milli 11 og 12%, en að vísu minnka úr því, og það var þessi staðreynd, — þetta er ekki hægt að undirstrika nægilega sterkt, — það var þessi staðreynd, það var hinn stórkostlega vaxandi þungi af greiðslubyrði erlendra lána, sem gerði stefnubreytinguna óumflýjanlega, framar öllu öðru.

Það kann að vera erfitt að segja fyrir um það nákvæmlega, hversu greiðslubyrði þjóðar megi vera þung, án þess að hún stefni fjárhagslegu öryggi sínu og lánstrausti erlendis í voða. Það getur farið eftir aðstæðum, hvort eðlilegt er, að hún sé 2% eða 4, jafnvel 5%, en ég þekki engan mann, hvorki íslenzkan né erlendan, sem um þessi mál hefur fjallað, sem hefur talið 11—12% greiðslubyrði af erlendum lánum vera eðlilega, og þá undanskil ég ekki þessa tvo hv. þingmenn, sem hér hafa deilt fastast á hæstv. ríkisstj. Ég undanskil þá ekki, vegna þess að ég sat í 2—3 ár með þeim í ríkisstjórn og veit frá þeim tíma, að þeim er nákvæmlega jafnljóst og mér og okkur, sem nú sitjum í ríkisstj., að slík greiðslubyrði er algerlega óverjanleg. Okkur var að vísu ekki orðið þá, á árinu 1958, jafnljóst og varð á árinu 1959 og var árið 1960, hversu alvarlega stefndi í þessum efnum, af því að við erum þá enn á uppleið með fjárfestingarstefnuna. Fjárfestingarstefnan og lántökustefnan er í algleymingi, og það er einmitt ekki fyrr en á árinu 1958, sem við rekum okkur fyrst alvarlega á erfiðleikana, sem í stefnunni eru fólgnir, og ég man ekki betur en þessum hv. þm., sem þá voru ábyrgir ráðherrar, hafi verið alvara þessara fyrstu erfiðleika, sem okkur mættu, nákvæmlega jafnljós og mér var hún þá og mér er hún enn. Fyrstu erfiðleikarnir, sem sýna sig, ef teflt er á svona tæpt vað með greiðslubyrðina í framtíðinni, — á því ári var hún ekki orðin nema 5.7%, þó að síðar kæmi í ljós, að hún mundi verða meira en helmingi meiri þremur árum seinna, — fyrstu erfiðleikarnir, sem slíkt framtíðarútlit hefur í för með sér, eru, að lánstraust þjóðarinnar þrýtur. Það var þrotið 1958, á síðasta ári stjórnar Hermanns Jónassonar. Það var því miður þrotið 1958. Um það var okkur, þessum þremenningum, sem höfum deilt í þessum umr., öllum nákvæmlega jafnvel kunnugt. Ég þarf áreiðanlega ekki að minna þessa hv. fyrrv. samráðherra mína á þær lántökur, sem stjórn Hermanns Jónassonar stóð í árið 1958. Það er ekki ástæða til þess að blanda umr. um þau mál inn í þessar umr. Það mundi lengja þær óþarflega mikið. Ég minni aðeins á þá staðreynd, að á því herrans ári 1958 voru engin venjuleg lán fáanleg erlendis, og það olli ríkisstj. Hermanns Jónassonar einmitt alveg sérstökum erfiðleikum. Það var komið í ljós á því ári, að engin venjuleg lán voru fáanleg á því ári, og einmitt sú staðreynd var að stefna áætlunum þeirrar ríkisstj. í algera sjálfheldu, í fullkomna hættu, var að stöðva áætlanir þeirrar ríkisstj. Skýringin var auðvitað sú, að erlendir fjármálamenn voru að gera sér sömu staðreyndina ljósa og var að renna upp fyrir mönnum hér. Það gerðist samtímis, eins og eðlilegt er. Þau lán, sem fengust á því ári, voru fengin með algerlega óeðlilegum hætti. Ég þori að staðhæfa, að enginn okkar, sem þá sátum í ríkisstj., mundi vilja standa í slíkum lánaútvegunum oftar, enda alveg tvímælalaust, að slík lán hefði ekki verið hægt að fá öðru sinni. Það staðhæfi ég, enda var það sú staðreynd, sem mætti þeirri stjórn, sem tók við, stjórn Emils Jónssonar, og þeirri stjórn, sem nú situr, stjórn Ólafs Thors. Slík lán, sem þá voru tekin, hefði áreiðanlega enginn okkar viljað taka öðru sinni, enda ekki fáanleg.

Þessi staðreynd, sem ég hef nú verið að tala um, að það er hæð greiðslubyrðarinnar í hlutfalli við gjaldeyristekjur, það er þungi byrðarinnar, sem skiptir meginmáli í sambandi við öflun erlends lánsfjár, en ekki hitt, til hvers andvirði lánsfjárins fer, — þessi meginstaðreynd er mönnum algerlega ljós, ef menn líta í eigin barm. Hún er hverjum einasta launamanni algerlega ljós, jafnvel þó að reynt sé að gera slíka staðhæfingu tortryggilega, þegar um er að ræða þjóðarbúskapinn í heild. Er launamaður byggir yfir sig hús eða hefur í hyggju að koma sér upp íbúð, veit hann, af því að það er allt vandamálið fyrir framan hann í heild, að það er ekki aðalatriðið fyrir hann, hvort hann getur fengið lán í banka eða einhvers staðar. Það er alls ekki aðalatriðið, hvort hann getur fengið lán og hvort hann hefur aðstöðu til þess að byggja húsið, koma húsinu upp á skömmum tíma, jafnvel með alveg sérstaklega ódýrum hætti. Hann tekur ekki lán án þess að hugsa um greiðslutímann eða vextina, jafnvel þó að hann geti fengið það og jafnvel þó að hann hafi aðstöðu til þess að nota peninga með mjög arðbærum og mjög hagkvæmum hætti, t. d. þannig, svo að ég geri dæmið eins hagstætt og hugsanlegt er, að hann geti komið því upp með methraða og með alveg sérstökum aðstæðum, þannig að húsið geti orðið sérstaklega ódýrt. Hann veit vel, að það, sem er meginatriði fyrir hann í sambandi við það, hvort hann á að leggja í að taka lán og byggja húsið, er, með hvaða kjörum eða til hvaða tíma hann getur fengið lánið, og hann metur tímalengdina eftir tekjum sínum. Hann veit vel, að hann má ekki binda svo mikinn hluta af tekjum sínum fram í tímann, að hann hafi ekki nægilegt afgangs til þess að framfleyta sér og fjölskyldu sinni og inna af hendi þær greiðslur aðrar,

sem nauðsynlegt er að inna af hendi. Allir munu vita, að maður má ekki leggja í að byggja hús fyrir lánsfé, ef hann bindur helming af tekjum sínum með þessu móti, alveg sama hvað húsið getur verið ódýrt. Ef hann gerir þetta, fer hann á höfuðið, þá missir hann fyrst húsið, og kannske það, sem er enn verra, hann fer einnig á höfuðið.

Þetta er augljós staðreynd hjá hverjum einstaklingi, a. m. k. þeim, sem hefur haft í hyggju að byggja hús eða kaupa sér íbúð. En það er eins og mönnum verði þessi einfaldi sannleikur eitthvað torskildari, ef þeir eiga að dæma um þjóðarbúskapinn allan. Engu að síður á nákvæmlega sama við um þjóðarbúið í heild. Það, sem þjóðin í heild má ekki gera, er að binda of mikinn hluta venjulegra gjaldeyristekna sinna í greiðslu afborgana af erlendum lánum, af því að þá verður það til þess, að þjóðin getur ekki innt af hendi þær greiðslur, sem hún annars vill inna af hendi sér til framfæris og til annars, sem hún áður hefur varið tekjum sínum til. Hún getur reist sér þann hurðarás um öxl, að hún þurfi annaðhvort að skera niður neyzlu sína eða framkvæmdir svo mikið, að af því hljótist alvarleg vandræði, eða hún lendir í vanskilum út á við, sem þýðir, að hún glatar lánstrausti sínu gersamlega.

Í þessu sambandi er í raun og veru ekki úr vegi að rifja upp með örfáum orðum, hvað hér gerðist í grundvallaratriðum á áratugnum 1950—60, því að það skýrir þá mynd, sem ég hef hér verið að reyna að draga upp af vandamálunum, sem við hefur verið að etja undanfarið. Það, sem hér gerist á áratugnum 1950—60 í mjög stórum dráttum, er það, að þegar gengisbreytingin 1950 nær ekki þeim árangri, sem henni var ætlað að ná af þeim, sem beittu sér fyrir henni, og verðbólgan heldur áfram, og það gerist jafnframt, að framkvæmdir eru stórauknar á flugvellinum, sem ýtir enn undir verðbólguþróunina gegnum skort á vinnuafli, — þegar þetta allt saman verður ljóst, þegar 2—3—4 ár eru liðin af áratugnum, hefst hér tímabil geysimikillar fjárfestingar, þá verður hér ofan á hjá íslenzkum stjórnarvöldum eindregin fjárfestingarstefna í skjóli verðbólgunnar annars vegar og svo mjög aukinna gjaldeyristekna af varnarliðsframkvæmdum hins vegar. En það, sem gerðist ekki, var, að þjóðin minnkaði neyzlu sína í hlutfalli við hina auknu fjárfestingu. Þjóðin minnkaði neyzlu sína ekki til að geta komið hinni auknu fjárfestingu í framkvæmd, heldur var fjárfestingin í aðalatriðum kostuð með erlendum lánum. M. ö. o.: þjóðin vildi gera hvort tveggja, eins og löngum hefur viljað brenna við, hún vildi halda neyzlu sinni út áratuginn, en kosta viðbótarfjárfestinguna með erlendum lánum. Stjórnir Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar og Emils Jónssonar voru allar miklar fjárfestingarstjórnir, ef svo mætti að orði kveða. Mikið af þeim framkvæmdum, sem þá var efnt til, ef til vill mest af þeim, var mjög gagnlegt og mjög nytsamlegt, en undir lok áratugsins var komið í ljós, og það er mjög mikilvæg staðreynd, að gjaldeyristekjurnar höfðu ekki vaxið í hlutfalli við hina auknu fjárfestingu. Hin aukna fjárfesting hafði m. ö. o. ekki skilað af sér auknum gjaldeyristekjum í hlutfalli við þá auknu greiðslubyrði, sem fjárfestingin hafði haft í för með sér, og það er þess vegna, sem viðnám var orðið alveg óhjákvæmilegt, þegar undir lok áratugsins kom. Viðnámið var orðið alveg augljóst á síðasta ári stjórnar Hermanns Jónassonar, á árinu 1958, þegar það kom svart á hvítu í ljós, að eðlileg lán erlendis voru ekki fáanleg til að halda þessari stefnu áfram, því að í raun og veru var búið að loka alls staðar fyrir erlenda lántökumöguleika. Þó að úr greiddist með sérstökum hætti, eins og ég gat um áðan, á því ári, var það okkur öllum, sem þá vorum í stjórn, augljóst mál, að það mundi ekki vera hægt á árinu 1959. Ef til vill hefur það átt einhvern þátt í því, að stjórnin raunverulega sundraðist, þó að um það skuli ég neita mér um allar fullyrðingar. En sem sagt, það féll í skaut stjórnar Emils Jónssonar að stöðva verðbólguþróunina, að koma í veg fyrir það, að hrapað væri fram af brúninni.

Það féll síðan í hlut þeirrar ríkisstj., sem nú situr, — það gat ekki verið verkefni bráðabirgðastjórnar Emils Jónssonar, — að koma þjóðarbúskapnum aftur á traustan grundvöll, að treysta þann grundvöll, sem í raun og veru hafði sundrazt á árinu 1958.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa oft haldið því fram, að undirstrikun okkar á hinum mikla greiðsluhalla síðari helming áratugsins 1950—60 þýði, að við teljum, að allt hið erlenda lánsfé hafi farið í vitleysu, því hafi verið sóað, og að fullyrðingar okkar um, að þjóðin hafi lifað um efni fram á þessum tíma, þýði í raun og veru, ef öllu er á botninn hvolft, það, að við teljum, að lánsféð hafi verið notað í neyzlu og í vitleysu. En því hefur aldrei verið haldið fram, að lánsfénu hafi verið eytt í þeim skilningi, að því hafi verið eytt í vitleysu, heldur hefur kjarninn í málflutningi okkar verið sá, að neyzlan hafi ekki verið minnkuð í samræmi við hina auknu fjárfestingu. Með þessu er ég þó engan veginn að segja, að öll fjárfestingin hafi verið eins hagkvæm og æskilegt hefði verið. Þess má t. d. geta um hinar miklu frystihúsabyggingar á þessum tíma, að það fjármagn, sem til þess hefur farið, hefur því miður engan veginn skilað arði í nokkru viðhlítandi hlutfalli við það fé, sem til þessara miklu framkvæmda hefur verið varið, en um það er annars ástæðulaust að fjölyrða í þessu sambandi.

Við höfum sem sagt ekki haldið því fram, og það felst ekki í staðhæfingum okkar um, að greiðsluhallinn hafi verið óhæfilega mikill, og það felst ekki í staðhæfingum okkar um, að þjóðin hafi lifað um efni fram, að lánin hefðu farið í vitleysu. Greiðsluhallinn í heild var of mikill, af því að hann ofbauð gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Staðhæfing okkar um, að þjóðin hafi á þessum tíma lifað um efni fram, var einmitt sú, að það var ekki hægt að halda uppi óbreyttri neyzlu og fjárfestingaraukningunni nema með því að stefna lánstraustinu erlendis í hættu, nema með því að tefla á tæpt vað um greiðslubyrðina erlendis.

Það verður að skoða ummæli eins og þessi sem eigandi við þjóðarbúskapinn í heild, og þá er alveg ómótmælanlegt, að ef við hefðum ekki tekið þessi miklu erlendu lán, ef við hefðum haldið greiðslubyrðinni innan einhverra hæfilegra marka, við skulum segja 5—6%, þá var hitt hvort tveggja ekki mögulegt, að auka fjárfestinguna jafnmikið og gert var eða halda neyzlunni jafnhárri og hún raunverulega var. Þetta eru alveg ómótmælanlegar staðreyndir og ættu að vera auðskildar öllum mönnum, sem vanir eru að hugsa um þessi efni.

Það var um þrjár leiðir að ræða á þessum árum eins og alltaf. Ef menn vilja auka fjárfestinguna, verður annað tveggja að minnka neyzluna eða taka erlend lán. Ef menn vilja auka neyzluna, er hægt að minnka fjárfestinguna eða taka erlend lán. Það, sem gerðist hér, var, að neyzlan var látin haldast óbreytt, en fjárfestingin aukin með erlendum lántökum, og erlendu lántökurnar voru svo miklar, að algerlega óhæfilegt og óforsvaranlegt var. Þess vegna er það réttmætur dómur, að í raun og veru hafi þjóðin á þessum árum lifað um efni fram, af því að neyzlan og fjárfestingin í landinu gat ekki orðið á annan hátt en þann að taka svo mikil erlend lán, að greiðslubyrðin var óhæfilega þung og lánstrausti þjóðarinnar raunverulega spillt. Þess vegna er ekkert rangt í því, heldur er það þvert á móti alveg rétt, fullkomlega rétt, að á þessum tíma lifði þjóðin um efni fram. Hún hafnaði þeirri neyzluminnkun, sem hin mikla aukning fjárfestingarinnar hlaut að gera nauðsynlega, ef við áttum að halda heilbrigðum greiðsluviðskiptum við útlönd.

Þá kem ég að síðasta atriðinu, sem ég vil gera að umtalsefni og líka var sameiginlegt í ræðum hinna tveggja málsvara stjórnarandstöðunnar. Það voru ummæli þeirra um, að afkoma þjóðarbúsins 1960 væri mjög slæm og í raun og veru væri hún verri en hún hefði verið á árinu 1959 og á árunum þar á undan. Þeir lögðu mikla áherzlu á, að fyrst enn væri um að ræða heildargreiðsluhalla við útlönd, eftir að þessi ríkisstj. hefði setið að völdum í rúmlega ár, sé það glögg sönnun þess, að hin nýja stefna hennar hafi misheppnazt. Hér er mjög hallað réttu máli. Það er rétt, enda skýrði ég frá því í ræðu minni þegar á fimmtudaginn, að á báðum árunum 1959 og 1960 hefur orðið um mikinn heildargreiðsluhalla við útlönd að ræða. Það er um að ræða halla á vörum og þjónustu, og afborganirnar eru líka mjög miklar, og það er um að ræða mikinn heildargreiðsluhalla við útlönd. En að þetta sé dómur um, að stefna ríkisstj. sé að misheppnast, er auðvitað misskilningur eða rangtúlkun, og það er alveg augljóst á því, að einmitt í grg. ríkisstj. fyrir frv. hennar í febr. 1960 var sagt, að það væri algerlega óhjákvæmilegt, að um mikinn heildargreiðsluhalla yrði að ræða á árunum 1959, 1960 og 1961. Það væri um það að ræða að greiða afborganir af þeim gífurlega miklu erlendu lánum, sem tekin voru, einkum á seinni hluta áratugsins 1950—60. Þó að þau lán séu að vísu flest of stutt, að mjög verulegum hluta 5—6 ár, var þegar í ársbyrjun 1959 vitað, hve afborganirnar af þeim mundu vera miklar alveg til ársins 1963. Það stendur skýrum stöfum í grg., sem fylgdi frv., hvernig þessi heildargreiðsluhalli er áætlaður alveg fram til ársins 1963, svo að það þurfti engum að koma á óvart, að ég skyldi skýra frá þeim staðreyndum hér s. l. fimmtudag, að á árunum 1959 og 1960 hefði orðið verulegur greiðsluhalli. Skýringin á greiðsluhallanum er fyrst og fremst greiðslubyrðin, sem er afleiðing af lántökunum á árunum eftir 1954—55, og þær afborganir, sem enn fara vaxandi til ársins 1961. Það er því í raun og veru að snúa hlutunum algerlega við að segja, að þessi greiðsluhalli sé afleiðing eða standi í einhverju sambandi við þær ráðstafanir, sem gerðar voru í ársbyrjun 1960.

Þá hafa þeir hv. málsvarar stjórnarandstöðunnar rætt allmikið um, að ég hafi í ræðum mínum og blöð stjórnarinnar aftur breytt um reikningsaðferð, miðað við það, sem við gerðum, þegar við vorum að leggja frv. um efnahagsmálin fram, vegna þess að ég hafi lagt á það áherzlu, að til þess að skilja tölurnar um árin 1959 og 1960 þurfi að draga greiðslur vegna kaupa á skipum og bátum frá. Ég vil aðeins taka skýrt fram, ef það er þessum hv. þm. ekki þegar ljóst, — ég taldi mig hafa skýrt það í fyrstu ræðu minni, — að þegar ég segi, að nauðsynlegt sé að draga greiðslur vegna skipa og báta frá heildargreiðsluhallanum 1959 og 1960, þegar er verið að bera þau ár saman, þá er það ekki gert í sama skilningi og með sömu rökum og þeir hafa viljað halda fram, að eigi að draga kostnað við framkvæmdir frá greiðsluhallanum á árunum 1956—59. Ég geri það alls ekki með sömu rökum og ekki sama tilgangi.

Þeir hafa sagt: Það á að draga kostnaðinn við framkvæmdirnar 1956—59 frá heildargreiðsluhallanum, vegna þess að þar fékk þjóðin innlend verðmæti í staðinn fyrir erlendu lánin. Það hafa þeir sagt. Ég var áðan að sýna fram á, hvað væri varhugavert, hvað væri rangt í þessum málflutningi. Þegar ég sagði í ræðu minni á fimmtudaginn, að til að fá rétta hugmynd um árin 1959 og 1960 yrði að draga greiðslu fyrir skip, báta og flugvélar frá, gerði ég það til þess, að hægt væri að bera árin saman, og það var í raun og veru allt annað. Ég sagði: Ef menn vilja bera árin 1959 og 1960 saman innbyrðis, verður að draga greiðslur vegna skipa, báta og flugvéla frá. Ef menn vilja bera þessi ár, 1959 og 1960, saman við t. d. árin 1957 og 1958, verður líka að draga innflutning á skipum og bátum frá vegna þess, hversu hann er miklum breytingum undirorpinn. Það er enginn liður til í innflutningi íslenzku þjóðarinnar, sem er jafnbreytilegur frá ári til árs, eins og innflutningur skipa og báta og flugvéla. Við höfum ekki endurnýjað þessi tæki okkar með nokkurn veginn jöfnum hætti áratug eftir áratug eða ár eftir ár. Þessi innflutningur á sér stað, — hvort sem okkur líkar betur eða verr, og okkur ætti að líka það verr, — hann á sér stað í rykkjum. Það skiptir ekki aðeins milljónatugum, heldur jafnvel hundruðum milljóna frá einum fimm árunum til ann-

arra fimm áranna eða frá ári til árs. Það er þess vegna, að ef maður vill bera saman afkomu eins árs og annars, vilji maður bera saman heildargreiðsluhallann frá ári til árs, þá verður að taka innflutning skipa, báta og flugvéla út úr þessum tölum. Þetta er ástæðan til þess, að hagstofan hefur, svo lengi sem ég man eftir, alltaf skýrt frá innflutningi skipa og báta í sérlið, jafnvel þegar hún gefur bara upp heildarinnflutning og heildarútflutning. Hagstofan gefur aldrei upp heildarinnflutning og heildarútflutning öðruvísi en taka fram, að af innflutningnum var svo og svo mikið skip, bátar og flugvélar, af því að hún veit, að heildartölurnar eru alls ekki sambærilegar frá mánuði til mánaðar eða frá ári til árs eða áratug til áratugs.

Þetta voru rökin fyrir því, að ég sagði, að það yrði að draga þessar tölur út úr, en alls ekki hin, sem þessir hv. þm. hafa verið að nota til stuðnings sínum málflutningi, að skip og bátar séu verðmæti, sem komið hafi fyrir hið erlenda lánsfé. Þann rökstuðning hef ég aldrei notað, enda er hann rangur. Þess vegna var það, að ég hafði sagt það, að tölurnar um heildargreiðsluhallann, sem var 1959 730 millj. og 1960 709 millj. kr., þessar tölur segja manni ekkert innbyrðis um árin, af því að 1959 var greitt upp í skip, báta og flugvélar 320 millj., en 500 millj. árið 1960, 180 millj. kr. meira. Það er alger fjarstæða að bera árin saman og gleyma þessum stórkostlega mun á þessum eina lið. Ef tekið er tillit til hans, fær maður rétta mynd af árunum innbyrðis, því að þá kemur í ljós, að fyrir utan skipa- og flugvélakaup hefur greiðsluhallinn minnkað um 201 millj. kr. á árinu.

Greiðslurnar fyrir skipin og flugvélarnar eru allar saman samningsbundnar, því miður til ekki nógu langs tíma, að mjög verulegu leyti til 5—6 ára, fyrir togarana að vísu til lengri tíma. Hér er því um tvo ólíka hluti að ræða, og ættum við ekki að þurfa að deila um þessi atriði áfram.

Það, sem er mergurinn málsins, til þess að geta myndað sér skýra hugmynd um að þessu leyti, hvort stefna ríkisstj. er að heppnast eða misheppnast, er því breytingin á greiðslujöfnuðinum, er þessar staðreyndir eru hafðar í huga. Það, sem er kjarni málsins í sambandi við hina nýju stefnu ríkisstj., er, að síðan hún tók við völdum og fór að framkvæma þá lagasetningu, sem samþ. var í febrúar s. l., hefur þessi ríkisstj. engar ráðstafanir gert til þess að þyngja greiðslubyrðina í framtíðinni. Það er það, sem er mergurinn málsins. Henni hefur þvert á móti tekizt að halda þannig á málum, að hægt er að standa við þær skuldbindingar, sem gengizt var undir á árunum 1955—59. Það er hægt að standa við þær skuldbindingar um afborganir í erlendum gjaldeyri, þær gífurlegu skuldbindingar, sem gengizt var undir á árunum 1955—59 vegna bátakaupa, vegna verksmiðjubygginga, vegna togarakaupa, og það er í sannleika sagt ekki lítið afrek, að það skuli hafa tekizt. Hitt er auðvitað alveg ljóst, að það var greiðsluhalli 1959, það var greiðsluhalli 1960 og það verður greiðsluhalli 1961 og kannske áfram, þó að hann fari úr því minnkandi. Það er bara ekki aðalatriði málsins, heldur er hitt aðalatriði málsins, að tekizt hefur að standa við skuldbindingarnar, sem stjórnarvöld gengust undir. Það hefur að vísu ekki verið hægt nema með því að gera hvort tveggja að minnka nokkuð fjárfestingu og minnka nokkuð neyzlu. Stjórnin hefur aldrei dregið nokkra dul á, að það var kjarninn í stefnu hennar og nauðsynlegur fylgifiskur þess að koma málum þjóðarinnar á réttan kjöl að minnka nokkuð fjárfestinguna og minnka nokkuð neyzluna. Stjórnin hefur aldrei gert nokkra tilraun til þess að blekkja nokkurn mann, til að blekkja nokkurn þjóðfélagsþegn í þessum efnum. Þetta var gert árið 1960. Neyzlan var minnkuð, og fjárfestingin var minnkuð. Einmitt þess vegna hefur tekizt að standa við skuldbindingarnar, sem þjóðin var búin að taka á sig, — og það sem meira er, sem ég vil undirstrika alveg sérstaklega, það hefur ekki aðeins tekizt að koma í veg fyrir, að þjóðin yrði að vanskilamanni á alþjóðlegum lánamarkaði, heldur hefur jafnframt tekizt að endurvekja lánstraust þjóðarinnar.

Það vil ég að síðustu leggja alveg sérstaka áherzlu á, að aftur nú á árinu 1961 munu standa þjóðinni opnir ýmsir möguleikar til öflunar langra lána erlendis, — möguleikar, sem var verið að loka, sem voru orðnir lokaðir þjóðinni þegar árið 1958. Hitt er svo annað mál, að það verður með engu móti talinn sanngjarn málflutningur, að aðalleiðtogar þeirra flokka, sem stóðu að því að taka þessi erlendu lán og vissu, að þau voru til 5—6 ára fram í tímann, skuli nú hér á Alþingi standa og allt að því brigzla núv. ríkisstj. um, að stefna hennar sé að mistakast, þegar henni hefur tekizt að standa við þá reikninga, sem flokkar þessara manna undirskrifuðu. Það er ekki heiðarlegur málflutningur, ekki skemmtilegur málflutningur, vildi ég segja, að standa í 2½ ár að því að skrifa reikninga og álasa síðan þeim, sem standa í því að borga þá. Ég hefði getað skilið hitt, ef þeir stæðu hér og álösuðu núv. ríkisstj. fyrir að borga reikningana ekki. Það hefði verið ádeiluefni sannarlega. En þeir hafa verið borgaðir, og þeir verða borgaðir. Einmitt þess vegna hefur þjóðin átt í nokkrum erfiðleikum, einmitt þess vegna þurfti hún að skera niður fjárfestinguna og þurfti að skera niður neyzluna. Þegar tekst að standa í skilum með jafntvímælalausum hætti og þessari stjórn hefur tekizt og þegar henni hefur þegar tekizt til viðbótar að endurreisa lánstraustið, á stjórnin sannarlega ekki gagnrýni skilið, allra síst frá þessum hv. þm.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég er satt að segja ofur lítið undrandi á málflutningi hjá hæstv. viðskmrh. Mér er ekki alveg ljóst, hvort hann veit ekki, hvort honum er ekki sjálfum ljóst, að hann fer ekki að öllu leyti með rétt mál, eða hvort hann álítur, að hann sé að tala fyrir tíu ára gömul börn, því að það er svo augljóst, að ýmislegt af því, sem hæstv. ráðh.

hefur haldið hér fram, er ekki rétt, að það ætti að vera auðvelt fyrir barnaskólabörn að gera sér það ljóst, ef þau aðeins athuga það.

Ráðh. talaði um, að greiðslubyrðin hefði verið, þegar núv. stjórn tók við, orðin svo mikil, að af gjaldeyristekjunum hefði hún tekið 11—12%. Þetta er rétt. Af útflutningi átti hún að taka samkv. útreikningum, sem fylgdu frv. um efnahagsmál, 15.8%, en af gjaldeyristekjunum kringum 12%. Þetta er rétt. En nú í fimm ár hefur þessi hæstv. ráðh. verið í ríkisstj., og mest af þessari gjaldeyrisbyrði hefur myndazt í hans stjórnartíð. Og þegar Alþfl. fer einn með stjórn, hækka ríkisskuldirnar, föst lán, um 25%, og þar að auki versnar gjaldeyrisstaðan svo mikið, að þegar þeir taka við, er hún hagstæð um tæpar 50 millj. með gamla genginu, en óhagstæð um 190 millj., þegar núv. ríkisstj. tekur við í janúarlok, þannig að miðað við nýja gengið versnar gjaldeyrisstaðan í tíð jafnaðarmannastjórnarinnar um 300 millj., og þar að auki voru tekin föst lán tæpar 200 millj., þannig að þegar jafnaðarmannastjórnin tekur við, hefur aðstaðan verið þannig, að af útflutningsverðmæti hefur þurft um 12% til að standa undir greiðslubyrðinni, en af gjaldeyristekjum sennilega 9—10. En hvað er þetta nú? Jónas Haralz lýsti því yfir á fundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, að það þyrfti 20% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar í vexti og afborganir af lánum. Sem sagt, á tveimur árum og tveimur mánuðum hefur aðstaðan út á við versnað svo mikið, að 40% af núv. skuldum, núv. greiðslubyrði hefur myndazt á þessum tveimur árum og tveimur mánuðum. Svo kemur þessi hæstv. ráðh. og segir, að lánstraustið hafi allt verið þrotið, þegar greiðslubyrðin var aðeins 10% af gjaldeyristekjunum, því þegar vinstri stjórnin fer frá, er hún ekki nema 10% af gjaldeyristekjunum, um 12% af útflutningsverðmætinu, þá var lánstraustið þrotið og ekki hægt að fá lán. Nú er þetta orðið 20% af útflutningsverðmætinu, um 16% af gjaldeyristekjunum. Þá á að vera hægt að fá nóg lán og allt í blóma. Þetta skil ég ekki. Þennan málflutning skil ég ekki.

Ég hef enga löngun til að halla á núv. stjórn eða gera lítið úr hennar verkum umfram það, sem efni standa til. En þetta er fáránlegt, því að aðstaðan út á við hefur aldrei versnað jafnmikið, miðað við tímalengd, eins og í tíð núv. stjórnar og jafnaðarmannastjórnarinnar, og skal ég þó játa, að það var miklum mun lakara 1959 á margan hátt. Það hefur aldrei verið jafnmikil verðþensla fyrr eða síðar eins og það ár samkv. yfirlýsingu bankanna sjálfra. Ég furða mig þess vegna á þessum málflutningi. Þegar það eru 12%, sem við þurfum að borga af útflutningsverðmætinu, á allt að vera ómögulegt, þegar það er orðið 20%, er allt í lagi, staðið við allt, allt í blóma.

Viðvíkjandi uppgjörinu fyrir árið 1960, þá furða ég mig dálítið á því, vegna þess að það er ómögulegt að dæma það endanlega, það er ekki komið endanlegt yfirlit yfir það. Ég var í hagstofunni í morgun, einmitt hjá þeim, sem reiknuðu þetta út, og þeir sögðu, að það væri gersamlega ómögulegt að segja endanlega um þetta. Það er þess vegna ekki tímabært að gera endanlega upp, hvernig það ár kemur út. Við getum talað um áhrif vaxtahækkunarinnar og áhrif af gengislækkuninni, en tölulega séð er ekki hægt að segja ákveðið um, hvernig árið kemur út. Hitt er rétt, að þeir vita á hagstofunni um innflutning skipa og flugvéla, og hann verður nálægt 500 millj. Það er rétt. Það er líka rétt hjá hæstv. viðskmrh., að skip hafa verið flutt inn fyrir miklu meira fjármagn en s. l. ár, og það má gjarnan taka tillit til þess í uppgjörinu. En hitt er líka rétt, sem haldið hefur verið hér fram, að það er hægt að gera fleiri framkvæmdir og hyggilegar framkvæmdir og festa fé í fleiru en skipum. Fyrir árið 1959 og árin þar á undan skiptast útflutningsverðmætin þannig, að það eru um 3/7, sem hagstofan telur að varið sé til fjárfestingar í landinu, í fjárfestingarvörur, en ekki nema um 2/7 eða rúmlega það í neyzluvörur, þannig að það hefur verið varið til fjárfestingar fyrr en á þessu ári. En það er ekki nema sanngjarnt að taka tillit til þess, að það voru flutt inn mörg skip. Hitt má aftur um deila, hvort það var nauðsynlegt. Það er ómögulegt að segja endanlega um innflutninginn í desember enn, og svo koma hinar óbeinu greiðslur út og inn, leigur fyrir skip og ýmislegt fleira og tekjur af fluggjöldum og ýmislegt fleira, þannig að það er ómögulegt, eins og sakir standa, að segja nákvæmlega um, hvernig útkoman verður árið 1960. En í nóvemberlok standa hlutirnir þannig, að mismunur á innflutningi og útflutningi er 448 millj. Síðari hluta ársins voru flutt inn skip fyrir um 320 millj., og þetta er talið í desember. Þess vegna verður desemberinnflutningurinn alltaf hár. Ef þetta er lagt saman og gert er ráð fyrir, að út- og innflutningurinn verði eitthvað svipaður, þegar skipin eru tekin frá, — ef þetta er lagt saman, þá gerir þetta 768 millj. En það, sem hæstv. viðskmrh. gleymir, eru bara engir smámunir. Hann gleymdi að taka tillit til þess, að hann tók krónurnar 1959 eftir genginu þá, en aftur upphæðirnar í ár eftir genginu nú. Auk þess tók hæstv. ráðh. ekkert tillit til þess, að það voru miklu meiri birgðir í árslok 1959 heldur en nú. Þá voru t. d. síldarafurðir til fyrir um 170—180 milljónir króna. Það voru 19.5 þús. tonn af lýsi og 12500 tonn af síldarmjöli. Þetta gerir milli 170 og 180 millj. kr. í útflutningi. Það er ekki tekið tillit til þessa. Nú er búið að selja svo að segja allar síldarafurðirnar. Þess vegna ber að draga þessar auknu birgðir frá greiðsluhallanum 1959, en ber í raun og veru að leggja það við greiðsluhallann í ár til þess að fá eðlilegan samanburð á milli áranna, — fyrir utan það, að það er engin fyrirmynd að bera saman við árið 1959, því að það er lakasta árið. Miðað við nóvemberlok 1960 er útkoman því þannig: greiðsluhalli 448 millj. + skip 320 millj. + birgðir 170 millj. = 938 millj.

Ef við tökum árið 1959, hefur heildarinnflutningurinn verið samkv. núv. gengi 3379 millj. og útflutningurinn 2468. Þá er munurinn 911 millj. 1959, og ef við drögum frá þessum 911

millj. 170 millj. í birgðum síldarafurða, þá er eftir 741 millj. Ég sé því alls ekki, að viðskiptajöfnuðurinn verði hagstæðari 1960 en 1959. En ég tek það fram, að ég fullyrði ekki um þessa tölu, vegna þess að það eru ekki endanlegar niðurstöður komnar hjá hagstofunni. Hitt er annað mál, að það má vel vera, að greiðslujöfnuðurinn verði eitthvað hagstæðari, vegna þess að það er miklu, miklu minna af birgðum til í landinu nú en 1959. Auk þess má vel vera, að tekjur af skipum og öðru slíku verði meiri í ár en í fyrra. En endanlegan dóm er ekki hægt að leggja á þetta.

Það er ekkert, sem bendir til þess, að nokkur hlutur hafi skeð 1960, þannig að útkoman sé ánægjuleg, og það er alveg ljóst, að skuldir út á við hafa stóraukizt. Það hafa verið tekin lán, sennilega allt að 400 millj., fyrir skip, og auk þess hafa yfirdráttarheimildir ytra stórhækkað hjá Seðlabankanum, bæði hjá Alþjóðabankanum og Evrópugjaldeyrissjóðnum. Það var fengin yfirdráttarheimild fyrir milli 700 og 800 millj., og af því er búið að nota ¾ hluta. Gjaldeyrisaðstaðan hefur aftur lagazt, og satt að segja getum við látið það liggja á milli hluta, þó að hæstv. forsrh. gleddi þjóðina á því, að gjaldeyrisstaðan hefði stórbatnað, en væri ekkert að hryggja hana á því, á hvern hátt hún hefði batnað, hún hefði batnað með því að taka lán. Hann sagði ekkert um það, hæstv. forsrh. Og það er ástæða til að gleðja fólkið um áramótin, ef það er hægt.

Það má segja, að þetta komi ekki þessu frv. við, og satt að segja var ég dálítið hissa, hvernig umr. þessar snerust, en hæstv. viðskmrh. á nokkurn þátt í því.

Ég skal segja ykkur, að fyrir hálfum öðrum mannsaldri bjó norður í Húnavatnssýslu bóndi, sem Erlendur hét. Hann bjó í Tungunesi. Hann kom til kaupamanns síns, sem sennilega þótti ekki neinn sérstakur garpur, enda var erfitt að gera mikið þá, tækni var lítil, og menn voru ekki aldir upp sérstaklega vel margir hverjir á þeim árum, — hann kom til kaupamannsins eitt kvöld, hann var búinn að slá hjá honum einn dag, og sagði: „Mikið er slegið og vel er slegið, en meira verður slegið á morgun.“ Þessi setning lifir enn eftir meira en hálfa öld, og það er engin tilviljun, að setningin lifir, því að það þurfti mikinn skilning á mannlegu sálarlífi til að segja þetta. Ef hann hefði farið að finna að við drenginn, sem sjálfsagt hefur gert hér um bil eins og hann gat, og sagt, að hann slægi lítið og slægi illa, þá hefði það bara hryggt hann, komið inn kergju hjá honum, og hann hefði unnið minna og verr næsta dag. En með því að segja þetta við kaupamanninn framkallaði hann allt það bezta í eðli hans og gat náð eins miklum vinnuafköstum hjá honum og hægt var.

Mér datt Erlendur í Tungunesi í hug, þegar þeir voru að deila á ríkisstj., fyrrv. ráðh., hv. 1. þm. Austf. og hv. 4. þm. Austf., því að satt að segja sé ég enga ástæðu til þess að deila á ríkisstj. fyrir þetta frv., sem hún leggur hér fram, síður en svo. Ég álít, að frv. sé til bóta, og ég mun greiða því atkvæði. Hitt er annað mál, að það má deila um, hve langt það nær. Það út af fyrir sig er ekki aðalatriðið. Við getum ekki búizt við, að það sé allt gert í einu. En ég sé ekki annað en frv. sé til bóta, það sem það nær. Ég játa, að þetta frv. leysir engan veginn rekstrarfjárskort sjávarútvegsins, og ég býst við, að þetta sé m. a. gert til þess að greiða fyrir bankaviðskiptunum, og geri ráð fyrir, að bankastjórarnir eigi sinn mikla þátt í samningu þessa frv. Það, sem gerist með þessu, er ekkert annað en það, að teknar eru óreiðuskuldir, skuldir, sem menn hafa ekki getað staðið í skilum með, og þeim er breytt í föst lán og viðskiptabankarnir losna við þær, þær færast yfir í Seðlabankann. Þetta er vitanlega til bóta, einkum fyrir viðskiptabankana, og auk þess greiðir þetta fyrir viðskiptamönnunum. Þeir geta fengið ný rekstrarlán, þannig að þeir geti haldið sinni atvinnu áfram. Ég sé því enga ástæðu til þess að ráðast á efni þessa frv. Hitt getum við svo ekki sagt um hér, hvort framkvæmdin verður að öllu leyti réttlát. En fyrir mitt leyti get ég lýst því yfir, að ég álít, að þetta frv. sé til bóta. Svo má deila um það vitanlega, hvort það var ástæða til þess að framkvæma þetta með brbl. En það út af fyrir sig skiptir ekki öllu. Það er formsatriði, og vafalaust gerir ríkisstj. þetta að einhverju leyti af því, að henni leiðist að hlusta á ræður stjórnarandstæðinga og er að reyna að hlífa sér við því, þó að vafasamt megi telja, hvort þær verða nokkuð minni, þó að brbl. séu gefin út, heldur en þó að frv. sé lagt fram á annan hátt. Ég geri ekki svo mikið úr því, að það hafi bráðlegið á þessu. Má vel vera samt, að það hafi verið betra að ganga frá þessu strax heldur en draga það.

Ég benti á það í umr. um efnahagslöggjöfina s. l. vetur, að þessar ráðstafanir mundu skapa mikinn rekstrarfjárskort. Þessi stjórn er alls ekki ein um sökina með rekstrarfjárskortinn í landinu. Hann hefur verið að skapast alla tíð, sem gengið hefur verið að lækka. Þessi sífellda gengislækkun hefur valdið því, að verðmæti, sem fyrirtæki og einstaklingar höfðu lagt til hliðar til að styrkja rekstrarafkomu atvinnufyrirtækja sinna, hafa orðið svo að segja einskis virði, og rekstrarfjárskorturinn hefur alltaf farið vaxandi. Hann fór vaxandi í tíð vinstri stjórnarinnar, hann fór vaxandi í tíð þessarar stjórnar, og hann fór vaxandi í tíð þeirra stjórna, sem voru á undan vinstri stjórninni. Þetta frv. leysir náttúrlega engan veginn þann vanda, en það losar þarna um dálítið fjármagn.

Ég lagði einnig hlustirnar við, þegar hæstv. viðskmrh. fór að deila á stjórnarandstöðuna fyrir það, að hún færi rangt með hagfræðilegar tölur og yfirleitt rangfærði hlutina í málflutningi, og ég bjóst þess vegna við, að ég mundi heyra frá hæstv. ráðh. mjög svo áreiðanlegar tölur og grg. í hagfræðilegum efnum. Ég skal taka undir það með hæstv. ráðh., að bæði í blöðum og eins hér á Alþ. vill vera gert of mikið að því að halla réttu máli. Það er náttúrlega hægt að tala um aðra hlið mála í flestum tilfellum, þannig að það geti verið hlutdrægt, án þess að beinlínis sé sagt ósatt. En

yfirleitt er það þannig, að fólkið veit ekki, hverju það á að trúa. Þannig er það í umr. hér á Alþ., sem kenndar eru við eldhúsið, svokallaðar eldhúsdagsumræður. Ég hef talað við marga menn á eftir, og þeir hrista höfuðið og segja: Ja, ég veit ekkert, hverju ég á að trúa. Þeir skrökva yfirleitt allir. — Þetta er yfirleitt þannig. Ég álít það galla hjá okkur Íslendingum, það er ef til vill fátækt okkar og fámenni, sem gerir það, að við höfum ekki haft efni á að halda uppi blöðum og ekki fréttaþjónustu í blöðum einu sinni án þess að vera meira og minna hlutdrægir. Stærri þjóðir geta þetta. Þar geta stórblöð verið óháð flokkunum að miklu leyti. Þar eru sjálfstæðir ritstjórar, sem geta haldið fram sínum skoðunum án tillits til þess, hvernig hinir pólitísku flokkar líta á einstök mál. En hér er minna um þetta. Hér eru blöðin háð flokkunum. Ég skal viðurkenna, að þetta er galli, og málflutningur bæði stjórnarandstöðunnar nú og áður hefur oft verið á annan hátt en vera ber.

Stjórnarandstaða á hverjum tíma á að viðurkenna það, sem ríkisstjórnir gera vel, en deila sanngjarnlega á þær fyrir það, sem henni finnst illa gert, en ekki deila á ríkisstj. án þess þá að benda á leiðir, sem hentugra væri að fara. Það er hægt að segja við hvaða stjórn sem er: Það er allt vitlaust, sem þið gerið og rangt. — En það verður þá að benda á aðrar leiðir, til þess að hægt sé að taka tillit til þess, — benda á aðrar leiðir, sem séu betri og færari.

Það er því að breyta öfugt við það, sem Erlendur í Tungunesi gerir, að deila á það, sem ekki er ástæða til að deila á. Ríkisstj. er ekki nema starfsmenn þjóðarinnar. Við erum fulltrúar þjóðarinnar hér á Alþ. Það má deila um, hvort á að hæla því, — eins og Erlendur hefur e. t. v. gert, hann gerði það í vissum tilgangi, — hæla því, sem er ekki hólsvert. Það er ekki ástæða til þess. En það er ekki heldur ástæða til að lasta það, sem er ekki sérstök ástæða til að lasta.

Ég bjóst við hjá viðskmrh. að heyra áreiðanlegar tölur, sérstaklega um hagfræðileg efni. Eitt af því, sem hann fræddi okkur um viðvíkjandi vaxtabyrðinni, var það, að 2% vaxtahækkun þýddi fyrir togaraútgerðina 0.7% lækkun á brúttótekjum og fyrir bátaútveginn 0.6% af brúttótekjum bátsins. Ég var hissa á þessu, því að ég hygg, að hverju barni um fermingu geti verið það ljóst, að þetta nær engri átt. Aðeins tækin til að afla síldarinnar, nótin, blokkir og síldarleitartæki, kosta sennilega 900 þús. kr. Þetta þarf báturinn að hafa vegna rekstrarins. 2% af þessu gerir 18 þús. kr. á ári. Mér skildist, að hæstv. ráðh. tæki útreikninga L. Í. Ú., og þar er miðað við 60 tonna bát. 60 tonna bátur aflar tæplega meira en 2.2—2.4 millj. á ári, þannig að aðeins þessar 18 þús., aðeins 2% af síldarleitartækjum og nót, gerir meira en ráðh. sagði að allur vaxtakostnaður útgerðarinnar við bátinn væri. Þetta er svo augljóst, að hvert barn ætti að geta gert sér grein fyrir því. Landssambandið áætlar bátinn á 4 millj. og reiknar út frá því. Nú má vera, að hæstv. ráðh. hafi ekki athugað, að Landssambandið reiknar aðeins vexti af ⅓ úr árinu. Það gerir aðeins upp vetrarvertíðina, um 4 mánuði, og vexti af höfuðstól og rekstri þann tíma reiknar Landssambandið 92 þús. En það þarf vitanlega að borga vexti lengur, og Landssambandið áætlar, að rekstrarfé bátsins, þ. e. fyrir utan stofnfé bátsins, sé eitthvað í kringum 200 þús. kr., en það sér nú hver maður, hvort það er nægilegt fyrir öllum veiðarfærum. Veiðarfæri á slíkan bát kosta aldrei minna en milljón, þannig að ef á að reikna raunverulega vexti, þá standa veiðarfæri og bátur í 5 millj. Hitt má svo deila um, hvort á að taka alla þessa upphæð, vegna þess að það voru mörg skip til gömul í landinu, sem ekki hvíldu mjög miklar skuldir á, þegar vaxtabreytingin varð. En ef á að taka bát af svipaðri stærð nokkurn veginn nýjan, þá eru þarna 5 millj., og 2% af 5 millj. eru 100 þús., en 100 þús. af 2.2—2.4 millj. gerir alltaf 4%, en ekki 0.6%. Hér er því um hringavitleysu að ræða.

Ég fór aldrei lengra en það, að ég tók milljón í veiðarfærum og milljón í stofnverði bátsins, sem vaxtahækkunin kæmi niður á, þegar ég hélt hér ræðu um daginn. Ég fór aldrei lengra en það. En ef á að taka heildarverð bátsins, þá gerir 4% hækkun á 5 millj. um 200 þús., en 2% gerir um 100 þús. eða um 4% af brúttóaflaverðmæti þessa báts. Ég skil þess vegna ekki, hvernig hæstv. ráðh. hefur getað fengið þessar tölur út. En Landssambandið áætlar bara það rekstrarlán, sem fæst í bankanum, í kringum 200 þús. kr., og svo bátsverðið í fjóra mánuði og rekstrarvíxillinn tekinn í 4 mánuði, en svo þarf allt, bæði til síldarútgerðar og haustvertíðar að auki, þannig að hér er um hringavitleysu að ræða. Ég hef ekki reiknað togarann út, en ég hygg, að það sé ámóta mikil fjarstæða. Viðvíkjandi vinnslustöðvunum er hið sama að segja. Við reiknuðum þetta út á landssambandsfundinum. Það er rétt að vera sanngjarn og taka tillit til hlutanna, eins og þeir eru. Skal ég gjarnan ganga inn á, að þetta sé ekki nema 8—9 mánuðir nú, og fiskkg á að vera nú eitthvað kr. 2.90, en í meðförum vex það um ⅘ hluta, þannig að við getum reiknað með, að fiskurinn kosti frystihúsið, hvert kg af ferskum fiski, þegar búið er að vinna hann, um 5 kr. 4% af því yfir árið er um 20 aurar. Nú skal ég slaka til um ⅕, þannig að þetta verði ekki nema 16 aurar á kg. Við áætluðum þetta 20 aura á landssambandsfundinum. En við skulum vera sanngjarnir og ekki gera þetta meira en 16 aura á kg með 4% vaxtahækkuninni. En svo kemur bara hækkun vegna skulda, sem fiskvinnslustöðin sjálf er í, þannig að það mun ekki vera ofreiknað, að vegna 4% vaxtahækkunarinnar voru frystihúsin neydd til að borga 20 aurum lægra og vegna 2% vaxtahækkunarinnar, sem eftir er, þurfa þau að borga 10 aurum lægra fyrir fiskinn. Svo bætist við vaxtahallinn, sem lendir á bátnum sjálfum. Ég skal fallast á, að það sé fullhátt að reikna það 4%, vegna þess að nokkur hluti af bátunum er keyptur með gömlum og hagkvæmari lánum, en ég hygg, að ekki sé ofreiknað, að það séu 8 aurar, og það hefur ekki verið lækkað enn þá,

sem lánað er út á skip, það verður kannske gert með þessum nýja sjóði, að svo miklu leyti sem menn koma sínum lánum þar fyrir. En ég hygg, að þessi vaxtahækkun, sem eftir er, þessi 2%, muni valda því, að fiskframleiðendur fái 15—18 aurum lægra fyrir hvert kg af ferskum fiski, og það er mikill skattur, en s. l. ár hefur það verið um 30 aurum lægra. Ef við kæmum okkar vöxtum niður í það, sem Norðmenn hafa, þá hefðum við getað fengið 50 aurum hærra fyrir hvert fiskkg s. l. ár, og það munar um minna.

Ég sé sérstaka ástæðu til að þakka ríkisstj. fyrir það að lækka vextina um þessi 2%, og ég vil segja líkt og Erlendur í Tungunesi sagði, að þetta er vel gert og viturlega, og ég vona, að ríkisstj. eigi eftir að breyta enn viturlegar. Það er út af fyrir sig mannlegt að sjást yfir hluti og gera vitleysur, það gera allir meira og minna í lífinu. Það er enginn alvitur. En það þarf manndóm til þess að viðurkenna, að mönnum hafi missýnzt, og laga það. Það er hólsvert að viðurkenna það, sem mistekizt hefur, og ráða bót á því. Hinir, sem gera yfirsjónir, en vilja ekki viðurkenna þær og berja höfðinu við steininn, það eru vandræðamennirnir. Það er mannlegt að gera yfirsjónir og bæta úr þeim. Ég vona því, að ríkisstj. haldi áfram að haga sér viturlega. Ég álít, að þetta hafi verið til bóta, bæði vaxtalækkunin og eins myndun þessa sjóðs. Ég vona bara, að ríkisstj. geri betur, að hún haldi áfram að lækka vextina a. m. k. niður í það, sem þeir voru, og greiði úr þeim lánsfjárskorti, sem atvinnuvegirnir eiga nú við að etja.

Það er verkfall hjá bátunum. Fólkið er mjög óánægt yfir þessu og hvert smáþorp skaðast sennilega um 100 þús. á dag og stærri verstöðvarnar miklu meira. Í raun og veru er ekkert vit í þessu. Við vitum, að það vofa yfir vinnustöðvanir í landinu, og sannleikurinn er sá, að ég álít, áleit í fyrra og álít enn, að ráðstafanir ríkisstj. hafi verið óþarfar. Ég álít, að þessi vaxtahækkun hafi ekki haft nokkur áhrif á aðstöðu okkar út á við. Þar var aðeins um tilfærslu innanlands að ræða. Fólkið hefði reynt að spara eins og það gat, því að kjaraskerðing varð fyrir því, með því að rétta gengið og afnema útflutningssjóðinn. Það varð kjaraskerðing, þó að hún væri miklu minni. Það þurfti ekki að ganga lengra. En út á við hefur þessi vaxtahækkun ekki gert okkur neitt gagn, hefur ekkert lagað fjárhag landsins út á við. Þetta er aðeins tilfærsla innanlands, sem kemur svo að segja eingöngu niður á mönnum, sem eru að fást við framleiðsluna, en fé safnast fyrir í dauðum sjóðum og hjá sparifjáreigendum að nokkru leyti, en fáir eiga mikla peninga, sem bera hita og þunga atvinnulífsins á herðum sínum. Við vitum, að afkoma hins vinnandi fólks í landinu er undir því komin, að atvinnuvegirnir geti gengið.

Það má vera, að það sé barnaskapur, og er það á vissan hátt að vera alltaf að metast á um, hvort það sé betur eða verr stjórnað, betri eða lakari útkoma þetta árið eða hitt, og satt að segja er ekki hægt að heimta of mikið af einni ríkisstj. Ríkisstj. ræður ekki við það, hvort vel aflast, hvort síldin veður eða ekki. Hún ræður ekki heldur verðlagi ytra. Það er takmarkað, sem þessar ríkisstjórnir geta ráðið, og ég held, að í mörgum tilfellum séu þær dæmdar ósanngjarnlega. Verðbólgan hefur sí og æ verið að vaxa. Það hefur aukið rekstrarfjárskort í landinu. Það er verðbólgan, sem hefur skapað rekstrarfjárskortinn í landinu. Þess vegna verðum við að gera okkur ljóst, að hér hefur eitthvað verið að, og þá þurfum við að gera okkur ljóst, hvað það er. Ég er sannfærður um, hvað að er. Það er alltaf verið að fella gengið vegna útgerðarinnar í landinu. Útgerðarmennirnir sjálfir jafnvel trúa því, að útgerðin hagnist á því. En sannleikurinn er sá, að útgerðin hagnast ekki á því, en hún skaðast á því að því leyti til, að rekstrarfjárskorturinn eykst. Það hefur verið þannig oft a. m. k., að sjómennirnir voru ráðnir fyrir ákveðinn aurafjölda fyrir hvert kg af fiski. Þetta varð til að freista útgerðarmannanna, þannig að ef þeir fengju fleiri aura fyrir hvert fiskkg, þyrftu þeir ekki að borga hásetunum meira, en fengju mismuninn í sinn vasa. En svo skeði bara það, að hásetarnir komu annaðhvort sama árið eða árið á eftir og heimtuðu sinn hluta, og það var ekki nema mannlegt og eðlilegt, svo að þetta var eins og að elta sinn eigin skugga. Þetta var bara fíflaskapur. Útkoman varð ekki betri.

Á tímabilinu frá 1950 til 1958 lækkar gengi íslenzkrar krónu sem svarar því, að það breytist úr 100 í 180. Ef útgerðin hefði alltaf átt að græða á hverri gengisfellingu, hefði hún átt að vera orðin stórrík, en staðreyndin er, að hún er ekkert ríkari, það er bara meiri rekstrarfjárskortur. Svo ætlar ríkisstj. í fyrra að láta útveginn græða á því að fella gengið enn þá meira, þannig að krónan 1950 verður að 2,30, sem sagt, ríkisstj. tók þarna í einu stökk, sem fyrrv. fjmrh., hv. 1. þm. Austf., var 5 ár að. Niðurstaðan var sú sama, tók bara lengri tíma. Ekkert lagaðist fyrir útgerðinni, aldrei verri ástæður en nú, ekkert meiri eignir, en miklu meiri rekstrarfjárskortur, og þó nældi útgerðin í þann hluta, sem sjómönnunum bar, því að kaup sjómanna hækkar ekki fyrr en nú. Ég skal viðurkenna, að á vertíðinni í fyrra græddu útgerðarmennirnir ofur lítið á þessu, meðan þeir höfðu gömul veiðarfæri og bjuggu við gömul lán, en það er búið nú. Nú heimta sjómennirnir vissan hluta af brúttótekjum til að fyrirbyggja, að þetta komi fyrir. Út af fyrir sig er ég því hálffeginn. Það er þessi liður, sem fyrst og fremst hefur freistað útgerðarinnar, þessi kaupgjaldsliður, til þess að sætta sig alltaf við sífellt fleiri og fleiri krónur. Hjá vinstri stjórninni var þetta þannig, að útgerðarmennirnir vildu fá fleiri krónur. Jú, þeir fengu það. Svo komu sjómennirnir og báðu um fleiri krónur. Þeir fengu það. Báðir voru ánægðir, en hvorugur ríkari, en gengið féll. Enginn gekk betur fram í því en hv. fyrrv. sjútvmrh. að koma þessu á.

Núv. ríkisstj. gerði sömu yfirsjónina. Ríkisstj. gerði sér ekki ljóst, að útgerðin gat ekki grætt

á þessu. Þið getið farið í gegnum áætlun Landssambandsins lið fyrir lið. Hver einasti liður í útgjöldunum, sem nokkru máli skiptir, er algerlega háður genginu nema bara kaupið, og það er hækkað nú. En þetta var reiknað út á dálítið skoplegan hátt, vegna þess að teknamegin var hækkunin á fiskinum gerð 20 aurum meiri en hún varð, vegna þess að ekki var tekið tillit til vaxtahækkunarinnar. Þegar frystihúsin áttu að borga þetta, neituðu þau því. Við áttum að fá 2.85, en fengum ekki nema 2.63 fyrir slægðan fisk. Þetta var reiknað þannig út, að það var tekið tillit til hækkunar á veiðarfærum, það var tekið tillit til hækkunar á olíu, það var tekið eitthvert tillit til hækkunar á beitu, en sleppt öllum öðrum gjaldaliðum. Það er alltaf hægt að fá hagstæða útkomu með því að taka teknaliðina, en aðeins sumt af gjaldaliðunum. Það er von, að það skjóti dálítið skökku við með því móti. En það er ekki hægt beinlínis að deila á þessa stjórn frekar en aðrar stjórnir. Það hefur engin ríkisstj. sett sig nægilega vel inn í þetta.

Ríkisstj. er skylt að hugsa hlutina, en ekki láta aðra gera það fyrir sig. Það er búið að flagga með sérfræðingum og hagfræðingum hér í mörg ár. Hvað hefur komið út af því? Fyrrv. forsrh., hv. 2. þm. Vestf., ég held, að hann hafi verið með erlenda sérfræðinga, og þeir áttu að gefa okkur einhverjar skýrslur, taka út þjóðarbúið, og það var ef til vill minnst ástæða að taka það út 1956. Út á við voru skuldirnar tiltölulega litlar og verðbólgan miklu minni en nú. En hún kom aldrei, þessi úttekt. Svona hefur þetta gengið ríkisstj. eftir ríkisstj. Alltaf hafa einhverjir sérfræðingar setið á rökstólum og verið að reikna allt út. Og hvað hefur komið út úr þessum útreikningum? Aldrei neitt af viti, mér vitanlega.

Svo skeðu þessi undur. Fyrirmælin hafa sennilega komið frá París um þessa blessaða vaxtahækkun. Viðskmrh. var að tala um, að það væri allt í lagi að fá lán erlendis nú, þegar þarf um 20% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar til að borga vexti og afborganir, en það átti að vera ómögulegt að fá lán, þegar ekki þurfti nema 12%. Við skiljum ekki þetta, sem erum ólærðir. Það má vel vera, að fyrirmælin um þessa vaxtahækkun hafi komið frá París, en þau eru komin frá mönnum, sem vita ekkert, hvað þeir eru að gera eða segja. Hvernig í ósköpunum eiga útlendir menn að vera inni í okkar atvinnurekstri, og hvaða þjóð í Evrópu hefur hliðstæðan atvinnurekstur og íslenzkur sjávarútvegur er? Hvaða þjóð í Evrópu hefur jafnmörg prósent af sínum útflutningi bundin við þessa einu atvinnugrein, og hvaða þjóð í Norðurálfu mun bjóða útgerðinni upp á önnur eins vaxtakjör og gert hefur verið hér á landi s. l. ár? Þetta er allt annað en í iðnaðarlöndum, þar sem þarf minni fjárfestingu til þess að framleiða verðmætin. En hér á landi er þetta ekki hægt, og þessi fyrirmæli eru gefin af mönnum, sem alls ekki eru inni í okkar málum. Fyrrv. og núv. ríkisstjórnir hafa haft næga vitsmuni, ef þær hefðu nennt að setja sig inn í hlutina og hugsa um þá.

Það skeði einu sinni norður í Reykjadal, að þar bjó bóndi, sem Páll hét og var kenndur við Staðarhól, kallaður Staðarhóls-Páll, og var af fyrirmönnum kominn. Það var eitt vor, að hann hafði alið 20 kálfa inni í fjósi. Hann fór sér til gamans upp á bæinn til að sjá kálfana leika sér, þegar þeir kæmu út. En hann athugaði ekki, að hann ætti að hafa vit fyrir kálfunum. Þeir settu halana upp í loftið og stukku allir í Reykjadalsá og drápu sig þar, allur hópurinn. Og þá varð Páli að orði: „Rú þér, strú þér, Reykjadalur". Ég veit ekki, hvort Páll kenndi kálfunum eða sjálfum sér um þetta, en vitanlega átti hann að hafa vit fyrir kálfunum.

Viðvíkjandi öllum þessum hagfræðiútreikningum hér fyrr og síðar datt mér Staðarhóls-Páll í hug. Þetta er dálítið hliðstætt. Það er verið að láta menn, sem alls ekki hafa vit á þessum hlutum, reikna út allt viðvíkjandi afkomu okkar og atvinnurekstri, menn, sem alls ekki hafa sett sig inn í þetta og geta það ekki nema á löngum tíma. Það er verið að kalla á hagfræðinga. Hagfræðingar hafa yfirleitt ekkert fengizt við atvinnurekstur og eru sennilega heldur litlir fjármálamenn flestir þeirra, — misjafnir eins og aðrir menn. En mönnum, sem ekkert hafa fengizt við atvinnurekstur, fer dálítið líkt og kálfunum. Kálfarnir þekktu ekki vatn frá jörð, þeir bara hlupu, kálfagreyin, og voru að leika sér. Það var ekki eðlilegt, að þeir hefðu vit á slíku. Alveg eins er með menn, sem eru að reikna eitthvað út, sem þeir hafa aldrei komið nálægt sjálfir, þeir vita ekki, hvað þeir eru að gera. Og þannig er með þessa blessaða vaxtahækkun. Hún er hugsuð af mönnum, sem alls ekki eru inni í atvinnurekstri okkar.

Ég álít, að við eigum í meiri örðugleikum fjárhagslega en við höfum átt í áður, án þess að ég vilji halla á núv. ríkisstj. Ég skal játa, að mér hafa fundizt deilurnar allt of ábyrgðarlausar. Ég held, að það sé eitt að okkur Íslendingum. Við eigum fyrst og fremst að vera Íslendingar og þar næst að vera flokksmenn, en við gerum of mikið af því að vera meiri flokksmenn en Íslendingar, — vera fyrst flokksmenn og þar næst Íslendingar. Ég álít, að menn verði að kunna sér hóf í deilunum. Við erum búin að vera ófrjáls þjóð í 600—700 ár. Fólkið hefur dáið úr hungri og átt við ýmsa örðugleika, vegna sundrungar, vegna þess að menn tóku ímyndaða hagsmuni fram yfir þjóðarhag. Þeir létu einstaklingsvöld á Sturlungaöld sitja fyrir þjóðarhag. Þá töpuðum við frelsinu. Ef við kunnum okkur ekki hóf í flokkadeilum og ef við leysum ekki vandamálin af skynsemi og drengskap, þá getur farið svo, að við verðum aftur ósjálfstæð þjóð, og það er ekki viturlegt eða hyggilegt. Við þurfum þess vegna að stilla deilunum í hóf, við þurfum fyrst og fremst að vera Íslendingar, svo er gott að líta til flokkanna. Til þess að við getum haft okkar fjárhag í lagi, verðum við að hætta þeim fíflaskap að vera sífellt að fella gengið, koma atvinnufyrirtækjunum í fjárhagslegt öngþveiti á þann hátt og koma því inn hjá fólkinu, að það sé ekki hægt að treysta verðgildi peninganna, þannig að það fáist ekki til að geyma sína

peninga í bönkum. Það er ríkisstj. að kenna, að þetta hefur gerzt. Þær hafa ekki haft kjark til að taka á heilbrigðan hátt á vandamálunum, og þær hafa hreinlega ekki nennt að setja sig inn í hlutina og skilja þá til hlítar. Þær hafa sagt einhverjum sérfræðingum að reikna þetta út fyrir sig, sem alls ekki hafa haft nægilegan skilning eða þekkingu á þessum atvinnurekstri. Húsbóndinn á heimilinu á að setja sig inn í hlutina, og þegar hann er búinn að því, er hann fær um að segja öðrum, hvernig þeir eiga að breyta, en fyrr ekki. Þessu álít ég, að við þurfum að breyta. Jafnvel þó að yfirsjónir hafi verið gerðar, er hægt að bæta úr þeim, ef vilji er fyrir hendi.

Nú koma kröfur um hækkað kaup. Hvernig ætlar ríkisstj. að mæta þeim? Hún þarf að taka afstöðu til þess fyrr en seinna. Sannleikurinn er sá, að það er algert neyðarbrauð að hefja verkföll í landinu. Verkamenn hafa ekki nema til hnífs og skeiðar, og eftir mánaðar verkfall eru þeir farnir að svelta. Hækki kaupið að mun í krónutölu, þýðir það gengislækkun. En ef ríkisstj. vill stíga það spor til baka, sem hún gerði að óþörfu í fyrra, og hækka gengið um 20% t. d., þá væri það svipað og það var raunverulega, þegar núv. ríkisstj. tók við. Þá skaðast útgerðin ekkert á því, en hefur aðeins það hagræði, að hún þarf minna rekstrarfé. Og það gerði ríkisstj. kleift að afnema fjölskyldubætur með tveimur fyrstu börnunum. Þetta mundi lækka vöruverðið yfir 30%, en það mundi þýða það, að engar kaupkröfur væru gerðar. Þannig getur ríkisstj. leyst þetta vandamál. Nú er búið að binda kaup sjómannanna við brúttótekjur aflaverðmætis, þannig að þó að þeir fái færri krónur, fá þeir verðmeiri krónur. Það hefur engin áhrif á afkomu útgerðarinnar, þó að gengið sé hækkað um 20%. Þetta athugar ríkisstj. vafalaust. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þetta er eina heilbrigða lausnin í okkar fjármálum. Við þurfum að hafa stöðugt og traust gengi. Það er undirstaðan undir heilbrigðu efnahagslífi.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er nú raunverulega engum blöðum um það að fletta, hvernig þessi brbl., sem hér hafa verið lögð fyrir hv. d., eru til komin. Það er greinilegt, að þessi brbl. stafa af samningum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við L. Í. Ú., og sjálf útgáfa þessara brbl. er brot á þeim fávíslegu yfirlýsingum, sem ríkisstj. áður hefur gefið um, að hún mundi ekki skipta sér af atvinnulífinu. Það er vitanlegt, að engin stjórn á Íslandi getur setið án þess að skipta sér af atvinnulífinu. En spurningin, sem fyrir liggur hér, er, á hvern hátt hún gerir það. Og það, sem ég vil í fyrsta lagi leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. að, er: Til hvers samdi hún við L. Í. Ú. um að gefa út þessi brbl.? Gerði hæstv. ríkisstj. það til þess að láta þá, sem ráða í L. Í. Ú., stöðva sjávarútveginn? Eiga þetta að vera mútur til þeirra, sem ráða í Landssambandinu, til þess að stöðva sjávarútveginn núna? Eða var meiningin hjá ríkisstj., að þetta ætti að hjálpa til þess að koma sjávarútveginum af stað? Ég vil vonast eftir, að hæstv. ríkisstj. viti, hvað er að gerast þessa dagana. Þessa dagana er klíka nokkurra manna hér í Reykjavík, voldugustu og ríkustu manna landsins, að senda erindreka út um allt land til þess að reyna að hindra samninga sjómanna og útgerðarmanna. L. Í. Ú. hefur látið útgerðarmenn úti um allt land skrifa upp á ekki aðeins umboð til sín um að semja, heldur líka upp á víxla, og þessa dagana, þrjá síðustu dagana, hefur klíkan, sem stjórnar í L. Í. Ú., verið að hóta þessum útvegsmönnum úti um allt land að ganga að þeim, svo framarlega sem þeir semji við sjómenn. Ég hef stundum dálitla hugmynd um, að a. m. k. hæstv. viðskmrh., enda sýna ræður hans það, sé nokkuð langt frá lífinu og fylgist lítið með því, sem gerist í atvinnulífinu á landinu. Ef hann hefur ekki vitað af þessu, vil ég, að hann viti af því. Ég vil, þegar liggur fyrir frv. eins og þetta, vita, hvort á að nota þá aðstöð, þann skuldaskilasjóð, sem verið er að skapa handa útvegsmönnum, til þess að gera þá færari um að stöðva útveginn eða hvort það er gert til þess að gera þá færari um að gera út. Það er nauðsynlegt, að við vitum, hvort ríkisstj. ætlar að hjálpa til þess, að útvegurinn komist af stað. Hún er sem stendur með því að standa á bak við vinnuveitendaklíkuna hér í Reykjavík gegnum ríkisbankana að stöðva útveginn, og það er bezt, að hún geri sér strax ljósa ábyrgðina af því.

Ég hef haft allmikið með útvegsmenn að gera allan þann tíma, sem ég hef setið hér á Alþingi, og ekki sízt með þá lagasetningu, sem hér um ræðir, stofnlánadeildina. Ég efast um, að nokkur annar einstaklingur hafi meira að því unnið að koma þeirri stofnlánadeild á heldur en ég og háð harðari baráttu fyrir henni. Spurningin, sem hlýtur að leggjast fyrir í hvert skipti, er, hvort þeir útvegsmenn, sem með þessu móti er verið að hjálpa, eiga það skilið eða ekki. Í íslenzkri útvegsmannastétt er mikið af mönnum, sem hafa áhuga á að reka sjávarútveginn, mönnum, sem fyrst og fremst eru fiskimenn, veiðimenn, mönnum, sem eru áhugasamir um að geta gert út sína báta. Þessir menn, þessir útvegsbændur standa í góðu sambandi við sína sjómenn. Þessir útvegsbændur hafa enga sérstaka tilhneigingu til þess að troða skóinn niður af sínum sjómönnum eða níðast á þeim. En þessir útvegsmenn hafa verið flæktir inn í L. Í. Ú. og orðið svo að segja að vera í því, vegna þess að öðruvísi hefur varla verið hægt að reka fiskframleiðslu á Íslandi á undanförnum árum. Og nú er svo komið, að lítill hópur manna, sem raunar er ekki fyrst og fremst útvegsmenn, heldur eigendur hraðfrystihúsa, ræður yfir L. Í. Ú., og það eru þessir menn, sem reyna að knýja það í gegn með aðstoð Vinnuveitendasambands Íslands að stöðva sjávarútveginn á Íslandi með því að neita sómasamlegum samningum við sjómenn. Smáútvegsmenn úti um allt land hafa viljað semja undanfarið, það hafa verið sendir erindrekar til Vestmannaeyja, það hafa verið send skeyti til Stöðvarfjarðar, það hefur dunið yfir héðan úr Reykjavík pískurinn frá Reykjavíkurauðvaldinu til þess

að brjóta þessa smáútvegsbændur niður, til þess að hóta þeim gjaldþroti, svo framarlega sem þeir semja við sína sjómenn. Þetta er nauðsynlegt að sé Alþingi ljóst, þegar við förum að ræða mál eins og þetta hérna.

Ég hef ekki síður en nokkur annar hér á Alþingi barizt fyrir því að tryggja íslenzkum sjávarútvegi og íslenzkum útvegsmönnum góð vaxtakjör og góð lánakjör. Ég veit ekki, hvort þeir hafa nokkurn tíma notið betri lánakjara en þeirra, sem við knúðum í gegn eftir harðvítuga baráttu einmitt í þessari stofnlánadeild, 2½% vexti til 15—20 ára, allt upp í 75—85% af kostnaðarverði eignarinnar. En ég verð að segja það, að þegar ég barðist fyrir slíku og verkalýðshreyfingin, sem ég er hér fulltrúi fyrir, þá hefur hún gert það til þess, að útvegurinn gæti gengið, þá hefur hún gert það til þess að létta undir með þeim, sem vinna í þessum útvegi, sjómönnum og vinnandi útvegsbændum, en ekki til þess að skapa aðstöðu fyrir litla auðmannaklíku hér í Reykjavík til þess að drottna yfir útgerðinni. Ég held, að það verði það fyrsta, sem við verðum að rannsaka í sambandi við þessa stofnlánadeild og í sambandi við það, sem nú stendur yfir, og þá samninga, sem nú standa yfir, hvernig eigi að nota þá hjálp, sem þarna er verið að veita. Það er verið að reyna að reyra núna sjávarútveginn á öllu Íslandi í fjötra lítils og fámenns auðvalds hér í Reykjavík. Verkalýðshreyfingin hefur yfirleitt rétt útvegsmönnum bróðurhönd. Hún hefur hjálpað þeim hér á Alþingi til þess að koma í gegn, jafnvel stundum haft forgöngu fyrir að koma í gegn löngum lánum, lágum vöxtum, hjálpað til að útvega þeim markaði og reyna að tryggja á þennan hátt viðgang íslenzka sjávarútvegsins, svo að maður tali ekki um að fá þeim tæki upp í hendurnar, þegar þeir höfðu enga trú á því sjálfir að reka þau.

Eigi nú það Reykjavíkurauðvald, sem virðist vera að taka að sér yfirstjórnina á L. Í. Ú., að fara að ráða þarna og fara að sýna klærnar, bæði gagnvart sjómönnum og útvegsbændum úti um allt land, þá náttúrlega verður að endurskoða þessa hluti. Það getur farið svo, að verkalýðshreyfingin verði að sýna hnefann, ef hinir sýna klærnar. Þess vegna er nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. fylgist með því, sem er að gerast í þessum málum. Aðstoð til manna getur því aðeins komið til greina, að það sé ekki aðstoð við að sýna fjandskap við sjávarútveginn og sjómennina.

Ég verð að segja það, að mér finnst fara lítið fyrir baráttu L. Í. Ú. á móti vöxtunum. Það heyrist ekki mikið í þeim herrum, hvorki hér í þingsalnum né annars staðar, sem eru fulltrúar og eru í L. Í. Ú., um kröfurnar um að lækka vextina. En ef menn ætla að sýna að sama skapi aumingjaskap gagnvart bankavaldinu hér í landinu og ríkisstjórnarvaldinu í því að berjast fyrir sómasamlegum vöxtum og una við það að búa við hæstu vexti í Evrópu, þá fer skörin að færast upp í bekkinn, ef menn á sama tíma ætla að sýna sig í því að vilja reyna að kúga þá sjómenn, sem skapa þó allan þennan auð og draga allan þennan fisk að landi. Þess vegna held ég, að það verði vel að athuga, þótt málið út af fyrir sig sé gott, sem hér liggur fyrir um, hvernig á að nota þá aðstoð. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. að því, hvort hún ætli að gerast þumalfingurinn á þeirri járnkrumlu, sem stóratvinnurekendavaldið í Reykjavík nú er að reyna að teygja um allt land til að stöðva atvinnulíf landsins. Og ég vil minna á það um leið, að það er hægt að reka sjávarútveg á Íslandi án útvegsmanna, en það er ekki hægt að reka sjávarútveg á Íslandi án sjómanna. Það er þess vegna bezt, að menn athugi frá upphafi þá ábyrgð, sem þeir bera í þeim efnum.

Það vill svo til, að það standa yfir í þessu sama húsi, sem við erum í, samningar dag eftir dag, og það er alveg greinilegt, að það eru ekki útvegsmennirnir sjálfir, sem í þeim samningum standa, sem ráða, hvað gert er. Það er vald utan að, sem skipar þeim. Og þegar við á sama tíma vitum, að hver einasti útvegsmaður á Íslandi skuldar hjá bönkum ríkisins, og fáum öðru hvoru hugmynd um, að þessir bankar ríkisins séu notaðir til þess að ógna þessum útvegsmönnum, þá er eðlilegt, að maður spyrji hæstv. ríkisstj., hvort hún standi þarna á bak við.

Það fer ekki hjá því, að þessi mál fléttist inn í þetta. Er hér verið að beita ríkisvaldinu til þess að hjálpa sjávarútveginum á Íslandi og til þess að koma honum á stað, eða er verið að beita ríkisvaldinu í þjónustu örfárra auðmanna í Reykjavík til þess að stöðva bæði útvegsbændur og sjómenn úti um allt land? Það er bezt, að ríkisstj. geri sér sjálf ljóst, hvaða ábyrgð hún ber í þessu efni, og tali ekki seinna meir um neina, sem hafi stöðvað sjávarútveginn. Það eru þessir menn, sem eru að gera það. Ég held, að hæstv. ríkisstj. ætti að fara að athuga það, ef útvegurinn fer ekki af stað strax, að afhenda sjómönnum bátaflotann. Það er ekkert því til fyrirstöðu að reka bátaflotann á Íslandi, við höfum nóga sjómenn á hann, ef ríkisstj. er þá ekki bara handbendi fyrir þá auðvaldsklíku.

Þetta vildi ég segja fyrst í sambandi við þau mál, að við erum að ræða um sjávarútveginn og frv., sem er afleiðing af samningum á milli L. Í. Ú. og ríkisstj., og ég vil fá að vita þess vegna, ekki sízt vegna þess, að þetta frv. á að fara til þeirrar n., sem ég á sæti í, hvað ríkisstj. hefur hugsað sér, hvort þetta er hjá henni þáttur í áætlun um að stöðva útveginn eða hvort þetta á að vera til að hjálpa honum.

Hæstv. viðskmrh. talaði um það hér áðan, að vextir hefðu litla þýðingu. Ef við lítum til baka til þess tíma, sem erfiðastur hefur verið fyrir sjávarútveg á Íslandi, tímans 1930—40, má ég þá rifja upp fyrir hæstv. viðskmrh., af því að hann var þá tiltölulega ungur maður og hefur kannske ekki fylgzt með hlutunum, að tvö stórfyrirtæki, sitt af hvoru tagi, annað Kveldúlfur og hitt Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, söfnuðu skuldum hjá Landsbanka Íslands á þessu tímabili. Vextirnir voru á þessu tímabili 9½% og ef ég man rétt, var ekki mjög mikill munur á því, sem þessi tvö fyrirtæki, sitt af

hvoru tagi, höfðu borgað í vaxtafúlgu öll þessi ár eða áttu að borga, og því, sem þeirra skuldir voru. Við skulum gá að því, að vextirnir ráða úrslitum í öllu atvinnulífi, og það er alveg dæmalaust af hagfræðingi og hagfræðiprófessor. viðskiptamálaráðherra og bankamálaráðherra að koma hér og vera gagnvart Alþingi og þjóðinni að reyna að draga úr gildi vaxtanna. Sannleikurinn er sá, að Íslendingar gera sér yfirleitt alls ekki ljóst, hvað vextir hafa mikla þýðingu. Og það er af tveim orsökum, að Íslendingar gera sér það ekki ljóst. Önnur orsökin er sú, að okkar atvinnulíf er svo mikið happdrætti, af því að við erum fyrst og fremst sjómenn, að við eigum svo mikið undir sjálfum aflanum, að hlutur eins og vextir hafa þess vegna í hlutfalli við gæzku náttúrunnar haft miklu minni þýðingu fyrir okkur en aðrar þjóðir í þessu tilfelli. Í öðru lagi, allan þann tíma, sem kapitalisminn hefur staðið á Íslandi, hefur verið meira eða minna hröð verðbólga, sem líka hefur náttúrlega orðið til þess að draga úr gildi vaxtanna. Þess vegna hefur þjóðinni yfirleitt ekki orðið ljóst, hve gífurlegur þáttur vextir eru í öllu atvinnulífinu. Það var sagt um vini vora og bandamenn, Englendinga, sem við eigum nú í ýmsum erjum við, að Jón boli þyldi allt nema 2%. Það var sagt um hann, þegar Englendingar stóðu sig hvað bezt í styrjöldum og öðru slíku, að þeir þyldu allt nema 2%. Ef vextirnir af þeirra auðmagni, og þeir voru helzta auðmagnsþjóð heimsins um langt tímabil, færu niður í 2%, væri enska auðvaldið búið að vera.

Sannleikurinn er, að vextirnir, vaxtaarðránið, — það þarf ekki annað en að taka vextina, sem við borguðum á tímabilinu 1930—40, til þess að sjá, hve gífurlegur þáttur þetta er hjá þjóðfélagi, sem annars vegar hefur ekki verðbólgu, og hins vegar þjóðfélagi, sem þarf að byggja meira eða minna á raunverulegum iðnaði.

Þess vegna er það rangt að vera að reyna að blekkja þjóðina með því að draga úr því, hvaða gildi vextirnir hafa. Og þetta er alveg nýtilkomið. 1927 og 1928, þegar Alþfl. og Framsókn taka hér t. d. við völdum, er þessum flokkum alveg sérstaklega ljóst, hvað vextirnir þýða. Það var þess vegna m. a., að bæði landnámssjóður og byggingarsjóður verkamanna voru settir með þeim lágu vöxtum, sem þá voru, af því að mönnum var ljóst, að lágu vextirnir höfðu úrslitaþýðingu í því að reka eitt þjóðfélag. Hið sama gerðum við þess vegna, þegar nýsköpunarstjórnin tók við völdum. Við knúðum fram lága vexti, vegna þess að þetta er undirstaða undir öllum heilbrigðum rekstri.

Svo er í þessu frv. atriði, sem ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. viðskmrh. um. Í 2. gr., síðasta málsl., stendur, að eignirnar, sem eru veðsettar, skuli metnar til endurkaupsverðs. Með þessu „endurkaupsverði", sem þarna er talað um, er verið að innleiða alveg nýtt hugtak, og ég vil vona, að hæstv. ríkisstj. geri sér það ljóst. Það er þarna ákveðið að meta eftir allt öðrum forsendum en nú er yfirleitt metið á Íslandi. Þegar eitthvað er metið nú, er það venjulega metið til söluverðs, til markaðsverðs. Bankar, ef þeir ætla að lána út á einhvern hlut, og það er meira að segja í þeirra lögum og reglugerðum, þá skulu þeir láta tilkvadda menn meta hlutina til þess að sjá, hve lánshæfir þeir eru. Má ég nú spyrja: Hvernig stendur á því, að þarna er tekið upp nýtt hugtak? Hvernig stendur á því, að hæstv. ríkisstj. þorir ekki að miða við það, sem stendur í lögum og reglugerðum bankanna um þessa hluti, um matsverð frá hálfu bankanna? Hvernig stendur á því? Er það vegna þess, að hæstv. ríkisstj. treystir ekki því svokallaða söluverði á þessum hlutum? Það kann vel að vera, að það sé rétt. En vill þá ekki hæstv. ríkisstj. athuga, hvernig á því stendur, að hún þorir ekki að treysta á söluverð á þessum hlutum? Það er nefnilega svo, að í öllum þeim hugsunarhætti, sem hæstv. ríkisstj. gengur út frá, gengur hún út frá venjulegu kapítalistísku skipulagi, þar sem markaðsverð myndast á eðlilegan hátt, en hugsar ekki, hvernig aðstæðurnar eru á Íslandi. Hvernig er það um togarana, bátana, hraðfrystihúsin? Hvert er söluverð á þeim, svo framarlega sem ætti að meta þetta á venjulegan kapítalistískan mælikvarða? Hvað er þeirra markaðsverð í íslenzku þjóðfélagi í dag? Hæstv. viðskmrh. hefur tilhneigingar til þess að tala mjög „lært" hér, og ég vildi gjarnan, að hann notaði eitthvað af sínum miklu fræðum til að ræða þennan hlut við mig. Ég leyfi mér að halda því fram, að skip og hraðfrystihús og bátar hafi ákveðið, mjög mikið notagildi fyrir íslenzku þjóðina, en vegna smæðar okkar þjóðar getur ekki skapazt hérna samsvarandi markaðsverð eða söluverð á þessum hlutum. Togarar, bátar, hraðfrystihús hafa fyrir okkur stórkostlegt gildi, sem vart verður jafnvel til peninga metið, af því að líf okkar byggist á þessum tækjum. En eigi að fara að selja þessi tæki nú, hverjir kaupa þau? Það var verið að bjóða upp í Hafnarfirði nýlega, það var gengið að einum manni, sem var eitthvað óheppinn. Hverjir kaupa? Jú, Landsbankinn keypti, mjög lágt, að því er menn segja, kom því út aftur til einhverra, auðvitað með því að lána þeim mönnum allt. Það er sem sé endalaust hægt að framkvæma þessa hluti þannig á Íslandi, að bankastjórarnir taki af einum nafna mínum í dag og svo af öðrum nafna mínum á morgun og geti ráðskazt með þetta eins og þeir vilja. Hér er ekki til neitt, sem heitir frjálst markaðsverð á þessum hlutum. Ef það væru 100 millj. í okkar þjóðfélagi í staðinn fyrir 167 þús., þá væri það kannske. — Ég ræði um þetta og vildi gjarnan, að hæstv. viðskmrh. ræddi þetta, vegna þess að þetta er eitt dæmið um, hvernig allt, sem ríkisstj. gerir, og öll hennar afskipti af atvinnulífi á Íslandi eru byggð á hringlandi vitlausum forsendum, forsendum, sem eru ekki til, forsendum, sem eru til í öðrum löndum. Þess vegna er hún að tala um hluti, sem hafa óskaplegt gildi fyrir íslenzku þjóðina, en mundu hrynja niður í ekki neitt, ef ætti að fara að selja þá á Íslandi. Ég vil leggja það dæmi fyrir ríkisstj., að ef við göngum á morgun að öllum þeim mönnum, sem skulda, öllum þeim sjávarútvegsmönnum, sem skulda í ríkisbönk-

unum, og segðum þeim að borga upp skuldirnar, er það bara fræðilega til, að þeir gætu það. Ég vil minna á, að erlendis á sama tíma eiga menn, sem hafa sömu aðstöðu og okkar útvegsmenn, ekki aðeins tækin jafnvel skuldlaus, þeir eiga peninga og þeir eiga heila banka.

Ég vil ræða þessa hluti við hæstv. ríkisstj., vegna þess að það getur aðeins verið ein forsenda fyrir því, að hún sé að hugsa um að reyna að framkvæma svona kapítalistísk prinsip hér. Það er, að hún ætli að fara að koma hér á einkaauðvaldi og einkaauðvaldsskipulagi, sem hefur engan grundvöll í íslenzku þjóðfélagi. Það er ríkið, sem hefur orðið að gera alla þessa einstaklinga út og gerir þá enn út.

Það er ekki aðeins vitleysa, það væri líka mjög rangt að vera að reyna að skapa „privatkapítalisma" hér á Íslandi. Ég veit að vísu, að það voru miklar vonir uppi um það. Einn af hv. þm., sem hér sitja núna, skrifaði um það fyrir síðustu kosningar, að það ætti helzt ekki bara að koma öllu á grundvöll einkarekstrarins. Það ætti helzt að selja úr eigu ríkisins áburðarverksmiðjuna, sementsverksmiðjuna, hraðfrystihúsin, og það má mikið vera, ef á ekki að fara að selja kannske Landsbankann og Útvegsbankann og eitthvað slíkt fleira. Þess háttar aðferða yrðu menn að grípa til, að gefa auðvaldinu í landinu þetta, svo framarlega sem þeir ætla að fara að koma á þessum kapítalistísku háttum hér á Íslandi.

Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. viðskiptamrh. í sambandi við þetta, biðja um nákvæmt svar. Það stendur viðvíkjandi endurkaupsverðinu, að það eigi að vera að frádregnum afskriftum, er miðast við rýrnun eignarinnar, frá því að hún varð til. Hvernig eru reglurnar um rýrnun nú í þessum efnum? Sjávarútvegurinn hefur fengið alveg sérstakar reglur í sambandi við rýrnun. Í skattalögunum eru aðrar sérstakar reglur í sambandi við rýrnun. Á að setja þriðju reglurnar í sambandi við rýrnun? Og hvernig eiga þær að vera? Hvað á sú prósenta að vera há? Út frá hverju á að reikna þetta?

Má ég enn fremur spyrja: Þegar talað er þarna um endurkaupsverð, það er kannske auðvelt með togara, báta og hraðfrystihús, hvernig á að meta lóðirnar í því sambandi? Og þegar jafnvel sum stærstu fyrirtækin í landinu eiga kannske í lóðum meginið af sínum verðmætum, hvaða mat á að leggja þar á? Erfitt verður að leggja hið svokallaða endurkaupsmat þar á. Þar verður líklega heldur að fara eftir söluverði eða slíku.

Ef nú á að innleiða þetta svokallaða endurkaupsverð sem reglu hvað snertir sjávarútveginn, þá man máske hæstv. viðskmrh., að það hefur verið frv. og liggur enn þá fyrir þessari hv. d., þar sem gengið er út frá svipuðu mati, og hefur ekki komizt áfram. Það er viðvíkjandi áburðarverksmiðjunni. Það eru tillögur um, að það skuli breyta matinu á henni, fyrningunni þar með og öllu saman, miðað við hvað hún mundi kosta, ef hún væri byggð í dag. Og það virðist vera þess háttar, sem vakir fyrir hæstv. ríkisstj. í sambandi við sjávarútveginn, að það eigi að meta hlutina eins og þeir mundu kosta nýir í dag og draga svo kannske einhverjar tilbúnar fyrningarafskriftir frá því. Þá vil ég segja: Ef sjávarútvegurinn fær þessa sérstöku aðstöðu, sem hv. d. hefur ekki viljað veita áburðarverksmiðju ríkisins enn þá, dettur þá hæstv. ríkisstj. í hug, að aðrar atvinnugreinar á landinu komi ekki með sömu kröfur á eftir? Var það ekki meiningin hjá þessari hæstv. ríkisstj., þegar hún settist á laggirnar, að það ættu allir að sitja við sama borð í þjóðfélaginu hvað reksturinn snertir, það ætti að hætta að reikna allar mögulegar uppbætur og allt mögulegt annað slíkt, það ættu engin sérréttindi að vera, engar uppbætur, sjávarútvegurinn ætti ekki að hafa nein einkaréttindi hvað slíkt snerti? Ef þetta endurkaupsmat, eins og ég a. m. k. eftir þessum orðum skil það, á að innleiðast hvað snertir sjávarútveginn, þá er verið að veita honum einkaréttindi í þjóðfélaginu. Ég vil taka dæmi. Iðnaðurinn í þjóðfélaginu, sá iðnaður, sem er ekki t. d. fiskiðnaður, ætti hann ekki kröfu á því sama, að það væri metið til endurkaupsverðs og síðan kannske mjög lágar fyrningarafskriftir dregnar frá og hann fengi lán út á hitt? Eða svo að maður taki annað enn þá harðvítugra dæmi, íbúðarhúsin, ættu menn ekki kröfu þá á því að fá slíkt endurkaupsmat á þeim og lán í sambandi við það? Ég er hræddur um, að ríkisstj. verði að gera sér ljóst, hvað hún er að gera með þessu. Ég held, að þetta endurkaupsverð, sem þarna á að setja inn, sé tilbúið atriði til þess að veita fé í sjávarútveginn, samt þannig, að ríkisstj. þurfi ekki opinberlega að kannast við það, að hún hafi þverbrotið öll sín prinsip. Það er verið að reyna að fela hlutina. En ef við tökum þetta hagfræðilega, þá held ég, að það sé ekki nokkurt spursmál um það, að með svona ráðstöfunum er verið að stofna beint til verðbólgu, með því að koma inn þessu endurkaupsmati, a. m. k. nema þá fyrningarprósentan eigi að vera eitthvað sérstaklega há og harðvítug, sem ég hef ekki trú á, því að það mundi ekki hjálpa sjávarútveginum mikið. Og ég vil minna hæstv. ríkisstj. á, hve rangt var að farið, það var dálítið svipað atvik hér fyrir átta árum, það var þegar húsaleigulögin voru afnumin. Þegar húsaleigulögin voru afnumin, var það um leið raunverulega gert frjálst eða réttara sagt gert mögulegt að selja öll gömul hús í Reykjavík á því, sem ríkisstj. mundi líklega kalla endurkaupsverð. Það var skapaður grundvöllur fyrir að hækka allar gamlar húseignir í Reykjavík upp í það verð, sem svo að segja ný hús voru í. Ég hef aldrei séð, að sérfræðingar hæstv. ríkisstj. hafi reiknað út þann þátt, sem þessi kjánalega og vitlausa ráðstöfun átti í verðbólgunni. En ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. viðskmrh. að því, hvað hann gizkar á, að sú kaupgeta hafi verið mikil, sem skapaðist á næstu átta árum, ekki sízt í Reykjavík, en líka um allt land, á því að meta gömlu húsin og selja þau á nýju uppsprengdu verði og koma síðan leigunni í þeim og öllu saman á margfalt hærra stig en áður

var. Það er venjulega þagað um þetta, þegar þessir lærðu hagfræðingar eru að athuga verðbólguna og annað slíkt, vegna þess að mönnum þykir þægilegra að reyna að kenna verkamönnum um verðbólguna og þeirra baráttu á móti henni, af því að það er vani hjá hæstv. ríkisstj. að stinga staðreyndunum undir stól, reyna að þegja um þær, en það er áreiðanlega eitt af því, sem olli mestri verðbólgu á Íslandi, þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar. Ég vil sem sé vonast til þess, að um þetta fáist skýr og góð svör.

Ég vil um leið spyrja hæstv. ráðh.: Ef á að gefa útvegsmönnum sérstök réttindi viðvíkjandi þeirra eignum og viðvíkjandi þeirra skuldum, eiga þá ekki þeir menn, sem núna stendur fyrir dyrum nauðungaruppboð hjá út af þeirra húsum, sama þjóðfélagslegan rétt? Af hverju er ekki settur greiðslufrestur fyrir þá? Af hverju er verið að kippa fótunum undan þeim vísvitandi af hæstv. ríkisstj.? Hæstv. ríkisstj. hlýtur að vita, að það, sem menn hafa byggt á þær gífurlegu íbúðabyggingar, sem menn hafa lagt í á Íslandi, er að þræla fyrir að borga þetta í eftirvinnu. Eftirvinnan fellur burt fyrir ráðstafanir ríkisstj. Meira eða minna atvinnuleysi er þegar byrjað. Það þýðir, að tekjuvonirnar, sem menn gerðu sér, af því að menn reiknuðu með heiðarlegri ríkisstj. í landinu, bregðast og menn missa húsin sín. Menn reiknuðu rétt, og reikningurinn hefur staðizt í allmörg ár. En það kemur skyndilega ríkisstj., sem virðist leggja upp úr því fyrst og fremst að ræna menn þessum eignum. Hæstv. ríkisstj. virðist ekki þora að ræna útvegsmenn. En eiga ekki aðrir borgarar í landinu sama rétt? Ég vil þess vegna biðja hæstv. ríkisstj. um að athuga það, þegar hún er að gera svona ráðstafanir, sem gátu verið mjög eðlilegar út frá því sjónarmiði, sem áður ríkti, að það þyrfti að setja fram uppbætur og annað slíkt viðvíkjandi sjávarútveginum, þá er hún að bregða út af sínum prinsipum, hvernig sem hún reynir svo að fela það.

Svo sagði hæstv. viðskmrh., að það ætti því aðeins að veita þessi lán, að með því væri hægt að koma fyrirtækjunum á viðunanlegan grundvöll. Við þekkjum báðir ofur lítið til í skuldasúpu bankanna. Dettur hæstv. viðskmrh. í hug, að með þessum aðferðum verði hægt að koma íslenzkum sjávarútvegi á viðunanlegan grundvöll? Ætlar hæstv. viðskmrh. að segja mér, að það eigi að gera alla þá upp, sem væru ekki komnir á viðunanlegan grundvöll með þessum aðgerðum, þessum smáaðgerðum? Á að gera þá upp, eða á að fara eftir pólitískum sjónarmiðum í því, hverjir skuli gerðir upp og hverjir ekki? Hæstv. viðskmrh. veit jafnvel og ég, að það er ekki hægt að koma því á neinn viðunanlegan grundvöll með þessu. En hví er verið að reyna að básúna þetta út hérna?

Þá minntist hæstv. viðskmrh. á fjárfestingaráætlun og að stofnlánadeild mundi hafa eitthvað með hana að gera. Við heyrum öðru hvoru talað um þessar fjárfestingaráætlanir. Ég mun nú alveg sérstaklega óska eftir því, m. a. til þess, að við í stjórnarandstöðunni gerum ekki hæstv. ríkisstj. allt of rangt til í okkar ádeilu á hana, að við í fjhn., þegar þetta mál kemur þar fyrir, fáum að sjá þá fjárfestingaráætlun, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, og athuga, hvað hún er að hugsa um. Ég er af hálfu Alþingis að vinna í nefnd, sem fjallar líka um áætlanir, sem Alþingi hefur ákveðið að gerðar skuli, og það væri þess vegna ekki ófróðlegt, að við gætum a. m. k. borið bækurnar saman.

Þá talar hæstv. ráðh. um, að ýmis af fyrirtækjunum hafi of lítið eigið fé. Má ég spyrja: Hvað á að gera við þau fyrirtæki, sem hafa of lítið eigið fé? Á að setja þau á hausinn, eða á að aðstoða þau? Hvort prinsipið á að ráða? Hvor reglan á að ráða í því, sem ríkisstj. segir að vaki fyrir sér með þessum lögum? Hún sagði einu sinni, þegar hún var sett á laggirnar, að menn ættu að standa á eigin fótum. Ég sagði við hana, að útvegsmenn á Íslandi og hraðfrystihúsaeigendur hefðu enga fætur til að standa á, þeir hefðu aldrei staðið á öðrum fótum en ríkisins. Og okkur þykir gott, ef þeir geta gengið á þeim fótum. Á nú að kippa þessum fótum undan þeim? Þeir, sem hafa of lítið fé, — þessi hugsunarháttur, að vera að tala um þetta, þetta er óíslenzkur hugsunarháttur. Er hæstv. viðskmrh., sem stundum gefur langt og mikið yfirlit yfir þróun íslenzks atvinnulífs og íslenzkra fjármála, er honum ljóst, af hverju Landsbanki Íslands var stofnaður upphaflega? Það var til þess að hjálpa þjóð, sem átti ekki eigið fjármagn. Og það er það sjónarmið, sem síðan hefur meira eða minna verið ráðandi á Íslandi, hvort sem menn hafa verið að hjálpa einstökum atvinnurekendum, einstökum samvinnufélögum, bæjarfélögum eða ríkisfyrirtækjum.

Það hefur verið hugsunarháttur lítillar þjóðar að reyna að hjálpa sjálfri sér til þess að geta lifað. Meginið af öllum fyrirtækjum hringinn í kringum allt Ísland er fyrst og fremst skapað sem sjálfsbjargarviðleitni fátækrar þjóðar. Ég held ég hafi verið að reyna að skýra það nýlega, að það væru í raun og veru tvö þjóðfélög þannig á Íslandi: annars vegar nokkuð venjulegt auðvaldsskipulag hér við sunnanverðan Faxaflóa og hins vegar það, sem ég var að kalla eins konar sjálfsbjargarþjóðfélag úti um landið.

Það, sem hæstv. ríkisstj. virðist vera að hugsa um, er eftir amerískum fyrirskipunum að koma á reglum, sem gilda í stórum auðvaldsþjóðfélögum, á öllu Íslandi. Þetta er ekki aðeins vonlaust verk, þetta er rangt og illt verk. Þess vegna spyr ég hæstv. viðskmrh., — við skulum bara nefna eitthvert fyrirtæki, við skulum bara taka t. d. Samvinnufélag Ísfirðinga, félag, sem alþýðan á Ísafirði myndar, þegar einkakapítalistarnir flýja þaðan, til þess að reyna að lifa þar, — ætlar Alþfl. að drepa það? Ég mun kannske biðja um upplýsingar um það, þegar kemur að þessu í fjhn., en mig grunar, að slíkt fyrirtæki standi ekki alltaf vel. Á það að fara að verða reglan að gera þessi fyrirtæki upp og gera þau gjaldþrota? Það er kannske bezt að taka einhver dæmi frá einkaauðvaldinu um það sama. Eða á að hlífa fyrirtækjunum,

ef einhverjir úr stjórnarflokkunum eru riðnir við þau, og setja þau á hausnin, ef það eru einhverjir aðrir? Það eru svona spurningar, sem hljóta að koma upp. Það er hægt að halda fallega hagfræðilega fyrirlestra um einhverjar teoríur, en þetta er praksisinn, sem liggur fyrir okkur í lífinu.

Við heyrum nú sagt, að reglugerðin sé komin út, svo að hún kemur til með að liggja fyrir okkur, þegar við fáum þetta. Og ég vil leyfa mér alveg sérstaklega að spyrja út frá því, að ég veit ekki, hvort það er í reglugerðinni, ég hef ekki séð hana enn þá, en hæstv. viðskmrh. upplýsti okkur um, að það mundi eiga að útiloka alla þá, sem skulduðu yfir 70%, mér skildist að útiloka þá frá afurðalánunum, útiloka þá frá að selja þá víxla í bönkunum, endurkaupavíxla. Ég verð að segja, að mér finnst fara að fara nokkuð lítið fyrir frelsinu, sem þessi hæstv. ríkisstj. er að boða, ef það á að segja við íslenzka sjávarútveginn: Það má ekki lána nema 70% út á gjaldeyrisframleiðsluna, sem við erum með. — Vill hæstv. ráðh. gera sér ljóst, að ef hann skyldi vera með þessa 70% reglu frá einhverjum öðrum þjóðfélögum, þá gildir ekki í öðrum þjóðfélögum sú regla, sem hér er heimtað að framkvæma, að útvegsmenn eigi að skila sínum gjaldeyri? Ætlar ríkisstj. þá að lofa þeim að eiga gjaldeyrinn? Heldur ríkisstj., að það sé nokkur vandi fyrir útvegsmenn hér á Íslandi og hraðfrystihúsaeigendur og aðra slíka, ef þeir eru frjálsir, að útvega sér erlendis 100% lán út á þær afurðir, sem þeir hafa liggjandi hérna, og það með lægri vöxtum en þeir hafa hér? Á að banna þeim þetta frelsi? Á að einoka þá undir hramm ríkisins, undir hramm þessarar ríkisstj. og hennar bankastjóra? Er það það, sem er meiningin? Það er bezt fyrir þá, sem tala ósköpin öll um viðskiptafrelsi í þessum efnum, að segja til, hvort þeir vilji þá gefa þetta frelsi, hvort þeir vilji gera svo vel að hætta að skipta sér af þessum hlutum, lofa útvegsmönnum að mynda sín eigin frjálsu samtök og láta vera að koma nærri þeim, lofa þeim að útvega sér lán til þess að geta framleitt vörur til útflutnings á Íslandi og láta þessa banka hér ekki koma nærri þessu, ef þeir eru að reka svona pólitík eins og þeir hafa gert. Vill hæstv. ríkisstj. lýsa því yfir, að hún þori að gefa útveginum frelsi? Ef hæstv. viðskmrh. vill ræða um teoríur í þessum efnum, þá er honum það opið. Hann veit, að í öðrum kapítalistískum þjóðfélögum mundi ekki vera sett sama kvöð á útveginn og hér er gert, að láta hann skila öllum gjaldeyrinum. Þar mundi hann ekki vera einokaður og króaður af, eins og hér er, undir járnhæl bankanna. Og það er aðeins eitt, sem mann hlýtur að gruna, þegar svona á að fara að, og það er, að lítil, voldug klíka í landinu ætli að nota þetta einokunarvald yfir útflutningnum og yfir ríkisbönkunum, sem ríkisstj. veitir henni, til þess að setja á hausinn þau fyrirtæki, sem henni er illa við, bjarga hinum og safna til sín völdunum í íslenzku atvinnulífi. Ég vil skora á hæstv. viðskmrh. að neita því, að þetta sé ætlunin. Við hér á Alþingi, sem eigum að setja lögin um þetta, viljum eðlilega fá að vita, hvernig þetta er.

Svo vil ég á hina hliðina minna hæstv. ríkisstj., sem segir, að eitt eigi að ganga yfir alla, sjávarútvegurinn eigi ekki að hafa neinn einkarétt í þjóðfélaginu, á að setja samsvarandi löggjöf eins og þessa um iðnaðinn, um landbúnaðinn, jafnvel um íbúðabyggingarnar, endurkaupsverð og allt saman slíkt.

Þá kem ég að því, sem hæstv. viðskmrh. ræddi allýtarlega. Það var viðvíkjandi þeim hluta, sem skip, bátar og önnur framleiðslutæki hefðu átt í innflutningnum á undanförnum árum. Hann talaði í því sambandi dálítið um heiðarlegan málflutning. Ég vildi óska, að hann hefði áminnt sína hagfræðinga, ekki sízt sinn ráðuneytisstjóra, um það í hagfræðiskýrslunni 1959. Svo vildi til, að ég átti sæti í fjhn. þá eins og nú, þegar frv. ríkisstj. um efnahagsmál lá fyrir og þar á meðal sá útreikningur, sem er í grg. á bls. 31 um vexti og afborganir af erlendum lánum, sem hæstv. viðskmrh. hefur rætt hér mikið um, og það var strax greinilegt, að þessi skýrsla var sett fram í þeim tilgangi að blekkja. Ég krafðist þess í fjhn., að þessir sérfræðingar, Jónas Haralz og þeir, héldu áfram útreikningnum, héldu honum áfram lengra en til 1963, og þeir urðu að gera það, þeir komu með þann útreikning. Hvað kom þá í ljós? Það kom í ljós, að undireins eftir 1963 lækkaði þessi prósenta niður í það, sem var alveg normalt, og það undirstrikaði ég í mínu nál., hverjar blekkingar væru í þessu fólgnar.

En nú skulum við athuga undirstöðuna að þessu. Hvernig stendur á, að þessi prósenta er svona há á árunum 1959—63? Það stendur þannig á því, að á þessum fjórum árum á að borga upp báta og skip, sem höfðu verið keypt í Noregi, Vestur-Þýzkalandi, Danmörku, Hollandi og víðar. Hvernig stendur á, að þessi skip voru keypt þarna? Hverjir stjórnuðu því? Þá er bezt, að ég upplýsi það hér. Það var hægt að fá lán til 12 ára og lengri tíma til að byggja öll þau skip, sem við þurftum, og báta í Austur-Þýzkalandi. Það var hægt að fá lán til þess að gera það og byggja góða báta, með 2½% vöxtum, til tólf ára og borga þetta hægt og hægt. Hvernig stóð á, að þetta var ekki gert? Hvernig stóð á, að það voru veitt leyfi á þessum tíma til þess að byggja þessa báta í Vestur-Evrópu? Það stóð þannig á því, að vissir ofstækisfullir ráðh. í vinstri ríkisstj., sem hæstv. viðskmrh. kannast við, vildu ekki, að Ísland tæki hagstæð lán til langs tíma með lágum vöxtum, ef það var hjá röngum þjóðum. Það átti heldur að taka lán til skamms tíma með háum vöxtum en taka það þarna austur frá, — taka lán, sem við að áliti núv. hæstv. ríkisstj. gátum ekki greitt, og það var sjálfur hæstv. viðskmrh., sem m. a. stóð að þessu. Það er röng viðskiptapólitík, sem þarna er rekin af pólitísku ofstæki. Það var þessu að kenna, að þetta stóð svona. Við verðum að borga upp á örfáum árum báta, sem við vorum að kaupa í Vestur-Evrópu. Við gátum keypt þessa báta annars staðar. Við gátum skipt þessu á langan tíma. En út frá sömu

stefnunni, sem nú ræður, þeirri stefnu að brjóta niður viðskiptin í austurveg og hætta öllu í sambandi við viðskiptin á vesturmörkuðunum, var verið að gera þarna svona skakkt. Það var byrjun á þeirri vitleysu, sem síðan hefur haldið áfram. Og af hverju var þetta gert? Af því að það var ekki stjórnað með ákveðna áætlun fyrir augum um þessa hluti — og er heldur ekki gert enn. (**Forseti:** Ég vil spyrja hv. þm., hvort hann muni eiga mikið eftir af ræðu sinni.) Já, það er mikið eftir. (**Forseti:** Ef svo er, þá held ég, að við frestum umr. núna.) Já. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Nd., 24. jan., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði þar komið minni ræðu í gær, að ég ræddi nokkuð það, sem hefur orðið allmikið deiluefni hér, og það er, hve mikill hluti skipa, báta og annarra framleiðslutækja mætti raunverulega vera í innflutningnum og hefði verið í innflutningnum og hvaða áhrif þetta hefði haft, sérstaklega út frá þeirri hagfræðiskýrslu, sem gefin var út 1959, og hvaða hættur hefðu verið í þessu sambandi og hvort of mikið hefði verið úr þessu gert. Og það var tvennt, sem ég fyrst og fremst fann að, að þarna hefði verið á ferðinni. Í fyrsta lagi var það viðvíkjandi áætlun þeirri, sem sérfræðingar ríkisstj. lögðu fyrir og prentuð var með frv. til l. um efnahagsmál, þessi ýtarlega skýrsla, þar sem m. a. var tekið fyrir um greiðsluhallann og vexti og afborganir af erlendum lánum og hve mikill sá hluti væri af gjaldeyristekjunum. Ég hafði fjallað um þetta mál sem fulltrúi míns flokks hér, Alþb., í fjhn. og hafði þar bent á gallana í sambandi við þessa áætlun sérfræðinganna, þessa till. þeirra, eins og kemur fram í mínu nál., sem gefið er út 12. febr. 1960.

Og hvað var það, sem var fyrst og fremst vítavert í sambandi við þessa áætlun? Áætlunin er látin ná fram til 1963. Það er sýnt fram á, að það sé að verða svo hættulegt, hlutfallið, það sé að verða svo mikið hlutfallslega af vöxtum og afborgunum, sem við verðum að greiða, í hlutfalli við okkar gjaldeyristekjur, að við séum þarna alveg komnir yfir strikið. Og það eru útbúnar áætlanir fyrir árin 1959—63, og af þeim má sjá, að sérfræðingarnir ganga út frá, að það verði frá 9.4 upp í 11.4% vextir og afborganir í hlutfalli við gjaldeyristekjur þjóðarinnar, á móts við aftur á móti, að þetta hafi verið 1953 3.4% og 1958 5.7%. Ég lét þá þessa sömu sérfræðinga reikna þetta út, eins og þetta yrði eftir þeirra eigin áætlunum, eftir 1963, og það sýndi sig, að strax eftir 1963 félli þetta hlutfall aftur niður, þannig að það höfðu ekki verið gerðar neinar ráðstafanir til langs tíma, sem gerðu erfitt fyrir þjóðina að standa undir þessu, heldur var einvörðungu þarna um að ræða 4 ár, sem það mundi vera erfitt.

Hvernig var svo þessi reikningur útbúinn af hálfu sérfræðinganna? Við skulum taka dæmi um 1959. Gjaldeyristekjurnar 1958 höfðu verið 1521 millj. Þeir áætla, að 1959 verði gjaldeyristekjurnar 1466 millj., sem sé minni. Ég gerði strax aths. við þetta þá. Hvað sýnir sig núna? Í Hagtíðindunum fyrir nóvember kemur í ljós, að gjaldeyristekjurnar 1959 hafa orðið 1556 millj., m. ö. o., hlutfallið, sem þeir reiknuðu 9.4%, varð 8.8%. Hvernig stóð á, að þessir sérfræðingar vildu endilega reikna lægra gjaldeyristekjurnar 1959 en 1958, þar sem yfirleitt hafa gjaldeyristekjurnar vaxið undanfarið? Það var sama viðleitnin í þessari áætlun og var í því að hætta 1963. Það átti að reyna að draga upp sem ljótasta mynd.

Jónas Haralz reiknaði það út fyrir mig, og ég lagði það fram í fjhn., hvernig þetta mundi vera eftir 1963. Þar féll þetta niður eftir 1963 í sitt eðlilega hlutfall, það hlutfall, sem hafði verið fyrir 1958.

Þessi áætlanagerð hjá sérfræðingunum virðist vera gerð með það fyrir augum að fá grundvöll að ákveðinni stefnu, m. ö. o.: í staðinn fyrir óhlutdrægar upplýsingar, sem þessir efnahagsráðunautar og efnahagsmálasérfræðingar eiga að gera, gefa þeir vilhallar upplýsingar og búa út vilhallar áætlanir til þess að fá út ákveðnar niðurstöður, og þetta er það, sem vísindamenn eiga ekki að gera. Það má fyrirgefa pólitískum áróðursmönnum, að þeir geri eitthvað svona, en um vísindamenn er eitthvað annað.

Þeir voru þar að auki að tala um, að strax hlutfallið 1958, 5.7, væri hættulegt. Þá reis meira að segja upp einn af þeirra eigin sérfræðingum, dr. Benjamín Eiríksson, og sýndi fram á, raunar eins og hæstv. viðskmrh. hefur nú viðurkennt í þessum umr., — hann sýndi fram á með grein í Morgunblaðinu, að hlutfallið 5.7, það að borga vexti og afborganir, sem séu 5.7 á móts við gjaldeyristekjur þjóðarinnar, sé auðveldara fyrir þjóðina 1958 en var að borga 3.4% 1953. Þetta fer náttúrlega alveg eftir því, hve skynsamlega hefur verið varið þeim lánum, sem hafa verið fengin, hve vel þjóðinni hefur verið gert fært með því að auka gjaldeyrisframleiðsluna að standa undir því, þó að það sé vaxandi hluti í vöxtum og afborgunum. Þetta er það, sem ég deildi á, strax þegar þessi mál voru til umr. hér núna, og er komið enn betur í ljós, að það átti við rök að styðjast, svo sem hæstv. viðskmrh. hefur líka orðið að viðurkenna. En þar með er líka komið í ljós, hver var tilgangurinn með því að útbúa þessar áætlanir svona, hagræða þessum tölum svona. Tilgangurinn var sá að fá svo að segja vísindalegan grundvöll að gengislækkuninni, að viðreisninni svokölluðu, þ. e. vísindalegan grundvöll að því að skera niður lífskjör almennings í landinu, vísindalega sönnun fyrir því, að menn hefðu lifað um efni fram.

Það er þessi grundvöllur, sem er fallinn. Hann var aldrei til, en hann er endanlega fallinn núna. Það er ekki til neins að ætla að halda því fram, að það sé þetta hlutfall, sem hafi verið svona hættulegt. En til hvers var þessi svokallaði vísindalegi grundvöllur notaður? Hann var notaður til þess að rökstyðja þessar árásir sem þjóðarnauðsyn. M. ö. o.: það er farið í vasa hvers einasta manns í landinu og

sérstaklega þeirra fátækustu til þess að taka úr vasa þeirra undir því yfirskini, að þeir verði að fórna fyrir þjóðina, og þetta er gert á grundvelli þess, að þessir sérfræðingar hafi gefið þessar yfirlýsingar, sem reynast rangar. M. ö. o.: það er verið að nota þarna raunverulegar falsanir til þess að stelast að almenningi, rjúfa samninga atvinnurekenda og verkamanna, stela af því kaupi, sem verkalýðurinn átti að fá samkv. sínum samningum, — og allt saman þetta undir yfirskini þeirrar blekkingar, að þetta sé slík þjóðarnauðsyn, að þetta verði að gerast.

Svo skulum við koma að hinu, sem ég var rétt byrjaður á í gær: Hver var svo ástæðan til þess hættuástands, sem hafði skapazt og var sýnilegt, ef allt hefði verið gert þarna hlutlaust og á raunhæfum grundvelli, að mundi aðeins standa fjögur ár og aðeins takmarkað? Hver var ástæða þessa hættuástands, að það skyldi þó vera þetta hátt hlutfall, þó að það væri reiknað of hátt í áætlun sérfræðinganna, að það skyldi þó vera mun hærra hlutfall á árunum 1959—63 heldur en var yfirleitt á tímabilinu 1951—58? Hver var ástæðan til þess? Jú, ég var byrjaður að sýna fram á það hér í gær, að ástæðan var sú, að það hafði verið keypt inn allmikið af mótorbátum, í Noregi, Danmörku, Hollandi, Vestur-Þýzkalandi og í öðrum vestrænum löndum með samningum, sem þýddu, að það átti að borga þessa báta upp á 3—4 árum. Hvernig stendur nú á, að þessir bátar eru keyptir í þessum löndum? Nú var vitanlegt, að á sama tíma var hægt að láta smíða báta fyrir okkur í Austur-Þýzkalandi, og þar hafa verið smíðaðir fyrir okkur ágætir bátar. Þar var hægt að fá þessa báta smíðaða og hægt að fá samninga um að borga þá með 12 ára láni. Það var hægt að taka lán í Sovétríkjunum til 12 ára með 2½% vöxtum, borga með því þessa báta í Austur-Þýzkalandi og borga þetta lán í okkar fiski. M. ö. o.: það eðlilegasta lán, sem hugsanlegt var að taka, var fáanlegt, lán, þar sem vextirnir eru svo lágir, að það er ekki hægt að segja, að það væri arðrán innifalið í þeim, þar sem samningar um greiðslukjör mundu vera slíkir, að við mundum geta greitt með okkar fiski, m. ö. o. samningar um lánakjör, sem væru að því leyti á eðlilegum grundvelli, að ein þjóð væri ekki að arðræna aðra í sambandi við lánveitingar. Þetta, og því hafði ég rétt vikið að, þegar ég hætti í gær, — þetta vildi hæstv. viðskmrh. og hans fylgifiskar ekki, það átti að vera stórhættulegt að taka svona lán. Með pólitísku ofstæki er komið í veg fyrir eða þá af hræðslu, — ég veit ekki, hvers konar hvatir það hafa verið, — er komið í veg fyrir, að slík eðlileg lán séu tekin og hagstæð fyrir Ísland. Hvað er gert í staðinn? Jú, það er sagt í staðinn: Við verðum að verzla meira við vesturlönd, við verðum að kaupa báta frá vesturlöndum, við verðum að láta smíða báta í Noregi, Danmörku, Vestur-Þýzkalandi eða Hollandi. — Hvernig var okkar aðstaða? Ég sagði það hér í gær, að það hefði alltaf verið hamrað í gegn að veita gjaldeyrisleyfi til þess að smíða báta í þessum löndum, þar sem við raunverulega hefðum ekki getað borgað þá. Hvernig var okkar viðskiptajöfnuður við vesturlönd, ef ég má nota það í merkingunni um þann kapítalíska heim? Jú, hann hafði verið allan þennan tíma að heita má þannig, að við vorum a. m. k. í 200 millj. kr. neikvæðum verzlunarjöfnuði. Okkur vantaði árlega svo að segja 200 millj. kr. upp á, hvað okkar verzlunarjöfnuð snerti, til þess að geta borgað þeim þær vörur, sem við keyptum frá þeim. Og þá kröfðust þeir menn í ríkisstj., gömlu vinstri stjórninni, og aðrir slíkir, sem réðu þar miklu, og vildu endilega auka verzlunina við þessi lönd, kaupa meira þaðan, sem þó frá mínu sjónarmiði þýddi, að við værum að kaupa meira, sem við mundum eiga erfitt með að borga. En það mátti ekki kaupa í þeim löndum, þar sem við gátum átt auðvelt með að borga. Svo var hamrað í gegn að leyfa mönnum að kaupa báta og skip inn upp á 2—3—4 ára lánsfrest og að borga þetta upp á þessum tíma. Þessi tilhneiging að reyna að brjóta niður austurviðskiptin og kaupa inn í vesturlöndum án þess að hafa peninga til þess að greiða það eða sjá fram á það, án þess að hafa breytt þessum neikvæða verzlunarjöfnuði við þau, — það er þessi tilhneiging, sem veldur því, að árabilið 1959—63 lítur svo illa út.

Hvert er svo ráðið, sem hagfræðingarnir gefa við þessu, sérfræðingarnir? Ráðið er svo það að gefa verzlunina frjálsa, og hjá þeim er þetta rökstutt með því: Jú, við Íslendingar þurfum endilega að geta t. d. keypt frekar — við skulum segja kvenskó — í Bandaríkjunum heldur en í Tékkóslóvakíu, — úrvalið sé í Bandaríkjunum, það sé alveg óhjákvæmilegt fyrir afkomu Íslands, að við getum fengið allt það fínasta úrval af kvenskóm, sem til sé. Jú, vissulega þykir okkur mjög vænt um, að okkar fögru konur yfirleitt gangi í fallegum skóm. En eru nú ekki einhver dálítil takmörk fyrir, hvað ein þjóð, sem er að reisa sig úr kútnum eftir 6 alda nýlendukúgun, er að reyna að byggja hratt upp sitt land, getur leyft sér í þessum efnum? Frá mínu sjónarmiði var nær að reyna að skera niður eitthvað af verzluninni við vesturlönd, fyrst við vorum í 200 millj. kr. neikvæðum verzlunarjöfnuði við þau, og reyna að auka þá heldur verzlun við þau ríki, sem við gátum verið í jafnvirðiskaupum við. Mér hafði a. m. k. alltaf orðið að hugsa um Ísland sem heimili í slíku, en ekki að hugsa um það sem einn hrepp úr einhverri stórri heild. Hvað segja hagfræðingarnir? Þegar þeir eru búnir að segja, að það sé ógurlegt hættuástand á ferðinni, næstu fjögur ár sé Ísland raunverulega að verða gjaldþrota, — og ástæðan til þess, að hlutfallið í vöxtum og afborgunum er svona mikið, er sú, að við höfum keypt inn í vesturlöndum svona mikið af mótorbátum og slíku, — þá segja þeir: Það, sem við verðum að gera sem ráð við þessu öllu saman, er að gefa verzlunina frjálsa. — Hvað þýddi það? Það þýddi að auka verzlunina við vesturlönd, kaupa meira frá vesturlöndum án þess að hafa nokkurt öryggi fyrir að geta borgað það, án þess að hafa nokkurt öryggi fyrir að geta selt okkar vörur þar. Og hæstv. ríkisstj. byrjar svo sinn

feril með því að taka sitt 800 millj. kr. lán eða hvað það nú var til þess að gera okkur mögulegt að kaupa í vesturlöndum, sem hefur eðlilega þær afleiðingar, að viðskiptum við austurlöndin, ef ég má nota þessi orð, minnka. M. ö. o.: hagfræðingarnir gefa út álit og segja við þjóðina: Það er stórhætta á ferð. — Þeir reyna að dylja það, að þessi hætta er aðeins næstu fjögur ár og að eftir 1963 batnar þetta ástand. Þeir eru að reyna að dylja það líka, að þetta stafi af þessum sérstöku mótorbátainnkaupum í hinum kapítalistísku nágrannalöndum okkar. Þeir ráðleggja svo ríkisstj. og þjóðinni sem meðal við þessu að auka stórkostlega viðskiptin við þau kapítalistísku lönd, sem við vorum í 200 millj. kr. neikvæðum verzlunarjöfnuði við. Hvers konar vit er í þessu? Hvers konar verzlunarpólitík er þetta? Það er eins og þessir menn gangi út frá þeirri forsendu, sem er ekki til, að við getum selt ótakmarkaðan fisk í vesturlöndum. Það er ekki heil brú í þessum ráðleggingum, og áætlununum sjálfum er hagrætt til þess að fá þessa vitlausu niðurstöðu.

Það er þetta, sem er það hættulega í sambandi við þetta. Við þurftum einmitt að hafa stjórn á okkar viðskiptum, í staðinn fyrir að koma á stjórnleysi. Ég viðurkenni, að það var þarna visst hættuástand. Það stafaði af því, að við Íslendingar höfðum ekki nægilega stjórn á okkar utanríkisverzlun, að við þorðum ekki að skera niður t. d. meira innflutninginn frá vesturlöndum, að við þorðum ekki að hagnýta okkur þá möguleika, sem við höfðum austur á bóginn. Og nú blasa við afleiðingarnar af þessu öllu saman. En það er búið að nota þetta álit sérfræðinganna til þess að fella gengið, taka upp hringlandi vitlausa verzlunarpólitík, skera niður lífskjör manna í landinu. M. ö. o.: þessar fölsuðu áætlanir hafa orðið að yfirvarpi til þess að ræna almenning í landinu.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri nauðsynlegt, að erlendar lántökur færu ekki fram úr ákveðnu hlutfalli af gjaldeyristekjunum, þegar hann var að ræða um þessa hluti. Hvað þarf að gera, til þess að erlendar lántökur fari ekki fram úr ákveðnu hlutfalli af gjaldeyristekjunum? Það er tvennt, sem þarf að athuga til þess. Það er í fyrsta lagi að tryggja, að rétt hlutfall af fjárfestingunni fari í að auka gjaldeyrisframleiðsluna, þannig að aukning gjaldeyrisframleiðslunnar standi undir þeim lánum, sem tekin eru. M. ö. o.: til þess að tryggja einmitt þetta, að rétt hlutfall sé á milli gjaldeyrisframleiðslu og vaxta og afborgana, þarf um leið að tryggja, að þegar þjóðin notar lánin, sem hún fær, setji hún það mikið af þeim lánum í þau framleiðslutæki, sem auka gjaldeyrisframleiðsluna, að hún tryggi sér, að þetta rétta hlutfall geti haldizt. Ég vil halda því fram, að þetta rétta hlutfall sé ekki hægt að tryggja nema með áætlunarbúskap hjá þjóðinni. Ég vil halda því fram, ef íslenzka þjóðin ætlar sér að tryggja það, ef hún tekur sér t. d. 1000 millj. kr. lán, að rétt hlutfall af því fari í að auka okkar gjaldeyrisframleiðslu, þá þurfi ríkisstj. landsins og hennar áætlunarráð fyrir fram að gera áætlun um, í hvað þessar 1000 millj. skuli fara. Ég álít, að það geti ekki gengið, þótt við jafnvel gætum fengið 1000 millj. kr. að láni erlendis, þó að einstakir menn í landinu væru reiðubúnir til þess að taka þetta, þó að þeir væru reiðubúnir til þess að koma upp hinum og þessum fyrirtækjum fyrir það, þá gæti það ekki gengið, vegna þess að það kemur engan veginn af sjálfu sér, að þessi fyrirtæki fari í eitthvað, sem þýðir, að þjóðin fái meiri gjaldeyri upp úr því. Hagsmunir einstaklinganna á Íslandi, sem kynnu að fá slík lán, og hagsmunir þjóðarheildarinnar til þess að standa undir vöxtum og afborgunum af sínum erlendu skuldum þurfa engan veginn að fara saman. Það er þarna, sem forsendurnar eru vitlausar hjá þeim hagfræðingum, sem þetta kenna. Hjá stórum þjóðum, þar sem utanríkisverzlunin er kannske 5, 10, 15, 20% af þeirra þjóðarframleiðslu, er oft tiltölulega öruggt, að þetta hlutfall, a. m. k. á normaltímum, geti haldizt, — og þó ekki einu sinni víst. Sjáið bara Bandaríkin, þau stóru ríki. Meira að segja Bandaríkin, slík stórþjóð er ekki örugg um þessa sjálfkrafa fjárfestingu, að hún beri uppi viðskiptin út á við, — hjá þeim koma ekki vextir og afborganir til greina. En um Ísland er þarna allt öðru máli að gegna, þjóð, sem flytur út upp undir helminginn af öllu því, sem hún framleiðir. Fyrir hana er alveg óhjákvæmilegt, ef hún ætlar ekki að renna inn í aðrar þjóðir, gerast lítill hluti úr stórri heild, ef hún ætlar að halda sínu sjálfstæði, þá er óhjákvæmilegt fyrir hana að áætla þetta fyrir fram og fyrir ríkisstjórn hennar og þing að stjórna því, í hvað þessir hlutir fara.

Það var gerð smátilraun með þetta á árunum 1950—56. Þá var þetta gert allfrjálst, og okkar ágætu kapítalistum var gefið tækifæri til þess að ráðstafa sjálfir, án þess að ríkisstj. væri of mikið að skipta sér af því. Og hvernig ráðstöfuðu þeir? Jú, það er kunnugt, það þarf ekki nema rétt að minna á það, það voru keyptir 5000 bílar til landsins á sjö árum, en enginn togari var keyptur. Fjárfesting einstaklingsins og fjárfesting þjóðarheildarinnar gerast út frá svo gersamlega ólíkum forsendum, að það er óhugsandi, að summan af fjárfestingu einstaklinganna verði sú, sem þjóðarheildinni er nauðsynlegt, — og sérstaklega óhugsandi í okkar landi. Þess vegna er nákvæmur áætlunarbúskapur, alveg sérstaklega til að auka ríkisviðskiptin, grundvöllur fyrir því, að þetta rétta hlutfall haldist.

Í öðru lagi: Hvað er það annað, sem ber að athuga og hæstv. viðskmrh. hefði átt að minnast á? Ef maður vill reyna að halda vöxtum og afborgunum innan rétts hlutfalls, innan réttra takmarka, er þá ekki eitt atriðið, sem er óhætt að leggja áherzlu á og væri óskandi að forráðamenn þjóðarinnar legðu áherzlu á við hana, hvað vextirnir eru háir af þeim lánum, sem hún tekur? Og sérstaklega þegar ég heyri nú talað um hugsanlega stóriðju á Íslandi sem þátt í plönum ríkisstj., þá er sannarlega nauðsynlegt, að menn geri sér það betur ljóst, hvað vextirnir þýða, ef menn vilja fá þetta rétta

hlutfall, sem hæstv. viðskmrh. og hans sérfræðingar tala um að sé svona þýðingarmikið á milli vaxta og afborgana annars vegar og gjaldeyristekna þjóðarinnar hins vegar. Það var sem sagt ekki nóg, eins og ég sagði, að hafa góðan áætlunarbúskap, það þarf líka að fá lán, ekki aðeins til langs tíma, heldur líka sérstaklega með lágum vöxtum. Þegar menn tala um, hvert hlutfall vaxtanna sé og að það geti orðið hættulegt, miðað við gjaldeyristekjur þjóðarinnar, ætti þó að liggja í augum uppi og manni fyndist satt að segja, að þeir menn, sem einhverja ábyrgðartilfinningu hafa, ættu að leggja áherzlu á það, að það væri gott að fá lága vexti fyrir þjóðina. En hvað gerist? Það, sem gerist, er það, að sömu sérfræðingarnir og hagfræðingarnir og meira að segja sjálfur fyrrv. hagfræðiprófessorinn, hæstv. viðskmrh., þeir hafa aldrei neinu orði undirstrikað nauðsyn hinna lágu vaxta fyrir okkur. Þeir vita, að Ísland hefur getað samið um að fá lán á sínum tíma með 2½% vöxtum. En þeir hafa lagzt á móti því, og hagfræðingarnir hafa í öllum sínum ályktunum aldrei undirstrikað slíkt sem neina nauðsyn. Það eru tekin lán með 4—5%, látum það vera, en upp í 6—7%, og hvað skyldu þýzku lánin raunverulega vera, ætli þau séu ekki upp í 8 og 10% raunverulega, ef farið væri að reikna verðið á vörunum, sem látnar eru? Það er ekki rætt um þessa hluti í sambandi við þetta. Það er ekki rætt um þau okurkjör, sem við höfum orðið að sæta hjá ýmsum þessara svokölluðu bandalagsþjóða okkar.

M. ö. o.: til þess að tryggja þessa hluti, að erlendar lántökur fari ekki fram úr ákveðnu hlutfalli af gjaldeyristekjum, þá er tvennt, sem við þurfum m. a. sérstaklega að athuga. Það er annars vegar að koma á áætlunarbúskap, ekki sízt um okkar utanríkisviðskipti, og það er í öðru lagi að tryggja okkur, að vextirnir af lánunum, sem við tökum, séu sem allra lægstir, helzt ekki hærri en 2½%.

Hæstv. viðskmrh. sagði, og það hefðu þótt tíðindi, ef hann hefði sagt það fyrir rúmu ári: Greiðsluhallinn segir ekkert um, hvort þjóðin lifir yfir efni fram eða ekki. — En það voru þó einmitt þessir hlutir, sem voru notaðir til að blekkja þjóðina, einmitt þetta hættuástand þessara fjögurra ára, 1959—63, það var það, sem sérfræðingarnir gerðu hvað mest úr. Þetta er alveg rétt hjá honum, greiðsluhallinn segir ekki um það, hvort þjóðin lifir um efni fram eða ekki. Það eru aðrir hlutir, sem þar koma til greina. En það er gott hins vegar að fá þessa viðurkenningu, þó að seint sé.

Ég vil í sambandi við það, sem hann minntist á um að lifa um efni fram, aðeins minna á og spyrja hann að því: Lifir sú þjóð um efni fram, sem fjárfestir 33% af þjóðartekjum sínum? Hann talaði um neyzluhlutfallið hér í gær. En ég vil spyrja: Þjóð, sem leggur 33% af öllu, sem hún vinnur sér inn, til hliðar í fjárfestingu, lifir hún um efni fram? Er hægt að segja við slíka þjóð: Þú ert eyðslukind, þú þarft að spara eitthvað? — Er hægt að segja það við hana? Ég held, að það sé ekki hægt að segja það við hana. Það er verið að skrökva að henni, ef verið er að segja slíkt. Sannleikurinn um íslenzku þjóðina er ekki, að hún hafi lifað um efni fram. Hún hefur þrælað um getu fram. Ég held, að það sé engin þjóð, sem ég þekki til, sem hefur unnið eins og íslenzka þjóðin hefur unnið á undanförnum 20 árum. Það eru ekki aðeins okkar sjómenn, sem alltaf þræla meira en nokkrir aðrir menn. Meginið af okkar fólki hefur unnið eftirvinnu og næturvinnu, unnið í orlofum sínum og unnið á helgidögunum, m. a. við að byggja hús. Meginið af húsunum, sem byggt hefur verið á Íslandi, — það er ekkert smáræði, — er raunverulega byggt eftir dagvinnu. Það á ekki að segja við þessa þjóð: Þú lifir um efni fram. — En það á að segja annað við hana, og það hef ég oft reynt að segja hérna, en ekki getað fengið þá menn, sem völdin hafa, til þess að ræða eða svara því: Það að fjárfesta 33% af sínum þjóðartekjum, við skulum taka sem dæmi 1600 millj. kr. af 4800, það er ekki sama, hvernig það er fjárfest, og í því liggur meinsemdin í efnahagsmálum Íslands, og það er það, sem hefur ekki fengizt lagað. Þjóðin hefur ekki lifað um efni fram, en hún hefur máske fjárfest meira en eðlilegt hefur verið, fjárfest það öðruvísi en skynsamlegt hefur verið, af því að það hefur ekki verið heildarstjórn á þessari fjárfestingu hennar, af því að þessari fjárfestingu hefur ekki verið stjórnað með hag þjóðarinnar fyrir augum, m. a. með hag útflutnings og innflutnings eða utanríkisverzlunarinnar fyrir augum. Það er þetta, sem vantaði. Það vantaði að hugsa um þjóðarbúið eins og hver maður hugsar um sitt heimili. Það, sem þurfti, var að skipuleggja fjárfestinguna, stjórna henni þannig, að réttur hluti af henni færi í að auka útflutningsframleiðsluna, þannig að við gætum alltaf staðið undir vöxtum og afborgunum af þeim lánum, sem við tækjum, með nokkurn veginn eðlilegu hlutfalli við gjaldeyristekjurnar, vegna þess að við hefðum sett rétt hlutfall af þeim lánum, sem við hefðum fengið, í aukningu á gjaldeyrisframleiðslunni.

Það er of einfalt, eins og hæstv. viðskmrh. gerði og sérfræðingarnir gerðu áður, að koma bara með þessi slagorð um, að þjóðin hefði lifað um efni fram. Það eru allt önnur vandamál, sem þarna er verið að glíma við, og vegna þess að skilgreiningin frá hálfu læknisins, ef svo má segja, er röng, þá verða líka sjálf meðulin, sem notuð eru, röng.

Svo sagði hæstv. viðskmrh., að lánstraustið hefði verið þrotið 1958, engin venjuleg lán fáanleg á árinu 1958. Þetta er ekki rétt. Það voru fáanleg lán, m. a. lán, sem ég minntist á áðan, lán, sem væru þau einu eðlilegu og venjulegu lán í heiminum og ættu að gilda á milli þjóða, lán, þar sem ein þjóð er ekki að arðræna aðra, lán, þar sem vextirnir eru svo lágir, að það felst ekki í þeim að gera eina þjóð skattskylda annarri eða skattskylda auðmagninu. Ég veit ekki, hvort hæstv. viðskmrh. er orðinn svo — mér liggur við að segja samdauna þeim hugsunarhætti, sem Alþjóðabankinn er að reyna að innleiða í viðskipti almennt og Bandaríkjaauðmagnið, að það séu engin önn-

ur lán eðlileg og venjuleg heldur en þau, sem menn verða að borga sína 3½, 4, 5% vexti af eða 6. Það geta verið venjuleg lán, þó að það séu borgaðir bara 2½% vextir af þeim. Það voru venjuleg lán hér á Íslandi 1927, þegar það var sett í gegn að borga af verkamannabústöðunum og byggingar- og landnámssjóðnum 2½% vexti, en það voru lán, sem það fólst ekki í að gjalda auðmagninu, fjármagninu skatt. Og slík viðskipti ættu að vera yfirleitt í veröldinni, en ekki þau viðskipti, þar sem einn aðili sé að arðræna annan með lánum. Við Íslendingar fengum nóg af því á þeim árum, sem brezki imperialisminn var sterkastur og við vorum í mestum skuldum við hann á árunum 1930—40, að verða að gjalda þann þunga skatt, sem við guldum þá til brezka fjármagnsins. Það voru venjuleg erlend lán fáanleg á árinu 1958, lánstraustið var ekki þrotið. Hitt má vel vera, að strax 1956 hafi lánstraustið verið þrotið í Bandaríkjunum og að þau lán, sem þar voru veitt í ársbyrjun 1957, hafi stafað af einhverjum öðrum orsökum, m. a. af ótta við, að það yrðu tekin lán annars staðar.

Hæstv. viðskmrh. sagði svo hins vegar um leið, að þetta lánstraust, sem hefði verið þrotið 1958, sem ekki er rétt hjá honum, það væri nú komið, nú væri búið að reisa lánstraustið við. Má ég spyrja hæstv. viðskmrh.: Er lánstraustið komið aftur? Hvernig er með það lán, sem Hafnarfjarðarbær var búinn að fá fyrirheit um *um miðjan des.* hjá Framkvæmdabankanum, að hann mundi fá í Vestur-Þýzkalandi, og gekk út frá að fá það einhvern daginn? Stendur það eða stendur það ekki, eða er lánstraust ríkisstj. í Vestur-Þýzkalandi hrunið? Mig langar til að fá upplýsingar um þetta, út frá þeirri fullyrðingu hæstv. viðskmrh., að nú væri búið að reisa lánstraustið við.

Þá kom hæstv. viðskmrh. að lánunum til útgerðarinnar og hvort útgerðina munaði nokkuð um, þó að hún yrði að borga eitthvað meira í *vöxtum*. Ég þarf ekki að ræða það atriði út af fyrir sig sérstaklega mikið. Hv. 4. þm. Austf. kom hér í sinni svarræðu til hæstv. viðskmrh. inn á þessi lán. Hann hrakti ekki aðeins með tilvitnunum í rekstrarkostnað tiltekinna hraðfrystihúsa og yfirlýsingar manna á fundi L. Í. Ú. staðhæfingar hæstv. viðskmrh., hann sýndi líka fram á, að heildarlánin, sem hæstv. viðskmrh. var með, talan 1471 til sjávarútvegsins, væri röng, og ég tók eftir því, að í allri sinni ræðu reyndi hæstv. viðskmrh. ekki með einu orði að hrekja *eina einustu af þessum tölum*. Hæstv. viðskmrh. heldur hér heila ræðu, eftir að búið er að sýna fram á, að hans tölur viðvíkjandi lánunum til sjávarútvegsins séu rangar, bæði í einstökum atriðum hvað snertir einstök hraðfrystihús og slíkt og almennt séð hvað snertir lán til sjávarútvegsins. Reynir hæstv. viðskmrh. að verja sig, að sýna fram á eitthvað annað? Nei, hann reynir það ekki.

Ég hef áður kvartað um skort á upplýsingum um grundvöll, þegar verið er að deila hér á Alþ., *og ég sé meira að segja, að annað stjórnarblaðið* er farið að kvarta yfir því, að stjórnmálamennirnir þeyti tölunum fram og aftur hérna og þjóðin viti raunverulega ekkert, hvað þetta sé. Þetta er rétt, og ég spyr einu sinni enn: Hvernig í ósköpunum stendur á því, að það er búið að koma hér upp efnahagsmálaráðuneyti, það er búið að ráða nú í upp undir 10 ár sérstaka efnahagsmálaráðunauta, útlærða í Ameríku, til þess að rannsaka og gefa okkur þm. og ríkisstj. tölur viðvíkjandi íslenzku atvinnulífi og að við höfum enn í dag, í ársbyrjun 1961, ekki einustu tölu, sem menn geti komið sér saman um. Þegar við erum að deila hér stundum svona, þá minnir það mig á kínversku óperuna, þegar þeir voru að berjast og skylmast í myrkrinu. Það er sem sé ekki alveg ólíkt. En þetta er hneyksli. Við eigum að standa í því að stjórna hér þjóðarbúskap, við eigum að deila um, hvernig við skiptum arðinum af því, sem framleitt er, en það er ómögulegt að fá t. d. upplýsingar um, hver sé vaxtabyrði fiskiðjuvers. Og svo kemur hæstv. bankamála- og viðskmrh. og segir: Vextirnir og þessi 2%, það segir ekki neitt, því að þetta er svo pínulitið, sem skuldirnar eru. — Og svo er hægt að hrekja þetta ofan í hann í næstu ræðu, og hann segir ekki eitt einasta orð. Svo segir hann bara í staðinn: Stefnubreytingin er farsæl. — Þegar allt er meira eða minna að stöðvast og allir kvarta, þá á bara stefnubreytingin að vera farsæl.

Ég fæ þá hugmynd af ræðu hæstv. viðskmrh., að það sé nokkuð mikil stofustiórn á viðskipta- og bankamálum hjá honum. Ég held, að hún sé alveg án sambands við atvinnulífið í landinu, hann fái einhverjar tölur, sem gefa ekki rétta mynd, af því að þær taka ekki tillit til hins raunverulega ástands, þær reikni kannske, hvað sé lánað til einhvers hluta í sjávarútvegsinum, en reikna svo ekki með neinu af svo og svo miklum víxlum, sem kunna að vera í sambandi við þetta og annað slíkt. Þetta þýðir, að upplýsingarnar, sem byggt er á, þegar aðrar eins ráðstafanir eru gerðar og gengislækkunin, eru allar *saman meira eða minna rangar*, forsendurnar, sem gengið er út frá, eru allar meira eða minna rangar, og svo er verið að streitast eftir á við að reyna að verja þetta á allan mögulegan hátt, hringlað með tölur, þannig að meira að segja ritstjórum hans eigin málgagns finnst alveg nóg um og sjá, að það er í raun og veru alveg í blindni þarna verið að leika sér með tölur. Og þegar svo mennirnir í atvinnulífinu, sem þekkja til, hvernig þetta er, koma með tölurnar, þá getur hæstv. viðskmrh. ekki sagt *eitt einasta orð, og liggja þó þær tölur fyrir* bæði frá mönnum, sem eru fylgjandi Sjálfstfl. og fylgjandi okkur.

Ég held, að öll reikningsfærslan í sambandi við þjóðarbúið sé meira eða minna vitlaus. Ég hef ámálgað það hér ár eftir ár, að við ættum að taka að einhverju leyti til fyrirmyndar, hvernig Norðmenn hafa gengið frá þessu í sínum áætlunum. Þeir taka tillit til, hvað er fiármagn, hvað eru ráðstafanir til þess að auka framleiðslutækin, bæta upp slitið, hvað sé neyzlan og annað slíkt. Það er alltaf gengið fram hjá öllu þessu hér. Öllu ægir saman. Ég er hræddur um, að það væri betra fyrir þá að

taka hagfræðina ofur lítið marxistiskari en þeir gera í þessum efnum, taka ofur lítið meira tillit til þess, hvernig þjóðfélagið er samsett, að það eru ekki tómir peningar, sem verið er að reikna með. Það þarf að reikna með framleiðslutækjum, endurnýjun á þeim, sliti á þeim, hráefni til þeirra og svo neyzlunni. Og það er ekki sama, hver þessi framleiðslutæki eru og hvers konar. M. ö. o.: menn þurfa að gera sér nákvæma heildarmynd af þjóðarbúskapnum í einstökum atriðum, en ekki reikna bara með að stjórna þessu með peningavaldi. Það er ekki hægt, sízt af öllu í okkar þjóðfélagi, og hefur hvergi reynzt mögulegt.

Vextir, eins og ég nefndi strax í upphafi minnar ræðu, hafa haft alltaf á Íslandi alveg óskaplega þýðingu, eins og tímabilið 1930—40, sem ég minntist á áðan, sýndi hvað bezt. Menn hafa kiknað undir vöxtunum hérna, stór fyrirtæki hafa svo að segja verið drepin, sett á hausinn með vöxtunum hérna, þegar vextirnir voru 9½%, og þeirra skuldir voru stundum sem svaraði þeim vaxtagreiðslum, sem þeir hefðu átt að hafa í 10 ár.

Hæstv. viðskmrh. sagði svo, að það munaði ekkert um vextina. Ég vil nú spyrja hann að einu einstöku atriði. Í þeim samningum, sem fram hafa farið milli útvegsmanna og sjómanna, hafa m. a. útvegsmennirnir ekki viljað fallast á, og ég held, að það hafi ekki heldur hafzt í gegn í samningunum í nótt, að líftryggja sjómennina fyrir 200 þús. kr. Heldur nú ekki hæstv. viðskmrh., að eitthvað af vaxtahækkuninni, ef það hefði verið haft lægra, hefði gert útvegsmönnunum fært að líftryggja íslenzku sjómennina fyrir 200 þús. kr. hvern? Þegar hann er að slengja fram hlutum eins og því, að það muni ekki um þetta, þetta sé 0.7%, og ýmislegt þess háttar, þá ætti hann að reikna það út. Þegar verið er að deila við sjómennina, þá munar um hvern eyri, þá munar um hverja milljón, þá munar um hvern milljónatug, en þegar hann talar um vextina og útveginn, á ekki að muna neitt um það.

Ég mun um nokkur af þeim atriðum, sem ég ætlaði að ræða, láta nægja að reyna að fá upplýsingar hjá hæstv. viðskmrh., þegar þetta mál kemur til n., viðvíkjandi þeirri hæð, sem hugsuð er á þessum lánum, viðvíkjandi vöxtunum, viðvíkjandi því, hvers konar skuldir þarna á að yfirtaka, og öðru slíku, þannig að fyrir utan þær spurningar, sem ég hef þegar lagt fyrir, mun ég ekki bæta við fleiri spurningum til hæstv. viðskmrh. nú.

Í lok sinnar ræðu sagði hæstv. viðskmrh., að ríkisstj. hefði ekki þyngt greiðslubyrðina. Ég er hræddur um, að það sé ekki rétt. Ríkisstj. hefur tekið lán erlendis, sem við eigum að greiða, skilst mér, greiða á ákveðnum tíma. Ég er a. m. k. ekki enn búinn að fá að vita neitt um, að það eigi að gefa það. M. ö. o.: það lán er raunverulegt eyðslulán, sem notað hefur verið til að fylla búðirnar hérna, í staðinn fyrir að ef við hugsum um framtíð landsins í þessum efnum, þá þurfum við að nota þau lán, sem við tökum, til þess að afla framleiðslutækja, sem standa undir okkar gjaldeyrisframleiðslu. Nú er svo komið, að allmikill hluti af okkar framleiðslu er að stöðvast. Togararnir, margir þeirra, eru þegar bundnir, og ég vil spyrja: Er það rétt, að hæstv. ríkisstj. hafi þegar boðið alla nýju, stóru togarana, fimm togara, til sölu erlendis, að það sé þegar verið að reyna að selja stóru togarana út úr landinu, m. ö. o., að togara, sem Alþfl.-stjórnin, sem sat 1959, lét kaupa, eigi nú að reyna að selja út úr landinu, af því að núverandi hæstv. ríkisstj., viðreisnarstjórnin, hafi kippt rekstrargrundvellinum með gengislækkuninni undan þeim togurum, sem Alþfl.-stjórnin var búin að kaupa? Alþfl. sá víst ekkert við það athugavert. Hann lét kaupa togara, stóra og nýja togara, hann breytti síðan genginu, þannig að þessir togarar, sem eigendurnir munu hafa haldið að kostuðu upp undir 20 millj., kosta 40 millj., þegar þeir koma inn í landið. Og þó að þeir hafi verið huggaðir með því af hagfræðingunum, að það væri reiknað í sambandi við gengislækkunina með því, að reksturinn ætti að bera sig, líka á nýju tækjunum, þá er ég hræddur um, að stærstu atvinnurekendurnir, ríkustu mennirnir í landinu, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að líka þessar fullyrðingar hagfræðinganna voru rangar, og nokkrir af þessum togurum hafa legið bundnir. Er það rekstrargrundvöllurinn, sem hefur verið skapaður? Er það svona, sem samvinna Sjálfstfl. og Alþfl. er? Alþfl. kaupir inn togara og tekur svo höndum saman við Sjálfstfl. um að rífa rekstrargrundvöllinn undan togurunum, og svo koma báðir sér saman um, að þeir skuli reyna að selja togarana? Er það þessi ljómandi mynd, sem hæstv. viðskmrh. er að draga upp af, hve sigursæl viðreisnarstefnan hafi verið?

Ég verð að segja það, þegar ég lít yfir, hvernig ástandið er, þegar ég lít yfir, að allir okkar stærstu atvinnurekendur eru niðurdregnir, enginn treystir sér til að leggja í nokkuð nýtt, enginn sér neitt land fyrir stafni, þá finnst mér stundum, að ríkisstj. líti á sjálfa sig sem skiptaráðanda útlends auðvalds í þrotabúi Íslands, en ekki sem þá stjórn, sem eigi að hafa forustu fyrir Íslendingum yfirleitt í því að sækja fram á sviði atvinnulífsins, en það er það, sem ég álít að hver stjórn, sem hér situr að völdum, verði fyrst og fremst að skoða sem sitt verkefni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það hefði sannarlega verið ástæða til að ræða þá furðulegu ræðu, sem hæstv. viðskmrh. flutti hér í gær, í nokkru máli, en til þess hef ég ekki möguleika nú og má ekki misnota, að ég hef aðeins athugasemdartíma, og verð því að láta fáein orð duga að þessu sinni.

Eins og við vitum, var því haldið fram af ríkisstj., að greiðsluhallinn á undanförnum 5 árum hefði verið 1050 millj. og að þetta væri halli á þjóðarbúskapnum. Það er beinlínis tekið þannig til orða í grg. frv., sem viðskmrh. sjálfur talaði fyrir þá, að þetta væri halli á þjóðarbúskapnum, og ekkert dregið frá, hvorki stórvirki á landi né skipa- og flugvélakaup. Á þessum grundvelli var þjóðinni sagt, að Íslend-

ingar hefðu eytt um efni fram 1050 millj. á 5 árum. Nú kemur það fram, að greiðsluhalli, reiknaður á sama hátt, á síðasta ári er meiri en nokkru sinni fyrr á síðari árum, nema aðeins 1959, árið sem Alþfl. stjórnaði með stuðningi sjálfstæðismanna, eða 704 millj. um það bil með nýja genginu. Þá kemur talsmaður ríkisstj. hér, sá eini, sem talar úr þeim herbúðum, og segir: Menn mega ekki byggja of mikið á þessari tölu, því að greiðsluhallinn sýnir út af fyrir sig ekkert um, hvort þjóðin lifir um efni fram.

Hvað segja menn um svona lagaða framkomu? Auðvitað er þetta rétt. Greiðsluhallinn út af fyrir sig segir lítið um þetta. Þar kemur margt annað til greina. En þetta er sagt úr þeim sömu herbúðum sem við fengum hinn málflutninginn. Með þessu er sleginn botninn úr öllum áróðri ríkisstj. um greiðsluhallann 1955—58 og fullyrðingunum um, að lífað hafi verið um efni fram.

Nú segir hæstv. viðskmrh., að það þurfi að draga frá innkaup á skipum og bátum, til þess að hægt sé að dæma afkomuna út á við eftir greiðsluhallanum. Hvers vegna skip og báta? Jú, hann hefur fundið það út, hæstv. ráðh., að það sé svo misjafnlega mikið keypt frá ári til árs af skipum og bátum. En á þá að skilja þennan furðulega hugsanagang þannig, að það sé árlegur viðburður, að keypt sé sementsverksmiðja, áburðarverksmiðja og komið upp virkjun á borð við nýju Sogsvirkjunina t. d., og þess vegna hafi aldrei verið nein ástæða til að draga slíkt frá eða taka til greina við athuganir á afkomu þjóðarbúsins?

Hvað á svona málflutningur að þýða, sem hæstv. ráðh. er farinn að temja sér í þessu efni? Ef á að leita að réttri niðurstöðu í þessu, þá þarf vitaskuld að íhuga, hversu mikið hefur verið gert af óvenjulegum framkvæmdum, en þá eru það kannske sízt skipakaup, sem eiga að dragast frá að fullu, vegna þess að það þarf að kaupa mörg skip og marga báta á hverju ári aðeins til að halda skipaflotanum við.

Það er að vísu æskilegt að fá þessar athugasemdir hæstv. ráðh. fram og játningar, og því vildi ég nota þessar örfáu mínútur til að undirstrika þær.

Þá sagði hæstv. ráðh., að auknar afborganir þyngdu alltaf þjóðarbúskapinn og stundum alveg óhæfilega og að það sýni þjóðartap, það sé höfuðreglan, ef greiðslur af lánum hækki í hlutfalli við útflutningstekjur. Þetta var sú speki, sem hæstv. ráðh. flutti nú þm. og þjóðinni. En allir sjá í hendi sér, að þetta geta verið hinar verstu blekkingar, eins og dæmi, t. d. um sements- og áburðarverksmiðjurnar, bókstaflega sanna. Innflutningur, sem sparast á áburði og sementi, gerir nefnilega miklu meira en vega á móti greiðslunum af þeim lánum, sem tekin voru til þessara framkvæmda. Það hækka greiðslur af lánum, en lækka sennilega tvöfalt eða meira útgjöld vegna innflutnings á sementi og áburði.

En ráðherrann, prófessor í hagfræði, segir okkur, að það sé sönnun fyrir versnandi afkomu þjóðarbúsins og stórkostleg hætta, ef afborganir aukast í hlutfalli við gjaldeyristekjur þjóðarinnar.

Það getur verið hættulegt, ef slíkt á sér stað, en það þarf ekki að vera það.

Einn af hagfræðingum landsins, Benjamín Eiríksson, skýrði frá niðurstöðu sinni í fyrra þegar þessi mál bar á góma, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðin er í alla staði miklu betur fær um að standa undir greiðslu 5½ millj. dollara árið 1958 en 2 millj. dollara árið 1951, einmitt vegna þess, hve miklar framkvæmdir hafa verið unnar fyrir hið erlenda lánsfé.“

Þetta sagði hagfræðingurinn Benjamín Eiríksson, enda er margathugað mál, að afkoman út á við hafði sízt versnað á þessum árum, og verður það rætt nánar síðar.

Þá var sagt, að allt þetta, sem á þjóðina væri nú lagt, væri gert til þess að bæta greiðslujöfnuðinn við útlönd. En nú upplýsir hæstv. ráðh., að hallinn á viðskiptunum við útlönd er meiri en nokkru sinni fyrr á síðari árum.

Þá var sagt, að þetta ætti að gera til þess að fara að grynna á skuldunum. Var það ekki það, sem sagt var, að það ætti að fara að grynna á skuldunum við útlönd? En upplýst er af einum höfuðhagfræðingi ríkisstj. og augljóst af því, sem hæstv. ráðh. hefur sjálfur upplýst um aðra liði viðskiptanna, að skuldaaukning við útlönd hefur orðið miklu meiri en nokkru sinni áður.

Þá var sagt, að umfram allt ætti að forðast lán til stutts tíma og að auka greiðslubyrðina á næstu árum, það ætti að snúa við í þessum efnum. En nú er upplýst, að ný lán til stutts tíma, nýjar lántökur til stutts tíma eru meiri en nokkru sinni fyrr, þar á meðal einn liður, að búið er að taka á sjötta hundrað millj. kr. lán, sem á að greiða á 3 árum. Vill ekki hæstv. ráðh. leggja fram útreikninga um greiðslubyrðina á næstu árum, til þess að þetta geti orðið skoðað? Greiðslubyrðin hefur verið stóraukin með ráðstöfunum núverandi hæstv. ríkisstj., og það nær skammt, þó að hæstv. ráðh. vilji halda því fram, að þetta jafni sig vegna þess, að yfirdrættir bankanna hafa lækkað, þegar þess er gætt, að jafnhliða þessum stuttu lántökum hafa heildarskuldir, þ. e. a. s. skuldafjárhæð þjóðarinnar í heild, stórhækkað. Ef lækkað hefðu skuldir þjóðarinnar á móti þessum nýju lánum, mátti deila um, hvað var að gerast, en nú hefur skuldaupphæðin í heild stórhækkað.

Loks sagði hæstv. ráðh., að hann og ríkisstj. hefðu aldrei farið dult með, að ráðstafanir ríkisstj. drægju verulega úr neyzlu og framkvæmdum. En er það ekki einmitt það, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að halda að fólki, að það standi jafnvel að vígi og áður að framfleyta sér og sínum? Hafa ekki þeir útreikningar, sem hæstv. fjmrh. hefur verið að leggja hér fram fyrir okkur og birtir hafa verið í blöðum, átt að sýna fram á, að í raun og veru hafi afkomumöguleikar meðalfjölskyldu í landinu ekkert versnað? Það er svo fjarri því, að hæstv. ríkisstj. hafi sagt þjóðinni eins og var um þessi efni.

Að lokum vil ég aðeins endurnýja þá fyrir-

spurn, sem ég hef komið hér fram með: Hvað hyggst stjórnin fyrir um skuldamál landbúnaðarins?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal láta mér nægja nokkur orð til þess að svara vissum atriðum í síðustu ræðu hv. 1. þm. Austf. (EystJ) og fáeinum atriðum í ræðu hv. 3. þm. Reykv. (EOl). Ég nenni satt að segja ekki að standa hér í karpi um augljósa hluti við hv. 1. þm. Austf., sérstaklega þegar ég hef á tilfinningunni, að honum sé margt af því, sem hann ræðir, ljósara en hann vill láta öðrum mönnum vera það, og það er mergurinn málsins í þessum viðræðum. Mér finnst það koma greinilega fram, að það er áhugamál bæði hans og hv. 3. þm. Reykv., að almenningi í landinu séu ýmsir hlutir mjög óljósir, sem ég hef ástæðu til að ætla að þeim sjálfum séu ljósari en tal þeirra ber vitni um, og þegar þannig er komið, er ástæðulaust að eyða tíma hv. Alþ. í karp um slíka hluti.

Hann hafði það eftir mér, hv. þm., að ég hefði sagt, að greiðsluhalli hefði enga þýðingu, væri enginn endanlegur mælikvarði á það, hvort þjóð lifði um efni fram eða ekki. Ég hagaði orðum mínum ekki svona. Ég sagði, að greiðsluhalli út af fyrir sig, sú staðreynd, hvort þjóðarbúskapurinn væri rekinn með greiðsluhalla gagnvart útlöndum, segði út af fyrir sig ekkert um það, hvort þjóð lifði um efni fram eða ekki og af þeirri staðreynd einni saman væri ekki hægt að draga neinar meginályktanir um það, hvort stefndi í rétta átt eða ranga. (Gripið fram í.) Nei, það var ekki þetta, heldur gleymdi þm. að segja það, sem ég sagði í næstu setningu á eftir: Hitt væri meginatriði, hvað greiðslubyrðin í hlutfalli við gjaldeyristekjur væri mikil. Það gæti verið alveg eðlilegt og allt gæti stefnt í rétta átt, þó að um greiðsluhalla væri að ræða, en hann mætti ekki fara yfir visst mark, — það er mergurinn málsins, — hann mætti ekki fara yfir visst mark, án þess að augljóst væri, að í ranga átt stefndi. Það, sem gerðist hér á fyrri hluta s. l. áratugs, var, að greiðslubyrðin var ekki nema 2—3% af gjaldeyristekjunum. Meðan svo er, er ekkert við greiðsluhalla að athuga. Hann er ekki varhugaverður að neinu marki. Þvert á móti getur beinlínis verið eðlilegt að reka þjóðarbúskapinn með slíkum greiðsluhalla og jafnvel þótt nokkru meiri yrði. En af slíkri staðhæfingu er auðvitað hreinn útúrsnúningur að draga þá ályktun, að greiðsluhalli megi vera hvað mikill sem er. Það hefur verið mergurinn í öllum mínum málflutningi að sýna fram á, að greiðslubyrðin jókst svo ört á síðari hluta s. l. áratugs og verður fyrirsjáanlega svo mikil enn fram til ársins 1962, að það er stórkostlega varhugavert. Það, sem stjórn Hermanns Jónassonar tókst — ég segi: því miður ekki að ná samkomulagi um, var að gera ráðstafanir, sem gerðu kleift að standa undir greiðslubyrðinni, eins og hún var orðin 1958 og mundi fyrirsjáanlega verða til 1962. Það, sem stjórn Hermanns Jónassonar því miður tókst ekki að semja um, var að gera slíkar ráðstafanir, sem gerðu kleift að standa undir greiðsluhallanum, sem þegar var búið að stofna til, með eðlilegum hætti, en það var ekki hægt nema annaðhvort með því að draga úr fjárfestingunni eða draga úr neyzlunni. Það er saga, sem ástæða er til að segja seinna — ekki nota þessar umr. til, að ég er þeirrar skoðunar að einmitt þessi staðreynd hafi verið meginskýringin á því, að stjórninni tókst ekki að halda saman. Það var nefnilega orðið báðum þessum aðalforsvarsmönnum Framsfl. og Alþb. ljóst, að þetta var kjarni vandamálsins. Einmitt þetta var kjarni vandamálsins. Það var búið að halda þannig á málum, — ég er ekki að gagnrýna það í sjálfu sér, — það var búið að halda þannig á málum, að augljóst var, að á árinu 1959 og á næstu 4—5 árum varð að gera annað tveggja eða hvort tveggja að draga úr fjárfestingu eða draga úr neyzlu. Þær till., sem Alþb. lagði fram í ríkisstj. á árinu 1958 og höfðu niðurskurð fjárfestingar að einum aðallið, báru einmitt vitni um, að sá flokkur var farinn að skilja þetta. Hann vildi m. ö. o. mæta vandanum með niðurskurði á fjárfestingunni, þó að tillögur hans gengju engan veginn nógu langt. Tillögur Framsfl. báru líka vitni um, að hann skildi vandann. Tillögur hans gengu í þá átt að skera niður neyzluna, með því að mæla með því að skora á verkalýðssamtökin að gefa eftir svo og svo mörg vísitölustig og takmarka þannig neyzluna. Þegar báðir flokkarnir höfðu viðurkennt í ríkisstj. í þeim mánaðarlöngu umræðum, sem fram fóru á árinu 1958, að ástandið fram undan væri þannig, að annað tveggja eða hvort tveggja væri óhjákvæmilegt: takmörkun fjárfestingar og neyzlu, en þegar síðan er mynduð ríkisstj., sem gerir hvort tveggja, en gengur þó ekki einu feti lengra á þeirri braut en bráðnauðsynlegt er, þá standa málsvarar þessara flokka hér frammi fyrir hv. þingheimi og láta eins og saklausir englar, þræta algerlega fyrir nauðsynina á þessum ráðstöfunum, sem þeir sjálfir hafa þó lagt til áður, og segja, að þjóðinni hafi beinlínis verið sagt ósatt, að ástandið hafi verið orðið þannig, að slíkar ráðstafanir voru nauðsynlegar. Ég spyr: Ef engar ráðstafanir til þess að draga úr neyzlu og draga úr fjárfestingu voru nauðsynlegar 1958, hvers vegna lagði þá Alþb. til, að fjárfesting yrði stórlega takmörkuð, og hvers vegna stakk þá Framsfl. upp á, að neyzla yrði stórlega takmörkuð? Það er auðséð, að þessar staðhæfingar eru ósamrýmanlegar hver annarri. Það, sem hér hefur gerzt, er það, að fulltrúar þessara flokka hafa lagt fram tillögur í samræmi við veruleikann, meðan þeir voru í ríkisstj., en vilja síðan hlaupa frá veruleikanum, þegar þeir eru komnir í stjórnarandstöðu.

Hv. þm. sagði enn, að það, að ég teldi rétt að draga greiðslu vegna skipa og báta frá, þegar gerður væri samanburður á afkomu áranna 1959 og 1960, væri sambærilegt við þær staðhæfingar hans og fulltrúa Alþb. að draga kostnað við framkvæmdir áranna 1956—59 frá þeim greiðsluhalla, sem ríkisstj. birti upplýsingar um, þegar frv. um efnahagsmál var lagt hér fyrir Alþingi. Ég þóttist vera búinn að skýra það rækilega í gær, að hér er um algeran misskilning að ræða.

Ástæðan til þess, að réttmætt er og sjálfsagt að draga frá innflutning stórra liða, þegar hann er mjög breytilegur, þegar borin er saman afkoma tveggja ára, á ekkert skylt við þann hugsanagang að draga úr þýðingu greiðsluhalla með því að vitna til fjárfestingarframkvæmda innanlands. Hér er um tvennt ólíkt að ræða, og það held ég að allir þm. hafi gert sér ljóst og hv. ræðumaður í raun og veru líka, þó að hann haldi áfram að bera fram fullyrðingar sínar. Ég hefði ekki nefnt þetta, ef ég vildi ekki aðeins svara þeirri röksemdafærslu hans, þegar hann sagði: Hvers vegna á þá ekki líka núna og átti ekki þá að draga frá til að gera árin 1956—59 sambærileg vegna Sogsvirkjunar, áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju? Það er af þeirri einföldu ástæðu, að þó að innflutningur vegna alls þessa sé tekinn saman, skiptir það ekki líkt því eins miklu máli og innflutningur skipa, báta og flugvéla. Ég hef því miður ekki tekið með mér tölur, sem taka af tvímæli um alla þessa liði, en eina man ég. Allur innflutningur erlends efnis og véla vegna Sogsvirkjunarinnar, vegna allra þeirra stórkostlegu framkvæmda, nam milli 40 og 50 millj. kr. og dreifist á þrjú ár. Ég hygg, að þýðing erlends gjaldeyris í kostnaði hinna fyrirtækjanna sé enn minni. Dettur nú nokkrum manni í hug að segja um þýðingu hins erlenda kostnaðar við fyrirtæki eins og Sogið, sem er milli 40 og 50 millj. og dreifist á 3 ár, að þær sveiflur séu nokkuð svipaðar og þær sveiflur, sem koma fram í skipainnflutningnum? Eins og ég gat um í fyrstu ræðu minni, voru sveiflurnar þannig, reiknað á gamla genginu, sambærilegar tölur, að 1956 var sá innflutningur 91 millj., 1957 43, 1958 107, 1959 137 og 1960 214. Þetta á aðeins við um innflutning skipa og báta. Þetta á ekki við um innflutning á erlendum vélum eða efni til neinna annarra framkvæmda í landinu. Um þetta er auðvitað hægt að veita miklu nákvæmari upplýsingar, en niðurstaðan mun verða sú, sem ég segi, í þessum efnum.

Þá sagði hv. 1. þm. Austf., að aðalatriðið í sambandi við erlendar lántökur væri, að hve miklu leyti þær gætu aukið á greiðslugetuna í erlendum gjaldeyri, og þetta er vissulega rétt. Meginstaðreyndin í þessu sambandi er einmitt sú, ég segi: því miður, að erlendu lántökurnar á áratugnum 1950—60 juku ekki heildargjaldeyristekjur þjóðarinnar í neitt svipuðu hlutfalli og þær juku greiðslubyrðina. Þetta er ómótmælanleg staðreynd, og það er þýðingarlaust að vitna til einstaks fyrirtækis eins og sementsverksmiðjunnar, sem er mjög gott fyrirtæki frá þessu sjónarmiði séð, langbezta einstaka fyrirtækið, sem um er að ræða að byggt hafi verið á áratugnum. En benda má á önnur fyrirtæki, sem miklum erlendum gjaldeyri hefur verið varið til, en auka ekki gjaldeyrisframleiðsluna nokkurn skapaðan hlut. (Gripið fram í.) Hún fór aldrei í gang. — Þar til má t. d. nefna raforkuframkvæmdirnar í dreifbýlinu. Þær auka ekki gjaldeyri, en kosta mikinn erlendan gjaldeyri, og mikil erlend lán hafa verið tekin til þeirra. Þessar framkvæmdir skila nær engum gjaldeyristekjum. (Gripið fram í.) Þetta veldur því, að ef litið er á málið í heild — (**Gripið fram í:** Sparaði það engan gjaldeyri?) Það sparaði gjaldeyri að því leyti, að það þarf minna erlent efni að kaupa til ljósa í sveitum, en það er ekki mjög mikið. Það, sem máli skiptir í þessum efnum, er heildarniðurstaðan af þessari athugun, og hún er sú, og hún er ómótmælanleg, að gjaldeyristekjurnar hafa ekki vaxið í sama hlutfalli og greiðslubyrðin vegna hinna erlendu lántaka hefur vaxið, ef allar lántökurnar á áratugnum 1950—60 eru teknar sem heild. Þetta er hið alvarlega við efnahagsþróunina á áratugnum 1950—60, og það bætir engan að loka augunum fyrir þessari staðreynd.

Þá sagði hv. þm., að sú stjórn, sem nú situr, hafi staðið fyrir nýjum lántökum til stutts tíma, sem séu meiri en nokkru sinni fyrr. Ég hlýt að láta í ljós undrun mína yfir, að slík staðhæfing skuli enn einu sinni vera borin fram, eftir að hún hefur verið margleiðrétt bæði hér og í blöðum. Það, sem hv. þm. á við, eru lánin hjá Evrópusjóðnum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Því hefur verið margyfirlýst hér og í blöðum, að hver einasti eyrir af þessum lánum fór til þess að greiða yfirdráttarskuldir gjaldeyrisbankanna, sem allar saman voru bæði dýrari og til skemmri tíma en þessi lán, sem hér er um að ræða. Það sýnir bezt málflutning hv. stjórnarandstöðu, að ég vil segja í tuttugu til þrjátíu skipti er þessi staðreynd endurtekin, þó að henni hafi jafnoft verið mótmælt og bent á óvefengjanlegar opinberar skýrslur mótmælunum til staðfestingar. (**EystJ:** Þetta eru blekkingar.) Það er í sjálfu sér ástæðulaust að halda lengi áfram umr. á þessu stigi.

Enn fremur sagði hv. þm., og það er hið síðasta, sem ég skal svara hv. þm. um, að skuldaupphæðin í heild hafi stórhækkað á tímabili núv. ríkisstj. Það, sem ég hygg að hann eigi við eða vilji rökstyðja staðhæfingu sína með, er, að afborganir af lánum eru 290 millj. 1960, en 1959 voru þær 246 millj. kr. Þetta þýðir alls ekki, að þessi ríkisstj. hafi staðið fyrir því, að erlendar skuldir hafi aukizt. Það, sem er þvert á móti um að ræða, það, sem kemur inn og eykur greiðslubyrðina 1960, eru samningar um togarana 1959 og bátakaupin, sem þá voru gerð, en hvort tveggja var óvenjumikið á því ári. Þeir samningar komu ekki til greiðslu fyrr en á árinu 1960. Fyrstu greiðslurnar koma þá, og þess vegna er alveg augljóslega rangt, þegar því er haldið fram, að núv. ríkisstj. hafi gert ráðstafanir til þess að auka greiðslubyrðina. Ég nenni ekki að endurtaka einu sinni enn eða skýra einu sinni enn þá staðhæfingu, sem í raun og veru er kjarni málsins, þegar árið 1960 er metið í samanburði við árið 1959, að meginstefnubreytingin í þessari stjórn hefur einmitt verið fólgin í því að stofna ekki til nýrra stórskuldbindinga, sem auki greiðslubyrði landsins, einmitt í því skyni að geta staðið við þær greiðsluskuldbindingar, sem áður var búið að gangast undir. Einmitt vegna þessa, að stjórnin hefur ekki undirgengizt slíkar nýjar skuldbindingar, hefur tekizt að bæta gjaldeyrisaðstöðu bankanna erlendis.

Þá eru nokkur atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. beindi beinlínis sem fyrirspurnum til mín og ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að svara í örfáum orðum. Hann spurði, hvers vegna nýjar reglur ætti að setja um mat á eignum sjávarútvegsins í sambandi við þá lánabreytingu, sem fyrirhuguð er. Það hefur verið talið nauðsynlegt til þess að tryggja fyrirtækjum sjávarútvegsins með sem eðlilegustum hætti aðgang að því lánsfé, sem þau hafa raunverulega þörf fyrir. Ég hygg, að hann hafi lagt of mikið upp úr því, að orðin, að meta skuli til endurkaupsverðs, skuli notuð í lögunum og reglugerðinni, því að í flestum tilfellum mun ekki verða um að ræða neinn mun á því, sem þar er kallað endurkaupsverð, og því, sem kallað hefur verið söluverð í gildandi reglum um mat t. d. stofnlánadeildarinnar og viðskiptabankanna yfir höfuð að tala. Hitt er svo eðlilegt, að kveðið sé á um, að taka skuli tillit til fyrninga á þessu verði, ef um gamlar eignir er að ræða, sem þarf að meta til verðs nú. Ég er alveg sammála hugleiðingum hans um matsreglurnar almennt, að í sjálfu sér gengur ekki að leggja söluverð í bókstaflegum skilningi til grundvallar, þegar togarar eða hraðfrystihús eru metin, og einmitt það er ástæðan fyrir því, að heppilegt hefur þótt að nota orðið endurkaupsverð, til þess að menn misskildu ekki þetta veigamikla atriði. Það er auðvitað alveg rétt hjá honum, að togarar og hraðfrystihús sem slík hafa ekki söluverð, a. m. k. ekki á okkar þrönga markaði hér á Íslandi.

Varðandi það, að hv. þm. spurði, hvort meiningin væri að gefa öðrum atvinnugreinum kost á sams konar kjörum og sjávarútvegurinn nýtur hér, er það að segja, að ég geri ráð fyrir því, að ef tekst að koma upp sams konar kerfi fyrir lánabreytingu við landbúnaðinn og iðnaðinn, sem í sjálfu sér væri mjög æskilegt, geri ég ráð fyrir, að nákvæmlega sömu matsreglum yrði beitt, að reglur um nákvæmlega sama matsverð yrðu settar. Hvort og hvenær tekst að koma á fót sams konar lánabreytingakerfi fyrir landbúnað og iðnað, er fyrst og fremst komið undir því, hvers telja má Seðlabankann megnugan. Ef áfram verður heilbrigð þróun í peningamálum þjóðarinnar, þannig að aðstaða Seðlabankans heldur áfram að styrkjast, tel ég engan vafa á því, að innan ekki langs tíma verður gripið til sams konar ráðstafana, ef um svipaðar kringumstæður er að ræða, gagnvart landbúnaði og iðnaði. En um það held ég að allir eigi að geta verið sammála, að sjávarútvegurinn hafi brýnasta þörf fyrir slíkar ráðstafanir, og þess vegna var eðlilegast að gera þær fyrst í hans þágu. Það, hvort slíkar ráðstafanir verði almennar, mundi ég segja að væri fyrst og fremst komið undir því, hvort tekst að tryggja áframhaldandi jafnvægi í peningamálum innanlands, hvort Seðlabankanum í raun og veru verður áfram kleift að gera slíkar ráðstafanir í þágu atvinnulífsins í heild. Það er einlæg von mín og ríkisstj., að það takist.

Að síðustu örfá orð um vextina. Ég vildi aðeins leiðrétta það, sem hv. 3. þm. Reykv. hermdi upp á mig, að ég hefði sagt, að ekkert muni um vextina í þjóðarbúskapnum. Slíkt mundi ég að sjálfsögðu aldrei hafa látið mér til hugar koma að láta mér um munn fara. Ég þykist gera mér jafnljóst og aðrir, sem um þessi mál hafa fjallað eða hugsað, að vextir almennt hafa að sjálfsögðu stórkostlega þýðingu fyrir hagþróunina og ráðstafanir bæði atvinnurekenda og neytenda, enda ef ég og ríkisstj. hefði þessa skoðun, þá hefði að sjálfsögðu engin vaxtahækkun verið gerð á sínum tíma og heldur engin vaxtalækkun aftur um áramótin. Það er einmitt vegna þess, að ríkisstj. gerir sér ljósa gífurlega þýðingu vaxtanna sem tækis m. a. í baráttunni við verðbólguna, m. a. í baráttunni gegn spákaupmennsku, sem þessar vaxtabreytingar voru gerðar, og þær voru í samræmi við þær skoðanir, sem annars staðar eru ríkjandi í þessum efnum. Það, sem ég vildi segja með þeim tölum, sem ég birti um vextina, var það eitt, að ég teldi stjórnarandstöðuna ýkja stórlega, þegar hún teldi þá vaxtahæð, sem nú er í gildi, beinlínis vera að sliga útgerðina og annan atvinnurekstur á Íslandi. Það voru slíkar ýkjur, sem ég vildi andmæla, og ég er sannfærður um, að þær eru rangar. Ég sagði það eitt, að sú hækkun vaxta um 2%, sem nú er í gildi umfram vextina fyrir efnahagsráðstafanirnar, hefði enga úrslitaþýðingu fyrir rekstur sjávarútvegsins, sérstaklega ekki fiskveiðifyrirtækjanna, þó að hún hefði meiri þýðingu fyrir rekstur fiskvinnslufyrirtækjanna. Þetta eitt sagði ég, og þetta er ég reiðubúinn að endurtaka og standa við. Hitt vil ég ekki ómótmælt láta herma upp á mig, að ég hafi staðhæft, að vextir í sjálfu sér hafi enga þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn eða fyrir hin einstöku fyrirtæki.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það, sem hæstv. viðskmrh. sagði um vextina, en það var þó bersýnilegt, að hann var mjög búinn að draga úr sínum fyrstu fullyrðingum um það, að vextirnir hefðu ekki neina verulega þýðingu fyrir atvinnureksturinn í landinu, og hann gerði ekki heldur neitt til þess að hnekkja þeim glöggu upplýsingum, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. birti hér í d. í gær, og dreg ég þá ályktun af þeirri þögn hæstv. viðskmrh., að hann telji upplýsingar hv. þm. Björns Pálssonar um það efni vera réttar.

Það, sem gaf mér tilefni til þess sérstaklega að kveðja mér hér hljóðs, voru þau ummæli, sem hæstv. viðskmrh. lét falla um þær leiðir, sem væru tiltækar til þess að mæta vaxandi greiðslubyrði. Hæstv. viðskmrh. komst svo að orði, að þar væri eiginlega ekki nema um tvær leiðir að ræða. Þessar leiðir væru þær annaðhvort að draga úr neyzlunni eða draga úr fjárfestingunni. Þetta væru aðalleiðirnar, sem væru fyrir hendi til þess að mæta vaxandi greiðslubyrði. Út frá þeim skoðunum, sem hæstv. viðskmrh. hefur tekið í seinni tíð, get ég vel skilið þessa fullyrðingu hans, því að það er yfirleitt álit íhaldssamra hagfræðinga, að ekki sé nema um þessar tvær leiðir að ræða: að draga úr neyzlu eða draga úr fjárfestingu, til þess að mæta vaxandi greiðslubyrði. En frjáls-

lyndir hagfræðingar líta allt öðrum augum á þetta mál, eins og t. d. þeir, sem nú hafa tekið við forustunni í Bandaríkjunum. Þeir telja, að það sé fyrst og fremst þriðja leiðin, sem komi hér til greina, og sú leið er fólgin í því að auka framleiðsluna, auka útflutninginn í þessu tilfelli hjá okkur. Og tvímælalaust, ef litið er sanngjarnlega á þessi mál, hljóta menn að komast að þeirri niðurstöðu, að það sé langbezta leiðin til þess að mæta vaxandi greiðslubyrði, og það er einmitt sú leið, sem hefur verið farin hér á undanförnum árum með mjög góðum árangri. Þess vegna þarf, ef greiðslubyrðin eykst, engan veginn að gera ráðstafanir til að mæta aukningunni með samdrætti á neyzlu eða fjárfestingu, ef tekst að auka framleiðsluna sem hinni auknu greiðslubyrði svarar eða jafnvel meira en það, og það er það, sem var gert á síðasta áratug eða a. m. k. framan af honum. Í þeim efnum finnst mér rétt að vitna til talna, sem voru birtar á s. l. vetri af aðalbankastjóra Framkvæmdabankans, dr. Benjamín Eiríkssyni, og jafnframt hnekkja algerlega þeirri fullyrðingu, sem hæstv. viðskmrh. var hér með áðan, að lántökurnar á seinasta áratug hefðu ekki að neinu leyti orðið til þess að auka útflutningstekjurnar.

Dr. Benjamín Eiríksson birti þær upplýsingar á s. l. vetri, að árið 1951 hefði greiðslubyrðin eða afborganir og vaxtagreiðslur til útlanda numið um 2 millj. dollara. 1958 var þessi upphæð komin upp í 5½ millj. dollara, og það er alveg rétt, að hér hefur orðið veruleg aukning á greiðslubyrðinni. En hvað hefur svo komið á móti þessu, sem gerði að verkum, að hvorki þurfti að grípa til þeirra ráða að draga úr neyzlunni né draga úr fjárfestingunni? Árið 1951 námu útflutningstekjurnar 45 millj. dollara, árið 1958 námu þær hins vegar orðið 66 millj. dollara. Þær aukast m. ö. o. um 21 millj. dollara á þessu 7 ára tímabili. Greiðslubyrðin eykst um 3½ millj. dollara, en útflutningstekjurnar aukast um 21 millj. dollara. Það getur hver og einn gert sér í hugarlund, nema hinir íhaldssömustu hagfræðingar eins og hæstv. viðskmrh. nú er orðinn, hvort ekki sé betra fyrir okkur að standa undir greiðslubyrðinni, þó að hún hafi aukizt um 3½ millj. dollara, þegar útflutningstekjurnar á þessu tímabili hafa hins vegar aukizt um 21 millj. dollara. Ég held, að það sé alveg óhætt að fullyrða það, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði hér í gær, að dæmi eins og þetta er svo einfalt, að hvert barnaskólabarn ætti að geta reiknað það, þó að íhaldssamir hagfræðingar geti ekki gert það. Og ég held, að það sé bezta ráðið við slíka menn fyrir hæstv. ríkisstj. að hleypa þeim út eins og kálfunum og láta þá fara sömu leiðina, svo að maður vitni til þeirrar sögu, sem hv. 5. þm. Norðurl. v. var með hér í gær.

En það, sem ég vildi svo segja að lokum í tilefni af því, sem hefur verið sagt hér um greiðslubyrðina, er, að ráðið til þess að mæta aukinni greiðslubyrði á hvorki að vera það að draga úr neyzlu né fjárfestingu, ef aðrar leiðir eru tiltækar, eins og t. d. sú að auka framleiðsluna, sem hefur verið farin á undanförnum árum með góðum árangri og við getum farið í framtíðinni, ef hyggilega er farið að.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var þó ekki fyrst og fremst sú, að ég ætlaði að taka þátt í þessum umræðum, sem hér hafa farið fram um greiðsluhalla og greiðslubyrði, vegna þess að það mál má nú heita fullrætt. En það, sem gaf mér tilefni til þess að taka þátt í þessum umr., voru þau ummæli, sem hæstv. viðskmrh. lét falla í einni ræðu sinni hér um þetta mál, ummæli, sem voru á þá leið, að erlendir fjármálamenn og erlendar fjármálastofnanir hefðu lýst því yfir um það leyti, sem vinstri stjórnin fór frá völdum eða rétt eftir það, að fjárhag Íslands væri svo komið, að það væri útilokað, að Ísland gæti nokkurs staðar fengið erlent lán. Ég vil beina þeirri fsp. til hæstv. viðskmrh. og vænti þess, að hann svari henni: Hvaða erlendir fjármálamenn voru það, sem gáfu þessar upplýsingar, hvaða erlendar fjármálastofnanir voru það, sem gáfu þessar yfirlýsingar, og á hvaða upplýsingum voru þessar yfirlýsingar þeirra þá byggðar? Hvaðan voru þær upplýsingar komnar? Voru það kannske einhverjar hliðstæðar upplýsingar þeim, sem komu fram í ræðu, er einn af sendimönnum frá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu flutti hér í háskólanum, — ég held, að það hafi verið haustið 1959, — og báru þess fullkomlega merki, að sá maður hafði ekki gert sér neitt far um að kynna sér efnahagsmál Íslands eða aðstöðu íslenzkra atvinnuvega, heldur hafði auðsjáanlega farið eftir því, sem einhverjir kreppuhagfræðingar hér heima höfðu sagt honum? Ræða hans bar m. ö. o. þess fullkomlega merki, að sá maður hafði ekki minnstu hugmynd um, hvernig málum Íslands var komið í þessum efnum. Voru það einhverjir slíkir menn, sem gáfu þessar upplýsingar, eða hverjir voru það? Ég vænti þess, að hæstv. viðskmrh. láti það koma alveg greinilega fram hér, hvaða menn það voru og hvaða stofnanir það voru, sem þessar yfirlýsingar gáfu, og að það sjáist þar jafnframt, hvaðan þessir aðilar hafa haft heimildirnar fyrir þessum yfirlýsingum sínum, ef þeir hafa gefið þær.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal ekki skorast undan að svara beinum fyrirspurnum, sem til mín er beint, eða — sem ætti að koma í sama stað niður — benda hv. fyrirspyrjanda á, hvar hann getur fengið við þeim alveg fullnægjandi svar. Hann spurði, hvaða erlendar fjármálastofnanir eða hvaða erlendir fjármálamenn það hefðu verið, sem talið hefðu, að ekki væri hægt að veita venjuleg lán til Íslands á árinu 1958. Ég ætla að benda honum á, að hann getur fengið við þessari spurningu alveg fullnægjandi og alveg tæmandi svar hjá formanni þingflokks síns, þáv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, og ég vona, að þá heimild rengi hann ekki. Hann var fjmrh. í þáv. stjórn og hafði, eins og hans embættisskylda var, forustu um að reyna að útvega lán erlendis, venjuleg viðskiptalán, með engum árangri. Þau lán, sem að lokum fengust, voru,

eins og ég hef áður sagt, fengin með sérstökum hætti. Ég skal gjarnan endurtaka það, að ég hef þá skoðun, — það er a. m. k. mín skoðun, og ég held, að það eigi við hæstv. fyrrv. fjmrh. líka, — að hvorugur okkar mundi óska að standa í þeim sporum að þurfa að standa í slíkum lánsútvegunum aftur. Þetta ætla ég að láta vera nægilegt svar til hv. 7. þm. Reykv. um þetta efni.

Hitt atriðið, sem hann gerði að umtalsefni, var, að ummæli mín hefðu verið röng um það, að erlendu lántökurnar á s. l. áratug hefðu ekki aukið gjaldeyrisöflun þjóðarinnar í nægilega ríkum mæli til þess að réttlæta vöxt greiðslubyrðarinnar. Þessi ummæli vildi hann telja röng. Ég mun síðar, að gefnu þessu tilefni og raunar öðrum, gera ráðstafanir til, að um þetta verði birtar alveg tvímælalausar upplýsingar. Þær tölur, sem hv. þm. vitnaði í í þessu sambandi, voru engan veginn tæmandi. Í fyrsta lagi var þar borið saman árið 1951 og árið 1958. Lengra náðu ekki tölur dr. Benjamíns Eiríkssonar, sem hann birti um þetta. Ég hef aldrei haldið því fram, að það, sem skeð var árið 1958, hefði eitt út af fyrir sig gert þær ráðstafanir, sem síðan hafa verið gerðar, nauðsynlegar, ef ekki hefði þá verið vitað, að halda mundu áfram að aukast stórkostlegir erfiðleikar. 1958 var greiðslubyrðin, eftir á skoðuð, ekki orðin nema 5.7% af gjaldeyristekjunum, miðað við 3.2%, sem hún var 1951. Ég hef aldrei haldið því fram, að slík greiðslubyrði, 5—6%, út af fyrir sig stefni afkomu eða lánstrausti þjóðarinnar í voða. Þetta hef ég margsagt við umr. hér á undan, og þess vegna er ástæðulaust að nota þetta sem rök gegn röksemdafærslu minni, gegn málfærslu minni. Það, sem ég sagði, var þvert á móti það, að fyrirsjáanlegt var, að greiðslubyrðin mundi á næstu 4—5 árum verða helmingi meiri en hún var 1958. Það var meginstaðreyndin í málinu, að hún mundi á árinu 1961 verða milli 11 og 12% eða nákvæmlega helmingi meiri. Það var það, sem skapaði vandann, og liggur við, að manni renni í skap að þurfa að segja sama hlutinn svo að segja í hverri einustu ræðu og alltaf vera mætt með sömu útúrsnúningunum á eftir.

Eysteinn Jónsson: Það var bara út af því, að hæstv. ráðh. var svo smekklegur að fara að vísa hv. 7. þm. Reykv. til mín í sambandi við lánsútveganir. Ég hygg, að hæstv. viðskmrh. viti það vel, að á hverju einasta ári undanfarið hafa verið tekin lán, ýmist af ríkisstj. sjálfri eða ríkisstofnunum með ríkisábyrgð, eins og t. d. Framkvæmdabankanum og fleiri stofnunum, eftir algerlega venjulegum leiðum. Og það á áreiðanlega líka við um árið 1958. Það er algerlega rangt, að það hafi nokkuð legið fyrir um það 1958, að erfiðara væri að fá lán en oft og tíðum hefur áður verið. Það hefur oft verið tafsamt að fá lán til þeirra framkvæmda, sem menn hafa haft með höndum, og þegar vinstri stjórnin fór frá, var hún með lánaumleitanir til þess að kaupa togara, eins og hæstv. ráðh. er kunnugt. Ég veit ekki betur en að í beinu framhaldi af þeim umleitunum hafi einmitt verið tekin lán eftir venjulegum leiðum til togarakaupa. Þar að auki er rétt, fyrst hæstv. ráðh. er að ræða þessi mál, að upplýsa, að áður en vinstri stjórnin fór frá, hafði hún lagt grundvöll að 6 millj. kr. lántöku í Bandaríkjunum eftir leið, sem er alveg venjuleg og hæstv. ráðh. og aðrir, sem hafa verið í ríkisstjórnum á Íslandi, hafa ekkert við að athuga. Núverandi ríkisstj. hefur m. a. haldið framkvæmdum hér á floti með því að ganga frá þessu láni, sem vinstri stjórnin var búin að undirbúa og leggja grundvöllinn að. Lánamálin voru því í fullum gangi, þegar vinstri stjórnin fór frá, og erfiðleikar á útvegun lánsfjár áttu ekki á nokkurn hátt skylt við þann ágreining, sem kom upp og varð þess valdandi, að vinstri stjórnin fór frá. Þvert á móti, eins og ég sagði, var búið að undirbúa 6 millj. dollara nýja lántöku eftir alveg eðlilegum leiðum.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég skil það vel, að hæstv. viðskmrh. sé orðinn dálítið þreyttur. Nú eru búnar að standa hér í eina þrjá daga umr., sem eru orðnar eins og hálfgerðar eldhúsumr., um stefnu ríkisstj., og það er ekki einn einasti ráðh., sem treystir sér til þess að verja stefnu ríkisstj. nema hæstv. viðskmrh. Hann er látinn standa einn í þessu öllu saman, svo að það er svo sem von, að hann sé farinn að þreytast dálítið á þessu, enda fundust mér þreytumerkin auðsæ í síðustu ræðu hans áðan. Ég hafði spurt hann um ýmislegt, og hann vék sér undan flestu af því. Ég spurði hann t. d. að, hvernig það væri með þetta spánnýja, endurreista lánstraust, sem ríkisstj. væri búin að ávinna sér hjá auðdrottnum erlendis með sinni hyggilegu pólitík, hvernig það kæmi út fyrir bæjarútgerð Hafnarfjarðar í sambandi við lánið, sem Benjamín Eiríksson lofaði á fundi Framkvæmdabankans 15. des. s. l. Ég veit, að fyrir utan að vera viðskmrh., þá á, held ég, hæstv. viðskmrh. enn þá sæti í stjórn Framkvæmdabankans. Og nú heyri ég sagt, en veit samt ekki fyrir víst, og því spurði ég, að lánið sé ekki komið enn þá og það sé meira að segja ekki alveg víst, að það komi. Það skyldi þó aldrei vera, að vinur vor Adenauer og kumpánar þar í Vestur-Þýzkalandi væru farnir að hafa eitthvað minna traust á ríkisstj., að vonir, sem menn gerðu sér fyrir áramót, rættust ekki núna? Ég er hræddur um, að hann hafi sleppt því að svara þessu með lánstraustið, af því að hann sé eitthvað smeykur um, að staðreyndirnar kynnu að verða eitthvað öðruvísi en fullyrðingarnar.

Ég spurði hann líka, hvernig það ætti að vera með 70 prósentin, sem hann minntist á í sambandi við lánin, og ég spurði hann m. a. um tiltekinn félagsskap í því sambandi, eins og Samvinnufélag Ísfirðinga, hvort það væri meiningin að fara að setja gömul, gróin fyrirtæki, sem hafa bjargað sínum bæjum á sínum tíma, jafnvel á hausinn, af því að þau kæmust ekki undir einhverja formúlu, sem einhverjir bankastjórar og það í ríkisbönkum ættu allt í

einu að fara eftir. Hann hliðrar sér hjá að svara.

Ég ræddi hér mjög mikið um það, sem mest hefur verið talað um og hæstv. viðskmrh. hefur talið eina af höfuðorsökunum annars vegar fyrir því, að vinstri stjórnin hafi farið frá, og hins vegar fyrir því, að orðið hafi að grípa til þeirrar stefnu, sem núv. ríkisstj. fylgir, sem sé útlitið um hlutfallið milli vaxta og afborgana við gjaldeyristekjur ríkisins og þjóðarbúsins á árunum 1959—63, að þetta ægilega útlit þessara fjögurra ára hefði átt að réttlæta ekki aðeins, að vinstri stjórnin fór frá, heldur líka öll þau ráð, sem gripið hefur verið til. Ég rakti þetta mjög ýtarlega og sýndi fram á, á hve röngum grundvelli þetta hefði verið byggt, og að orsakirnar til þess, að viss vandræði voru þó þarna fram undan, hefðu ekki verið brott numdar, heldur þvert á móti aukið á það, sem skapaði þann halla, sem sé of mikil viðskipti við vesturlönd. Hæstv. viðskmrh. kom ekki inn á neitt af þessu.

Sannleikurinn er, að það er ákaflega erfitt að rökræða mikið með þessu móti. Það er eins og finnist hvergi vettvangur, þar sem hægt sé að ræðast saman um þessi mál. Og hæstv. viðskmrh. ver það að koma ekki inn á þetta með því, að hann segist ómögulega geta verið að karpa um augljósa hluti. Má ég nú biðja hæstv. viðskmrh. að gera þessa hluti a. m. k. augljósa fyrir ritstjóra Alþýðublaðsins, fyrir hans eigin blaði? Hans eigið blað er að kvarta yfir því, að það sé yfirleitt þannig með upplýsingarnar, með tölurnar, að þeim sé fleygt þannig fram og aftur hér í þingsölunum, að ekki einu sinni ritstjóri Alþýðublaðsins, hvað þá almenningur, geti áttað sig á því. Þetta er hárrétt hjá honum. Það er hart, það er ein gjaldþrotayfirlýsing allra þessara sérfræðinga ríkisstj., að maður skuli ekki geta fengið eina einustu rétta tölu frá þeim. Það er þó a. m. k. það, sem þessir menn ættu að geta útvegað, þó að þeir geti ekki komið neinu viti í nein stjórnmál, og þess eiga menn ekki heldur að ætlast til af þeim, en að þeir geti útvegað réttar tölur, t. d. um vaxtabyrði sjávarútvegsins og aðra þess háttar hluti, og ef þeir eru beðnir um áætlanir um slíkt, að þeir hagræði þeim ekki til þess að fá einhverja ákveðna, fyrir fram óskaða niðurstöðu.

Hæstv. viðskmrh. minntist á lánin til Sogsvirkjunarinnar, lánin til slíkra fyrirtækja, hvað það væri lítið, minntist á vélarnar. En man ég ekki rétt, var ekki tekið lán til meira en vélanna? Var ekki tekið lán fyrir innlenda kostnaðinum? Hefur það lán ekki allt saman hækkað núna? Erum við ekki að skella á, eða er ekki búið að skella á núna á móti okkar vilja rafmagnshækkunum, sem að sumu leyti eru ívitnaðar með því, að nú hafi þessi lán eftir gengislækkunina aukizt og vextir og afborganir af þeim? Ætli reikningar Sogsvirkjunarinnar einnar út af fyrir sig fari ekki úr t. d. 22 millj. kr. upp í 66 millj. kr. eingöngu vegna þessara ákvarðana? Ætli gjöld Sogsvirkjunarinnar séu ekki að ⅔ orðin vextir og afborganir? Ráðstafanir eins og þessar lántökur allar saman með þeim forsendum að eiga svo á eftir að fara að hlýða fyrirskipunum frá Washington og París um gengisskráningar á Íslandi, það er háskalegur hlutur.

Hæstv. viðskmrh. leggur allmikla áherzlu á venjuleg lán, þegar hann er að tala. Ég skaut því hér inn í áðan, hvernig ég skildi þetta hjá honum. En gerir hæstv. viðskmrh. sér ljóst, að þetta, sem hann kallar venjuleg lán, ég skil það svo, að hann eigi við lán tekin á hreinum viðskiptalegum grundvelli, á þeim algenga kapítalistíska grundvelli, — gerir hann sér um leið ljóst, að slík lán hafa venjulega þýtt fyrir okkur Íslendinga meiri eða minni afskipti erlendra ríkisstjórna eða erlendra banka um okkar innanlandspólitík og ráðstöfun á málum hér innanlands? Man hann eftir, að meira að segja þegar við stóðum í vissum lánasamningum við Breta 1934, þegar stjórn alþýðustéttanna, eins og það þá var kallað, tók við eða stjórn vinnandi stéttanna, Framsóknar- og Alþýðuflokksstjórnin, þá er það Hambrosbanki, sem setur þeirri stjórn stólinn fyrir dyrnar um, hvers konar pólitík hún megi reka á Íslandi, í hve miklar ríkisábyrgðir ríkisstj. megi ganga? Man hann, að það var þá fyrirrætlunin að hindra bæði fyrstu Sogsvirkjunina, Ljósafossvirkjunina og hitaveituna af hálfu Breta og að það tókst með miklum herkjum á löngum tíma að útvega þau lán annars staðar, í Svíþjóð mestmegnis, til að standa undir því? Þetta, sem hann kallar venjuleg lán, eru venjulega lán, sem erlendir, voldugir auðvaldsbankar veita okkur, sem nota sína aðstöðu til þess að ætla að fyrirskipa okkur vissa hluti. Við þurfum ekki að fara lengra en þegar Alþjóðabankinn fór að skipta sér af því og setti þau skilyrði í sambandi við lán til Sogsvirkjunarinnar, til Írafossvirkjunarinnar, að Sogsvirkjunin yrði að gera ákveðinn samning við áburðarverksmiðjuna, með ákveðnu verði til ákveðins langs tíma, yrði að gera þann samning, ella yrði ekki lánað. Við skulum þess vegna ekki fara að kalla þessi lán og allar þær fyrirskipanir, sem í sambandi við það standa, venjuleg lán. Við skulum ganga út frá því, að þetta sé í raun og veru það, sem ætti að vera það óvenjulega, það ætti að vera mögulegt fyrir menn að taka lán til nýtilegra framkvæmda, eins og við gerum, án þess að verða meira eða minna undirorpnir afskiptum erlendra auðdrottna þess vegna.

Svo sagði hæstv. viðskmrh., þegar hann var að tala um, hvað afborganirnar hefðu aukizt 1960, að það hefði ekki verið þessi stjórn, sem stofnaði til skuldanna, skildist mér. Stjórnin, sem stofnaði til skuldanna, var einhver vond stjórn, fyrirhyggjulaus stjórn, sem hugsaði víst ekki mikið, þegar hún stofnaði til skulda. Mér fannst það liggja í orðunum. Þessi stjórn er hrein. Og hver var stjórnin sem stofnaði til skuldanna? Alþýðuflokksstjórnin 1958. Var ekki hæstv. viðskmrh. líka viðskmrh. þá? Var það af því, að það voru kosningar á því ári, að ráðizt var í mikil lán til togara og annað slíkt, — jafnvel tvennar kosningar? Mér finnst, að hæstv. viðskmrh. núv. stjórnar Ólafs Thors eigi

ekki að deila svona hart á viðskmrh. ríkisstj. Emils Jónssonar. Ég held, að það sé fullmikið að finna sig orðinn sjálfstæðismann og fara að deila á Alþfl.-stjórnina fyrir það, sem hún hafi gert á árinu 1959, og afsaka þessa stjórn með því. Ég held, að hvor tveggja verknaðurinn hafi verið á ábyrgð sömu stjórnar. Þá finnst mér satt að segja skörin vera farin að færast upp í bekkinn, ef farið er að verja núv. stjórn með því að skamma Alþfl.-stjórnina frá því árinu áður, og sízt af öllu hefði það þó átt að koma úr sjálfum Alþýðuflokksherbúðunum. En það er skiljanlegt, að til margs verði að grípa, þegar menn eru komnir í slíkt öngþveiti sem þessi ríkisstj. er og þegar þessi hæstv. ráðh. sýnir einn saman það hugrekki af öllum stjórnarherrunum að sitja áfram á ráðherrabekkjunum, þegar allir hinir eru flúnir og hafa þó aldrei reynt að berjast.

Svo svaraði hæstv. viðskmrh. mér um endurkaupsverðið. Jú, hann sagði, að raunverulega ætti þetta að þýða sama og söluverð. Og ég vil spyrja: Gerir þá nokkuð til, þótt við í fjhn. breytum þessu í söluverð? Hann sagðist vera mér sammála um, að það væri alveg rétt, að raunverulegt söluverð væri ekki til í íslenzka þjóðfélaginu, markaðurinn væri svo lítill. Markaðsverði gæti maður ekki reiknað með á hlutum eins og togurum, notagildið eitt fyrir þjóðfélagið væri þar. Hann virtist sem sé alveg fallast á, að það væri a. m. k. ekki enn þá hægt að fara að meðhöndla Ísland eins og væri búið að koma hérna á einkaauðvaldsskipulagi. Ég held þess vegna, að það væri rétt í fjhn., að við breyttum þessu þannig, að við settum *þarna: söluverð. Það er aðeins eitt, sem gæti* verið því til fyrirstöðu eftir þeim skilningi, sem mér virtist nú hæstv. ráðh. leggja í þetta, og það er, hvort bankastjórarnir mundu misskilja þetta. En ég held, að það ætti ekki að vera ofverk hæstv. ríkisstj. nú og kannske okkar allra að koma bankastjórunum í skilning um, að þeir haldi áfram þeirri sömu merkingu, sem þeir hafa lagt í orðið söluverð í sambandi við eignir allan þann tíma, sem Landsbankinn hefur starfað. Það hefur alltaf verið regla þessara banka, t. d. hvað togarana snertir, að þeir hafa ekki verið boðnir upp eins og hver önnur húseign. Ég held þess vegna, að við eigum ekki að fara inn á að fara þarna að taka upp nýtt hugtak í sambandi við þetta fjármálalega mat.

Svo svaraði hæstv. viðskmrh. því, hvað mundi verða um aðra atvinnuvegi. Ef Seðlabankinn eflist og ef vel tekst með þetta lánabreytingakerfi, sagði hann hér, mundi kannske koma röðin að öðrum atvinnuvegum. Ég verð nú að segja hæstv. ráðh., að ég lít ekki á þetta sem neitt stórkostlegt nýtt kerfi, sem hér sé verið að innleiða, og ég held, að enginn bindi þær vonir við það, sem hann gerir ráð fyrir. Ég held, að það líti hver einasti maður og sérstaklega öll hæstv. ríkisstj. á þetta sem augnablikssamninga við útgerðarmennina um að koma flotanum af stað. Einu sinni var gripið til bátagjaldeyris. Stundum er gripið til skuldaskilasjóðs. Það er gripið til alls konar ráða til þess að dylja hlutina fyrir almenningi og það skirt einhverjum fallegum nöfnum, og ég held, að allir hæstv. ráðherrar geri sér þetta alveg ljóst, nema máske hæstv. viðskmrh. Hann tekur þetta alvarlega. Ég verð að segja: Mikil er trú þín, kona! Það er sannarlega lofsvert af hæstv. viðskmrh. að hafa svona mikla trú á annarri eins bölvaðri vitleysu og ríkisstj. er að gera. En hitt skal ég ekki lá honum, af því að hann reynir að verja þetta, þó að hann sé nú farinn að þreytast. Ég held þess vegna, að það sé alveg eins rétt fyrir okkur að gera okkur ljóst, að Seðlabankinn kemur aldrei til með að eflast þannig, að hann hrúgi til sín slíkum auði, *að það verði farið að hafa einhvern svipaðan* hátt á um allar aðrar atvinnugreinar á Íslandi. Það stendur þannig núna, að það er gerður samningur við útvegsmennina, af því að það þarf að koma útveginum einhvern veginn af stað. Það er verið að reyna að gera þetta sem fallegast, mála yfir sprungurnar, sem hafa myndazt í höll ríkisstj., svo að hún líti fallegar út, áður en hún hrynur.

Þá sagði að lokum hæstv. viðskmrh., að hann hefði aldrei sagt, að vextir hefðu enga þýðingu. Ég held, að ég hafi ekki heldur sagt það. En ég man ég sagði, að hann hefði einu sinni sagt í þessu sambandi, að þeir hefðu litla þýðingu. Ég vil minna hæstv. viðskmrh. á dæmið, sem var tekið hér af 4. þm. Austf. um vinnulaunagreiðslur í einu hraðfrystihúsi, sem voru 1959 3.3 millj. og vaxtagreiðslurnar tæp 1 millj. 1960 hækkuðu vextirnir um 700 þús. kr., upp í 1 millj. og 700 þús. Það samsvarar því, að vinnulaun hefðu hækkað um 22%. Hæstv. viðskmrh. sagði, að þessar vaxtahækkanir hefðu sem sé enga úrslitaþýðingu. Ég vil leyfa mér að skoða þetta sem yfirlýsingu frá hans hálfu um, að 22% kauphækkun hafi enga úrslitaþýðingu. Og ég mun, að svo miklu leyti sem ég get haft einhver áhrif, beita mér fyrir því, að slík kauphækkun fari fram og að ríkisstj. standi undir því, að það hafi enga úrslitaþýðingu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér finnst rétt að byrja á að viðurkenna það, sem mér finnst hafa komið fram viðurkenningarvert í þeirri ræðu, sem hæstv. viðskmrh. flutti hér áðan. Hann sagðist taka það alveg sérstaklega fram, að hann teldi, að greiðslubyrðin hafi ekki verið orðin neitt sérlega óhagstæð, eins og hún *var á árinu 1958 eða þegar vinstri stjórnin lét af* völdum, m. ö. o.: það sé vegna þeirrar aukningar, sem síðar hafi orðið á greiðslubyrðinni og aðrar ríkisstjórnir bera ábyrgð á, hvað hún er orðin hættuleg nú frá hans sjónarmiði. Ég tel þessa viðurkenningu mjög mikilsverða frá hæstv. viðskmrh., vegna þess að þegar verið var að koma viðreisninni fram hér á seinasta þingi, var lögð á það gífurleg áherzla, að hún væri sérstaklega nauðsynleg vegna þess, hve greiðslubyrðin hefði aukizt óskyggilega mikið á árunum 1955—58, og það var ein meginuppistaðan í þeim boðskap, sem Jónas Haralz flutti í ríkisútvarpið 1. des. 1959, hve gífurlega mikil hækkun hefði orðið á greiðslubyrðinni á þessum tíma og hve hún væri stórkostlega hættuleg. Nú

hefur hæstv. viðskmrh. hins vegar tekið þetta aftur, sem er alveg rétt hjá honum, og sagt, að hann áliti ekki greiðslubyrðina neitt sérstaklega óhagstæða, eins og hún hafi verið á árinu 1958. Ég vil þá vænta þess, að það verði haldið áfram af hæstv. stjórnarsinnum að viðurkenna þetta, að það, sem þeir telji óskyggilegt við greiðslubyrðina, hafi fyrst og fremst myndazt, eftir að vinstri stjórnin fór frá völdum.

Ég verð hins vegar að segja það, að ég er ekki ánægður yfir því svari, sem hæstv. viðskmrh. gaf við fyrirspurn minni, og ég skil satt að segja ekkert í því, hvað veldur því svari hans, því að það má hæstv. viðskmrh. yfirleitt eiga, að hann er nokkuð fljótur til að svara þeim fyrirspurnum, sem fyrir hann eru lagðar hér á þinginu, og gerir það yfirleitt hógværlega og kurteislega, en það gerði hann ekki að þessu sinni. Ég spurði hæstv. ráðh. að því, hvaða erlendir fjármálamenn og erlendar fjármálastofnanir það hefðu verið, sem hefðu gefið þær yfirlýsingar, um það leyti sem eða eftir að vinstri stjórnin fór frá völdum, að lánstraust Íslands væri þrotið og ekki væri unnt að láta Ísland fá lán erlendis, nema hér yrði breytt um fjármálastefnu. Ég hélt, vegna þess að viðskmrh. var svo oft búinn að vitna í þetta hér og halda þessu fram, að það væri ekki neitt erfitt fyrir hann að svara þessari spurningu alveg hreinskilnislega og hógværlega. En í staðinn fyrir að svara spurningunni á þann veg, vísaði hann til annars manns að svara henni. Sá maður hefur svarað fyrir sitt leyti og segist ekki hafa neina vitneskju um það, sem hæstv. viðskmrh. taldi að hann ætti að hafa vitneskju um. Ég vil þess vegna vænta þess, að viðskmrh. breyti hér um vinnubrögð og svari með svipuðum hætti og hann svarar venjulega, hreinskilnislega og kurteislega, og að hann segi það þess vegna hér alveg hiklaust opinberlega, hvaða erlendir fjármálamenn og erlendar fjármálastofnanir það hafi verið, sem hafi gefið þessar yfirlýsingar. Ég treysti hæstv. viðskmrh. það vel og hef það mikið álit á honum, að ég álít, að það ætti ekki að þurfa að vera nein fyrirstaða á því, að hann svaraði þessum fyrirspurnum, svo framarlega sem þessir erlendu fjármálamenn og erlendu fjármálastofnanir eru til og sagan er ekki hreinlega tilbúin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, MÁM, RH, SkG, ÞÞ, JKs, ÁÞ, BF, BP, JPálm, EystJ, IG, GíslG, GíslJ, GuðlG, GunnG, GÞG, HÁ, HS, HV, JSk, JR, BGr.

17 þm. (LJós, ÓTh, PS, SÁ, SI, BK, BBen, BFB, EðS, EOl, EmJ, GeirG, GÍG, GJóh, IngJ, JóhH, EinS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 269, n. 412 og 421, 413).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mál það, sem hér liggur fyrir, hefur fjhn. haft til meðferðar alllengi og athugað þetta mál ýtarlega, og má segja, að nefndarmenn hafi í meginatriðum verið sammála og séu sammála um þetta frv., þó að hins vegar einstakir nm., — og á ég þar sérstaklega við hv. 1. þm. Norðurl. v., — vilji ganga nokkru lengra, og hefur hann því skilað sérálíti og flytur sérstakar till. í samræmi við þessa skoðun sína.

Ég vil leyfa mér að fara örfáum orðum um aðdraganda þessa máls, en hann er sá, að á s. l. ári, þegar fór að líða nokkuð á árið, bar allverulega á greiðsluerfiðleikum hjá útgerðinni. Það má segja, að þeirra hafi reyndar fyrst orðið vart strax eftir vetrarvertíðina, sérstaklega í aðalverstöð landsins, Vestmannaeyjum, þar sem vertíðin endaði verr en margir höfðu búizt við og venja er þar nú. En hin svokallaða páskahrota brást, og allt slíkt hefur mikil áhrif á efnahag og greiðslugetu þeirra, sem að þessum atvinnuvegi standa. Þegar kom fram á sumar, fóru síldveiðarnar ekki betur en raun ber vitni um. Allan tímann var ákaflega mikill aflabrestur hjá togaraútgerðinni, og þegar kom fram á haustið, má segja, að algerlega hafi brugðizt reknetaveiðin hjá síldarflotanum hér við Suðvesturlandið, sem hafði mjög tilfinnanleg áhrif, þó að nokkuð hafi úr bætzt og þó einkum og sér í lagi hjá einstökum aðilum í sambandi við síðari síldveiðar á hringnótabátum.

Það mun þess vegna hafa verið strax á miðju sumri, að hæstv. ríkisstj. hóf viðræður um það við bankana, hvernig greiða mætti úr þeim greiðsluerfiðleikum, sem hér var um að ræða, sérstæðum erfiðleikum, sem útgerðin átti þarna við að stríða. Aðalviðskiptabankar útvegsins í þessu sambandi, Landsbankinn og Útvegsbankinn, ræddu þessi mál sín á milli, og ríkisstj. hafði forgöngu um að fela sérstakri nefnd athugun þessa máls í samráði við fulltrúa frá þessum tveimur viðskiptabönkum. Það var sýnilegt, að hér mundi verða um töluvert yfirgripsmikið mál að ræða, en skoðanir manna hnigu þó í meginatriðum að einu marki, að það, sem hér þyrfti að gera, væri fyrst og fremst að bæta úr þeim tilfinnanlega stofnlánsfjárskorti, sem útvegurinn hefur búið við á undanförnum árum. Mönnum var fyllilega ljóst, að greiðsluerfiðleikarnir, burt séð frá þeim ástæðum, sem ég áðan greindi, stöfuðu að verulegu leyti af því, að atvinnureksturinn hafði gengið of nærri sjálfum sér, þ. e. a. s. sínum rekstrarfjármöguleikum, í sambandi við þær framkvæmdir, sem unnar hafa verið á undanförnum árum.

Þegar lögin um Fiskveiðasjóð Íslands voru endurskoðuð á árinu 1955, var almennt gert ráð fyrir því, að Framkvæmdabankinn mundi verða þess megnugur að sinna því meginverkefni að sjá stærri fyrirtækjum í sjávarútvegi fyrir nægjanlegum stofnlánum, bæði vinnslustöðvum og frystihúsum, og nokkur verkaskipting mundi þarna verða og fiskveiðasjóðurinn fyrst og fremst sinna sjálfum bátaflotanum og þörf hans fyrir stofnlán. Varðandi fiskveiðasjóðinn má segja, þó að stundum hafi verið nokkuð erfitt í bili, þá hefur á öllu þessu tímabili í höfuðatriðum tekizt að tryggja nægjanlegt stofnfé til endurbyggingar bátaflotans og til viðhalds

honum. Það má segja, að verkefni fiskveiðasjóðs sé víðtækara, bæði að veita lán til fiskvinnslustöðva og síldarsöltunarstöðva o. s. frv., en þeim þætti hefur fiskveiðasjóðurinn ekki verið nema að litlu leyti megnugur að sinna. Hins vegar hefur gengið miklu skrykkjóttar með stofnlán til hinna stærri vinnslustöðva og stærri frystihúsa. Það hefur þó tekizt í sumum tilfellum að útvega erlend lán, stundum fyrir milligöngu eða í sambandi við Framkvæmdabankann, og til skamms tíma, sem þá hefur aftur verið ráðgert að lengja með síðari lánum frá Framkvæmdabankanum. En þetta er þó ekki nema að mjög takmörkuðu leyti og alls ekki almennt og segja má allra sízt á Suðvesturlandi, við Faxaflóa og Vestmannaeyjar, þar sem vinnslustöðvarnar af þessu tagi eru nú þó stærstar og afkastamestar. Hins vegar er það svo, að það hafa auðvitað risið upp á þessum árum bæði nýjar vinnslustöðvar og afkastageta hinna eldri hefur stórum aukizt og töluverðar og veigamiklar nýjungar verið framkvæmdar frá ári til árs, og þetta er m. a. ein af ástæðunum fyrir því, að þessi fyrirtæki voru komin í þá greiðsluerfiðleika á s. l. ári, sem ég gat um í upphafi. Þá var stefnt að því að breyta stuttum lánum slíkra fyrirtækja í lengri lán til þess að bæta úr þeim lánsfjárskorti til lengri stofnlána, sem þessi fyrirtæki höfðu búið við á undanförnum árum, og upp úr athugun þessa máls varð svo til það mál, sem hér um ræðir, sem upphaflega voru brbl., gefin út 5. jan. 1961, og frv. það, sem hér liggur fyrir, er svo til staðfestingar á.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þennan aðdraganda málsins. Ég veit, að hv. þm. er hann í sjálfu sér fyllilega ljós.

Um efni þessa máls í aðalatriðum vil ég segja það, að menn verða að gera sér grein fyrir því, að það er takmarkað og því hefur aldrei verið ætlað annað en að vera takmarkað, bundið við að breyta stuttum lánum í lengri lán, og þá ekki miðað við það, að í raun og veru um neitt nýtt fé til þessara fyrirtækja, sem hér um ræðir, væri að ræða í sambandi við sjálfa lánabreytinguna. Ég get vel skilið, að sumir vildu ganga lengra en þetta og teldu þörf á stærri aðgerðum, en frv. þetta miðar ekki við meiri aðgerðir en þetta. Hvort þær eru svo nægjanlegar til þess að ráða fram úr þeim erfiðleikum, sem útgerðin hefur átt við að stríða, skal ég ekki fullyrða um, en reynslan sker úr því, og það má segja, að það sé í sjálfu sér eðlilegt og rökrétt að athuga fyrst í stað, hversu langt má komast með þessum fyrirhuguðu lánabreytingum, enda þótt ef til vill yrði síðar nauðsynlegt að ganga eitthvað lengra, þó að engin ákvörðun væri tekin um það að sinni. Og sjálfur er ég almennt þeirrar skoðunar, að það væri rétt að láta bíða víðtækari tillögur, þar til sæist nokkuð, hvernig framkvæmdinni á þessu máli vindur fram.

Það hefur alveg sérstaklega verið bent innan fjhn. á tilsvarandi þarfir landbúnaðarins, og ein af brtt. hv. 1. þm. Norðurl. v. miðar við það að setja á stofn að einhverju leyti tilsvarandi stofnlánadeild fyrir landbúnaðinn eins og sjávarútveginn. Aðrir hafa talað um iðnaðinn, og við vitum, að þar hafa verið miklir stofnfjárörðugleikar á undanförnum árum. Nú hefur það verið upplýst af hæstv. ríkisstj., og fjhn. hefur fengið þær upplýsingar, að hún hafi falið þeim sérfræðingum sínum, sem unnu að undirbúningi þessa máls, að kanna aðstöðu landbúnaðarins að þessu leyti og athuga, að hve miklu leyti hér er um sambærilegar aðstæður að ræða. Ég held, að það hafi bæði innan n. og eftir því sem ég veit bezt innan ríkisstj. verið fullur skilningur á því, að það mál þyrfti vissulega að taka til athugunar, þegar það lægi fyrir, að hér væri um svipaðar, — ekki aðeins sambærilegar aðstæður, heldur að einhverju leyti svipaðar aðstæður að ræða. En ég tel það svipaðar aðstæður, ef það lægi við borð, að bændur væru að gefast upp á búrekstri sínum vegna greiðsluerfiðleika, eins og sumum útgerðarfyrirtækjum hefur legið við stöðvun, enda þótt segja megi, að efnahagur þeirra væri góður og í sumum tilfellum mjög góður, aðeins vegna greiðsluerfiðleika, sem af þeim ástæðum hafa sprottið, sem ég hef vitnað til.

Um einstök atriði þessa frv. skal ég fara örfáum orðum.

Fyrst vil ég víkja að brtt., sem fjhn. flytur sameiginlega á þskj. 413 og ég geri ekki ráð fyrir að neinn ágreiningur sé um. Það er bætt þar inn í 1. gr. nokkrum orðum, þar sem beinlínis er sagt, að stofnlánadeildin geti stofnað til skuldar við Seðlabankann í því skyni að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, sem stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, eins og segir í 1. gr. Þetta er í raun og veru viðbót, sem er alveg í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, sem gefin var út, 1. og 2. gr. hennar, og er með þessu aðeins tekið fram bókstaflega í frv., að stofnlánadeildin geti stofnað til skuldar við Seðlabankann í þessu sambandi. En við allan undirbúning málsins hefur það verið haft í huga, að það fé, sem stofnlánadeildin fengi til þessara hluta, kæmi frá Seðlabankanum, sem hins vegar mundi að miklu leyti eða kannske nær öllu leyti ná þessu fé aftur inn í sambandi við viðskipti sín við viðskiptabankana, sem létta lausaskuldum af sér við þau fyrirtæki, sem lán fá frá stofnlánadeildinni, en bera þó ábyrgð á hinum lengri lánum.

Þá er 2. brtt. fjhn., við 3. gr. Það má segja, að hún sé til þess að taka af tvímæli og skýra nokkuð frekar það, sem var gert ráð fyrir, en það var gert ráð fyrir innheimtustöðvun í vissum samböndum, þegar verður farið að framkvæma þessa löggjöf, — innheimtustöðvun hjá fyrirtækjum, meðan viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis ásamt stofnlánadeildinni gefst tóm til þess að athuga fjárhag fyrirtækisins, en þó er ekki gert ráð fyrir þessari innheimtustöðvun til lengri tíma en fram að næstu áramótum. Brtt. hefur aðeins nánari skýringarákvæði um þessa innheimtustöðvun í vissum samböndum. Þar eru undanþegnar innheimtustöðvun skuldbindingar samkvæmt vinnusamningum og

hlutaskiptasamningum. Það er að vísu með þeim takmörkunum: sem hefur verið stofnað til á næstu 6 mánuðum á undan þeim degi, sem umrædd tilkynning stofnlánadeildarinnar berst skiptaráðanda. Sumir nm. vildu ganga lengra, og hv. 4. þm. Austf. vildi í raun og veru heldur miða þetta við ár, en það var samkomulagsatriði að miða þetta við 6 mánuði, og við höldum, að það sé girt fyrir alla erfiðleika með því að miða við 6 mánuði. Það kann að vera, að það sé eitthvað af ógreiddum vinnuskuldum hjá þessum fyrirtækjum, en sennilega mundi það vera afar lítið, ef nokkuð af slíkum skuldbindingum, sem eldra er en 6 mánaða, ef ekki ber þá eða er óhætt að líta á þær í raun og veru í öðru sambandi, eins og aðrar skuldbindingar en við venjulega eigum við með vinnu eða skuldbindingar skv. vinnusamningum eða ógreidd vinnulaun, eins og réttast væri að orða það. Við erum sem sagt þeirrar skoðunar í fjhn., að með þessu ákvæði séu í raun og veru vinnulaunin undanþegin þessari innheimtustöðvun, sem 3. gr. gerir ráð fyrir. Svo þótti ástæða til að kveða skýrt á um það, að þær skuldbindingar, sem verða til, eftir að þessi lög taka gildi, skyldu ekki háðar þessari innheimtustöðvun, því að ef svo væri, mundu að okkar dómi lögin sennilega ekki ná tilgangi sínum, en hann er, að atvinnureksturinn geti haldið óhindrað áfram, það mundi leiða of mjög til þess, að það skapaðist kannske tregða á því, að menn vildu stofna til skuldbindinga við þessi fyrirtæki. En til þess að auðvelda framkvæmdina á þessu þótti heppilegra að miða við einn ákveðinn og tiltekinn dag í þessu sambandi, og er þá miðað við 14. jan. 1961, en það er sá dagur, þegar reglugerðin skv. bráðabirgðalögunum var gefin út, og þá haft í huga, að með því móti falli að mestu leyti þær skuldbindingar undir þetta, sem stofnað er til í sambandi við núverandi vetrarvertíð, og verði þess vegna ekki háðar innheimtustöðvuninni. Það er að sjálfsögðu vonazt til þess, að til þessa ákvæðis þurfi ekki að grípa í ríkum mæli, að það verði undantekningartilfelli, ef þarf að biðja um innheimtustöðvun hjá útgerðarfyrirtækjum, og miðað við þær kannanir, sem viðskiptabankarnir hafa haft á þessu máli á s. l. ári, eins og ég vék að áðan, er ætlun þeirra, að það mundi aðeins vera í fáum tilfellum, sem til slíkrar innheimtustöðvunar þyrfti að koma.

Þetta eru þá þær tvær brtt., sem n. flytur sameiginlega, sem ég nú hef gert grein fyrir.

Ýmis önnur atriði hafa verið rædd í sambandi við frv., og þar skal ég fara mjög fljótt yfir sögu.

Það hefur verið rætt um vextina og hv. 1. þm. Norðurl. v. vildi ákveða vextina í frv. Þar eru þau ákvæði í 2. gr., að vaxtakjörin skuli ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar að höfðu samráði við ríkisstj., og fjhn. hefur fengið þær upplýsingar, að ráðagerðir muni hafa verið um það milli ríkisstj. og stofnlánadeildar, að þessir vextir yrðu 6½%, eða eins og útlánavextirnir hjá fiskveiðasjóði eru núna.

Það er talað um viðskiptabanka í 2. gr. og var töluvert mikið til umr. innan fjhn., þar sem segir, að lán þessi skuli aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Hér hefur í raun og veru verið átt við þá viðskiptabanka, sem helzt gæti verið um að ræða fyrst og fremst, þ. e. Útvegsbankinn og Landsbankinn, en aðrir viðskiptabankar ríkisins koma auðvitað þarna líka til greina og aðrir viðskiptabankar, ef eru. En þetta ber að skilja svo, að það hefur verið meiningin að taka þetta við viðskiptabankana, en þó finnst mér gæta nokkurs misskilnings, sem fram kemur í nál. frá minni hl. fjhn., þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi lán, sem hér er um að ræða, mega því ekki vera þeim skilyrðum bundin, að þau fari eingöngu til greiðslu á bankaskuldum."

Það er ekki skilyrði um það hér í l., að þau fari til greiðslu á bankaskuldum, en það er skilyrði, að viðskiptabankarnir ábyrgist þessi lán. Ef viðskiptabankarnir fallast á, að önnur lán en bankalán greiðist með þessum stofnlánum, þá er það þeim sjálfum í sjálfsvald sett, viðskiptabönkunum, sem eiga að taka ábyrgðina. En þeir ráða því hins vegar, vegna þess að þeim er ætlað að taka ábyrgðina, hvort þeir vilja taka á sig ábyrgð af svo miklum lánum hjá viðkomandi fyrirtæki, að þau fari umfram það að gera upp skuldbindingar við sjálfan bankann og einnig til þess að gera upp aðrar lausaskuldir. Þetta fer sjálfsagt í framkvæmdinni töluvert eftir aðstöðu hinna einstöku fyrirtækja, mati bankastjórnanna á þeim og aðstöðu viðskiptabankanna sjálfra, því að eins og ég sagði áðan, er gert ráð fyrir því, að þeir verði í öllum meginatriðum að bæta sína aðstöðu við Seðlabankann sem nemur þeim lánum, sem viðskiptafyrirtækjum þeirra eru veitt frá stofnlánadeildinni. Það mætti þess vegna segja, að ef það væru alveg 100%, þá væri það svo, ef gerðar eru upp 10 millj. kr. lausaskuldir — við skulum segja við Útvegsbankann — með löngu láni til stofnlánadeildarinnar, þá á hann að bæta sína aðstöðu við Seðlabankann um þessar sömu 10 millj., annaðhvort lækka sínar skuldir við Seðlabankann sem því svarar eða auka innistæður sínar sem þessu svarar. Þetta getur auðvitað bankinn gert, enda þótt hann taki inn í lánveitingarnar aðrar skuldbindingar. Það færi að sjálfsögðu eftir því, hvað greiðslugeta hans á hverjum tíma væri mikil. M. ö. o.: hann gæti fallizt á, að inn í lánabreytinguna væru tekin lán til að breyta lausaskuldum við aðra aðila en bankann sjálfan. Til að skýra þetta nánar gæti vel verið um að ræða fyrirtæki, sem skuldaði 5 millj. öðrum og 5 millj. bankanum. Ef bankinn ákveður að taka þessar 5 millj. hjá öðrum inn í lánabreytinguna, þá er það vegna þess, að hann engu að síður treystir sér til þess að bæta sína aðstöðu við Seðlabankann um hinar umræddu 10 millj. og eykur þá sín útlán sem þessum 5 millj. nemur. En í sambandi við sjálfa lánabreytinguna eða konverteringuna, eins og hún hefur verið nefnd, er í sjálfu sér ekki gert ráð fyrir neinni nýrri útlánaaukningu, og hvort í sambandi við hana verður hægt að taka aðrar skuldir en við banka, fer því eftir aðstöðu og mati viðskiptabankanna.

Í 4. gr. er talað um, að lánveitingar samkv. lögum þessum séu háðar ákvæðum l. um stofnlánadeildina frá 1946, þó ekki ákvæðum 3.—11. gr. Þau skipta í raun og veru engu máli, þessi ákvæði 3.—11. gr., nema eitt, og það er ákvæðið um, að ríkið ábyrgist allar skuldbindingar í sambandi við lán stofnlánadeildarinnar frá 1946, en þessi ríkisábyrgð fellur niður með þessu ákvæði, því að hún er í 4. gr. og gildir ekki lengur. Í staðinn fyrir ríkisábyrgðina kemur þá þessi umtalaða ábyrgð viðskiptabankanna á öllum lánunum, sem samkv. þessum lögum verða veitt.

Ég vil leyfa mér að víkja aðeins örfáum orðum að einu atriði, sem nokkuð hefur komið til umr. hjá okkur í fjhn., og það er ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar, sem skýrir nánar ákvæði frv., en þar er sagt, að hámarkslán að viðbættum öðrum lánum, sem á hinum veðsettu eignum hvíla, skuli vera 70% af matsverði. Svo er heimilt, að stofnlánadeildin geti jafnvel lækkað þetta hlutfall. Meginhugsunin er sem sagt sú, að þegar lánabreytingunni væri lokið og búið að breyta því, sem breytt verður af lausum lánum í föst lán, þá verða þó öll föst lán, eldri og yngri, viðkomandi fyrirtækja ekki hærri en svo, að þau nemi 70% af matsverði eignanna, sem um er að ræða, hinna veðsettu eigna. Það getur verið töluvert matsatriði, hvort hér á að miða við 70%. Sumum finnst það nokkuð lágt. (Gripið fram í.) Það er sérstök matsnefnd samkv. l., sem metur þessar eignir, og hefur þegar verið skipuð og er tekin til starfa, þriggja manna matsnefnd. Ég skal koma að því svolítið seinna. Það hefur að vísu verið upplýst í fjhn., að það væri skilningur ríkisstj., að utan við þessi 70% mætti líta á lánin, sem veitt hafa verið á undanförnum árum til atvinnuaukningar til einstakra fyrirtækja, þó að þau yrðu umfram þetta, þau eru, eins og hv. þm. er kunnugt um, með nokkuð sérstökum hætti. Ég vil segja fyrir mitt leyti líka, að það er dálítið erfitt að setja svona alveg tiltekið mark, 70%, og ég viðurkenni, að það kann að vera mikið matsatriði, hvort þetta ætti að vera 70%, 75% eða jafnvel 80%. En þetta er nú ekki ákveðið í l., heldur í reglugerðinni, og ég held, að ef framkvæmdin sýndi, að hér þyrfti einhverju til að hnika, þá ætti að vera auðvelt að gera það, og í sjálfu sér væri langæskilegast, að þetta hlutfall gæti verið sem hæst. En veruleikinn er ekki alltaf það æskilegasta, sem við eigum við að glíma, og þetta atriði kynni kannske að verða í einstökum atriðum erfitt í framkvæmd. En ég held, að það mundi sjást miklu betur, þegar fram í sækir og hin einstöku fyrirtæki verða tekin til athugunar og mötin liggja fyrir. En um eignarmatið vil ég segja, að það er í 2. gr., síðustu mgr., ákvæði um það, eins og þar segir, að áður en lán er veitt, skal fara fram nýtt mat hinna veðsettu eigna, þar sem þær skulu metnar til endurkaupsverðs að frádregnum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar, frá því að hún varð til. Í reglugerðinni eru svo nánari ákvæði um matsnefndina, eins og segir þar í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Matsnefnd skal meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja stofnlánadeildinni. Matsnefndin skal skipuð þrem mönnum, einum tilnefndum af stofnlánadeildinni, einum af fjmrn. og hinum þriðja af Landsbanka Íslands, viðskiptabanka, og Útvegsbanka Íslands sameiginlega. Matsnefndin getur með samþykki stjórnar stofnlánadeildarinnar skipað menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það.“

Svo kemur meginreglan úr l., að eignir skuli metnar til endurkaupsverðs að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar, frá því að hún varð til.

Það er nokkuð langt síðan þessi matsnefnd var skipuð, og hún hefur, eftir því sem ég bezt veit, þó að ég hafi ekki fylgzt náið með því, hagað störfum sínum þannig að setja almennar reglur um mötin og mun síðan fá undirmatsmenn, eins og segir í reglugerðinni, til þess að framkvæma mötin eftir þeim meginsjónarmiðum og meginreglum, sem hún gefur þeim fyrirmæli um, og sjálf verður aðalmatsnefndin að bera ábyrgð á mötunum gagnvart stofnlánadeildinni.

Þetta atriði um matið hefur töluvert verið rætt innan fjhn. Það má segja, að það sé nokkuð ný meginregla, sem þarna er um rætt, þ. e. a. s. að meta til endurkaupsverðs, hvort sem maður notar orðið endurkaupsverð eða verðgildi þess, sem kosta mundi að byggja þessi fyrirtæki núna, að frádreginni þeirri rýrnun, sem átt hefur sér stað, frá því að fyrirtækjunum var komið á fót. En það ber líka að hafa þessa meginreglu í huga, þegar rætt er um það atriði, sem ég vék að áðan, að lánið megi ekki að hámarki fara yfir 70% af slíku matsverði, sem hér er um að ræða.

Þegar þetta frv. kom fyrst til umr. hér í hv. Nd., var nokkuð gagnrýnt, að gefin hefðu verið út brbl. um þetta mál. Í sjálfu sér skiptir það nú ekki máli, úr því sem komið er. En þó vil ég vekja athygli á því, að miðað við það, hvernig gangur mála er nú og erfitt að koma löggjöf í gegnum þingið, þá hygg ég, að það sé síður en svo álösunarvert, eins og þetta mál er til orðið, en að sumu leyti til mikils hagræðis og einnig til bóta fyrir þm. Reglugerðin hefur einnig legið fyrir til athugunar, sem gefin var út samkv. brbl., og það hefur ekki þurft að tefja neitt framgang málsins, því að það hefur verið unnið og unnið mjög rösklega að þessum málum allan þann tíma, sem málið hefur verið til meðferðar hér í þinginu. Það má segja, að þetta væri kannske vafasöm meðferð, ef menn hefðu búizt við mjög miklum skoðanamun um þetta mál. En þegar það er ekki, tel ég, að það hafi verið mjög vel ráðið að viðhafa þessa meðferð málsins og geti ekki orðið til neins nema góðs og menn áttu sig betur á efninu. Auk þess er þar með komið í veg fyrir töf á framkvæmd mjög mikilvægs máls. Ef ekki hefði átt að hafa þennan hátt á, var í raun og veru hinn kosturinn nauðugur, sem við þekkjum nú hér á þinginu, en er í sjálfu sér ekki æskilegur, og það er, þegar ríkisstj. þarf að hraða málum í gegnum þingið, þannig að þm. vinnist ákaflega naumur tími til þess að átta sig á þeim, kannske á einum eða tveimur dögum eða einni nóttu, eins og stundum hefur þekkzt og þá ekki um lítilvægustu málin.

Nú mætti aðeins spyrja í sambandi við það, sem fram hefur komið í máli mínu um þetta mál: Hvað leysir eiginlega þetta mál? Leysir þetta nokkurn vanda? Því hefur verið haldið fram, að það sé ekki hér um að ræða að veita neitt nýtt fé til þeirra fyrirtækja, sem frv. þetta tekur til. Enda þótt svo sé ekki og það sé rétt, þá er hér hins vegar að mínum dómi um mjög mikilvægt mál að ræða. Í sambandi við framkvæmd þessa frv. fer fram mjög almennt uppgjör á efnahag þeirra fyrirtækja, sem frv. tekur til. Og það á upp úr því að fást sambærilegt efnahagsyfirlit fyrirtækjanna og auk þess sambærileg mót á eignum þeirra allra. Ég tel þetta ákaflega mikilsvert. Bankarnir hafa í samvinnu við stofnlánadeildina undirbúið sérstök umsóknareyðublöð í sambandi við framkvæmd þessa máls, og þar er sem sagt gert ráð fyrir því, eins og ég segi, að það verði sambærileg uppgjör á efnahagnum og langflest af þessum fyrirtækjum muni hér koma til greina. Það er að vísu vel hugsanlegt, að fyrirtækin biðji ekki öll um neina lánabreytingu. En bankarnir hafa báðir engu að síður óskað eftir því við matsnefndina, sem skipuð hefur verið, að hún láti meta eignir allra þeirra viðskiptafyrirtækja, enda þótt viðkomandi viðskiptafyrirtæki mundu ekki biðja um breytingu á lánum. Þetta er mikilvægt, og miðað við þær reglur, sem gert hefur verið ráð fyrir að lánin fari eftir, er að því stefnt, að þegar búið er að veita þau stofnlán, sem fyrirtækin hafa ekki getað fengið á undanförnum árum, þá eigi rekstur fyrirtækjanna að auðveldast svo, að þau þurfi ekki að fá nema allverulega miklu minna að láni út á sínar afurðir, út á sína framleiðsluvöru, frystan fisk, saltaðan og hertan og hvað annað, sem um er að ræða. Á undanförnum árum og upp á síðkastið hefur þetta verið svo vegna greiðsluerfiðleikanna, að fyrirtækin hafa í raun og veru þurft að fá allt að 100% eða allt verðmætið lánað, skömmu eftir að framleiðsluvaran er tekin til vinnslu eða er í miðjum klíðum í vinnslu, og er þá augljóst, að þau komast ekki hjá því að lenda í miklum greiðsluerfiðleikum, því að alltaf hleður áframhaldandi vinnsla á sig kostnaði o. s. frv. En hugsunin með þessu er sú, að eftir lánabreytingarnar, a. m. k. hjá heilbrigðum fyrirtækjum, sem eðlilegt er að falli undir þetta, gæti framkvæmd þessara mála komizt í það horf, að fyrirtækin þyrftu að jafnaði ekki að fá lánað nema kannske um 70%, eins og ráðgert hefur verið, af verðmæti framleiðsluvörunnar. Þá á hvert fyrirtæki eða hver útgerðarmaður eða hver aðili, sem hér á hlut að máli, 30% af sínum verðmætum á hverjum tíma í rekstrinum, og þegar hjólið er farið að snúast með þessum hætti, þá koma þessi 30% allajafna inn í reksturinn, eftir því sem salan fer fram og andvirðinu er skilað erlendis frá, og þar kemur alveg nýtt rekstrarfé til þessara fyrirtækja, sem hefur ekki verið fyrir hendi á undanförnum árum. Þess vegna er það mín skoðun, að reksturinn mundi stórlega auðveldast og þarna skapast nýir rekstrarfjármöguleikar, enda þótt hitt sé rétt, að ekki sé gert ráð fyrir nýju fjármagni, eins og ég gerði grein fyrir áðan, til þeirra útlána, sem stofnlánadeildin veitir þarna til lengri tíma, heldur sé þar aðeins um að ræða breytingu á stuttum lánum í löng lán.

Með þessu móti, þeim almennu uppgjörum og nýju mötum, sem fara fram á eignum útgerðarfyrirtækjanna og vinnslustöðvanna, skapast að mínum dómi grundvöllurinn að heilbrigðara og eðlilegra framtíðarskipulagi í þessum málum, og ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að vekja athygli á því, að hér er verið að bæta úr syndum liðins tíma, bæta úr fjárfestingarlánaskortinum á undanförnum árum. Það dugir auðvitað ekki að gera það núna og gera borðið hreint, ef svo má segja, ef ekki er um leið séð fyrir eðlilegum stofnfjárlánum í framtíðinni til þessara fyrirtækja. Það hlýtur því að vera það mál, sem næst rekur á eftir þessu, þegar þessar framkvæmdir samkv. þessu frv. hafa farið fram, að sjá þessum fyrirtækjum og þá kannske öðrum, eins og talað hefur verið um, í landbúnaði og iðnaði, fyrir nægjanlegum stofnlánum, því að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að ört vaxandi þjóð, eins og við Íslendingar, verður á hverjum tíma að gæta þess að efla og auka nægjanlega sína föstu fjármuni og þá fyrst og fremst í framleiðslustarfseminni, bæði til sjávar og sveita.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. forseti. Ég hef skilað séráliti um þetta frv. á þskj. 421. Ekki er það þó vegna þess, að það sé nokkur ágreiningur um það í n., að það eigi að samþykkja þetta frv. Nm. eru allir sammála um, að það sé þörf fyrir þessa lagasetningu og þær lánveitingar, sem hér er stofnað til.

Samkv. 1. gr. frv. á að opna nýjan lánaflokk hjá stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbankann í þeim tilgangi að veita lán til þeirra, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu. Og það er enginn vafi á því, að það er brýn þörf fyrir þessar lánveitingar, til þess að þessi fyrirtæki geti greitt af sínum lausaskuldum, sem á þeim hvíla nú. Það er vafalaust alveg rétt, sem haldið hefur verið fram, að hjá þessu verði ekki komizt, ef forða á stöðvun atvinnurekstrar hjá mörgum af þessum fyrirtækjum.

Þegar ríkisstj. lagði fram á síðasta þingi frv. sitt um efnahagsmál, sagði stjórnin í aths., sem frv. fylgdu, m. a., að það væri megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstj. legði til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár. Þrátt fyrir þennan megintilgang hefur svo til tekizt á fyrsta stjórnarári núv. hæstv. stjórnar, að mjög hefur versnað hagur atvinnuveganna og atvinnufyrirtækja. Það þurfti ekki að gera slíkar ráðstafanir, sem hér er stefnt að, í ársbyrjun 1960 vegna útgerðarinnar. Útgerðarfyrirtækin gátu þá hafið rekstur sinn án slíkra ráðstafana. En nú hins vegar er þörf fyrir þessar sérstöku lánveitingar. Af þessu sést, að hagurinn hefur versnað árið 1960. Þar koma til ýmsar orsakir og áreiðanlega ekki sú veigaminnsta, að ýmsar þær ráðstafanir, sem gerðar voru í efnahags-

málum á þingi í fyrra, hafa lagt miklar byrðar á atvinnureksturinn. Má þar til nefna t. d. vaxtahækkunina, hina miklu vaxtahækkun, sem hefur reynzt ákaflega þungur baggi á mörgum einstaklingum og atvinnufyrirtækjum, þyngri en svo, að þeir fái undir því risið.

Í 2. gr. frv. segir, að lánið skuli aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Það er samkv. þessu skilyrði fyrir lánveitingu, að bankaábyrgð sé til tryggingar láninu til viðbótar öðrum tryggingum. Í reglugerð, sem ríkisstj. hefur gefið út, segir enn fremur, að lánin skuli greiðast í reikning þess viðskiptabanka hjá Seðlabankanum, sem lánið ábyrgist, enda getur viðskiptabankinn sett það skilyrði, að lánsfénu sé varið til að greiða skuldir við hann eða aðrar skuldir til skamms tíma, sem hann ákveður. Það kemur þannig fram í reglugerðinni, að það sé fyrst og fremst ætlazt til þess, að þessi lán fari til að greiða skuldir við bankana, lausaskuldir, enda kom það fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., þó að það sé ekki útilokað, að lántakendur geti fengið eitthvað af lánsfénu til greiðslu á öðrum skuldum, en þá er það algerlega háð samþykki viðskiptabankans, — algerlega háð samþykki hans.

Ég tel ekki eðlilegt, að það sé ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir þessum lánum, að bankaábyrgð sé sett til viðbótar öðrum tryggingum. Það getur vitanlega verið um ýmsar aðrar tryggingar að ræða, alveg jafnöruggar, og því ástæðulaust þess vegna að setja þetta ófrávíkjanlega skilyrði, og ein af þeim brtt., sem ég flyt við frv., sú fyrsta, er um að breyta þessu, að í staðinn fyrir ákvæðið um, að lán skuli veitt gegn veðum í eignum og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis, skuli koma: „eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar, svo sem ábyrgð banka eða ríkis.“ Fleiri tegundir trygginga getur vitanlega verið um að ræða.

Ég tel einmitt ástæðu til að gera þessa breytingu, að setja ekki það skilyrði, að bankaábyrgð sé fyrir hendi, m. a. vegna þess, að ég tel alveg óhjákvæmilegt, að ýmsir lánveitendur fái hluta af sínu lánsfé til þess að greiða með því skuldir við aðra en banka. Það er vissa fyrir því, að margir þeir, sem þurfa á slíkum lánum að halda, skulda ýmsum öðrum en bönkum, og sé þar um verulegar lausaskuldir að ræða, geta þær verið þeim engu síður erfiðar en bankaskuldirnar og beinlínis valdið því, að þeir geti ekki haldið áfram sínum atvinnurekstri, en þá tel ég ekki heldur eðlilegt eða sanngjarnt að ætlast til þess, að viðskiptabankarnir gangi í ábyrgð fyrir lánum, að því leyti sem þau fara til greiðslu á skuldum við aðra en bankana.

Í frv., eins og það liggur fyrir, er ekkert sagt um það, á hvern hátt stofnlánadeild sjávarútvegsins eigi að afla fjár til þessara lánveitinga. Það er ekki kunnugt, að stofnlánadeildin ráði yfir neinu lausu fé, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að þessar lánveitingar muni nema í heild hárri upphæð, það er talað um nokkur hundruð millj. kr. Það þarf því einhvern veginn að sjá fyrir fé í þessar lánveitingar, og í reglugerðinni er sagt, að stofnlánadeildin geti stofnað til skuldar við Seðlabankann vegna þessara lánveitinga. Ég tel sjálfsagt, að ákvæði sé þá einnig sett í sjálf lögin, og fjhn. er sammála um það að bæta úr þessu og flytur brtt. á þskj. 413 um þetta atriði. Fyrri brtt. n., sem enginn ágreiningur er um, er einmitt um það, að við 1. gr. bætist, að stofnlánadeildin geti stofnað til skuldar við Seðlabankann í þessu skyni.

Í frv. segir ekkert um það, við hvað skuli miða upphæðir veittra lána. Hins vegar er ákvæði um það í reglugerðinni, eins og hv. frsm. meiri hl. n. gerði grein fyrir. Þar segir, að lánin skuli miða við það, að þau fari ekki fram úr 70% af matsverði eigna, sem lántakandi hefur og setur að veði.

Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, getur það verið ýmsum vandkvæðum bundið að setja þannig ákveðið mark, og ég hefði talið þess vegna rétt, að í sjálfum lögunum væri eitthvað ákveðið um, við hvað skuli miða lánin, en þó þannig, að þar væri ekki miðað við ákveðinn hundraðshluta af eignum lántakanda, heldur væri þetta ákvæði þannig, að lánveitandi hefði þar nokkru meira frjálsræði um ákvörðun lánanna.

Ég legg því til í einni af brtt. mínum, að við 2. gr. bætist ný mgr., sem ég legg til að verði þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun stjórnar stofnlánadeildarinnar. Séu lánin við það miðuð, að lántakandi geti greitt lausaskuldir og haldið áfram atvinnurekstri sínum, enda sé verðmæti þeirra eigna, er hann veðsetur til tryggingar láninu, nægilegt til greiðslu á því, eða aðrar tryggingar settar, er lánveitandi metur gildar.“

Ég vil vekja athygli á því, að ég segi þarna ekki, að lántakandi eigi að geta greitt allar lausaskuldir sínar, heldur grynnt það mikið á lausaskuldum, að hann geti haldið áfram atvinnurekstri sínum. Það er það, sem fyrir mér vakir.

Þá er það um vextina af lánunum. Um það atriði segir í 2. gr. frv., að vaxtakjörin skuli ákveðin af stjórn stofnlánadeildarinnar, að höfðu samráði við ríkisstjórn.

Ég tel eðlilegra, að sett sé í lögin ákvæði um vextina, og flyt því brtt. um, að við þessa mgr. bætist: „Og séu ársvextirnir eigi hærri en 5%.“ Ég geri ráð fyrir, að nægilega örðugt verði fyrir mörg af þessum fyrirtækjum að borga þá vexti, þó að þeir verði ekki ákveðnir hærri.

Við 3. gr. frv. flyt ég dálitla brtt. Upphaf greinarinnar í frv. er þannig núna: „Telji stjórn stofnlánadeildarinnar, að fengnum tillögum frá viðskiptabanka umsækjanda“ o. s. frv., — ég vil bæta þarna inn í orðunum „ef um er að ræða“. Þetta er í samræmi við það, að ég hef haldið því fram, að lántakendur ættu að geta fengið þarna lán til greiðslu á skuldum hjá öðrum en bönkunum, og vel geta verið lántakendur, sem þyrftu að koma til greina þarna, en ekki hafa neinn sérstakan viðskiptabanka.

Á liðnum árum hefur á ýmsum stöðum á landinu verið komið upp atvinnufyrirtækjum fyrir atbeina sveitarfélaga og með aðstoð þeirra til atvinnuaukningar á viðkomandi stöðum og til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Mörg af slíkum fyrirtækjum hafa notið aðstoðar ríkisins, bæði með lánum af atvinnuaukningarfé og á annan hátt, t. d. með ríkisábyrgðum. Þessi fyrirtæki munu yfirleitt vera á sviði sjávarútvegsins, og það má fastlega gera ráð fyrir því, að hagur þeirra ýmissa sé þannig um þessar mundir, að þau hafi brýna þörf fyrir aðstoð til þess að geta haldið áfram sínum atvinnurekstri. Ég legg því til í næstu brtt. minni, það er a-liður 3. brtt., að inn í frv. komi ný grein, þannig orðuð:

„Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs stofnlán samkv. þessum lögum, allt að 30 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli nefndar þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkv. 20. gr. fjárlaga."

Ég get vel búizt við því, að sum af þessum fyrirtækjum geti ekki sett tryggingar fyrir þeim lánum, sem þau nauðsynlega þurfa að fá til að geta haldið rekstrinum áfram, með öðru móti en því, að þau fái ríkisábyrgð. Samkvæmt minni till. yrði það sú n., sem úthlutar atvinnuaukningarfénu, sem ætti að meta ástæðurnar á hverjum stað og þörfina fyrir slíka ríkisábyrgð.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir til staðfestingar á brbl. frá því 5. jan., er aðeins um lánveitingar til þeirra, er fást við sjávarútveg og fiskvinnslu. En sjávarútvegurinn er ekki eini atvinnuvegurinn, sem skortir tilfinnanlega lánsfé. Það er kunnugt, að þannig er einnig um landbúnaðinn. Það er eins í þeirri atvinnugrein og í sjávarútveginum, að hagur margra bænda hefur versnað mjög á árinu sem leið. Sérstaklega hafa vextirnir, hinir háu vextir orðið ákaflega þungbærir og reyndar óviðráðanlegir ýmsum bændum, sem eru í verulegum lausaskuldum. Ýmsar aðrar efnahagsráðstafanir frá árinu í fyrra hafa líka orðið til þess að gera þeim stórum erfiðara fyrir með sinn atvinnurekstur. Verðhækkanir urðu miklar á öllum hlutum. Hins vegar hafa vinnutekjur bænda ekkert hækkað frekar en launafólks, og hefur því orðið mjög erfitt fyrir þá að rísa undir ýmsum útgjöldum í sambandi við búreksturinn, eins og t. d. greiðslum fyrir vélar og tæki til búskapar, sem hafa hækkað mjög í verði. Slík útgjaldaaukning kemur ekki inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara, svo að þeir hafa ekki fengið neina verðhækkun á sínum afurðum til að mæta þeim auknu útgjöldum. Það eru aðeins beinar rekstrarvörur, eins og áburður og fóðurvara, sem á að koma inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara.

Mér er kunnugt um það, eða svo er þar, sem ég þekki til, að bændur hafa yfirleitt átt miklu örðugra með að gera upp sín ársviðskipti nú um næstliðin áramót heldur en áður. Ég hygg, að þannig sé þetta víða á landinu, og hef reyndar haft af því áreiðanlegar fréttir. Það er því víst, að það er brýn þörf fyrir svipaðar ráðstafanir að því er varðar landbúnaðinn eins og sjávarútveginn. Það má fullyrða, að ýmsir bændur geti ekki haldið áfram sínum búrekstri, nema þeir fái lán til greiðslu á lausaskuldum, sem hvíla ákaflega þungt á þeim, bæði vegna háu vaxtanna og vegna þess, að krafið er um greiðslu á þessum skuldum á skömmum tíma. Og ég tel það alveg tvímælalaust, að bændur eigi fullan rétt á því að njóta svipaðrar fyrirgreiðslu í þessu efni eins og þeir, sem stunda sjávarútveginn.

Þá má einnig minna á það, að þau fyrirtæki, félagsfyrirtæki bænda, sem hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir á undanförnum árum, hafa flest fengið mjög lítil stofnlán til þeirra framkvæmda og búa því við fjárskort af þeim sökum eins og eigendur fiskvinnslustöðvanna.

Ég ber því fram brtt. við frv. um, að inn í það verði bætt ákvæði um sérstaka stofnlánadeild fyrir landbúnaðinn hjá Seðlabankanum. Í till. minum er gert ráð fyrir því, að sú lánadeild veiti lán til einstakra bænda, er skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, og einnig til fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir. Og ég legg til, að sömu reglur gildi um lánveitingar til landbúnaðarins, lánstíma og vexti, eins og um lánin til sjávarútvegsins. Verði á þessa brtt. mína fallizt, fá bændur og þeirra fyrirtæki svipaða fyrirgreiðslu í sínum málum og sjávarútveginum er ætlað í frv. Ég tel það fullkomið réttlætismál og fulla þörf á því, að greitt sé úr málum landbúnaðarins á þennan hátt eins og málum þeirra, sem fást við sjávarútveg. Ég skal — með leyfi hæstv. forseta — lesa brtt. mína, sem um þetta fjallar, það er b-liður 3. brtt., hún er þannig:

„Stofna skal sérstaka lánadeild við Landsbanka Íslands, seðlabankann, er nefnist stofnlánadeild landbúnaðarins. Deildin veitir lán til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir og skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Lánin skulu veitt gegn veði í fasteignum og búvélum bænda og fasteignum og vélum vinnslustöðva landbúnaðarins eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar. Hámarkstími skal vera: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánum samkv. 2. gr. og mat á eignum fara eftir sömu reglum og þar greinir. Ákvörðun lánsupphæðar hverju sinni fer eftir ákvæðum 2. gr.

Fjár til lánveitinga samkv. þessari grein skal aflað á sama hátt og til lána samkv. 1. gr.

Ákvæði 3. gr. um sérstaka athugun á fjárhag umsækjenda, þegar þess er talin þörf, og um tímabundna stöðvun aðfarar skulu einnig gilda um þá, er sækja um lán samkv. þessari grein."

Það er, eins og ég sagði áðan, gert ráð fyrir því í minum brtt., að sömu reglur gildi að öllu leyti um þessar lánveitingar frá væntanlegri stofnlánadeild landbúnaðarins eins og frá stofn-

lánadeild sjávarútvegsins. Sömu reglur eiga að gilda um ákvörðun lána, tryggingar fyrir þeim, lánstímann, um vexti og annað lánunum viðkomandi. Ég tel það alveg tvímælalaust heppilegast að setja inn í þessi lög slík ákvæði, svo að ekki þurfi síðar sérstaka lagasetningu um lánveitingar til landbúnaðarins. En eins og fram kom í ræðu hv. frsm. meiri hl. n., þá hefur ríkisstj. falið sérstökum mönnum að athuga um ástæður bænda og fyrirtækja þeirra og þá væntanlega með það fyrir augum, að greitt verði úr þeirra málum með svipuðu móti og hér er ætlað að gera fyrir sjávarútveginn. Ég tel því, að það væri langeðlilegast að setja ákvæði um þær lánveitingar inn í þetta frv.

Að síðustu flyt ég svo till. um breyt. á fyrirsögn frv., sem eðlilegt er að breytist, ef mínar brtt. verða samþykktar. Legg ég til, að fyrirsögnin verði: „Frumvarp til laga um stofnlán hjá Landsbanka Íslands, seðlabankanum."

Það er, eins og ég tók fram, enginn ágreiningur um það í n., að rétt sé að samþykkja frv., og ég legg til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem ég hér hef gert grein fyrir og ég flyt tillögur um á þskj. 421.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Nd., 2. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Ágúst Þorvaldsson: Hæstv. forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir aðstoð við sjávarútveginn með þeim hætti, að stofnað er til sérstakra lánveitinga til útgerðarmanna og til þeirra fyrirtækja, er hafa með höndum fiskvinnslu. Þessar ráðstafanir, sem ég tel nauðsynlegt að gera þessum gamla og þýðingarmikla atvinnuvegi til viðreisnar, eftir að „viðreisn" hæstv. ríkisstj. var búin að stöðva hann, eiga að verða sjávarútveginum og þeim, sem þar eiga hlut að máli, til eflingar og þar með þjóðinni allri til gagns.

Ég er þessu fylgjandi, að þessi þýðingarmikli atvinnuvegur sé á þennan hátt studdur, og hef því ekki kvatt mér hljóðs til þess að finna að því, heldur til þess að láta í ljós, að ég er málinu fylgjandi. Hins vegar álít ég, að í þessu frv. hefði átt að vera gert ráð fyrir viðtækari aðstoð, þannig að þar hefði báðum hinum fornu höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar verið gert jafnhátt undir höfði, sjávarútvegi og landbúnaði. Ég hef ekki dregið það í efa, að útgerðarmenn og þeirra fyrirtæki séu illa á vegi stödd og hafi safnað skuldum nú á s. l. ári, en mér er kunnugt um, að þetta sama hefur átt sér stað hjá bændum og kannske hlutfallslega í enn stærra mæli. Ég hygg, að þeir bændur séu fleiri en hinir, sem á s. l. ári söfnuðu lausaskuldum, og margir eru þeir áreiðanlega, sem eiga nú í erfiðleikum með að fá nauðsynlegar vörur til heimila sinna vegna skuldabyrði, sem þyngdist stórkostlega vegna vaxta og verðhækkana á árinu, sem leið. Þetta er engin furða, þegar þess er gætt, að flestar vörur, sem bændur þurfa til rekstrar búa sinna, hækkuðu á s. l. ári frá 30 og upp í 60%, en tekjurnar hafa svo að segja staðið í stað. Hvernig á nú slíkt að geta gengið í nokkrum atvinnuvegi? Landbúnaðurinn er svo þýðingarmikill og stór þáttur í þjóðarbúskap okkar Íslendinga, að hann verður að fá stuðning frá löggjafarvaldinu nú, svo að hann komist yfir erfiðleikana og geti þróazt áfram á eðlilegan hátt. Ég tel þess vegna höfuðnauðsyn nú fyrir bændurna og landbúnaðinn í heild, að lausaskuldum bænda verði breytt í alllöng hagstæð, föst lán.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG), frsm. minni hl. fjhn., hefur gert um þetta till. á þskj. 421. Er ég bæði þeirri og öðrum brtt. hans samþykkur og mun greiða þeim atkvæði mitt.

Ég vil taka undir það, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér um þessi mál, og það, sem í nál. hans stendur um það, hversu nauðsynlegt er að hjálpa bændum eins og útgerðarmönnum til þess að koma lausaskuldum þeirra í föst lán með viðráðanlegum vöxtum.

Ég vil þá ekki heldur leyna því, að þegar rætt er um þessi mál, verður mér hugsað til þess, að bændur á Suðurlandi, þar sem ég er búsettur, eiga í erfiðleikum með fleira en sínar eigin lausaskuldir, sem hjá þeim söfnuðust hverjum einum á s. l. ári. Það kemur einnig til, að hið nýreista og stóra mjólkurbú þeirra á Selfossi hefur ekkert lán fengið enn til langs tíma með hagstæðum kjörum. Eru nokkrir milljónatugir af byggingarkostnaði mjólkurbúsins á yfirdráttarhlaupareikningsláni í Landsbankanum, og vaxtabyrðin ein af slíku láni jókst á s. l. ári hjá þessari stofnun, Mjólkurbúi Flóamanna, um 2 millj. kr. vegna vaxtahækkunarinnar, sem gerð var á árinu. Það eru gerðar harðar kröfur af hálfu heilbrigðisyfirvalda og neytenda til bænda um hollar og góðar vörur. Bændur telja sér skylt að verða við slíkum kröfum, enda á það, þegar til kemur, að vera þeirra hagur. En það þarf miklu til að kosta, svo að þetta geti orðið. Á Suðurlandsundirlendinu eru um 1200 bændur, sem eru aðilar að byggingu mjólkurbúsins á Selfossi, þar sem öll aðstaða er til að meðhöndla og vinna úr mjólkinni með hinni fullkomnustu tækni, sem nú er kunn. Það er að mínu áliti engin sanngirni og ekkert vit í því, að ein kynslóð bænda borgi slíka stöð niður, því á að dreifa á fleiri kynslóðir. En ef það á að ske, að slík vinnslustöð og aðrar, sem hafa verið eða verða reistar annars staðar, eiga að borgast niður á einum eða tveimur áratugum, þá má þó varla minna vera en lánin, sem á þeim hvíla þennan stutta tíma, séu með þolanlegum kjörum.

Bændurnir á Suðurlandi hafa fyrir alllöngu samþykkt, að tekinn sé ákveðinn hluti af mjólkurverði þeirra upp í byggingarkostnaðinn, til þess að hægt sé að borga skuldirnar fljótt niður. Ég tel, að það hái þeim mjög við búskapinn, hve mikill hluti af þeirra lágu tekjum verður að fara árlega í þetta. Hitt er þó kannske enn verra, að ofan á þetta skuli bætast hinir gífurlega háu vextir, sem voru þyngdir stórkostlega á s. l. ári, og þótt nú hafi verið aftur dregið nokkuð úr því, þá er vaxtabyrðin svo ægilegar klyfjar á bændum, að fjöldi þeirra mun áður en langt líður sligast undir þeirri byrði, ef ekki verður fljótlega að gert og undir baggann lyft.

Um leið og ég hér hef minnzt á Mjólkurbú Flóamanna á Selfossi í sambandi við þetta mál, vil ég einnig minnast á dreifingar- og sölusamtök bændanna, sem þeir reka hér í Reykjavík, Mjólkursamsöluna. Sú stofnun verður vitanlega að nota lánsfé til rekstrar síns, og ég veit, að lausaskuldir há mjög þeirri stofnun og þjarma að þessu fyrirtæki bændanna, sem þó er ómissandi fyrir líf íbúanna í höfuðstaðnum og hér í nágrenni hans.

Þótt ég hafi hér talað um bændur á Suðurlandi fyrst og fremst, vegna þess að þar er ég kunnugastur, og þeirra fyrirtæki, þá veit ég, að svipað er til staðar um allt land, því að bændur hafa staðið í því núna á undanförnum árum og standa enn að því að byggja upp sláturhús og mjólkurbú og koma vinnslu afurða sinna í nýtízkuhorf, sjálfum sér og þjóðinni allri til gagns.

Ég legg því áherzlu á það, að bændastéttin fái svipaða fyrirgreiðslu sinna mála á þessu sviði og frv. þetta gerir ráð fyrir, sem hér er til umr., til handa útgerðarmönnum, að bændastéttin fái sams konar fyrirgreiðslu sinna mála. Brtt. þær, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur lagt fram, leysa þennan vanda, ef þær yrðu samþ., og þess vegna mæli ég eindregið með því, að svo verði gert.

Umr. frestað.

Á 73. og 74. fundi í Nd., 10. og 14. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 413,1 samþ. með 36 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Brtt. 421,1.a felld með 20:15 atkv.

— 421,1.b felld með 21:16 atkv.

— 421,1.c felld með 21:17 atkv.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

Brtt. 421,2 felld með 21:16 atkv.

— 413,2 samþ. með 33 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 38 shlj. atkv.

Brtt. 421,3.a felld með 21:17 atkv.

— 421,3.b felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BP, EðS, EOl, VH, IG, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, HB.

nei: EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, JKs, BGr, BF, BK, BBen, JóhH.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Jónas Pétursson: Herra forseti. Með tilvísun til þeirrar yfirlýsingar, sem ég gaf í útvarpsræðu í gærkvöld um fyrirætlanir ríkisstj. í þessu máli, segi ég nei.

Brtt. 421,4 tekin aftur.

5. gr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 514, 516).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hér í hv. d. flutti minni hl. hv. fjhn. á þskj. 421 ýmsar brtt. við frv. Þ. á m. var brtt. um, að inn í frv. væri bætt nýrri gr., á eftir 4. gr. frv., og skyldi sú nýja grein hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs stofnlán samkvæmt þessum lögum, allt að 30 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp fyrir atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli n. þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkvæmt 20. gr. fjárl."

Þessi brtt. hv. minni hl. fjhn., sem ég nú hef lesið, var felld við atkvgr. hér í þessari hv. d. við 2. umr. ásamt fleiri brtt., sem fram voru bornar af minni hl. nefndarinnar.

Nú hef ég leyft mér að taka þessa till. upp á ný, þó þannig, að breytt er heimildarupphæðinni, sem gert var ráð fyrir í till. minni hl. n., og settar 25 millj. kr. í staðinn fyrir 30 millj. Hér er því um nýja till. að ræða, sem ég vildi mega mælast til við hæstv. forseta að hann leitaði afbrigða fyrir.

Ég held, að segja megi um þetta frv., að þegar það kom fram í vetur, hafi ýmsir, sem sjávarútveg stunda, beint og óbeint verið í nokkrum vafa um, hvað í frv. fælist, og ég held, að það hafi ekki verið að ófyrirsynju, því að sum ákvæði þess hafi verið og séu raunar enn nokkuð óljós, a. m. k. fyrir þeim, sem hafa ekki sérstaklega fjallað um þetta mál. Ég veiti því m. a. athygli, að hv. fjhn. lagði til á sínum tíma fyrir 2. umr., að sett yrði inn í frv. ákvæði, sem líklegast hefur vantað þar að hennar dómi, til þess að tryggja fjáröflun til þeirrar starfsemi, sem hér er um að ræða, sem hún virðist ekki hafa talið nægilega tryggða með frv. eins og það var orðað.

Frv. er, eins og kunnugt er, borið fram til staðfestingar á brbl., sem hæstv. ríkisstj. gaf út skömmu eftir nýárið. En síðan frv. kom fram, hefur verið gefin út reglugerð samkvæmt brbl., og eru í þessari reglugerð ýmis nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Það virðist koma fram í frv. og í þessari reglugerð, að fyrirætlanir varðandi tryggingar fyrir þeim lánum, sem hér er ráðgert að veita, séu nokkuð strangar, þar sem er farið inn á þá óvenjulegu leið að krefjast bankaábyrgðar fyrir láni, sem veitt er gegn veði í eignum, og sett ákvæði um það, að skuldir, eftir að lán hafa verið tekin samkvæmt þessum lögum, megi ekki fara fram úr tilteknum hluta af matsverði eigna. Nú kann að vísu að vera og er að sjálfsögðu hægt að breyta því reglugerðarákvæði,

sem um er að ræða, síðar. Eigi að síður og vegna þess, sem í frv. stendur, get ég ekki sætt mig við það, að með öllu sé hafnað þeirri hugmynd, sem fólst í brtt. minni hl. hv. fjhn., og hef því viljað gera þá tilraun, sem gerð er með brtt. á þskj. 516, til þess að fá það atriði, sem hún fjallaði um, tekið upp til athugunar í d. á ný.

Eins og kunnugt er hv. þm., hefur víða um land í seinni tíð verið hafizt handa um að efla atvinnurekstur eða koma upp atvinnurekstri á ýmsum stöðum við sjávarsíðuna, þar sem hann var lítill fyrir, og ég þarf ekki að nefna dæmi um slíkt, þau eru mörg og af ýmsu tagi. Slíkum atvinnufyrirtækjum hefur allvíða verið komið upp með aðstoð sveitarfélaganna og að þeirra frumkvæði og með þeirra atbeina, vegna þess að á þessum stöðum, sem margir eru fámennir, var ekki neitt útgerðarfjármagn fyrir hendi. Útgerð hafði verið lítil á þessum stöðum sumum hverjum, m. a. vegna þess, að ýmis skilyrði vantaði, svo sem hafnarskilyrði, þó að hins vegar væru fyrir hendi þau skilyrði, sem mestu skipta, þ. e. a. s. fiskimiðin úti fyrir ströndinni. En af því að þarna var ekki fyrir hendi á þessum stöðum útgerðarfjármagn, var það víðast svo, að sveitarfélögin höfðu forgöngu um þessa hluti og hafa fengið til þess velviljaða aðstoð ríkisvaldsins. Þau fyrirtæki, sem hér er um að ræða allvíða um landið og fyrst og fremst eru stofnuð til þess að koma í veg fyrir, að fólkið streymi burt úr þessum byggðarlögum, og til þess að skapa framtíðarundirstöðu, þau eru áreiðanlega a. m. k. mörg af þeim þannig sett eða a. m. k. hætt við því, að þau séu þannig sett, að þau fullnægi ekki þeim skilyrðum, sem þetta frv. ásamt reglugerðinni setja fyrir aðstoð samkvæmt þessu frv. En auðvitað hafa þessi atvinnufyrirtæki engu að síður orðið fyrir áföllum af ýmsu tagi, eins og verða vill um útgerð, engu síður en önnur. Ef það er ekki ætlun ríkisvaldsins, sem ég raunar vil ekki gera ráð fyrir að sé, að láta það ráðast, þó að slík almannafyrirtæki til eflingar byggðinni í sjávarplássum úti um land leggist niður eða hætti rekstri sínum, þá hygg ég, að óhjákvæmilegt sé að samþykkja ákvæði eins og það, sem hér er um að ræða og felst í brtt. á þskj. 516, og veita þannig hæstv. ríkisstj. möguleika til þess að koma þarna við sérstakri aðstoð. Miðað við þá upphæð, sem gert er ráð fyrir að lánuð verði út í heild samkv. þessu frv., er þessi ábyrgðarheimild, sem í brtt. er lagt til að veitt verði, ekki há. Og þar er gert ráð fyrir, að slík ríkisábyrgð, ef til kæmi, verði veitt á þann hátt, að leitað verði umsagnar þeirrar nefndar, sem Alþingi hefur kjörið til þess að úthluta atvinnuaukningarfé samkv. 20. gr. fjárlaga.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð. En ég vildi mega vænta þess, að hv. þm. sæju sér fært að samþykkja þessa brtt., og hefði mér eiginlega fundizt ekki vera úr vegi, að hv. n., sem málið hefur haft til meðferðar, fjallaði sérstaklega um þetta atriði. Ég er viss um, að þegar farið verður að framkvæma þetta frv., ef að lögum verður, kemst hæstv. ríkisstj. að raun um, að hér er um vanda að ræða, sem frv. leysir ekki, en þessi tillaga mundi skapa vissa möguleika til þess að leysa.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 516, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hafði framsögu af hálfu meiri hl. fjhn. í þessu máli, og ég held, að það hafi komið skýrt fram í þeirri framsöguræðu, sem ég hélt þá, að menn yrðu að gera sér grein fyrir, að þetta mál hefði frá öndverðu verið takmarkað og ætti ekki að líta á það víðtækar en því upphaflega hefði verið markaður bás. Það má segja, að með því hafi verið dregið úr og málið takmarkað og kannske liti málið fallegar út og væri stærra, ef það næði, eins og lagt hefur verið til, til stofnlána í þágu landbúnaðarins, til stofnlána í þágu iðnaðarins og auk þess væru víðtækar ríkisábyrgðarheimildir í því. En þessu máli er ekki ætlað það, ekki nema breyta stuttum lánum í lengri lán á sviði sjávarútvegsins, ekki annarra atvinnugreina, og með því er ekki kveðið upp úr um það, að þær kunni ekki að þurfa sambærilega fyrirgreiðslu. Ég gerði grein fyrir því, að ríkisstj. hefði upplýst það fyrir nm. í fjhn., að hún hefði þegar stofnað til athugunar á aðstöðu landbúnaðarins eða þörfum landbúnaðarins að þessu leyti.

Nú er hér flutt aftur brtt. sama eðlis og hv. 1. þm. Norðurl. v. flutti við 2. umr. málsins, að ríkisstj. sé heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs stofnlán samkv. þessum lögum, sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Það er enginn munur á þessum brtt. annar en sá, að í brtt. hv. 1. þm. Norðurl. v. var ábyrgðarupphæðin 30 millj., en er nú 25 millj. En það er ekki þetta, sem að mínu áliti sker neitt úr í þessu máli, hvort ábyrgðarheimildin er 30 millj., 25 millj., 5 millj. eða 1 millj. Þetta er að mínu áliti annað mál, sem hér er verið að flétta inn í stofnlánadeildarmálið, það mál að breyta stuttum lánum fyrir eina atvinnugrein í lengri lán. Það liggur í fyrsta lagi ekkert fyrir um það, að atvinnufyrirtæki, sem stofnað hefur verið til af sveitarfélögum til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, sé að stöðvast vegna þess, að það skorti ríkisábyrgð. Það liggur ekkert fyrir í sambandi við þetta mál, og er, verð ég að segja, ekki eðlilegt að veita ríkisstj. heimild til þess að ábyrgjast, eins og hér er ætlað, 25 millj. kr., nema eitthvað nánara liggi þá fyrir um það, að þessarar ábyrgðar sé þörf til þess að koma í veg fyrir það, sem hér er rætt um, að atvinnufyrirtækin stöðvist. En ef það liggur fyrir og verður upplýst og það nú þegar á þessu þingi, að þetta sé svona, sem við höfum ekki fengið vitneskju um enn þá í þessari hv. d., þá segi ég enn fremur, að það er annað mál en hér er um að ræða, og ber að taka það

alveg sérstaklega fyrir, hvort Alþingi vill veita ríkisábyrgð til þess að koma í veg fyrir þessa stöðvun, sem hér kynni að vera um að ræða.

Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að þegar verður farið að framkvæma þessa löggjöf, þá mun sjálfsagt koma ýmislegt í ljós, sem bendi til þess, að hún þurfi að vera viðtækari, og um þetta ræddum við í fjhn. En meiri hl. var á þeirri skoðun, að það væri rétt að láta ýmislegt af þessu koma í ljós. Hér er ekki sett löggjöf fyrir tíð og eilífð frekar en endranær. Það er ýmislegt, sem menn eru nú að gera ráð fyrir að geti verið þörf á, en er þó réttara að liggi fyrir, að þörf sé á. Frv., eins og það liggur fyrir, er byggt á undangenginni rannsókn og miðað við niðurstöður hennar, og viðtækara er það ekki. Menn benda að vísu á og segja: Það væri betra að hafa frv. viðtækara. — Fleiri en útvegurinn þurfa þessa aðstoð, bæði landbúnaðurinn og iðnaður, eins og ég sagði áðan, en það er mál út af fyrir sig, sem þyrfti þá að taka til sérstakrar athugunar.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta, en vil aðeins segja það, að ég var á móti till. hv. 1. þm. Norðurl. v. og einnig nú á móti þessari brtt. á þskj. 516. Byggist það á því, að ég tel, að það sé annað mál en hér er um að ræða. Ef fyrir liggur og búið er að upplýsa þingið um, að nauðsyn sé að fá nýjar ríkisábyrgðarheimildir til þess að koma í veg fyrir atvinnustöðvanir, þá ber að taka það mál upp sérstaklega, en ekki í tengslum við það mál, sem hér liggur fyrir.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var til athugunar og umr. í fjhn. þessarar hv. d., vakti ég athygli á því, að brýn þörf mundi vera fyrir lánveitingar til bænda og fyrirtækja landbúnaðarins á sama hátt og til þeirra, er stunda sjávarútveg, sem eiga að fá fyrirgreiðslu samkv. þessu frv. til þess að breyta lausaskuldum í hagstæðari lán.

Það var nokkuð um þetta rætt í nefndinni, og kom þá fram hjá fulltrúum stjórnarflokkanna í nefndinni, að ríkisstj. mundi hafa sett á stað einhverja athugun á þessu máli. En ég taldi það eðlilegt, að ákvæði væru sett um það í þetta frv., og bar því fram brtt. í nál. mínu á þskj. 421 um stofnun sérstakrar lánadeildar við Seðlabankann, er veita skyldi lán til þess að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir, með sama hætti og gert er ráð fyrir, að bráðabirgðalögin, sem sett voru í vetur, greiði úr þessum málum að því er varðar sjávarútveginn. Þetta bar svo á góma í útvarpsumræðum, sem fóru fram í sameinuðu þingi í fyrradag. Upphafsmaður þess, að málið var nefnt þar, var hv. 3. þm. Austf., sem lét þess getið, að stjórnin hefði ákveðið að sjá fyrir því, að bændur fengju lán til greiðslu á hluta af víxilskuldum sínum. Ég held, að ég muni það rétt, að þetta hafi verið orðað á þann veg hjá hv. þm. Ég lét þess getið á eftir í þessum umr., að fulltrúar stjórnarflokkanna í fjhn. hefðu mælt á móti till., sem ég flutti um stofnun þessarar lánadeildar fyrir landbúnaðinn. Síðar í umr. gerði frsm. meiri hl., hv. 5. þm. Reykv., athugasemd við þetta og hélt því fram, ef ég man rétt, að stjórnarflokkarnir væru ekki á móti þessu, heldur væri þetta mál til athugunar. En eftir það, sem fram kom bæði hjá honum og hv. 3. þm Austf., varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum, þegar atkvgr. fór fram hér í deildinni í gær um mína brtt. þessu viðkomandi. Ég hafði einmitt búizt við því eftir þær yfirlýsingar, sem komu frá þeim, að þeir vildu fallast á að setja inn í þetta frv. ákvæði um lánveitingu til bænda til þess að greiða úr þeirra málum á svipaðan hátt og gert er fyrir sjávarútveginn. En bæði þeir og aðrir þm. stjórnarflokkanna greiddu atkv. gegn þessari till. minni.

Nú vil ég í tilefni af þessu leyfa mér að óska upplýsinga um það, annaðhvort frá frsm. meiri hl. fjhn. eða hæstv. landbrh., hvernig áformað sé að fara með þetta mál. Ég vil vekja athygli á því í sambandi við það, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Austf., að það er vitanlega alveg ófullnægjandi, þó að bændur fái lán til þess að greiða hluta af víxilskuldum, eins og ég held að hv. þm. hafi orðað það. Bændur skulda lausaskuldir, þó að ekki sé þar um víxilskuldir að ræða. Ég geri ráð fyrir, að meiri hl. af lausaskuldum bænda sé ekki víxilskuldir og þess vegna mundi ekki vera nema að mjög takmörkuðu leyti greitt úr þeirra málum, ef þetta væri bundið við aðeins hluta af víxilskuldum þeirra. Og ég vil vekja athygli á því, að slík ákvæði eru ekki í frv. að því er varðar lán til útvegsmanna. Þar er ekkert fram tekið um það, að lán til þeirra skuli aðeins ganga til greiðslu á víxilskuldum að meira eða minna leyti, heldur mun það vera ætlunin, að þeir fái þar lán til að greiða með lausaskuldir, hvort sem er um víxilskuldir eða aðrar að ræða. Ég vildi sem sagt mjög óska eftir því að fá upplýsingar um það, hvað áformað sé að gera að því er landbúnaðinn varðar og hvernig með það mál verði farið.

Eins og ég hef áður sagt, hefði ég talið það eðlilegast, að ákvæði um þessar lánveitingar til landbúnaðarins væru sett inn í þetta frv. Ég geri ráð fyrir, að um það þurfi lagasetningu eins og lánin til sjávarútvegsins. Ég vildi því spyrjast fyrir um það, hvernig áformað sé að hafa þetta, t. d. hvort það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að setja um þetta brbl. Ég hefði talið miklu eðlilegra, að lög væru sett um þetta á þinginu nú, áður en það hættir störfum, heldur en ef stjórnin færi að gefa út brbl. um það síðar. Það hefur komið fram, og ég sé ekki ástæðu til að vefengja það, að það sé meiningin að veita bændum lán, og þá þykir mér líklegt, að til þess þurfi einhverja löggjöf, og er miklu eðlilegra, að það sé Alþingi, sem setur lög um það, úr því að tækifæri er til þess að gera það nú áður en þingi lýkur, heldur en slíkt verði síðar ákveðið með brbl.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er ekki nema ánægjulegt, að hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsir áhuga sínum fyrir því, að

lausaskuldum bænda verði komið í gott horf, og er ekki nema ástæða til að fagna þeirri liðveizlu, sem hann býður fram í því efni.

Hv. þm. hefur heyrt það bæði á fundum í fjhn. og annars staðar, að þessi mál eru í undirbúningi hjá ríkisstj. og þessum málum verður komið í gott horf, að svo miklu leyti sem mögulegt er. En það tekur sinn undirbúning með þetta eins og sjávarútveginn. Það er kunnugt, að á s. l. hausti voru settir sérfróðir menn í að gera athuganir á fjármálum útgerðarinnar og benda á lausn í því máli. Þessir sérfræðingar sömdu um það grg. til ríkisstj., og á þeirri grg. eru byggð brbl., sem nú er verið að ræða um. Eftir að þessir sérfróðu menn höfðu lokið athugunum sínum á sjávarútveginum, tóku þeir að sér að gera sams konar athugun á fjármálum bænda, bæði einstaklinga og vinnslustöðva landbúnaðarins, en grg. er ekki enn komin frá þessum ágætu mönnum, sem að þessu vinna, og fyrr en sú grg. liggur fyrir, verður ekki sagt frá því nákvæmlega, hvernig að þessu verður farið. En ég get upplýst hv. þm., sem varpaði hér fram fsp., um það, að að þessu er unnið nú á sama veg og var unnið að athugun á fjármálum sjávarútvegsins. Hitt þarf svo engan að undra, þó að þannig hafi verið að orði komizt hjá hv. 3. þm. Austf., að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í löng lán með hagkvæmum vaxtakjörum. Því er nú verr, að það mun ekki vera mögulegt að breyta öllum víxilskuldum þannig. Víxlar eru með ábyrgðarmönnum, og ef bankinn á að sleppa ábyrgðarmönnunum, verður hann að fá tryggt veð fyrir skuldinni, ef á að breyta því í fast lán til langs tíma. Og því miður mun það vera þannig um einstaka bændur, að þeir hafa jafnvel ekki tryggt veð, og það má jafnvel reikna með því, þó að vonandi sé það ekki í stórum stíl, að það sé þannig ástatt hjá einstaka bónda, að lánardrottinn vilji ekki sleppa þeirri ábyrgð, sem hann hefur á víxlinum, og þannig mun það einnig vera hjá einstökum útgerðarmönnum og útgerðarfyrirtækjum, að þeir geta ekki af þessari sömu ástæðu komizt að öllu leyti undir lög um stofnlánadeildina. Þetta veit ég, að hv. 1. þm. Norðurl. v. veit.

Hér hefur aðeins verið minnzt á víxilskuldir. En það er vitanlega fleira, sem til athugunar kemur í þessu efni. Eins og ég sagði áðan, er greinargerð sérfræðinganna ekki komin enn, og segi ég það ekki í ásökunartón, vegna þess að ég veit, að þeir eru að athuga þessi mál, eftir því sem þeir hafa tíma til, og þeir munu skila af sér, að ég vona, áður en langur tími líður. Hvort lagasetningu þarf til þess að ráða fram úr þessu, skal ég alveg ósagt láta, en ríkisstj. mun að sjálfsögðu, þegar grg. liggur fyrir, taka þessi mál til athugunar og heppilegrar úrlausnar.

Frsm. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Hæstv. ráðh. segir, að málið sé til athugunar hjá sérstökum mönnum og verði að þeirri athugun lokinni gerðar einhverjar ráðstafanir í þessum efnum. Mér sýnist, að jafnvel þótt þessari athugun sé ekki lokið, þá væri mjög auðvelt að setja ákvæði um þessar væntanlegu lánveitingar í þetta frv., sem hér liggur fyrir, til þess að ekki þyrfti sérstaka lagasetningu um það síðar.

Ég fékk nú ekki nein svör um það hjá hæstv. ráðh., hvort gera mætti ráð fyrir því, að stjórnin gæfi út bráðabirgðalög um þessar lánveitingar til landbúnaðarins. Og þá er það eitt, sem ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. ráðh. um. Mér fannst það ekki koma nógu greinilega fram í ræðu hans, hvort ætlunin væri, að þessi lán til bænda yrðu aðeins við það miðuð, að þeir gætu greitt víxilskuldir að meira eða minna leyti. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. sé vel kunnugt um það eins og mér, að það eru margir bændur, sem verulegar lausaskuldir hvíla á, þó að þar sé ekki um víxilskuldir að ræða, og ég hefði mjög viljað óska eftir því að heyra frá hæstv. ráðh., hvort stjórnin geri ráð fyrir því að takmarka þessar lánveitingar við það, að bændur geti greitt að einhverju leyti víxilskuldir sínar. Það er vissa fyrir því, að margir bændur þurfa mjög á lánum að halda til þess að geta greitt lausaskuldir, sem á þeim hvíla, bæði við verzlanir og aðra, jafnvel ábyrgðarskuldir til skamms tíma, þó að ekki sé þar um samþykkta víxla að ræða. Ég vildi þess vegna mjög óska eftir því að heyra frá hæstv. ráðh., hvort ekki megi vænta þess, að bændur fái aðstoð til greiðslu á lausaskuldum yfirleitt, í hverju formi sem þær eru, eins og gert er ráð fyrir að útvegsmenn fái samkv. þessu frumvarpi.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér finnst ástæða til vegna þess, sem fram hefur komið í sambandi við þetta mál, að rifja enn að nýju upp, hvernig þetta mál, sem liggur fyrir hér, er til komið, og verður það þó því miður endurtekning á því, sem áður er búið að segja hér oftar en einu sinni, bæði af mér sem frsm. meiri hl. fjhn. og einnig af hæstv. ráðh., sem lagði mál þetta fyrir.

Á s. l. ári var ljóst, að sjávarútvegurinn átti við mjög mikla greiðsluörðugleika að stríða og svo mikla greiðsluerfiðleika, að það lá við stöðvun og þurfti að gera í mörgum tilfellum bráðabirgðaráðstafanir til þess að forða frá greiðslustöðvun fyrirtækjum, sem voru í greiðsluerfiðleikum, en hins vegar voru mjög vel stæð fyrirtæki mörg hver. En höfuðorsakir þessara greiðsluerfiðleika voru þær, að fyrirtækin höfðu varið of miklu fé úr rekstri sínum á undanförnum árum til fjárfestingar vegna þess mikla fjárfestingarlánaskorts, sem þau áttu og höfðu átt við að búa. Síðan var mál þessara fyrirtækja og þessa atvinnuvegar athugað mjög gaumgæfilega á s. l. ári, alveg frá því á miðju ári, eftir beiðni ríkisstj. af aðalviðskiptabönkum sjávarútvegsins, Landsbankanum og Útvegsbankanum, og sérfræðingum ríkisstjórnarinnar og könnuð nákvæmlega sú aðstaða, sem fyrir lá. Viðskiptabankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, höfðu í höndum rekstrar- og efnahagsreikninga allra þeirra fyrirtækja, sem hér áttu hlut að máli, og það var gerð mjög nákvæm og ýtarleg rannsókn á því, hvernig aðstaðan væri og hvar það væri, sem skórinn kreppti einkum að. Ég

skal ekki rekja ýmsar orsakir, sem gerðu málið erfiðara, eins og aflabrest bæði á vetrarvertíð og síldveiðum, togveiðum o. s. frv. En það var alveg glöggt, að meginorsökin var sú, að fyrirtækin höfðu ekki haft nægilega löng stofnlán á undanförnum árum, en verið í sífelldri aukningu, sífelldum vexti og gengið of langt í því að draga fé út úr rekstrinum í þessar fjárfestingar. Það var svo komið, að í raun og veru var það orðið svo smátt og smátt, og þetta hefur komið frá ári til árs, að aflinn, um leið og hann var lagður á land, var orðinn meira og minna veðsettur í hámarki, — ekki aðeins venjuleg afurðalán, sem Seðlabankinn endurkaupir, og eðlileg viðbótarlán frá viðskiptabönkunum, heldur bókstaflega var orðin nauðsyn að kaupa afurðirnar að fullu strax og þær voru komnar í verkun vegna þessara miklu greiðsluerfiðleika.

Það tók auðvitað mjög langan tíma að rannsaka aðstöðu atvinnuvegarins, og það var farið yfir efnahags- og rekstrarreikninga meginsins af þeim fyrirtækjum, a. m. k. öllum stærstu og miðlungsfyrirtækjunum. Og það er á grundvelli gaumgæfilegra rannsókna og athugana á þessu sviði, sem þessi löggjöf er svo sett sem bráðabirgðalög í þinghléinu, 5. jan. s. l., af hæstv ríkisstj. Þá koma upp raddir um það, að bændur séu í svipaðri aðstöðu, og frá öðrum um það, að iðnaðurinn sé í svipaðri aðstöðu. Og þetta mál blandaðist inn í útvarpsumr., eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. vék að. Ég held, að það hafi verið þannig, að hann hafi vikið að a. m. k. andstöðu okkar við tilsvarandi aðstoð til bænda. Ég vildi a. m. k. leiðrétta það, — það getur verið, að ég hafi eitthvað misskilið hann, — að hjá stjórnarliðinu og meiri hl. fjhn. hefur í sjálfu sér engin andstaða komið fram við það, að bændur fengju hliðstæða aðstoð og hér væri um að ræða, heldur hitt, að þetta mál væri eitt út af fyrir sig og rannsakað til hlítar, áður en það væri fram borið, og að fyrir lægi, að ríkisstj. hefði stofnað til athugunar á aðstöðu bænda. Ég vil segja það fyrir mitt leyti, að ég er alveg sammála því, að bændur fái hliðstæða aðstoð og hér er um að ræða, eða gert verði það, sem frekast er hægt til þess, og ekkert síður en í sambandi við sjávarútveginn.

Hér er um það að ræða að koma í veg fyrir stöðvun vegna lánsfjárskorts hjá útgerðarfyrirtækjum og útgerðum. Og sé það svo, að bændur séu svo illa komnir, að þeim liggi við að flosna upp af búum sínum af þeim sökum, að þeir séu með svo þungar lausaskuldir á herðum sér, og vegna þess að þeir hafi ekki fengið nægileg stofnlán, þá tel ég, að hliðstæð aðstaða sé fyrir hendi og að Alþingi og ríkisstj. beri að veita þeim sambærilega aðstoð. En um þetta liggur ekki enn fyrir athugun málsins. Þó liggur fyrir, að ríkisstj. hefur stofnað til þessara athugana, og þess vegna er eðlilegt, að það mál sæti sinni meðferð, þegar allt þetta liggur fyrir.

Það er sagt hér, að bændur skuldi lausaskuldir, þótt ekki séu víxilskuldir, og verið að tala um, að nú eigi bara að takmarka þetta við víxilskuldir bænda. Hvaða þýðingu hefur það að vera að ræða um þessi einstöku atriði nú? Þetta kemur allt í ljós, þegar málið verður krufið til mergjar og þegar búið er að rannsaka aðstöðu bændastéttarinnar að þessu leyti. Og ég segi alveg eins og er, það eru fleiri en bændur, sem hér hafa verið nefndir. Af hverju ekki iðnaðurinn? Þarf ekki að útvega honum meiri stofnlán eða möguleika til að breyta stuttum lánum, sem verið er að stofna til vegna stofnlánsfjárskortsins, og veita honum sömu aðstöðu og hér er um að ræða?

En það er dálítið annað, þegar lagt er fyrir vel undirbúið mál í sambandi við eina atvinnugrein, að menn komi þá og segi: Við skulum taka þennan líka, Pétur og Pál o. s. frv., o. s. frv. Það hefur ekkert komið fram hér af hálfu stjórnarstuðningsmanna í fjhn. og hér í málflutningnum annað en það, að eðlilegt væri að rannsaka og kanna aðstöðu landbúnaðarins, á svipaðan hátt og aðstaða útvegsins var könnuð, áður en þetta frv. var fyrir lagt.

Ég hef lagt mikla áherzlu á það í málflutningi mínum í sambandi við þetta mál, að hv. þm. gerðu ekki meira úr þessu máli en efni standa til. Ég hef nú orðið var við, að sumir hafa freistazt til þess að gera það og ekki aðeins þingmenn, heldur einnig útvegsmenn og þeir, sem hlut eiga að máli. Það er út af fyrir sig alveg nauðsynlegt, að menn átti sig á því að gera ekki meira úr málinu og gera málið ekki stærra en það er. Menn hafa oft löngun til þess að gylla mál, sem eru til meðferðar, og gera sig og stuðningsmenn þeirra kannske meiri af. En ég tel, að það sé mjög skaðlegt í þessu sambandi. Þetta er í eðli sínu ekki stærra og meira mál en það að gera tilraun til þess að bæta aðstöðu útvegsins með því eina ráði að breyta stuttum lánum í löng lán, og það er svo takmarkað, að í lögunum er aðeins talað um stutt lán, sem eru í viðskiptabönkum útvegsins. Hugsunin er sú, og það er margbúið að taka það fram, að hér sé ekki um neinar nýjar lánveitingar að ræða, heldur að svo miklu leyti sem stofnlánadeildin veitir þessum fyrirtækjum lán til að borga upp skuldir sínar í viðskiptabönkunum, þá breyti viðskiptabankarnir aðstöðu sinni við Seðlabankann nákvæmlega að sama leyti. Seðlabankinn lánar stofnlánadeildinni, stofnlánadeildin fyrirtækjunum, þau gera um leið upp skuldir við viðskiptabankana og viðskiptabankarnir borga fé inn í Seðlabankann. Málið er ekki meira og stærra en þetta. Það getur vel verið, að menn vildu og óskuðu að hafa málið stærra og meira. En það er engin ástæða til annars en gera sér fulla grein fyrir því, að þetta er takmörkun málsins.

Það kann svo vel að vera, eins og margir hv. þm. hafa sagt, að þegar fram í sækir, sjái menn, að þetta gagni ekki útgerðinni og það þurfi eitthvað meira til. En þá koma tímar og koma ráð, og meira er ekki að þessu leyti, eins og ég sagði, um að ræða að þessu sinni.

Ég vona, að þetta mál sé nú orðið nokkurn veginn útrætt og menn geri sér fulla grein fyrir meginefni þess og einnig viðhorfunum til þeirra einstöku annarra mála, sem ég vil kalla, sem hreyft hefur verið í þessu sambandi, eins og t. d. hliðstæðri aðstoð við landbúnaðinn. Till.

sú, sem hér liggur fyrir, um að setja í samband við þetta mál heimild til ríkisstj. til að ábyrgjast 25 millj. kr. fyrir viss fyrirtæki í vissum samböndum, er líka að mínum dómi annað mál, sem þyrfti að liggja fyrir miklu nánari og sterkari greinargerð fyrir, og vissa um, að þörf væri fyrir, heldur en fyrir liggur á þessu stigi málsins.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í almennar umr. um þetta mál eða ræða það almennt eða leggja neitt verulega til þeirra mála, sem þeir hafa rætt, hv. 1. þm Norðurl. v. og hæstv. landbrh. Það virðist hafa komið fram í þeim umr., að hæstv. sjútvmrh. hafi komið fyrr á vörð en hæstv. landbrh. í þessum málum, og niðurstaðan er sú, að um sjávarútveginn hefur verið aflað skýrslna þeirra, sem hv. 5. þm. Reykv. talaði hér um áðan, en skýrslur um landbúnaðinn, þær sem hæstv. landbrh. virðist hafa hug á að láta safna, eru ekki fyrir hendi, og nú er komið að þinglokum. Það ætla ég svo ekki að ræða nánar.

Hv. 5. þm. Reykv., frsm. meiri hl. fjhn., virtist ekki geta fallizt á að gangast fyrir því, að n. taki brtt. mína á þskj. 516 til sérstakrar athugunar. Þykir mér það leitt, en fæ að sjálfsögðu ekki við því gert.

Hv. þm. sagði, að þetta mál hefði frá öndverðu verið takmarkað og að ekki mætti fara með málið út fyrir þau takmörk, sem því hefðu verið sett í öndverðu. Þess vegna gætu till. þær, sem hér hafa verið fram bornar varðandi landbúnaðinn, ekki komið til álita í sambandi við þetta mál og þess vegna gæti brtt. mín ekki heldur komið til álita, af því að því hefðu í öndverðu verið takmörk sett. En hver er það, sem setur máli takmörk á Alþingi? Það er vitanlega þingið sjálft og svo þau þingsköp, sem kunna að mæla svo fyrir, að ekki skuli blanda saman algerlega óskyldum málum, sem engin tengsl eru á milli. Það er vitanlega svo, að þó að hæstv. ríkisstj. hafi lagt frv. fyrir Alþingi, sem fjallar um vissa aðstoð við sjávarútveginn, þá geta því máli á engan hátt verið þau takmörk sett, að ekki sé hægt að bæta þar við ákvæðum um meiri aðstoð eða ýtarlegri ákvæðum um þá aðstoð, sem um er að ræða í frv. sjálfu.

Í þessari till., sem ég hef lagt fram og er upphaflega borin fram af hv. minni hl. fjhn., er lagt til, að tekin verði inn ákvæði, sem eru í alveg beinu sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir. Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að tilgangur frv. væri aðeins sá að aðstoða sjávarútveginn og á þann hátt að breyta lausum skuldum sjávarútvegsins og fyrirtækja hans í föst lán. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er líka um þetta. Hún er um aðstoð við sjávarútveginn og hún er um að breyta lausum skuldum í föst lán. Hún er þess vegna í raun og veru alveg sama eðlis og frv. sjálft.

Hv. þm. sagði, að fram hefði farið rannsókn á hag sjávarútvegsfyrirtækja, og lýsti því nokkru nánar, á hvern hátt sú rannsókn hefði farið fram. Hann sagði, að málið hefði verið athugað í viðskiptabönkunum, bankarnir hefðu í höndum reikninga allra þeirra fyrirtækja, sem hér væri um að ræða, og hefðu því átt auðvelt með að framkvæma rannsóknina. Hann sagði eitthvað á þá leið, að hér væri yfirleitt um vel stæð fyrirtæki að ræða og að sá vandi, sem þau ættu við að glíma, væri fyrst og fremst eða aðallega sá, að þau hefðu of mikið af lausum skuldum á sínum herðum, og lýsti því nokkru nánar, hvernig þær skuldir væru til komnar.

Ég veit, að það er sem vænta mátti rétt hjá hv. þm., að slík athugun sem hann gat um fór fram í bönkunum síðari hluta ársins sem leið. En ég hef aldrei skilið þetta mál svo, að sú aðstoð, sem útgerðinni væri veitt, ætti endilega að vera eingöngu bundin við þessi fyrirtæki, sem öll skipta við bankana og athuguð voru síðari hluta ársins, — þessi vel stæðu fyrirtæki að öðru leyti en því, að þau höfðu of mikið af lausum skuldum, eins og hv. 5. þm. Reykv. nefndi. Það er áreiðanlega töluvert af sjávarútvegsfyrirtækjum, sem hafa ekki nærri öll viðskipti sín í bönkum, og jafnvel fyrirtæki, sem hafa ekki nein viðskipti í bönkum. Um þetta atriði hefur áður verið rætt í þessum umr. Það eru fleiri lánsstofnanir hér í landinu en þessir tveir bankar, sem aðallega skipta við útveginn, Landsbankinn og Útvegsbankinn. Það er til fjöldi sparisjóða. Sumir þeirra skipta við útgerðina. Og viðskiptum útgerðarinnar er á ýmsan annan hátt fyrir komið. Hvers vegna skyldi þetta mál vera svo takmarkað, að eingöngu væru aðstoðaðir þeir, sem skulda í tveim bönkum, og eingöngu veitt aðstoð varðandi þær skuldir, sem þar eru?

Mér hefur alltaf fundizt frá öndverðu, síðan þetta mál var lagt fram í þinginu, að hér gætti nokkurrar þröngsýni, og vissulega er það þröngsýni, þegar um það er að ræða að veita útgerðinni aðstoð, að takmarka sig aðallega við það að veita aðstoðina vel stæðum fyrirtækjum. Maður hefði haldið, að þeir þyrftu jafnvel fremur aðstoðar við, sem eru ekki vel stæðir, og víst er um það, að frá almennu sjónarmiði getur það fullkomlega eins átt rétt á sér, að haldið sé áfram rekstri fyrirtækis, sem hefur ekki yfir miklum eigin fjármunum að ráða, eins og fyrirtækis, sem er betur stætt og meiri eignir á. Það er nú svo, og þannig held ég, að flestir líti á nú á dögum, að atvinnuvegirnir séu fyrst og fremst til og fyrst og fremst reknir — ja, vegna þeirra, sem eiga atvinnutækin, að sjálfsögðu, svo langt sem það nær, en jafnframt og jafnvel fyrst og fremst vegna fólksins, sem hefur atvinnu við þessa atvinnuvegi, og byggðarlaganna, sem byggja tilveru sína á því, að atvinnuvegir séu til, og hljóta að bíða afhroð, ef atvinnuvegir rýrna eða leggjast niður. Ég held, að nú á tímum sé þetta sjónarmið orðið nokkuð almennt viðurkennt og alveg sérstaklega í sambandi við öll opinber afskipti eða afskipti ríkisvaldsins af atvinnuvegum. Það væri líka undarlegt, ef ríkisvaldið, eins og það gerir, væri reiðubúið til þess að leggja í kostnað við hitt og annað fyrir byggðarlögin, leggja þangað vegi, byggja þar hafnir, reisa þar skóla,

samkomuhús, kirkjur, byggja vatnsveitur og þess háttar, en ætlaði svo að láta sér óviðkomandi það, sem allt þetta hlýtur að byggjast á og öll tilvera fólksins og byggðarlaganna byggist á í framtíðinni, sem sé hið starfandi atvinnulíf. Sá hugsunarháttur er úreltur.

Hv. 5. þm. Reykv., frsm. fjhn., sagði, að auðvitað kæmi það til álita að veita aðstoð af öðru tagi, eins og ég held að hann hafi orðað það, til sjávarútvegsfyrirtækja, en það væri ekki tímabært enn þá að taka ákvarðanir um það, skildist mér. Hann sagði: Það liggur ekkert fyrir um það enn þá, það er engin rannsókn, sem sýnir það, að í sjávarútveginum séu fyrirtæki, sem nægir ekki að skulda 70% á móti eignum. — En ég vil segja: Ég held, að það liggi engin rannsókn fyrir um hið gagnstæða, að ekki séu til fyrirtæki, sem slík aðstoð er ónóg, að ekki séu til fyrirtæki, sem skulda meira en 70% á móti eignum, og þurfa þó á aðstoð að halda, enda ætti þetta að liggja nokkurn veginn í augum uppi.

Ég man ekki betur en ég heyrði hér lesna skýrslu í vetur úr þessum stól, sem flutt var af einum hæstv. ráðh., þar sem sagt var frá því, að ríkissjóður hefði gengið í ábyrgð fyrir tiltekin fyrirtæki í sjávarútveginum, sem næmi ekki 70, heldur 90% af andvirði þeirra eigna, sem um var að ræða. Og þegar menn hafa hlýtt á það, þá ætla ég, að menn þurfi ekki að undrast, þó að til séu fyrirtæki í sjávarútveginum, sem eiga ekki svo mikið, að þeim nægi 70% lán, eins og hér er gert ráð fyrir.

Það er mjög ánægjulegt og ber að þakka, ef skilja má orð hv. 5. þm. Reykv. á þá leið, að ríkisstj. hafi þessi skuldamál sjávarútvegsins áfram til athugunar og þá sérstaklega þeirra fyrirtækja, sem hætt er við að ekki geti notið aðstoðar samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir. Það ber að þakka, ef þetta er til athugunar. En ég vil leyfa mér að benda á það, að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, mun nú vera stefnt að því, að Alþingi ljúki störfum innan skamms, þannig að ekki sé eftir af þingtímanum nema ein eða tvær vikur eða svo. Þess vegna hefur mér virzt, að æskilegt væri og raunar nauðsynlegt, að einhverjar frekari ráðstafanir væru gerðar og ákveðnar einmitt í sambandi við þetta frv., því að eftir að þessu þingi er lokið, hefur hæstv. ríkisstj. ekki möguleika til þess að fá samþykki Alþingis til frekari ráðstafana, fyrr en þing kemur saman að nýju. Og þó að það sé auðvitað möguleiki að gefa út brbl., þá hefði ég haldið, að hverri ríkisstj. þætti æskilegra að fá lög samþykkt á Alþingi heldur en gefa þau út á þann hátt, þó að það geti að sjálfsögðu verið í vissum tilfellum fullkomlega réttmætt og nauðsynlegt að gera slíkt. En áður en næsta þing kemur saman, væntanlega á næsta hausti, lýkur þeirri vetrarvertíð, sem nú stendur yfir, í maímánuði, og í sambandi við það þurfa margir að gera upp sínar sakir, og á þessu tímabili verður væntanlega ný síldarvertíð fyrir norðan land. Allt þetta þarf þá að gerast, án þess að ríkisstj. hafi heimild til sérstakra ráðstafana í þá átt, sem gert er ráð fyrir í brtt. á þskj. 516, nema hún þá taki sér vald til þess með brbl.

Ég skal svo ekki hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég á erfitt með að sjá, hvað hæstv. ríkisstj. getur haft á móti því eða þeir, sem hennar máli tala í hv. fjhn., að fá þá heimild, sem hér er um að ræða, sem með tilliti til þeirrar umsetningar, sem um er að ræða samkv. upplýsingum, er mjög hófleg og hún að sjálfsögðu mundi nota á þann hátt, sem hún sér ástæðu til. En ég á von á því, að hæstv. ríkisstj. eigi eftir að komast að raun um það, þegar hún fer að framkvæma þau lög, sem væntanlega verða sett um þetta efni, að það hefði verið heppilegra fyrir hana að hafa eitthvað rýmri hendur í þeim lögum til þess að veita aðstoð á ýmsum stöðum, þar sem áreiðanlega verður farið fram á við hana að veita slíka aðstoð og hefur jafnvel verið gert.

ATKVGR.

Brtt. 516 felld með 17:13 atkv.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að um langt skeið undanfarið hafa fyrirtæki í sjávarútvegi ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma vegna þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í eða þurft að ráðast í. Þetta hefur hins vegar leitt til þess, að fyrirtækin hafa fest rekstrarfé sitt í framkvæmdunum, og það á hinn bóginn haft í för með sér, að um rekstrarfjárskort hefur verið að ræða mjög tilfinnanlegan og vaxandi undanfarin ár.

Ríkisstj., sem nú situr, lét þetta mál í upphafi til sín taka og stofnaði til allvíðtækrar athugunar á því, hvernig fjárhagsmálum sjávarútvegsins væri komið, hversu miklu fé hann þyrfti á að halda, eða réttara sagt, hversu mikinn aukinn gjaldfrest hann þyrfti til þess, að fjárhagsmál hans kæmust á réttan kjöl.

Þessar athuganir leiddu til þess, að ríkisstj. þótti fyrir síðustu áramót brýna nauðsyn bera til að gera þá þegar sérstakar ráðstafanir til að bæta úr rekstrarfjárörðugleikum útvegsins, og þess vegna gaf ríkisstj. út brbl. þau, sem þetta frv. er til staðfestingar á. Meginefni þess er það, að stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann er heimilað að opna nýja lánaflokka í því skyni að bæta fjárhagsaðstöðu þeirra fyrirtækja, sem stunda sjávarútveg og fiskvinnslu og hafa ekki á undanförnum árum fengið nógu mikið fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda, sem þau hafa ráðizt í. Ætlunin er síðan, að slíkar lánveitingar stofnlánadeildarinnar til langs tíma, 10—20 ára, komi í stað lánveitinga viðskiptabankanna til þessara fyrirtækja, — lána, sem eru óumsamin eða þá til stutts tíma, þ. e., að í stað þess að útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki nú hafa

ósamningsbundnar eða stuttar skuldir í viðskiptabönkum, eigi þau fyrir milligöngu þessara sömu viðskiptabanka og með ábyrgð þeirra kost á því að fá lán til lengri tíma í stofnlánadeild sjávarútvegsins. Það er gert ráð fyrir því, að lánin séu aðeins veitt gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum og vélum sjávarútvegsins, en jafnframt, að þau skuli vera með ábyrgð viðskiptabanka hlutaðeigandi fyrirtækis. Gert er ráð fyrir, að lánstíminn verði 20 ár, ef um lán út á fasteignir er að ræða, 15 ár, ef um lán út á skip er að ræða, og 10 ár, þegar um lán út á vélar er að ræða. Vaxtakjörin á stjórn stofnlánadeildarinnar að ákveða að höfðu samráði við ríkisstj. Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir því, að ef stjórn stofnlánadeildarinnar telur, eftir að hún hefur fengið um það umsögn frá viðskiptabanka hlutaðeiganda, þörf á sérstakri athugun á fjárhag umsækjanda, áður en unnt er að afgreiða lánbeiðni frá honum, þá geti stofnlánadeildin tilkynnt skiptaráðanda það, og skal það þá hafa í för með sér, að hvers konar kyrrsetning eða aðför vegna skuldbindingar lánbeiðanda skuli óheimil á hendur honum og ábyrgðarmönnum hans, þangað til lánsumsókn hefur verið afgreidd, en þó ekki til lengri tíma en loka yfirstandandi árs, og má þá ekki heldur taka bú lánbeiðanda til gjaldþrotaskipta á því tímabili.

Þetta er meginefni frv. Um það hefur ekki verið ágreiningur, að brýna nauðsyn ber til að gera ráðstafanir til að bæta úr rekstrarfjárþörf sjávarútvegsins. Óskir hafa komið fram um það, að hliðstæðar ráðstafanir verði gerðar fyrir aðra atvinnuvegi og þá sérstaklega fyrir landbúnaðinn. Er það mál nú í athugun hjá ríkisstj., en hún er ekki reiðubúin til þess á þessu stigi að leggja fram ákveðnar till. í þeim efnum.

Ég vildi að svo mæltu, herra forseti, leggja til, að þessu frv. yrði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er virðingarvert að sjálfsögðu, að núv. hæstv. ríkisstj. reynir þó eitthvað til þess að leiðrétta til betri vegar það, sem hefur misfarizt í hennar höndum, eins og að því er varðar sjávarútveginn í þessu tilfelli, þar sem þetta frv. hljóðar um aðstoð við sjávarútveginn. Skal það ekki lastað, þótt þessum málum mætti hins vegar á ýmsan hátt annan og það kannske á betri hátt fyrir koma en í þessu frv. felst.

Framsóknarmenn í hv. Nd. lögðu fram till. að því er varðar landbúnaðinn. Þessar till. voru felldar. En í þeim útvarpsumr., sem fram fóru fyrir nokkru hér á Alþingi, gaf einn hv. þm., sem tilheyrir stjórnarliðinu, yfirlýsingu, sem ber að skilja svo, að mark sé á henni takandi. Þetta var hv. 3. þm. Austf. (JP), og var yfirlýsing hans þannig, með leyfi forseta:

„Þess vegna tel ég rétt, að það komi fram, að ríkisstj. hefur ákveðið að leita eftir því við banka og sparisjóði, að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagkvæmum vaxtakjörum."

Nú vildi ég spyrja hæstv. ráðh., hvort ríkisstj. sé nú þegar búin að semja eða leggja einhver tildrög að samningum við banka og sparisjóði um þessi efni, að því er varðar víxilskuldir bænda þar. Og í öðru lagi vil ég spyrja um það, hvort ekkert eigi þá að gera þeim bændum til bjargar, sem hafa miklar lausaskuldir, sem eru ekki í bönkum eða sparisjóðum, því að það vitum við ósköp vel, að það eru ekki allar skuldir, — bændur eins og aðrir skulda hjá sínum viðskiptavinum engu síður. Og þá vildi ég enn fremur spyrja um, hvort það sé meiningin að afla heimildar Alþingis í þessum efnum, áður en það frv., sem nú er til umr., verður afgr. héðan frá hv. deild.

Mér er kunnugt um, að það er langt síðan hæstv. ríkisstj. hófst handa um að afla hliðstæðra gagna, að því er varðar hag bændastéttarinnar, eins og útgerðarinnar. Því vildi ég enn fremur spyrja um, hvort ekkert lægi fyrir í þeim efnum nú. Vænti ég, að hæstv. fjmrh., úr því að hæstv. bankamrh. er ekki hér inni, geti upplýst þessi mál, því að þar sem ríkisstj. er ákveðin í því að gera eitthvað bændum til hjálpar, þá hlýtur hún öll að vera á einu og sama máli um það, og hver ráðh. sem er getur þá væntanlega upplýst þau mál.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal aðeins segja örfá orð um þetta mál á þessu stigi.

Það er að sjálfsögðu svo, að það dregur enginn í efa nauðsyn þá, sem á því er að veita útvegsmönnum nú þá aðstoð, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sem hér liggur fyrir og er til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út í þinghléinu og eru þegar að nokkru komin til framkvæmda, þannig að farið er að vinna eftir þeim og farið að athuga um lánabeiðnir frá útvegsmönnum. Það er kunnara en frá þurfi að segja, eins og hæstv. ráðh. sagði, hvernig hag útgerðarmanna var komið um s. l. áramót, og gerist víst enginn til þess að draga í efa, að þeir hafi fulla þörf fyrir þá fjárhagslegu aðstoð, sem hér er fjallað um. En í sambandi við þetta mál hlýtur að vakna upp sú spurning, hvernig á því standi, að hag útgerðarmanna er svo hörmulega komið sem raun ber vitni um. Í því sambandi verður ekki hjá því komizt að rifja það upp, að á öndverðu s. l. ári voru til meðferðar hér á þessu þingi lög um efnahagsmál, þar sem gengið var fellt og gerðar ýmsar aðrar ráðstafanir, sem ég ætla ekki að fara út í hér, en því var þá yfir lýst, að þær ráðstafanir, sem hlutu hið fallega nafn „viðreisn", mundu nægja til þess að kippa öllu í lag á efnahagsmálasviðinu og ekki mundi útgerðarinnar vegna þurfa að gera aðrar ráðstafanir en þær, sem fjallað var um í þessum efnahagslögum. En þessar spár hafa því miður, vil ég segja, ekki rætzt, eins og stjórnin hefur orðið að viðurkenna, þegar hún 9 mánuðum eftir viðreisn hefur orðið að setja brbl. um þá aðstoð til útgerðarinnar, sem hér er um að ræða.

Hverju er um að kenna, að svona er komið fyrir útgerðinni? Það kunna að vera til þess fleiri en ein ástæða, og sumir mundu vilja tí-

unda það fyrst, að það hafi orðið aflabrestur hjá útgerðinni og sérstaklega hjá togurum. Það er rétt, að það hefur a. m. k. orðið minni afli en miðað var við, þegar bezt lét. Ég hef rætt þessi mál við útgerðarmenn, t. d. togaraútgerðarmenn, og ég hef spurt: Ef aflinn hefði verið sá hinn sami og áður og allt hefði gengið eftir fyllstu áætlun, munduð þið þá hafa komizt af, mundi þá ekki hafa þurft að gera neinar ráðstafanir um s. l. áramót? Og þeir hafa svarað í einlægni: Nei, við mundum ekki hafa komizt af. — Það er sannleikurinn, að einn veigamesta þáttinn í því, hvernig komið var fyrir útgerðinni um s. l. áramót, eiga einmitt þær ráðstafanir eða þáttur í þeim ráðstöfunum, sem hæstv. ríkisstj. stóð fyrir í sambandi við efnahagsmálalöggjöfina á s. l. vetri, og þá alveg sérstaklega vaxtahækkunin, þegar vextir af rekstrarlánum og öðrum þeim lánum, sem þessir aðilar hafa þurft að fá á þessu tímabili, voru hækkaðir að meðaltali um 4%.

Hæstv. ráðh. lét þess getið, að það hefði farið fram athugun á hag útgerðarmanna og það hefði verið athugað, hve mikið þyrfti til þess að ráða fram úr þessum vanda, sem hér er við að etja, með þeim hætti, sem hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir. Hann nefndi ekki þá upphæð, sem til þess þyrfti. Það væri fróðlegt, af því að ég veit, að hæstv. ráðh. er manna bezt að sér í öllum þessum sökum, ef hann vildi nefna þá upphæð, sem gert er ráð fyrir að þurfi í því sambandi, og þá til samanburðar um leið upplýsa það, hversu vaxtahækkunin, 4%, hjá þessum aðilum á þessu tímabili, sem hér er um að ræða, hafi numið hárri upphæð. Mér kæmi ekki á óvart, þó að þessar upphæðir stæðust nokkurn veginn á. En ég veit, að hæstv. ráðh. getur upplýst það betur.

Það er þessi sannleikur, sem má ekki liggja í láginni, að ástæðan til þess, hvernig hag útgerðarinnar er komið, er ekki aðeins sú, að útgerðin hafi ekki fengið nægileg föst lán áður, heldur eru það ráðstafanirnar, sem gerðar voru á s. l. ári, og alveg sérstaklega vaxtahækkunin ásamt að vísu öðrum ráðstöfunum, sem þá þrengdu hag útgerðarinnar, sem valda því, hvernig komið er, og líka því, að gengisbreyt. varð auðvitað ekki t. d. togurunum sú bót, sem gert hafði verið ráð fyrir, sökum þess, hversu hún bitnar á þeim aftur, og vegna þess, hversu mikið þeir þurfa aftur að fá af erlendum gjaldeyri til að greiða með. En þessar ráðstafanir, sem hér eru ráðgerðar, ganga í þá átt eftir lögunum og þó sérstaklega samkvæmt þeirri reglugerð, sem sett hefur verið eftir brbl., að breyta lausaskuldum þessara útgerðarmanna í bönkum í föst lán. Ég vil segja það strax hér, að ég álít, að því miður verði þetta hvergi nærri nægjanleg aðstoð til útgerðarinnar. Ég álít, að það sé alls ekki nægilegt að binda þessa aðstoð með þessum hætti við bankaskuldirnar. Það mun sýna sig mjög fljótlega, að það dugir ekki til. Mér er kunnugt um, að það er þannig nú ástatt fyrir togaraflotanum, að ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að það sé búið að biðja um uppboð á ⅓ hluta af togurunum. Það er engan veginn í öllum tilfellum vegna skulda í bönkum. Það eru í ýmsum tilfellum skuldir, sem hvíla á togurunum jafnvel með lögveðum og er alveg óhjákvæmilegt að verði bjargað. Þannig er það með ýmsar skuldir, sem á þessum aðilum hvíla, lausaskuldir, að það er engu minni ástæða til þess að koma þeim í eitthvert fast form heldur en skuldunum í bönkunum. Mín spá er þess vegna sú, að það sé ekki stætt á því og verði ekki stætt á því að binda þessa hjálparstarfsemi við lausaskuldir í bönkunum, eins og gert hefur verið ráð fyrir. Ef á að halda fast við þá stefnu, leiðir það aðeins til þess, að innan skamms verður að gera aðrar ráðstafanir til bjargar þessum aðilum. Ég efast um, að menn almennt geri sér grein fyrir, hversu óskaplega illa hag togaraútgerðarinnar er nú komið, og að sjálfsögðu er hagur bátaútgerðarinnar einnig bágborinn, en ég skal ekki ræða það frekar.

Að síðustu vildi ég aðeins undirstrika það, sem kom hér fram áðan í ræðu hv. 1. þm. Vesturl., að það væru ekki aðeins útvegsmenn, sem hefðu þörf á áþekkri fyrirgreiðslu eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. útvegsmönnum til handa. Ég vil undirstrika það, sem kom fram hjá honum, að bændum er brýn þörf á slíkri fyrirgreiðslu. Það hefur mönnum verið ljóst engu síður en um útvegsmennina. Ég vil minna á það í því sambandi, að snemma á þessu þingi bárum við nokkrir framsóknarmenn hér í þessari hv. d. fram frv. til laga um aðstoð við bændur, sem eiga í erfiðleikum, bæði til bústofnsaukningar og til vélakaupa og til greiðslu lausaskulda. Þetta frv. hefur ekki átt greiða leið í gegnum þessa deild, þar sem ekki hefur enn verið skilað nál. um það. Ég hafði einmitt hugsað mér að bera fram til hæstv. ráðh. fsp. í svipaða átt og hv. 1. þm. Vesturl., en get þá sleppt því, þar sem upplýsingar munu fást um þau atriði, sem ég hafði í huga, ef hæstv. viðskmrh. gefur svör við þeim spurningum, sem 1. þm. Vesturl. hreyfði. En ég ítreka, að það má ekki verða óhæfilegur dráttur á því, að þessum málefnum bændanna sé sinnt, vegna þess að öllum, sem þeirra málum eru kunnugir, er ljóst, að dráttur í því efni gæti orðið mjög hættulegur vegna þess, að högum margra bænda, sérstaklega þeirra, sem eru nýlega byrjaðir á búskap og hafa ekki átt þess kost að afla sér tækja eða nægjanlegs bústofns, er þrátt fyrir gott veðurfar svo illa komið, að það liggur áreiðanlega við borð hjá mörgum þeirra, að þeir hætti við búskap, og það er illa farið og mikil hætta á ferðum, ef svo fer.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég lét þess getið í framsöguræðu minni, að ríkisstj. hefði haft og hefði til athugunar möguleika á því að greiða fyrir bændum landsins með sama hætti og þetta frv. gerir ráð fyrir að greitt verði fyrir þeim, sem stunda sjávarútveg og fiskvinnslu, í tilefni af rekstrarfjárskorti. Ég get á þessu stigi ekki gefið upplýsingar um, hvenær þeirri athugun, sem nú

fer fram á vegum ríkisstj., muni verða lokið, og þar af leiðandi ekki heldur fyrirheit um, að frv. um þetta efni verði lagt fyrir þetta þing, sem nú mun að vísu ekki eiga mikið eftir af starfstíma sínum. En ríkisstj. mun gera viðeigandi ráðstafanir þegar í stað, er þeirri athugun, sem nú fer fram, er lokið og niðurstaða er fengin um, hversu mikið kveður að rekstrarfjárskorti hjá bændum landsins og hvers konar ráðstafanir þá þyki tiltækilegar til bóta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 16 shlj atkv.

Á 78. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Ed., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 514, n. 553, 589).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa langa framsöguræðu fyrir nál. á þskj. 553. Eins og nál. ber með sér, var ekki ágreiningur um það innan n., að samþykkja bæri frv., svo langt sem það gengur, en einstakir nm. áskildu sér hins vegar rétt til þess að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma, og ég sé, að a. m. k. hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur þegar lagt fram allvíðtækar brtt. við frv.

Hæstv. viðskmrh. gerði allýtarlega grein fyrir frv. og tilgangi þess við 1. umr. málsins, þegar það var lagt hér fram. En tilgangurinn er í stuttu máli sá að heimila stofnlánadeild sjávarútvegsins að opna nýja lánaflokka í þeim tilgangi að bæta fjárhagsaðstöðu fyrirtækja, er stunda sjávarútveg og fiskvinnslu, eins og segir í 1. gr. frv. Eins og kunnugt er, hefur sjávarútvegurinn um langt skeið átt við verulega fjárhagsörðugleika að etja, sem sérstaklega hafa verið tilfinnanlegir á síðustu mánuðum vegna þeirra óhappa, sem útvegurinn hefur orðið fyrir af völdum aflabrests, verðfalls og af öðrum ástæðum, þannig að ég hygg, að ekki sé ágreiningur um það í þessari hv. d., að brýn ástæða sé til þess að gera það, sem unnt er, til þess að leysa þau fjárhagsvandamál, sem sjávarútvegurinn á við að etja, og ágreiningur varla heldur um, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er spor í þá átt, þó að hitt megi auðvitað um deila, hvort nógu langt sé gengið í því efni. Og vitanlega er það öllum ljóst, að því fer fjarri, — þó að þeir möguleikar, sem þetta frv. býður upp á, ættu að geta orðið sjávarútveginum töluverð hjálp, — að allur vandi sjávarútvegsins í þessum efnum sé leystur með því, þó að þetta frv. verði að lögum.

Ég sé samkv. áður sögðu ekki ástæðu til þess að fjölyrða um efni frv. að þessu leyti, og um það mun ekki verða neinn ágreiningur að samþykkja það, svo langt sem það nær. Mér er fyllilega ljóst, að auðvitað er þörf fjármagns á mörgum fleiri sviðum en hvað sjávarútveginn snertir. Ég efast ekkert um, að þörf sé fyrir fjárframlög í því skyni, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur nú þegar lagt fram till. um, til atvinnubóta úti á landinu, til þess að afla framleiðslutækja úti á landinu, til landbúnaðarins o. s. frv. Um þetta atriði mun enginn ágreiningur vera. Ég vil aðeins segja það, að þess verður að gæta í sambandi við allar tillögur, sem gera verður eða gerðar eru í sambandi við fjármagnsþörf atvinnuveganna, að við bætum okkur ekki með því að ætla að ráðstafa miklu meira fjármagni en til er, þó að hitt sé ljóst, að fjármagnsþörfin á hverjum tíma er að jafnaði meiri en möguleikarnir á því að leysa fjármagnsþörfina. En við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti í þessum efnum, og það er síður en svo til bóta, þó að samþykktar séu hér á Alþingi tillögur um að leggja fram svo og svo mikið fé í þessu eða hinu skyni, ef fjármagnið er ekki fyrir hendi.

Ég hef einhvern tíma áður í umr. hér á hv. Alþ. nefnt það dæmi, að það var á dögum hinnar ágætu nýsköpunarstjórnar, ef ég man rétt, að lög voru sett um nýbýli, ræktunarframkvæmdir o. fl. Þar var m. a. ákveðið að veita lán til bygginga nýbýla á óræktuðu landi. Þessi lán áttu að vera til 50 ára og greiðast 2% í afborgun á 50 árum, en engir vextir áttu að vera af þessum lánum. Þetta voru auðvitað stórglæsileg lánskjör og ekki vafi á því, að það var af góðum hug gert að samþykkja þessi lög. En sá hængur var á, að það var ekki neinn möguleiki á því að sjá fyrir fjármagni með þessum hagstæðu lánskjörum, svo að alls munu hafa verið veitt lán á þessum grundvelli, sem námu 82 þús. kr. Þarf ekki að skýra það nánar, hvað skammt slíkt hefur auðvitað hrokkið til þeirra framkvæmda, sem hér var um að ræða.

Það gagnar m. ö. o. ekki að gera samþykktir hér á hv. Alþingi um fjárframlög í einu skyni eða öðru, jafnvel þó að um mjög gagnlegar framkvæmdir sé að ræða, ef ekki er möguleiki á því að afla fjármagnsins, og það er e. t. v. einmitt þetta öðru fremur, sem er grundvallarorsök efnahagsvandamála okkar, að við höfum ætlað að taka allt of stóra bita í einu eða ráðstafa meira fjármagni en við höfum haft yfir að ráða. Það er e. t. v. í þessu, sem skýringin liggur á hinni dapurlegu staðreynd, sem komið hefur fram í opinberum skýrslum, að á síðustu 15 árum höfum við ráðstafað til fjárfestingar hvorki meira né minna en á 7. milljarð króna, án þess að af því sé um að ræða nokkurn árangur í bættum kjörum almennings hér á landi, sem ætti þó að vera grundvallarmarkmið efnahagsstarfseminnar. Það hefur því miður farið svo, að vegna þess að átt hefur að leggja í miklu meiri fjárfestingu en möguleikar hafa orðið á, þá hefur bæði fjárfestingin og sér í lagi árangur hennar orðið miklu minni en ef minna hefði verið haft í takinu í einu, en aðeins ráðizt í það, sem möguleikar voru á að framkvæmt yrði.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ekki skilað neinu sérálíti sem fjárhagsnefndarmaður í þessu máli, þótt ég sé óánægður með frv. í ýmsum efnum. Ég tel sjálfsagt að greiða frv.

atkv., vegna þess að sjávarútvegurinn er í mjög mikilli þörf fyrir aðstoð, og ég tel, að það spor, sem er stigið með frv., þótt skammt sé, sé í rétta átt. Hins vegar skrifaði ég undir sameiginlegt nál. með þeim fyrirvara, að ég áskildi mér rétt til að flytja brtt. við frv., þ. e. a. s. gerði ráð fyrir að flytja till., sem gengju í sömu átt og frv., en lengra. Hv. frsm. n., 11. þm. Reykv., minntist á þær till., sem ég hef flutt, og sagðist viðurkenna, að þörf væri fyrir að ganga lengra en gert er í frv., en taldi hins vegar tormerki á því, og hann rökstuddi tormerkin með því, að þess yrði að gæta að ráðstafa ekki meira fjármagni en til er. Og hann vitnaði í það, að á dögum nýsköpunarstjórnarinnar hefði verið samþ. löggjöf um að veita löng lán til nýbýla, en þegar til kom, var féð ekki fyrir hendi til að fullnægja lögunum, og þá komu þau vitanlega ekki að neinu gagni. Ég álít, að þetta dæmi og þessi afstaða hv. frsm. n. standist ekki gagnvart till. mínum, vegna þess að till. mínar eru ekki um það yfirleitt að veita ný lán, heldur að hagræða lánum, sem þegar hafa verið veitt, þannig að þeir, sem hafa tekið þau, geti staðið undir þeim. Till. mínar eru ekki um að auka lánveitingar í sjálfu sér, heldur að gera þau lán, sem þegar hafa verið tekin, þannig, að þau sligi ekki atvinnulífið.

Með þessum orðum tel ég mig hafa svarað þeirri afsökun og hrakið það, að sú afsökun sé fyrir hendi, sem hv. frsm. n. taldi sig hafa fyrir því að vera ekki með till., sem hann annars taldi þó í eðli sínu þarfar.

Þetta frv., það sem það nær, er nokkurs konar skuldaskilafrv. eða kreppulánafrv. fyrir þá, sem sjávarútveg stunda. Það er nú satt að segja napurt fyrir hæstv. ríkisstjórn, eftir að efnahagsmálalöggjöf hennar hefur staðið eitt ár, að þurfa að bera fram slíkt stjórnarfrv., að þurfa að stofna til slíkra kreppuráðstafana vegna sjávarútvegsins. Með þeim stórfelldu og byltingarkenndu og álagafreku efnahagsaðgerðum, sem ríkisstj. framdi með efnahagsmálalöggjöfinni fyrir rúmu ári, hafði hún talið, að þær mundu skapa sjávarútveginum rekstrargrundvöll án styrkja, eins og það var kallað, enda kvaðst hún miða aðgerðir sínar fyrst og fremst við það, að þessi mikilsverði atvinnuvegur, útflutningsframleiðsluatvinnuvegur, gæti borið sig. Hún kvaðst miða gengisfellinguna við það, að sjávarútvegurinn gæti fengið það fyrir framleiðslu sína, sem honum bæri, með beinni sölu á erlendum markaði og komizt af sjálfbjarga, eins og kallað var. Þá var hæstv. ríkisstj. töluvert hátt uppi.

Káinn orti einu sinni kvæði um sjálfan sig og sagði frá því, hvernig fór, þegar hann drakk úr 50 centa glasinu í einni lotu. Hann stakkst á hausinn, en stóð upp aftur, en aðeins til þess að stingast á hausinn á ný. Þetta stjórnarfrv. og athugasemdir og fylgiskjalið, sem fylgir, er í raun og veru hliðstætt og kvæði Káins. Með þessu frv. segir hæstv. ríkisstj. svipaða sögu af sjálfri sér í sambandi við útveginn og Káinn sagði í gamankvæði sínu. Þetta er ekki skemmtileg saga fyrir hæstv. ríkisstj. að segja hana og ekki heldur skemmtilegt fyrir neina, að hún skuli hafa gerzt, en satt að segja fór í þessu efni eins og vænta mátti og eins og við framsóknarmenn bentum á að verða mundi, og þegar svo þessi tilraun til úrbóta kemur fram, þá er það gallinn á henni, að hún stendur of völtum fótum og er of ófullkomin, eins og hún er fram borin. Og þar að auki er tilraunin aðeins miðuð við sjávarútveginn. En fleiri eiga um sárt að binda eftir efnahagsmálaaðgerðirnar en sjávarútvegurinn. Landbúnaðurinn berst líka í vök, og að því mun ég koma síðar.

Gagnvart sjávarútveginum er frv. harla ófullkomin úrbót, eins og ég hef sagt, en þar að auki með þeim viðsjárverðu einkennum, sem stjórnarstefnan hefur í heild, að hugsa fyrst og fremst um þá, sem eru þó þrátt fyrir allt meiri máttar en gerist og gengur. Þau einkenni koma glöggt fram í því, að þeim skal veita þessa kreppuhjálp, sem hafa svo miklar eignir og þarfnast ekki meiri lána en svo, að ekki fari yfir 70% af matsverði eignarinnar.

2. málsgr. 8. gr. reglugerðar stofnlánadeildarinnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hámarkslán, að viðbættum öðrum lánum, sem á hinum veðsettu eignum hvíla, skulu vera 70% af matsverði. Stofnlánadeildin getur þó lækkað þetta hlutfall, ef matið er að hennar dómi of hátt miðað við viðskiptalega aðstöðu fyrirtækis eða staðsetningu, t. d. að því er varðar öflun hráefnis, eða rekstrarkostnað."

Með þessum reglugerðarákvæðum er það skýrt, að ekki á að veita neinum hærri lán til þess að borga lausaskuldir heldur en svo, að ekki sé meira veitt út á eignir hans en nemur 70% af matsverði þeirra og þó má lækka þetta, þar sem aðstaðan þykir eitthvað erfið til þess að standa straum af efnahagnum, og mun þá ekki sízt vera miðað við það, sem á sér stað í fámenninu úti á landi. Þannig er nefnilega, að björgunarskip ríkisstjórnarinnar á að sigla fram hjá þeim, sem verst eru staðir, þrátt fyrir öll neyðarmerki, sem þeir gefa. Þeir mega farast, sem hafa ekki betri bát en svo, að þeir geti staðið af sér með því að setja að veði 70% eigna, en eigi hitt óveðsett.

Annað, sem sýnir glöggt hið sama, er það, að lánin skuli samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar aðeins veitt gegn veði í framleiðslutækjum og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Andvirði þess skal greitt á reikning bankans, enda getur hann gert það að skilyrði, að lánunum sé varið til greiðslu á ákveðnum skuldum við hann. M. ö. o.: þeir, sem skulda bönkum, eiga að fá þessa aðstoð til að breyta lánum, en ekki er hugsað fyrir hinum, sem á hvíla lausaskuldir utan banka. Hér á aðeins að hjálpa útveginum til að greiða bankaskuldir. Hinir, sem hafa flotið á því að fá lán hjá öðrum, svo sem sparisjóðum og verzlunum, mega sökkva. Björgunarskip ríkisstj. siglir fram hjá þeim á fullri ferð.

Nú veit hver maður, að stefna framfaraáranna var sú að reyna að koma öllum til bjargálna og stuðla að því um land allt, að einstaklingar einir sér eða í samfélagi við aðra gætu hafið atvinnurekstur, gætu hafið útgerð.

Þetta hafði geysilega þýðingu fyrir jafnvægið í byggðum landsins, hagnýtingu heimamiðanna umhverfis allt landið og um leið þá fyrir atvinnulíf í landi, við að vinna aflann á hverjum stað. Þessi þróun var í mjög örum vexti, þegar hæstv. ríkisstj. gerði áfellið með gengisfellingunni miklu, vaxtahækkuninni, lánasamdrættinum og niðurfellingu sérbóta á verð þess fisks, sem grunnmiðin gefa mest af. Margir höfðu brotizt til útgerðarathafna upp á það að skulda mun meira en út á fyrirtæki sín, að því er 70% af verði þeirra nam. Nú mega þeir og þeirra fyrirtæki fara með rekstur sinn veg allrar veraldar. Ekki á stofnlánadeildin að reisa þá við eða styðja þá. Margir höfðu fengið lán hjá sparisjóðum og verzlunum víðs vegar um land. Þeir náðu ekki til bankanna, og nú mega þessir menn eiga sig. Aðeins þeir, sem eru þó það vel settir að hafa borð fyrir báru, eins og gert er ráð fyrir í stofnlánafrv. og reglugerðinni, að geta breytt lausaskuldum í fasteignaveðslán, tryggð með 70% af matsverði eigna sinna, og hafa lausaskuldirnar við bankana, þeir eiga að fá þessa hjálp. Vegna þeirra er þetta björgunarskip gert út. Hvað á svo að verða um hina? Þeir eiga að sökkva í djúpið, eins og verkast vill. Þeim á alls ekki að hjálpa til hafnar.

Ég styð frv., af því að sjálfsagt er að vera með björgun þeirra, sem bjarga á. En ég vil, að öllum sé bjargað, sem mögulegt er að bjarga. Þess vegna flyt ég brtt. við frv. um að breikka grundvöll þess og auka hjálparstarfsemina, gera hana miklu víðtækari og sanngjarnari. En till. mínar eru ekki um það að stofna til nýrra lánveitinga, þ. e. a. s. nýrrar notkunar á því fé, sem til er í landinu, heldur um hitt að breyta lánum til hagfelldari hátta fyrir þá, sem í skuldirnar hafa ratað og hafa ratað í þær að mínum dómi fyrir þær efnahagsmálaaðgerðir, sem hæstv. ríkisstj. stofnaði til og ber því sérstaklega ábyrgð á og skylda til að reyna að bæta úr.

Nú skal ég lýsa þessum till. ofur lítið nánar. Þær eru á þskj. 589.

1. till. er um breyt. á 2. gr. Ég ætla mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa till. upp: „Í stað orðanna „og með einfaldri ábyrgð viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis“ í 1. málsgr. komi: eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar, svo sem ábyrgð banka eða ríkis.“

Þessi breyting er nauðsynleg, ef á að veita mönnum úrlausn og hjálp, sem hafa ekki fasteignaveðstryggingar eða fyrirtækjatryggingar nægilegar til þess að fullnægja stofnlánafrv., eins og það er nú. Það á að veita þeim rétt til þess að geta sett aðrar tryggingar, svo að þeir geti breytt sínum lausaskuldum eins og hinir. Þetta er a-liður, en b-liður: „Við 3. málsgr. bætist: og séu ársvextir ekki hærri en 5%.“

Eitt af því, sem er að sliga þá, sem atvinnu reka í landinu og þurfa að skulda, er vaxtaokrið, og þó að lítils háttar hafi verið dregið úr því, hvílir það enn svo þungt á, að menn rísa ekki undir því, og þess vegna er ekki til neins að veita hjálp, breyta um lánastað og lánsform, nema vextir séu lækkaðir. Í frv. er gert ráð fyrir því, að stjórn fyrirtækisins hafi það í hendi sinni að ákveða vextina. Mér finnst, að Alþingi eigi að ganga svo frá, að það sé tryggt, að vextirnir séu bærilegir, og þess vegna legg ég þetta til.

Þá er c-liðurinn. Við greinina bætist ný málsgr., þannig: „Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun stjórnar stofnlánadeildarinnar. Séu lánin við það miðuð, að lántakandi geti greitt lausaskuldir og haldið áfram atvinnurekstri sínum, ella sé verðmæti þeirra eigna, er hann veðsetur til tryggingar láninu, nægilegt til greiðslu á því eða aðrar tryggingar settar, er lánveitandi metur gildar.“ Og það er aðalatriði í þessu sambandi, að menn geti fengið breytt lánum sínum, ef þeir geta sett fullar tryggingar fyrir, þótt ekki séu veð í fyrirtækjum þeirra eða fasteignum, sem snerta rekstur þeirra.

Önnur till. er við 3. gr.: „Á eftir: „viðskiptabanka umsækjanda“ í 1. mgr. bætist inn í greinina: ef um er að ræða.“ Þessi breyting er miðuð við það, að það sé ekki aðeins hægt að fá breytt skuldum, sem eru við banka, heldur líka við aðra aðila, því að eins og ég tók fram, hefur margur, sem útgerð stundar, lifað á lánum, sem hann hefur fengið hjá öðrum en bönkum, láni, sem hann hefur fengið hjá sparisjóði á sínu útnesi og hjá verzlun þeirri, sem hann hefur haft viðskipti við. Það væri hróplegt ranglæti, ef þeir sparisjóðir, sem þannig hafa hjálpað í atvinnulífinu, og þær verzlanir, sem hafa reynt að lyfta undir, kæmu ekki til greina með að fá greiðslur á þessum lánum sínum, og þeir menn, sem þannig hafa verið settir, að þeir hafa ekki haft aðgang að bönkum, yrðu áfram að ganga undir drápsklyfjum lausaskulda, meðan þeir, sem hafa haft viðskiptin í bönkunum, eru teknir til aðgerðar og þeim er hjálpað til að hagræða skuldunum og gera þær léttari.

Þá er 3. brtt. Á eftir 4. gr. frv. komi tvær nýjar greinar:

a) (5. gr.) „Ríkisstj. er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs stofnlán skv. þessum lögum allt að 25 millj. kr., sem veitt kunna að verða með sérstöku tilliti til þess að koma í veg fyrir, að atvinnufyrirtæki, sem komið hefur verið upp með atbeina sveitarfélaga til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, verði að hætta starfsemi sinni í þessum tilgangi. Ríkisábyrgð skal því aðeins veitt, að fyrir liggi meðmæli nefndar þeirrar, er úthlutar atvinnuaukningarfé samkvæmt 20. gr. fjárlaga.“

Út um land, víðs vegar, hafa sveitarfélög gengið í það að vinna að aukningu atvinnulífs með því að koma upp fyrirtækjum, vinnslustöðvum og geymslustöðvum afurða og gert það af veikum mætti, þannig að á þeim hvíla miklar skuldir, sem eru rekstrinum mjög þungbærar og gera það máske að verkum, að hann verði að hætta. Hér er gert ráð fyrir því, að þessi fyrirtæki fái þá fyrirgreiðslu, að ábyrgð verði tekin á skuldum þeirra miðað við það, að þau gætu breytt þeim í föst lán hjá bönkum, ef þau hefðu ríkisábyrgð að setja. Hér er því ekki um bein fjárframlög að ræða — alls ekki, heldur stuðning með ríkisaðstoð. En sá varnagli er á hafð-

ur eða það varúðarákvæði, að fyrir þurfi þó að liggja meðmæli frá þeirri nefnd, sem skv. 20. gr. fjárlaga úthlutar atvinnuaukningarfé og á að hafa fullkomna yfirsýn um það, hvernig á stendur í þeim byggðum, sem eiga erfiðast og leita aðstoðar. Og henni ætti að vera treystandi til þess að meta þörfina fyrir slíka hjálp.

En b-liðurinn, hann er um 6. gr., hljóðar á þessa leið: „Stofna skal sérstaka lánadeild við Landsbanka Íslands, seðlabankann, er nefnist stofnlánadeild landbúnaðarins. Deildin veiti lán til að bæta fjárhagsaðstöðu bænda og fyrirtækja, er eiga vinnslustöðvar fyrir landbúnaðarafurðir og skortir fé til greiðslu á lausaskuldum, er á þeim hvíla. Lánin skulu veitt gegn veði í fasteignum og búvélum bænda og fasteignum og vélum vinnslustöðva landbúnaðarins eða öðrum tryggingum, sem metnar verða gildar. Hámarkslánstími skal vera: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á vélar 10 ár. Vextir skulu vera þeir sömu og af lánum skv. 2. gr. (þ. e. 5%) og mat á eignum fari eftir sömu reglum og þar greinir. Ákvörðun lánsupphæðar hverju sinni fer eftir ákvæðum 2. gr.

Fjár til lánveitinga samkvæmt þessari grein skal aflað á sama hátt og lána samkvæmt 1. gr.

Ákvæði 3. gr. um sérstaka athugun á fjárhag umsækjenda, þegar þess er talin þörf, og um tímabundna stöðvun aðfarar skulu einnig gilda um þá, er sækja um lán samkvæmt þessari grein."

Þessi liður 3. gr. er um það, að landbúnaðurinn fái sömu fyrirgreiðslu og sjávarútvegurinn, hliðstæða fyrirgreiðslu. Það er öllum ljóst, sem hér eru, að hann verst einnig í vök og að það væri fyrirhyggjuleysi af Alþingi að láta skeika að sköpuðu með þann atvinnuveg. Og hann á fullan rétt á því að fá sams konar aðstoð og sjávarútvegurinn. Einn þm. Sjálfstfl., hv. 3. þm. Austf. (JP), sem var að reyna að tala máli hæstv. ríkisstj. um daginn, þegar vantraustið á hana var rætt í útvarpinu, gaf yfirlýsingu f. h. ríkisstj. um, hvað hún ætlaði að gera vegna bændanna. Þessa yfirlýsingu birti Morgunblaðið í leiðara í gær og virtist vera stolt yfir henni. Nú skiptir það vitanlega miklu máli í sambandi við þessa till., hvað hæstv. ríkisstj. ætlar að gera eða er ráðin í að gera fyrir landbúnaðinn. Hæstv. ráðherrar hafa látið í það skína, að eitthvað vildu þeir gera, með því að segja, að þeir hafi málið til athugunar. Hins vegar gaf þessi þm. í útvarpsumr. yfirlýsingu f. h. ríkisstj., og það er staðfest í leiðara Morgunblaðsins í gær. Og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp þennan leiðarastúf Mbl., hann er ekki langur, og hann hljóðar þannig í nafni Sjálfstfl., — fyrirsögnin er: „Fjárhagserfiðleikar bænda og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar. — Í útvarpsumr. um vantraustst.till. stjórnarandstöðunnar ræddi Jónas Pétursson alþm. nokkuð um þá fjárhagserfiðleika, sem margir bændur ættu við að stríða vegna vaxandi verðbólgu og dýrtíðar á undanförnum árum. Kvað hann þessa erfiðleika hafa verið til athugunar og umræðu hjá ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar. Væri auðsætt, að hér væri um vandamál að ræða, sem greiða yrði fram úr með opinberum aðgerðum. Jónas Pétursson komst síðan að orði á þessa leið:

„Þess vegna tel ég rétt, að það komi fram, að ríkisstj. hefur ákveðið að leita eftir því við banka og sparisjóði, að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagkvæmum vaxtakjörum."

Jónas Pétursson flutti þessa yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj. Munu margir bændur fagna henni. Má óhikað treysta því, að bankar og sparisjóðir muni eftir föngum freista þess að verða við óskum ríkisstj. í þessum efnum. Það væri mjög illa farið, ef ungir og efnalitlir bændur, sem staðið hafa í miklum framkvæmdum á undanförnum árum, yrðu að gefast upp við búrekstur sinn. Af því mundi leiða þverrandi framleiðslu landbúnaðarafurða."

Í þessum leiðara er fyrst og fremst full viðurkenning á því, að bændur eigi í vök að verjast. Jafnvel er gert ráð fyrir því, að ungir og efnalitlir bændur kunni að þurfa að gefast upp við búrekstur sinn, ef ekki komi hjálp til. Þetta er hverju orði sannara. En hver er þá hjálpin, sem Morgunblaðið er stolt af? Það er upplýst, hver hún er. Það kemur greinilega fram í orðum Jónasar Péturssonar, en hann sagði, eins og ég las áðan: „Þess vegna tel ég rétt, að það komi fram, að ríkisstj. hefur ákveðið að leita eftir því við banka og sparisjóði, að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagkvæmum vaxtakjörum."

Hér þarf því ekki frekar vitna við um það, hvað ríkisstj. ætlar að gera.

Nú er bezt að athuga yfirlýsinguna, sem bóndinn rogaðist með fram fyrir landsmenn í útvarpinu: „ríkisstj. hefur ákveðið að leita eftir því (að leita eftir því!) við banka og sparisjóði að hluta af víxilskuldum bænda verði breytt í föst lán til langs tíma með hagkvæmum vaxtakjörum." Hér er um það að tala, að það á að minnast á það við banka og sparisjóði að breyta einhverju af víxlum bænda í föst lán til langs tíma, með hagkvæmum vaxtakjörum. Þetta er allt og sumt, þegar gefin er þó hins vegar út í frumvarpsformi regla um miklu meiri aðstoð handa sjávarútveginum og á að lögbinda það fyrirkomulag.

Í þessu sambandi finnst mér vera rétt að minnast þess, að sparisjóðirnir, sem á nú að fara að tala við, hafa orðið fyrir því fyrst og fremst, að vextir hafa verið hækkaðir, þannig að mismunur innlánsvaxta og útlánsvaxta hefur minnkað og þar með dregið úr tekjum sparisjóðanna og rekstrarhæfni. En þar að auki hefur verið ákveðið að taka af sparisjóðunum fé til bindingar í stórum stíl, svo mikið fé, að numið getur meira en ¼ af umráðafé þeirra. Svo er hugmyndin að koma til þeirra og minnast á það við þá, að þeir láni víxla, breyti víxlum í föst lán með lágum vöxtum. Þetta er víst sanngjarnt gagnvart sparisjóðunum, og þar að auki er þetta mjög ráðdeildarlegt hjá yfirstjórn peningamálanna í landinu! Þetta er gerhugsað! Enn fremur er það, að nú er langt frá því, að allir bændur skuldi aðallega við banka og sparisjóði. Bændur hafa yfirleitt ekki átt svo hægа leið til banka til þess að fá hjá þeim laus lán,

víxillán, að meginskuldir þeirra — lausaskuldir — séu þar, og sparisjóðir hafa ekki heldur verið þess umkomnir að veita mikla aðstoð í þessum efnum í víxillánum út um byggðir landsins. Nei, skuldirnar, sem þeir eru í, eru á öðrum stöðum. Það eru verzlunarskuldir. Þeir skulda við viðskiptafyrirtæki sín, en ekkert er fyrir þeim skuldum hugsað.

Ég verð að segja það, að mér finnst þetta vera meiri vesaldardropinn, sem bóndinn kemur með á nefi sínu, þegar hann tilkynnir þetta f. h. sinnar hæstv. ríkisstj. Hvílíkur flatmagandi undirlægjuháttur og lítilþægni af bónda að telja þetta úrlausn og samboðna fyrir stétt sína! Hvers vegna leyfir Sjálfstfl. sér að smækka bóndann í flokki sínum með því að láta hann tilkynna þannig lítilsvirðingu á bændastéttinni? Nei, það er sannarlega þörf fyrir það að samþykkja aðstoð í sambandi við þetta frv., og um annað er nú varla að ræða, svo er áliðið þings, — samþykkja till. eins og þá, sem ég hér flyt, um að stofna sérstaka deild við Landsbankann til þess að veita bændum hliðstæða aðstoð og á að veita sjómönnunum eða útgerðarmönnunum. Og ég tel, að það væri til sóma fyrir hv. Ed., ef hún samþykkti þessar brtt. mínar og gerði með því viðtækari þá björgunarstarfsemi fyrir sjávarútveginn, sem hefur verið stofnað til, og tæki jafnframt upp þá hliðstæðu björgun vegna landbúnaðarins, sem ég legg til að ríkisstj. fái heimild til að gera, ef eitthvað vakir fyrir henni að gera, sem einhvers virði væri fyrir bændur. En það er einskis virði fyrir bændur, það sem Morgunblaðið segir og hv. 3. þm. Austf. (JP) tilkynnti að yrði gert eða ákveðið væri að gera, — það er einskis virði. Ef hæstv. stjórn vildi gera eitthvað, sem skárra væri og að gagni fyrir bændurna, þá ætti hún að taka með þökkum að fá heimild til þess, eins og hér er lagt til. Og stuðningsmenn hennar ættu líka að taka því með þökkum. Ég vil ekki að óreyndu trúa því, að hér í hv. Ed. finnist ekki nógu margir velviljaðir menn í garð þessara tveggja höfuðatvinnuvega, sem allir vita og viðurkenna að standa báðir höllum fæti, — nógu velviljaðir menn til þess að samþykkja þessar till., sem ég hef nú lagt fram og gert grein fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 589,1.a felld með 10:8 atkv.
— 589,1.b felld með 10:8 atkv.
— 589,1.c felld með 10:8 atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 589,2 felld með 10:8 atkv.
3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 589,3.a felld með 10:8 atkv.
— 589,3.b felld með 10:8 atkv.
5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 589,4 kom ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 633).

---

47. Meðferð opinberra mála.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 5. maí 1951, um meðferð opinberra mála [209. mál] (stjfrv., A. 463).

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að gerðar verði tvær meginbreytingar á meðferð opinberra mála hér á landi.

Fyrri breytingin er um skipan sérstaks saksóknara, sem taki við að langmestu leyti því valdi, sem dómsmrh. hefur nú um höfðun refsimála. Þessi hugmynd er engan veginn ný. Samkvæmt grg. frv. hafa þegar áður 7 sinnum komið fram frv. á Alþingi þessa efnis, og af þeim frv. hafði ég sjálfur lagt hið sama til þrisvar sinnum, en þessi frv. hafa aldrei náð fram að ganga. Ástæðan til þess er sú, sem ekki tjáir að dylja sig, að verulegur eða a. m. k. nokkur kostnaður hlýtur að verða því samfara að taka upp þá skipan, sem hér er lögð til. Raunar mun sparast að einhverju leyti í dómsmrn. af þessum sökum, kostnaður við það verða minni, en þó vafalaust ekki því, sem nemur kostnaðaraukningu við hina nýju skipan. En þó að einhver kostnaðaraukning verði þessari nýju skipan samfara, þá er það skoðun mín enn að mjög vel íhuguðu máli, að ekki sé horfandi í þann kostnað til þess að fá það aukna öryggi í réttarskipan þjóðarinnar, sem mundi fást með þessari breytingu. Það er eitt hið mesta vandaverk, sem einum manni er falið, að kveða á um það, hvenær og hvort skilyrði séu fyrir hendi til höfðunar refsimáls á hendur sakborningi. Og þó að ég geri mér ljóst, að sá vandi haldist að sjálfsögðu, þó að þessi nýja skipan verði tekin upp, og vafalaust verði mjög deilt um ýmsar ákvarðanir saksóknara, ekki síður en deilt hefur verið um ákvarðanir dómsmrh. í þessum efnum, og þó að játa verði, að dómsmrh. situr tiltölulega stuttan tíma yfirleitt og er mjög háður almennri gagnrýni í störfum sínum og þar með ef til vill einnig auðveldara að koma fram á hendur honum a. m. k. pólitískri ábyrgð fyrir þau afglöp, sem hann kann að gera í starfi, heldur en verða mundi um saksóknara, sem skipaður er í stöðu sína eins og aðrir embættismenn, með sömu tryggingum og

þeir, og verður þess vegna ekki látinn víkja, nema hann hafi beinlínis brotið af sér á refsiverðan hátt í starfi eða á annan veg sannað, að hann sé óhæfur að mati dómstóla til þess að gegna sínu starfi, þá verður þó að ætla, að verulegur vinningur sé við að taka þetta vald úr höndum dómsmrh. og fá það óháðum saksóknara.

Í fyrsta lagi er sá möguleiki ætíð fyrir hendi, að pólitískur ráðherra misbeiti sínu starfi, misbeiti því valdi, sem hann hefur. Nú vil ég ekki segja, að mörg dæmi sé hægt að finna þess í okkar stjórnmálasögu, að þetta hafi verið gert, þó að oft hafi verið ásakanir uppi um það, því að yfirleitt er það svo, að þó að dómsmrh. hafi æðsta úrskurðarvaldið í þessum efnum, þá er starfið að langsamlega mestu leyti unnið af föstum starfsmönnum, sem í þessum efnum hafa mikla æfingu og líta á málin mjög frá sama sjónarhól og saksóknari mundi gera. Og undir ráðherra er yfirleitt ekki borið annað í þessum efnum en það, sem teljast verður fullkomið álitamál eða þá vera svo viðurhlutamikið, að talið er rétt, að sá, sem hina síðustu ábyrgð og þá þar með hina stjórnmálalegu ábyrgð ber, komi til.

En það er ekki nóg, þó að misbeiting á þessu valdi hafi áreiðanlega verið mjög sjaldgæf hér á landi. Hitt er ekki síður mikilsvert, að búa þannig um, að erfitt sé að telja mönnum trú um, að misbeiting á þessu viðkvæma valdi eigi sér stað. Og það liggur í hlutarins eðli og reynslan sýnir, að stjórnmálamaður, sem gegnir ráðherraembætti, liggur miklu frekar undir grunsemdum um að fara ekki rétt með svo viðkvæmt vald heldur en hlutlaus embættismaður mundi gera. Almenningur mundi þess vegna telja réttaröryggi betur borgið í höndum þess hlutlausa embættismanns en í höndum manns, sem samkv. venju hefur fyrir fram hér um bil helming þjóðarinnar á móti sér, sem lítur á allar hans gerðir með meiri og minni tortryggni. Þetta hefur orðið til þess að skapa meiri óróa og meira vantraust í kringum opinberar málshöfðanir en æskilegt er og hollt fyrir þjóðfélagið sjálft. Og ég verð að játa, að það eru fyrst og fremst þessi sjónarmið, sem gera það að verkum, að ég tel nauðsynlegt, að á þessu verði breyt., frekar en ég sé örugglega sannfærður um að sjálfstæður saksóknari muni út af fyrir sig vinna verkið betur en dómsmrn. Við skulum ekki halda, að það verði alger friður um hans starf. Eftir sem áður verður oft að taka ákvarðanir, sem menn verða misjafnlega sannfærðir um, hvort réttar séu eða ekki, og vissulega er sú hætta fyrir hendi, að maður, sem er fastur í sinni stöðu og ekki jafnauðvelt að koma fram beinni ábyrgð gegn eins og gegn ráðh., geti einnig lent í mjög örðugri aðstöðu gagnvart öllum almenningi. En þó er ég sannfærður um, að hans staða verður mun styrkari en ráðherra, sem koma og fara og — eins og ég sagði áðan — fyrir fram eru tortryggðir vegna sinna stjórnmálaafskipta um það að vilja gera öllum rétt, eins og vissulega er æðsta skylda, ekki síst við þær ákvarðanir, sem hér um ræðir.

En einnig er á það að líta, að saksóknari mundi hafa mun betra færi til þess sjálfur að setja sig inn í þau mál, sem hann þarf endanlega að taka ákvarðanir um, heldur en ráðh., sem verður í þessu mest að sjá með annarra augum og getur ekki með nokkru móti haft tíma til þess að gera sér sjálfstæða grein fyrir þeim málum, sem þó er tekin ákvörðun um í hans nafni og á hans ábyrgð.

Þessi sjónarmið hafa orðið því valdandi, að hjá nálægum þjóðum, eins og Norðurlandaþjóðum, hefur sérstakur saksóknari verið skipaður, og er þar auðvitað miklu meira embættisbákn en mundi verða hér á landi. Aftur á móti er í engilsaxneskum löndum frekar sá háttur á, að endanlegt ákvörðunarvald í þessum efnum er hjá pólitískum aðilum, sem eru í meiri eða minni tengslum við ríkisstj. sjálfa, en þó sums staðar, eins og t. d. í Bandaríkjunum, á þann veg, að í vissum meiri háttar málum er ekki um endanlega málshöfðun að ræða, fyrr en sérstakur kviðdómur hefur talið ástæðu til hennar. Það er ekki nóg, að saksóknarinn taki þá ákvörðun, heldur þarf, eins og ég segi, í sumum málum einnig sérstakur kviðdómur að viðurkenna, að efni sé til málshöfðunar, og síðan er sjálf málshöfðunin lögð undir annan kviðdóm, sem kveður upp sinn dóm um það, hvort sakborningur sé sýkn eða sekur. En einmitt þessi umbúnaður sýnir, hversu mikið þykir í húfi um það, að menn séu ekki án ríkra ástæðna dregnir fyrir lög og rétt, að menn verði ekki fyrir þeirri truflun, sem leiðir af málshöfðun í refsimáli, nema fullkomnar ástæður séu til.

Það er óhætt að segja án alls stjórnmálaágreinings, að þá er það einn helzti veikleiki í okkar þjóðfélagi, að almenning skortir óbrigðula trú á, að allir séu jafnir fyrir lögunum, að þau séu jafnt látin ganga yfir þann stóra og smáa. Eftir minni þekkingu, — og skal ég þó játa, að enginn er dómari í sjálfs sín sök, og ég hef alllengi farið með þetta vald og skal ekki dæma um það, hvernig mér sjálfum hefur tekizt það, — en eftir minni þekkingu er þessi trú manna á miklum misskilningi byggð. En hún hefur eflzt, eins og ég sagði, við þá tortryggni, sem menn fyrir fram á víxl bera til hinna pólitísku ráðherra, sem með valdið fara, og einmitt þess vegna hygg ég, að ef við viljum treysta okkar dómsvald og treysta réttartilfinningu borgaranna í landinu, þá megi ekki lengur dragast að búa svo um, að líklegra sé, að handhafi þessa valds verði ekki fyrir fram fyrir þeirri sömu tortryggni eins og í ljós hefur komið að ráðh. hverju sinni verða.

Af þessum sökum er í þessu frv. lagt til, eins og ég sagði, að sérstakur saksóknari verði skipaður, sem að langsamlega mestu leyti taki við ákæruvaldinu og fari með það undir nauðsynlegu eftirliti dómsmrh. á þann veg, að hann eigi rétt á að fylgjast með störfum hans, óska skýrslna um meðferð hans á einstökum málum og svo auk þess, þar sem sérákvæði eru í lögum um, að mál heyri undir úrskurð dómsmrh. að þessu leyti, þá haldist þau á-

kvæði. Til þess að gefa þessum saksóknara sem sterkasta aðstöðu er ætlazt til, að hann fái, eftir því sem við verður komið, sömu lögkjör og hæstaréttardómarar. Að svo miklu leyti sem staða hæstaréttardómara er tryggari en annarra embættismanna samkv. ákvæðum sjálfrar stjórnarskrárinnar, þá er ekki hægt að láta þennan embættismann fá þá sérstöðu með þessari lagasetningu, en þar fyrir utan er ætlazt til, að staða hans verði sem svipuðust hæstaréttardómara og þá einnig að því er launakjör varðar. Og ég vil strax taka það fram, að ég tel, að til þess að því ákvæði verði fullnægt, þá þurfi saksóknari ekki einungis að fá sömu launakjör og hæstaréttardómurum eru ætluð samkv. launalögum, heldur svipaðar aukatekjur og hæstaréttardómarar af sjálfu sér hljóta í embætti sínu, fyrir dómaútgáfu og fleiri slík atriði, sem viðtekin regla er að þeir fá nokkra aukaþóknun eða hlunnindi fyrir. Það verður að meta, hvers virði þau hlunnindi eru, og ætla þessum manni svipuð kjör. Vandinn við að fá hæfan mann í þessa stöðu er sá, að hin lögákveðnu launakjör hans mundu verða svo lág, að erfitt er fyrir þann, sem nokkurra kosta á völ, að taka við slíku eða una við það. Það kemur af því, sem við þekkjum, að munur á launakjörum er samkv. launalögum svo lítill, að mjög er dregið úr löngun eða freistingu til þess að vera í hinum vandasömustu embættum, miðað við að vera í hinum lægri, þar sem ábyrgðin og vandinn er minni, en einnig oft meiri möguleiki á aukatekjum, bæði hjá ríkinu og frá öðrum aðilum, sem menn vinna sérstök störf fyrir. En að sjálfsögðu liggur mjög mikið við, að þessi embættismaður verði sem allra óháðastur í sínu starfi og eigi ekki afkomu sína að neinu leyti undir því, sem kalla má bitlinga frá hálfu stjórnarvalda, og enn þá síður, að hann taki að sér nokkur störf í þágu einstaklinga.

Ég skal geta þess, að svo mikilsvert sem ég tel af þeim ástæðum, sem ég þegar hef greint, að gera þá breytingu á meðferð sjálfs ákæruvaldsins, þá er í raun og veru ekki síður brýn þörf á því að endurskoða frá grunni alla meðferð opinberra mála fyrir dómurum. Hér hefur það tíðkazt frá fornu fari, að sami maður rannsakar mál sem að lokum dæmir í því. Þetta verður óneitanlega til þess, að rannsóknardómari, sem er búinn að setja sig vel inn í mál og hefur sjálfur unnið að upplýsingum þess og gagnasöfnun gegn sakborningi, sannfærir oft fyrst og fremst sjálfan sig um sekt þess manns, er undir rannsókn hans liggur. Hann er í raun og veru að rannsókninni lokinni ekki í þeim huga, að hann geti dæmt um, hvort sökin sé fyrir hendi eða ekki. Hann er einnig oft að dæma um sitt eigið verk, sína eigin rannsókn, um leið og hann á að kveða upp dóm um sekt eða sýknu þess, sem fyrir sökum er hafður. Þetta hefur helgazt hér á landi af því, að við sökum mannfæðar höfum ekki treyst okkur til að hafa þá tvískiptingu, sem annars staðar er og hefur lengi verið í þessum efnum, ýmist á þann veg í hinum stærri málum, að sakborningar að lokum eru leiddir fyrir kviðdóm eða einhvern minni samsettan dóm eða a. m. k. fyrir dómara, sem ekki hefur að neinu leyti sjálfur tekið þátt í rannsókn málsins. Þetta er kostnaðarsamara fyrirkomulag en svo, að við með okkar dreifðu byggð og fámenni höfum treyst okkur til að takast þann kostnað á herðar. En eftir því sem þjóðfélag okkar verður margbreyttara og tíðari eru ýmiss konar alvarleg brot, þá verðum við að játa, að hin gamla skipun er með öllu úrelt. Og ég vil hér lýsa yfir því, að það er eindreginn ásetningur minn að láta undirbúa gerbreytingu á meðferð opinberra mála, jafnvel þótt af því kunni að leiða nýja dómaskipan og aukinn kostnað.

En við verðum að játa, að eins og nú er, er réttarfarið í þessum efnum gersamlega úrelt og veitir ekki sakborningum þá tryggingu, sem eðlilegt er að þeir njóti. Slíkur undirbúningur mundi hins vegar hljóta að taka alllangan tíma. Það er ekki hægt að segja, hvort það verða margir mánuðir eða ár, og ég tel ástæðulaust að bíða með þá réttarbót, sem svo oft hefur verið hreyft áður, eftir því, að sú gerbreyting komist á, sem ég hef nú vikið að. Í þessu frv. er um að ræða gamalþekkt mál, sem oftar hefur verið fyrir Alþ. en flest önnur og í sjálfu sér er vandalaust fyrir hvern og einn að taka ákvörðun um. Það er þaulrætt og þaulhugsað af öllum þeim, sem láta sig þessi mál skipta. Hitt er aftur á móti miklu flóknara og miklu vandasamara, hvernig því eigi fyrir að koma. Þess vegna hef ég talið eðlilegt að láta nú þegar undirbúa frv. varðandi saksóknarann, en ætla lengri tíma til rannsóknar og undirbúnings hins atriðisins, sem ég tel þó e. t. v. enn þýðingarmeira fyrir réttaröryggi í landinu.

Síðara meginatriði þessa frv. er miklu þýðingarminna en skipun saksóknara, en það er um heimild til þess að kveða á um, að bæta við eða fjölga sakadómurum hér í Reykjavík, eins og nánar segir í frv., og verði þá einn þeirra yfirsakadómari. Um þetta voru einnig gerðar tillögur á þeim árum, 1948, 1949 og 1950, þegar ég bar fram frumvörp um meðferð opinberra mála, en fékk þá ekki samþykki. Það kann að vera, að af þessu leiði einhvern aukakostnað. Hann er þó tiltölulega mjög lítill. En hér er um verulega réttarbót að ræða. Eins og nú standa sakir, má mjög deila um réttarstöðu þeirra manna, sem gegna störfum hjá sakadómara. Þeir eru að nafninu til fulltrúar hans, en eru þó þeir dómarar, sem kveða upp flesta dóma af öllum dómurum. Það er eðlilegt, að sömu skilyrði séu gerð til þeirra og þeirra dómara, sem miklu færri dóma kveða upp, en einnig eðlilegt, að þeir njóti sama réttaröryggis og trygginga í sinni stöðu og aðrir dómarar. Eins og sakir standa, mundi þetta hafa þau ein áhrif, að fulltrúum hjá sakadómaraembættinu fækkaði, sem því nemur, sem sjálfum sakadómurunum fjölgaði, og þessir fulltrúar mundu nokkuð færast upp í launastiga, en eins og ég segi, hefur það sáralitla fjárhagsþýðingu. Það, sem þýðingu hefur, er að skapa þessum annamestu dómurum á landinu viðhlítandi embættisaðstöðu og þannig tryggja einnig sjálfa rétt-

arskipanina. Ef sú till. nær fram að ganga, vil ég strax lýsa yfir því, að ég mun á næsta þingi bera fram svipaða till. varðandi fulltrúa hjá borgardómaranum í Reykjavík og athuga um, hvort slíkt hið sama væri ekki réttmætt varðandi fleiri af dómaraembættum. En ég er ekki reiðubúinn hér til þess að nefna aðra hliðstæðu en borgardómaraembættið, sem samsvarar að þessu leyti sakadómaraembættinu.

Þó að hér séu margar greinar í þessu frv. og það sýnist við fyrsta tillit kannske allflókið, þá er aðalefni þess mjög einfalt, og það hefur verið grandskoðað af lögfræðingum. Treysti ég því þess vegna, að málið geti fengið skjóta afgreiðslu og þó að áliðið sé þings, verði hægt að afgreiða það, áður en þingi lýkur, því að eins og ég segi, er í raun og veru hér um einfalt ákvörðunaratriði að ræða, hvort menn vilji taka upp öruggari skipan en nú gildir, sem kostar meira en núgildandi skipan, en er í samræmi við það, sem þær þjóðir, sem okkur standa næstar að menningu og réttarskipan, hafa lengi haft hjá sér og telja alveg nauðsynlegt til öryggis og tryggingar heilbrigðu réttarfari.

Ég legg til, að málið gangi til 2. umr. og hv. allshn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ákvæðum 6. gr. frv. langar mig aðeins til þess að bera fram örstutta fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Saksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið."

Hæstv. ráðh. skýrði nokkuð þetta ákvæði og minntist á, að með lögkjörum væri átt við, að þeir fengju gjöld fyrir aukavinnu. En ég vildi mega spyrja: Er ætlazt til þess, að þessi grein sé skilin þannig, að saksóknari haldi sama eftirlaunarétti og hæstaréttardómarar? Þeir hafa nú, eins og kunnugt er, full laun, eftir að þeir láta af störfum, laun þeirra ekkert skert. Er ætlazt til þess, að það verði einnig svo hjá saksóknara, og ef svo væri, væri ekki réttara að taka það skýrar fram í löggjöfinni? Það hefur einnig komið mjög til tals í sambandi við hæstaréttardómara að kveða svo á um í skattalögum, þó að það sé ekki orðið að lögum enn þá, að hæstaréttardómarar skuli vera skattfrjálsir af tekjum sínum. Ef svo yrði síðar, mundi það þá einnig verða um saksóknara, að hann kæmi til með að njóta þeirra kjarabóta, sem kynnu að verða gefnar hæstaréttardómurum, ef greinin er samþykkt óbreytt?

Í öðru lagi vildi ég gjarnan spyrja hæstv. dómsmrh. um, hvaða ástæður eru til þess að halda ákvæði í 3. mgr. 7. gr. um, að sérákvæði í lögum haldist, þó að þetta frv. sé samþ., þar sem svo er mælt um, að dómsmrh. kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála, — hvort það sé ástæða til þess að halda því áfram, eftir að búið er að skipa ákveðinn saksóknara, og hvaða ástæða liggur fyrir því, að slíkum ákvæðum þarf þá að halda í lögunum.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða um frv. að þessu sinni.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hygg, að það mál, sem hér liggur fyrir, sé eitt af merkari málum, sem hafa komið fram á þessu þingi.

Eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh., gerir þetta frv. ráð fyrir tveimur meginbreytingum. Önnur breyt. er sú, sem hann taldi veigaminni, að heimilt er, að 3—5 sakadómarar séu í Reykjavík í stað eins nú. Ýmsir kynnu að halda, að hér væri um embættismannafjölgun að ræða, en samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. ráðh. gaf og ég hef ástæðu til að ætla að séu réttar, þá er ekki um það í raun og veru að ræða, heldur er hér aðeins um að ræða staðfestingu á þeirri skipan, sem þegar er orðin, að fulltrúar sakadómara starfi sem sjálfstæðir dómarar. Og það mætti ætla, að það að veita þeim fullkomlega þá viðurkenningu gæti orðið til þess að skapa meiri festu og öryggi í þessum efnum. Þó að þessi breyt. yrði gerð, mun því ekki fylgja nein veruleg launahækkun og sennilega sízt of mikil til þess að það takist að fá hæfa menn til þessara starfa, því að mér skilst, að á undanförnum árum hafi nokkrir menn horfið úr þessu starfi vegna þess, að þeim hafi boðizt betri kjör annars staðar. Þess vegna hygg ég, að það sé stefnt í rétta átt með þessari breyt. að fjölga sakadómurum hér í Reykjavík.

Annað aðalatriði þessa frv. er svo það, sem hæstv. ráðh. rakti mjög ýtarlega, en það er skipun sérstaks sakadómara, sem fari með það vald, sem hæstv. dómsmrh. hefur nú sem opinber ákærandi. Þetta mál er gamalkunnugt hér í þinginu. Það hefur verið hér meira og minna til meðferðar í tæp 30 ár. Dómsmálaráðherrar úr þremur stjórnarflokkum hafa látið undirbúa frumvörp, sem hafa fjallað um þetta efni, en þau þó ekki náð fram að ganga af þeim ástæðum, sem hæstv. dómsmrh. rakti hér, en aðalástæðan mun hafa verið sú, að menn teldu, að af þessu hlytist of mikill kostnaðarauki. Þetta mál hefur legið nokkuð niðri um skeið, ekki verið rætt svo mikið um skeið, en þó má benda á það, að fyrir tveimur árum birtist í tímariti lögfræðinga, Úlfljóti, mjög merkileg grein um þetta efni eftir Þórð Björnsson fulltrúa sakadómara, þar sem hann rekur þær mótbárur, sem helzt hafa komið á móti þessari skipan, og ræðir jafnframt um þá kosti, sem hún mundi hafa. Ég hygg, að þeir, sem lesa þessa ritgerð Þórðar, sem upphaflega mun hafa verið flutt sem erindi í félagi lögfræðinga, komist að raun um það, að hér sé um eðlilega og sjálfsagða breytingu að ræða, að sérstakur sakadómari verði látinn fara með það vald, sem hæstv. dómsmrh. hefur nú í þessum efnum. Um þá röksemd, sem helzt hefur verið hreyft á móti þessu, að þetta muni hafa aukinn kostnað í för með sér, þá hygg ég, að hún sé ekki eins mikilvæg og margir halda. Bæði er það, að fulltrúar, sem nú eru starfandi í dómsmrn., eiga að geta flutzt yfir til saksóknaraembættisins, og það mun líka vera mála sannast, að dómsmrn. er nú ekki nægilega vel mannað til þess að gegna þessu starfi. Þar á ég ekki við það, að þeir menn, sem nú vinna að þessum málum þar, séu

ekki hæfir til þess að fást við þau, heldur hitt, að þeir séu of fáir. Sem blaðamaður hef ég haft aðstöðu til að fylgjast með því, að mörg af hinum stærri sakamálum, sem hafa komið til dómsmrn. á undanförnum árum, hafa tafizt þar óeðlilega lengi, jafnvel árum saman, að því er mér hefur verið tjáð helzt vegna þess, að það hefur ekki verið nægilegu af starfsmönnum þar á að skipa, til þess að hægt væri að taka nægilega fljótt ákvarðanir um, hvernig á þeim skyldi haldið, hvort málshöfðun skyldi ákveðin eða ekki. Og það er náttúrlega mjög óheppilegt, þegar slíkt ástand skapast, og þess vegna býst ég við, að jafnvel þó að ekki væri horfið að þeirri skipan að setja sérstakan saksóknara, þá yrði samt að fjölga starfsmönnum í dómsmrn. til þess að sinna þessum málum.

Ég held þess vegna, að sú mótbára, sem hefur aðallega verið höfð á móti þessu máli, að af því mundi hljótast óeðlilega mikill kostnaður, sé ekki rétt, þegar það er skoðað niður í kjölinn.

Eins og fram hefur komið bæði hér í grg. og því, sem hæstv. ráðh. sagði, og því, sem ég hef minnzt á, er þetta mál gamalkunnugt hér á þinginu, hefur hlotið mjög góðan undirbúning. Þar sem þrír dómsmrh. hafa skipað hina færustu menn til þess að fjalla um þetta efni og undirbúa það, þá held ég, að undirbúningi þess sé þannig háttað, að þó að nú sé orðið nokkuð áliðið þingtímans, ætti að vera hægt að afgreiða það á þessu þingi, ef sæmilega væri að framgangi þess unnið.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þakka vinsamlegar undirtektir við þetta frv.

Út af fsp. hv. 1. þm. Vestf. vil ég einungis segja það, að ætlazt er til, að saksóknari hafi í öllu sömu lögkjör og hæstaréttardómarar, að svo miklu leyti sem ekki verður talið, að hæstaréttardómurum séu fengin með sjálfri stjórnarskránni lögkjör á þann veg, að óheimilt sé að veita öðrum embættismönnum þau nema með stjórnarskrárbreytingu. Þetta er sá almenni leiðarvísir, sem eftir ber að fara, og held ég, að við bætum okkur ekki á því að ræða það atriði ýtarlegar hér. En ég vil lýsa því sem almennri reglu, að ég tel eðlilegast, að í öllu því, sem talið verður heimilt innan ramma stjórnarskrárinnar, séu lögkjörin svipuð eða hin sömu hjá þessum embættismanni og hæstaréttardómurunum. Það er minn skilningur á þessu ákvæði.

Varðandi það, hvort haldast eigi sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmrh. kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála, þá byggist það á því, að ef hingað til hefur þótt sérstök ástæða til þess að gera undantekningu frá almennri reglu um ákæruvald og leggja það sérstaklega til dómsmrh., þá sé ekki ástæða til á þessu stigi að breyta þeim sérákvæðum. Í því felst engan veginn, að nánari skoðun kunni ekki að leiða til þess, að eðlilegt sé að fella það einnig undir saksóknara. Það er annað mál, sem þarfnast skoðunar í sérhverju einstöku tilfelli. Þau ákvæði eru ekki ýkjamörg að mínu viti, en þeim sérfræðingum, sem um þetta hafa fjallað, hefur þó á þessu stigi virzt rétt að halda þessum sérákvæðum. Ég er ekki reiðubúinn til þess að ræða það í einstökum atriðum, það þarf að skoða það, ef menn vilja taka breyt. á því upp, en þarna er um algerar undantekningarreglur að ræða, sem hagga ekki því meginákvæði eða þeirri meginreglu, sem hér er ætlazt til að upp verði tekin.

Varðandi ummæli hv. 7. þm. Reykv. get ég ekki annað en glaðzt yfir að heyra fylgi hans við frv. En ég vil þó af því tilefni, sem hann gaf, ítreka, að ég vil ekki gera of lítið úr því, að kostnaðarauki verði samfara embætti saksóknara. Það verður kostnaðarauki því samfara, og það er ástæðan, sem hingað til hefur leitt til þess, að menn hafa ekki viljað lögfesta þessa breytingu. Málið hefur ætíð innan þingsins hingað til strandað á óttanum við þennan kostnaðarauka. Ég er ekki reiðubúinn í dag til þess að segja, hversu mikill hann verður. Það er rétt, að einhverjir af fulltrúum dómsmrn. hljóta með eðlilegum hætti að hverfa yfir til saksóknara. En ég vil jafnframt vekja athygli á því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði alveg réttilega, að dómsmrn. hefur nú of fáum mönnum á að skipa. M. a. þess vegna gengur meðferð opinberra mála þar stundum e. t. v. fullseint, og er það þó kannske ekki höfuðástæðan fyrir seinagangi þeirra, heldur hitt, að það tekur ótrúlega langan tíma að rannsaka og setja sig til hlítar inn í flókin og umfangsmikil mál, gera sér grein fyrir, hvort þau hafi verið nægilega rannsökuð, og meta, undir hvaða refsigreinar eigi að færa afbrotin. Hér er um mjög seinunnið verk að ræða og oft um hin meiri háttar mál svo, að það eru ekki nema hinir æfðustu menn, sem til þess verks í raun og veru eru færir, og þess vegna eðlilegt, að á því verði nokkur dráttur. Það mætti segja, að með því að hafa nógu marga menn ætti alltaf einhver að vera reiðubúinn til að taka hvert mikilvægt mál, sem kemur. En eðlilegt er, að þeir æfðustu séu settir í vandasömustu málin, og þannig hygg ég að hljóti að verða einnig hjá saksóknara, er hann tekur við.

En fyrir utan þetta, — og ég játa, að það væri æskilegt að hafa fleiri menn til að vinna að meðferð opinberra mála í ráðuneytinu nú heldur en verið hafa, — en fyrir utan það verður einnig að viðurkenna, að dómsmrn. hefur ekki nægan mannafla til þess að sinna tvenns konar verkefni, sem það verður að vinna, ef vel á að fara.

Annars vegar verður það að fylgjast betur með störfum embættismanna, þar með afgreiðslu dómara á sínum málum, heldur en það hefur gert hingað til, og má kenna sum mistök, sem orðið hafa, því, að ráðuneytið hefur ekki haft nægan mannafla til þess að fylgjast með rekstri embættanna eins og skyldi. Ég hygg, að nú sé komin á það sæmileg skipun í fjmrn., að þar sé endurskoðun nógu góð með fjármálahlið sýslumanns-, bæjarfógeta- og lögreglustjóraembætta um allt land. En það verður að segja eins og er, að af hálfu dómsmálastjórnarinnar er ekki nógu gott eftirlit með því, að mál séu

raunverulega afgreidd eins og vera ber, þau sem berast til þessara embættismanna. Á þessu þarf að verða gerbreyting og ekki viðhlítandi fyrir neinn dómsmrh. að una þeim hætti, sem verið hefur í þessu efni, og þá enn síður fyrir almenning og ekki heldur fyrir embættismennina, sem leiðast til að skjóta þeim málum á frest, sem síður er fylgzt með, hvort afgreidd séu, þegar þeir sjálfir hafa of fáa menn til að vinna fyrir sig og láta þá ganga fyrir þau mál, eins og fjármálin, þar sem nokkurn veginn öruggt eftirlit er haft með, að allt sé í lagi.

Þetta er annað verkefnið, sem dómsmrn. nauðsynlega þarf að sinna betur en það hefur gert, og hitt er, að það þarf að hafa fleiri menn eða hafa mannafla til undirbúnings löggjafar í ríkara mæli en verið hefur. Eitt aðalstarf dómsmrn. á Norðurlöndum er allsherjar endurskoðun löggjafar og það, að þau fylgjast með því, að löggjöf, sem fram er borin af öðrum ráðuneytum, sé í lögformlegu formi, ef svo má segja, og undirbúin á þann veg, að skammlaust sé. Þessu verkefni hefur dómsmrn. hér alls ekki getað sinnt. Jafnvel hin einföldustu lagafrumvörp, sem þarf að flytja á þess eigin vegum, verður að mestu leyti að fá aðra menn til þess að undirbúa, vegna þess að mannafli er ekki til í ráðuneytinu. Hér er mikið verk að vinna, og ég er ekki að ógna mönnum með skjótum kröfum um aukningu á mannafla, heldur einungis gera grein fyrir þeim veikleikum, sem ég sé á þessu ráðuneyti eftir að vera búinn að vinna þar alllengi og gera mér grein fyrir þeim verkefnum, sem þar þarf að leysa af höndum, ef vel á að fara.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 517 og 518, 525).

Frsm. meiri hl. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað og rætt frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 5. marz 1951, um meðferð opinberra mála. Hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt, en einn nm., hv. 4. þm. Sunnl., Helgi Bergs, skrifar þó undir álit meiri hl. með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja og fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv. Minni hl. n., hv. 11. landsk., Gunnar Jóhannsson, er andvígur samþykkt frv. að svo stöddu og hefur skilað sérstöku nál.

Í frv. þessu, sem er stjórnarfrv., er lagt til, að gerðar verði tvær veigamiklar breytingar á lögum um meðferð opinberra mála.

Í fyrsta lagi er lagt til, að sakadómarar í Reykjavík verði 3—5 eftir ákvörðun dómsmrh. í stað eins áður. Skal hver þeirra starfa sjálfstætt og á sína ábyrgð að málum þeim, sem hann fær til meðferðar af yfirsakadómara. Skipar forseti sakadómara. Fjölgun sakadómara í Reykjavík úr einum í 3—5 er ekki ný hugmynd, vegna þess að á árinu 1948 flutti þáv. dómsmrh., hæstv. núv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, frv. til laga um meðferð opinberra mála, og var í því frv. gert ráð fyrir fjölgun sakadómara í 3—5. Sama frv. eða frv. sama efnis var lagt fram á Alþingi 1949, en hvorugt þessara frumvarpa náði fram að ganga. Á Alþingi 1950 var enn lagt fram frv. um meðferð opinberra mála, en úr því hafði þá verið fellt ákvæðið um að fjölga sakadómurum. Náði frv. þetta fram að ganga í ársbyrjun 1951, og eru þetta nú hin gildandi lög um meðferð opinberra mála. Eins og tekið er fram í aths. við lagafrv. þetta, hafa fulltrúar við embætti sakadómarans í Reykjavík í um eins áratugs skeið starfað sem sjálfstæðir dómarar, og er því talið eðlilegt, að embættisstaða þeirra sé um starfsheiti og kjör að fullu viðurkennd.

Í annan stað gerir frv. ráð fyrir, að stofnað verði embætti saksóknara ríkisins og verði honum fengið í hendur ákæruvald í refsimálum, sem fram að þessu hefur verið í höndum dómsmrh. hér á landi. Eins og lýst er í grg. með frv. þessu og eins og þegar hefur komið fram í umr. um þetta mál hér á hv. Alþ., er sú hugmynd að flytja ákæruvaldið frá dómsmrh. í hendur opinbers ákæranda eða saksóknara ekki ný hugmynd hér á landi, enda hefur þessari skipan verið komið á þegar á Norðurlöndum og í mörgum öðrum löndum. Hafa frumvörp, sem gera ráð fyrir stofnun embættis opinbers ákæranda eða saksóknara ríkisins, verið flutt sex sinnum hér á Alþingi frá 1934, en ekki hafa þau náð fram að ganga fram að þessu. Ekki veit ég þó til, að skoðanir lögfræðinga eða annarra þeirra, sem fróðir eru um réttarskipun í nútímaþjóðfélögum, séu skiptar um það, að stofnun slíks embættis sé eðlileg og æskileg. En hingað til munu hv. þm. hafa horft í þann kostnað, sem óhjákvæmilega leiðir af stofnun þessa embættis. Hins vegar er það álit fróðustu manna, að ekki sé við það unandi, að stofnun slíks embættis dragist nú lengur.

Á fundi allshn. 14. þ. m. mættu til viðræðna um málið þeir Valdimar Stefánsson sakadómari og Theodór Líndal prófessor, sem hefur með höndum kennslu í réttarfari við Háskóla Íslands. Mælti sakadómari með, að frv. yrði samþ. óbreytt, og lýsti ánægju sinni yfir, að það skyldi nú hafa verið flutt. Einnig tjáði prófessor Theodór Líndal sig samþykkan frv. að stefnu til, en lýsti því áliti sínu, að frv. gengi of skammt í aðgreiningu rannsókna og uppkvaðningu dóma af hendi eins og sama aðila. Ekki taldi hann þó óeðlilegt, að skref, sem miðuðu að þessu, yrðu tekin í áföngum. Ég hef einnig rætt nokkuð um efni frv. við Ármann Snævarr lagaprófessor og núv. háskólarektor, sem er, eins og kunnugt er, einn af hinum færustu og fróðustu lögfræðingum okkar þjóðfélags nú. Mælti hann einnig með samþykkt frv. og tjáði sig samþykkan því í öllum höfuðatriðum. Þá vil ég geta þess hér, að í febrúarmánuði 1959 samþykkti Lögfræðingafélag Íslands ályktun á fundi sínum, þar sem eindregið var lagt til, að stofnað yrði embætti saksóknara ríkisins.

Mér er kunnugt um það, að uppi eru raddir

um, að frv. þetta sé ekki nægilega undirbúið og að ekki muni vinnast tími til sæmilegrar athugunar á því fyrir lok þessa þings, sem nú situr. Út af þessu vil ég taka fram, að hvorug þeirra meginbreytinga í frv. þessu, sem lagt er til að gerðar verði á lögum um meðferð opinberra mála, er ný hugmynd, og eru þær flestum hv. þm. ekki með öllu ókunnar. Hafa á síðustu 20—30 árum hvað eftir annað verið flutt frumvörp hér á hv. Alþ., sem eru nærri samhljóða þessu frv., og er því síður en svo, að flestum hv. alþm. muni vera ókunnugt um efni þeirra breytinga, sem lagt er til í frv. þessu að gerðar verði á skipun opinberra mála.

Ég mun svo ekki að svo stöddu hafa þessi orð mín öllu fleiri. Að öðru leyti og um efni frv. vil ég vísa til athugasemda, sem fylgja frv., og einnig til ýtarlegrar ræðu, sem hæstv. dómsmrh. flutti, þegar hann fylgdi þessu frv. úr hlaði við 1. umr. þess.

Frsm. minni hl. (Gunnar Jóhannsson): Herra forseti. Afgreiðsla þessa frv. í allshn. varð með sérstökum hætti og allóvarleg. Frv. var tekið fyrir hér í þessari hv. d. á þriðjudag til 1. umr. Að loknum fundi í d. var boðaður fundur í allshn., en til hennar hafði frv. verið vísað. Ekki hafði það verið rannsakað áður, hvort nm. gætu mætt á fundi í n. á þeim tíma, sem tiltekinn hafði verið, enda kom það á daginn, að 2 nm. gátu ekki mætt. Ég hafði t. d. verið boðaður á fund úti í bæ og vissi því ekkert um fundinn í allshn., fyrr en honum var að mestu lokið. Á fundi n. munu hafa mætt Valdimar Stefánsson sakadómari og Theodór Líndal prófessor. Báðir þessir menn töldu sig vera meðmælta frv., þó taldi annar þeirra, að það gengi of skammt. Á fundi n. þá strax fór ég fram á, að frv. yrði sent til umsagnar m. a. lagadeildar Háskóla Íslands, Dómarafélagsins, Lögmannafélagsins og Lögfræðingafélagsins. Meiri hl. n. taldi engan tíma til þess að senda frv. nefndum aðilum til umsagnar, þar sem nú væri mjög áliðið þingtímans, en meiningin væri að fá það samþykkt á þessu þingi. Ég fór þá fram á, að n. frestaði afgreiðslu málsins þar til á fimmtudag, og varð meiri hl. við þeirri ósk.

Á fundi allshn. á fimmtudaginn lýsti ég því yfir, að ég teldi mér ekki fært að mæla með, að frv. yrði samþykkt á þessu þingi, og mundi því skila séráliti. Ég vil benda á í því sambandi, að ég tel ófært, enda óvanalegt að flytja stjórnarfrumvörp á síðustu dögum þingsins með það fyrir augum, að þau nái fram að ganga á yfirstandandi þingi. Alþingismenn eiga tvímælalaust kröfu til þess, að þeim gefist kostur og nægur tími til þess að kynna sér sem bezt efni og innihald frumvarpanna. Sérstaklega er þetta nauðsynlegt, ef um er að ræða þýðingarmikil frumvörp, sem fjalla um flókin lögfræðileg atriði, eða ef um gerbreytingu á embættisskipan er að ræða, eins og það frv., sem hér er til umræðu, gerir ráð fyrir. Með þessu er ekkert um það sagt, hvort sú breyting, sem frv. gerir ráð fyrir um meðferð opinberra mála, sé til bóta eða ekki. Má vera, að svo sé.

Jafnvel þótt gengið væri út frá því, að rétt sé að færa ákæruvaldið frá pólitískum dómsmrh. til saksóknara, breytir það ekki þeirri grundvallarreglu, sem ber að fara eftir við afgreiðslu mála á Alþingi, að nægur tími gefist til þess að kynnast málinu frá öllum hliðum og fá um það umsagnir og álit sérfróðra manna. Ég veit ekki betur en það sé viðtekin regla hjá nefndum þingsins við afgreiðslu allra stærri mála að senda fram komin frumvörp til umsagnar þeirra aðila, sem taldir eru hafa sérþekkingu á þeim málum, sem frumvörpin fjalla um. Við afgreiðslu þessa frv. í hv. allshn. var þessi háttur ekki á hafður. Ég tel það miður farið og vil mótmæla slíkum vinnubrögðum.

Það er rétt, sem áður hefur verið á bent, að það mál, sem frv. fjallar um, er ekki nýtt af nálinni. Áður hafa verið flutt á Alþingi frumvörp um sama efni, sem hafa ekki náð fram að ganga. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort það muni vera almennt álit dómara og lögfræðinga landsins, að taka beri upp þá tilhögun um meðferð opinberra mála, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Á það hefur ekki verið reynt. Álits þeirra hefur ekki verið leitað. Eitt liggur þó ljóst fyrir, og það er, að til skamms tíma hefur engin samstaða verið um málið á Alþingi.

Ekki verður um það deilt, enda viðurkennt af hæstv. dómsmrh., flm. þessa frv., að verði þetta frv. að lögum, muni það hafa allverulegan aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Ekkert liggur opinberlega fyrir um það, hvað sá kostnaður muni nema miklu. Sjálfsagt hefði verið, að sú hlið málsins hefði verið rannsökuð. Fyrst engar upplýsingar lágu fyrir í aths. um þá hlið málsins, bar allshn. tvímælalaust skylda til að leita eftir upplýsingum þar um.

Hæstv. dómsmrh. benti á það í framsöguræðu sinni fyrir frv., að brýna nauðsyn bæri til að endurskoða alla meðferð opinberra mála. Hæstv. ráðh. segir, að þessi skipan hafi viðgengizt hér á landi vegna þess, að við höfum ekki treyst okkur til þess að verja nægilegu fjármagni til þessara mála. Þetta tel ég þýðingarmiklar upplýsingar. Þá boðaði hæstv. ráðh., að ef þetta frv. næði fram að ganga, mundi hann bera fram á næsta þingi hliðstætt frv. um borgardómaraembættið og ef til vill fleiri embætti. Sú nýskipan, sem hæstv. dómsmrh. boðar, mun tvímælalaust kosta ríkissjóð of fjár, og verður ekki séð, að ríkissjóður hafi yfir að ráða þeim gnægtabrunni fjármála, að slík gjaldaaukning verði framkvæmanleg nema með auknum tekjum ríkissjóði til handa.

Í sambandi við hið nýja embættisbákn, sem mun kosta allháar upphæðir, er rétt að benda á, að hæstv. ríkisstj. telur, að ríkið geti ekki bætt kjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem fyrir eru. Af slíku hafa þegar hlotizt mikil vandræði og á engan hátt séð fyrir endann á því. Það er því miður mjög algengt, að námsmenn, sem lokið hafa prófum, fari í störf erlendis og jafnvel neita hliðstæðum störfum hér heima. Eitt dagblaðanna sagði frá því nú fyrir skemmstu, að 40 verkfræðingar væru í störfum erlendis. Þetta er mjög svo ískyggi-

leg þróun, sérstaklega þegar það er haft í huga, að land eins og Ísland, sem á jafnmikið ógert, þarf sannarlega á að halda öllum sínum sérmenntuðu mönnum ekki síður en öðrum. Það horfir til stórvandræða í mörgum héruðum úti á landi, að þangað fást engir læknar. Skólarnir úti á landi eru í vandræðum vegna skorts á lærðum kennurum. Jafnvel prestar sækja ekki um laus prestaköll. Mín skoðun er sú, að þess væri ekki síður þörf að reyna að finna leiðir til úrbóta á þessu ófremdarástandi, sem ég hef hér minnzt á, en stofna til nýrra embættisbákna í höfuðstaðnum. Okkur Íslendinga vantar flest annað sannarlega en hálaunuð embætti. Þau eru nógu mörg fyrir.

Þess er getið í aths. við frv., að á Norðurlöndum og víða annars staðar hafi ákæruvaldið verið fengið í hendur sérstökum saksóknara. Jafnvel þó að slík meðferð opinberra mála sé viðhöfð víða erlendis, þarf það ekki að vera nein sönnun þess, að við eigum að taka upp nákvæmlega sama fyrirkomulag um þessi mál og þar er viðhaft. Flestar aðstæður eru gerólíkar og sérstaklega það, hvað þjóðin er fámenn. Það hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað mikinn fjölda embættismanna þjóðin getur borið uppi vegna fjárhagsástæðna. Við verðum að sníða okkur þar stakk eftir vexti.

Ég hef hér nokkuð rætt um það frv., sem hér liggur fyrir. Sjálfsagt er hægt að benda á ýmis atriði málinu til stuðnings, önnur, sem mæla því á móti. En þar sem frv. er flutt nú í þinglok og ekki hefur unnizt tími til þess að athuga það að neinu ráði, get ég ekki mælt með því, að það verði samþykkt á þessu þingi, en legg til, að því verði vísað til hæstv. ríkisstj.

Ég sé, að hér hefur verið útbýtt brtt. frá hv. 4. þm. Sunnl. við 6. gr., að við bætist orðin „samkvæmt tillögu hæstaréttar". Ég tel þessa tillögu til bóta og get greitt henni atkv., þó að ég að öðru leyti muni ekki greiða frv. atkv. á þessu stigi.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er ekki nein nýjung, hvorki í opinberum umr. né umr. hér á hv. Alþ. Það er efnislega í tvennu lagi, annars vegar að skipa sérstakan saksóknara, sem taki við því hlutverki, sem dómsmrh. hefur gegnt í þeim efnum, og hins vegar fjölga embættum sakadómara.

Fyrra efnisatriði þessa máls hefur oft legið fyrir hv. Alþ. og hefur verið hér á döfinni í aldarfjórðung. Að þessu sinni er það æði seint fram komið, og eins og fram kom í ræðu hv. seinasta ræðumanns, eru það ýmsir, sem álíta, að hv. Alþingi eigi ekki að keyra í gegn á fáum dögum svo þýðingarmikið mál sem þetta. Ég er þessum hv. þm. að vissu leyti sammála. En þetta mál hefur þó þá sérstöðu, að það hefur efnislega verið athugað hér svo oft áður, og þess vegna hef ég af þeirri ástæðu og ýmsum öðrum fylgt meiri hl. n. í því að mæla með því, að frv. nái fram að ganga.

Það er í fyrsta lagi vegna þess, að ég hef um nokkuð langan tíma fylgzt með þeim umr., sem hafa verið um hugmyndina um saksóknara ríkisins, og mér hefur jafnan verið það áhugamál. Einnig er mér fyllilega kunnugt um, að það er fullt nauðsynjamál að skipa fleiri sakadómara. Þess vegna þykir mér rétt að leggja því lið, að málið fái afgreiðslu, og hef skrifað undir nál. meiri hl. allshn., en þó hef ég gert þar á fyrirvara. Sá fyrirvari er til kominn af því, að ég hreyfði því á fundum allshn., hvort ekki væri rétt, að saksóknarinn yrði skipaður samkv. tillögum hæstaréttar. Þetta embætti er nokkuð einstakt í sinni röð. Það yrði lokið þeirri pólitísku ábyrgð, sem fylgir ákæruvaldinu, meðan það er í höndum dómsmrh., og nú yrði þetta mikla vald í höndum embættismanns, sem nýtur mikillar verndar, eins og opinberir embættismenn gera. Það er þess vegna alveg ljóst, að það verður að vanda sérstaklega til vals á þeim manni, sem þessu embætti gegnir. Nú dettur mér sízt í hug að vantreysta núv. hæstv. dómsmrh. né nokkrum öðrum, sem gegnt hefur því embætti eða er líklegur til þess að gegna því, til þess að velja góðan mann til þessa embættis. En það er ekki nóg, að dómsmrh. geri það. Það er einnig nauðsyn á því, að það sé almennt traust á því í þjóðfélaginu, að svo hafi verið. Þess vegna eru rök mín fyrir þessari brtt. skyld þeim rökum, sem hæstv. dómsmrh. bar fram fyrir því, að stofnað yrði sérstakt saksóknaraembætti, í ágætri framsöguræðu sinni fyrir málinu við 1. umr. í þessari hv. d. Hann benti á, að það væri ekki svo mikil hætta á því, að dómsmrh. misbeitti valdi sínu sem ákærandi. En hins vegar taldi hæstv. dómsmrh., að í kringum slíkt vald, meðan það væri í höndum stjórnmálamanns, gæti auðveldlega skapazt pólitísk tortryggni. Ég er alveg sammála hæstv. dómsmrh. um það, að engin ástæða er til þess að vantreysta dómsmrh. í þessum efnum. En það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir tortryggni meðal almennings, og það gildir ekki einungis um meðferð ákæruvaldsins í hverju einstöku tilfelli, heldur ekki síður um skipun þess embættismanns, sem með þetta vald á að fara. Af þessum ástæðum hefur mér þótt rétt að kanna undirtektir hv. þdm undir þessa hugmynd og hef flutt um þetta brtt. á þskj. 525. Það er sannfæring mín, að ef þessi brtt. yrði samþykkt, mundi það auka traust almennings á þessu mikilvæga embætti og draga úr möguleikunum á því, að í kringum það skapaðist pólitísk tortryggni.

Þó að það séu í sjálfu sér ekki nein rök, hvað sagt hafi verið eða álitið fyrir nær 30 árum, vil ég þó að lokum geta þess, að hæstv. núv. fjmrh. bar fram frv. til laga árið 1934 um opinberan ákæranda, sem gekk í þessa sömu átt, og í 1. gr. þess frv. er gert ráð fyrir því, að þáv. handhafi æðsta valds í landinu, nefnilega konungurinn, skipi opinberan ákæranda eftir tillögu hæstaréttar. Og þau rök, sem hæstv. fjmrh. færði fyrir þessu á þeim tíma, eru á þann veg, að mér virðast þau enn vera í fullu gildi.

ATKVGR.

Till. frá minni hl. allshn. á þskj. 518 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 20:2 atkv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 525 felld með 19:17 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—55. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma hv. d. í að ræða þetta mál, en áður en það fer út úr d., vil ég þó segja skoðun mína á því og meðferð málsins.

Í fyrsta lagi er ég ekki sannfærður um það, að sú breyting, sem hér er lagt til að gera, að skipa saksóknara, sé spor í rétta átt. Mín skoðun er, að það sé ekki minni hætta á því, að saksóknari kynni að misnota sitt vald, heldur en pólitískur ráðherra. Ég held, að þeir menn, sem við stjórnmál fást, fái oft og tíðum meiri víðsýni um almenn mál heldur en aðrir og það sé minni hætta á því, að þeir misnoti sitt vald, m. a. vegna þess að þeir eru undir strangari gagnrýni en aðrir í sambandi við meðferð sína á opinberum málum. Ég þykist hafa orðið var við það m. a. í sambandi við umsagnir ýmissa stofnana um mál hér á hv. Alþ., að þær eru meira og minna litaðar af stjórnmálaskoðunum þeirra, sem fyrir stofnununum eru. Þess vegna tel ég, að pólitísk áhrif geti ekki orðið þarna neitt minni, nema síður sé, heldur en hjá pólitískum ráðherra, ef misjafnlega tækist til um val í slíkt embætti, sem hér er gert ráð fyrir að stofna. En um það atriði vil ég þó ekki segja fleiri orð.

Hitt, sem er aðalerindi mitt í ræðustólinn í dag, er að vekja athygli á því, að þetta mál er hér fram komið á síðustu dögum þingsins. Þetta mál, ef að lögum yrði, kemur til með að hafa í för með sér verulega útgjaldaaukningu hjá ríkissjóði. Ég vil vekja athygli á því, að á síðustu dögum þingsins í fyrra var verið að afgreiða hér frv. til laga um breytingar á prófessorsembættum við háskólann. Það var mjög gagnrýnt þá, að slíku máli skyldi vera varpað inn í Alþingi á síðustu dögum þingsins, það væri óeðlilegt, að slíkt mál væri ekki fyrr á ferðinni, svo að þingið hefði tíma til þess að átta sig á því og það fengi eðlilega meðferð. Því var að vísu haldið fram við umr. um það mál, að það mundi ekki hafa útgjaldaaukningu í för með sér. En ég tek eftir því, að í aths. við fjárlagafrv. fyrir árið 1961 er tekið fram, að vegna þessara laga hækki útgjöld til Háskóla Íslands um nokkur hundruð þúsund. Ég tel, að það sé mjög óeðlilegt og í alla staði óverjandi, að hæstv. ríkisstj., hvort sem það er þessi ríkisstj. eða önnur, hagi þannig vinnubrögðum, að á síðustu dögum þingsins séu á ferðinni mál, sem hafa verulega útgjaldaaukningu í för með sér síðar meir. Og til þess að fá þetta mál afgreitt hér á hv. Alþ. nú, verður að hafa aðra vinnuaðferð við afgreiðslu þess en venja er til um afgreiðslu á þingmálum. Þar sem hér er stórmál á ferðinni, er þetta í alla staði óheppilegt, og ég tel, að hæstv. ríkisstj., hver sem hún er, eigi að leggja niður þann ósið að varpa inn í Alþingi síðustu dagana málum eins og þessu, sem koma til með að hafa veruleg áhrif bæði á útgjöld ríkissjóðs og einnig á framkvæmdaatriði, eins og þetta mál kemur til með að gera. Þess vegna tel ég, að það hefði verið eðlilegt, að þetta mál hefði ekki fengið afgreiðslu á hv. Alþingi nú, og það eigi ekki að gilda sú regla, að það sé hægt á síðustu dögum Alþingis að koma með mál frá hæstv. ríkisstj., sem er í sniðunum eins og þetta mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég var ekki viðlátinn, þegar þetta mál var til 2. umr. Ég vildi aðeins láta þá skoðun í ljós, að ég álít, að það sé mjög heppilegt, að þetta mál verði athugað betur. Ég er ekki alveg viss í því, að það sé rétt stefna, sem þarna er farið inn á, og að því megi leiða ýmis rök. Ég segi fyrir mitt leyti, að því fer fjarri, að ég mundi yfirleitt treysta embættismanni í svona stöðu betur en hverjum þeim dómsmrh., sem er á hverjum tíma, þótt pólitískur andstæðingur væri. Ég held, að við eigum að athuga þetta mál betur, áður en það er afgreitt. Það er þarna um mál að ræða, sem snertir allmikið réttaröryggið, og ég held, að það sé rétt að yfirvega það vel, áður en ákvarðanir eru teknar.

Svo er hitt, eins og ég hef heyrt sagt, að hæstv. dómsmrh. hafi lagt áherzlu á, að þetta mundi hafa allmikinn kostnað í för með sér. Nú er það svo, að það er verið að prédika yfir fólkinu, að það eigi að spara og við Íslendingar lifum yfir efni fram. Ég býst við, að alveg sérstaklega séum við sammála um, að okkar ríkisbákn sé jafnvel stærra en við höfum efni á, þannig að ég held, að það væri rétt af okkur að athuga þessa hluti betur, áður en gerðir væru. Það er alveg rétt, að þessi mál hefur oft borið hér á góma áður. Þau hafa oft verið lögð fyrir Alþingi áður af hinum ýmsu ríkisstjórnum. En þetta hefur aldrei verið samþykkt, og ég fæ ekki séð, að það gerði neinn skaða, þó að það fengi að bíða næsta þings, og mundi fyrir mitt leyti vera því mjög meðmæltur.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:6 atkv. og afgr. til Ed.

Á 76. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 78. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti (SÓÓ): Ég vil geta þess í sambandi við þetta mál, sem er hér til 1. umr. nú og er komið frá Nd., að hæstv. dómsmrh. er ekki í bænum í dag og getur þess vegna ekki flutt sína framsöguræðu við þessa umr. En hann bað mig um að taka það samt fyrir og koma því til n. og sagðist vona, að það sakaði ekki, þó að hann flytji þá ekki sína ræðu með þessu máli fyrr en við 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 603, 588).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér er til umr., um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, felast tvær grundvallarbreytingar frá gildandi lögum: í fyrsta lagi, að sakadómurum í Reykjavík verði fjölgað úr einum í 3—5, og í öðru lagi, að stofnað verði embætti saksóknara ríkisins, er taki að mestu við ákæruvaldinu úr höndum dómsmrh. Er síðargreinda breytingin enn þýðingarmeiri en hin fyrri. Frv. um svipað efni hafa oft verið borin fram áður hér á Alþingi, og eru því rök þau, sem hníga að nauðsyn þessara breytinga, alkunn.

Fjölgun sakadómaranna í Reykjavík og skipun yfirsakadómara, sem á að skipta með þeim störfum og hafa á hendi yfirstjórn embættisins og fyrirsvar út á við, er viðurkenning á þeirri staðreynd, að dómarafulltrúarnir við sakadómaraembættið hafa í reynd starfað sem sjálfstæðir dómarar og sýnt það í verki, að þeir eru færir um það. Það fyrirkomulag að láta einn mann bera ábyrgð á störfum svo margra fulltrúa, er óhæft, enda ógerlegt fyrir sakadómara að fylgjast með rannsóknum og samningu dóma í öllum þeim fjölmörgu málum, sem embættið þarf að afgreiða. Er þá miklu eðlilegra, að hver starfi sjálfstætt undir verkstjórn yfirsakadómara.

Með þessari breytingu hafa dómarafulltrúarnir þá aðstöðu og þann embættistitil, sem störfum þeirra sæmir. Verður með þessu móti einnig miklu betur tryggt en áður, að hinir færustu menn hverfi ekki úr þessum stöðum og úr þjónustu ríkisins, en á því hefur borið nokkuð mikið undanfarið. Verður það aldrei ofmetið að búa svo um hnútana, að færir og reyndir menn fáist til að gegna þessum störfum, en á það hefur skort, meðan þeir voru settir skör lægra en verk þeirra verðskulduðu.

Í 2. gr. frv. er nýtt ákvæði á þá leið, að í Reykjavík geti þrír sakadómarar í sameiningu rannsakað og dæmt mál, ef vafi þykir leika á um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði. Þetta er mjög athyglisvert nýmæli, sem ætti að leiða til vandaðri málsmeðferðar, aukins trausts á sakadómi og öruggari og réttlátari dómsniðurstöðu.

Í 3. gr. frv. segir, að saksóknari ríkisins fari með ákæruvaldið. Hér er um stórfellda breytingu að ræða, þar sem ákæruvaldið hefur fram til þessa svo til eingöngu verið í höndum dómsmrh. Ákæruvaldið er mjög öflugt vald í þjóðfélaginu. Það er augljóst mál, að sá ræður miklu, sem ræður því, hverjir eru sóttir til saka og hverjir ekki. Í lýðræðisþjóðfélagi hlýtur það að vera einn af hornsteinum þjóðskipulagsins, að þessu valdi sé beitt af fyllsta hlutleysi og réttsýni og handhafi þess njóti óskoraðs trausts. Á þetta hefur nokkuð þótt skorta, á meðan dómsvaldið er í höndum pólitísks ráðherra. Misbeiting valdsins gæti komið fram í ýmsum myndum, t. d. þannig, að sá, sem talinn er sekur, sé ekki ákærður, og eins hinu, að ákæra sé látin dragast úr hófi fram.

Sakamál, einkum hin meiri háttar, hafa oft pólitíska þýðingu, og þá er viðkomandi ráðherra, sem auðvitað á sér marga andstæðinga, gjarnan tortryggður og það jafnvel engu að síður, þótt hann hafi beitt ákæruvaldinu eftir beztu samvizku og af fullkomnum heiðarleika.

Það nægir því ekki, að skipan ákæruvaldsins sé með þeim hætti, að allir séu jafnir fyrir lögunum, heldur verður hún líka helzt að vera þannig, að allir trúi því, að þeir séu jafnir fyrir lögunum.

Þetta verður bezt framkvæmt með skipan óháðs saksóknara, er fullnægi lagaskilyrðum til skipunar dómaraembættis í hæstarétti, eins og frv. gerir ráð fyrir. Er þetta miklu meiri breyting en menn gera sér ef til vill grein fyrir í fljótu bragði, m. a. fyrir þá sök, að eigi eru gerðar aðrar kröfur til dómsmrh., eins og annarra ráðherra, en að hann sé læs og skrifandi, þótt sem betur fer hafi það að jafnaði verið svo, að þetta ráðherraembætti hafi skipað löglærður maður.

Til að skýra betur hlutverk saksóknara vil ég leyfa mér að vísa til 7. gr. frv., 1. mgr., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Saksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Getur hann gefið lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsóknar og verið við hana staddur eða látið fulltrúa sinn vera það. Hann höfðar opinber mál, sbr. þó 112.—114. gr., tekur ákvörðun um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum."

Af þessu ákvæði er m. a. ljóst, að óbreytt standa ákvæði laga um meðferð opinberra mála, 112.—114. gr., þess efnis, að dómara sé heimilt að afgreiða mál sjálfur án ákæru eða geti höfðað það af sjálfsdáðum, ef um minni háttar brot er að tefla eða sökunautur hefur skýlaust játað á sig brotið.

Í 7. gr. frv. segir enn fremur, í 3. mgr., að haldast skuli sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmrh. kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þegar svo stendur á, gefur dómsmrh. saksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal og áfrýjunarstefnu. Þau tilfelli, þar sem dómsmrh. mundi halda áfram að fara með ákæruvaldið, er einkum að finna í hegningarlögunum, en samkvæmt þeim hefur dómsmrh. á hendi ákæruvaldið, ef um landráð eða brot gegn stjórnskipun ríkisins er að ræða. Enn fremur heyrir undir dómsmrh. skv. hegningarlögunum heimild til að fella niður saksókn og fresta ákæru. Kæmi mjög til álita að breyta þessu síðargreinda ákvæði hegningarlaganna að samþykktu þessu frv., sem hér er til umr., og fela þetta

vald í hendur saksóknara. Verða menn að hafa í huga, að þetta frv. er aðeins einn áfangi af mörgum á fyrirhugaðri braut, er stefnir að bættri réttarskipan.

Menn hafa helzt fundið það þessu frv. til foráttu, að samþykkt þess mundi leiða af sér mjög aukin útgjöld ríkissjóðs. Ég held þó, að allt of mikið sé gert úr þessari mótbáru. Að sjálfsögðu leiðir af þessu talsvert aukinn kostnað. En menn verða að gera sér grein fyrir því, að jafnvel án samþykktar þessa frv. kynni að vera þörf á að fjölga starfsliði, þannig að kostnaðaraukinn væri að nokkru leyti óhjákvæmilegur. En á móti kemur hér líka ýmiss konar sparnaður, sem mundi leiða af samþykkt þessa frv., og þegar öllu er á botninn hvolft, álít ég, að hreinn kostnaðarauki yrði sáralítill. Fjölgun sakadómaranna mun væntanlega ekki leiða af sér fjölgun starfsmanna hjá því embætti. Breytingin verður sú, að dómarafulltrúarnir verða sakadómarar. Á hinn bóginn gæti þessi skipan útrýmt því fyrirkomulagi að mestu að skipa sérstaka setudómara til þess að fara með einstök meiri háttar opinber mál, en af því hefur oft leitt allmikinn kostnað, sem nú verður unnt að spara. Að sjálfsögðu þarf væntanlegur saksóknari á fulltrúum og starfsliði að halda. Sumt af því fólki yrði þó ekki nýir ríkisstarfsmenn, heldur flyttust aðeins úr dómsmrn. til saksóknara.

Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 42. gr. frv., þar sem segir, að „saksóknari sæki öll opinber mál í hæstarétti án sérstaks endurgjalds", og enn fremur 21. gr. frv., þar sem segir, að „saksóknara eða fulltrúa hans sé rétt að sækja mál fyrir héraðsdómi". Fram að þessu hefur þetta verið þannig, að sækjendur hafa eingöngu verið skipaðir málflutningsmenn, sem hafa að sjálfsögðu tekið sína þóknun fyrir, en þarna mundu þau útgjöld sparast að mjög miklu leyti. Þá má enn fremur benda á 33. gr. frv., sem segir, að „saksóknari sækir mál í héraði og fyrir hæstarétti, svo og fulltrúi hans í héraði, án sérstaks endurgjalds, en verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknarlauna, er renna í ríkissjóð". Ég held því, að þó að óhjákvæmilega leiði af þessu nokkurn kostnað, þá komi þarna ýmiss konar sparnaður á móti, þannig að mismunurinn verði ekki svo ýkjamikill. En með samþykkt þessa frv. mundi réttaröryggi í landinu verða aukið og ýtt undir greiðari afgreiðslu dómsmála.

Allshn. hefur athugað þetta frv., og hafa fjórir af fimm nm. mælt með því, að það verði samþykkt, einn þeirra þó með fyrirvara um það að flytja eða styðja brtt., ef fram kynnu að koma við frumvarpið.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. (JÞ) gat um áðan, hef ég undirskrifað þetta nál. með fyrirvara, en í þeim fyrirvara felst ekki það, að ég sé andvígur þessu frv. eða hafi meiri háttar athugasemdir við það að gera, heldur er ég þvert á móti, eins og reyndar kom fram í framsögu hans, þessu frv. meðmæltur, og mæli ég eindregið með samþykkt þess, þó að ég hafi leyft mér að flytja eina brtt. þar við.

Hv. frsm. hefur nú gert grein fyrir afstöðu og sjónarmiði meiri hl., sem mælir með þessu frv., og þar sem ég er í þeim meiri hl., hæfir ekki, að ég fari um það mörgum orðum. En um leið og ég mæli fyrir þessari brtt., sem ég hef flutt, vil ég þó leyfa mér að segja um þetta nokkur orð almennt.

Það er rétt, eins og kom fram hjá hv. frsm., að í þessu frv. felast tvö meginatriði eða tvær meginbreytingar frá núverandi skipan þessara mála, þ. e. a. s. fjölgun sakadómara í Reykjavík og stofnun saksóknaraembættis, er taki við ákæruvaldi því, sem nú er í höndum dómsmrh. eða dómsmrn.

Að því er fyrri breytinguna snertir, að sakadómarar í Reykjavík skuli framvegis vera 3—5, vil ég segja það, að ég tel hana, eins og nú er komið, sérstaklega sanngjarna og eðlilega. Og ég lít eiginlega á hana sem lögfestingu á því ástandi, sem í raun og veru er komið á í framkvæmdinni. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Reykjavík hefur verið í ákaflega örum vexti á undanförnum árum, og samfara því hafa dómsstörf hér í borginni stöðugt farið vaxandi. Þess vegna hefur þróunin orðið sú, að upphaflega bæjarfógetaembættinu, sem hér var sett á stofn árið 1803 og stóð óskipt allt fram til 1917 eða 1918, — þangað til því var skipt með lögum frá 1917, — hefur á síðari árum smám saman verið skipt í fleiri sjálfstæð embætti. En eins og ég áðan sagði, var þessu bæjarfógetaembætti fyrst skipt með lögum frá 1917, sem komu til framkvæmda 1918, og var þá skipt í bæjarfógetaembætti og lögreglustjóraembætti. Og árið eftir, 1919, var strax veitt heimild til löggildingar á fulltrúum við bæjarfógetaembættið til þess að gegna þar eiginlegum dómarastörfum, og sú heimild var þegar notuð. Næst átti sér svo stað skipting á þessu embætti 1928, en þá voru í raun og veru bæði þessi embætti, bæjarfógetaembættið og lögreglustjóraembættið, í sinni þáverandi mynd lögð niður, en reist á þeim grunni 3 embætti, lögmannsembættið í Reykjavík, lögreglustjóraembættið í Reykjavík og tollstjóraembættið í Reykjavík. Tvö hin fyrst töldu fóru með dómarastörf, lögreglustjóra var þá ætlað að fara bæði með sakamál og svokölluð lögreglumál.

Enn var þróunin á þá lund, að sýnt var, að þörf mundi verða fleiri dómara í Reykjavík. Þess vegna var það, að í upphaflega frv. að einkamálalögunum frá 1935 var gert ráð fyrir, að lögmenn í Reykjavík yrðu tveir eða fleiri. Þetta ákvæði í frv. var fellt niður, en í stað þess var þá sett ákvæði inn, þar sem heimilað var með reglugerð, að fulltrúar lögmannsins, einn eða fleiri, hefðu með höndum hvers konar dómsathafnir undir eftirliti lögmanns. Þessi heimild kom eiginlega strax til framkvæmda, en þó svo, að framkvæmdin var sú, að allt til 1942 voru dómar í Reykjavík upp kveðnir af lögmanni, enda þótt með málin hefðu farið og dómana hefðu samið fulltrúar við embættið. En 1943 fóru fulltrúar við það embætti að

kveða upp dóma í eigin nafni, og hefur sá háttur haldizt síðan.

Um opinberu málin er það að segja, að upphaflega var frv. um það efni samið af lögfræðinganefndinni 1934, sem að einkamálalögunum stóð, og var það frv. lagt fram bæði á þingi 1939 og 1940, en dagaði uppi í bæði skiptin. En þó að svo færi, varð ekki hjá því komizt á þessu tímabili að skipta enn embættunum í Reykjavík, sem með dómsstörf fóru og önnur þau störf, sem almennt heyra undir sýslumenn, þannig að árið 1939 voru sett lög um dómsmálastörf í Reykjavík o. fl. Þá var embættunum fjölgað enn, þannig að þau urðu 4, þ. e. a. s. embætti lögreglustjóra, embætti sakadómara, embætti lögmanns og embætti tollstjóra. 1943 voru svo enn á ný sett lög um þetta efni og embættum þessum skipað á þá lund, sem þau eru enn í dag, og sett upp fimm embætti, þ. e. a. s. embætti lögreglustjóra, embætti sakadómara, embætti borgardómara, embætti borgarfógeta og svo embætti tollstjóra, eins og verið hafði, en lögmannsembættinu var með þessum lögum skipt á milli borgardómaraembættisins og borgarfógetaembættisins.

Árið 1947 var svo, eins og gerð er grein fyrir í grg. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, skipuð ný lögfræðinganefnd til þess að fjalla um meðferð opinberra mála, og sú lögfræðinganefnd skilaði áliti 1948, og frv. hennar var lagt fram á þingunum 1948 og 1949. Í þessum frumvörpum nefndarinnar var einmitt gert ráð fyrir, að sakadómarar í Reykjavík skyldu vera 3—5. En þessi frumvörp náðu ekki fram að ganga. 1950 var eiginlega frv. um meðferð opinberra mála skipt í tvennt: annars vegar frv. um meðferð opinberra mála og hins vegar frv. um saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra í Reykjavík. Hið síðarnefnda frv. náði ekki fram að ganga, hins vegar náði frv. um meðferð opinberra mála þá fram að ganga, og í því frv. var felld niður heimildin eða ákvæðið um fjölgun sakadómara, en 15. gr. þess frv. breytt á þá lund, að þar var sagt, að dómari gæti látið fulltrúa sína framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp dóma og úrskurði. En áður hafði það tíðkazt mjög að undanförnu og var orðið óhjákvæmilegt, að fulltrúar sakadómara rannsökuðu málin og semdu dóma í þeim, en sakadómari kvað þá svo upp í eigin nafni. Samkvæmt þessari heimild í 15. gr. l. um meðferð opinberra mála fengu fulltrúar sakadómara árið 1951 heimild til þess að framkvæma hvers konar embættisverk sakadómara, þ. á m. uppkvaðningu dóma, og síðan hefur það verið svo, að fulltrúar sakadómara hafa í eigin nafni kveðið upp dóma í öllum þeim málum, sem þeir hafa sjálfir rannsakað og ákært hefur verið í. Þessi þróun hefur orðið alveg óumflýjanleg, því að það hefur stefnt í þá átt, — af ýmsum ástæðum reyndar, — að dómsmálum hefur alltaf farið fjölgandi hér í Reykjavík, og er nú svo komið, að fulltrúar við sakadómaraembættið í Reykjavík hafa hver um sig yfirleitt kveðið upp miklu fleiri dóma í opinberum málum en nokkur héraðsdómari utan Reykjavíkur. Það er þess vegna enginn vafi á því, að dómarafulltrúar í Reykjavík eru nú orðnir aðaldómendur hér á landi í héraði.

Eins og ég sagði áðan, sýnist mér því, þegar litið er á þessar staðreyndir, sem ég hef rakið, öllu fremur hér vera um að ræða lögfestingu þess, sem orðið er, og fremur um það að ræða, að breytt sé að nokkru lögkjörum þessara manna, sem starfað hafa að dómsmálum hér í Reykjavík, heldur en að rétt sé að tala um fjölgun dómara. Eins og glöggt má vera af því, sem ég hef sagt, tel ég mjög eðlilegt að gera þessa menn að alveg sjálfstæðum dómurum og breyta lögkjörum þeirra í samræmi við það. Það er nauðsynleg réttarkjarabót þeim til handa, nokkur launahækkun og nokkuð önnur embættisstaða og tryggari, sem þeir fá með þessum hætti og er að mínum dómi mjög nauðsynlegt til þess að reyna þó að stuðla að því, að hæfir menn haldist við þessi störf. En kjör þessara manna hafa verið þannig, að þess er ekki að vænta, að menn geti unað þar alla sína ævi við þau kjör, en hitt bagalegt, að menn hverfi þaðan, þegar þeir hafa öðlazt reynslu í þessum störfum. Skal ég ekki ræða frekar um það, enda gerð glögg grein fyrir því af hv. frsm.

Þessi skipan, þó að mönnum kannske komi hún ókunnuglega fyrir sjónir, að hafa þannig marga dómara í sama umdæmi, er alþekkt annars staðar.

Um hina meginbreytinguna, sem felst í þessu frv., að skipa sérstakan saksóknara til að fara með ákæruvaldið, er það að segja, að ég býst við því, að hún geti verið til bóta. Það var, eins og ég hef fram tekið, lagt til bæði í frv. frá 1948 og 1949, og var sú tilhögun, sem þar var ráðgerð, að nokkru leyti sniðin eftir erlendum fyrirmyndum, en þó löguð eftir hérlendum aðstæðum. Alþ. vildi þá ekki fallast á þessa skipan, eins og kunnugt er, og niðurstaðan varð því sú, að dómsmrh. var falið það hlutverk, sem saksóknara hafði verið ætlað í því lagafrv. En það má segja í stuttu máli, að breytingin, sem gerð var á meðferð ákæruvaldsins með lögum nr. 27/1951, var í því fólgin, að ákæruvald dómara var takmarkað frá því, sem áður var, og eftir þeim lögum er aðalreglan sú, að dómsmrh. fari með ákæruvaldið.

Afstaða Alþ. til stofnunar saksóknaraembættisins á sinni tíð mun fremur hafa mótazt af ótta við aukinn kostnað heldur en því, að út af fyrir sig væri dregið í efa, að ákvæðið um skipan sérstaks saksóknara væri til bóta og væri í meira samræmi við þá skipan þessara mála, sem tíðkazt hefur hjá öðrum þeim þjóðum, sem réttarskipun okkar er að mestu annars sniðin eftir.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, sýnist mér meiningin vera að færa lögin um meðferð opinberra mála í það horf, að því er saksóknara snertir, sem frv. að þeim lögum var í 1948. Mér sýnist með þessu frv. skotið inn og breytt þeim ákvæðum, sem felld voru niður úr frv. og breytt var 1950. Að öðru leyti sýnist mér yfirleitt ekki hafa verið gerðar breytingar, heldur sett inn þessi ákvæði, sem þá var fallið frá, að því er saksóknarann snertir. Menn hafa haft á því trú, að slík breyting yrði til bóta,

og það er rétt, sem hér kom fram hjá hv. frsm. áðan, að dómsmrh. hafa stundum verið tortryggðir vegna pólitískra afskipta sinna. Þó hygg ég nú, þegar óhlutdrægt verður litið yfir feril þeirra, að því er þessi störf varðar, að þá muni ekki vera hægt að benda svo mjög á, að það hafi gætt pólitískrar hlutdrægni í meðferð ákæruvaldsins. En hitt er rétt, að það er náttúrlega alltaf hætt við tortryggni, þegar slíkur pólitískur ráðh. fer með þetta vald. Og það er sjálfsagt ástæðan til þess, að menn hafa að því er virðist nokkuð almennt talið vald þetta betur komið í höndum sérstaks stjórnskipaðs embættismanns. Og það er óneitanlegt, að þeir hafa nokkuð til síns máls. Þó má hitt vissulega ekki gleymast, þó að ég skuli ekki vera að lengja málið með því að fara út í það, að þessari skipan fylgja náttúrlega bæði kostir og gallar. Og það vil ég segja, og það má ekki gleymast heldur, að það eru nú fleiri embættismenn pólitískir heldur en þeir, sem á þingi sitja eða t. d. í framboði hafa verið eða haft þannig bein afskipti af pólitík, og það þykist ég mega segja, að kynnzt hef ég slíkum embættismönnum, sem fussa og sveia, þegar þeir heyra nefnda pólitík, en eru þó í sjálfu sér ekki síður einstrengingslegir í pólitík en þeir, sem kannske eru meira opinberlega við hana riðnir.

Það hefur verið nefnt í sambandi við þetta mál, að það sé þörf á fleiri endurbótum á réttarfarinu. Það er að sjálfsögðu alveg rétt. Ég mundi t. d. segja, að það væri mikil þörf á því að fara að vinna að endurbótum á lögum um meðferð einkamála og koma fram breytingum ýmsum í þeim efnum. Enn fremur held ég, að það hljóti öllum að vera ljóst, — og það held ég líka, að sé sanngjarnt, — að af samþykkt þessa frv. hlýtur það að leiða, að innan skamms verður sama skipan tekin upp að því er varðar borgardómaraembættið hér í Reykjavík.

En í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir um meðferð opinberra mála, vil ég sérstaklega minna á eitt atriði, sem ég tel alveg sérstaka þörf úrbóta í sambandi við meðferð opinberra mála, og það er skilnaðurinn á milli rannsóknar máls og dómsmeðferðar þess. Eins og er og eins og menn þekkja, þá er það svo hér hjá okkur, að það er sami maður, sem rannsakar málið og dæmir það í héraði. Þetta er að mínu viti ákaflega óheppilegt. Það liggur í augum uppi, að þegar maður er búinn að fara með málið og rannsaka það, þá er hann búinn að mynda sér skoðun á þessu máli, — búinn að mynda sér skoðun um sekt eða sýknu sakbornings, — og getur ekki komið að málinu, þegar hann á að fara að dæma það, og litið á það þeim óhlutdrægu augum, sem fyrsta skilyrðið er eða fyrsta krafan er fyrir dómara. Þess vegna er að mínu viti mjög mikil þörf á því í framtíðinni að breyta hér til að þessu leyti, og er það í samræmi við það, sem annars staðar tíðkast. En ég veit, að þetta er vandasamt mál og staðhættir hér gera það á ýmsan hátt torveldara að koma þeirri skipan á þessi mál, sem frá réttarfarslegu sjónarmiði væri æskilegust, og ég get alveg fallizt á, að það sé út af fyrir sig engin mótbára, engin ástæða gegn þeirri réttarbót, sem hér er fyrirhuguð í þessu frv., þó að það sé þörf á fleiri endurbótum. Út af fyrir sig er ekki ástæða til þess að láta þessa tiltölulega einföldu breytingu bíða hinnar, sem ég vil þó segja að sé jafnvel enn þá meiri þörf á en þessari breytingu að setja upp sérstakan saksóknara.

Eins og ég þegar hef sagt, held ég, að það geti orðið til nokkurra bóta að setja upp sérstakan saksóknara. En það, hversu vel tekst til, er þó mjög undir því komið, hversu réttsýnn og hæfur maður velst í embætti saksóknara. Starf saksóknara er vandasamt og starf hans verður áreiðanlega umdeilt, hjá því verður varla komizt. Og þá er líka á það að líta, að honum eru tryggð þau lögkjör, sem að mínum dómi eru sjálfsögð, að honum verður ekki vikið frá, svo sem venjulegum embættismönnum, fyrr en aldursmarki er náð eða með dómi, því að ég skil 6. gr. þessa frv. þannig, að hann eigi einmitt að því leyti til að sæta sömu lögkjörum eða njóta sömu réttarstöðu og hæstaréttardómarar. En einmitt vegna þessa skiptir það auðvitað höfuðmáli, að sem allra örugglegast sé um skipan manns í embættið búið, og það er út frá því sjónarmiði, sem ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 588, en hún er á þá lund, að áður en embætti þessa embættismanns er veitt, skuli leita umsagnar hæstaréttar um umsækjendur og megi engum manni veita dómaraembætti, nema hæstiréttur hafi látið í ljós það álit, að hann sé til þess hæfur. Þessi brtt. er annars auðskilin og ljós, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara um hana fleiri orðum.

En ég vil segja það, að frá sjónarmiði míns flokks, sem hefur verið þessu frv. fylgjandi, er það mjög mikið atriði, að það sé búið sem bezt og tryggilegast um skipun í embættið. En með þessari brtt. minni, þó að hún yrði samþ., er ekki takmarkað vald veitingavaldsins, en veruleg trygging fyrir því fengin, að það sé hæfur maður, sem velst í þetta starf.

Ég skal svo aðeins að lokum geta þess, að ég hefði talið æskilegra, að þetta mál hefði komið fram fyrr á þingtímanum, því að sannleikurinn er sá, að þegar mál kemur jafnseint fram sem þetta og svona stórt mál í sjálfu sér, þá gefst takmarkað ráðrúm til þess að athuga málið. Það hefði náttúrlega verið æskilegt með svona mál, að það hefði verið hægt að senda það til umsagnar ýmissa aðila. En ég hef, þar sem ég vil stuðla að því, að þetta mál nái fram að ganga á þessu þingi, ekki viljað tefja afgreiðslu þess með því að fara fram á, að það verði sent aðilum til umsagnar. Ég vil aðeins geta þess, að ég álít, að það séu heppilegri vinnubrögð almennt, þegar um slíka lagabálka er að ræða sem þennan, sem varða lögfræðileg og réttarfarsleg efni, að þá séu þau lögð fram snemma þings eða jafnvel geti legið fyrir tveim þingum til athugunar. En það er svo með þetta mál, sem felur í sér breytingu á öðrum lagabálki, að það gæti í því sambandi eða hefði getað í því sambandi, ef nægur tími hefði verið til athugunar, verið ástæða til að taka til athugunar ýmis ákvæði í

þeim lögum, þ. e. a. s. lögunum um meðferð opinberra mála, og jafnvel sum ákvæði, sem eru nú tekin upp í þetta frv., en eru þó ekki nýmæli, því að sum þeirra eru þannig, að þau geta orkað nokkurs tvímælis, auk þess sem nokkur reynsla er þegar fengin um framkvæmd, þannig að það hefði getað verið æskilegt að taka þetta aftur til nánari yfirvegunar.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég gat því miður ekki verið staddur við 1. umr. málsins hér í þessari hv. deild, en þarf ekki mikið um málið að segja eftir þær ýtarlegu ræður, sem þegar hafa verið um það haldnar og ég í öllum höfuðatriðum er sammála.

Það er rétt, að þetta frv. er nokkuð seint fram borið á þessu þingi. En ég taldi engu að síður rétt að reyna að fá það samþykkt nú, vegna þess að málið hafði verið svo oft fyrir Alþ. áður. Þetta mun vera í áttunda skipti, sem því er hreyft í einni eða annarri mynd, og er þess vegna gerkunnugt þm. og í raun og veru hreint ákvörðunaratriði, hvort þeir vilja fallast á meginbreytingu frv. eða ekki, sem er skipun saksóknara. En einmitt vegna þess, að ég vildi, að málið lægi sem einfaldast fyrir, varð að ráði að taka ekki inn í þetta frv. aðrar breytingar á l. um meðferð opinberra mála heldur en þær tvær, sem eru efni þessa frv., þ. e. a. s. skipun saksóknara og lögfesting dómarafulltrúa hjá sakadómara hér í Reykjavík sem eiginlegra sakadómara, eins og þeir hafa verið í raun, þó að þá hafi skort þá lagastöðu, sem þeim eðli málsins samkvæmt ber.

Það kom fyllilega til athugunar, að fleiri ákvæði yrðu sett inn í frv. um þau atriði, sem reynsla er komin á, að lögin um meðferð opinberra mála eru ekki að öllu leyti heppileg, en með því var talið, að málið yrði of flókið og of mörg atriði inn í það dregin, til þess að hægt væri að búast við því, að málið fengi afgreiðslu á þessu þingi. En segja má auðvitað, að það hafi ekki skipt öllu máli, hvort þessi breyt. væri samþ. nú eða í haust. En þegar komið var í ljós, að þinglegur meiri hl. var fyrir málinu og það gerkunnugt, þá sýndist engin ástæða til þess að fresta staðfestingu þess. Hingað til hefur slíkur meiri hl. aldrei verið fyrir hendi, þegar því hefur verið hreyft.

Ég gat þess í Nd., að ég teldi þetta frv. einungis upphaf á frekari breytingum á réttarfarinu. Ég tók berum orðum fram, að af þessari breytingu leiðir beint, að fjölga verður borgardómurum hér með svipuðum hætti og sakadómurum er fjölgað og athuga þarf um fleiri embætti, hvort sömu rök komi þar til. Um þetta munu verða flutt frumvörp í haust, eftir því sem atvik standa til.

Þá fellst ég mjög á það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ég tel í raun og veru enn þá brýnni breyt. á l. um meðferð opinberra mála vera þá, að sundur verði skilið starf rannsóknardómara og þess dómara, sem að lokum á að dæma um sök eða sýknu. En það er ljóst, að sú breyt. krefst mjög mikils undirbúnings og alveg nýrrar dómaskipunar í héraði um allt land. Eins og ég sagði í hv. Nd., get ég ekki sagt, hvort undirbúningur þess máls tekur mánuði eða ár. Það er ljóst, að það er mikið verk og mjög vandasamt verk að koma þeirri skipan á og þess vegna ekki fært að láta þessa breytingu bíða, úr því að samkomulag meiri hluta þm. er orðið fyrir því, að eðlilegt sé að lögfesta hana.

Hið eina, sem mig greinir efnislega á við hv. síðasta ræðumann, er út af þeirri brtt., sem hann hefur flutt. Ég get út af fyrir sig fallizt á, að eðlilegt sé, að vandað sé til vals saksóknara. Það er alveg ljóst, að það er mjög vandasamt að velja mann í það starf, en svo er auðvitað einnig um mörg önnur störf, sem ráðherra skipar eða gerir tillögur um skipun í til forseta, en eigi er þó leitað til annarra aðila eða hæstaréttar sérstaklega um umsögn þeirra. Og ég efast um, hversu heppilegt það sé að blanda hæstarétti, sem er dómsstofnun, en ekki framkvæmdavalds, inn í framkvæmdavaldsákvörðun, eins og það er og hlýtur að verða að skipa mann í stöðu. Það er mjög athyglisvert, að jafnvel varðandi skipun á hæstaréttardómurum sjálfum hefur hæstiréttur ekki slíkt synjunarvald á dómaraefnum eins og hér er lagt til að honum sé fengið. Hæstiréttur hafði áður fyrr eins konar synjunarvald í þessum efnum. Dómaraefni urðu að ganga undir eins konar próf. Það var mikið deilumál á sínum tíma, hvort þeim ákvæðum skyldi haldið, en úr varð, að 1935 var leitt í lög, að það skyldi einungis leitað umsagnar hæstaréttar um ný dómaraefni, og umsögnin var ekki bindandi fyrir ráðh. á þann veg, sem hér er ráðgert. Úr því að ekki hefur verið talin ástæða til þess að láta réttinn hafa þetta vald um skipun nýrra manna í hann sjálfan, er auðvitað mjög óeðlilegt, að honum sé fengið þetta vald varðandi skipun embættismanns alveg utan við sjálfan dómstólinn. Það er rétt, að staða saksóknara er ákaflega þýðingarmikil, vafalaust með þeim þýðingarmeiri í þjóðfélaginu. En svipað má segja um sakadómara í Reykjavík, borgardómara, lögmann, óteljandi aðra embættismenn, sem ráðh. er óbundinn um skipun á, og því ekki frekar ástæða til sérstakra aðgerða í þessu efni heldur en um þá embættismenn, sem ég hef nú talið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það efni. Ég vil einungis geta þess, að góður lögfræðingur nefndi það við mig í gær, að hann kynni ekki alveg við heitið yfirsakadómari. Hann gat þó ekki bent á annað, en hreyfði því, hvort það væri heppilegra að kalla þennan oddvita sakadómara dómstjóra sakadóms eða sakadómstjóra. Ég er ekki sjálfur viss um, hvort betur lætur í eyrum eða er réttara. Yfirdómari er gamalt íslenzkt heiti, að vísu í nokkuð annarri merkingu. En þetta er smekksatriði og getur legið til athugunar til 3. umr., ef einhver vill frekar um það hugsa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 588 felld með 11:6 atkv.
6.—55. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 634).

---

48. Lögreglumenn.

Á 72. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn [207. mál] (stjfrv., A. 440).

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta litla frv. hefur enga efnisbreytingu í sér fólgna frá gildandi lögum, en þörf var á að setja það vegna setningar nýrra sveitarstjórnarlaga, þar sem tilsvarandi ákvæði er ekki tekið upp, vegna þess að það þótti betur fara að hafa það í lögunum um lögreglumenn, svo að hér er eingöngu um formsbreytingu að ræða, en breytingu, sem þó er nauðsynlegt að fá samþ. — Ég leyfi mér að leggja til, að málið gangi til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 440, n. 471).

Frsm. (Einar Ingimundarson): Herra forseti. Allshn. hefur rætt frv. það, sem hér er til umr., þ. e. frv. til laga um breyt. á l. nr. 50 12. febr. 1940, um lögreglumenn, og leggja nm. til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nm., hv. 11. landsk. þm., Gunnar Jóhannsson, var fjarstaddur vegna lasleika, þegar málið var afgreitt frá n. Í aths. við frv. segir, að hér sé ekki um efnislegt nýmæli að ræða um ráðningu lögreglumanna og uppsögn eða lausn þeirra frá störfum, því að sams konar ákvæði og felast í þessu frv. er að finna í hinum ýmsu lögum um kaupstaði, sem munu falla úr gildi, ef samþ. verður frv. til laga um sveitarstjórnir, sem nú er til umr. á hv. Alþ. Er það af þessum sökum, sem þetta frv. er flutt, enda virðist þetta ákvæði um ráðningu lögreglumanna og lausn þeirra frá störfum eiga frekar heima í lögum um lögreglumenn heldur en í lögum um bæjarstjórnir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 440, n. 604).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað þetta frv. til laga um breyt. á l. um lögreglumenn, sem hér er til umr. Hefur n. einróma mælt með því, að þetta frv. verði samþ. Hér er ekki um nýtt löggjafaratriði að ræða, eins og segir í aths. við frv. Sams konar ákvæði eru í hinum ýmsu lögum um kaupstaðina, sem nú er verið að fella úr gildi, vegna þess að sett hafa verið ný sveitarstjórnarlög.
Þetta ákvæði, sem hér um ræðir, á ekki á eðlilegan hátt heima í sveitarstjórnarlögum, en á hins vegar bezt heima í l. um lögreglumenn, og því þykir rétt að leggja til, að umrædd breyt. á lögunum um lögreglumenn verði lögfest. Það er sem sagt raunverulega hér eingöngu verið að flytja þetta lagaákvæði, sem menn eru sammála um að haldi gildi, á milli lagabálka.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 635).

---

49. Ríkisábyrgðir.

Á 32. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um ríkisábyrgðir [124. mál] (stjfrv., A. 175).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ríkisábyrgðir hafa verið veittar á lán til margvíslegra hluta á undanförnum árum. Meðal annars hafa verið veittar ríkisábyrgðir vegna lána til hafnargerða víðs vegar um land, vegna togarakaupa og bátakaupa, til byggingar frystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva, til síldarverksmiðja, enn fremur til byggingar sláturhúsa og kjötvinnslustöðva, til byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs, til ýmiss konar samgöngutækja, bæði flóabáta, flugvéla o. fl., vegna rafveitna, vatnsveitna, fyrir byggingarlánum, bæði vegna byggingarsamvinnufélaga og fleiri aðila. Þetta eru aðeins nokkur dæmi, að vísu nokkur höfuðdæmi, þeirra ríkisábyrgða, sem veittar hafa verið. Og þessar ríkisábyrgðir hafa verið veittar fyrir sveitarfélög, bæði kaupstaði og hreppsfélög, fyrir samvinnufélög, hlutafélög og fyrir einstaklinga.

Ég ætla, að allmörg ár séu liðin, síðan mönnum tók að verða ljóst, að þessi mál væru komin í óefni, og nú síðustu árin er ljóst, að þessi ríkisábyrgðalán hafa lent í algerum ógöngum. Nú er það svo, að opinber stuðningur við margvíslegar framkvæmdir í landinu er að sjálfsögðu nauðsynlegur. Stundum er sá opinberi stuðningur veittur með beinum, óafturkræfum styrkjum frá hinu opinbera. Stundum er hann veittur með beinum lánum frá hinu opinbera. Og í þriðja lagi eru svo ríkisábyrgðirnar.

Á því er enginn vafi, að ríkisábyrgðir hafa gert mögulegar ýmsar framkvæmdir, sem hafa orðið til mikilla nytja fyrir landsfólkið. Og ég held, að það sé ljóst, að við verðum að halda áfram að veita ríkisábyrgðir vegna margvíslegra framkvæmda til þess að gera þær mögulegar. Hitt er einnig ljóst, að hér verður að gæta hófs í og allt annars konar aðhald og festa verður að komast á í þessum málum heldur en verið hefur að undanförnu. Og fyrst og fremst miðar það frv., sem hér hefur verið lagt fram um ríkisábyrgðir, að því að skapa fastari reglur og meira aðhald í þessum málum.

Ef við lítum á tölur um það, hversu ríkisábyrgðirnar eru miklar, og þess er gætt einnig, að töluvert af þessum lánum, sem ríkið ber ábyrgð á fyrir aðra, er tekið erlendis og hækkar því í krónutölu við hvers konar gengislækkun, hvort sem hún er opinber eða dulbúin, og þegar tekin er heildartala þeirra ríkisábyrgða, sem ríkið er nú í, þá munu það vera s. l. 1. okt. 2336 millj. kr. Nú má segja, að ef til vill væri hér ekki mikil hætta á ferðum, ef öll þessi lán, sem ríkið er í ábyrgð fyrir, væru vel og örugglega tryggð og ekki féllu vanskilagreiðslur á ríkissjóð. En það er öðru nær. Ef við lítum yfir þau vanskil á ríkisábyrgðarlánum, sem ríkissjóður hefur þurft að greiða af hendi á árunum 1950—59, þá lítur sú skrá þannig út:

Árið 1950 greiddi ríkissjóður vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum 4.3 millj., 1951 5.2 millj., 1952 8.2 millj., 1953 8.6 millj., 1954 8.7 millj., 1955 fór upphæðin upp í 12.7 millj., 1956 í 18.3 millj., 1957 í 21.2 millj., 1958 í 23.9 millj., 1959 í 28.9 millj. Fyrir þessi 10 ár, 1950—59, hefur ríkissjóður því orðið að greiða vegna vanskilaskuldanna rétt um 140 millj. kr.

Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 35 millj. í þessu skyni, og þótti sumum hér í hv. Alþ., að það væri helzt til há upphæð, þegar fjárlagafrv. var afgreitt. En miðað við reynslu og horfur verður útkoman væntanlega sú á þessu ári, að vanskilaskuldirnar nemi ekki aðeins 35 millj., heldur nokkru hærri upphæð. Í fjárlagafrv. fyrir 1961 er gert ráð fyrir 38 millj. í þessu skyni.

Það má auðvitað hverjum manni ljóst vera, að á þessari braut verður ekki haldið áfram. Og í febrúarmánuði 1959 samþykkti Alþingi svo hljóðandi þál., að tillögu hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnúsar Jónssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að setja raunhæfa löggjöf um ríkisábyrgðir, þar sem sett verði almenn skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða og samræmdar eftir föngum reglur um það efni. Enn fremur verði kannaðar orsakir vanskila á ríkisábyrgðarlánum og tillögur gerðar um úrbætur, svo sem við verður komið."

Núv. ríkisstj. hefur kannað þetta mál frá ýmsum hliðum, og einkum hefur það, eðli málsins samkvæmt, verið til athugunar og meðferðar í fjmrn. Árangur þeirra athugana er það frv., sem hér liggur fyrir, og megintilgangur þess er að setja almennar reglur, sem gilda skuli um, hvort veita skuli ríkisábyrgð í hverju sérstöku tilfelli, þar sem heimildir kunna að vera fyrir hendi, og þá hvernig þau mál skuli nánar könnuð og undirbúin og hvert eftirlit haft með því, að lántakandi sá, sem ábyrgðarinnar nýtur, geti staðið í skilum.

Í 1. gr. þessa frv. er ákveðin sú regla, að ríkissjóður megi aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Nú er það svo, að í 40. gr. stjórnarskrárinnar er svo fyrir mælt, að ekki megi taka lán, er skuldbindi ríkið, nema samkv. lagaheimild. Með hliðsjón af því má segja, að ekki sé óeðlilegt, að til þess að ríkissjóður takist á hendur ábyrgðir á lánum, sem samkv. reynslunni mjög oft falla á hann til greiðslu, sé krafizt beinnar lagaheimildar. En sá háttur hefur lengi verið hafður á hér á Alþ., að þál. hefur verið látin nægja.

Fyrsta breytingin samkv. þessu frv. er því þessi, að til þess að ríkissjóður geti veitt ábyrgð, þurfi að vera heimild til þess í lögum, og nægir þá að sjálfsögðu einnig heimild í fjárlögum.

Í öðru lagi er þýðingarmikið nýmæli í 2. gr. frv., þar sem svo er mælt, að ríkissjóður megi ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð

heimila. En gerður er greinarmunur á tvenns konar ábyrgð, sjálfskuldarábyrgð og einfaldri eða almennri ábyrgð. Þegar um sjálfskuldarábyrgð er að ræða og vanskil verða, þá getur lánveitandinn gengið beint að ábyrgðarmanni án þess að þurfa að reyna til hlítar, hvort sjálfur skuldarinn eða lántakandinn getur greitt. Ef ábyrgðin er hins vegar einföld, verður fyrst að þrautreyna, yfirleitt með málssókn, að skuldarinn geti ekki innt greiðsluna af hendi. Þá fyrst, þegar þetta hefur verið staðreynt, getur lánveitandi gengið að ábyrgðarmanninum eða krafið hann skuldarinnar. Það er auðvitað ljóst, að það er miklu áhættusamara að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð og ábyrgðarmaður hefur vissa tryggingu, visst öryggi í því, ef lánveitandinn þarf fyrst að reyna til þrautar að innheimta skuldina hjá lántakandanum. Ætlunin með þessu er að gera það að aðalreglu, að þar sem ábyrgð er heimiluð í lögum, skuli það vera einföld ábyrgð, en sjálfskuldarábyrgð því aðeins, að það sé sérstaklega fram tekið í lögunum.

Í 3. gr. eru tvö ákvæði. Annað um það, að ekki megi takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem eru í vanskilum með ríkisábyrgðarlán, nema um slíkar greiðslur hafi áður verið samið. Það hefur verið reynt að undanförnu að framfylgja þessari reglu, hefur þó ekki tekizt alltaf, en hér er ætlunin að lögfesta hana, þannig að áður en aðili, sem lent hefur í vanskilum með ríkisábyrgðarlán, getur fengið ábyrgð að nýju, þurfi hann annaðhvort að inna greiðslu hinnar eldri skuldar af hendi eða semja um hana, en meðan hún er í vanskilum, megi ekki veita nýja ábyrgð. Enn fremur er ákveðið í 3. gr., að ríkissjóður megi ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé næg trygging að dómi fjmrh.

Í þessu sambandi er rétt að minnast á bráðabirgðaákvæðið, en þar segir svo, að þar til ný lagaákvæði hafa verið sett um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, skuli heimilt þrátt fyrir ákvæði 3. gr. að veita ríkisábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til. En svo er mál með vexti, að í lögum um hafnargerðir og lendingarbætur er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist lán til greiðslu þess hluta kostnaðar við hafnargerðir, sem greiðist ekki úr ríkissjóði, og er þá almenna reglan sú, að við hafnargerðir greiðir ríkissjóður í beinan styrk ⅔ hluta, stundum ½, en að bæjarfélag eða annað sveitarfélag, sem höfnina á og byggir og rekur, skuli sjálft leggja fram hinn hlutann, en heimilt sé, að ríkissjóður ábyrgist lán, sem sveitarsjóður kann að taka til þess hluta verksins. Nú hafa ekki verið settar tryggingar fyrir þessum ábyrgðum ríkissjóðs, og miklar ábyrgðir hafa fallið á ríkissjóð vegna þessa. Það er einsætt, að þangað til nýjar reglur, ný löggjöf hefur verið sett um hafnamálin og fjármál hafnanna, er ekki fært að láta þessa reglu gilda um hafnarframkvæmdir, að neita þeim aðilum um nýjar ríkisábyrgðir, sem kunna að vera í vanskilum, né heldur að heimta af þeim nægar tryggingar samkv. reglum 3. gr., því að slíkrar tryggingar hefur ekki verið venja að krefjast.

Þá er í 4. gr. ákvæði um það, að sá, sem ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir, skuli greiða visst áhættugjald. Nú er það svo, að þegar banki gengur í ábyrgð fyrir einhverjum greiðslum, tekur hann sitt áhættugjald, og miðað við þau miklu áföll, sem ríkissjóður hefur orðið fyrir af ríkisábyrgðum, verður að teljast eðlilegt, að hann taki, um leið og þessi fyrirgreiðsla er veitt, nokkurt áhættugjald. En með hliðsjón af því, sem ég gat um áðan, hversu sjálfskuldarábyrgð er miklu áhættusamari en einföld ábyrgð, þykir rétt að hafa áhættugjaldið mismunandi, og í 4. gr. er gert ráð fyrir því, að þegar einföld ábyrgð er tekin, skuli greiða í eitt skipti 1% af ábyrgðarupphæðinni, þegar hins vegar er um sjálfskuldarábyrgð að ræða, skuli auk þessa 1% af ábyrgðarupphæðinni greiða ½% á ári af ábyrgðarskuldinni, eins og hún er hverju sinni. Síðan eru reglur um það í síðari hluta 4. gr., hvernig skuli innheimta þetta árlega gjald, og er þá gert ráð fyrir því, að lánveitandinn, en hann nýtur þessarar tryggingar, skuli greiða hið árlega gjald og standa skil á því til ríkissjóðs, og ef lánveitandinn stendur ekki skil á því til ríkissjóðs, missir hann af ábyrgðinni, þá er ábyrgðin niður fallin, ef vanskil verða á gjaldinu. Síðan segir, að ekki megi ríkissjóður ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir erlendu láni nema fyrir milligöngu innlends banka, sem sjái um greiðslur erlendis og annist innheimtu á þessu árlega ábyrgðargjaldi. En varðandi erlent lán þykir nauðsynlegt til að tryggja sem bezt greiðslurnar, bæði vaxtagreiðslur og afborganir af láninu og enn fremur til að tryggja greiðslu þessa áhættugjalds, að innlendur banki hafi þar milligöngu.

Í 5. gr. frv. segir, að ef ábyrgðargreiðsla fellur á ríkissjóð, sé fjmrn. heimilt að halda eftir greiðslu, sem sá aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu ekki fyrir hendi. Nú er það svo, að þegar ríkissjóður hefur þurft að leggja út fé vegna einhverra aðila fyrir vanskil, en á svo hins vegar að greiða þessum sama aðila einhverja fjárfúlgu, þá getur ríkissjóður að sjálfsögðu í fyrsta lagi haldið eftir þessum greiðslum, þegar almennar reglur um skuldajöfnuð eru fyrir hendi. Í 1. um jöfnunarsjóð er gert ráð fyrir allrúmri heimild fyrir ríkissjóð til að halda eftir hluta af söluskatti eða framlagi úr jöfnunarsjóði til sveitarfélaganna upp í vanborgaðar greiðslur sveitarfélaganna til ríkissjóðs. Hér er gert ráð fyrir því að gera þessa reglu nokkuð almenna, enda í rauninni mjög eðlilegt, að þessi leið sé farin, að þegar ríkissjóður hefur þurft vegna einhverra aðila, hvort sem það eru opinberir aðilar, sveitarfélög, fyrirtæki eða einstaklingar, að inna af hendi einhverjar greiðslur, þá haldi hann eftir þeim greiðslum, að því leyti sem þarf til að greiða upp vanskilin.

Í 6. gr. segir, að ekki megi undan fella að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, ef greiðsla fellur á ríkissjóð, nema sérstök heim-

ild Alþingis sé til. Ef vanskil verða á ábyrgðarláni, sem trygging er fyrir, er það auðvitað sjálfsögð regla, að gengið skuli að tryggingunni, eins og skuldareigendur eða lánveitendur að sjálfsögðu almennt gera. Ef einhverjar sérstakar ástæður væru fyrir hendi, til þess að ekki þætti fært eða rétt að ganga að tryggingunni, m. a. vegna þess, hvílíka röskun það kynni að hafa í för með sér, t. d. fyrir sveitarfélag eða byggðarlag eða atvinnuástandið, þá er gert ráð fyrir, að slíkt mál sé lagt fyrir Alþingi og megi ekki undan fella að ganga að tryggingunni, nema heimild Alþingis komi til. Það virðist eðlilegra, að slík eftirgjöf eða undanþága sé í höndum Alþingis heldur en fjmrh. hverju sinni.

7. gr. mælir svo fyrir, að heimilt sé að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjmrn. til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða. Þessi aðstoð banka er hugsuð þannig, að í fyrsta lagi skuli bankinn kynna sér fjárhag þeirra aðila, sem leita eftir ríkisábyrgð. Þegar hann hefur kynnt sér fjárhag þeirra aðila og afkomuhorfur og möguleika þess fyrirtækis eða mannvirkis, sem um er að ræða, gefur bankinn umsögn um það til ráðuneytisins og tillögur um, hvernig snúast beri við beiðni umsækjanda. Að sjálfsögðu er rn. ekki bundið við tillögur bankans, heldur er þetta upplýsinga- og rannsóknarstarfsemi, sem bankinn á að hafa með höndum. En þegar rn. hefur tekið ákvörðun um að veita ábyrgð, er ætlazt til þess, að bankinn fylgist síðan með rekstri þess aðila, sem ábyrgðina hefur fengið, og þessir aðilar eru skyldir að láta bankanum í té ársreikninga og skýrslur og gögn, sem bankinn telur nauðsynleg til að geta rækt þetta eftirlit.

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að um þessi mál fari mjög að hætti banka, þannig að eins og þegar banki er beðinn um lán, þá athugar hann allar aðstæður og afkomumöguleika fyrst, og þegar hann hefur veitt lánið, þá fylgist hann að sjálfsögðu eftir föngum með rekstri fyrirtækisins og afkomu, og m. a. mundi hann þá gera ríkissjóði aðvart, ef horfur væru á vanskilum, til þess að unnt væri í tæka tíð að reyna að koma í veg fyrir, að slík vanskil lentu á ríkissjóði. Reynslan sýnir að sjálfsögðu, að það eru oft og tíðum meiri möguleikar á því, ef gert er aðvart í tæka tíð, að koma í veg fyrir vanskil og að illa fari, heldur en ef ekkert er aðhafzt fyrr en vanskilin eru orðin að veruleika, en þá er oft erfiðara að bjarga málunum við.

Í 8. gr. segir, að nánari ákvæði skuli sett um framkvæmd laganna með reglugerð og m. a. megi ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta, miðað við matsverð framkvæmdar. Nú er það svo sumpart í lögum, sumpart í þál., sem kveðið hafa á um ríkisábyrgðir, að þar er mælt fyrir um hámark ríkisábyrgðar miðað við matsverð. Stundum er ákveðið, að ríkisábyrgð megi ekki fara fram úr 60% af matsverði fyrirtækis eða mannvirkis eða fasteignar. Stundum er miðað við hærri upphæðir, 80%, 85, upp í 90%. Það er ekki sama hlutfall, sem á við í öllum slíkum tilfellum, og hefur því ekki þótt fært að lögfesta þessa prósentu, en eðlilegra, að það yrði sett í reglugerð, eins og hér er gert ráð fyrir.

Í 9. gr. eru svo loks ákvæði um, hvað skuli gera varðandi þær vanskilaskuldir, sem þegar hafa á ríkissjóð fallið. Eins og ég gat um áðan, voru greiðslur ríkissjóðs vegna vanskilaskulda á árunum 1950—59 um 140 millj. kr., og það má gera ráð fyrir, að á þessu ári bætist við um eða upp undir 40 millj. Nú þarf eitthvað í þessum efnum að gera, og þá er gert ráð fyrir í fyrsta lagi að reyna, eftir því sem unnt er, að innheimta þessar skuldir, en í öðru lagi, þar sem ekki er hægt að innheimta þær að öllu eða verulegu leyti, sé reynt að semja um greiðslu þeirra. Á því er enginn vafi, að margar af þessum vanskilaskuldum eru með þeim hætti og fjárhagsástæður aðila þannig, að það er gersamlega útilokað að fá skuldir greiddar að fullu og í sumum tilfellum kannske aðeins lítinn hluta eða alls ekkert af þeim. Þarf því að gera sérstakar ráðstafanir til þess að innheimta eða semja um eða gefa eftir þessar skuldir, eftir því sem á stendur. Og þá er spurningin, hvaða aðili ætti að hafa þetta með höndum. Hér er gert ráð fyrir, að fjvn. Alþingis velji þrjá menn úr sínum hópi og að þessir þrír menn rannsaki rækilega allar þessar vanskilaskuldir, sem á ríkissjóð hafa fallið, og geri tillögur um, hvernig við skuli bregðast, ýmist um innheimtu, samninga eða eftirgjafir, og þeir geri tillögur til fjmrh. um þessi mál. Síðan segir í 9. gr.: „Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, ef þeir aðilar, sem um ræðir í 1. málslið, leggja slíkt einróma til.“ M. ö. o.: til þess að gefa eftir nokkurn hluta af þessum vanskilaskuldum þurfa í fyrsta lagi allir þessir þrír fulltrúar, sem fjvn. kýs, að vera sammála um það og enn fremur ráðh. að fallast á það.

Það var rætt við undirbúning þessa máls um ýmsar aðrar leiðir, sem unnt væri að fara. Kom til orða t. d., hvort ætti að leggja allar slíkar tillögur formlega fyrir Alþingi, þá í laga- eða þingsályktunartillagnaformi, en af ýmsum ástæðum þóttu ekki heppileg vinnubrögð að leggja slíkt fyrir Alþingi með þeim hætti. Með þessu móti er hins vegar gert ráð fyrir því, að í þessum þriggja manna hópi, sem á að fjalla um málið, hafi stjórnarandstaðan að öllu venjulegu á hverjum tíma að sjálfsögðu sinn fulltrúa, þannig að því aðeins yrði nokkuð eftir gefið, að almennt samkomulag væri um það.

Annars vil ég taka það fram út af 9. gr., að að sjálfsögðu er ég til viðtals um ýmsar aðrar leiðir, sem hafa mætti um uppgjör þessara skulda, og sjálfsagt að athuga það til hlítar, ef aðrar uppástungur koma fram um það efni.

Ég vænti þess, að ég hafi gert nokkra grein fyrir meginatriðum þessa frv., og höfuðtilgangur þess er sá, eins og ég gat um, að koma fastari reglum og betri skipan á þessi mál, sem óneitanlega eru komin út í óefni nú.

Ég vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir á hv. Alþingi, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 7. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 175, n. 328, 333 og 336, 329, 334, 337).

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem nál. þau, sem útbýtt hefur verið frá fjhn., bera með sér, varð n. ekki sammála um afstöðu til þessa frv. Ég hygg, að segja megi þó, að allir nm. séu á einu máli um, að æskilegt sé að setja lög um ríkisábyrgðir, þar sem settar séu almennar reglur um veitingu ríkisábyrgða. Það var hins vegar töluvert veigamikill ágreiningur um ýmis grundvallaratriði málsins, og í tillögum háttvirtra minni hl. n. eru gerðar tillögur um breytingar á svo þýðingarmiklum ákvæðum í frv., að okkur, sem í meiri hl. n. erum, virðist sem með þeim breyt., ef samþykktar yrðu, væri að verulegu leyti dregið úr þýðingu þeirrar löggjafar, sem hér er ætlunin að setja.

Ég þarf ekki að eyða tíma hv. d. í það að fara að rökræða í einstökum atriðum mikilvægi löggjafar sem þessarar, það var gert af hæstv. fjmrh. þegar hann talaði fyrir málinu við 1. umr. þess. Ég get aðeins látið mér nægja að leggja áherzlu á, að það er augljóst mál, að vegna fjárhagslegs öryggis ríkissjóðs er gersamlega útilokað að fylgja áfram þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið með veitingu ríkisábyrgða, og þó sérstaklega í sambandi við það litla aðhald, sem verið hefur í sambandi við greiðslur slíkra ábyrgðarskuldbindinga. Þetta verður ljóst, þegar þess er gætt, að ríkisábyrgðir, sem nú eru í gangi, munu nema um 2200 millj. kr. Meginhlutinn af þessu eru sjálfskuldarábyrgðir og ríkissjóður í rauninni gersamlega varnarlaus varðandi það atriði, hvort hann verður að leggja út þetta fé eða ekki.

Reyndin hefur orðið sú, að vanskil á ríkisábyrgðarlánum hafa vaxið stórlega ár frá ári og munu á árinu 1960 vera um 40 millj. kr. Hér er um svo stóran útgjaldalið orðið að ræða hjá ríkissjóði, að fullkomið ábyrgðarleysi væri að gera ekki tilraun til þess að spyrna við fótum og reyna að koma þeim málum í það horf, að ríkissjóður verði ekki fyrir stórfelldum áföllum. Þetta verður sérstaklega erfitt fyrir þá sök, að fyrir fram er aldrei hægt að vita, hversu þungar kvaðir falla á ríkissjóð í sambandi við vanskilin og því í sambandi við afgreiðslu fjárlaga aldrei hægt að hafa nema mjög óljósa hugmynd um það, hvað þessi útgjaldaliður verður stór, enda hefur reyndin jafnan orðið sú, að hann hefur farið verulega fram úr áætlun.

Með þessu frv. er ekki ætlunin á nokkurn hátt að taka fyrir þá mikilvægu aðstoð, sem ríkið veitir með ríkisábyrgðum. Það er vitanlegt, að í mörgum tilfellum hafa ríkisábyrgðir verið forsenda þess, að hægt væri að ráðast í margvíslegar nytjaframkvæmdir í landinu, og vitanlega er ekki ætlunin að fara að setja fótinn fyrir, að slíkt verði áfram gert af hálfu ríkisins. Hitt vil ég leggja áherzlu á, að ég tel, að það sé algerlega óviðunandi, að aðstoð við þá, sem í erfiðleikum eiga með greiðslu sinna skuldbindinga, sé veitt í því formi, að ríkisábyrgðir séu látnar falla á ríkissjóð. Hér er farið inn á svo hættulega braut og grafið undan ábyrgðartilfinningu hjá þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, að fara verður inn á nýjar brautir í sambandi við slíka aðstoð.

Ég álít hiklaust, að ef svo háttar, að sveitarfélag eða eitthvert atvinnufyrirtæki, sem þýðingarmikið er talið að geti starfað, getur ekki staðið í skilum með ríkisábyrgðir, þá verði að veita þessu fyrirtæki aðstoð með beinum framlögum, annaðhvort í gegnum atvinnuaukningarfé eða eftir einhverjum öðrum leiðum, en standa fast á því, að allir aðilar greiði sínar ábyrgðarskuldbindingar. Og það er vitanlega alveg fráleit leið, sem því miður hefur oft verið farið inn á, að ríkisábyrgðir hafa beinlínis verið veittar á lánum, sem fyrir fram er vitað að verður ekki staðið í skilum með. Í slíkum tilfellum á hiklaust að veita aðstoð í öðru formi og á þann hátt, að það sé ekki — ég vil segja — jafnniðurlægjandi fyrir þann, sem aðstoðina á að fá, að hann skuli þannig opinberlega vera gerður vanskilamaður. Á allan hátt hlýtur það að vera fyrir báða aðila málsins, bæði þann, sem er skuldari, og þá ekki síður fyrir ríkið, miklum mun hagkvæmara að veita slíka aðstoð með beinum fjárhagsstuðningi eða fyrirgreiðslu um lánsfé með öðrum hætti en að reikna beinlínis með því, að ábyrgðir séu látnar falla á ríkissjóð.

Við þekkjum vafalaust öll einnig ýmis dæmi þess, hversu illa þetta hefur verkað, ekki sízt í ýmsum sveitarfélögum, þar sem vitað er, að sumir standa ekki í skilum árum saman með sínar skuldbindingar, aðrir á næstu grösum eru að reyna að standa í skilum og vilja ekki nema a. m. k. í ýtrustu neyð verða vanskilamenn. En þessi venja að láta það gott heita og ákúrulaust vera, að ekki sé staðið í skilum, verkar að sjálfsögðu beinlínis þannig, að það dregur úr áhuga annarra til að standa skil á sínum skuldbindingum. Þetta þekkjum við vafalaust öll ýmis dæmi um.

Ég hygg því, að það sé í allra þágu, að út af þessari braut verði farið, það verði áfram að sjálfsögðu stuðlað að uppbyggingu þjóðnýtra framkvæmda með ríkisábyrgðum, en þar sem ekki sé hægt að standa í skilum, verði að taka þau mál alveg sérstökum tökum og gera sér grein fyrir því hverju sinni, með hverjum hætti á að hlaupa þar undir bagga. Á þessum grundvelli er þetta frv. byggt. Það er gert ráð fyrir því, að ríkisábyrgðir verði veittar áfram, svo sem verið hefur, en þó eftir föstum reglum, og m. a. sérstaklega lögð áherzla á það, að þegar um vanskil verði að ræða, þá verði ríkisábyrgðir ekki veittar aftur, fyrr en þau vanskil eru komin í lag, annaðhvort með því, að skuldin hafi verið greidd, eða þá að samið hafi verið við fjmrn. um greiðslu skuldarinnar með einhverjum ákveðnum hætti.

Ég skal með fáum orðum gera grein fyrir brtt. þeim, sem meiri hl. fjhn. flytur. Ég mun svo, eftir að hv. minnihlutamenn hafa talað

fyrir sínum till., eftir því sem ástæða þykir til, víkja að þeim athugasemdum, sem koma fram í þeirra till. Brtt. þær, sem meiri hl. flytur á þskj. 329, breyta í engu meginkjarna frv., en þó þykir rétt að leggja til, að slíkar breytingar verði gerðar, af þeim ástæðum, sem ég skal nú í fáum orðum gera grein fyrir.

Í fyrsta lagi er lagt til, að breytt sé orðalagi 3. gr., þar sem sagt er, að ríkissjóður megi ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé næg trygging að dómi fjmrh. Það sýnist vera veruleg hætta á því, að í ýmsum tilfellum, t. d. ekki sízt þar sem um sveitarfélög er að ræða, kunni að vera mjög erfitt um vik að setja fullnægjandi tryggingar, þannig að næg trygging geti talizt. Það hefur mjög verið tíðkað í sambandi við tryggingar sveitarfélaga fyrir ríkisábyrgðarlánum, að það hafa verið veðsettar eignir og tekjur sveitarfélagsins. Nú hygg ég, að þessi veðsetning út af fyrir sig fái ekki staðizt í þessu formi. En þetta stafar m. a. af því, að í mörgum tilfellum er ákaflega erfitt um vik að setja ákveðnar tryggingar, þegar um lántöku sveitarfélaga er að ræða. Það þykir því vera rétt að hafa nokkru rýmri hendur fyrir fjmrh. í þessu efni og að breytt verði um orðalag á greininni, þannig að sett verði í staðinn: „þær tryggingar, sem fjmrh. metur gildar", og verði þá að dæma það hverju sinni, að hve miklu leyti er auðið fyrir sveitarfélag að setja fullgildar tryggingar. En eins og orðalag greinarinnar er í frv., mundi naumast vera hægt fyrir fjmrh. að veita ríkisábyrgð, ef trygging væri ekki talin næg.

Þá er í öðru lagi lagt til að gera þá breytingu á 4. gr. varðandi áhættugjald ríkissjóðs, að fellt er niður hið árlega gjald af sjálfskuldarábyrgðarlánum, þannig að gert er ráð fyrir um leið að hækka upphaflega gjaldið úr 1% í 1½%, því að eðlilegt er að sjálfsögðu, að það sé nokkru hærra gjald fyrir sjálfskuldarábyrgðir heldur en einfaldar ábyrgðir. Gjald þetta er ekki meira en það, sem venja er að tekið sé fyrir bankaábyrgðir, og raunar þó minna, því að þar mun einnig vera um árleg gjöld að ræða, og miðað við þá miklu áhættu, sem ríkissjóður hefur af þessum ábyrgðum, þykir ekki vera ástæða til annars en eitthvert smávægilegt gjald sé greitt, hliðstætt því og þegar bankaábyrgðir eru veittar. Þegar gjald þetta er greitt aðeins í eitt skipti fyrir öll, verður þetta, eins og menn augljóslega geta reiknað út, ekki tilfinnanlegt, en getur þó dregið sig nokkuð saman, þegar um stórfelldar heildarupphæðir er að ræða.

Þá er lagt til, að í stað orðanna í 5. gr., að fá þurfi sérstaka heimild Alþingis til þess að fella undan að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, þá verði því breytt á þann veg, að það verði látið nægja að fá heimild fjvn. þingsins, því að það sýnist vera nokkuð mikið í lagt að ætla að fara fyrir Alþingi og fá formlega samþykki þess fyrir því, að undan megi falla að ganga að tryggingu, og mundi það þá næstum geta jafngilt því, að slíkt yrði talið ófært og að í öllum tilfellum yrði að ganga að tryggingunni. Það er ekki meiningin með þessari löggjöf að setja slíkt ákvæði, sem gersamlega útiloki, að frestað sé að ganga að tryggingum. Það verður að metast að sjálfsögðu hverju sinni og því nauðsynlegt, enda þótt það að sjálfsögðu eigi að vera meginregla, að þá sé nú opin leið til þess að láta undan falla að ganga að tryggingu, a. m. k. einhvern tíma, ef aðstæður eru slíkar, að það er talið skapa of mikla hættu fyrir viðkomandi starfsemi eða viðkomandi sveitarfélag, ef slíkt yrði skilyrðislaust gert.

Þá er loks fjórða brtt. n., sem er í nokkuð nánu samræmi við þá brtt., sem ég lýsti, að gert er ráð fyrir því, að í stað 3 manna nefndar, sem kosin sé af fjvn. Alþingis úr hennar hópi, verði fjvn öll látin fjalla um þau efni, er segir í 9. gr. frv., en það er um það, hvernig fara skuli með þær ríkisábyrgðir, sem þegar eru fallnar á ríkissjóð. Vegna ákvæða 3. gr. um, að ekki megi takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán, þá er augljóst, að það er óumflýjanlegt annað en taka til sérstakrar meðferðar öll þau ríkisábyrgðarlán, sem eru nú í vanskilum, og það þarf að gerast sem allra skjótast, því að eftir að lögin eru farin að verka sjálf, leiðir af ákvæðum þeirra, að það verður hverju sinni að takast til meðferðar af ráðuneytinu, hvernig fara eigi með vanskil, sem verða eftir gildistöku laganna. Þar sem hér er fyrst og fremst um fjárhagsmál ríkisins að ræða, þykir eðlilegt, að fjvn. Alþingis, sem mest hefur um þau mál að fjalla hér í þingi og er sá aðili, sem þau hefur fyrst og fremst með höndum, þegar fjmrn. er undanskilið, fari með ákvörðun í þessu efni. Þó er lokaákvörðun um það fengin fjmrh. Og svo strangar reglur eru hér settar, að fjvn. verði að vera öll sammála, til þess að heimilt sé að gefa eftir skuld. Ástæðan til þessa stranga ákvæðis er sú, að það er á engan hátt heppilegt fyrir skuldara að fá eftirgjöf á skuld, ef það getur valdið ágreiningi og deilum síðar og jafnvel opinberlega komið til orðahnippinga út af því. Það er talið, að slíkt eigi ekki að gera, nema það sé svo augljóst sanngirnismál, að ekki geti verið um það ágreiningur. Ég held því, að þó að það sé nokkuð strangt að ákveða, að einn maður í 9 manna nefnd geti stöðvað slíka samþykkt eða meðmæli, þá sé eftir öllum atvikum málsins samt eðlilegt, að sá háttur sé á hafður. Með því móti er tryggt, að fulltrúar allra flokka þingsins standi að slíku og geta þá ekki komið fram með gagnrýni um það, að ríkisstj. eða stjórnarlið sé þar á einn eða annan hátt að ívilna skjólstæðingum sínum umfram aðra.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að eyða fleiri orðum að málinu á þessu stigi, en meiri hl. fjhn. leggur til, svo sem segir á þskj. 328, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem ég hef hér lýst.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Fjhn. gat ekki orðið sammála um afgreiðslu hjá sér í þessu máli, eins og þegar er í ljós komið. Ég hef gert grein fyrir afstöðu minni í nál. á þskj. 333 í öllum höfuð-

atriðum og þarf raunar ekki sérstaklega miklu við það að bæta. En af því að hér er um stórt málefni að ræða og þýðingarmikið fyrir þjóðfélagið, þá finnst mér, að þingið megi ekki spara sér athugun þess og umr.

Það hafa verið miklar framfarir hjá íslenzku þjóðinni á síðustu áratugum, og menn hafa ekki gert þessar framfarir, komið á fót fyrirtækjum og byggt upp í krafti þess, að þeir hafi staðið á gömlum merg. Fáir í þjóðfélaginu hafa getað stuðzt við miklar eignir, en flestir hafa þurft mikið fé til framkvæmdanna, til stofnkostnaðar, og orðið að taka það að láni, og þar sem þeir hafa ekki haft við fyrri eignir að styðjast, hafa þeir orðið að setja með nývirkjunum, sem þeir hafa veðsett til tryggingar lánsfénu, ábyrgðir og fá þær oft og einatt hjá ríkinu. Þannig hefur ríkið orðið, þegar um stærri framkvæmdir hefur verið að ræða, stuðningsaðili þeirra, sem fyrir þeim hafa beitt sér, í fáum orðum sagt: *framtaksins hjá þjóðinni.*

Þetta hefur verið ákaflega mikilsvert, og þarna hafa komið til greina víðs vegar í landinu uppbyggingar, sem telja má að ríkið hafi verið aðili að á þennan hátt með fólkinu í landinu. Allir okkar munu þekkja það heima fyrir hjá sér a. m. k., við sem erum komnir utan af landinu, hvað þessi þátttaka hefur verið mikils virði fyrir byggðirnar. Með þessari aðstoð hefur verið komið upp höfnum, dráttarbrautum, skipum, fiskiðjuverum, hraðfrystihúsum, síldar- og fiskimjölsverksmiðjum, vinnslustöðvum landbúnaðarvara, vatnsveitum, rafveitum, hitaveitum, byggingarsjóðum fyrir almenning, stúdentagörðum, lánasjóði fyrir stúdenta og flugsamgöngum.

Hins vegar er það svo, að þó að þessir hlutir séu mikils verðir og góðir, þá er allt bezt í hófi, og ég er þess vegna fylgjandi því, að settar séu reglur, sem marki svið þessarar þátttöku ríkisins, þátttöku þjóðfélagsheildarinnar í athöfnum almennings. Og sú löggjöf, sem þannig yrði sett, ætti að vera eins og nokkurs konar stakkur fyrir þessar aðgerðir. Hann má ekki vera of víður stakkur, en þó má hann frekar vera óþarflega víður stakkur en of þröngur og óteygjanlegur stakkur. Eðli málanna er þannig.

Hv. frsm. meiri hl. lýsti því, að áföll hefðu orðið af ríkisábyrgðum og voði gæti verið fyrir dyrum, ef því héldi fram, að mikið af ríkisábyrgðum félli á ríkið. Við í fjhn. fengum skrá yfir ábyrgðirnar, eins og þær stóðu 30. nóv. s. l., og samkvæmt skránni voru ábyrgðarupphæðir 2 milljarðar og 400 millj. rúmlega. Af þessum ábyrgðum höfðu fallið á ríkissjóðinn eftir skýrslunni 132 millj. Þessar upphæðir tala sínu máli um það, hvað hér er mikið á ferðinni. En hins vegar sýnist mér ekki hægt að segja, að áfallnar ábyrgðir, sem munu vera um 6% miðað við heildina, tæplega það, séu hræðilegar, vegna þess að inni í þessum upphæðum, sem taldar eru þarna, hljóta að vera miklar fjárfúlgur, sem ríkið hlýtur að ganga eftir hjá skuldunautunum og fá greiddar. Ég mæli þetta ekki af því, að ég vilji styðja þann hugsunarhátt, að þeir, sem fá ríkisábyrgðir, eigi að láta þær falla á ríkið, láta sitja á hakanum þær skuldir, sem eru með ríkisábyrgðum, þegar þeir gera sín skil. Ég tel, að þeir, sem fá þessi lán og ábyrgðir frá ríkinu, eigi að kappkosta það að standa í skilum, og ég þykist fyrir mitt leyti þar geta nokkuð frekt úr flokki talað fyrir mína byggð, sem hefur notið þessa stuðnings frá ríkisins hálfu og orðið það til mjög mikils framdráttar. En Húsavík er mér vitanlega ekki í nokkrum vanskilum við ríkið vegna þessara ábyrgða, og ég hef beitt mínum áhrifum, að því leyti sem þau hafa einhver verið, sem sveitarstjórnarmaður í þá átt að gera skil á skuldum, þó að ríkið ábyrgðist.

Það, sem ég mæli því, þegar ég segi, að mér finnist hv. frsm. meiri hl. hafa málað heldur dökka liti á vegginn og telji það um of alvarlegt, ef út af ber með skilin, þá er það ekki af því, að ég telji ekki, að skuldunautar eigi að gera sín ýtrustu skil. En ég tel, að þessi starfsemi sé þess eðlis, að það sé ekki óeðlilegt, að það geti komið fyrir, þegar áætlanir bregðast um tekjur og óhöpp henda eða sérstakur mótgangur gerist, að þá þurfi til þess að koma, að ríkið taki á sig greiðslur vegna þessara ábyrgða. Og ég held, að þegar settar eru reglur um það, hvernig eigi að haga þessari starfsemi, þá eigi að viðurkenna það með þeim reglum, að þessi ábyrgðastarfsemi ríkisins hlýtur yfirleitt alltaf að vera áhættustarfsemi, annars hefur hún í raun og veru ekkert gildi, því að þeir aðilar, sem hafa nægar tryggingar að setja, þurfa ekki á ríkisábyrgð að halda. Ríkisábyrgðirnar eru því í eðli sínu áhættuábyrgðir, og það verður að setja þeim reglur með tilliti til þess, að þær séu það. Og mér þykir það of mikið einkenna þetta frv., sem ríkisstj. hefur lagt fyrir, að það eigi að koma í veg fyrir, að nokkur áhætta geti fylgt, en það er samkvæmt því, sem ég hef verið að segja, frá mínu sjónarmiði sama sem að hætta að veita ríkisábyrgðir nema helzt þeim, sem gætu komizt af án þeirra. Það á með ríkisábyrgðum að hjálpa þeim, sem vilja hjálpa sér sjálfir, en þó ekki að hjálpa þeim, sem geta gert það án aðstoðar.

Ég vil nú með fáum orðum minnast á einstakar greinar frv. og þær till., sem ég hef sett hér fram til breyt. á frv. og tel fyrir mitt leyti sjálfsagt að fella inn í frv. til þess að sníða það við hæfi þess tilgangs, sem ríkisábyrgðir hafa.

Við 1. gr. frv. hef ég ekkert að athuga.

Við 2. gr. frv. hef ég það að athuga, að þar er gengið út frá því, að einfaldar ábyrgðir verði aðalreglan. Greinin hljóðar svo í frv., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.“ Það má segja, að með þessu sé sjálfskuldarábyrgð útilokuð, en með því er gengið út frá því, að aðalreglan verði einfaldar ábyrgðir og sjálfskuldarábyrgðirnar undantekningar. Nú hygg ég, að undir flestum kringumstæðum komi ekki einhliða ábyrgð að notum fyrir þá, sem þurfa að fá ríkisábyrgð, heldur þurfi þeir yfirleitt á sjálfskuldarábyrgðum að halda, og það mun hafa verið reglan að undanförnu, að aðal-

lega hafa verið veittar sjálfskuldarábyrgðir. Ég tel miklu eðlilegra, að frv. sé þannig orðað, að það, sem hlýtur að vera aðalatriði í framkvæmdinni, sé það, sem bent er á í þessari gr., sem telja má að sé lögskýringargrein, miðuð við væntanlegar heimildir, en það, sem til undantekninga heyrir, sé sett fram í undantekningarstíl, — ekki öfugt.

Nú kemur það einnig til greina í sambandi við þessa gr. frv., að mikið er af ábyrgðarheimildum, sem Alþingi hefur þegar gefið. Sumar eru standandi heimildir, svo sem eins og að því er snertir vatnsveitur og hitaveitur. Og þær munu allar vera ótiltekið um það, hvort heimilt er að veita sjálfskuldarábyrgð eða einfalda ábyrgð, og eftir því sem gert er ráð fyrir í grg. þessa frv. og höfundar þess hafa sagt, þá er gengið út frá því, að með þessari grein, eins og hún er upp sett, verði allar slíkar útgefnar heimildir skoðaðar sem heimildir til einfaldrar ábyrgðar.

Ég tel, að það sé rangt og slæm vinnubrögð að eyðileggja þannig þessar heimildir, því að þær munu í mörgum tilfellum verða eyðilagðar. Á 22. gr. fjárl. fyrir 1961 eru t. d. margar slíkar heimildir, sem ekki er tiltekið, hvort miðast við sjálfskuldarábyrgð eða einfaldar ábyrgðir, og ættu þá, ef þessi gr. yrði að lögum, að verða aðeins heimild fyrir ábyrgð, sem yrði einföld.

Þessar heimildir á fjárl. frá í vetur eru um ábyrgð fyrir fiskvinnslustöðvar og stöðvar til að vinna úr afurðum landbúnaðarins, þær eru um ábyrgðir vegna dráttarbrauta, þær eru um ábyrgðir vegna skipasmíðastöðva, þær eru um ábyrgðir til endurbóta á síldarverksmiðjum á Austurlandi, og þar er líka heimild til ábyrgðar fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga til að koma upp vinnustofnun. Mér virðist fjarstæða að setja lög um það, að þessar útgefnu heimildir skuli allar vera til einfaldrar ábyrgðar, og ég hygg, að með því séu þær í raun og veru gerðar ónothæfar meira og minna fyrir aðilana, því að þeim nægja ekki slíkar ábyrgðir, það fæst ekkert lánsfé út á þær handa þessum stofnunum.

Af þessum ástæðum, sem ég nú þegar hef nefnt, hef ég mælzt til, að þessi gr. verði orðuð þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Sé ekki tekið fram í heimildarlögum, að ábyrgð ríkissjóðs skuli vera einföld, ber að líta svo á, að þau lög heimili sjálfskuldarábyrgð."

Það segir sig auðvitað sjálft, að ef lög heimila sjálfskuldarábyrgð og ekki þarf til hennar að koma, vegna þess að lántakandinn, sá sem biður um ábyrgðina, kemst af með einfalda ábyrgð, þá hlýtur sá ráðh., sem með þessi mál fer, að mega gefa út einfalda ábyrgð, því að hún er sú ábyrgð, sem ríkið hættir minna með, og þykist ég vita, að allir hv. þm. viti mun á einfaldri ábyrgð og sjálfskuldarábyrgð, enda er að finna góða skilgreiningu á þessum ábyrgðum í grg. frv., sérstaklega í sambandi við þessa gr., sem ég hef verið að ræða nú.

Við 3. gr. hef ég ekkert að athuga, eins og nú er komið, vegna þess að meiri hl. fjhn. hefur flutt brtt. við síðari málsgrein hennar, sem mér þótti allt of ströng og taldi að mundi setja fjmrh. í of mikinn vanda og hætt við að gerði það að verkum, þessi seinni mgr., eins og hún er orðuð í frv., að annaðhvort gengi ráðh. lengra en hann í raun og veru hefði leyfi til skv. henni eða þá að hann yrði að neita um ábyrgð eða heimta ekki nægja tryggingu, því að það er einmitt það, sem mennina skortir, sem biðja um ríkisábyrgð, að þeir geti sett nægilega tryggingu aðra. En þá kemur til greina þörfin á því að koma upp fyrirtækinu, framkvæma það, sem á að framkvæma fyrir lánsfé, og ráðh. verður að mega meta gildar tryggingar með tilliti til þessarar þarfar, og það getur hann, ef sú brtt. verður samþ., sem meiri hl. hefur hér flutt.

Þá kemur 4. gr. Ég legg til, að sú gr. verði felld niður. Hún er um það, að ríkissjóður láti þá, sem fá ábyrgð hans, greiða áhættugjöld, 1% fyrir einfalda ábyrgð í eitt skipti fyrir öll og 1% fyrir sjálfskuldarábyrgð, þegar hún er gefin út, og síðan ½% á ári af ábyrgðarskuldinni. Nú hefur meiri hl. n. flutt þá brtt., að árlega áhættugjaldið vegna sjálfskuldarábyrgðanna verði ekki tekið, en í staðinn hækkað ábyrgðargjaldið, sem greitt er í upphafi við lántöku, upp í 1½%. Ég tel þessa till. til bóta, það hænufet sem hún nær. En hins vegar tel ég, að ríkissjóður eigi alls ekki að gera þessar ábyrgðir að tekjustofni fyrir sig. Ég lít svo á, að þátttaka hans í uppbyggingunni, sem verður að gera kröfu til að sé verið að gera, ef ríkissjóður gengur í ábyrgð, sé þess eðlis, að hann eigi að gera þetta án þess að taka gjald. Hann eigi ekki þannig að skattleggja þessa aðila, sem eru að berjast fyrir framtakið í landinu, það tel ég óviðeigandi af ríkissjóði, um leið og hann viðurkennir þeirra þjóðholla starf og leggur þeim lið með því að veita þeim ábyrgð. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að hér væri ekki um svo mikil útgjöld að ræða, að hægt væri fyrir nokkurn að setja þau fyrir sig, eða a. m. k. féll ræða hans á þá leið. Ég verð að segja það, að venjulega hafa þeir, sem eru að ráðast í svona fyrirtæki, við nóg að fást og mega ekki við því, að á þá sé bætt. Þetta eru kannske ekki stórkostlegar upphæðir — og þó. Mér skilst t. d., að sá maður, sem fær lán í gegnum samvinnubyggingarfélag, hámarkið er víst 180 þús., þurfi þó að greiða þarna 27 hundruð, og um það munar, og yfirleitt er ekki eðlilegt, að ríkið fari að bæta á í þeim efnum, enda virðist, þegar um slíkar ábyrgðir er að ræða, áhættan vera afar lítil. Og þá kem ég að því, sem líka er athugavert við að láta eitt yfir alla ganga í þessum efnum, að áhætta er sums staðar alls engin, þó að hins vegar hún sé víða það, sem verður að teljast sjálfsagt. Till. mín er sú, að gr. falli niður og að ríkissjóður geri sér ekki að tekjulind þessa aðstoðarstarfsemi sína.

Þá er það 5. gr. Hún er um það, að ef ábyrgðargreiðsla fellur á ríkissjóð, þá megi ráðh. eða fjmrn. taka hvaða tegund greiðslna sem er, ef ríkissjóður á að inna aðilanum þær. Hún á að veita fjmrn. algera greiðslujafnaðarheimild gagnvart skuldunautnum. Þetta er málefni, sem snýr mest að sveitarfélögunum.

Till. mín er, að við gr. bætist ný mgr. eða nýr málsl., svo hljóðandi: „Hér undir falla þó ekki greiðslur ríkisins til skóla eða aðrar lögbundnar greiðslur til sérstakra framkvæmda sveitarfélaga."

Mér fyndist það fjarstæða, ef sveitarfélag, sem er komið í vanskil fyrir togara, yrði fyrir því, að framlag frá ríkinu til skólahúsbyggingar eða jafnvel rekstrar skóla yrði tekið til greiðslujafnaðar. Mér hefur verið svarað því, þegar ég hef hreyft þessu í fjhn., að það megi ekki ætla, að ráðh. fari að beita þessu hóflaust, þótt heimildin sé fyrir hendi. En ég tel ástæðulaust að hafa heimildina ótakmarkaða, því að ef um það væri að ræða að beita svona ákvæði misjafnt, þá væri hvorki gott fyrir ráðh. að hafa tækifæri til þess né fyrir skuldendur að þurfa að verða fyrir slíku.

Ég vil m. ö. o., að þessi heimild sé takmörkuð. Heimildin er það eðlilega í vissum tilfellum og sjálfsagða, að því er snertir það, sem sveitarfélögin fá úr jöfnunarsjóði, en annars tel ég, að hún eigi ekki að vera til þrengsla á þessum lið.

Við 6. gr. hef ég enga aths. gert. En ég vissi um brtt. frá meiri hl. n. um, að fjvn. komi þarna í stað Alþingis, og get fellt mig við þá brtt., þó að hins vegar geti vitanlega líka komið til greina það, sem ég sé að 2. minni hl. leggur til, að sérstök n. verði kosin til þess að fjalla um þessi málefni með ráðuneyti og m. a. það, sem 6. gr. tiltekur.

Þá er 7. gr., þar sem ráðh. er heimilað að fela einhverjum ríkisbankanna að annast að miklu leyti afgreiðslu ríkisábyrgða, meta umsóknir og réttmæti þeirra, með tilliti til afgreiðslu þessara mála. Ég sé ekki betur en eins og nú er, að þá hafi fjmrh. heimild til þess að fá sér hvaða aðstoð sem er í þessum efnum, þó að hann hins vegar beri vitanlega ábyrgð á afgreiðslunum, og þess vegna sé óþarft að gefa þessa heimild. En það tel ég athugavert við að gefa hana, að með því er sem Alþ. lýsi yfir, að það sé vilji þess, að banka sé falið að annast þessi mál. Ég er því mótfallinn fyrir mitt leyti að gefa slíka yfirlýsingu, vegna þess að ég tel, að við ákvörðun veitingar ríkisábyrgða eigi ekki að gilda bankasjónarmið. En ég óttast það, að ef banki fær þetta til meðferðar, þá gerist það sjónarmið um of gildandi og sú mikla hjálparstarfsemi, sem í þessu hefur verið fólgin og gert hefur áreiðanlega mikið gagn, verði þá alltaf meira og minna úr sögunni. Banki sá, sem um þetta mundi fjalla, teldi sig að sjálfsögðu mjög ábyrgan og mundi því gera þetta upp eftir reglum, sem hjá bönkum gilda. Hins vegar tel ég, að í þessari grein sé nauðsynlegt ákvæði um eftirlit með fjárhag þeirra, sem ríkið hefur veitt þessa allsherjaraðstoð, — það eftirlit vil ég alls ekki að sé vanrækt. Ég álít, að það eigi að koma fram í lögunum, að til þess sé ætlazt, að það eftirlit eigi sér stað, og ég legg því aðeins til breyt. á þessari grein um, að heimildin um að leita aðstoðar banka falli niður, en það, að ríkið sjálft — ríkisstjórnin — annist, að eftirlitið fari fram, standi eftir.

Þá er 8. gr. í henni er gert ráð fyrir því, að reglugerð skuli gefin út af fjmrh. um nánari ákvæði á framkvæmd ríkisábyrgða heldur en lögin geta náð yfir að taka fram. Það finnst mér mjög eðlilegt. En hins vegar finnst mér óþarfi að taka fram, að í þeirri reglugerð megi ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta, miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli sérstaklega fyrir. Ég tel ástæðulaust að gefa ráðherranum vald til þess að ákveða þetta hámark, því að ég tel sjálfsagt, að Alþ. ákveði hámarkið við hverja heimild, sem það gefur til ábyrgðar, og eftir frv. má enga ábyrgð veita nema samkv. heimildum frá Alþ., svo að þetta er auðvelt í framkvæmd. Ég legg þess vegna til, að síðari málsliður 8. gr. falli niður.

Um 9. gr. hef ég ekki gert neina brtt. En meiri hl. n. hefur gert við hana brtt., sem ég fyrir mitt leyti felli mig við.

Ég þykist þá hafa gert grein fyrir afstöðu minni sem nefndarmanns til þessa frv., en skírskota að öðru leyti til nál.

Ég legg til, að frv. verði samþ., þ. e. a. s. þegar búið er að fella inn í það þær brtt., sem ég hef gert við frv. Ég tel eðlilegt, að lög séu sett um ríkisábyrgðir, og tel, að þegar búið er að gera á frv. þær breyt., sem ég hef lagt til, sé á það kominn a. m. k. fullforsvaranlegur byrjunarstakkur í þessum efnum. Hins vegar má búast við því, að við framkvæmd laganna geti þurft að breyta þeim síðar, þar sem þetta er fyrsta tilraun til að setja ákveðnar reglur þessari starfsemi ríkisins, sem áreiðanlega þarf að halda áfram og má ekki sníða of þröngan stakk, — fyrst og fremst ekki of þröngan stakk.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, hefur fjhn. ekki orðið sammála um afstöðu til þessa frv. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. án teljandi breyt., en ég og hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) teljum hins vegar, eins og sá fyrrnefndi hefur gert grein fyrir í sinni framsöguræðu, að frv. þurfi mikilla breyt. við, til þess að við getum léð því fylgi, og höfum við flutt brtt. í samræmi við það mat okkar á frv. Þess ber þó að geta, að brtt. hv. meiri hl. fjhn. eru flestar eða allar komnar vegna athugasemda okkar í minni hl. og koma til móts við okkar sjónarmið, það sem þær ná. En þær ná ekki til höfuðatriða málsins og geta því að sjálfsögðu ekki ráðið úrslitum um afstöðu til þess.

Ég tel, að þetta frv. og hugsanlegar afleiðingar af samþykkt þess verði ekki rétt metnar, nema vel sé íhugað, hvaða áhrif og þýðingu ríkisábyrgðir hafa á undanförnum árum og áratugum haft fyrir almennar framfarir, framkvæmdir og atvinnuuppbyggingu í landinu, og þá um leið, hvort nokkrar þær grundvallarbreyt. hafa orðið í þjóðfélaginu, sem geri það fært að gerbreyta um stefnu varðandi þessar ábyrgðir á þann hátt að gera gagnsemi þeirra stórfellt minni en áður og jafnvel enga í mörgum tilfellum, — ýta undir, að ekki sé

meira sagt, og heimila varðandi þessar ábyrgðir allar harkalegustu innheimtuaðferðir, sem lög heimila í almennum fjármálaviðskiptum, og jafnvel bæta nýjum við, og að auki að gera þröng bankasjónarmið allsráðandi um þá aðstoð, sem eftir stendur í þessu formi, að þeirri skerðingu á þeim lokinni, sem í þessu frv. felst.

Svarið við því, hverja þýðingu ríkisábyrgðirnar hafa haft fyrir þjóðfélagið, felst að nokkru leyti í því að upplýsa, til hvaða framkvæmda þær hafa fyrst og fremst verið veittar, og að hinu leytinu í þeirri staðreynd, að flestar þær framkvæmdir hefðu verið óhugsandi án aðstoðar ríkisins í þessu formi. Þegar sleppt er ábyrgðarflokkum, þar sem ábyrgðirnar eru í raun réttri aðeins formsatriði, en ekki áhættuábyrgðir í venjulegum skilningi, þá sést, að *stærstu ábyrgðarflokkarnir, sem nú eru í* gildi, eru þessir: Það er ábyrgðir vegna hafnargerða 84 millj., vegna togaraútgerðar 198.2 millj., vegna fiskiðjuvera og hraðfrystihúsa 221 millj., vegna síldar- og fiskimjölsverksmiðja 47½ millj., vegna rafveitna 288.9 millj., vegna byggingarsamvinnufélaga 207 millj. og vegna veðdeildar Landsbankans, þ. e. a. s. húsnæðismálastofnunarinnar, 281½ millj. Það er rétt, að ábyrgðir gagnvart hafnarframkvæmdum hafa bakað ríkissjóði útgjöld, sem nema 26.9 millj. kr., en er þó *engan veginn tapað fé, nema* þá að einhverju leyti. En hitt er þá líka jafnvíst, að án ríkisábyrgðanna og þá um leið þeirrar áhættu, sem tekin hefur verið með þeim, væru fjölmörg hafnarmannvirki víðs vegar um landið, sem nú veita jafnvel þúsundum manna frumskilyrði til athafnalífs og þjóðhagslega nauðsynlegrar framleiðslu verðmæta, ógerð enn í dag, og þá um leið landauðn í viðkomandi byggðarlögum. Þetta er auðvitað svo ljóst, að allir vita, og þá um leið, að áhætta, þó að nokkur hafi verið, er lítilfjörleg, ef hún er borin saman við ávinninginn, sem þjóðfélagið allt hefur haft af henni, og auðsætt, að hún hefur skilað sér margfaldlega aftur í bættum lífskilyrðum.

Ríkisábyrgðir vegna togaraútgerðarinnar nema 198.2 millj. kr., og áfallnar greiðslur ríkissjóðs vegna slíkra ábyrgða nema 30.6 millj. Það er langhæsta upphæðin, sem ríkissjóður hefur greitt vegna sinna ábyrgða. Nú skal ég alls ekki fullyrða, að gætt hafi verið eðlilegs aðhalds gagnvart öllum þeim, sem ríkisábyrgða hafa notið til togarakaupa eða vegna útgerðar togara. Þvert á móti tel ég líklegt, að svo hafi ekki verið í einstökum tilfellum og þó alveg sérstaklega nú síðustu tvö árin. Samt sem áður eru útgjöld ríkissjóðs enn sem komið er vegna togaraútgerðarinnar ekki orðin jöfn andvirði eins togara, eins og það nú er.

Nú er það alkunnugt, að kaup allra þeirra togara, sem nú eru gerðir út á Íslandi, hafa því aðeins verið möguleg, að veittar hafa verið til þeirra hæstu ríkisábyrgðir, sem nokkrum atvinnutækjum hafa verið veittar, eða allt að 90% af kaupverði. En hvað hefur þá komið á móti þessari áhættu og reikningslegum töpum ríkissjóðs? Sum árin allt fram að 1958 nam aflinn, sem togaraflotinn bar að landi, meira en helmingi af öllum fiskafla landsmanna. M. ö. o.: *þessi útgerð hefur verið ein af höfuðstoðunum* í atvinnulífinu og í gjaldeyrisöfluninni.

Ríkisábyrgðir vegna fiskiðjuvera og hraðfrystihúsa nema 221 millj. kr. og áfallin útgjöld vegna þeirra ábyrgða um 10 millj. kr. eða sem svarar andvirði góðs fiskibáts. Þegar þess er nú gætt, að fiskvinnslustöðvarnar skila frá sér meiri hlutanum af öllum útflutningsvörum landsmanna og að allt atvinnulíf í meiri hlutanum af sjávarbyggðum landsins byggist á rekstri þeirra og eðlilegri þróun þeirra hvað snertir tækni og nýbyggingar og endurbætur, þá geta mönnum varla vaxið í augum 10 millj. kr. útgjöld ríkissjóðs vegna aðstoðar við þessa eina allra mikilvægustu atvinnugrein í landinu.

Hlutfallslega, miðað við ábyrgðarupphæðir, hafa útgjöld ríkissjóðs orðið mest vegna síldar- og fiskimjölsverksmiðja, en þar er ábyrgðarupphæðin nú 47 millj. rúmar, en áfallnar ábyrgðir ríkissjóðs um 29 millj. Hér er að langmestu leyti eða a. m. k. að miklu leyti um að ræða raunverulegt rekstrartöp á ríkisfyrirtækjum, þ. e. a. s. síldarverksmiðjum ríkisins, en ekki ábyrgðartöp í venjulegum skilningi. En þessi töp síldarverksmiðja ríkisins stafa, eins og kunnugt er, af hálfs annars áratugs aflabresti á síldveiðum og eiga þess vegna raunverulega ekki eða lítið skylt við þetta mál.

Samanlagt nema töp ríkissjóðs vegna þessara ábyrgðarflokka, sem ég nú hef nefnt, 96.7 millj. kr. eða sem næst ¾ hlutum af öllum ábyrgðartöpum, sem nú eru útistandandi. Þegar á heildina er litið hvað þessa ábyrgðaflokka snertir, þá fæ ég ekki séð annað en hér hafi verið um að ræða alveg óhjákvæmilega aðstoð ríkisins við grundvallaratvinnugreinar þjóðarinnar, sem *réttlæti fullkomlega* þá áhættu, *sem tekin hefur verið*. Svipað er raunverulega að segja um aðra stærri ábyrgðaflokkana, sem hafa ekki reynzt hafa neina teljandi áhættu í för með sér, þ. e. a. s. sérstaklega ábyrgðir vegna rafveitna, byggingarsamvinnufélaga og vegna veðdeildar Landsbankans, en þessir ábyrgðaflokkar nema nú samtals 777 millj. kr., en hafa ekki haft í för með sér útgjöld ríkissjóðs nema upp á 10.7 millj. kr. Þarna er einnig um að ræða viðfangsefni, sem þjóðarátaka hefur þurft við, til þess að við þau yrði ráðið.

Í heild má segja, að ríkisábyrgðirnar hafi verið eitt af helztu úrræðum fámennrar og fjármagnslítillar þjóðar til þess að sigrast á þeim erfiðleikum, sem óhjákvæmilega hefur þurft að yfirstíga til þess að gera mögulegar mjög margar af þeim framkvæmdum, sem allri þjóðinni og öllum stéttum hennar hafa verið jafnnauðsynlegar.

Við hliðina á ríkiseign og ríkisframkvæmdum á mörgum þeim sviðum, þar sem einkaauðmagn hefur verið ráðandi og jafnvel allsráðandi í öðrum og stærri auðvaldslöndum, þá hefur aðstoð ríkisins í þessu formi skapað okkar þjóðfélagi nokkra sérstöðu meðal annarra auðvaldslanda, — þá sérstöðu, að ríkisrekstur er

hér á ýmsum stærstu atvinnufyrirtækjum og þjónustufyrirtækjum almennings, — þá sérstöðu, að gróðavonin ein hefur ekki ævinlega verið allsráðandi um atvinnuuppbyggingu og framkvæmdir, heldur alloft mat löggjafarvaldsins á gagnsemi framkvæmdanna fyrir þjóðarheildina, — þá sérstöðu, að bæjarfélögum og félitlum framkvæmdamönnum hefur verið gert kleift að byggja upp atvinnurekstur, sem einkaauðmagni hefði aldrei verið hætt í, en hefur oft ráðið úrslitum um það, að jafnvel heil byggðarlög og heilar atvinnugreinar hafa getað þrifizt og dafnað. Þessi sérstaða íslenzks þjóðfélags er þeim, sem nú ráða stefnunni hér á hv. Alþ. og hjá hæstv. ríkisstj., hinn mesti þyrnir í augum. Maður hefur bæði oft hér á hv. Alþ. og utan þings heyrt talað af þessum aðilum með megnustu fyrirlitningu um t. d. ríkisauðvald, ríkissósíalisma, ríkisábyrgðarstefnu o. s. frv. Það hefur verið heimtað, að mörg, ef ekki flest af fyrirtækjum ríkisins væru afhent einkafjármagninu, að dregið yrði stórkostlega úr öllum opinberum atvinnurekstri og allri ríkisaðstoð við atvinnuuppbyggingu í landinu, en í staðinn fyrir hinn opinbera rekstur á að efla einkafjármagnið með því að heimila því meiri gróða en áður hefur verið lögleyfður á Íslandi, m. a. með gerbreyttu skattakerfi og með því að beita ríkisvaldinu án miskunnar til þess að halda hlut launastéttanna, þ. e. a. s. kaupgjaldinu, niðri.

Með þessum hætti og einnig með því að heimila, að því er manni virðist fyrirhugað, erlendum auðfélögum olnbogarými í atvinnurekstri hér á landi, á að gera Ísland, ef svo mætti segja, samkvæmishæft meðal auðvaldsþjóðfélaga Vesturlanda og skapa einkafjármagni, erlendu og innlendu, þá drottnunaraðstöðu, sem það hefur lengi þráð, en skort máttinn hingað til til þess að höndla.

Ég vil álíta, að þetta frv. sé einn anginn af þessari grundvallarstefnu Sjálfstfl., en Alþfl. með sína atómpólitík gerir auðvitað ekki annað en fylgjast með í dansinum. En þó að þetta frv. sé aðeins einn angi stjórnarstefnunnar, er hann þó engan veginn svo hættulaus, að ekki sé full ástæða til að gera sér fulla grein fyrir því, hvert stefnt er. Hér er áreiðanlega um annað og meira að ræða en það, að ráðdeildarsamir stjórnarsinnar, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e., sem beitt hefur verið fyrir í þessu máli, séu að forða ríkissjóði frá óþörfum útgjöldum vegna vanskilaþrjóta, sem vilja hafa af honum fé að þarflausu. Hér er miklu fremur um það að tefla, hvort skerða á stórkostlega þá auðveldustu aðstoð, sem ríkisvaldið getur látið í té við almennar framkvæmdir í atvinnu- og framfaramálum þjóðarinnar, og ég ætla, að víða um byggðir landsins verði þröngt fyrir dyrum, ef þetta frv. verður samþ. og ef ákvæði þess verða notfærð af því tillitsleysi, sem hæstv. ríkisstj. er vel trúandi til, ef hún þorir og getur.

Í 2. gr. frv. felst mjög veigamikil breyt. á ríkisábyrgðum frá þeirri framkvæmd, sem fylgt hefur verið fram til þessa. Þar er svo fyrir mælt, að ríkissjóður megi ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila. Það er augljóst, að með þessu ákvæði er stefnt að því, að framvegis verði það hin almenna regla, að lánardrottnum verði jafnan skylt að þrautreyna með aðför að lántakanda innheimtu skuldar, áður en til kasta ríkisábyrgðarinnar kemur. Verði þessi háttur upp tekinn undantekningarlítið, eins og ætla má eftir ákvæðum og anda greinarinnar, þá hlýtur það að leiða til þess, að ábyrgð ríkissjóðs, þó að fengin væri, tryggði stórum verr en hún hefur áður gert, að sá, sem ábyrgð fær eða gæti fengið, sé nokkru nær um að fá lánsfé. Og einnig þá ber þess að gæta, að venjuleg ábyrgð gagnvart erlendum lánardrottnum yrði oftast nær haldlaus með öllu. Þessi regla yrði alveg sérstaklega bagaleg fyrir bæjarfélögin og fyrir sveitarfélögin yfirleitt, þar sem svo er ástatt með framkvæmdir þeirra yfirleitt og jafnvel oftast nær, að þær eru þess eðlis, að þær hafa lítið sölugildi og eru þess vegna lítt hæfar sem veð. Gagnvart lánum til slíkra framkvæmda hljóta lánardrottnar því samkvæmt öllu eðli málsins að leggja áherzlu á sjálfskuldarábyrgðarformið. Það er þess vegna auðséð, að ef þeirri almennu reglu, sem 2. gr. frv. á að innleiða, yrði fylgt gagnvart ábyrgðum fyrir sveitarfélög og aðra aðila, sem geta ekki boðið auðseljanleg veð, þá yrðu þeir hinir sömu mjög illa úti á hinum almenna lánamarkaði og framkvæmdargeta þeirra mundi skerðast stórkostlega.

Svo virðist sem ákvæði þessarar greinar eigi, eins og hv. frsm. 1. minni hl. skýrði hér áðan, að taka til allra þeirra fjölmörgu heimilda, sem nú eru í lögum til handa ráðherra til þess að veita ríkisábyrgðir, en hafa hingað til undantekningarlaust að kalla verið veittar sem sjálfskuldarábyrgðir. Þetta ákvæði þýðir því í rauninni, að verið er að gerbreyta inntaki allra þessara heimilda með einu pennastriki og gera þær stórum lítilvægari til að lyfta undir þær framkvæmdir, sem þeim hefur verið ætlað að hrinda áleiðis. Ég vil þó taka það fram, að þessi skilningur á efni greinarinnar varðandi gildandi ábyrgðir er ekki alveg óvefengjanlegur eftir orðanna hljóðan í frv. En hann er í samræmi við þær skýringar, sem ráðuneytisstjórinn í fjmrn. hefur gefið fjhn., og ætti sá maður gerst að vita um það, hvaða þýðingu þessi grein hefur og hvernig fyrirhugað er að framkvæma hana. En óneitanlega væri það til nokkurrar upplýsingar og fróðleiks að fá álit hæstv. fjmrh. á þessu., því að hjá hv. meirihlutamönnum í fjhn. hefur það verið nokkuð á reiki, hvaða skilning bæri að leggja í það.

Í samræmi við það, sem ég hef nú sagt um ákvæði 2. gr. frv., flyt ég brtt. við gr. á þá lund, að þær ábyrgðir, sem ríkið veitir, skuli teljast sjálfskuldarábyrgðir, nema annað sé sérstaklega fram tekið í þeim lögum, sem ábyrgðir heimila. Með þeirri breytingu væri tryggt, að allar núgildandi ábyrgðir héldu gildi sínu óröskuðu, en eftirleiðis yrði það svo metið hverju sinni, um leið og lagaheimild yrði veitt, hvor tegund ábyrgðarinnar yrði gildandi. En það er einmitt sú skýring, sem gefin hefur

verið á ákvæðum þessarar greinar. Hins vegar hefur verið látið alveg hjá líða, t. d. af hv. frsm. meiri hlutans, að gefa ótvíræða skýringu á því, hvaða gildi þetta ákvæði hefur gagnvart þeim ábyrgðum, sem nú eru í gildi.

Í 3. gr. frv. er svo kveðið á, að ekki megi veita neinum þeim aðila, sem skuldar ábyrgðargreiðslur eða er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán, ábyrgð, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið. Nú verður hins vegar ekki betur séð af síðari ákvæðum frv., t. d. ákvæðum 6. gr., en að samningar um vanskil séu algerlega útilokaðir, en hins vegar að aðför vegna vanskila eigi að vera hin almenna regla, en í hæsta lagi sé unnt að veita frest á slíkri aðför. Ég kann þá ekki mál að skilja, ef þetta er ekki þannig. Ákvæði 3. gr. þýða því í rauninni, að ekki megi undir neinum kringumstæðum veita aðila, sem stendur ekki í fullum skilum, nýjar ábyrgðir. Þetta merkir því m. a., að bæjarfélag, sem getur ekki staðið í fullum skilum, t. d. vegna togarakaupa eða byggingar á hraðfrystihúsi, yrði með öllu útilokað frá lögheimilaðri aðstoð í formi ríkisábyrgðar við hverjar aðrar framkvæmdir, hversu þýðingarmiklar og mikilvægar eða óumflýjanlegar sem þær annars kynnu að vera, bæði fyrir fjárhag þess hins sama bæjarfélags og jafnvel frá sjónarmiði almenningsþarfa. Ég held, að slíkt tillitsleysi gæti tæpast orðið neinum til hagsbóta, hvorki ríkissjóði né öðrum. Mér virðist, að eðlilegra og farsælla mundi vera að meta hverju sinni orsakir vanskilanna og haga aðgerðum í samræmi við slíkt mat, og brtt. mín við þessa gr. gengur í þá átt. Ég tel hins vegar ekki ólíklegt, að unnt sé að breyta slíku ákvæði, eins og þarna er fyrirhugað, en ég tel jafnhættulegt, að það sé gert eins vélrænt og undantekningarlaust og þarna er ákveðið.

Með 4. gr. frv. var fyrirhugað að leggja sérstakan skatt á alla þá, sem ríkisábyrgða njóta. Samkvæmt frv., eins og það liggur nú fyrir, á þessi ábyrgðarskattur að nema 1% af ábyrgðarupphæð við veitingu ábyrgðar og að auki ½% árlega af ábyrgðarupphæð, þegar um sjálfskuldarábyrgð er að ræða. Hv. meiri hl. fjhn. hefur nú hopað frá þessari fyrirætlun að nokkru, og ber að sjálfsögðu að meta það. En þó að brtt. hans við gr. verði samþykkt, stendur samt eftir 1½% skattur á sjálfskuldarábyrgðarupphæðinni, að vísu í eitt skipti fyrir öll. Þó að þetta ákvæði hafi þannig verið lagfært nokkuð, er þó hér enn um að ræða vaxtahækkun í nýju formi, og ég tel, að slíkri byrði, þótt ekki sé meiri, sé ekki bætandi ofan á það vaxtaokur, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið á, allra síst þegar í hlut eiga framkvæmdir, sem eru sérstaklega mikilvægar fyrir almenning, eins og raunverulega liggur í hlutarins eðli að þær framkvæmdir eru, sem sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs er veitt fyrir. Ég legg þess vegna til í 3. brtt. minni á þskj. 337, að öll ákvæði þessarar greinar um nýja skattheimtu verði felld niður.

5. gr. frv. kveður svo á, að fjmrn. sé heimilt að halda eftir hvers konar greiðslum, sem aðili á að fá frá ríkissjóði, til greiðslu á ábyrgðarupphæðum, sem fallið hafa á ríkissjóð, enda þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu ekki fyrir hendi. Þegar þess er gætt, að slík heimild til skuldajöfnunar er nú þegar fyrir hendi hvað snertir allar greiðslur úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þ. á m. varðandi hluta bæjarfélaganna af söluskatti, en þær greiðslur mundu í mjög mörgum, kannske í flestum tilfellum, nægja til þess að tryggja ríkissjóð fyrir áföllum vegna ábyrgða, þá má vera ljóst, þegar á þetta er litið, að hér er lengra gengið en hóflegt getur talizt. Þetta ákvæði gæti þýtt það, að sveitarfélög yrðu svipt greiðslum til óhjákvæmilegustu þarfa, t. d. til skólamála eða heilbrigðismála, undir þeim kringumstæðum, að þau kæmust í fjárþröng gagnvart greiðslum lána til t. d. vatnsveitu eða annars þvílíks, og væri slíkt auðvitað fráleitt, ekki síst eftir að búið væri að hrifsa allt framlagið úr jöfnunarsjóði til viðkomandi sveitarfélags. Ég legg aftur á móti til, að þingkjörin nefnd fjalli um allar aðgerðir vegna vanskila á ábyrgðargreiðslum og að samþykki hennar þurfi jafnan til þeirra ráðstafana, sem nauðsynlegt þykir að grípa til hverju sinni.

Með ákvæðum 7. gr. er fyrirhugað að fela ótilgreindum ríkisbanka að vera ráðuneytinu til aðstoðar við alla afgreiðslu ríkisábyrgða. Skal þessi banki jafnframt hafa eftirlit með öllum fjárreiðum ábyrgðaraðila og gera till. um, hversu snúast beri við öllum ábyrgðarbeiðnum. Þessi ákvæði eru í fullu samræmi við allan anda frv. og stefna svo augljóslega sem verða má að því að gera hrein bankasjónarmið allsráðandi við veitingu ábyrgða, og þetta er raunverulega eitt grundvallaratriðið í frv. Sá, sem getur gefið fullar tryggingar, á að fá ábyrgð. Sá, sem getur ekki greitt á nákvæmlega tilskildum gjalddögum, á engrar miskunnar að vænta, án tillits til afleiðinga.

Ég held, að ein af meginástæðunum fyrir því, að farið hefur verið út á þá braut að veita ríkisábyrgðir, hafi verið sú, að til þess að gera ýmsar þjóðnauðsynlegar framkvæmdir mögulegar varð með einhverjum hætti að komast fram hjá bankastjórnum. Það varð að gera fátækum bæjarfélögum, sem litlar tryggingar gátu gefið lánardrottnum sínum og þ. á m. bönkunum fyrir framkvæmdalánum, fært að ráðast í margs konar atvinnuuppbyggingu og framkvæmdir, og það varð að gefa félitlum framkvæmdamönnum tækifæri til athafna, sem til almenningsheilla horfðu, án þess að algert öryggi væri fyrir því, að engin áhætta væri því samfara. Þessi þörf er áreiðanlega fyrir hendi enn þá, og þess vegna er ekki fært að gerbreyta svo um stefnu sem hér er fyrirhugað, án þess að það leiði til hættulegs samdráttar um framkvæmdir og þá um leið til versnandi afkomu þjóðarinnar í heild. En alveg sérstaklega mundi slík stefnubreyting reynast hættuleg þeim byggðarlögum í landinu, þar sem fjárhagsmyndun er lítil, en þörfin jafnframt brýnust fyrir þá aðstoð, sem ríkisvaldinu er hægt að veita og það verður að veita, án þess að gulltryggt sé í hverju einstöku tilfelli, að því sé engin áhætta samfara.

Þetta frv. hefur verið rökstutt með því og

því einu, að ábyrgðir ríkissjóðs væru nú orðnar óhæfilega miklar, vanskil vaxi ár frá ári og muni reynast óviðráðanleg áður en varir. Ég skal engan veginn synja fyrir það, að hér sé um nokkurt vandamál að ræða og að þörf sé á meiri aðgát í þessum efnum en stundum hefur verið gert áður. Ég hygg, að það hafi vafalaust reynzt varhugavert í ýmsum tilfellum að gefa einum ráðh. svo óskorað vald varðandi ríkisábyrgðir sem gert hefur verið og að pólitískar freistingar hafi stundum reynzt meiri við ákvarðanir heldur en viðkomandi hefur þolað. Það er því sjálfsagt ekki neitt vandaverk að leita uppi dæmi um pólitíska misnotkun á ábyrgðarheimildum frá Alþ. og jafnvel óverjandi linkind gagnvart skjólstæðingum, sem lent hafa í vanskilum. Og það er einmitt af þessari ástæðu, sem ég legg til, að þingkjörin nefnd, sem væri það fjölmenn, að allir flokkar þingsins ættu þar fulltrúa, fjalli um veitingu allra ríkisábyrgða og eins um það, hvernig snúast beri við vanskilum, þannig að allt það mikla vandaverk, sem þessu er samfara, hvíli ekki á ráðh. Ég held, að slík nefnd, sem væri skipuð þingfulltrúum allra þingflokka, mundi geta veitt nauðsynlegt aðhald, bæði varðandi veitingu ábyrgða og eins um innheimtu vanskila, og gæti þetta án þess, að gripið væri til svo harkalegra aðgerða eins og þetta frv. gefur hugmynd um að séu fyrirhugaðar. Á hinn bóginn tel ég, að mjög sé ofmælt í rökstuðningi hv. stjórnarsinna um það, að hér sé um geigvænlegar og jafnvel óviðráðanlegar hættur að ræða, enda þótt það sé staðreynd, að vanskil hafa farið vaxandi og þá alveg sérstaklega í tíð núverandi ríkisstj., sem varla er hrein tilviljun. En ef athugaðar eru vanskilagreiðslur, þá sést, að meira en helmingur af öllum áföllnum greiðslum ríkisins hefur orðið til frá því, að stjórnarsamstarf byrjaði með Alþfl. og Sjálfstfl.

Samkvæmt upplýsingum fjmrn. eru ábyrgðarupphæðir alls núna, eins og hv. síðasti ræðumaður gat um, 2400 millj. og áfallin vanskil um 132 millj. eða um 5% af ábyrgðarupphæðinni, eins og hún nú er, en auðvitað miklu minni hlutfallslega, ef allar veittar ríkisábyrgðir væru teknar, en um það, hvað þær eru miklar orðnar alls, hefur fjhn. ekki fengið upplýsingar. Við fljóta yfirsýn kann mönnum að vaxa þessi heildarupphæð í augum og telja hana augljósa staðfestingu á hrollvekjandi fullyrðingum hv. stjórnarsinna. En ef nánar er að gætt, sést fljótlega, að ábyrgðarflokkar, sem samtals nema 1250 millj. kr. eða meira en helmingi allra ábyrgðarupphæðanna, hafa fram á þennan dag reynzt algerlega áhættulausir, enda mikið af þeim nánast formsatriði eitt, eins og t. d. ábyrgðir á erlendum lánum Framkvæmdabankans, sem nema um 870 millj. kr., og reyndar fjölmargir aðrir. Þar að auki koma svo til auk þessara flokkar, sem enga eyrisáhættu hafa haft í för með sér, stórir ábyrgðarflokkar, eins og t. d. vegna byggingarsamvinnufélaga, sem er upp á 207 millj. kr., þar sem mjög óveruleg vanskil hafa orðið, og eru reyndar þess eðlis, að þau eru nánast útilokuð, þar sem um algerlega fullnægjandi og seljanleg veð er að ræða á móti ábyrgðunum. Svo koma, eins og ég áður gat um, ríkisfyrirtæki, þar sem áfallnar greiðslur eru raunverulega alls ekki vegna ábyrgða, heldur vegna rekstrar ríkisins, eins og skuldir síldarverksmiðjanna, sem ég áðan gat einnig um, o. fl. Og enn koma svo hafnargerðirnar, sem viðurkennt er að hafi algera sérstöðu, þannig að hinar raunverulegu áhættuábyrgðir nema áreiðanlega ekki þriðjungi af heildarupphæðinni. En einnig þar, sem um nokkra áhættu hefur verið að ræða, þá er augljóst, að mjög mikil verðmæti standa fyrir ábyrgðunum, þannig að það er ólíklegt, að til kasta ríkisins komi nema í fæstum tilvikum, þ. e. a. s., ef ekki skellur yfir í landinu eitthvert allsherjar kreppuástand, því að auðvitað fer það ekki á milli mála, að hið almenna ástand í efnahagsmálum ræður miklu um greiðslugetu þeirra, sem ríkisábyrgðir fá. En það er kannske sá ótti, sem lætur á sér kræla í sambandi við allar þessar ráðstafanir, sem nú er fyrirhugað að gera, að stjórnarstefnan leiði til slíkra hluta.

Ég læt nú ekki þessi orð vera fleiri að sinni a. m. k. Ég hef gert hér í stuttu máli grein fyrir afstöðu minni til þessa frv. og þeim brtt., sem ég flyt við það. Eins og auðsætt er, varða brtt. mínar meginatriði málsins, og afstaða mín til þess í heild hlýtur því að markast af því, hvaða undirtektir þær og aðrar brtt., sem eru fluttar af hv. 1. minni hl. nefndarinnar og ganga í svipaða átt, fá hér í hv. þingdeild.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði í minni frumræðu. Það gæti að vísu verið freistandi að fara hér út í almennar eldhúsumræður, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, en ég ætla ekki að gera það í þetta sinn, enda margt af því, sem hann sagði, sem nánast kemur lítið við þessu frv. Hann reyndi raunar að halda því fram, að stefna frv. væri sú að reyna að hindra uppbyggingu í landinu og þannig í samræmi við það, sem hann kallaði stefnu núv. ríkisstj., sem oft hefur verið lýst af stjórnarandstæðingum á þann veg að hefði það æðsta takmark að reyna að koma hér á sem mestum vandræðum og þrengingum fyrir landsbúana. Ég held nú sannast sagna, að það séu ekki ákaflega margir, sem taka slíkar fullyrðingar trúanlegar, því að það liggur nokkurn veginn í augum uppi, að það getur aldrei verið kappsmál neinnar ríkisstj. að reyna að skapa sem mesta óánægju og vandræði í því þjóðfélagi, sem hún á að stjórna.

Hann sagði, að það mundi víða verða þröngt fyrir dyrum, ef þetta frv. yrði samþykkt, og voru fullyrðingar hans í sambandi við hin slæmu áhrif þessa frv. ærið miklu meiri en umsögn hv. 1. þm. Norðurl. e. um það efni, sem talaði af miklu meiri hófsemi og skilningi á þeim vanda, sem hér er við að glíma. Ég tók það skýrt fram í minni frumræðu, að því færi vitanlega víðs fjarri, að með þessu frv. væri ætlunin að stöðva nauðsynlega uppbyggingu um landið. Hugmyndin væri aðeins sú að reyna að koma á ríkisábyrgðir skynsamlegri hætti

en hingað til hefði á þeim verið og reyna að koma í veg fyrir þau áföll, sem ríkið hefði orðið fyrir í því sambandi.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. las hér upp lista yfir þessi vanskil og sagði, að það gæti enginn talið, að það væri tilfinnanlegt eða mikil framlög af ríkisins hálfu, þó að svo og svo margar upphæðir hefðu farið til tiltekinna hluta, sem hann gat um. Það hefur enginn haldið því fram, að það fé, sem runnið hefur til greiðslu ríkisábyrgða, hefði runnið út í sandinn og því ekki í verulegum efnum verið varið til þarfra framkvæmda. Það er allt annað atriði. Ef á að veita fé til einhverra framkvæmda í landinu og ef ríkið á að gera það, þá er augljóst mál, að það verður að gerast með öðrum hætti en þeim, sem á hefur verið hafður hér og ætíð verður meira og minna handahófskenndur, því að sannleikurinn er sá, og það hygg ég að báðir hv. minnihlutamenn viðurkenni, að það er ekki alveg öruggt, að vanskilin séu alltaf hjá þeim, sem erfiðast eiga með að greiða. Því fer víðs fjarri.

Ég ætla mér ekki hér að fara út í að ræða einstök atriði í sambandi við veitingu ríkisábyrgða á undanförnum árum, af því að ég tel ekki viðeigandi að vera að draga þar fram einstaka aðila. Ég þekki hins vegar það mikið til þeirra hluta, að það væri hægt að nefna mýgrút dæma um það, hversu í ýmsum efnum hafa orðið hér mistök á, bæði í sambandi við veitingu ríkisábyrgða, þar sem mál hafa alls ekki verið athuguð sem skyldi, og enn fremur að ríkisábyrgðir hafi verið greiddar til aðila, sem síður en svo hafa meiri þörf fyrir aðstoð en aðrir, sem hafa reynt til hins ýtrasta að standa í skilum. Fyrir þessu öllu væri hægt að nefna mýmörg dæmi. En ég veit, eins og ég áðan sagði, að allir hv. þm. skilja, að ég vil ekki gera það til þess að vera ekki að draga einstaka aðila inn í þessar umræður.

Ég held, að allir þeir, sem komið hafa nærri fjármálum ríkisins undanfarin ár, muni gera sér fulla grein fyrir því, að hér er um vandamál að ræða í sambandi við ríkisábyrgðirnar, sem sannarlega er ekki vanþörf á að setja löggjöf um, og þarf þar í engu að koma til nein löngun til þess að draga úr atvinnulegri uppbyggingu í landinu, eins og hv. síðasti ræðumaður gaf í skyn, heldur hlýtur að hafa orðið ljóst hverjum þeim, sem hefur fylgzt með þessum málum undanfarin ár, að hér hefur verið algerlega óviðunandi háttur á. Og með þeirri skipan mála, sem er, þá er í rauninni líka fjmrn. gert ómögulegt að framfylgja neinum skynsamlegum hætti á þessum ríkisábyrgðum, hvorki um veitingu þeirra né aðhaldi í sambandi við vanskilin. Þetta geri ég ráð fyrir að allir þeir menn, sem hafa farið með embætti fjmrh. undanfarin ár, mundu geta staðfest, því að þeir hafa, að því er ég bezt veit, allir kvartað mjög yfir því að hafa ekki neinn hemil eða koma við neinum reglum varðandi veitingu ríkisábyrgða. Tilgangur þessa frv. er því sá einn að koma á einhverjum föstum reglum í þessu efni.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að það væri mjög varhugavert að hafa þetta í höndum pólitísks ráðherra, sem gæti þá misnotað það í ýmsum greinum, sem er vissulega rétt. Ég tel það þess vegna vera mjög í jákvæða átt hjá hæstv. núv. fjmrh., að hann vill einmitt láta skerða vald fjmrh. mjög í þessu efni, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., sem beinlínis leggur til, að ýmsir veigamiklir þættir í því séu fengnir í hendur öðrum aðilum.

Það er alveg rétt, að ríkisábyrgðir hafa á undanförnum árum átt mikinn þátt í uppbyggingu margvíslegra þjóðnytjafyrirtækja víðs vegar um land. Ég skal ekki hér ræða fjárfestingarmálin almennt, en það vitum við hins vegar, og um það ber öllum sérfræðingum saman, að fjárfesting hér á Íslandi hefur þó verið á margan hátt undanfarin ár með óeðlilegum hætti. Ég er ekki með því að segja, að ríkisábyrgðir hafi stuðlað að því. Það er margt þar, sem hefur komið til greina. En mér er ekki fjarri að halda, að að vissu leyti hafi stundum ríkisábyrgðir átt nokkurn þátt í því eða þær aðferðir, sem hafa verið hafðar í sambandi við veitingu þeirra. Því miður er það svo, og fyrir því liggja alveg óvefengjanlegar tölur, að miðað við hina miklu fjárfestingu í okkar þjóðfélagi hefur afraksturinn eða aukning þjóðarteknanna alls ekki verið í réttu hlutfalli við það fé, sem varið hefur verið til fjárfestingarinnar, miðað við þann arð, sem svipaðar tölur í fjárfestingu hafa gefið hjá mörgum öðrum þjóðum.

Það var sagt af hv. 1. þm. Norðurl. e., að ríkisábyrgðir ættu að stuðla að því að hjálpa þeim, sem vilja hjálpa sér sjálfir. Þetta er vissulega alveg rétt, og það er ekki meiningin á nokkurn minnsta hátt að draga úr því, heldur aðeins að reyna að gera sér grein fyrir því hverju sinni í sambandi við ríkisábyrgðir, hvort þar er raunverulega um þarfar framkvæmdir og þjóðnýtar að ræða eða ekki. Það er heldur engin hagsýni í því að fylgjast ekki vendilega með því, hvað verið er að gera og hvers þessi mikilvæga aðstoð er notuð til, og það verður vissulega að kanna hverju sinni.

Því hefur mjög verið haldið hér fram, að það væri varhugavert að blanda bönkum á nokkurn hátt í þetta mál og það mætti ekki láta þá fylgjast með, það mætti ekki láta þá hafa afskipti af hag þeirra, sem ríkisábyrgðir eiga að fá. Það er alveg rétt, að bankar hafa að vissu leyti önnur sjónarmið en oft verða að ráða í sambandi við ríkisábyrgðir. En hitt held ég að sé fjarri öllu lagi, að halda því fram, að bankar hafi ekki almenningsheill og almannahagsmuni fyrir augum, þegar þeir eru að ráðstafa sínu fé, og engin ástæða til þess að halda það. Um það er hægt að setja hverjar þær reglur sem fjmrn. vill samkvæmt þessu frv., og þá er engin ástæða til þess að halda, að það verði ekki metnar réttilega allar aðstæður og ástæður viðkomandi aðila, sem eru að biðja um ríkisábyrgðir, og það hljóti að vera í voða komið um málefni þeirra manna eða sveitarfélaga, ef banki eigi að meta um hag þeirra og gefa sína umsögn um það, hvort eðlilegt sé að veita þeim ríkisábyrgð eða ekki. Sannleikurinn er sá, að

einmitt sumir bankar hafa beinlínis það hlutverk í okkar landi, svo sem Framkvæmdabankinn, að vinna að atvinnulegri uppbyggingu og gera sér grein fyrir því, hvernig bezt muni auðið að leggja grundvöll að þeim atvinnuframkvæmdum í landinu, að hægt sé að nýta sem bezt auðæfi þess og tryggja öllum landsmönnum lífvænleg afkomuskilyrði. Og einmitt stofnanir, sem þannig er beinlínis fengið þetta verkefni, hafa allt aðra og betri aðstöðu til þess að meta þetta mál frá grunni og allar aðstæður umsækjenda heldur en fjmrn., sem hefur ekki neina sérstaka sérfræðinga í þeim efnum, og þess verkefni er að verulegu leyti á allt öðru sviði en að vinna að þessum atriðum, sem beinlínis eru bankatæknisk. Ég held því, að það sé alveg ástæðulaust að halda, að það rýri nokkuð aðstöðu þeirra, sem eðlilegt er á annað borð að veita ríkisábyrgðir, þó að banki verði látinn meta þeirra hag.

Það er rétt að vekja athygli á því, sem segir í ákvæði til bráðabirgða með þessu frv., að sérstaða er gerð með hafnargerðir og lánveitingar til þeirra, að þær skuli verða með sama hætti og áður hefur verið. Það eru einmitt þær ábyrgðir, sem víða hafa fallið á ríkissjóðinn, en eru þess eðlis, að það er í rauninni lítt gerlegt fyrir ýmis sveitarfélög að rísa undir þeim, og því þykir ástæða til þess að meta þær sérstaklega. Það var gerð um það ályktun hér á Alþingi fyrir nokkru að endurskoða lögin um skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga og ríkis í sambandi við hafnargerðir, og það er einmitt á þann hátt, sem á að styðja að uppbyggingu nauðsynlegra hafna í landinu, að meta það eftir réttum hlutföllum og greiðslugetu á viðkomandi stað, að hve miklu leyti eðlilegt er, að ríkið standi undir kostnaði við hafnargerðina, en ekki láta það gerast meira og minna handahófskennt á þann hátt, að ríkisábyrgðir séu látnar falla á ríkissjóð. Einnig á þessu sviði ber allt að sama brunni, sem ég sagði í upphafi míns máls, að öll sú aðstoð, sem nauðsynlegt yrði talið að veita einstökum aðilum, sveitarfélögum eða öðrum, er eðlilegt að sé veitt beint, en ekki á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir og hefur tíðkazt í svo ríkum mæli, að láta ríkisábyrgðir falla á ríkissjóðinn.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja einstakar brtt. hv. minnihlutamanna, sem fluttar eru á tveim þskj. Það má vissulega ýmislegt um þær segja. Sumt af því sem þeir flytja tillögu um, getur auðvitað verið vafamál, hvort á að skipa fyrir á þann hátt, sem þar er lagt til, eða eins og við leggjum til, eins og t. d. að fimm manna nefnd sé fjmrn. til aðstoðar við þau málefni, sem við leggjum til að fjvn. annist. Ég hygg eðlilegra, í stað þess að vera að setja í þetta sérstaka nefnd, að það verði fengið fjvn., sem starfi sínu samkvæmt og stöðu einmitt verður og þarf að fylgjast með þessum málum.

Þá vil ég einnig minnast á það atriði, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði að væri ástæðulaust að hafa í frv., og það er um það að heimila að setja í reglugerð ákvæði um, hvað ríkisábyrgðir mættu nema miklum hluta kostnaðar mannvirkis. Það er vitanlega rétt, að það mundi í flestum tilfellum verða ákveðið í lögunum sjálfum, og þá getur reglugerð ekkert haft um það að segja. Ég er þó engu að síður nokkuð viss um, að ef slík reglugerð yrði sett, mundi það óbeinlínis verða til þess, að í heimildarlögum frá Alþingi um ríkisábyrgðir yrði höfð hliðsjón af þeirri reglugerð og ábyrgðarheimildirnar þar einmitt miðaðar nokkuð við það, sem reglugerðin segði fyrir um, því að sannleikurinn er sá, að það er gersamlega út í loftið, hvernig hlutföll hafa verið ákveðin mismunandi á Alþingi í sambandi við alveg sambærilegar ríkisábyrgðir, þannig að það er vissulega full þörf á, að reynt sé að kanna niður í kjölinn og setja um það reglur, sem gætu á þennan hátt orðið til leiðbeiningar, þó að þær geti auðvitað ekki ráðið úrslitum, þar sem Alþingi ákveður annað.

Það var að lokum eitt atriði, sem ég vildi minnast á. Það hefur verið rætt hér um það, að vanskilin séu ekki veigamikil og raunar mjög lítilfjörleg miðað við þær háu tölur, sem gildandi ríkisábyrgðir nú séu. Sagði hv. 1. þm. Norðurl. e., að það væru ekki nema 132.5 millj. kr. af 2.4 milljörðum kr. Þessi samanburður er næsta villandi, og má þar til sanns vegar færa að vísu það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði, að mjög stórar fjárhæðir af þessu er ekki eðlilegt að taka með í þessari tölu, þegar rætt er um áhættuna eða metin hlutföllin í því efni. Það, sem hann verður auðvitað að gera sér grein fyrir hér, er það, hversu vanskilin á hverju ári eru mikill hluti af afborgunum og vöxtum ríkisábyrgðarlána, sem þá falla. Gildandi ríkisábyrgðir voru í árslok 1959 tæpar 1600 millj. kr., og þessi hækkun um 800 millj. kr. er að mjög verulegu leyti vegna gengisbreytingar. Þær voru ekki komnar til eða ekki skráðar fyrr en endanlega gengisbreytingin varð, þannig að yfirfærslugjaldið var ekki með talið. Nú er það komið inn að fullu, og það er auðvitað ekkert farið að reyna á það enn þá, hvað þessar hækkanir á skuldbindingunum leiða til aukinna vanskila. Það, sem yrði að meta í þessu efni, ef á að finna einhverja hlutfallstölu, er að gera sér grein fyrir því, hvað hefur verið greitt til þessa af afborgunum og vöxtum ríkisábyrgðarlána og hvað vanskilin eru stór hundraðshluti af þeirri upphæð.

Ég þori ekki með það að fara, vegna þess að ég hef ekki tölur fyrir mér um það efni, en ég fullyrði hins vegar, enda er nokkuð hægt að átta sig á því, ef við tökum einhverjar sennilegar tölur um það, hvað líklegt sé að falli til greiðslu á hverju ári í vöxtum og afborgunum, og þá munum við sjá það, og ég veit, að hv. 1. þm. Norðurl. e., sem er töluglöggur maður, mun sjá það, að vanskilahlutinn er miklu hærra hlutfall en hann hefur hér nefnt, og mér þætti ekkert fjarri, að sum árin hefðu það verið um 20% eða jafnvel meira, sem hafa verið vanskil á, þannig að hér er vissulega um mjög alvarlegar tölur að ræða. Maður má ekki láta blekkja sig með að setja dæmið þannig upp, eins og hann gerði, að reikna með því, sem eftir stendur, heldur verður það að reiknast á þann hátt, sem ég sagði, að gera sér grein

fyrir, hver vanskilin eru á hverju ári, miðað við það, sem þá fellur til greiðslu.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta, herra forseti. Ég hirði ekki, eins og ég áðan sagði, um að fara út í umræður um efnahagsmál almennt í sambandi við þetta mál. Ég endurtek aðeins það, sem ég í upphafi sagði, að með þessu frv. er ekki ætlunin að fara að þjarma að einum né neinum með það í huga að stöðva atvinnuuppbyggingu í landinu, — það er alger misskilningur. Ég held, að það vaki ekki fyrir neinum þeim, sem að þessu máli stendur, og það verður ábyggilega ekki framkvæmt á þann hátt, a. m. k. ekki af þeirri ríkisstjórn, sem nú situr, heldur er með þessu frv. eingöngu ætlunin sú, sem ég álít að bæði ríkisstj. og Alþingi sé skylt að gera, að reyna að koma þessu máli fyrir á þann hátt, að þessar ríkisábyrgðir geti þjónað sínum tilgangi, en þó á þann veg, að þær skapi ekki fyrir ríkissjóðinn stórfellda fjárhagshættu, sem hlýtur svo að leggjast á allan almenning í formi skatta og nýrra álagna, né heldur stuðli að óheilbrigðri þróun mála, sem ég hygg að við getum verið sammála um að hlýtur alltaf að verða, þegar sá háttur er hafður á, að menn verða að gerast vanskilamenn og leysa sinn vanda á þann hátt að borga ekki sínar skuldbindingar.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði síðast í sinni ræðu, að það væri engin tilviljun, að vanskil á ríkisábyrgðum hefðu verið meiri á síðasta ári en áður, að ég hygg, ef það er skoðað niður í kjölinn, að þá séu orsakirnar allt aðrar en þær, að það sé sérstaklega þrengt að á þessu ári, heldur komi til ýmsar skuldbindingar, sem hafa komið til greiðslu á síðasta ári og raunverulega var fyrir fram vitað um að ekki mundu verða líkur til að væri staðið í skilum með, en hafa þó ekki komið til útgjalda fyrir ríkissjóðinn fyrr en á árinu 1960.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Af ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., frsm. meiri hl., mátti glöggt ráða, að skoðanamunur er ekki stórkostlegur að því er snertir þörf fyrir þessa starfsemi ríkisins, ríkisábyrgðastarfsemina, og nauðsyn þess að gæta þar hófsemdar og hafa þar á svo góða skipan sem verið getur. Mér finnst þess vegna vera vert að vekja athygli á því, að af ræðu hans er réttmætt að álykta, að við brtt., sem hann hefur heldur mælt á móti og ég hef flutt, hafa athugasemdir hans verið þannig, að ætla má, að hann hafi ekki viljað láta hrófla smíði sínu, þar sem er frv., frekar en að hann telji ekki, að sú hugsun og stefna, sem býr í till. mínum til umbóta á frv., sé réttmæt.

En það var ekki til að segja þetta, sem ég tók til máls, heldur til að minnast á það, sem hv. frsm. sagði, að það kæmi ekki til mála að láta ríkisábyrgðir falla á ríkissjóðinn, heldur veita aðstoð í öðru formi, t. d. þegar sveitarfélög eiga í hlut. Ég er hræddur um, að framkvæmd þessarar skoðunar og þessara mála verði afar erfið. Ég held, að það sé minna við það að athuga, þó að ríkið verði að greiða eitthvað vegna áhættu af þeim framkvæmdum, sem ráðizt hefur verið í alveg í samráði við ríkið, með því að það hefur ábyrgzt, heldur en að fara að gera upp sveitarfélag og veita því styrk í öðru formi. Mér finnst til þess að gera eðlilegt, að ábyrgð falli á ábyrgan beint, ef þannig er frá málinu gengið, að ekki verður hjá því komizt, og mér finnst ríkið sem ábyrgur aðili hafa þar enga sérstöðu. Meginatriði, þegar um ríkisábyrgðirnar er að ræða, virðist mér það, að þær séu aðeins veittar til þeirra framkvæmda, sem telja má vera til þjóðþrifa, og að þess sé gætt, að rekstur í sambandi við þær framkvæmdir sé svo skynsamlegur sem tök eru á. Og í till. mínum felst ekkert um það að vera á móti því, að það sé metið í hvert sinn, sem ábyrgðir eru veittar. Ég álít það vera skyldu Alþingis að meta, hvort þar er um að ræða framkvæmdir eða fyrirtæki, sem gagnlegt er þjóðarinnar vegna að geti farið af stað. Og þegar um það er að ræða, hvort eigi að gefa eftir ábyrgðarskuldir, þá hef ég engar tillögur um það gert, að það sé ekki gaumgæfilega athugað. Ég hef ekki gert neinar till. um það, að sú grein frv., 6. gr., sem þar mælir fyrir um, sé felld niður eða henni verði breytt á annan hátt en þann, sem meiri hl. hefur gengið inn á eftir viðræður í n. sjálfri.

Nei, ég held eftir ræðu hv. frsm. meiri hl., að það hefði verið rétt að gera það samkomulag milli meiri hl. og minni hl. — og þá um leið í *veigamiklum atriðum* að því er snertir annan minni hl. — að fella inn í frv. breytingarnar, sem bornar hafa verið fram af mér og að sumu leyti af hv. 5. þm. Norðurl. e.

Ég verð að segja það, að mál þetta hlýtur að vera mjög viðkvæmt mál, sérstaklega fyrir almenning. Ríkisábyrgðirnar hafa verið stórkostlega mikils virði fyrir dreifbýlið með ströndum fram, og þar hefur verið víða bjargað frá upplausn með þessari ábyrgðarþátttöku af hálfu þjóðfélagsins. Ég álít, að það megi á engan hátt þrengja þannig þessa starfsemi, að það verði örðugra fyrir þá, sem eru í fámenninu, að leita þessarar aðstoðar og fá hana, og líka frá því sjónarmiði eru mínar till. gerðar.

Þar sem hv. frsm. gerði aths. við ábendingu mína í samanburðinum á veittum ábyrgðum og ákvörðunum á föllnum ábyrgðarskuldum hjá ríkinu, þá vil ég geta þess, að mér hefur verið sagt það, að engar ábyrgðarupphæðir hafi verið strikaðar út enn þá, aðeins vextir í sumum tilfellum ekki lagðir við skuldahöfuðstólinn. Þess vegna finnst mér, að óþarft sé að álykta sem svo, að hér þurfi endilega að vera um stórkostleg afföll að ræða eða svo mikil afföll, að það þurfi að grípa til þess að setja reglur, sem þvinga þessa starfsemi í framtíðinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 337,1 felld með 11:8 atkv.
— 334,1 felld með 11:7 atkv.

2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 337,2 felld með 11:3 atkv.
— 329,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 334,2, 337,3 og 329,2 teknar aftur til 3. umr.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 337,4 felld með 11:3 atkv.
— 334,3 felld með 11:9 atkv.
5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 337,5 felld með 11:3 atkv.
— 329,3 samþ. með 14 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 337,6 felld með 11:3 atkv.
— 334,4 felld með 11:7 atkv.
7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 334,5 felld með 11:7 atkv.
8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 337,7 tekin aftur.
— 329,4 (ný 9. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 70. fundi í Ed., 10. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 354, 329,2, 334,2, 337,3).

Forseti (SÓÓ): Ég vil vekja athygli hv. þdm. á því, að á dagskránni er aðeins minnzt á þetta eina þskj., 354, en það er frv. eins og það var eftir 2. umr. í þessari hv. d., en þar að auki eru einnig til umr. brtt. á þskj. 329 frá meiri hl. fjhn., brtt. á þskj. 334 frá 1. minni hl. fjhn. og brtt. á þskj. 337 frá Birni Jónssyni. Á þessum þskj. eru breytingar við 4. gr. frv., sem voru teknar aftur við 2. umr., en endurfluttar nú við 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls voru teknar aftur brtt. við 4. gr., þ. e. a. s. varðandi áhættugjaldið, sem gert er ráð fyrir að greitt verði í sambandi við veitingu ríkisábyrgða. Þessar till. voru teknar aftur vegna þess, að fulltrúafundur Sambands ísl. sveitarfélaga sat þá hér í Reykjavík og hafði m. a. þetta frv. til meðferðar, og það þótti rétt að bíða eftir umsögn fulltrúafundarins, áður en málið yrði afgreitt. Síðan hefur umsókn fulltrúafundarins borizt, og vil ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa hana upp, hún hljóðar þannig:

„Fundurinn er samþykkur aðalefni frv., en beinir því til Alþingis, að fallið verði frá kröfum um áhættu- og ábyrgðargjöld til ríkissjóðs umfram venjuleg bankagjöld, þegar sveitarfélög eru lántakendur. Enn fremur leggur fundurinn áherzlu á, að fjmrn. gæti varúðar við framkvæmd skuldajöfnunar samkv. 5. gr., þegar um er að ræða lögboðin framlög ríkissjóðs til sveitarfélaga."

Tillaga þessi var samþ. með 14 atkv. gegn 3.

Samkvæmt þessari umsögn er það skoðun sveitarfélagasambandsins, að það sé ekki óeðlilegt, að eitthvert gjald sé tekið í sambandi við veitingu ríkisábyrgða, en hins vegar telja þeir nauðsynlegt, að það verði ekki hærra en sem svari venjulegum bankaábyrgðargjöldum.

Meiri hluti fjhn. flutti á sínum tíma brtt. við 4. gr. frv., þess efnis, að hið árlega áhættugjald verði fellt niður og þess í stað væri tekið gjald í eitt skipti fyrir öll, bæði í sambandi við sjálfskuldarábyrgðir og einfaldar ábyrgðir. Ef sú breyting yrði gerð á frv., sýnist það vera í samræmi við skoðun sveitarfélagasambandsins, sem að vísu miðar þó ekki umsögn sína nema við þau lán, sem sveitarfélög taka, en það er vitanlega ekki hægt og ekkert eðlilegt við það að fara að láta aðrar reglur gilda í því efni. Mér sýnist því, að verði till. meiri hl. n. samþ., — og meiri hlutinn leggur því til, að sú breyting verði gerð á frv., — að þá sé það í fullu samræmi við þær skoðanir, sem eru hjá fulltrúum sveitarfélaganna í þessu efni.

Varðandi síðari athugasemd þeirra um það, að varúðar verði gætt í sambandi við skuldajöfnun, þá hefur að sjálfsögðu alltaf verið út frá því gengið og verður svo, enda þótt slík heimild sé fyrir hendi eins og hér er, því að vitanlega kemur ekki til mála að framkvæma skuldajöfnun svo róttækt, að það geti stefnt algerlega í voða allri greiðslugetu og afkomu viðkomandi sveitarfélaga. Það atriði verður að sjálfsögðu að metast, eins og nú hefur verið gert, og það er engin ástæða til þess að halda, að þar verði ekki gætt fullrar hófsemi, sem m. a. kemur fram í því, að það hefur ekki einu sinni enn verið skuldajafnað nema að mjög takmörkuðu leyti og ég held alls ekki í sambandi við söluskattshluta sveitarfélaganna, enda sjálfsagt, að þeirri reglu verði áfram fylgt að gæta varúðar í því efni. Og það er augljóst af umsögn sveitarstjórnasambandsins, þar sem það leggur ekki áherzlu á, að þessu atriði frv. verði breytt, að það er út af fyrir sig ekki því andvígt, að heimild sem þessi sé í lögum, enda í fyllsta máta eðlilegt.

Ég leyfi mér því að leggja til, herra forseti, að frv. verði nú endanlega samþykkt frá deildinni með þeirri brtt., sem flutt er á þskj. 329 við 4. gr. frv.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er langt síðan þetta mál var hér á dagskrá. Þá hafði verið frestað afgreiðslu á vissum tillögum, vegna þess að það var óskað eftir, að það væri beðið með þær, og flm. höfðu tekið þær aftur. Ég bjóst við, að í þessari ósk um að fresta afgreiðslu vissra till., sem hv. frsm. fjhn. hafði borið fram við mig, fælist það, að málið yrði tekið aftur fyrir í fjhn. til athugunar. Nú hefur það ekki verið gert, málið er á dagskrá á ný, og vil ég lýsa yfir, að mér þykir það miður, því að ég álít, að fjhn. hefði átt að endurskoða dálítið afstöðu sína, ekki sízt með tilliti til þeirrar bendingar, sem kom frá fulltrúaráði sveitarfélagasambandsins. Ég átti sæti á fundum fulltrúaráðsins, og ég vissi, að á bak við þessa till., sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. las upp, — till., sem fulltrúaráð-

ið samþykkti, — fólst áhugi fyrir því, að áhættugjöldin væru ekki tekin. Það miðaði aftöðu sína við það, sem snýr að sveitarfélögunum í þessu sambandi. En það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði rétt áðan, — að það er ekkert sérstaklega eðlilegt að undanþiggja sveitarfélag, en láta aðra aðila, sem fá ríkisábyrgðir, sitja við önnur kjör. Inn í þessa ályktun frá sveitarfélagasambandinu slæddist, að ég tel, hugsun, sem er mjög óljós og felur í sér einhvers konar slekju, en þar á ég við það, þar sem segir: „Fundurinn er samþykkur aðalefni frv., en beinir því til Alþingis, að fallið verði frá kröfum um áhættu- og ábyrgðargjöld til ríkissjóðs umfram venjuleg bankagjöld.“ Ég gerði fsp. um það, um leið og till. var tekin til afgreiðslu, hvað fælist í þessu, við hvaða bankagjöld væri átt í þessu sambandi. Það lá ekki ljóst fyrir flm., hvað þetta væri, en þeir sögðu, að þetta skemmdi ekkert, þó að það stæði þarna, það væri meinlaust. Mér er sem sagt ekki ljóst, um hvaða bankagjöld getur verið að ræða, sem hér er vitnað til og eru hliðstæð áhættugjöldum þeim, sem ríkissjóður ætlar að taka. Og nú hefði ég óskað eftir því, að hv. frsm. skýrði frá því, því að mér skildust það vera aðalrök hans fyrir því að taka ekki til greina þessa ósk fulltrúaráðs sveitarfélaga, að samkv. till. meiri hlutans um að draga úr áhættugjaldinu, þ. e. a. s. fella niður hið árlega áhættugjald, væri eiginlega fullnægt ósk fulltrúaráðsins, vegna þess að það hefði ekkert á móti því, að greidd væru venjuleg bankagjöld, — nú hefði ég gaman af að vita, hvers konar bankagjöld það geta verið, sem hér er um að ræða.

Um niðurlag till., að því er snertir skuldajafnaðarheimildina handa ráðuneytinu, ótakmarkaða, þá verð ég nú að segja það, að skiptar voru skoðanir um þetta mál í fulltrúaráðinu, en meiri hlutinn vildi, eins og orðað var, vona það — vona það, að svo vægt yrði með þetta ákvæði farið, að það meiddi engan, og sú von birtist í þessari yfirlýsingu.

En ráðherrar koma og fara. Og þó að megi kannske treysta því um einn ráðherra, að hann sé sanngjarn, og fari gætilega með biturt vopn, svo að það valdi ekki skaða, þá er það svona, að maður veit ekki, hvernig fer með annan ráðherra, sem við tekur. Og það er alltaf hættulegt að leggja hættuleg vopn í hendur þeirra, sem menn vita ekki, hverjir eru. Þess vegna er ég fyrir mitt leyti á móti þessu ótakmarkaða greiðslujafnaðarákvæði. Till., sem ég flutti við 2. umr. og var felld, ber það með sér. En auðvitað tek ég hana ekki aftur upp, því að hún er fallin.

Hins vegar virðist mér 2. gr., eins og hún er í frv. og sveitarfélagasambandið ályktaði ekkert út af sérstaklega, vera mjög gölluð. Ég flutti till. við 2. umr. um, að 2. gr. yrði umorðuð þannig, að við mætti hlíta. Eins og hún liggur hér fyrir, eiga engar ábyrgðir ríkissjóðs að skoðast sem sjálfskuldarábyrgðir, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila, þ. e. a. s. greinin er svona orðuð — með leyfi hæstv. forseta: „Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.“ Allar ábyrgðir eiga þess vegna að vera hér eftir einfaldar ábyrgðir, nema tekið sé fram, að það eigi að vera sjálfskuldarábyrgðir. Ég tel hitt miklu eðlilegra, að ábyrgðirnar séu sjálfskuldarábyrgðir, nema fram sé tekið, að þær eigi að vera einfaldar ábyrgðir, og það er vegna þess, eins og ég hef áður tekið fram við umræður þessa máls, að þeir, sem fá ábyrgðirnar, þurfa venjulega á sjálfskuldarábyrgðum að halda. Og í öðru lagi er það, að allar þær ábyrgðir, sem ríkið hefur gefið út og ekki er farið að nota, verða, ef þessi grein verður samþykkt eins og hún er, að skoðast sem einfaldar ábyrgðir, þó að þær hafi verið veittar í því augnamiði að vera sjálfskuldarábyrgðir og komi ekki hlutaðeigandi að notum, nema þær séu framkvæmdar sem sjálfskuldarábyrgðir. Ég þarf ekki að fara út í að skýra muninn á einföldum ábyrgðum og sjálfskuldarábyrgðum, það hef ég áður gert hér í þessari hv. d. Ég vil benda á það, að t. d. eru á fjárlögum núna á 22. gr. ýmsar heimildir, sem hljóta, ef þetta verður samþykkt, að verða að skoðast sem einfaldar ábyrgðir og ráðherra hefur enga heimild til að gefa út sem sjálfskuldarábyrgðir, en með því verða þær ónýtar. Ég vil nefna í því sambandi t. d. ábyrgðarheimild vegna síldarverksmiðjanna á Austurlandi. Enginn minnsti vafi er á því, að þær þurfa á sjálfskuldarábyrgðum að halda. Miklu fleiri slíkar ábyrgðir er þarna um að ræða, t. d. ýmsar ábyrgðir vegna dráttarbrauta og ábyrgð vegna vinnuheimilis berklasjúklinga. Mér finnst fjarstæða, að við með þessari lagasetningu ónýtum áður útgefnar heimildir ríkissjóðs, og þess vegna legg ég til, að aftan við þessa grein komi málsgrein á þessa leið — með leyfi hæstv. forseta: „Þær ábyrgðarheimildir, sem Alþingi hefur gefið út, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa verið notaðar, mega teljast heimildir til sjálfskuldarábyrgðar, hafi annað ekki verið ákveðið, þegar Alþ. samþ. þær.“ Þá er þó a. m. k., ef þessi viðbót er samþ. við greinina, tryggt, að þær ábyrgðarheimildir, sem Alþ. hefur gefið út og ekki er farið að nota, megi ráðh. skoða sem heimildir til sjálfskuldarábyrgðar, ef hann telur það nauðsynlegt. Ég játa að með þessu er ráðh. gefið meira vald en hann mundi hafa skv. 2. gr., eins og hún er í frv. En ég tel skylt að gera þetta og treysti vel hæstv. núverandi fjmrh. til að misnota ekki það vald.

Þá vil ég endurflytja till. mína, sem ég tók aftur, um, að 4. gr. falli niður, greinin um áhættuþóknunina, því að mér finnst fjarstæða, að ríkið fari að gera að tekjustofnum fyrir sig ábyrgðir, sem það veitir til þess að aðstoða við að koma á framkvæmdum, sem eru til þjóðþrifa.

Þessar till., sem ég hef nú lýst, flytjum við sameiginlega, ég og hv. 5. þm. Norðurl. e. Þær eru skriflegar, og ég vil nú leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þær og bið hann taka þær til greina, eins og þingsköp gera ráð fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 469) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal hér ekki fara að ræða þetta mál að öðru leyti en hvað við kemur þeim brtt., sem hér eru fluttar, og þá aðeins í sambandi við þau atriði, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sérstaklega gaf tilefni til að taka til athugunar.

Hann spurðist fyrir um það og taldi það vera ákaflega óljóst í ályktun sveitarstjórnasambandsins, hvað við væri átt í sambandi við venjuleg bankagjöld. Ég held, að það hafi varla getað flækzt fyrir þeim ágætu mönnum, sem þar sátu á fundi, því að ég hygg, að þeir viti mætavel allir og hafi fengizt það mikið við slík viðskipti, að það hafi varla getað verið fyrir eingöngu tilviljun, að þeir orða þetta á þennan hátt, því að mér sýnist vera alveg ljóst, að það hlýtur að vera átt við þau bankagjöld, sem samsvara því áhættugjaldi, sem um ræðir í frvgr. (**KK:** En hver eru þau?) Þau bankagjöld eru þau gjöld, sem banki tekur, þegar hann veitir ábyrgð. Það eru viss gjöld, sem bankar taka í sambandi við ábyrgðir út af yfirfærslum, ábyrgðir, sem veittar eru í sambandi við lántökur erlendis. T. d. er þetta mjög mikið framkvæmt, þegar um er að ræða skipakaup, sem mjög hefur verið mikið af að undanförnu og bankar veita ábyrgð á eftirstöðvum andvirðis kaupverðs. Sem sagt af öllum þeim ábyrgðum, sem banki veitir og eru algerlega hliðstæðar þeim ábyrgðum, sem hér er um að ræða, tekur hann ákveðið gjald. Og ég hygg, að það sé óhætt að fullyrða, að það gjald, sem um ræðir í þessari frvgr., sé síður en svo hærra en þau gjöld, sem bankarnir taka. Mér sýnist það því ekki geta farið á milli mála, hvað við er átt í ályktun sveitarstjórnasambandsins, því að það er útilokað annað en þeir ágætu menn, sem frá þeirri ályktun gengu, hafi vitað um þessi gjöld til bankanna. Ég held, að það sé því ekki rangt að halda því fram, að þessi ályktun sveitarstjórnasambandsins sé í fullkomnu samræmi við það, sem meiri hl. fjhn. leggur hér til að samþ. verði. Um þetta atriði hafa ekki getað verið ákaflega skiptar skoðanir, vegna þess að ályktun sveitarstjórnasambandsins er samþ. með 14 atkv. gegn 3.

Varðandi svo annað atriði, sem hv. frsm. nefndi í sambandi við áhættugjaldið, að verið væri að gera það að tekjustofni fyrir ríkissjóð, þá sýnist mér, að það sé ekki alls kostar rétt að nefna gjaldið tekjustofn fyrir ríkissjóð. Hér er eingöngu, eins og orðalagið bendir til, rætt um áhættugjald, og það er við það miðað, að þetta gjald eigi að mæta þeim áföllum, sem ríkissjóður verður fyrir vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum, og það vita allir hv. þdm., að þau vanskil hafa verið mjög tilfinnanleg. Ég sé ekki, að það sé hægt á nokkurn hátt að segja, að það sé óeðlilegt, að aðilar, sem fá jafnmikilvæga fyrirgreiðslu og aðstoð og ríkisábyrgðir óneitanlega eru, verði í staðinn að greiða það smávægilega gjald, sem hér er um að ræða, sem vissulega er ekki tilfinnanlegt, þegar búið er að gera þá breytingu á því, að það er greitt aðeins í eitt skipti fyrir öll, þegar lán eru veitt eða ábyrgð er tekin.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. flutti hér brtt. varðandi þær ríkisábyrgðarheimildir, sem í gildi eru nú, og vildi leggja til, að fjmrh. væri heimilt að veita sjálfskuldarábyrgðir í sambandi við slíkar ábyrgðir, sem Alþ. þegar hefur samþ. Ég álít, að þessi till. sé ekki nauðsynleg, vegna þess að fjmrh. geti veitt sjálfskuldarábyrgðir í sambandi við þær ríkisábyrgðarheimildir, sem þegar hafa verið veittar í lögum. Hins vegar finnst mér sjálfsagt og eðlilegt, að það verði reynt að koma þeim málum einnig í það horf, að þær ábyrgðir verði einfaldar. Þær langþýðingarmestu ábyrgðir af þessu tagi, ábyrgðir, sem veittar eru án þess að nokkrar tryggingar séu settar, eru ábyrgðir vegna hafnarframkvæmda. Það er beinlínis tekið fram í frv., að um þær ábyrgðir allar skuli einnig framvegis gilda óbreyttar reglur, þannig að þær yrðu undanþegnar bæði ákvæðum 2. gr. og einnig ákvæðum 3. gr. um tryggingar. Mín skoðun er því sú, og þetta var rætt nokkuð í sambandi við meðferð frv. í n., að þau lög, sem þegar séu í gildi komin, — og á þeim tíma var ekki neitt tilefni fyrir Alþ. til þess að ákveða sérstaklega um það, hvort ábyrgðir væru einfaldar eða sjálfskuldarábyrgðir, — að í sambandi við þær sérstöku heimildir verði að meta það svo, að það sé heimild fyrir fjmrh. til þess að veita slíkar ábyrgðir svo sem gert hefur verið. En verði það beinlínis tekið fram í lögum um slíka heimild, þá hygg ég, að það muni frekar stuðla að því, að það yrði almenna reglan áfram, að sjálfskuldarábyrgðir yrðu veittar, sem ég álít að ekki eigi að vera almenn regla, heldur eingöngu undantekning, ef það sýnir sig, að það sé gersamlega útilokað að leysa tiltekin vandamál nema með þeim hætti. Það er þess vegna, sem ég álít, að till. sé ekki heppileg, og ég vil láta það skýrt koma fram, til þess að það feli ekki í sér yfirlýsingu um það, að fjmrh. sé þetta undir öllum kringumstæðum óheimilt, þó að ég greiði atkv. gegn þeirri brtt.

Varðandi svo það atriði, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. ræddi um í upphafi máls síns, að hann hefði gert ráð fyrir því, að þetta mál yrði tekið fyrir aftur í fjhn., þá er því til að svara, að það var tekið fram, þegar ég tók till. aftur við 2. umr., að þessi afturköllun till. til 3. umr. byggðist á því, að samband sveitarfélaga sæti á rökstólum og rétt væri að sjá, hver ályktun kæmi frá því, áður en þetta atriði væri endanlega afgert. En það fól ekki í sér neina yfirlýsingu um, að það væri þörf á því að taka það til meðferðar aftur í fjhn., nema ef sýnt þætti, að þær röksemdir kæmu fram frá sambandi sveitarfélaganna, sem réttlættu það sérstaklega eða gerðu nauðsynlegt að taka málið upp aftur. Þar sem álitsgerð sambands sveitarfélaganna var á þá leið, að ekki sýndist nein ástæða til þess að hverfa frá þeirri till., sem meiri hl. n. hafði flutt, þá sáum við ekki ástæðu til þess sérstaklega að vera að kalla saman fund

í nefndinni, þar sem viðhorfið var þá óbreytt frá því, sem það var, þegar við áður gengum frá till. í fjárhagsnefndinni, þannig að ég vil mega vænta þess, að hv. fjárhagsnefndarmenn telji ekki, miðað við þessar aðstæður, að hér hafi á neinn hátt verið óeðlilega að unnið, enda varð þá ekki afleiðingin önnur en sú, að hv. minnihlutamenn gátu þá tekið upp sína fyrri till., eins og þeir líka hafa hér gert, og deildin mundi þá taka sína aðstöðu til þess, hvað hún vildi fallast á í því efni.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég er hræddur um það, ef fulltrúar á fundi sveitarfélaganna hefðu heyrt þá skýringu, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. gaf hér á því, hvað hann teldi að fælist í orðum ályktunarinnar: „umfram venjuleg bankagjöld", að þá hefði till. verið breytt. Og ég tel mjög eðlilegt, að henni hefði verið breytt, vegna þess að ég tel rangt að líta á ábyrgð ríkissjóðs sem algera hliðstæðu bankaábyrgða, vegna þess að þessi aðstoð, sem ríkið veitir, er þátttaka ríkisins í nauðsynlegum framkvæmdum til þjóðþrifa, þar sem fjárhagsgeta hlutaðeiganda er of veik til þess að geta bjargað sér sjálfur. Bankaviðskiptin eru aftur á móti viðskipti fyrirtækja og manna, sem geta fullnægt fullkomlega þeim kröfum, sem gerðar eru, þegar viðskipti fara fram, þar sem hver geldur það, sem gjalda ber, fullkomlega, borgar fyrir sig án hjálpar, án aðstoðar. Ég veit, að hæstv. forseti þessarar deildar minnist þess, að það vafðist fyrir tillögumönnum að gera grein fyrir því, hvað fælist í þessum orðum. Ég hygg, að þeir hafi frekast búizt við, að þar væri um stimpilgjöld og þinglestursgjöld og þess háttar að ræða. Eftir að till. hafði verið samþ., fóru fram orðaskipti um þetta, — ég vakti athygli á þessu, — og þá minnist ég, að einn mjög ákveðinn stuðningsmaður till. og maður, sem gerir sér yfirleitt grein fyrir því, hvað hann er að gera, Stefán Jónsson úr Hafnarfirði, sagði: „Nú held ég, að Karl hafi rétt fyrir sér." En þá var búið að afgreiða málið. Þetta voru eins og eftiráumræður. Ég tel því, að þingið hafi ekki orðið við óskum fulltrúaráðsins með því að fella ekki niður áhættugjöldin. Og þó að það geti verið um áhættu að ræða í sumum tilfellum, þá er hún oft ekki eins mikil og gert hefur verið úr. Og í öðrum tilfellum er alls ekki um neina áhættu að ræða, því að svo vel er um tryggingar búið.

Ég tel þess vegna, að þar sem um áhættu er að ræða, sé í raun og veru um þátttöku að ræða til þess að koma fram nauðsynjaframkvæmdum og eigi því ekki við að taka áhættugjald. Og þar sem um enga áhættu er að ræða, þar er ekki heldur ástæða til að taka nein gjöld fyrir slíka aðstoð. Þar af leiðandi tel ég, að með þessu móti sé verið að gera þessa aðstoð ríkisins að tekjustofni, að fjáröflunarleið, sem eigi ekki að eiga sér stað.

Það er í fyrsta sinn nú við umr. um 2. gr., sem ég heyri örla á þeim skilningi, að fjmrh. megi framkvæma ábyrgðarheimild sem sjálfskuldarábyrgð, þó að 2. gr. verði gerð að lögum. Það er í fyrsta sinn, sem ég heyri það nú af vörum hv. frsm. meiri hl. fjhn. Við fengum í fjhn. til viðræðu ráðuneytisstjórann, sem hafði staðið að samningu þessa frv., og hann fullyrti, að meiningin væri að útiloka það, að eftirleiðis væri skrifað undir nokkurt slíkt ábyrgðarskjal, sem væri með sjálfskuldarábyrgð að skuldbindingu, nema Alþ. hefði samþ. það sérstaklega. Og hann var ekki í nokkrum vafa um það, að allar þær ábyrgðir, sem út hafa verið gefnar, en er ekki búið að nota, féllu undir þetta. Till. mín er byggð á því, að þetta var upplýst. Það var upplýst. Og úr því nú að hv. frsm. meiri hl. fjhn. telur, að það geti komið til greina, að ráðh. fylgi ekki orðanna hljóðan í þessari grein, sem telur, að það geti ekki komið til mála, þá finnst mér, að mætti og ætti að gefa honum þá heimild til þess, sem við leggjum til, flm. þessarar till., þ. e. skýlausa heimild til að nota þessar útgefnu, standandi ábyrgðir sem sjálfskuldarábyrgðir, ef nauðsyn krefur. Það er hægt að segja, að eftirleiðis sé hægt að breyta þessum standandi ábyrgðum á Alþ., gefa þær út að nýju, breyta þeim þannig, að þær, sem nauðsyn krefur að séu sjálfskuldarábyrgðir, verði útgefnar á ný, en hinar gerðar einfaldar. En það eru engar líkur til, að það verði gert á þessu þingi héðan af, og þá verður tíminn til næsta þings ónýtur í heimildargjöfinni til þeirra, sem þurfa á sjálfskuldarábyrgðum að halda, nema ef það stæðist, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. lét falla orð um, að ráðh. leyfði sér að gefa út sjálfskuldarábyrgðir. En ég skil ekki, ef sú hugsun býr í raun og veru með flm. þessa frv., hvers vegna þeir vilja ekki láta það koma fram hreinlega, svo að óumdeilanlegt sé, að ef ráðh. fyrir næsta þing gefur út slíka ábyrgð, þá sé það með fullum heimildum. Ég leyfi mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp aftur þessa brtt., því að ég hygg, að hún sé þannig orðuð, að hún gefi ekkert sérstaklega undir fótinn með, að allar standandi heimildir, sem eru nú til, eigi að gefa út í formi sjálfskuldarábyrgðar. Hún gefur ekkert undir fótinn með það og er þess vegna í stíl frv.: „Þær ábyrgðarheimildir, sem Alþ. hefur gefið út, áður en lög þessi öðlast gildi, og ekki hafa verið notaðar, mega teljast heimildir til sjálfskuldarábyrgðar, hafi annað ekki verið ákveðið, þegar Alþ. samþ. þær." Þá yrði þetta að mati hæstv. ráðh., og ég geri mér fulla grein fyrir því, að það er með þeirri tiltrú til hans, sem ég flyt þessa till., að hann kunni að meta.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel rétt, vegna þess að það vildi þannig til, að ég var í þeirri nefnd á sambandsfundi íslenzkra sveitarfélaga, sem afgreiddi ályktun um þetta mál, að gefa stutta skýringu á því, hvað fyrir þeirri nefnd vakti, þar sem hún taldi, að ekki væri eðlilegt að taka mikil áhættugjöld af sveitarfélögum vegna ríkisábyrgða. 4. gr. í frv. var raunar eina gr., sem var mikið rædd í þessari nefnd, og nefndin var öll sammála um, að það að taka áhættugjald

árlega af ríkisábyrgðum væri þungur skattur fyrir þau sveitarfélög, sem hefðu miklar skuldir. En 4. gr., eins og hún var þá og er enn, hljóðar á þessa leið, að því er þetta snertir: „Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal á sama hátt greiða 1%, um leið og ábyrgð er veitt, en auk þess ½% á ári af ábyrgðarskuldinni“ o. s. frv. Það var þetta ½%, sem sú nefnd setti sérstaklega fyrir sig, er um þetta fjallaði. Það var þetta ½%, sem olli því, að þessi ályktun var gerð. Nú hefur meiri hl. fjhn. tekið ósk eða tilmæli sveitarstjórnarmannafundarins þannig til greina, að í stað 1% í upphafi komi 1½%, en niður falli þetta ½% árlega. Ég tel, að meiri hl. n. hafi að mestu leyti farið eftir ósk sveitarstjórnarmannafundarins að þessu leyti. Hann hefur að vísu bætt við till. ákvæði um það, að upphaflega gjaldið verði 1½%, en hálfa prósentið árlega falli niður. Þessa skýringu vildi ég gefa vegna orða hv. 1. þm. Norðurl. e. um það, að meiri hl. nefndarinnar hefði ekki tekið till. eða ósk frá sveitarstjórnarmannafundinum til greina.

Ég segi náttúrlega ekkert um það hér, hvernig þessi fundur hefði litið á þessa till., eins og hún er nú skv. brtt. En ég hygg þó, að hann hefði ekki gert eins mikið atriði úr þessu hálfa prósenti í upphafi eins og hálfu prósenti árlega, á meðan ábyrgðin stendur. Og að öðru leyti varð ég ekki var í þeirri nefnd, sem um þetta fjallaði, annars en hún teldi sjálfsagt, að eitthvert áhættugjald væri tekið í upphafi vegna þeirrar áhættu, sem alltaf kemur til með að hvíla á ríkissjóði vegna ábyrgða. En hins vegar kom það fram í nefndinni og einnig á sveitarstjórnarmannafundinum, að ábyrgðaráhætta ríkissjóðs væri minni nú en verið hefði, vegna þess að hann hefði nú ýmsar leiðir til að ná því inn aftur, sem á hann kynni að falla, t. d. í gegnum jöfnunarsjóðslögin.

Ég tel, að meiri hl. fjhn. hafi tekið till. og ósk sveitarstjórnarmannafundarins til greina að mestu leyti, og ég vil lýsa ánægju minni yfir því. Tek ég það fram, að það vorum við, ég og hæstv. forseti hér, sem einmitt óskuðum eftir því við n., að þessi till. kæmi ekki til atkv. við 2. umr., eins og ætlað var, og þess vegna hefur hún nú komið til umr. hér við 3. umr., einmitt vegna afskipta sveitarstjórnarmannafundarins.

Frsm. meiri hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var aðeins til þess að árétta enn frekar það, sem ég áðan sagði í sambandi við ríkisábyrgðir í samræmi við heimildir til ábyrgða, sem þegar hafa verið veittar, að ég stend hér upp. Mér skilst, að hv. 1. þm. Norðurl. e. telji, að ef fjmrh. án sérstakrar heimildar í þessum lögum — eða þessu frv. — veitti sjálfskuldarábyrgð hér eftir, þá væri það lagabrot, ef heimildin væri ekki til staðar í lögum. Ég álít fyrir mitt leyti, að svo sé ekki, og enda þótt ráðuneytisstjórinn í fjmrn. segði hjá fjhn., að það væri ætlunin að framkvæma þessar heimildir allar hér eftir á þann veg, að ábyrgð yrði einföld, þá voru þau orð ekki mælt með hliðsjón af því, að það væri undir öllum atvikum bannað við setningu þessara laga að veita hér eftir sjálfskuldarábyrgð út á eldri heimildir, heldur vegna þess, að þeirri grundvallarstefnu yrði fylgt, sem ég álít líka að sé sjálfsagt, varðandi einnig þær ábyrgðarheimildir, sem nú eru í gildi, að þær verði hér eftir einfaldar. Ég álít hins vegar, að það sé ekki með þessum lögum útilokað, að það sé hægt að veita sjálfskuldarábyrgð eftir eldri heimildum. Skal ég í því sambandi sérstaklega taka fram, að ég álít, að þar sem t. d. um framkvæmd er að ræða, þar sem búið er að veita ábyrgð út á hluta af ábyrgðarheimildinni, — við skulum segja í sambandi við byggingu einhvers mannvirkis eða einhverja tiltekna framkvæmd, — að þá sé fullkomlega heimilt að veita áfram til þess að ljúka þeirri ábyrgðarheimild ábyrgð á sama hátt og áður var gert.

Það, sem ég tel á móti því að samþ. sérstaklega þá till., sem hér er flutt, er það, að með slíku beinu ákvæði í lögunum mundi fjmrh. vera mjög erfiðlega stætt á því að ætla sér að neita að veita sjálfskuldarábyrgð. Þetta er hið eina atriði, sem veldur því, að ég fyrir mitt leyti tel, að það væri óráðlegt að samþ. þessa till., einmitt vegna þess, að það sé ekki með lögunum útilokað að láta áfram sjálfskuldarábyrgðir gilda, þar sem óhjákvæmilegt reynist, í sambandi við hinar eldri heimildir. Heimildir, sem hér eftir verða samþ. á Alþ., hljóta hins vegar allar að verða skoðaðar sem einfaldar ábyrgðir, nema annað sé beinlínis tekið fram.

Ég held því, að málefnalega sé ágreiningur raunverulega enginn á milli okkar hv. 1. þm. Norðurl. e., heldur sé hér aðeins um það atriði að ræða, hvað heppilegt sé í þessu sambandi. Og miðað við það, ef svo færi, að þessi till. hv. 1. þm. Norðurl. e. yrði ekki samþ., þá vildi ég láta það skýrt koma fram, eins og ég raunar áðan sagði, að það má ekki skilja þá afstöðu svo, að fall till. merki það, að meiri hl. d. væri andvígur því, að hæstv. fjmrh. veitti ábyrgðir út á eldri ábyrgðarheimildir á þann hátt, sem ég hef hér gert grein fyrir. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi skýrt fram, til þess að það síðar valdi engum misskilningi í þessu efni. Og ég tel ekki, að það sé um neitt lagabrot að ræða, þó að framkvæmdin yrði á þennan hátt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef fengið að líta á bréf Sambands ísl. sveitarfélaga hjá hv. frsm. meiri hl. n. og þá ályktun, sem sá fundur gerði, en hún er — með leyfi hæstv. forseta — eins og áður hefur verið lesið upp: „Fundurinn er samþykkur aðalefni frv., en beinir því til Alþingis, að fallið verði frá kröfum um áhættu- og ábyrgðargjöld til ríkissjóðs umfram venjuleg bankagjöld sveitarfélaga“ o. s. frv. Ég skil þessa ályktun á allt annan veg. Ég skil hana þannig, að fundurinn hafi verið að mælast til, að felld yrðu niður gjöld umfram þau bankagjöld, sem þau verða að greiða, þegar þau taka lánið, þannig að þegar sveitarfélag er búið að fá ábyrgð og tekur

lán í banka út á ábyrgðina, þá þarf það auðvitað að greiða sín bankagjöld, og það séu þau gjöld, sem þarna er verið að álykta um. Ég get ekki skilið þetta á annan veg. Mér þætti gaman að heyra, hvort þeir, sem sátu þennan fund, eru öruggir um, að ekki eigi að skilja þetta þannig. Auðvitað verða þessi sveitarfélög að greiða sín bankagjöld, þegar þau taka lánið. (Gripið fram í.) Það er í samræmi við það, sem ég held fram að helzt hafi vakað fyrir mönnum. Ég skildi þetta svona. Ég vil beina því til þeirra. En það getur verið að þetta sé misskilningur hjá mér, en ég skildi orðalagið þannig.

ATKVGR.
Brtt. 334,2 og 337,3 teknar aftur.
— 469,1 felld með 10:6 atkv.
— 469,2 felld með 10:6 atkv.
— 329,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Sþ., 13. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 470).

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um ríkisábyrgðir og var lagt fyrir hv. Ed. og hefur verið afgreitt þar við þrjár umr.

Ríkisábyrgðir hafa á undanförnum árum verið veittar sveitarfélögum, bæði kaupstöðum og hreppsfélögum, samvinnufélögum, hlutafélögum og einstaklingum. Og þær hafa verið veittar vegna margvíslegra framkvæmda, svo sem hafnargerða, togara- og bátakaupa, til byggingar frystihúsa og fiskvinnslustöðva, til síldarverksmiðja, sláturstöðva og kjötvinnslustöðva, til byggingarsjóðs sveitabæja, ræktunarsjóðs, ýmiss konar samgöngutækja, flóabáta og flugvéla, vegna rafveitna, vatnsveitna, byggingarsamvinnufélaga o. m. fl.

Ég ætla, að það sé fyrir alllöngu orðið flestum mönnum ljóst, að þessi mál væru hin síðustu árin komin í óefni. Opinber stuðningur við margvíslegar framkvæmdir í landinu er að sjálfsögðu nauðsynlegur, og stundum er sá opinberi stuðningur veittur með beinum og óafturkræfum styrkjum frá hinu opinbera, stundum er hann veittur með lánum, og í þriðja lagi eru svo ríkisábyrgðirnar.

Nú er á því enginn vafi, að ríkisábyrgðir hafa gert mögulegar ýmsar framkvæmdir, sem hafa orðið til mikilla nytja fyrir landsfólkið, og ég held, að það sé ljóst, að við verðum að halda áfram að veita ríkisábyrgðir vegna margvíslegra framkvæmda til þess að gera þær færar og mögulegar. En hitt er einnig ljóst, að hér verður að gæta hófs og viðhafa meira aðhald og festu í þessum málum en verið hefur að undanförnu. Og fyrst og fremst miðar það frv., sem hér liggur fyrir, að því að skapa fastari reglur og meira aðhald í þessum málum.

Ef við lítum nú á, hver er upphæð þeirra ábyrgða, sem ríkið er í, þá er heildartalan þar nærri 2400 millj. kr. Ef nú öll þessi lán, sem ríkið hefur ábyrgzt, væru vel og örugglega tryggð og ekki féllu neinar vanskilagreiðslur á ríkissjóð, þá má e. t. v. segja, að hér væri ekki gífurleg hætta á ferðum, þó að upphæðin sé há. En það er öðru nær. Ef við lítum yfir þau vanskil á ríkisábyrgðarlánum, sem ríkissjóður hefur þurft að greiða á undanförnum árum, sjáum við, að árið 1955 voru þessar greiðslur tæpar 13 millj., árið 1956 18 millj., árið 1957 21 millj., árið 1958 24 millj., árið 1959 29 millj., og árið 1960 munu þær verða um eða yfir 40 millj. kr. Ef við tökum lengra aftur í tímann, þ. e. a. s. árin frá 1950—60, þá er það hvorki meira né minna en um 180 millj. kr., sem ríkissjóður hefur þurft að leggja út vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánum annarra aðila.

Í febrúarmánuði 1959 samþykkti Alþingi svo hljóðandi þál. að till. hv. 6. þm. Norðurl. e., Magnúsar Jónssonar:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga, hvort tiltækilegt sé að setja raunhæfa löggjöf um ríkisábyrgðir, þar sem sett verði almenn skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðanna og samræmdar eftir föngum reglur um það efni. Enn fremur verði kannaðar orsakir vanskila á ríkisábyrgðarlánum og tillögur gerðar um úrbætur, svo sem við verður komið."

Núv. ríkisstj. hefur kannað þetta mál frá ýmsum hliðum, og einkum hefur það að sjálfsögðu eðli málsins samkv. verið til athugunar og meðferðar í fjmrn. Árangur þeirra athugana er það frv., sem hér liggur fyrir.

Í 1. gr. frv. er ákveðin sú regla, að ríkissjóður megi aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum. Hingað til hefur það tíðkazt mjög oft, að ríkisábyrgð er veitt, ekki í lagaformi, heldur samkv. þál., og er tilgangur þessa ákvæðis að koma í veg fyrir slíkt, þannig að jafnan þurfi lög til.

Í 2. gr. er svo fyrir mælt, að ríkissjóður megi ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í þeim lögum, sem ábyrgð heimila. Það er gerður greinarmunur að lögum á tvenns konar ábyrgð: sjálfskuldarábyrgð annars vegar og einfaldri eða almennri ábyrgð hins vegar. Þegar um sjálfskuldarábyrgð er að ræða og vanskil verða, getur lánveitandinn gengið beint að ábyrgðarmanni án þess að þurfa að reyna til hlítar, hvort sjálfur lántakandinn getur greitt. Ef ábyrgðin er hins vegar einföld, verður fyrst að þrautreyna, að skuldarinn geti ekki innt greiðsluna af hendi. Þá fyrst, þegar þetta hefur verið staðreynt, getur lánveitandi gengið að ábyrgðarmanninum og krafið hann skuldarinnar. Það er ljóst, að miklu er áhættusamara að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð, og um leið hefur ábyrgðarmaðurinn vissa tryggingu, visst öryggi í því, ef lánveitandinn þarf fyrst að reyna til hrautar að innheimta skuldina hjá lántakandanum. Varðandi þær ábyrgðir, sem ríkissjóður hefur verið í, hefur hins vegar almenna reglan verið

sú, að lánveitandinn hefur getað gengið beint að ríkissjóði, ef vanskil urðu, og í fjöldamörgum, jafnvel flestum tilfellum ekki hirt um það einu sinni að reyna innheimtu hjá skuldaranum, heldur snúið sér beint að ríkissjóði. Það er álit okkar, að í þessu felist þýðingarmikil regla, sem eigi að skapa nokkru meira öryggi fyrir ríkissjóð í þessum efnum en verið hefur. En á hinn bóginn má segja, að í langflestum tilfellum sé jafnmikið öryggi fyrir lánveitandann, þar sem hann að lokum getur gengið að ábyrgðarmanni, ef greiðslur bregðast hjá skuldara og það hefur verið þrautreynt.

Í 3. gr. segir, að ekki megi takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, sem ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið. Að vísu hefur að undanförnu verið reynt að framfylgja þessari reglu. Þó hefur það ekki alltaf tekizt. En hér er ætlunin að lögfesta hana, þannig að áður en aðili, sem lent hefur í vanskilum með ríkisábyrgð, geti fengið ábyrgð að nýju, þurfi hann annaðhvort að inna af hendi greiðslu hinnar eldri skuldar eða semja um greiðslu hennar.

Þá er í 3. gr. einnig ákveðið, að ríkissjóður megi ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé trygging, sem fjmrh. metur gilda. Í þessu sambandi vil ég þó minna á bráðabirgðaákvæði frv., en þar segir:

„Þar til ný lagaákvæði hafa verið sett um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, skal heimilt þrátt fyrir ákvæði 3. gr. að veita ríkisábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.“

Svo er mál með vexti, að í lögum um hafnargerðir og lendingarbætur er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist lán til greiðslu þess hluta kostnaðar við hafnargerðir, sem greiðist ekki úr ríkissjóði. Bæjarfélag eða annað sveitarfélag, sem byggir höfnina, leggur sjálft fram tiltekinn hundraðshluta, sem er að jafnaði ⅔ eða ⅓, og að því leyti sem sveitarfélagið vill taka lán til þess að greiða sinn hluta, þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist það lán. Nú hefur venjan verið sú, að ekki hafa verið settar tryggingar fyrir þessum ábyrgðum ríkissjóðs og miklar ábyrgðir hafa fallið á ríkissjóð vegna slíkra hafnarlána. Það er einsætt, að þangað til nýjar reglur eða ný löggjöf hefur verið sett um hafnarmálin og fjármál hafnanna, er ekki fært að láta þessar nýju reglur þessa frv. gilda um hafnarframkvæmdir og ekki unnt að neita þeim aðilum um nýjar ríkisábyrgðir, sem kunna að vera í vanskilum, né heldur að heimta af þeim tryggingar, eins og 3. gr. gerir ráð fyrir. Af þessum ástæðum er ákvæði til bráðabirgða sett um hafnirnar.

Þá er í 4. gr. frv. ákveðið, að sá, sem ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir, skuli greiða visst áhættugjald. Þegar banki gengur í ábyrgð fyrir einhverjum greiðslum, tekur hann sitt áhættugjald, og miðað við þau miklu áföll, sem ríkissjóður hefur orðið fyrir af ríkisábyrgðum, verður að teljast eðlilegt, að hann taki, um leið og þessi fyrirgreiðsla er veitt, nokkurt áhættugjald. Með hliðsjón af því, að sjálfskuldarábyrgð er áhættusamari en einföld ábyrgð, þykir rétt að hafa áhættugjaldið mismunandi. Er gert ráð fyrir í 4. gr., að við einfalda ábyrgð sé tekið 1%, en við sjálfskuldarábyrgð 1½%, hvort tveggja í eitt skipti fyrir öll, þegar ábyrgðin er veitt.

Í 5. gr. segir, að ef ábyrgðargreiðsla fellur á ríkissjóð, sé fjmrn. heimilt að halda eftir greiðslu, sem sá aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu ekki fyrir hendi. Nú er það svo, að þegar ríkissjóður hefur þurft að leggja út fé vegna einhverra aðila fyrir vanskil, en á svo hins vegar að greiða þessum sama aðila einhverja fjárfúlgu úr ríkissjóði, þá getur ríkissjóður að sjálfsögðu í fyrsta lagi haldið eftir þessum greiðslum, þegar almennar reglur samkv. lögum um skuldajöfnuð eru fyrir hendi. Í l. um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem samþ. voru á síðasta þingi, er gert ráð fyrir allrúmri heimild fyrir ríkissjóð til að halda eftir hluta af söluskatti til sveitarfélaganna upp í vanborgaðar greiðslur sveitarfélaganna til ríkissjóðs. Hér er gert ráð fyrir að gera þessa reglu nokkuð almenna, enda í rauninni eðlilegt, að þessa leið sé unnt að fara. Þegar ríkissjóður hefur þurft að inna af hendi einhverjar greiðslur, þá er eðlilegt, að hann hafi rétt til að halda eftir greiðslum, sem sá aðili á aftur á móti að fá úr ríkissjóði. Að sjálfsögðu er skylt og rétt að taka fram, að fara verður með varúð í framkvæmd slíks skuldajafnaðar, og varðandi jöfnunarsjóðinn eða framlög sveitarfélaganna af söluskatti hefur tæplega verið byrjað á því enn að draga þannig frá þeim greiðslum vegna vanskila sveitarfélaganna Hins vegar er auðsætt, að slíka heimild verður að hafa í lögum til að beita henni, þegar fullkomin ástæða er til.

Í 6. gr. segir, að ekki megi undan fella að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, ef greiðsla fellur á ríkissjóð, nema sérstök heimild fjvn. Alþingis komi til. Ef vanskil verða á ábyrgðarláni, sem trygging er fyrir, er það auðvitað sjálfsögð almenn regla, að gengið skuli að tryggingunni, eins og skuldareigendur eða lánveitendur almennt gera. Ef einhverjar sérstakar ástæður væru fyrir hendi, svo að ekki þætti fært eða rétt að ganga að tryggingunni, m. a. vegna þess, hvílíka röskun það kynni að hafa í för með sér fyrir sveitarfélag eða byggðarlag eða atvinnuástand þar í heild, þá er gert ráð fyrir, að leggja megi slíkt vandamál fyrir fjvn. Alþ. og þurfi þá til þess að láta undan fella að ganga að tryggingunni sérstaka heimild fjvn. hverju sinni.

Í 7. gr. er svo fyrir mælt, að heimilt sé að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjmrn. til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgðarlána. Þessi aðstoð bankanna er hugsuð þannig, að þegar leitað er eftir ríkisábyrgð, skuli bankinn í fyrsta lagi kynna sér fjárhag þess aðila, sem eftir henni leitar. Þegar bankinn hefur kynnt sér fjárhag þessa aðila, afkomuhorfur og mögu-

leika þess fyrirtækis eða mannvirkis, sem um er að ræða, þá lætur bankinn í té umsögn um það til rn. og tillögur um, hvernig snúast skuli við beiðni umsækjanda. Rn. er ekki samkv. frv. bundið við tillögur bankans. Þetta er upplýsinga- og rannsóknarstarfsemi, sem bankinn á að hafa með höndum. En að fengnum þessum upplýsingum tekur ráðuneytið ákvörðun um, hvort eigi að veita ábyrgð, og síðan er ætlazt til, að bankinn fylgist með rekstri þess aðila, sem ábyrgðina hefur fengið, og að þessir aðilar séu skyldir að láta bankanum í té skýrslur og gögn, sem hann telur nauðsynleg til að geta rækt þetta eftirlit. Þegar banki er beðinn um lán, er það að sjálfsögðu föst venja, að hann athugar eða lætur sína trúnaðarmenn athuga allar aðstæður og afkomumöguleika, og að því athuguðu ákveður hann um lánveitinguna. Þegar hann hefur veitt lánið, fylgist bankinn að sjálfsögðu með rekstri fyrirtækisins og afkomu. Það hefur þótt eðlilegt að fela einhverjum ríkisbankanna að hafa slíkt ráðunautarstarf og eftirlit með höndum fyrir hönd ríkissjóðs. Bankinn mundi þá gera ríkissjóði aðvart, m. a. ef horfur væru á vanskilum, til þess að unnt væri í tæka tíð að reyna að koma í veg fyrir, að slík vanskil lendi á ríkissjóði. Reynslan sýnir, að ef gert er aðvart í tæka tíð, eru oft og tíðum miklu meiri möguleikar á að koma í veg fyrir vanskil, að koma í veg fyrir, að illa fari, heldur en ef ekkert er aðhafzt, fyrr en vanskilin eru orðin að veruleika, og þá oft erfiðara að bjarga málunum við.

Í 8. gr. frv. segir, að nánari ákvæði skuli sett um framkvæmd l. með reglugerð og m. a. megi þar ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta, miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt. Nú er í lögum eða þál. áður oft ákveðið, að ríkisábyrgð megi ekki fara fram úr t. d. 60% af matsverði fyrirtækis eða mannvirkis eða fasteignar. Stundum hefur verið miðað við hærri hundraðshluta, 70%, 80%, 85 og upp í 90%. Það er ekki sama hlutfall, sem á við í öllum tilfellum, eftir því um hvers konar tegund mannvirkja og framkvæmda er að ræða, og þess vegna þótti ekki rétt að lögfesta hér í 8. gr. ákveðna prósenttölu, heldur eðlilegra, að það yrði sett í reglugerð, eins og hér er gert ráð fyrir.

Í 9. gr. eru loks ákvæði um það, hvað gera skuli varðandi vanskilaskuldir, sem þegar hafa á ríkissjóð fallið. Eins og ég gat um áðan, voru greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarlána í vanskilum á árunum 1950—60 um 180 millj. kr. Eitthvað verður að sjálfsögðu í þessum efnum að gera, og í fyrsta lagi verður að reyna, eftir því sem föng eru á, að innheimta þessar skuldir. Það er hins vegar ljóst, að í mörgum tilfellum eru engir möguleikar á því að innheimta þær að öllu eða verulegu leyti, og þá verður að reyna að semja um greiðslu þeirra eða hluta þeirra. Margar af þessum vanskilaskuldum eru með þeim hætti og fjárhagsástæður aðila þannig, að það er gersamlega útilokað að fá þær greiddar að fullu. Þá þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess ýmist að innheimta eða semja um eða gefa eftir hluta af þessum skuldum, eftir því sem á stendur, og þá er spurningin, hvaða aðili eigi að hafa slíkt matsstarf með höndum og ákvörðun um slíka samninga og eftirgjafir. Í frv., eins og það liggur nú fyrir, er gert ráð fyrir, að fjvn. fjalli um þessi mál. Að sjálfsögðu verða þessi mál undirbúin af starfsmönnum fjmrn. — og ríkisendurskoðunar væntanlega — og búin þannig í hendur fjvn. Það er svo gert ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkru eða öllu leyti, en því aðeins, að fjvn. mæli einróma með eftirgjöf. Það er auðvitað rétt að hafa hér strangar reglur um það, hvenær eftirgjafir megi veita á þessum vanskilaskuldum og þá hversu miklar þær skuli vera og um leið hvernig samið skuli um eftirstöðvarnar. Hins vegar, eins og ég gat um, er vafalaust, að fjárhagsástæður aðila eru oft og tíðum þannig, að útilokað er að innheimta skuldina að fullu, og vafalaust er það ekki hyggilegt oft og tíðum að ganga eftir slíkum skuldum með málsókn eða þá jafnvel kröfu um gjaldþrot aðila, sem hlut eiga að máli. Í frv., þegar það var lagt fyrir Alþingi, var gert ráð fyrir því, að fjvn. Alþ. kysi 3 menn úr sínum hópi og þeir gerðu tillögur til fjmrh. um slíkar eftirgjafir eða samninga og því aðeins mætti gefa eftir skuld að nokkru eða öllu leyti, að allir þrír fulltrúar fjvn. væru sammála um það. Í meðferð Ed. Alþ. var sú breyt. á gerð, að í stað þess að þrír menn úr hópi fjvn. fjölluðu um þetta, þá sé skilyrði það, að fjvn. mæli einróma með eftirgjöf.

Ég vænti þess, að ég hafi gert hv. dm. nokkra grein fyrir meginatriðum þessa frv. og þeim höfuðtilgangi þess, sem er að koma fastari reglum og betri skipan á þessi mál, sem óneitanlega eru í nokkurt óefni komin. Ég vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir, er þetta mál búið að vera alllengi í meðferð Alþingis og var lagt fyrir Ed. í haust. Sú deild hefur gert á þessu frv. nokkrar breytingar, og eru þær að minni hyggju til bóta.

Ég vil taka það fram þegar í upphafi, áður en ég fer að lýsa afstöðu minni til málsins, til þess að fyrirbyggja allan misskilning um þær reglur, sem hér er verið að setja, að ég óttast þær ekki að því er það hreppsfélag varðar, er ég er starfsmaður hjá, því að mér er ekki kunnugt um, að ríkissjóður hafi nokkurn tíma þurft að greiða eina krónu í ábyrgð fyrir það. Við það verður ekki afstaða mín til málsins miðuð, enda er ég líka fylgismaður þess, að um þetta mál verði settar reglur, þó að ég kunni að finna á frv. vankanta. Ég vil líka bæta því við um það fyrirtæki í minni heimabyggð, sem hefur lent í því, að ríkið hefur orðið að greiða fyrir það vegna ábyrgða, þar hef ég átt verulegan hlut að því, að um það mál yrði samið, og leit út fyrir, að samningar mundu verða gerðir á s. l. ári, en ég hygg,

að það hafi ekki orðið úr framkvæmd, vegna þess að þá hafi verið ákveðið að vinna að málinu í heild og eðlilegra að taka það þar til meðferðar.

Eins og hæstv. fjmrh. vék að í ræðu sinni hér áðan, hefur aðstoð ríkisins við uppbygginguna í landinu verið með þrennu móti. Í fyrsta lagi hafa það verið bein framlög, og hafa þau verið veigamest. Í því sambandi má nefna framlög til vega, brúa, til skóla, sjúkrahúsa og hafna. Að sumu leyti hefur hér verið eingöngu um ríkisfé að ræða. Að öðru leyti hefur ríkið stutt þessar framkvæmdir með beinum framlögum að nokkrum hluta. Þá hefur og ríkið átt ýmis atvinnutæki, eins og síldarverksmiðjur, og á síðari árum hefur það aðstoðað atvinnutækin í landinu með lánum, sem hafa verið kölluð atvinnuaukningarlán. Þessir þættir hafa verið veigamiklir fyrir uppbygginguna í þessu landi, og var ekki vanþörf á, þar sem við áttum alla hluti ógerða, er við tókum málin í okkar eigin hendur, Íslendingar. Í þriðja lagi hefur svo ríkið aðstoðað uppbygginguna í landinu með því að ganga í ábyrgðir. Sá þáttur aðstoðar ríkisins hefur verið hugsaður m. a. út frá því, að það væri eðlilegra, að ríkið veitti þar óbeina aðstoð, heldur en að auka framlög sín í beinni aðstoð, sem það hefði orðið að gera, eins og t. d. í hafnarmálum, ef þessi leið hefði ekki verið farin. Bezta dæmið um það er, að í bráðabirgðaákvæðum þessa frv. er gert ráð fyrir því, að hafnarframkvæmdir njóti þeirra kjara, sem þær hafa notið til þessa, þangað til þeirra mál hafa verið endurskoðuð. En það er ljóst, að ef ríkisábyrgðarleiðin hefði ekki verið til staðar, hefði orðið að auka bein framlög ríkissjóðs til þessarar uppbyggingar á mörgum sviðum. Oft og tíðum hefur ríkið líka notað þessa leið til þess að þurfa ekki að verða beinn þátttakandi í fyrirtækjum, eins og það hefði að öðrum kosti orðið. Og t. d. má það um síldariðnaðinn segja, að á síðari árum hefur sá háttur verið á hafður, að ríkið hefur aðstoðað aðra aðila við að koma upp síldarverksmiðjum, en ekki verið eigandi og rekið þær eins og það gerði, þegar síldariðnaðurinn var að hefja hér göngu sína.

Þessar ábyrgðir, sem ríkissjóður hefur veitt, hafa verið margvíslegar. Ýmist hefur það verið tekið fram í lögum um viðkomandi málaflokka, svo sem hafnir, vatnsveitur, hitaveitur o. fl., að ábyrgð ríkissjóðs mætti vera að vissu marki, og svo hefur það einnig verið við aðstoð við atvinnuvegina, svo sem lög um togarakaup, og þá hefur ríkið með ábyrgðum sínum stutt að fiskiðnaðinum í landinu og fleira slíku. Öllum hefur verið það ljóst, að þegar í þessar ábyrgðir var farið, var nokkur hætta á því, að þeim gæti fylgt sú áhætta, sem alltaf fylgir ábyrgðum, að til þess gæti komið, að ríkið yrði að hafa af þessum ábyrgðum einhvern kostnað. Og það hefur verið litið svo á, að þrátt fyrir það væri þessi leið eðlileg sem einn þáttur í uppbyggingunni í landinu til viðbótar hinum tveimur, sem ég hef hér lýst, enda hefur það verið svo með margar af þessum framkvæmdum, að þær hafa verið þess eðlis, að það hefur ekki verið svo auðvelt fyrir lántakandann að fá lán nema hafa slíka ábyrgð. Ég vil í því sambandi nefna framkvæmdir eins og t. d. vatnsveitur, sem í flestum tilfellum eru ekki slíkar framkvæmdir, að það sé æskilegt að lána fé til þeirra, og framkvæmdin út af fyrir sig ekki það gott veð, að lánveitandi mundi vilja veita lán út á það nema hafa góða baktryggingu, enda hefur það verið svo með slíkar framkvæmdir, að ríkisábyrgðar hefur yfirleitt verið krafizt, ef um slík lán hefur verið að ræða. Hef ég af eigin raun kynnzt því, að það hefur raunverulega ekki verið talandi um að fá lán til slíkra framkvæmda, nema ríkisábyrgð væri fyrir hendi. Sama er að segja um málaflokka eins og hafnir, rafveitur og aðrar framkvæmdir, sem eru bundnar við þann stað, sem þær eru gerðar á, og í raun og veru því ekki seljanlegar. Þess vegna hefur það verið hlutverk ríkisábyrgðanna að koma þar til sem trygging, þegar aðrar tryggingar, sem venjulegur lánveitandi krefst, hafa ekki verið til staðar. Að þessu leyti hafa ríkisábyrgðirnar orðið verulegur þátttakandi í uppbyggingunni í landinu á síðari árum. Ef þær hefðu ekki komið til, hefði ríkið orðið að mæta uppbyggingunni á annan hátt, með auknum beinum framlögum, og framkvæmdirnar orðið að fara með minni hraða en ella hefur átt sér stað.

Ekki orkar það tvímælis, að ýmsar framkvæmdir, sem þannig hafa verið framkvæmdar fyrir aðstoð ríkisábyrgðanna, hafa orðið þjóðinni hinar mestu nytjaframkvæmdir. Í því sambandi vil ég nefna t. d. síldarverksmiðjur á Austurlandi, sem komið hafa að miklu gagni við síldveiðarnar nú síðustu árin og eiga sinn þátt í því, að úr síldveiðinni hefur þó orðið meira en ella hefði orðið vegna tilveru þeirra. Þessar verksmiðjur hefðu ekki orðið til, ef ríkisábyrgð hefði ekki komið til, þegar um þeirra mál var fjallað. Það hefði ekki verið hægt að koma þeim í framkvæmd, ef ríkisábyrgðirnar hefðu ekki komið til. Svo er um fleiri framkvæmdir, að án aðstoðar ríkisins á einn eða annan hátt hefðu þær ekki verið framkvæmanlegar.

Ég vil í því sambandi nefna annað dæmi, sem ég er nokkuð kunnugur, og það er skipið Akraborg, sem gengur á milli Borgarness, Akraness og Reykjavíkur. Eftir að Laxfoss strandaði, voru samgöngumál þessara byggða í miklum vandræðum. Þeir aðilar, sem áttu Laxfoss, höfðu ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að endurnýja skipið, þar sem tryggingarfjárhæðin nægði ekki til þess. Það varð því að ráði þeirra, er fóru með þau mál þá, að ræða við þáv. ríkisstj. um það, hvernig með mætti fara til þess að bæta úr þeim vandræðum, sem þarna sköpuðust. M. a. var vitanlegt, að Akraborgin gat verið mikið öryggi í sambandi við mjólkurflutninga hingað til höfuðstaðarins. Ef snjóar töfðu eða útilokuðu mjólkurflutninga að höfuðborginni eftir landleiðum, var þó hér um varaleið að ræða, og þetta var þungt á metunum. Ekki hefði verið hægt að

koma þessu í framkvæmd, eins og ég áðan sagði, nema að því leyti, að aðstoð ríkisins kom til, og ríkissjóður veitti þá aðstoð með því að ganga í ábyrgð fyrir láni, sem fékkst til að byggja skipið, sem hefði ekki verið hægt að fá að öðrum kosti. Þáv. stjórn hefur að vísu gert sér það ljóst, þar eð þetta lán var til stutts tíma, að þessari ábyrgð fylgdi sú áhætta, að til greiðslu kæmi af hendi ríkissjóðs í sambandi við málið, þar sem litlar líkur voru til, að innlent lán gæti komið til á tímabilinu, en að öðrum kosti var óhugsandi, að lánið greiddist á svo stuttum tíma. Þrátt fyrir það áleit ríkisstj., að réttmætt væri að styðja málið, svo að það mætti komast í framkvæmd.

Það þarf ekki mörgum orðum að því að eyða, að ríkisábyrgðirnar hafa, eins og þeir tveir þættir, sem ég áðan nefndi og af ríkissjóðs hendi hafa verið látnir í té, verið mikils virði í uppbyggingunni í landi voru. Hefur það bæði átt sér stað um uppbyggingu í atvinnulífinu, ýmsum framkvæmdum, samgöngumálum o. fl. Hraðinn hefur verið meiri en ella hefði verið, og ríkissjóði hefur með ábyrgð sinni og aðstoð tekizt að brúa bil, sem annars hefði orðið til þess, að þessi fyrirtæki hefðu orðið að hætta sinni starfsemi vegna fjárskorts. Nú eiga þau þó þess kost síðar meir vegna ábyrgðarinnar að halda starfsemi sinni áfram og geta að verulegu leyti eða öllu leyti kannske greitt ríkissjóði aftur útlagðar ábyrgðargreiðslur, eins og ég mun síðar koma að, þó að hann hafi í bili orðið að leggja þeim aðstoð.

Þrátt fyrir það, þó að ríkisábyrgðirnar hafi þann kost, sem ég hef lýst, að hafa verið verulegur þátttakandi í því að vinna að uppbyggingunni í landinu, sem ég tel að mestu máli hafi skipt fyrir þetta þjóðfélag, þá hafa þær sína annmarka og sína galla, sem ég mun nú koma að.

Í fyrsta lagi eru með þessum hætti ójafnari skipti á milli byggðarlaga en eftir öðrum leiðum um aðstoð ríkisins. Hér getur oft verið um stórar fjárhæðir að ræða, og fyrir fram er ekki séð, að hverju leyti ábyrgðir falla á ríkissjóð, og getur þess vegna gætt allmikils misræmis á milli hinna einstöku landshluta.

Í öðru lagi geta ríkisábyrgðirnar einnig leitt til misnotkunar. Því er ekki að neita, að þegar maður hefur kynnt sér lista yfir þá aðila, er ríkissjóður hefur orðið að greiða ábyrgðir fyrir, þá gætir þess nokkuð, að sum byggðarlög láti ríkissjóð annast greiðslu á sínum lánum, kannske óeðlilega mikið. Það er ekki örgrannt um, að það flögri að manni sú hugsun, að þau gætu betur en virðist vera við fljótan yfirlestur. Að því leyti geta ríkisábyrgðir verið hættulegar, ef þær eru þannig misnotaðar, þegar önnur byggðarlög herða svo að sér mjög til þess að standa í skilum með sín lán, þó að rkisábyrgð sé á þeim.

Í þriðja lagi hafa miklar greiðslur á ríkisábyrgðum náttúrlega áhrif á útgjöld ríkissjóðs. Nú er um þetta það að segja, að þetta kemur ekki eins við ríkissjóð og aðrar peningastofnanir vegna þess, að þegar ríkissjóður gerir sínar áætlanir um tekjur og gjöld í fjárlögum, þá er gert ráð fyrir gjöldum vegna þessara greiðslna. Að vísu munu útgjöld vegna ríkisábyrgða hafa flest árin farið fram úr áætlun fjárlaga þar að lútandi, en tekjur hafa einnig gert það, og hafa þær að því leyti verið notaðar til þess að mæta þessari útgjaldaaukningu. Þess vegna er það ekki eins alvarlegt fyrir ríkissjóð og aðra aðila, er slíku verða að mæta án bóta, enda verður hugsun ríkisvaldsins í þessu tilfelli að vera önnur en venjulegra peningastofnana, því að hér er um að ræða einn þáttinn í uppbyggingu landsbyggðarinnar.

Eins og hæstv. fjmrh. vék að, eru ríkisábyrgðir núna um 2.4 milljarðar samkvæmt yfirliti frá 30/11 1960. Hér er um allverulega háar fjárhæðir að ræða. En við þetta er það að athuga, að um helmingur af þessu eru ábyrgðir vegna bankanna, t. d. er Framkvæmdabankinn með um 870 millj. kr., svo er Seðlabankinn og veðdeild Landsbankans, — um helmingur þeirrar fjárhæðar, er ábyrgðirnar nema samtals, eða um 1200 millj. Þess vegna er málið ekki eins alvarlegt og ef litið er á þessar tölur án þess að skoða þær nánar.

Þá vék hæstv. ráðherra að því, að greiðslur vegna ríkisábyrgða hefðu farið vaxandi hin síðari ár, og er það alveg rétt. Útgjöldin vegna ríkisábyrgða hafa hækkað ár frá ári. Samkvæmt yfirliti frá 30/11 eru það 132.5 millj. kr., sem er þá á fallið af ríkisábyrgðum og ríkissjóður hefur orðið að leggja út. Hér kemur líka það til athugunar, að um fjórði hluti af þessu eða því sem næst er fjárhæð, sem ríkissjóður hefur orðið að greiða vegna eigin fyrirtækja, vegna ríkisfyrirtækja eins og síldarverksmiðja og fiskiðjuversins, meðan það var starfandi, og er því sjáanlegt, að ríkissjóður hefði orðið að greiða þessar fjárhæðir, þó að ábyrgð hefði ekki komið til, þá í formi lána eða beinna framlaga.

Ábyrgðargreiðslur fyrir lendingarbætur og hafnargerðir eru 27 millj. kr. Hér er einn stærsti liðurinn í þessum ábyrgðum. Ef á þetta er litið, kemur það einnig í ljós, að í þessum lið eru hafnargerðir eins og Rifshöfn, sem er landshöfn og ríkissjóður leggur fram allt fé til hafnargerðarinnar. Þess vegna er það einnig greinilegt, að hér hefði orðið að koma til framlag ríkissjóðs, ef lán hefði ekki verið tekið til framkvæmdarinnar, sem ríkissjóður hefur svo reiknað með að verða að greiða. Þá er á það að líta í sambandi við hafnirnar að framlag ríkissjóðs til hafnanna hefur verið svo sáralítið, að raunverulega undrum sætir. Ríkissjóður hefur alltaf orðið stórkostlega á eftir með framlag sitt til hafnarframkvæmdanna, svo að staðirnir, sem í hafnarframkvæmdunum hafa staðið, hafa auk þess að leggja fram 50 og upp í 60% af kostnaði verksins einnig orðið að standa undir lánum, að því leyti sem ríkið átti vangreitt að sínum hluta. Þetta hefur leitt til þess, að á ríkissjóð hafa fallið ábyrgðir frekar en ella hefði orðið, ef framlagið eftir hinni beinu leið hefði verið meira. Þá er og í þessum hópi höfn eins og Þorlákshöfn, sem er nú á milli vinda, ef svo mætti að orði kveða.

þar sem nokkuð hefur verið á tilraunastigi um það, hvort af framkvæmd yrði eða ekki, og því ekki til staðar þar sú uppbygging, er þarf til þess að standa undir hafnargerðinni. Hins vegar hygg ég, að ef af þeirri framkvæmd verður þar, sem til er ætlazt, og Þorlákshöfn verður sá staður, sem menn gera ráð fyrir, þá muni hún geta komið til með að standa undir sínum hafnarframkvæmdum, þó að síðar verði.

Ábyrgðargreiðslur til rafveitna ásamt raforkusjóði eru hér einnig nokkur þáttur í útgjöldum ríkissjóðs.

Ýmsir málaflokkar eru hér, sem ríkissjóður hefur ekki þurft að greiða fyrir nema sáralítið eða ekki neitt. T. d. má benda á það, að ábyrgðir byggingarsamvinnufélaganna eru upp á 207 millj. kr., en ríkissjóður hefur þeirra vegna orðið að greiða 238 þús. Fyrir bankana og aðrar slíkar stofnanir hafa engar greiðslur verið greiddar.

Sá málaflokkur, sem ríkissjóður hefur orðið raunverulega harðast úti með, er togaraútgerðin. Þar hefur ríkissjóður orðið að greiða nærri 31 millj., og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um ríkisábyrgðir, virðist, að hér sé langsamlega mesta hættan á ferðinni. Togaraútgerðin hefur notið ríkisábyrgðar 85 eða 90%, ef ég man rétt, og hér er orðið um verulegar fjárhæðir að ræða, þar sem verð togaranna er nú um 30—40 millj. kr. Má því gera ráð fyrir, að ríkissjóður geti orðið að greiða verulegar fjárhæðir vegna þeirra, — einmitt vegna þeirra, — og það hefur þegar sýnt sig, að hann hefur orðið að gera það. Það er eðlilegt.

Þó að ég telji, að upplýsingarnar um heildarfjárhæðina, sem er verulega há, segi ekki allt um áhættuna af ábyrgðunum, þar sem fyrir marga málaflokka og þá stærstu, eins og banka, hefur ekkert þurft að greiða, og þó að ég líti svo á, að af þeim greiðslum, sem ríkissjóður hefur orðið að inna af hendi, hefði hann orðið að greiða sumt sem bein framlög vegna ríkisfyrirtækja og mun fá annað endurgreitt, þá vil ég samt taka það fram, að ég tel nauðsyn á að setja skorður til þess að reyna að fyrirbyggja það, eins og frekast er hægt, að á ríkissjóð falli ábyrgðir nema a. m. k. af fullkominni þörf. Þess vegna er ég, eins og ég lýsti yfir áðan, fylgismaður þess, að með þetta mál sé farið þannig, að við því séu reistar skorður, að um misnotkun geti verið að ræða.

Eins og hæstv. fjmrh. tók fram áðan, er eðlilegt og sjálfsagt að halda áfram að veita ríkisábyrgðir, en verður að gæta hófs í því. Þess vegna þurfa að vera tvö meginatriði í sambandi við þær reglur, sem hér yrðu settar um ríkisábyrgðir. Í fyrsta lagi verður að halda áfram að veita eðlilega aðstoð uppbyggingunni í landinu, einnig eftir þessari leið, og í öðru lagi verður að skapa hæfilegt aðhald, til þess að ekki geti verið um misnotkun að ræða að því leyti.

Ég mun nú víkja að frv. því til laga, sem hér liggur fyrir um þetta efni, og ræða nokkuð um, hvort mér sýnist, að það nái þessum tveim atriðum, sem ég tel að það þurfi að stefna að.

Í 1. gr. frv. segir svo, að engin ábyrgð skuli veitt, án þess að lög komi til. Við þetta hef ég í sjálfu sér ekkert að athuga. En ég vil þó segja það, að ég tel, að þetta atriði út af fyrir sig sé ekki mikil trygging. Ég man eftir hér á hv. Alþingi einu máli sérstaklega, sem hefur verið tekið til meðferðar um ríkisábyrgð, það var ábyrgð fyrir Flugfélag Íslands. Sú ábyrgð var gerð með þál., og er vikið að því hér í grg. frv. En ég man það vel, að þegar sú ábyrgð var samþ. hér á hv. Alþingi, voru allir á eitt sáttir um, að hér væri ekki verið að taka á sig neina áhættu og hér væri mál, sem sjálfsagt væri að styðja. Ég er alveg sannfærður um, að það hefði verið sama, hvort um var að ræða lög eða þál., eins og varð framkvæmdin þá, að málið hefði verið afgr. hér á hv. Alþingi á einum og sama degi, eins og gert var hér á háttv. Alþingi á sínum tíma. Ég man eftir áliti fjvn., þar sem allir voru á eitt sáttir um, að sjálfsagt væri að mæla með málinu og að áhætta fylgdi því ekki. Þess vegna held ég, þó að ég sé ekki út af fyrir sig að setja mig neitt á móti þessu ákvæði frv., að það tryggi ekki ríkissjóð gagnvart ábyrgðunum. Enn fremur er það svo með þær ábyrgðir, sem heimilaðar eru í fjárl., venjulega í fjárlfrv., að það er yfirleitt ekki lögð mikil vinna í það hjá fjvn. að kynna sér þær ábyrgðarbeiðnir.

Um 2. gr. frv. er allt öðru máli að gegna. Þar er mjög breytt um stefnu frá því, sem áður var. Þar er gert ráð fyrir, að sú regla, sem hefur verið aðalreglan um framkvæmd á ríkisábyrgðum, skuli nú vera aukaregla eða undantekning frá aðalreglunni. Yfirleitt hefur það verið svo, að um sjálfskuldarábyrgð hefur verið að ræða, og ég hygg, að það hafi yfirleitt undantekningarlaust verið framkvæmt þannig með þær ábyrgðir, sem eru í heimild fjárlaga hverju sinni, að það hafi verið sjálfskuldarábyrgðir. Nú er þessu snúið við, og hér á að vera um einfalda ábyrgð að ræða, og á henni er gerð sú eðlilega lagaskýring, að áður en til ábyrgðarmannsins sé leitað, skuli vera búið að þrautreyna, hvort lántakandinn geti greitt. Þetta sýnist mér að þýði það, að í raun og veru munum við geta gengið hér með ríkisábyrgðir af þessu tagi á milli margra lánastofnana án þess að fá þar nokkurt jákvætt svar fyrir lánbeiðendur.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. t. d. í sambandi við ákvæði laganna um vatnsveitur. Mér skilst, að hér eftir mundi þar verða um einfalda ábyrgð að ræða, og ég er ekki búinn að sjá, að það muni reynast, hvorki mér né öðrum, létt verk að fara í lánastofnanir hér í Reykjavík með slíka ábyrgð til þess að fá fé út á hana. Það mundi ekki verða mikils virði fyrir eina eða neina lánastofnun að selja vatnsveitukerfi Borgarneshrepps, þótt að því væri gengið, og þess vegna held ég, að einföld ábyrgð í þessu tilfelli mundi verða þýðingarlítil.

Mér skilst því, að með þessu ákvæði laganna sé í raun og veru verið að gera óframkvæmanleg almenn ákvæði í lögum svo og ákvæði fjárl. um ábyrgðir ríkissjóðs í þeim tilfellum, er þar

um ræðir. T. d. eru á 22. gr. fjárl. frá s. l. ári ýmsar ábyrgðir, sem ég sé ekki annað en muni í raun og veru falla um sjálfar sig eftir samþykkt þessa lagafrv. Hér er ábyrgð til Hjalteyrarverksmiðjunnar og Krossaness vegna leigu á skipi til síldarflutnings frá fjarlægum miðum, 500 þús. kr. Það er ekkert tekið fram um þessa ábyrgð, hvernig hún skuli vera, og það þýðir, að hér á að vera um einfalda ábyrgð að ræða. Nú getur vel verið, að þessi fyrirtæki gætu sett þær tryggingar, að þau fengju þess vegna lán með þessari bakábyrgð. En hvernig yrðu afleiðingarnar, ef vanskil yrðu? Og því hefur þessi ábyrgð verið fengin, að fyrirtækið hefur talið sig hafa þörf á henni og að það væri öryggi í því í sambandi við lánsútvegunina. En nú skilst mér, að þetta sé þannig komið, að það yrði að gera þessi fyrirtæki upp, ef til vanskila kæmi, áður en lánveitandinn gæti gengið að ríkissjóði sem ábyrgðaraðila.

Í þessu tilfelli vil ég einnig vitna til þess, sem ég nefndi hér áðan í sambandi við Akraborgina. Ríkissjóður hefur orðið að greiða ábyrgðarskuldir vegna Skallagríms, sem á Akraborgina. Ég er alveg sannfærður um það, að sú leið hefur verið ríkissjóði ódýrari en ef að skipinu hefði verið gengið og það selt og ríkissjóður orðið eigandi, sem hefði orðið niðurstaðan þar. Það er von mín, að það takist að endurgreiða þetta lán a. m. k. að verulegu leyti og þar fái ríkissjóður út úr því dæmi þau beztu viðskipti, sem hann gat fengið út úr þessu dæmi. En hefði hér verið um einfalda ábyrgð að ræða, hefði orðið að gera fyrirtækið upp.

Það hefur einnig hent með Flugfélag Íslands, þó að allir væru á eitt sáttir um, að þar væri ekki um neina áhættu að ræða, að ríkissjóður hefur í bili orðið að leggja út fyrir það fyrirtæki vegna þeirrar ábyrgðar, sem við vorum allir sammála um að veitt yrði og getum engum öðrum um kennt í því tilfelli. En ef þá hefði verið um einfalda ábyrgð að ræða, hefði orðið að gera Flugfélag Íslands gjaldþrota. Eru hv. þm. og hæstv. ríkisstj. sannfærð um það, að sú leið hefði verið heppilegust fyrir íslenzkt þjóðfélag? Ég er á þeirri skoðun, að það hafi verið happadrýgra, þó að ríkissjóður hafi orðið að hlaupa þarna undir bagga í bili, sem ég reikna með að fyrirtækið geti greitt aftur, heldur en ef það hefði verið brotalaust gengið að þessu fyrirtæki, þegar til þessara vanskila kom. Og eftir að búið er að gera einfalda ábyrgð að aðalreglunni, verður mjög erfitt að hverfa að sjálfskuldarábyrgð. Þetta þýðir auðvitað það, að ríkisábyrgðirnar verða að mjög verulegu leyti að litlu liði hér eftir, vegna þess að það vitum við allir, sem eitthvað höfum við viðskipti átt, að yfirleitt eru ekki lán veitt, ef gert er ráð fyrir því, að það þurfi að gera aðilann gjaldþrota, ef ekki á að tapast það, sem lánað er. Og ríkisábyrgðir hafa verið að því leyti gjaldgengar, að það hefur verið vitanlegt, að ef bæri upp á sker, þá mundi ríkið borga, og þetta hefur auðvitað verið hugsað frá sjónarmiði ríkisins líka sem aðstoð við uppbygginguna oft og tíðum.

Þess vegna er hér um verulega breytingu að ræða, — breytingu, sem ég tel að gangi lengra en hæstv. fjmrh. gat um í sinni ræðu, að eðlilegt væri að veita ríkisábyrgðir áfram, þó að yrði að hafa þar aðra síði, enda sýnist mér og kem að því síðar, að ýmis önnur ákvæði í þessu frv. séu með þeim hætti, að eðlileg varasemi sé þar við höfð. Ég tel, að það sé ekki nema eðlilegt um þá, sem hafa lent í vanskilum og þurfa að koma til ríkisstj. aftur og fá ábyrgðir, nýjar ríkisábyrgðir, að það sé gert út um þeirra mál, áður en til nýrra ábyrgða kemur. Að því leyti er ég samþykkur 3. gr., að það er eðlilegt, að sá háttur sé á hafður, að frá eldri vanskilum sé gengið, þegar til nýrra ábyrgða kemur, og er það í fullu samræmi við þann viðskiptamáta, sem ég tel æskilegan. Þetta er ekki nema til þess að halda reglu á viðskiptum, og svo á að vera. Þess vegna á að gera þessi mál upp áður, annaðhvort gera þau hreinlega upp eða semja um skuldina. Það á sem sagt að koma málinu á réttan kjöl.

Hins vegar verð ég að segja um 4. gr. frv., þar sem er tekið áhættugjald, að eins og ég tók fram í upphafi máls míns, þá er hér um að ræða vissan þátt ríkissjóðs í uppbyggingunni í landinu. Þess vegna á ríkissjóður, sem mætir töpum með áætlun í sínum útgjöldum á fjárl., þeim áföllum, sem af þessu leiðir, — þess vegna á ríkissjóður ekki í þessu tilfelli að hugsa eins og banki, því að hans aðstaða í þessu máli er öll önnur. Bankinn getur ekki bætt sér töpin upp með nýjum álögum á þjóðina, eins og ríkissjóður gerir, og út af fyrir sig finnst mér því, að þetta bankasjónarmið, sem þarna er ríkjandi, sé ekki eðlilegt í sambandi við ábyrgðir ríkissjóðs, sem þarna eru og í sumum tilfellum verða svo sennilega óseljanlegar.

Þá er það 5. gr. frv., sem hefur mjög staðið í mér. Hér er gert ráð fyrir, að ríkissjóður hafi aðgang að því að taka til sín öll þau framlög, sem einstök sveitarfélög eiga að fá frá ríkinu í öðru skyni.

Í fyrsta lagi vil ég um þetta atriði segja það, að hér er verið að gera mismun á sveitarfélögunum og einstaklingum, sveitarfélögunum í óhag. Yfirleitt er það ekki þannig, að einstaklingar eða einstök félög eigi að fá greiðslur frá ríkissjóði. En sveitarfélögin, a. m. k. mörg þeirra, eiga að fá þaðan greiðslur, og þau standa hér mun verr að vígi en einstaklingarnir.

Um þetta mál vil ég svo segja það, að með lögunum um jöfnunarsjóð, sem samþ. voru hér á síðasta Alþingi, er svo fram tekið í 4. gr. þeirra laga, að ríkissjóði er heimilt að taka framlag jöfnunarsjóðs upp í vanskil vegna ríkisábyrgða. Ég var út af fyrir sig ekki á móti þessu ákvæði þeirra laga, vegna þess að þarna fannst mér vera eðlileg trygging, sem ríkissjóður hefði, ef til þess arna kæmi, að um vanskil væri að ræða. Hér er líka um svo háa fjárhæð að ræða af tekjum sveitarfélaganna yfirleitt, að ég a. m. k. sé ekki í fljótu bragði, hvernig sveitarfélögin þyldu það, að meira væri af þeim tekið en þetta framlag upp í vanskil. Ekki orkar það tvímælis, að þau taka framlag

jöfnunarsjóðs inn á sínar fjárhagsáætlanir, og ef þau svo töpuðu því öllu og auk þess öðrum framlögum, þá gæti það skapað ný vandræði.

Ég vil líka segja það, að mér finnst það ekki eðlileg leið, að það sé hægt að taka framlag ríkissjóðs upp í skólabyggingu vegna þess, að það hafi orðið að greiða ábyrgð á togaraútgerð fyrir viðkomandi byggðarlag. Mér finnst það ekki eðlilegt, og ég held, að sú leið gæti orðið mjög varasöm, ef farin yrði, auk þess sem ég benti á áðan, að hér væri verið að búa bæjarfélaginu miklu verri hlut en einstaklingunum. Mér dettur í hug í því sambandi, að í Hafnarfirði er bæjarútgerð. Ríkissjóður hefur orðið að greiða vegna þessarar útgerðar í bili fjárhæðir, sem ég reikna með að hann fái endurgreiddar. En svo var þar önnur togaraútgerð, sem einstaklingar eða hlutafélag stóð að, og ríkissjóður hefur líka orðið að greiða vegna þessa fyrirtækis. Nú er það svo með fyrirtækið, sem átti togarann Keili, að búið er að selja hann. Enginn vafi er á því, að ríkissjóður kemur til með að tapa þarna nokkurri fjárhæð. Hann hefur enga möguleika til þess að ná af þeim aðila, er átti Keili, eftirgreiðslum úr ríkissjóði, því að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að hann fái greiðslur úr ríkissjóði. En ríkissjóður hefur hins vegar möguleika samkvæmt þessum lögum að ná af Hafnarfjarðarkaupstað vegna bæjarútgerðarinnar meira en jöfnunarsjóðsframlaginu, ýmsum öðrum fjárframlögum. Hér finnst mér lengra gengið en eðlilegt er og skynsamlegt, ef litið er á málið í heild.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan, að þessu ákvæði yrði að beita með varfærni. Það er rétt. En því er hv. Alþingi að samþ. lög, þar sem það verður að eiga undir góðsemi fjmrh.? Nú er ég ekki með þesum orðum að segja, að ég treysti ekki hinum og þessum fjmrh. til þess að vera góðsamir menn í það og það skiptið. En það geta skapazt mikil vandræði hjá þeim í sambandi við svona mál. Ég sé ekki ástæðu til, að hv. Alþingi sé að samþ. í lögum ákvæði, sem fjmrh. hæstv. yrði að draga úr í framkvæmdinni, til þess að málið væri ekki hættulegt. Ég lít svo á, að þegar hv. Alþingi er að afgr. lög, þá eigi það að ganga þannig frá löggjöfinni, að sá, sem á að framkvæma hana, framkvæmi hana með eðlilegum hætti, án þess að góðsemi þurfi þar að koma að nokkru verulegu leyti til, því að það er fullkomin ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. að álykta sem svo, að vilji Alþingis hafi verið sá, að hér skyldi fara fram skuldajöfnuður, hvernig sem á stæði. Það eru engin skilyrði fyrir því sett, heldur hefur ráðh. þarna heimild til þess að hirða af sveitarfélaginu jöfnunarsjóðsframlagið samkvæmt þeim lögum, auk þess framlag til skólabygginga, til rekstrarfjár skóla og í aðrar framkvæmdir, sem væri verið að vinna að á staðnum. Þetta gæti skapað mjög mikil vandræði, og það er ekki hyggilegt að láta þetta vera svo í löggjöfinni eins og til er ætlazt.

Þá er það 7. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að ríkisstj. geti leitað álits banka, áður en hún kveður á um það, hvort ábyrgðin skuli gefin út eða ekki.

Í fyrsta lagi er nú svo frá gengið, að engin ábyrgð skal gefin út eða samþ., nema Alþingi samþ. hana í lögum. Þá er Alþingi þar með búið að lýsa því yfir, að það er því samþykkt, að ríkissjóður takist ábyrgðina á hendur. Hæstv. fjmrh. hefur því fullt vald til þess að gefa ábyrgðina út. Og er það eðlilegt, eftir að Alþingi hefur lýst þessum vilja sínum, að þá sé verið að leita álits banka um það, hvort á að gefa út þessa ábyrgð eða ekki? Nú gæti það farið svo og hlýtur einhvern tíma að fara svo, að bankinn legði til, að ekki skyldi gefin út ábyrgð, sem Alþingi hefði þó samþ., og það er ekki óeðlilegt, að það yrði einhvern tíma niðurstaða ráðh. að fara þannig að, enda væri ákvæðið líka algerlega þýðingarlaust, ef það væri ekki framkvæmt á þann veg. Þess vegna væri bankinn orðinn hér yfirdómari yfir Alþingi, þó að það hefði staðið að samþykkt löggjafarinnar og kannske óskipt.

Nú veit ég heldur ekkert um það, hvernig framkvæmdirnar hjá bönkunum yrðu í þessu tilfelli. Mér dettur í hug dæmi, sem ég var hér með áðan í sambandi við útgerð á togaranum Keili í Hafnarfirði. Ég minnist þess, að um svipað leyti og hann var keyptur til landsins og var verið að veita hér ábyrgð fyrir kaupum á honum, þá var forstjóra þess fyrirtækis falið að sjá um útgerð á togaranum Brimnesi frá Seyðisfirði, vegna þess að maðurinn var talinn sérstaklega vel til þeirra hluta fallinn. Ég gæti því ályktað, að ef þessi tvö mál hefðu verið borin undir banka, um Brimnesið annars vegar og Keili hins vegar, þá hefði bankinn talið óráðlegt að veita ábyrgð eða taka ábyrgð á útgerð Keilis á Seyðisfirði, jafnvel þótt hann væri kominn í góðar hendur, en hins vegar talið eðlilegt og sjálfsagt að veita hina ábyrgðina. Niðurstaða málsins hefur hins vegar orðið sú, að bæði þessi fyrirtæki hafa nú verið gerð upp sem gjaldþrota, og það getur verið, að það sé mismunandi, hvað ríkissjóður hefur orðið að borga fyrir þau. En það stafar þá ekki af því, að neitt hafi tekizt betur til með annan heldur en hinn, heldur hefur það verið annar kostnaður, sem þar hefur ráðið. Þess vegna held ég, að annaðhvort gerist, að þetta bankaeftirlit verði algerlega neikvætt eða þá að það verði gagnslaust, það verði yfirleitt ekki lögð í það sú vinna, sem þarf, til þess að það komi að því haldi, sem ætlazt er til. Ég teldi líka eðlilegra, að þetta eftirlit annaðist fjmrn. sjálft, en væri ekki að leita aðstoðar hjá einum eða öðrum banka til þess að fá upplýsingar um það, hvort ætti að framkvæma vilja Alþingis eða eigi. Það er í alla staði óeðlilegt, enda verður sjónarmið hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma að vera annað gagnvart ríkisábyrgðum heldur en í venjulegri bankastarfsemi.

Í hv. Ed. lagði fulltrúi framsóknarmanna í fjhn. fram nokkrar brtt., sem náðu ekki fram að ganga, og ég hefði nú mjög viljað fara þess á leit við þá n., sem fær þetta mál, að hún taki þær til athugunar, og við hæstv. ríkisstj., að hún endurskoði afstöðu sína til málsins, svo að það væri hægt að sameinast um málið og afgreiða það á þann veg, sem hæstv. fjmrh. orð-

aði hér í framsöguræðu sinni, að áfram yrði haldið að veita uppbyggingunni aðstoð í gegnum ríkisábyrgðir, en þó gætt fullkomins hófs. Og ég held, að ef hv. alþm. leggja sig fram um að finna þessa leið, þá sé auðveldara að finna hana heldur en nú virðist vera.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 34 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 470, n. 533, 537 og 546, 547).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Eins og sjá má á nál. þeim, sem útbýtt hefur verið í d. frá fjhn., hefur n. ekki orðið sammála um einstök atriði frv. þessa né afgreiðslu málsins í heild. Sá ágreiningur byggist þó ekki á því, eftir því sem fram kom í n., að deildar væru meiningar um, að þörf væri á slíkri löggjöf eða löggjöf um þetta efni, heldur lá til grundvallar efniságreiningur varðandi einstaka þætti frv., sem minni hlutarnir munu gera grein fyrir frá sínum bæjardyrum og ég sé ekki ástæðu til að rekja hér nánar. Ég mun því einskorða mig við að fara fáum orðum almennt um efni frv. og lýsa skilningi okkar í meiri hl. á þeim ástæðum, sem við teljum liggja til grundvallar fyrir nauðsyn þessarar löggjafar, og þá jafnframt leitast við að gera grein fyrir eðli hennar og tilgangi.

Í nútímaþjóðfélagi, sem er í örri framþróun og þar sem mörg viðamikil, aðkallandi og fjárfrek viðfangsefni kalla að, telur hið opinbera, þ. e. a. s. ríkið, skyldu sína að stuðla að því að leysa eftir getu ýmis vandamál, enda þótt verkefnin verði e. t. v. hverju sinni ekki beinlínis talin tilheyra verksviði ríkisins, heldur fremur úrlausnarefni annarra aðila í þjóðfélaginu, einstakra félagsheilda eða einstaklinganna sjálfra. Þessi fjárhagslega aðstoð eða fyrirgreiðsla ríkisins getur að jafnaði verið með fernu móti: Í fyrsta lagi bein fjárframlög ríkisins, þ. e. a. s. beinir, opinberir styrkir, í öðru lagi eignarhlutdeild ríkisins, í þriðja lagi opinber lán og svo í fjórða lagi ríkisábyrgðir, og það er einmitt um þetta síðast talda atriði, sem það frv., sem hér liggur fyrir, fjallar.

Ábyrgð ríkisins á lánum fyrir annan aðila hafa tíðkazt hér á landi um langt skeið. Slíkra ábyrgða er í fyrsta sinn getið í ríkisreikningnum fyrir árið 1932 og námu þá um 15 millj. kr., en þó mun þetta fyrirbæri vera töluvert eldra í íslenzkum ríkisbúskap. Á síðustu áratugum hefur veiting ríkisábyrgða mjög farið í aukana. Þær hafa aðallega verið veittar fyrir lánum, sem tekin hafa verið í fyrsta lagi til öflunar á framleiðslutækjum til sjávar og sveita, í öðru lagi fyrir lánum til samgöngubóta, í þriðja lagi fyrir lánum til raforkumála og í fjórða lagi fyrir lánum til bygginga og félagsmála. Og lántakarnir, sem þessara ábyrgða hafa verið aðnjótandi, hafa ýmis verið sveitarfélög og bæjarfélög, samvinnufélög, hlutafélög, almenn félagasamtök og stofnanir og svo einstaklingar. Svo mjög hefur nú þessi starfsemi ríkissjóðs færzt í aukana, að í árslok 1959 eru á ríkisreikningnum taldir um 290 aðilar, sem ríkið stendur þá í um 1400 ábyrgðum fyrir, og samkv. upplýsingum í framsöguræðu hæstv. fjmrh. nam upphæð ríkisábyrgða 1. okt. s. l. 2336 millj. kr. Til þess að gera þessa mynd skýrari má geta þess, að ábyrgðarskuldbindingar ríkisins eru þannig orðnar um 50% hærri en áætlaðar tekjur ríkisins samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1961, og má það eitt segja sína sögu.

Það orkar þó sannarlega ekki tvímælis, að þessi fyrirgreiðslustarfsemi ríkisins hefur ýtt mörgum nytjafyrirtækjum úr vör og gert mörgum fært að lyfta stærri tökum en ella hefði verið á færi félagsheilda eða einstaklinga og þannig greitt fyrir hraðari efnahagslegri og félagslegri framvindu í landinu. En hinu er aftur á móti ekki að neita, að þróun síðustu ára á þessu sviði hefur vakið nokkrar áhyggjur manna. Í fyrsta lagi vaknar nefnilega sú spurning, hvort ekki séu einhver eðlileg takmörk fyrir því, í hve ríkum mæli hið opinbera megi takast á hendur ábyrgðir fyrir aðra án þess með því að skerða eigið lánstraust og lánamöguleika og þá um leið möguleikana til þess að rækja þau verkefni, sem ríkinu sjálfu eru lögð á herðar af löggjafanum, því að eins og prófessor Ólafur Jóhannesson segir í bók sinni, Stjórnskipan Íslands, á bls. 313, með leyfi hæstv. forseta, „ábyrgðarskuldbinding er skilyrt skuld, sem setja verður á bekk með lántöku og skuldastofnun.“ Það verður því samkv. þessari skilgreiningu varla vefengt, að ábyrgðarskuldbindingar rýra lántökumöguleika þess, er ábyrgð veitir, og þeim mun meir rýrna lántökumöguleikarnir, því hærri og fleiri sem ábyrgðirnar eru, sem viðkomandi gengur í.

Þær tölur, sem ég hef nefnt, benda ótvírætt í þá átt, að ekki hafi almennt verið gætt hófs sem skyldi við veitingu ríkisábyrgða á liðnum árum og kunni þær því að vera á vegi með að vaxa út yfir þau takmörk, sem eðlileg og hagstæð geta talizt ríkinu sjálfu. Er ég með þessu þó alls ekki að varpa sök á neina eina ríkisstj. eða neinn stjórnmálaflokk, heldur aðeins að benda hér á almenna þróun málanna.

Það, sem er þó sýnu kvíðvænlegra en vöxtur ábyrgðarskuldbindinganna sjálfra, er sú mikla aukning á vanskilum á greiðslu þeirra lána, sem ríkið hefur gerzt ábyrgt fyrir. Á árunum 1950—59 greiddi ríkið vanskilaábyrgðir að upphæð 140 millj. króna og í 20. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1961 eru áætlaðar 38 millj., sem að sögn munu þó fremur verða 40 millj. kr., til greiðslu á vanskilaábyrgðum. Hefur ríkið þannig tekið á sínar herðar á þessum eina áratug um 180 millj. kr. vegna vanskilaábyrgða. Þessi upphæð samsvarar hvorki meira né minna en um 80% af þeirri upphæð, sem íslenzka ríkið áætlar að greiða af öllum sínum eigin skuldum, innlendum og erlendum, á árinu 1961, og það er einmitt í þessum vanskilaábyrgðum, sem höfuð-

meinsemd núv. ríkisábyrgðakerfis felst, og það er einmitt á þessum vettvangi, sem umræddu frv. er ætlað að miða til bóta.

Með veitingu ríkisábyrgða, sem ekki eru greiddar, er þingið nefnilega að vissu leyti að afsala sér hluta fjárveitingavaldsins, því að ríkissjóður verður í þessum tilfellum nauðugur viljugur að leggja beint fram fjármuni, sem þingið hefði alveg eins og jafnvel fremur viljað verja á einhvern annan veg. Þessar óforvarandis greiðslur ríkissjóðs geta og haft truflandi áhrif á fjárlög og fjárhag ríkisins í heild, séu áföllin stór, því að þótt fjárlög séu samin hallalaus, geta óáætlaðar vanskilaábyrgðagreiðslur myndað halla á rekstri ríkisbúskaparins. Á hinn bóginn leiða svo þessi vanskil til þess, að skilamönnunum er refsað, því að tekna verður að afla til þess að greiða ábyrgðarskuldbindingarnar, og verður ríkið þá ósjaldan einmitt að grípa til nýrra skattahækkana.

Val á framkvæmdum, sem veita skuli ríkisábyrgð fyrir, getur vissulega verið viðkvæmt og vandasamt mál, sérstaklega eins og hér háttar til, þar sem skortur er á fjárfestingarsjóðum og mörg verkefni bíða, bæði þjóðfélagslega arðgefandi og líka hin, sem óarðgæf eru, en engu að síður nauðsynleg. En þessi vandi verður þó ekki til langframa leystur með því að skjóta sér á bak við ábyrgðarskuldbindingar, sem lenda í vanskilum og ríkið verður að greiða. Séu viðfangsefnin þannig vaxin, að þau muni fyrirsjáanlega ekki geta staðið undir sér sjálf eða staðið við ábyrgðarskuldbindingar sínar, verður, sé um nauðsynjaframkvæmdir að ræða, að finna fyrir fram, áður en í þau er ráðizt, einhverja aðra leið til fjáröflunar en ábyrgðarheimildir ríkisins, sem fyrir fram er vitað að lántaki getur ekki staðið við. Þarna er vissulega um verkefni að ræða, sem leysa þarf. En það er ekki verkefni né tilefni þessa frv. Það þarf að leita annarra leiða, myndunar e. t. v. sérstakra sjóða, sem miða starfsemi sína við slík ákveðin verkefni. Einnig gætu menn hugsað sér nýtingu atvinnubótafjár til slíkra framkvæmda. En einhver önnur úrræði verður að finna en ríkisábyrgðir, sem fyrirsjáanlega er ekki hægt að standa við.

Þróun þessara ríkisábyrgðamála mun nú sem komið er hér á landi vera sú, að flestum mun vera ljóst, að staldra verður við og reyna að koma þessum hluta fjármálakerfisins í fastara og tryggara form. Slík þróun sem þessi er ekkert einsdæmi fyrir Ísland. Hún er þekkt víðar annars staðar. T. d. hafa Bretar orðið í sinni löggjöf að setja þröngar skorður við ríkisábyrgðum, Ítalir hafa einnig átt við erfiðleika að stríða á þessu sviði, og þegar árið 1927 settu Þjóðverjar mjög ákveðna og ýtarlega löggjöf um ríkisábyrgðir sökum þeirrar slæmu reynslu, sem þeir höfðu einmitt orðið fyrir af vanskilaábyrgðum, sem féllu á þýzka ríkið. Hér er því sem sagt um svipað viðfangsefni að ræða og aðrar þjóðir hafa orðið að leysa, og margar þeirra hafa einmitt leyst það með mjög svipuðum aðferðum og lagt er til með því frv., sem hér liggur fyrir.

Tilgangurinn með frv. þessu er sem sagt á engan hátt að hverfa frá því, að ríkið veiti ábyrgðir með eðlilegum hætti til nauðsynlegra framkvæmda, enda gagnsemi þeirra fyllilega viðurkennd, heldur er markmið þess í stuttu máli sagt í fyrsta lagi að gera hreint borð varðandi þær vanskilaábyrgðir, sem ríkið hefur orðið að taka á sig, í öðru lagi að koma á fastari og hófsamari reglum um ábyrgðaveitingar, í þriðja lagi að kanna jafnan greiðslugetu og nauðsyn lántaka betur en gert hefur verið hingað til, áður en ákvörðun er tekin um veitingu ábyrgðarinnar, og í fjórða lagi að bæta sjálft aðhaldið með endurgreiðslu á ábyrgðarlánunum. Öll virðast þessi atriði vera þannig vaxin, að ekki ætti að þurfa að vera um þau ágreiningur, og þessi og enginn annar er megintilgangur þessa frv. Þess vegna vill meiri hl. fjhn. mæla með því við hv. d., að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjhn., hefur n. ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég er andvígur efni þessa frv. og tel, að fella beri þetta frv.

Mér sýnist, að það leiki enginn vafi á því, að sú meginbreyting, sem felst í þessu frv. frá gildandi reglum um veitingu á ríkisábyrgðum, sé sú að breyta ríkisábyrgðunum í svonefnda einfalda ábyrgð, í staðinn fyrir að áður hefur yfirleitt verið um að ræða svonefnda sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs. Annað er í rauninni fátt nýtt í frv. að finna. Að vísu er nú gert ráð fyrir því í þessu frv., að ríkissjóður geti lagt hald á tilteknar greiðslur, sem ganga eiga til sveitarfélaga yfirleitt, ef slíkir aðilar eru í vanskilum með ríkisábyrgðarlán, en auðvitað hefur ríkissjóður haft þessa heimild, þó að hún hafi líklega aldrei verið notuð, en með þessu frv. virðist eiga að leiða í lög, að þessi framkvæmdaaðferð skuli upp tekin. En sem sagt, eins og ég sagði, aðalbreytingin er sú að breyta ríkisábyrgðunum, sem veittar hafa verið, úr sjálfskuldarábyrgð í svonefnda einfalda ábyrgð. Það er nokkuð augljóst, að um leið og ríkisábyrgðunum verður breytt á þessa lund, verða ríkisábyrgðirnar að harla litlum notum í flestum tilfellum fyrir þá, sem þessar ábyrgðir taka. Hér er því greinilega stefnt að því að draga stórlega úr veitingu þessara ríkisábyrgða og gera þær óvirkar með öllu í ýmsum tilfellum.

Þá er að athuga það, hversu réttlætanlegt það hefur verið að veita þær ríkisábyrgðir, sem veittar hafa verið á undanförnum árum. Ég held, að það geti ekki leikið vafi á því, að ríkisábyrgðirnar hafa í mjög mörgum tilfellum orðið til þess að gera mögulegt að ráðast í ýmsar framkvæmdir, sem annars hefði með engu móti verið hægt að ráðast í hér á okkar landi á undanförnum árum. Sumpart er þetta af því, að það hafa ekki verið tök á því að fá nein stofnlán til vissra framkvæmda, og hefur þá ríkisábyrgðin orðið til þess að veita mönnum möguleika á því að safna saman fé úr ýmsum áttum út á ríkisábyrgðirnar og gera þannig mögulegt að ráðast í viðkomandi framkvæmd.

Ég skal hér nefna nokkur dæmi þessu til skýringar.

Það er búið að vera þannig í mörg ár hér, að það hefur ekki verið hægt að kaupa t. d. togara til landsins, þannig að þeir, sem í það vildu ráðast, jafnvel þótt þeir gætu lagt fram talsvert mikið fé, gætu fengið hjá nokkurri lánastofnun hér innanlands stofnlán til slíkra kaupa. Það hefur enginn stofnlánasjóður verið til í landinu, sem hefur tekið að sér að lána nokkuð sem heitir til kaupa á jafndýrum tækjum og togararnir eru. Þannig hefur þetta verið nú um margra ára skeið. Togarar hefðu því ekki verið keyptir til landsins nema vegna þess, að sú leið var farin, að ríkið veitti þeim, sem vildu kaupa togara, ríkisábyrgðir, sem hafa leikið frá 50 og jafnvel allt upp í 90% af stofnverði skipanna, og út á þessar ríkisábyrgðir hefur kaupendunum tekizt að fá lán erlendis og reyndar að safna saman þó nokkru láni til kaupanna líka hjá ýmsum sjóðum og stofnunum hér innanlands. Það er rétt, að það hefur þannig til tekizt nú á síðari árum, að þessar ábyrgðir hafa einmitt orðið ríkissjóði tiltölulega þungbærar. Það hefur borið jafnvel meira á því með þessar ábyrgðir vegna togarakaupa heldur en nokkrar aðrar, að þær hafi fallið á ríkissjóðinn. Þar er auðvitað um sérstakt vandamál að ræða, og hefði vissulega þurft að taka á því vandamáli eins og við átti, hvernig hægt væri að koma þeim málum þannig fyrir, að togaraútgerðin gæti staðið við sínar skuldbindingar. En ég hygg samt, að allir geti verið sammála um, að það hafi verið þýðingarmikið fyrir okkar þjóðarbúskap sem heild að kaupa þá togara, sem keyptir hafa verið nú um langan tíma, meira en heilan áratug, til landsins einvörðungu í krafti þessara ríkisábyrgða. Að breyta þessum ábyrgðum t. d. varðandi þessi kaup, þessar framkvæmdir, togarakaupin, breyta þeim í einfaldar ábyrgðir, það er nákvæmlega sama í þessum tilfellum og að strika þær út. Það er óhætt að fullyrða, að það er engin leið til þess, að erlendar lánastofnanir mundu greiða fyrir kaupum á slíkum tækjum út á einfaldar ábyrgðir. Ég tel t. d. í þessu tilfelli vera mjög varhugavert að ætla að breyta ábyrgðunum og útiloka í þessu tilfelli kaup á slíkum framleiðslutækjum sem togarar eru, og breytir þar engu um í mínum huga með þá sérstöku erfiðleika, sem steðja að togaraútgerðinni nú í svipinn.

Ég skal taka fleiri dæmi.

Það hefur verið nokkuð byggt á undanförnum árum af síldarverksmiðjum í landinu. Þar hefur verið um dýrar framkvæmdir að ræða. Þær hafa kostað frá 10—20 millj. kr. Þar hefur ekki heldur verið um það að ræða, að nein lánastofnun í landinu væri til, sem lánaði til þessara framkvæmda eðlileg stofnlán. Bankarnir hafa færzt algerlega undan að lána stofnlán til þessara framkvæmda. Fiskveiðasjóður hefur ekki verið fær um það, og sérstakar lánastofnanir hafa því ekki verið fyrir hendi. En með því að hér hafa verið veittar ríkisábyrgðir til slíkra framkvæmda, sem taldar hafa verið fram til þessa mjög þýðingarmiklar fyrir atvinnulíf landsmanna í heild, hefur mátt takast að fá saman nokkur lán bæði erlendis og þó sérstaklega innanlands út á ríkisábyrgðirnar, svo að það hefur reynzt unnt að koma upp þessum fyrirtækjum. En það liggur líka ljóst fyrir, að ef aðeins væri völ á þeirri tegund af ríkisábyrgðum, sem nú er lagt til að verði hin almenna regla, þá yrði með öllu útilokað að fá lán út á þær til slíkra framkvæmda. Það væri alveg vonlaust, að þeir opinberu sjóðir, sem hér starfa og lána nokkuð fé út, vátryggingafélög og fleiri aðilar, færu að lána út á slíkar einfaldar ábyrgðir eins og hér er gert ráð fyrir. Þessi verkefni, að byggja þessar mjög svo þýðingarmiklu framleiðslustöðvar, slíkt mundi liggja niðri á eftir, fyrst ekki er séð fyrir því jafnframt að koma þá upp lánastofnunum, sem gætu yfirtekið þetta verkefni, leyst þetta af hendi.

Svipað er að segja um byggingu t. d. á öðrum fiskvinnslustöðvum. Sá háttur hefur nú verið hafður á um nokkurra ára skeið, að ríkissjóður hefur veitt ríkisábyrgðir vegna stofnlána til byggingar á hraðfrystihúsum og öðrum fiskvinnslustöðvum, og hafa þessar ríkisábyrgðir numið allt að 60% af stofnkostnaði þessara fyrirtækja. Það hefur verið hámarkið. En þannig hefur líka verið háttað, að það hafa ekki verið neinir stofnlánasjóðir til, sem hafa getað veitt eðlileg stofnlán til þessara framkvæmda. Sá stofnlánasjóðurinn, sem hefði raunverulega átt að anna þessu hlutverki, fiskveiðasjóður, hefur ekki treyst sér til þess nú um margra ára skeið, en í lögum þess sjóðs er svo fyrir mælt, að lánveitingar til skipa- eða bátakaupa skuli ganga þar fyrir öðrum lánum, og hann hefur ekki haft fé nema sáralítið til þess að veita sem stofnlán til byggingar á fiskvinnslustöðvum. En ríkisábyrgðirnar, sem veittar hafa verið allt að 60% af stofnframkvæmdunum, hafa gert það mögulegt, að þessar stöðvar hafa komizt upp, sem vissulega hafa haft mjög mikla þjóðhagslega þýðingu. Ég hygg, að reynslan hafi orðið sú, að þessar ábyrgðir hafi í mjög fáum tilfellum fallið á ríkið vegna fiskvinnslustöðvanna og þessar ábyrgðir hafi því ekki sakað ríkissjóð svo til neitt, en hins vegar leyst mikinn vanda í uppbyggingu atvinnulífsins.

Það er heldur enginn vafi á því að mínum dómi, að þeir aðilar, sem staðið hafa í því og koma til með að standa í því að byggja upp hraðfrystihús eða fiskvinnslustöðvar, geta ekki fengið lán út á slíkar ábyrgðir hér eftir, sem nú er gert ráð fyrir, út á einfaldar ábyrgðir, og liggja til þess alveg augljósar ástæður. Til þess að skýra það eilítið betur vil ég benda á það, að þegar aðilar ráðast nú í byggingu fiskvinnslustöðva, sem í mörgum tilfellum kosta kannske heilan tug milljóna, og þurfa þá á stofnlánum að halda, sem nema kannske 6—7 millj. kr., verður að fá þessa fjárhæð hjá mörgum óskyldum aðilum út á ríkisábyrgðir. Það er auðvitað ákaflega erfitt fyrir hina einstöku lánasjóði, sem starfandi eru í landinu, að veita aðilum 500 þús. kr. lán eða 1 millj. kr. lán út á slíka ábyrgð, ef ganga þarf að ábyrgðinni, þá þarf fyrst að ganga að viðkomandi

fyrirtæki og gera það upp, því að vel getur svo staðið á, að það hafi beinlínis ekki tekizt að koma fyrirtækinu að fullu og öllu í gang eða í rekstrarhæft stand, áður en fyrstu greiðslur koma til með að falla á vegna þessara ábyrgða, og væru því þessir lánasjóðir bundnir þeirri hættu, að þeir þyrftu að láta leggja sér út hálfbyggð fyrirtæki í mörgum tilfellum, ef þeir ættu að sjá um innheimtu á réttum gjalddögum á þessum lánum.

Ég býst við því, að jafnvel þó að reynslan hafi sýnt það, að þessi fiskiðnaðarfyrirtæki hafi yfirleitt staðið í skilum með sínar ábyrgðir, mundu þessir lánasjóðir vera mjög tregir til þess að lána út á svona ábyrgðir, eins og hér er um að ræða. Ég er því á þeirri skoðun, að það sé ekki réttmætt og ekki hægt að breyta svona snöggt til, eins og hér er lagt til að gera með þessar ríkisábyrgðir, án þess að aðrar ráðstafanir komi í staðinn um leið, sem raunverulega leysa þann vanda, sem ríkisábyrgðirnar áður gerðu, þ. e. a. s. að það séu þá til einhverjar stofnanir, sem veita nauðsynleg stofnlán til gagnlegra eða nauðsynlegra fyrirtækja út á slíkar ábyrgðir sem þessar í jafnríkum mæli og aðilar voru áður fúsir til að veita lán út á fyrri ábyrgðartegundir.

Mér sýnist því, að hér sé beinlínis stefnt að því að torvelda mönnum að ráðast í þær framkvæmdir, sem raunverulega hefur verið ráðizt í á undanförnum árum í krafti ríkisábyrgðanna. En er það meiningin, að það sé verið að stefna að því að draga á þennan hátt úr þessum framkvæmdum, það sé á þennan hátt verið að vinna að því að stöðva þessa uppbyggingu? Er það það, sem vakir hér fyrir þeim, sem að þessu máli standa?

Ég vil ekki neita því, að það hafi verið full ástæða til þess að taka ríkisábyrgðamálin til sérstakrar athugunar, flokka þessar ríkisábyrgðir meira niður en gert hefur verið og fá þá glöggt yfirlit um það, hvers konar ábyrgðir það hafa aðallega verið, sem hafa reynzt ríkissjóði þungar, og gera þá sérstaka athugun á því, hvaða ráðstafanir hefðu verið eðlilegar og framkvæmanlegar til þess að draga úr áhættu ríkissjóðs í þeim tilfellum, án þess þó að þurfa að stöðva nauðsynlegar framkvæmdir í þessum efnum.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. meiri hl fjhn. gat þess hér, að á árabilinu frá 1950—59 hefðu fallið á ríkissjóð greiðslur vegna ábyrgðarskuldbindinga, sem nema 140 millj. kr., og búast mætti við um 40 millj. fyrir árið 1960, þannig að á 10 ára tímabili hefðu þessar greiðslur ríkissjóðs numið í kringum 180 millj. kr. Ég hef ekki athugað þessa upphæð og geng út frá því, að hún sé rétt. En mér er aðeins spurn: Er þá búið að taka tillit til þess, að í allmörgum tilfellum hefur ríkissjóður fengið aftur til baka allstórar fúlgur? Þegar gengið hefur verið að vissum fyrirtækjum eða þau gerð upp, eins og t. d. viss togarafélög, þá hefur ríkissjóður fengið þar allverulegar upphæðir greiddar aftur til baka. Ég þykist vita, að það sé ekki búið að taka tillit til þess heldur, að í ýmsum tilfellum, þar sem ríkið hefur lagt út fyrir aðilana vegna þessara vanskila, á ríkið þetta raunverulega gulltryggt núna í þeim fyrirtækjum, sem enn eru látin ganga hjá þessum aðilum, en ekki hefur verið gengið formlega að. Ég t. d. er alveg viss um það, að flestir togaranna, sem keyptir voru í einu lagi í kringum 1949, tugur talsins, frá Englandi og ríkissjóður hefur greitt mjög háar fjárhæðir fyrir vegna ríkisábyrgða á þeim, að flestir þeirra standa enn í því verði, að gengi ríkissjóður þar að, þá fær ríkissjóður alveg örugglega þessar greiðslur til baka aftur, þegar að því kemur. Þetta er því ekki allt saman tapað fé, því fer fjarri, þó að það hafi verið lagt út. Í sumum tilfellum er hins vegar algerlega um það að ræða, að hér sé tapað fé.

Þær ríkisábyrgðir, sem ég hygg að hafi verið hvað erfiðastar þannig fyrir ríkissjóð, eru sennilega ábyrgðir vegna hafnarframkvæmda víða á landinu. Það er enginn vafi á því, að ýmsar þær ábyrgðir hafa verið þess eðlis, að það voru litlar líkur til þess, mjög litlar líkur í mörgum tilfellum, að viðkomandi aðilar gætu staðið við þær skuldbindingar, og þær hafa fallið á ríkissjóð. En þar er líka vandinn svo mikill, að þeir, sem standa að þessu frv., treysta sér ekki enn þá að víkja sér undan þessu og gera ráð fyrir því að veita þær ábyrgðir áfram þrátt fyrir vanskil. En enginn vafi leikur á því, að þar hafa ábyrgðir verið veittar og eru veittar enn í dag frá fjárhagslegu sjónarmiði í svipinn á langhæpnustum grundvelli og með mestum vafa á því, að ríkið fengi þær upphæðir greiddar til baka á tilskildum tíma.

Ég held því, að afleiðingarnar af samþykkt þessa frv. og þeirri breyt., sem hér er gert ráð fyrir að gera, verði þær, séu ekki gerðar aðrar allvíðtækar ráðstafanir samhliða, að þetta dragi stórlega úr ýmsum mjög nauðsynlegum framkvæmdum, sem verða beinlínis óframkvæmanlegar eftir þessa breytingu, og það verði þjóðarbúinu og ríkissjóði einnig til stórtjóns. Auk þess er svo það, að það hefur verið gengið hér í enn þá fleiri ábyrgðir. Það hefur verið nú á síðari árum, að ég hygg, gengið í talsvert háar ábyrgðir fyrir flugfélögin vegna kaupa á flugvélum, mjög háar ábyrgðir, og eitthvað mun hafa beinlínis fallið á ríkissjóð vegna þessara ábyrgðarskuldbindinga í svipinn. Ég dreg það mjög í efa, að þó að slíkt hafi gerzt varðandi það flugfélagið, sem hér annast samgöngur innanlands aðallega, þá sé hægt að ætla að víkja sér undan þeim vanda með því í rauninni að hætta að taka á sig ábyrgðir fyrir slíka aðila, þegar svo er ástatt hjá þeim eins og verið hefur. Ég held, að það verði að finna önnur ráð til þess heldur en þá breytingu, sem felst í þessu frv.

Eins og ég segi, tel ég ekki óeðlilegt, að það hefði farið fram miklu frekari athugun á því, hvernig framkvæmdin á þessu hefur verið, og settar um þetta strangari reglur en gilt hafa. Það tel ég ekki óeðlilegt. En ég tel, að sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, mundi hafa hættulegar verkanir í sambandi við ýmsar framkvæmdir í landinu, og af þeim ástæðum er ég á móti frv. eins og það er. Ég hef hins vegar með hv. 1. þm. Norðurl. v. flutt hér nokkrar

brtt., sem allar miða að því að því að draga úr þessum annmörkum, sem ég hef hér gert aðallega að umtalsefni, á þessu frv. Ég tel að vísu, að það væri allmikil bót að fá þær brtt. samþykktar, það mundi draga nokkuð úr, en teldi þó langæskilegast, að þetta mál yrði látið liggja og yrði tekið til frekari athugunar fyrir næsta þing, hvernig þessum málum ætti að koma fyrir á betri veg en hér er gert ráð fyrir í þessu frv.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því að lögfesta nokkrar almennar reglur um ríkisábyrgðir. Það er ekki óeðlilegt, að slík ákvæði séu sett í lög. Hins vegar er allvandasamt að setja um þetta efni almennar reglur, sem ætíð sé unnt að fara eftir, þegar um ríkisábyrgðir er fjallað á Alþingi.

Það er mjög um það rætt, að ábyrgðir ríkissjóðs séu miklar og fjárhagsáhætta í því sambandi. Rétt er það, að ríkisábyrgðirnar nema nú samanlagt hárri fjárhæð. En enginn ágreiningur hefur verið um veitingu ábyrgðanna á liðnum áratug, a. m. k. minnist ég þess ekki, að nokkru sinni hafi verið ágreiningur, sem máli skiptir, um veitingu ríkisábyrgða. Alþingi hefur ekki fundið aðra hagfelldari leið en ríkisábyrgðirnar fyrir lánum til ýmissa aðila, bæjar- og sveitarfélaga, annarra félaga og einstaklingsfyrirtækja, til þess að styðja ýmiss konar nauðsynlega uppbyggingu og framkvæmdir í þjóðfélaginu. Þær þýðingarmiklu framfarir, sem orðið hafa fyrir lánsfé, sem ríkið hefur gengið í ábyrgð fyrir, hefðu fæstar getað orðið nema með aðstoð þess opinbera, og ríkissjóður hafði ekki möguleika til að veita þann nauðsynlega stuðning með beinum fjárframlögum. Þeirri leið, þó að hún hefði verið fær, hefði líka fylgt áhætta engu minni en ábyrgðum. Þingmenn hafa að sjálfsögðu gert sér ljóst, að nokkur og oft töluverð áhætta fylgdi ábyrgðarveitingum, en þó tekið áhættuna vegna þess, að þeir töldu þörfina svo brýna að styðja þær framkvæmdir, sem gera átti fyrir ríkisábyrgðarlánin. Á hitt má jafnframt benda, að um margar ríkisábyrgðirnar, sem veittar hafa verið, er það svo, að ekki verður séð, að nokkur hætta sé á því, að ríkissjóður verði fyrir tjóni í sambandi við þær.

Ég hef í höndum yfirlit um ríkisábyrgðir, eins og þær voru í lok nóvembermánaðar í vetur. Samkvæmt þeirri skýrslu hafa ábyrgðirnar þá numið alls rúmlega 2400 millj. kr. og þá er talið, að ríkissjóður eigi útistandandi, vegna þess að hann hefur orðið að greiða ábyrgðarskuldir, alls um 132 millj.

Mér sýnist ástæða til að athuga nokkra stærstu liðina á þessari skýrslu. Stærsta upphæðin á þessu yfirliti eru ábyrgðir fyrir erlendum lánum, sem Framkvæmdabanki Íslands hefur tekið. Þessar ábyrgðir námu alls í nóvemberlok samkvæmt skýrslunni um 870 millj. kr. Þetta er nokkru meira en þriðji hluti af öllum ábyrgðunum á þeim tíma, og ég geri ekki ráð fyrir því, að hætta sé á því, að ríkissjóður verði fyrir töpum á þessum ábyrgðum fyrir lánum til Framkvæmdabankans.

Ég vil nefna nokkra aðra stóra liði í þessu yfirliti.

Ábyrgðir vegna veðdeildar Landsbanka Íslands nema 281 millj. rúmlega. Ég geri ekki heldur ráð fyrir, að nein áhætta sé fyrir ríkissjóð í sambandi við þessar ábyrgðarskuldbindingar.

Fyrir byggingarsamvinnufélög nema ábyrgðirnar 207 millj. Það mun mega segja það sama um þessar ábyrgðir og þær, sem ég hef áður nefnt.

Enn er hér einn stór liður. Það eru ábyrgðir fyrir lánum til rafveitna og þar með taldar ábyrgðir fyrir lánum vegna raforkusjóðs. Það eru tæpar 289 millj. Að vísu sýnir yfirlitið, að ríkissjóður hefur orðið að greiða um 10.7 millj. í sambandi við ábyrgðir fyrir rafveitur, en trúlegt þykir mér, að mikið af því fé og kannske allt sé innheimtanlegt. Þetta hefur sennilega verið aðallega greiðsla á ábyrgðum fyrir rafveitur, meðan rekstur þeirra var í byrjun og rekstrarafkoman þá lakari en síðar hefur orðið.

Ef maður tekur saman þessar upphæðir, sem ég nú hef nefnt, þá nema þær samtals meira en ⅔ af allri upphæðinni, sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir. Svo eru hér misjafnlega áhættusamar ábyrgðir. Hér eru t. d. tæpar 50 millj., skuld stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Seðlabankann, sem ríkið er í ábyrgð fyrir. Ég hef ekki kynnt mér það mál sérstaklega, en ég geri ráð fyrir, að þannig tryggingar séu fyrir þessum gömlu lánum eða eftirstöðvum þeirra, að þarna sé ekki um áhættu að ræða, sem neinu nemur.

Hér eru byggingarsjóðir. Það er ekki tilgreint, hvaða byggingarsjóðir það eru, á þeirri skýrslu. Það eru 36 millj. Ekkert hefur verið lagt út enn sem komið er vegna þessara ábyrgða skv. skýrslunni.

Ábyrgðir fyrir flugfélög námu á þessum tíma 73 millj. rúmlega. Ríkið hafði greitt á þeim tíma vegna slíkra ábyrgða rúmar 5 millj., en sennilegt þykir mér, að þetta sé alls ekki tapað fé.

Fyrir fiskiðjuver og hraðfrystihús eru alls ábyrgðir, er nema 221 millj. Vegna þeirra er búið að greiða 10.2 millj. Ég skal ekki um það dæma, ég hef ekki kynnt mér það, fyrir hvaða aðila það er og hverjar horfur eru um endurgreiðslur.

Þá er það togaraútgerð. Það eru tæpar 200 millj. og búið að greiða í nóvemberlok 30.6 millj. Það er eins um þennan lið og þann, sem ég nefndi áður, ég hef ekki reynt að gera mér grein fyrir, — hef ekki haft aðstöðu til þess, — hvað þarna er um mikla áhættu að ræða.

Fyrir síldar- og fiskimjölsverksmiðjur er ríkið í ábyrgð fyrir 47.5 millj. og hefur þegar lagt út vegna þeirra ábyrgða 29.2 millj. Ég geri ráð fyrir, að þó nokkuð af þessari upphæð sé vegna síldarverksmiðja ríkisins. Rekstur þeirra hefur gengið þannig á undanförnum árum, að þær hafa ekki getað af eigin rammleik borgað afborganir af lánum, og ríkið hefur orðið að hlaupa þar undir bagga. Síldarverk-

smiðjur ríkisins eiga miklar og verðmætar eignir, og mér þykir líklegt og raunar víst, að eignir þeirra með hæfilegu matsverði nægi fyrir skuldum, sem á þessum fyrirtækjum hvíla, og ætti þetta því ekki að vera tapað fé. En ég veit ekki, hvað mikið af þessu, sem er hér fært undir þennan lið, er vegna síldarverksmiðja ríkisins. Þarna eru vafalaust nokkur önnur fyrirtæki einnig.

Þá eru hafnargerðir og lendingarbætur. Þar nema ábyrgðirnar 84.2 millj. og skuldir vegna ábyrgðargreiðslna tæplega 27 millj. Það er öllum kunnugt, að þannig hefur verið með þessar hafnarframkvæmdir, að margir þeirra aðila, sem að þeim hafa staðið, bæjar- og hreppsfélög, hafa ekki haft handbært fé til að leggja fram til framkvæmdanna á móti ríkisstyrknum. Þessar framkvæmdir, svo nauðsynlegar sem þær eru, hefðu því ekki orðið gerðar nema með útvegun lánsfjár, oft að mestu eða öllu leyti til greiðslu á þeim hluta, sem aðrir en ríkið eiga að leggja fram samkvæmt lögum, og það voru vitanlega engir möguleikar yfirleitt fyrir þessi bæjar- og hreppsfélög að afla þess lánsfjár öðruvísi en með slíkri aðstoð þess opinbera. Frv. ber það með sér, að ríkisstj., sem flytur frv., telur ekki fært að gera á þessu breytingu, a. m. k. ekki að svo stöddu, því að í ákvæði til bráðabirgða segir, að „fyrst um sinn skuli heimilt að veita ábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til."

Ég hef þá talið flesta stærstu liðina á þessu yfirliti, og eins og ég hef þegar nefnt, þá tel ég, að um mikinn meiri hluta ábyrgðanna, sem ríkið er í, gildi það, að það sé ekki um áhættu eða a. m. k. neina teljandi áhættu að ræða fyrir það opinbera. Það mun líka vera þannig, að allir séu sammála um, að það verði ekki hjá því komizt að veita ríkisábyrgðir. Frv., sem hér liggur fyrir, er einmitt við það miðað, að haldið verði áfram að veita ríkisstuðning í því formi, til ýmiss konar nauðsynjaframkvæmda og framfara í þjóðfélaginu. En hins vegar kemur það glöggt fram, þegar frv. er athugað, að hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju að draga úr þeirri aðstoð, sem veitt hefur verið með ríkisábyrgðum. Ákvæði frv. eru yfirleitt við það miðuð, að það verði torveldara en áður fyrir þá aðila, sem þurfa á ábyrgð að halda, að fá hana. Það má segja, að þetta sé í samræmi við þá stefnu núv. stjórnar að minnka framkvæmdir, jafnvel þær, sem nauðsynlegar eru.

Á þskj. 547 flyt ég ásamt hv. 4. þm. Austf. nokkrar brtt. Mun ég nú gera grein fyrir þeim till., um leið og ég ræði nokkuð um einstakar greinar frv.

Í 2. gr. frv. segir, að ríkissjóður megi ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila. Mér sýnist það geta verið mjög vafasamt, að það hafi þýðingu að setja slíkt ákvæði í lög. Í mjög mörgum tilfellum mun það verða þannig, þegar leitað er til Alþingis til að fá þar ríkisábyrgð, að þá liggi það fyrir, að einföld ábyrgð muni ekki nægja, og Alþingi hlyti þá, ef það vildi verða við umsóknum um ríkisábyrgðir, að ákveða, að heimilt skyldi að ganga í sjálfskuldarábyrgð. Það má ganga út frá því sem vísu, að það verði aðalreglan, að ríkið gangi í sjálfskuldarábyrgð, en einföld ábyrgð komi ekki að gagni. Þess vegna sýnist vera eðlilegra, að gert sé ráð fyrir því í þessari grein, að þetta hljóti að verða aðalreglan.

Fyrsta brtt. okkar á þskj. 547 er um umorðun á 2. gr. Við leggjum til, að hún verði þannig orðuð: „Sé ekki tekið fram í heimildarlögum, að ábyrgð ríkissjóðs skuli vera einföld, ber að líta svo á, að þau lög heimili sjálfskuldarábyrgð." Verði þetta samþykkt, þá verður það þannig í framkvæmdinni, að þar sem talið er að einföld ábyrgð nægi, verður það ákveðið í ábyrgðarlögunum, en að öðru leyti gengið út frá því, að um sjálfskuldarábyrgð sé að ræða.

Ég vil líka í þessu sambandi benda á, að það eru nú þegar allmiklar ábyrgðarheimildir, sem veittar hafa verið að undanförnu, t. d. nú nýlega í fjárlögum fyrir það ár, sem nú er að líða, og það hefur verið gert ráð fyrir því, bæði af þeim, sem óskuðu ábyrgðanna, og einnig af Alþingi, þegar það samþykkti þessar ábyrgðir, að þar væri eins og venjulega um að ræða heimildir til sjálfskuldarábyrgðar. Og ég tel ekki eðlilegt að raska því, sem þannig er fyrir skömmu búið að ákveða hér á hæstv. Alþingi.

Í 3. gr. segir, að ríkissjóður megi ekki takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slíkar greiðslur hafi verið samið. Ég flyt ekki brtt. við þessa grein, en vil þó benda á, að ég tel nokkuð vafasamt, að ætíð verði hægt að fara eftir þessum fyrirmælum, sem þarna er lagt til að lögfesta. Ég skal taka um það dæmi. Ég nefndi áðan, að ríkið hefði m. a. gengið í ábyrgðir fyrir síldarverksmiðjur ríkisins. Bygging þeirra hefur að verulegu leyti eða líklega nær eingöngu verið gerð fyrir lánsfé á ábyrgð ríkisins. Rekstur verksmiðjanna hefur gengið þannig undanfarin ár, vegna þess að síldveiðin hefur oft verið lítil, að það hefur orðið halli á verksmiðjurekstrinum og verksmiðjurnar hafa ekki getað af eigin rammleik staðið undir greiðslum af lánum, sem á þeim hvíldu. Ríkissjóður hefur orðið að hlaupa þarna undir bagga. Ég hef veitt því athygli, að samkvæmt ríkisreikningunum fyrir árið 1958 og 1959 hefur ríkissjóður greitt vegna síldarverksmiðjanna rúmlega 3 millj. og 200 þús. samtals bæði árin vegna ábyrgða. Nú gæti það komið fyrir, að síldarverksmiðjur ríkisins þyrftu á láni að halda til einhverra framkvæmda, við skulum segja einhverra endurbóta eða viðauka við verksmiðjurnar, sem talið væri mjög nauðsynlegt fyrirtæki, og hefðu þá ekki önnur ráð en að leita til ríkisins, sem á þessar verksmiðjur, um fjárútvegun í þessu skyni. Það mætti segja, að ríkissjóður gæti þá ef til vill tekið lán og lánað svo aftur ríkisverksmiðjunum. Ekki sé ég, að það væri neitt heppilegra fyrir ríkið að veita bein lán til aðila, sem væri í vanskilum í sambandi við ábyrgðir, heldur en að veita viðbótarábyrgð fyrir láni, sem þessi aðili tæki. Má að vísu segja, að til þess að fullnægja þess-

um bókstaf gætu ríkisverksmiðjurnar á þeim tíma gert samning við ríkið um endurgreiðslu á skuldunum. En það færi að sjálfsögðu eftir því, hvernig rekstur þeirra gengi, hvort slíkur samningur yrði meira en pappírsgagn til þess að fullnægja þessu fyrirmæli í lögum, ef það verður sett í lög. Ég vil með þessu benda á það, að þó að þetta líti vel út og við fyrstu sýn sýnist eðlilegt, þá getur svo farið, að það verði erfitt að fylgja því eftir í framkvæmd.

Samkvæmt 4. gr. frv. er til þess ætlazt, að hver sá, er ríkissjóður gengur í ábyrgð fyrir, borgi svonefnt áhættugjald. Það á að nema 1% af ábyrgðarupphæð, þegar um einfalda ábyrgð er að ræða, en 1½%, þegar ríkissjóður tekur á sig sjálfskuldarábyrgð. Ég tel ekki rétt að skattleggja með þessum hætti þær nauðsynlegu framkvæmdir, sem verið er að styðja með ríkisábyrgðum. 2. till. okkar á þskj. 547 er því um það að fella niður þessa grein. Nefna má það, að fulltrúaráðsfundur Sambands íslenzkra sveitarfélaga, sem var haldinn hér í Reykjavík nú á þessum vetri, eftir að þetta frv. kom fram, mótmælti fyrir sitt leyti þessu gjaldi.

Þá er það 5. gr. frv. Þar segir, að ef ábyrgðargreiðsla fellur á ríkissjóð, þá sé fjmrn. heimilt að halda eftir greiðslum, er aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, eftir því sem með þarf til greiðslu skuldarinnar, þótt almennar reglur um skuldajöfnun séu eigi fyrir hendi. Við þessa grein flytjum við brtt. Við leggjum til, að við greinina bætist: „Hér undir falla þó ekki greiðslur ríkisins til skóla eða aðrar lögbundnar greiðslur til sérstakra framkvæmda sveitarfélaga.“ Það sýnist ekkert athugavert við það, þó að ríkissjóður taki fé, sem t. d. sveitarfélag á að fá úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, til greiðslu á skuld við ríkissjóð, sem stafar af því, að ríkissjóður hefur orðið að greiða eitthvað af láni, sem hann var í ábyrgð fyrir. Hins vegar verður það að teljast of langt gengið að taka fé, sem ætlað er samkvæmt sérstökum lagafyrirmælum til alveg ákveðinna framkvæmda, eins og t. d. skólabygginga. Það sýnist of langt gengið. Það virðist ekki heldur eftirsóknarvert fyrir fjmrh. að fá slíka heimild í hendur, þar sem það mundi verða ákaflega erfitt fyrir hann, geri ég ráð fyrir, að ganga svo langt í þessum skuldajöfnuði að taka slíkar greiðslur, sem ætlaðar væru til alveg sérstakra framkvæmda lögum samkvæmt.

Þá er það 7. gr. Þar segir, að fjmrh. sé heimilt að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjmrn. til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem hann kveður nánar á um. Ég tel, að það sé ekki rétt af Alþingi að benda sérstaklega á banka til þess að vera fjmrh. til aðstoðar í þessum efnum eða nokkurs konar ráðgjafi við framkvæmd laga um ríkisábyrgðir. Banki mundi tæpast mæla með því, að ábyrgð væri veitt, nema svo fullkomnar tryggingar stæðu þar að baki, að hann teldi þær nægilegar fyrir sig, ef hann sjálfur ætlaði að veita lánið án ríkisábyrgðar. Það getur því vel farið svo, ef farið væri eftir tillögum banka, að útilokað væri fyrir þá, sem helzt þyrftu á ríkisábyrgðum að halda, að fá þær. Ábyrgðirnar yrðu þá einkum veittar þeim, sem sízt þurfa á þeim að halda. Banki mundi tæplega líta fyrst og fremst á þörfina fyrir vissar framkvæmdir á ákveðnum stöðum á landinu, þó að sú þörf væri brýn, heldur setja önnur sjónarmið ofar. Ég geri t. d. ekki ráð fyrir því, þegar einhver ríkisbankinn ætti að fara að meta og vega umsókn um ríkisábyrgð, að þá hefði hann mjög ofarlega í huga jafnvægi í byggð landsins, sem oft er talað um, en hann mundi líta á málið vafalaust fyrst og fremst út frá almennu bankasjónarmiði. Ráðherra getur vafalaust fengið sér ráðunauta til aðstoðar við framkvæmd ríkisábyrgðarlaga, þó að það sé ekki ákveðið í lögum, en eins og ég hef vikið að, þá tel ég, að þingið eigi ekki að benda á banka sem ráðgjafa í þeim efnum. Venjuleg bankasjónarmið eiga ekki ætíð fyllsta rétt á sér í sambandi við veitingu ríkisábyrgða. Það eru ýmis önnur sjónarmið, sem hafa fremur komið til greina við veitingu ríkisábyrgða á liðnum árum, og ég geri ráð fyrir, að þannig þurfi þetta að verða í framtíðinni, ef vinna á að framförum í landinu sem víðast og styðja þær af því opinbera.

Þá er loks hér viðkomandi 8. gr. frv. Þar segir m. a., að í reglugerð megi ákveða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknum hundraðshluta miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt. Mér sýnist óeðlilegt, að þetta sé reglugerðarákvæði, hvað ríkisábyrgðirnar megi nema háum hundraðshluta af verði framkvæmda, sem ríkisábyrgðarlán á að ganga til. Annaðhvort ætti þetta að vera í almennum lögum eins og þeim, sem hér er ætlunin að setja, eða þá að afgreiðast á Alþingi hverju sinni, eins og verið hefur. Við leggjum því til, að þessi málsliður 8. gr. falli niður.

En ég átti eftir að gera hér grein fyrir brtt. okkar við 7. gr. Við viljum fella úr henni ákvæðið um það, að ráðherra skuli sérstaklega leita til ríkisbankanna, eins og ég hef gert grein fyrir. En hins vegar sýnist það alveg eðlilegt ákvæði í þeirri grein, að ríkisstj. láti fylgjast með rekstri þeirra aðila, sem ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, þeir séu skyldir að láta í té ársreikninga sína og hverjar þær skýrslur og gögn, sem ríkisstj. telur nauðsynleg vegna eftirlitsins. Þetta virðist eðlilegt ákvæði og fjmrh. gæti samkvæmt okkar till. falið þetta eftirlit banka, ef honum sýndist svo, eða hverjum þeim aðila, sem hann teldi eðlilegt að fela þetta eftirlit. Það er að sjálfsögðu mjög eðlilegt, að slíkt eftirlit sé af hálfu ríkisstj. Það þarf vitanlega að hafa gott eftirlit með því, að lántakendur, sem ríkið stendur í ábyrgð fyrir, hliðri sér ekki hjá að greiða sjálfir af sínum lánum, ef þeir hafa getu til þess. Það er mjög nauðsynlegt að líta eftir slíku, því að það er vitanlega hættulegt, ef einhverjir, sem hér eiga hlut að máli, hliðra sér hjá að greiða það, sem þeim ber, þó að þeir hafi möguleika til þess ekki minni en sumir aðrir, sem reyna að standa í fullum skilum.

Í þessu frv. eru nokkur ákvæði, eins og nú hefur verið vikið að, um heimildir til fjmrh.

varðandi framkvæmd laga um ríkisábyrgðir. En það vil ég að síðustu taka fram í sambandi við þetta mál, að æðsta valdið í þeim öllum hlýtur þó að vera hjá Alþingi eftir sem áður, þó að slíkar almennar reglur séu settar í lög. Alþingi hlýtur að hafa þar æðsta valdið og geta ákveðið ríkisábyrgðir eins og áður og sett þau skilyrði, sem það telur rétt að setja, og tekið allar ákvarðanir viðkomandi einstökum ábyrgðum, eins og áður hefur verið. Þannig hlýtur það að verða, að æðsta valdið verði áfram hjá þinginu, þó að slíkar almennar reglur séu settar.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Í 4. gr. frv. á þskj. 470 er svo fyrir mælt, að greiða skuli 1% til ríkisins af ábyrgðarupphæð, þegar um er að ræða einfalda ábyrgð ríkissjóðs, en 1½%, ef um sjálfskuldarábyrgð er að ræða. Samkvæmt greininni er ekkert ákvæði um það, hvort þetta skuli renna beint í ríkissjóðinn eða haldið sér. Ég vil því leyfa mér að bera fram við þessa umr. skriflega brtt., svo hljóðandi:

„Við 4. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Áhættugjald það, sem greitt verður skv. 1. og 2. málsgr. þessarar gr., skal geymt á sérstökum reikningi. Má einungis nota þetta fé, eftir því sem til vinnst, til þess að greiða ábyrgðarkröfur, sem á ríkissjóð kunna að falla, svo og kostnað við framkvæmd laga þessara. Nú endurgreiðist skuld, sem greidd hefur verið af framangreindum reikningi, og skal þá hið endurgreidda fé lagt á reikninginn."

Ég hef ekki rætt þessa till. við hv. fjhn. Hins vegar hef ég rætt það við hæstv. ráðh., og hefur hann tjáð mér, að hann mundi fallast á, að þessu yrði bætt við greinina. Ég læt það að sjálfsögðu í vald hæstv. forseta, hvort hann vill bera þessa brtt. upp nú við 2. umr. eða hvort hv. frsm. meiri hl., form. n., óskar eftir, að n. hafi hana til athugunar til 3. umr.

Ég skal að öðru leyti ekki ræða mikið um sjálft frv. Það blandast engum hugur um það, að svo langt og óvarlega hefur verið gengið í ábyrgð af ríkissjóði fyrir ýmsum greiðslum, að hér er nauðsyn að spyrna við fótum. Það má deila um einstök atriði, eins og ávallt má deila um, þegar um nýja lagasmíð er að ræða. En að sjálfsögðu mun lífið kenna hv. alþm. að breyta þessu síðar, ef þörf gerist. Hitt finnst mér vera mesta nauðsynin, að frv. nái fram að ganga til þess að spyrna fótum við ýmsu í sambandi við veitingu á ríkisábyrgðum. Ég skal í sambandi við þetta leyfa mér að benda á, að ég þekki það frá minni þingsögu, að stundum hafa flokkarnir komið sér saman um það að styðja að ríkisábyrgð, þegar þing kæmi næst saman, til þess að bjarga ákveðnum málum, sem sýnir, að nauðsyn hefur verið á þessu á hverjum tíma, en að sjálfsögðu ætti að forðast slíka meðferð fjármála fyrir ríkissjóð að svo miklu leyti sem mögulegt er.

Hv. 4. þm. Austf. sagði hér áðan, að þessi lög, ef samþykkt yrðu, mundu torvelda nýjar nauðsynlegar framkvæmdir. Ég er honum ekki alveg sammála um það atriði, og skal ég í því sambandi leyfa mér að benda á, að mér skilst, að við afgreiðslu fjárlaga síðast hafi m. a. þurft að taka svo mikið tillit til afborgana og vaxta af lánum til ákveðinnar hafnar, sem höfnin gat ekki staðið undir sjálf, að það gleypti mikinn hluta af því framlagi, sem átti að fara til hafnanna í landinu. Ef þeirri stefnu er haldið áfram, þá er það sýnilegt, að fjárveitingarnar eru teknar úr höndum fjvn. og Alþingis og færðar yfir á þá menn, sem langmest og bezt geta skapað sér ábyrgðir á milli þinga fyrir ákveðnum framkvæmdum, sem þeir ætla sér kannske aldrei að greiða, svo að ég tel einmitt, að það sé nauðsynlegt að setja hér skorður við til þess að tryggja nauðsynlegar nýjar framkvæmdir í landinu.

Út af því, sem sagt var hér um þær upphæðir, upp undir 180 millj., sem greiddar hafa verið fyrir vanskil þeirra, sem ábyrgðirnar hafa verið veittar fyrir, þá hefði verið fróðlegt að fá að heyra frá hv. frsm. meiri hl., hvað mikið af þessum upphæðum er fyrir ríkisstofnanir, því að í þann tíma, sem ég var formaður fjvn., var venjulega stærsti hlutinn af því, sem greiða þurfti fyrir ábyrgðir, einmitt fyrir vangreiðslu þeirra ríkisstofnana, sem ríkissjóður hafði staðið í ábyrgðum fyrir, svo sem eins og síldarverksmiðjur og aðrar fleiri. Það hefði verið fróðlegt að fá upplýst, hvað hér væri um mikið fé að ræða. Ég hygg, að þær ábyrgðir, sem valdið hafa mestum erfiðleikum hér, séu ábyrgðirnar, sem veittar voru í sambandi við togarakaupin 1949. Þá var ákveðið í fyrstu, að ríkissjóður skyldi ganga í ábyrgð fyrir 70% af byggingarkostnaði skipanna, og tók hann til þess lán hjá Barclay's Bank. Áður en skipin voru tilbúin, varð gengisfelling, eins og kunnugt er, í landinu, og skipin urðu því miklu dýrari í íslenzkum krónum en gert var ráð fyrir, og af þeim ástæðum kippti að sér hendinni mestur hluti þeirra manna, sem höfðu pantað skipin. Það lá því ekki fyrir annað en auka þessa ábyrgð eða flytja skipin aldrei heim, og það varð því að ráði meðal ríkisstj. og Alþingis, að ábyrgðin yrði færð upp í 90% fyrir kaupendurna, sem mætti að sjálfsögðu allmikilli gagnrýni, en var gert fyrir þessa sérstöku aðstöðu, því þegar rætt var á sínum tíma hér, hvað hátt skyldi farið í ábyrgðir, bæði fyrir einstaklinga og sveitarfélög, mælti ég m. a. mjög mikið gegn því, að farið væri upp í 85—90% fyrir nokkur þau fyrirtæki, sem rekin eru með mikilli áhættu, enda hefur komið á daginn, að það hefur valdið mjög miklum erfiðleikum. Nú er það svo, að þessi skip, sem komu hér til landsins á árunum 1950—51, voru rekin með sæmilegum hagnaði. En í öll þessi 11 ár, sem liðin eru síðan, hefur viðkomandi hæstv. fjmrh. ekki treyst sér til þess að innheimta afborganir af þessum lánum. Það er áreiðanlegt, að það hefði verið hægt að gera það á fyrstu árum útgerðarinnar, og þar af leiðandi hefðu þessar ábyrgðir ekki þurft að valda þeim erfiðleikum, sem þær valda í dag. Þar á Sjálfstfl. enga sök á. Hann átti ekki fjmrh. í sæti á þeim árum.

Ég skal ekki efnislega ræða frv. meir. Ég vil aðeins taka fram, að það er föst regla hjá þeim ríkjum, sem taka ábyrgð á lánum í sambandi

við exportcredit, sem eru m. a. öll ríki í Evrópu, að greitt sé a. m. k. 1—2% fyrir slíka ábyrgð, en það er sama sem hér er ætlazt til að greitt verði. Sums staðar er gengið svo langt, að greitt er 1% fyrir hvert ár, á meðan á ábyrgðinni stendur. Hér er ekki ætlazt til þess, skilst mér, að það sé gert nema í eitt skipti fyrir öll, svo að mér finnst það ákvæði, sem hér er tekið upp, réttmætt, og kann það að hemla eitthvað þá ásókn í ríkisábyrgðir, sem menn sækjast svo fast eftir og hafa gengið langt fram yfir það, sem æskilegt er.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 580) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Aðeins örstutta athugasemd vil ég gera út af einu, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Vestf. áðan. Hann nefndi hér greiðslufrest á afborgunum lána, sem hefur verið veittur togaraeigendum fyrr á árum, skaut því þar fram í leiðinni, að ekki bæri hans flokkur neina ábyrgð á þessu, því að hann hefði ekki haft fjmrh. þá. Ég man eftir því, að það hafa nokkrum sinnum komið fyrir þingið slík mál, það hafi verið leitað eftir heimild þingsins til þess, að veittur væri greiðslufrestur á afborgunum lána hjá útgerðarfyrirtækjum, og það mun einnig rétt munað hjá mér, að oft hefur þá flokkur hv. 1. þm. Vestf. haft sjútvmrh., sem að sjálfsögðu þá stöðu sinnar vegna hefur jafnvel fremur en aðrir í stjórninni beitt sér fyrir þessu til þess að koma útgerðarfyrirtækjum yfir erfiðleika, sem þau áttu við að stríða. Ég hygg því, að allir flokkar þingsins eigi þátt í þessu og geti enginn mælt sig undan því að hafa komið þar við sögu. Sama máli gegnir um ríkisábyrgðirnar, eins og ég hef áður getið um. Það hefur yfirleitt ekki verið ágreiningur um þau mál milli flokka á Alþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 547,1 felld með 19:14 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 580 tekin aftur til 3. umr.
— 547,2 felld með 19:15 atkv.
4. gr. samþ. með 19:13 atkv.
Brtt. 547,3 felld með 19:13 atkv.
5. gr. samþ. með 19:13 atkv.
6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 547,4 felld með 19:15 atkv.
7. gr. samþ. með 19:5 atkv.
Brtt. 547,5 felld með 19:15 atkv.
8.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:2 atkv.

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 470, 580).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. hefur haft til meðferðar brtt. frá Gísla Jónssyni á þskj. 580 og skoðað hana, og er meiri hl. nefndarinnar meðmæltur, að hún verði samþ. Skúli Guðmundsson gerði í nefndinni grein fyrir skoðunum sínum, sem hann áður hefur lýst hér í deildinni, að hann væri andvígur þessu áhættugjaldi, og greiddi því ekki atkv., þegar till. var borin upp. Meiri hl. mælir sem sagt með, að till. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 580 samþ. með 21 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EI, EOl, EmJ, GíslG, GíslJ, GuðlG, GÍG, GJóh, HS, JP, JR, MÁM, PS, RH, SI, ÞÞ, DÓ, JKs, BF, BK, BGr.

HV, JSk, SkG, BFB, JKf, EðS greiddu ekki atkv.

13 þm. (VH, IG, GeirG, JPálm, GÞG, HÁ, IngJ, KGuðj, LJós, ÓTh, SÁ, ÁB, BBen) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 18:6 atkv. og endursent Ed.

Á 82. fundi í Ed., 24. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 624).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. Nd. gerði eina breytingu á þessu frv. um ríkisábyrgðir. Það er 3. málsgr. 4. gr., sem bætt var þar inn að tillögu hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ). Þessi málsgrein er svo hljóðandi: „Áhættugjald það, sem greitt verður skv. 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, skal geymt á sérstökum reikningi. Má einungis nota fé þetta, eftir því sem til vinnst, til þess að greiða ábyrgðarkröfur, sem á ríkissjóð kunna að falla, svo og kostnað við framkvæmd laga þessara. Nú endurgreiðist skuld, sem greidd hefur verið af framangreindum reikningi, og skal þá hið endurgreidda fé lagt á reikninginn."

Þetta er í samræmi við það, sem jafnan hafði verið fyrirhugað, að áhættugjaldið, sem ákveðið er í 4. gr., skyldi notað til þess, eftir því sem til ynnist, að mæta töpum vegna ábyrgða, sem á ríkið féllu, og ég tel til bóta að setja slíkt ákvæði skýrt inn í frv.

Ég legg til við þessa hv. d., að hún samþykki frv. eins og það liggur fyrir með þessari breytingu.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 649).

50. Seðlabanki Íslands.

Á 32. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um Seðlabanka Íslands [180. mál] (stjfrv., A. 315).

Á 54. fundi í Nd., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Íslenzkt bankakerfi er ekki aldargamalt. Fyrsti sparisjóður landsins var stofnaður árið 1868, það var sparisjóður Múlasýslna á Seyðisfirði. En hann starfaði ekki nema til 1870. Þremur árum síðar var Sparisjóður Siglufjarðar stofnaður, og er hann elzti sparisjóðurinn, sem nú starfar á landinu. Fyrsti bankinn, Landsbanki Íslands, var hins vegar stofnaður 1885. Á þingunum 1881 og 1883 höfðu verið borin fram frumvörp um bankastofnun, en málið í bæði skipti strandað á ágreiningi um, hvort stofna skyldi seðlabanka eða fasteignaveðlánastofnun. Í frv., sem lagt var fyrir þingið 1885, var farið bil beggja, enda gekk málið þá greiðlega gegnum þingið.

Starfsfé þessa fyrsta banka Íslendinga var hálf milljón króna, sem hann fékk úr landssjóði. Svo mikla fjárhæð átti landssjóðurinn að vísu ekki, og hann tók hana heldur ekki að láni. Hann lét prenta seðla — íslenzka seðla — fyrir þessari upphæð, ábyrgðist jafngengi þeirra við dönsku krónuna og fékk þá Landsbankanum til umráða, enda voru þeir löglegur gjaldmiðill.

Þannig fór það saman, að Íslendingar eignuðust fyrsta íslenzka bankann og fyrstu íslenzku peningaseðlana, þótt bankinn væri að vísu ekki seðlabanki.

Tæpum tveim áratugum síðar, eða 1901, samþykkti Alþingi hins vegar frv. um stofnun hlutabanka, sem hafa skyldi einkaleyfi til þess að gefa út gulltryggða seðla. Var bankinn stofnaður í Kaupmannahöfn tveimur árum síðar og nefndur Íslandsbanki. Hafði hann einkarétt til seðlaútgáfu til ársins 1921, er hann var sviptur honum, og 1922 var síðan ákveðið, að Landsbankinn skyldi annast seðlaútgáfu, sem nauðsynleg yrði umfram seðlaútgáfu Íslandsbanka. Gaf Landsbankinn fyrst út seðla samkv. þeim lögum árið 1924.

Árið 1923 var samþykkt á Alþingi heimild til þess að stofna nýjan banka, en hún var ekki notuð. Á Alþingi 1924 lagði síðan Björn Kristjánsson fram frv. um seðlaútgáfu ríkisins, og átti samkv. því sérstök stofnun að hafa seðlaútgáfuna með höndum og gefa út gulltryggða seðla, er hún lánaði bönkunum. Að tilmælum ríkisstj. var flutt annað frv. um þetta efni, og átti Landsbankinn samkv. því að vera hlutabanki og hafa seðlaútgáfurétt. Hvorugt málið hlaut afgreiðslu. Ári síðar, eða 1925, bar ríkisstj. enn fram frv. um Landsbankann, en fjhn. efri deildar klofnaði í fjóra hluta um málið, og lauk því þannig, að ákveðið var að skipa milliþn. til athugunar á málinu. Hún gaf síðar út ýtarlegt álit, og var seðlaútgáfumálinu endanlega ráðið til lykta á þingunum 1927 og 1928.

Deilt hafði verið um það fyrst og fremst, hvort koma skyldi á fót sérstökum seðlabanka eða hvort Landsbankanum skyldi falinn seðlaútgáfurétturinn. Minni hluti milliþn., Benedikt Sveinsson, lagði til, að stofnaður yrði sérstakur seðlabanki, er nefna skyldi Ríkisbanka Íslands. En meiri hluti nefndarinnar lagði til, að farið yrði bil beggja, og varð það niðurstaðan á Alþingi. Landsbankanum var skipt í 3 deildir, seðlabanka, sparisjóðsdeild og veðdeild, og var seðlabankanum fenginn seðlaútgáfurétturinn. Þessi lög um Landsbankann frá 1928 hafa síðan, í rúma þrjá áratugi, verið kjarninn í íslenzkri bankalöggjöf.

Lagasetningin bar þess greinileg merki, að hún var málamiðlun milli tveggja ólíkra sjónarmiða. Sú málamiðlun kann að hafa verið skynsamleg eða jafnvel nauðsynleg, eins og þá háttaði í íslenzku fjárhagskerfi, einkum þegar höfð er hliðsjón af því, hversu aðstæður allar eru hér miklu þrengri en gerist nokkurs staðar annars staðar í nálægum löndum.

Í grundvallaratriðum hlaut það þó að teljast óeðlilegt, að sama bankastofnunin ætti að gegna jafngerólíkum hlutverkum og þeim, sem teljast meginverkefni seðlabanka annars vegar og viðskiptabanka hins vegar. Höfuðhlutverk seðlabanka hlýtur jafnan að vera annars vegar að annast seðlaútgáfu og leitast við að tryggja peningamagn í umferð og að heildarframboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt að fullu, og hins vegar að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, sem tryggi frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Hlutverk viðskiptabanka er hins vegar að ávaxta sparifé og lausafé og lána það til atvinnurekstrar og hvers konar framkvæmda og stunda auk þess ýmiss konar fjármálaviðskipti. Hér er um svo gerólík hlutverk að ræða, að erfitt getur verið fyrir sömu stofnun og sömu stjórnendur að gegna þeim báðum samtímis á bezta hátt. Reynsla sýndi líka fljótlega, að seðlabankasjónarmiðin og viðskiptabankasjónarmiðin rákust oft á. Deilurnar um þessa skipun þögnuðu og aldrei. Uppi voru alltaf raddir um það, að nauðsynlegt væri að greina seðlabankastörfin frá viðskiptabankastarfseminni og koma á fót sérstökum seðlabanka.

Sænskur hagfræðingur — Erik Lundberg — sem starfaði hér á landi á vegum ríkisstj. á árinu 1935, lagði til, að hér yrði komið á fót sjálfstæðum seðlabanka, og flutti Emil Jónsson frv. um það efni 1937, en það náði ekki fram að ganga.

Milliþn., sem starfaði að bankamálinu og skilaði áliti árið 1941, taldi enn ekki tímabært að koma á fót sérstökum seðlabanka.

Áratug síðar, 1951, skipaði ríkisstj. enn nýja nefnd til þess að fjalla um skipulag bankamálanna, og var dr. Benjamin Eiríksson bankastjóri formaður þeirrar nefndar. Ári áður, eða haustið 1950, hafði starfað hér fjármálasérfræðingur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Henry Murphy, og lagt mjög eindregið til, að stofnaður yrði sérstakur seðlabanki. Voru tillögur

hans ræddar ýtarlega í hinni nýju bankamálanefnd, en um þær varð ekki samkomulag í nefndinni og skilaði hún ekki endanlegu áliti.

Meginrökin, sem jafnan höfðu verið flutt fyrir nauðsyn sérstaks seðlabanka, voru þau, að seðlabanki gæti ekki sem skyldi rækt meginhlutverk sitt í sambandi við stjórn seðlaútgáfunnar og eflingu gjaldeyrisvarasjóðs, ef stjórnendur hans væru jafnframt stjórnendur umsvifamikils viðskiptabanka, enda væru slík tengsl milli viðskiptabanka og seðlabanka óþekkt í öðrum löndum með þroskuðu fjármálakerfi. Aðalrökin gegn því að losa seðlabankann úr tengslum við Landsbankann, voru hins vegar þau, að það hefði aukinn kostnað í för með sér, auk þess sem það gæti verið seðlabankanum til styrktar í stjórn sinni á bankakerfinu, að stjórnendur hans hefðu jafnframt tök á stærsta viðskiptabankanum. Enn fremur var áherzla lögð á það, að það væri seðlabankanum nauðsynlegt í skiptum sínum út á við að njóta áfram þess trausts, sem Landsbankinn hafði *aflað sér erlendis.*

Sú breyting, sem gerð var á landsbankalögunum 1957, var að vissu leyti tilraun til þess að sætta þessi tvö sjónarmið. Landsbankanum var ekki skipt formlega, en stjórn seðlabankans og viðskiptabankans var hins vegar alveg aðskilin. Seðlabankinn var *settur undir stjórn* tveggja bankastjóra og þriggja meðstjórnenda, en viðskiptabankinn var eftir sem áður undir stjórn þriggja bankastjóra og bankaráðs. Í reynd hefur aðskilnaðurinn milli seðlabankans og viðskiptabankans orðið gagngerðari en lögin gerðu ráð fyrir með því að halda báðum deildunum innan einnar stofnunar, Landsbanka Íslands. Hér hefur í raun og veru verið um tvo banka að ræða, þótt gert hafi verið ráð fyrir ýmsum tengslum þeirra á milli og því, að þeir hefðu ýmislegt sameiginlegt. Reynslan hefur sýnt, að það er ekki aðeins gagnlegt, heldur beinlínis nauðsynlegt að hafa seðlabankann undir sérstakri stjórn. Varla mun nokkrum lengur detta í hug að sameina aftur seðlabanka og viðskiptabanka undir einni og sömu stjórn. Virðist því sjálfsagt að breyta lögum í samræmi við þá skipan mála, sem raunverulega er komin á, og gera þá jafnframt þær breytingar á lagasetningunni, sem nauðsynlegar eru, til þess að hún svari kröfum tímans og verði þannig, að von ætti að geta verið til, að hún *stæði til nokkurrar frambúðar.*

Lagasetningunni 1957 var því miður hrað um of. Það meginatriði að fela sérstakri stjórn seðlabankahlutverkið, stefndi tvímælalaust í rétta átt. Það var hins vegar óeðlilegt að halda seðlabankanum í tengslum við viðskiptabanka innan *stórrar stofnunar, Landsbankans,* og hlaut að leiða af því margs konar vankanta, bæði í lagasetningunni sjálfri og í reynd. Þess vegna hefur núv. ríkisstj., allt frá því að til hennar var stofnað, talið það eitt af verkefnum sínum að bæta úr því, sem vangert var 1957, stíga sporið varðandi stofnun sérstaks seðlabanka til fulls, setja um hann sérstök lög í samræmi við nútímasjónarmið á hlutverki slíkra banka og endurskoða jafnframt lagasetninguna um stærstu viðskiptabankana, Landsbankann og Útvegsbankann. Ríkisstjórnin hefur um langt skeið undanfarið unnið að þessum málum ásamt sérfróðum mönnum og í samráði við framkvæmdastjórnir seðlabankans og þessara viðskiptabanka. Niðurstaðan af þessu starfi er fólgin í frv. því um Seðlabanka Íslands, sem hér liggur nú fyrir, frv. um Landsbanka Íslands, sem einnig hefur verið lagt fram, og frv. um Útvegsbanka Íslands, sem bráðlega mun verða lagt fyrir Alþingi, ásamt frv. um nokkrar breytingar á gildandi lögum um Framkvæmdabanka Íslands, sem hæstv. fjmrh. mun á sínum tíma gera grein fyrir.

Ég skal nú leitast við að gera grein fyrir helztu nýmælunum og breytingunum, sem fólgnar eru í þessu frv.

Hlutverk það, sem Seðlabankanum er markað í 3. gr. frv., er í samræmi við viðurkenndar skoðanir fjármálasérfræðinga og nýjustu fyrirmyndir í löggjöf annarra þjóða, en ákvæði gildandi laga um hlutverk Seðlabankans eru orðin mjög úrelt. Samkvæmt þessu frv. skal það vera meginhlutverk Seðlabankans að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á *sem fyllstan og hagkvæmastan hátt,* og að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Auk þessa er það talið hlutverk Seðlabankans að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gengismál og hafa umsjá og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum, að annast bankaviðskipti ríkissjóðs og vera ríkisstj. til ráðuneytis um allt, er varðar gjaldeyris- og peningamál, að vera banki annarra banka og peningastofnana, hafa eftirlit með bankastarfsemi og stuðla að heilbrigðum verðbréfa- og peningaviðskiptum.

Varðandi stjórn bankans eru þau ákvæði í frv., að yfirstjórn hans sé í höndum ráðherra þess, er fer með bankamál, og 5 manna bankaráðs, sem kosið sé hlutbundinni kosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn, og skal það hafa yfirumsjón með starfsemi Seðlabankans auk þess, sem bankastjórnin skal hafa náin samráð við bankaráðið um stefnu bankans almennt svo og um ákvarðanir í mikilvægum málum. Að öðru leyti skal stjórn bankans vera í höndum þriggja manna bankastjórnar, sem ráðherra skipi að fengnum tillögum bankaráðs. Skal bankastjórnin bera ábyrgð á rekstri bankans og fara með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans undir yfirstjórn ráðherra og bankaráðs, svo sem ég gat um áðan.

Sú *spurning* hefur *mjög mikið* verið rædd, bæði hérlendis og erlendis, hversu mikið sjálfstæði löggjafinn skuli veita seðlabanka til ákvarðana sinna. Hafa sumir haldið því fram, að seðlabanki eigi aðeins að vera ein grein ríkisvaldsins og fara í einu og öllu eftir fyrirmælum þeirrar ríkisstjórnar, sem með völd fari hverju sinni. Aðrir hafa verið og eru þeirrar skoðunar, að seðlabanki eigi að vera sem sjálfstæðastur og geta gengið í berhögg við

stefnu ríkisstjórnar, ef hann telji hana ranga eða hættulega. Í löggjöf margra þjóða er enn gert ráð fyrir því, að seðlabankar njóti mikils sjálfstæðis til ákvarðana. En í reynd hefur þó smám saman hlotið viðurkenningu í öllum lýðræðisríkjum, að það sé hlutverk seðlabanka að styðja þá meginstefnu, sem löggjafarþing og ríkisstj. hefur ákveðið að beita sér fyrir, og sú stjórn seðlabanka verði að víkja, sem vill ekki marka störf bankans til stuðnings þeirri stefnu. Að hinu leytinu er nauðsynlegt, að tekið sé tillit til skoðana seðlabankans á því, hvaða stefnu beri að fylgja í efnahagsmálum hverju sinni, og veita honum hæfilegt ákvörðunarvald í þeim málefnum, sem liggja innan starfssviðs hans.

Stjórn peninga- og gjaldeyrismála er að mjög verulegu leyti sérfræðilegt viðfangsefni, sem nauðsynlegt er að hafa í höndum sérstakrar stofnunar, sem hefur aflað sér bæði reynslu og þekkingar til þess að leysa úr þeim. Ríkisstjórn á því að viðurkenna, að seðlabanki hefur sjálfstætt verk að vinna varðandi tryggingu hæfilegs peningamagns í umferð og eflingu gjaldeyrisvarasjóðs, þótt endanlegt úrskurðarvald varðandi það, hvaða markmiðum eigi að keppa að í efnahagsmálum og hvaða leiðir beri að fara að því marki, hljóti jafnan að vera hjá löggjafarþingi og ríkisstjórn. Í samræmi við þessi sjónarmið eru þau ákvæði í 4. gr. frv., að Seðlabankinn skuli í öllu starfi sínu hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé hins vegar um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða, er Seðlabankanum talið rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar, en hann skuli engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum. Ákvæði eins og þessi munu enn sjaldgæf í seðlabankalöggjöf, en sjónarmið þau, sem í þessum ákvæðum felast, eru hins vegar orðin ráðandi í reynd með lýðræðisþjóðum.

Ákvæði frv. um seðlaútgáfu eru svipuð núgildandi lagaákvæðum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að samið verði um það milli bankans og fjmrn., að bankinn taki að sér myntsláttu. Ætti sú skipun að geta haft í för með sér sparnað og betri samræmingu á seðlaútgáfu og myntsláttu.

Þá er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn hafi eftirlit með starfsemi banka, sparisjóða og annarra innlánsstofnana, en lengi hefur verið mikil þörf á, að slíku eftirliti væri komið á hér á landi eins og annars staðar.

Í núgildandi lögum er Seðlabankanum falið vald til ákvörðunar á vöxtum og til þess að binda innlán banka og annarra innlánsstofnana, en þetta er hvort tveggja meðal mikilvægustu tækja, sem seðlabanki hefur yfir að ráða til þess að hafa áhrif á peningamagnið og útlánagetu bankakerfisins. Í núgildandi lögum er heimild Seðlabankans til innstæðubindingar ótakmörkuð. Í þessu frv. eru hins vegar ákvæði um hámark þeirrar innstæðubindingar, sem Seðlabankinn má ákveða, og er það 20% af innstæðum, sem ávísa má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum. Í lögum viðskiptabankanna eru ákvæði um, að þeir skuli eiga verðbréfaeign á móti tilskildum hluta innstæðna. Í þessu frv. er Seðlabankanum gert kleift að skylda allar innlánsstofnanir til að eiga slíka verðbréfaeign, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, enda verður að telja sjálfsagt, að allar innlánsstofnanir ávaxti þannig hluta af innlánsfé sínu í tryggum og auðseljanlegum verðbréfum.

Ákvæði þessa frv. um heimild Seðlabankans til þess að ákveða vexti eru hin sömu og í gildandi lögum.

Seðlabankinn hefur verið viðskiptabanki ríkissjóðs og annazt bankaþjónustu fyrir hann, og gerir frv. ráð fyrir, að svo verði áfram. Hins vegar eru það nýmæli í frv., að Seðlabankinn beiti sér fyrir því, að hér komist á eðlileg verðbréfaviðskipti, m. a. með því að stofna og reka kaupþing. Er hér um að ræða mjög brýnt verkefni, sem leggja þarf kapp á að sinna til þess að stuðla að eðlilegri fjármagnsmyndun í landinu.

Á sviði gjaldeyris- og gengismála er Seðlabankanum samkv. þessu frv. ætlað að gegna sama hlutverki og hann hefur gegnt hingað til, en varðveizla gjaldeyrisvarasjóðs þjóðarinnar og eftirlit með gjaldeyrisverzluninni hlýtur ætíð að vera eitt af meginhlutverkum seðlabanka. Hins vegar er það nýmæli í þessu frv., að Seðlabankinn verði fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en jafnframt falli niður skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann vegna framlags Íslands til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hingað til. Frv. gerir og ráð fyrir, að Seðlabankinn haldi áfram að reka hagfræðideild og annist ýmiss konar hagskýrslugerð.

Stofnfé Landsbanka Íslands — seðlabankans er nú 4.8 millj. kr. og greiðir Seðlabankinn árlega vexti í ríkissjóð af þeirri upphæð. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að stofnfé bankans verði hækkað í 100 millj. kr. með nauðsynlegum breytingum á reikningum bankans, enda er það í samræmi við raunverulegar eignir hans. Er svo kveðið á í frv., að af þessari upphæð skuli bankinn greiða 5% í arð á ári, en þó ekki hærri upphæð en helming tekjuafgangsins. Einnig er gert ráð fyrir, að arðurinn renni í sérstakan sjóð, sem Seðlabankinn varðveiti, en hálfar tekjur sjóðsins renni til vísindasjóðs og sé þannig varið til eflingar vísindastarfsemi í landinu, en um það mun ekki vera ágreiningur, að brýn þörf sé á því, að Íslendingar stórefli vísindastarfsemi sína frá því, sem nú er, einkum og sér í lagi á sviði hvers konar hagnýtra vísinda, svo sem fiskirannsókna, iðnaðarrannsókna og landbúnaðarrannsókna, ef þjóðin á ekki að dragast aftur úr öðrum þjóðum á sviði tækni og vísindalegrar þekkingar.

Í bráðabirgðaákvæðum er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. og Seðlabankinn semji um gengisreikninginn, sem myndaðist vegna ákvæða laganna um efnahagsmál frá síðasta ári og á var fært það gengistap og sá gengishagnaður, sem

gengisbreytingin hafði í för með sér hjá bönkunum og ríkissjóði. Um síðustu áramót var skuld á þessum reikningi 191.2 millj. kr., og var meginhluti þessarar upphæðar 142.6 millj. kr. vegna gengistaps á skuld Íslands við Greiðslubandalag Evrópu. Heildargengistap bankanna í sambandi við gengisbreytinguna nam því 48.6 millj. kr. Í efnahagsl. var svo kveðið á, að reikningur þessi skyldi vera á nafni ríkissjóðs. Í bráðabirgðaákvæðum þessa frv. er hins vegar gert ráð fyrir heimild til þess, að svo verði um samið, að Seðlabankinn taki þennan reikning að sér, enda er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn og ríkisstj. semji svo um, að bundnar innstæður, sem standa á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum vegna mótvirðisfjár, samtals að upphæð 112.5 millj. kr., geti komið hér á móti, þannig að upphæð gengisreikningsins lækki á þennan hátt í 78.7 millj. kr. Er síðan gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn jafni þessa skuld á gengisreikningnum af rekstrartekjum sínum árið 1960 og næstu ár þar á eftir.

Það er eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort samþykkt þessa frv. um stofnun sjálfstæðs seðlabanka muni hafa verulega aukinn kostnað í för með sér. Það var ein af röksemdunum fyrir því að halda seðlabankanum og viðskiptabankanum innan einnar stofnunar 1957, þar sem hvor um sig væri þó settur undir sérstaka stjórn, að slíkt hefði sparnað í för með sér. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að seðlabankinn og viðskiptabankinn hafa smám saman tekið að starfa sem tvær alveg sjálfstæðar stofnanir, með aðskildum fjárhag og aðskildu starfsliði. Það hefur því ekki orðið neinn sparnaður að því, að báðar þessar stofnanir væru innan vébanda Landsbanka Íslands. Sú samvinna, sem eðlileg og nauðsynleg er milli Seðlabankans og Landsbankans, sérstaklega meðan báðar stofnanir eru til húsa í sömu byggingunni, getur átt sér stað með alveg sama hætti, þótt bankarnir verði formlega aðskildir. Það mun því óhætt að staðhæfa, að í kjölfar þeirrar skipulagsbreytingar, sem leiða mun af samþykkt þessa frv., mun ekki sigla aukinn rekstrarkostnaður, nema að því leyti sem telja má eðlilega afleiðingu þeirra auknu verkefna, sem Seðlabankanum eru falin í þessu frv.

Ekki sízt vegna þeirrar algerlega sjálfstæðu stöðu, sem Seðlabankinn nú fær, ef þetta frv. nær fram að ganga, og þeirra nýju verkefna, sem honum eru lögð á herðar, hefur þótt nauðsynlegt, að stjórn hans sé skipuð með svipuðum hætti og stærstu viðskiptabankanna, þ. e. a. s. að bankastjórar séu þrír og þeir starfi undir umsjón þingkjörins bankaráðs. Samkvæmt gildandi lögum er stjórn Seðlabankans í höndum tveggja bankastjóra og þriggja meðstjórnenda. Gert er nú ráð fyrir, að starf meðstjórnendanna sé lagt niður, en einum bankastjóra bætt við í staðinn. Við því er ekki að búast, að unnt sé að sinna þeim störfum, sem meðstjórnendum Seðlabankans voru ætluð, á þann hátt, sem æskilegt væri, meðan þau eru aukastörf, og hitt því heppilegra, að fela þau einum manni, sem hafi þau að aðalstarfi, en kostnaðurinn við það er svipaður og hann hefur verið vegna starfa hinna þriggja meðstjórnenda.

Kostnaður við stjórn Seðlabankans eykst því ekki umfram það, sem því svarar, að gert er ráð fyrir bankaráði við Seðlabankann eins og alla hina bankana. En það verður að teljast eðlilegt, að yfirumsjón með Seðlabankanum sé í höndum bankaráðs, sem kosið sé af sjálfu Alþingi.

Jafnframt má geta þess, að ekki eru tekin í frv. ákvæði um þingkjörna endurskoðendur, heldur er bankaráðinu falin ábyrgð á endurskoðun reikninga Seðlabankans.

Ríkisstj. hefur undirbúið þetta frv. vandlega. Hún gerir sér þess ljósa grein, að nauðsynlegt er, að skipulag bankamálanna sé í sem föstustum skorðum. Tíðar breytingar á bankalöggjöf eru ekki heppilegar. Það er ekki heldur heppilegt, að tíðar breytingar séu gerðar á sjálfri stjórn bankanna. Af þessum sökum hefur ríkisstj. viljað leggja áherzlu á að koma nú bankalöggjöfinni og stjórn bankakerfisins í slíkt horf, að hvort tveggja gæti orðið til nokkurrar frambúðar. Ég vona, að um það verði ekki ágreiningur, að ákvæði þessa frv. um hlutverk og skipulag Seðlabankans séu þannig, að þau samrýmist nútíma sjónarmiðum í fjármálum og lýðræðisreglum.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil segja aðeins fáein orð um þetta mál nú við 1. umr.

Sá hæstv. ráðh., sem hér talaði fyrir málinu, gaf þá yfirlýsingu, að tíðar breytingar á bankalögunum væru ekki heppilegar. Þetta er nokkuð athyglisverð yfirlýsing og þá m. a. þegar þess er gætt, að einmitt þessi hæstv. ráðh., sem lét í ljós þessa skoðun, átti þátt í því fyrir örfáum árum að breyta bankalöggjöf landsins — löggjöf um alla ríkisbankana — og færa löggjöfina í það horf, sem hún er nú. En nú, aðeins örfáum árum síðar, af því að þessi ráðh. hefur skipt um samstarfsflokk, á hann meginþátt í því að umturna allri þessari löggjöf, sem hann sjálfur átti meginþátt í að setja fyrir aðeins örfáum árum. Það er því tæpast hægt að segja, að það sé mikið samræmi í því, sem þessi hæstv. ráðh. segir, þeim stefnuyfirlýsingum, sem hann flytur um þetta atriði, og því, sem hann gerir.

Þessi löggjöf eða þetta frv., sem hér liggur fyrir og hæstv. ráðh. segir að hæstv. ríkisstj. hafi unnið mjög lengi að með mörgum sérfræðingum, er þó sannarlega lítið annað en stórkostlegar umbúðir utan um örfá meginatriði, því að meginatriðin, sem þetta frv. hefur að færa umfram það, sem nú þegar er í lögum, eru að setja upp nýja bankastjórastöðu í Seðlabankanum og fjölga mönnum í yfirstjórn bankans í heild úr 5 og í 8. Nú eru í yfirstjórn Seðlabankans 5 menn, sem heita stjórn hans, þar af eru tveir raunverulegir bankastjórar eða framkvæmdastjórar og þrír meðstjórnendur. Samkvæmt þessari löggjöf eiga hér um að fjalla 8 manns í staðinn fyrir 5. Það koma sem

sé ný 3 sæti til ráðstöfunar fyrir stjórnarflokkana, ein bankastjórastaða og tvö bankaráðssæti, umfram þann mannfjölda, sem þarna er nú fyrir. Og þetta er aðalatriði frv. Um þennan kjarna er öllum þessum líka litlu umbúðum ofið, og hæstv. ráðh. kemur hér og flytur eins konar hátíðaræðu í bankamálum um það, hvað ríkisstj. hafi kafað djúpt og lagt sig mikið fram um að fá nú reglulega gott og varanlegt og æskilegt skipulag á Seðlabankann og allt bankakerfið í staðinn fyrir það, sem þessi sami hæstv. ráðh. átti meginþátt í að setja fyrir 3 árum. Þetta hafi verið mjög vandasamt verk og sé vísindalega unnið og þarna liggi það nú fyrir. En þegar nánar er að gáð, þá er efni málsins, að örfáum öðrum atriðum undanskildum, sem ég skal koma að síðar, þá er efni málsins þetta: að fá 3 ný embætti til að geta ráðstafað, að ógleymdu því, að setja á upp bankaeftirlitsstarf, sjálfsagt með talsverðu starfsliði, og þar koma líka nokkrir nýir stólar, sem hægt verður að ráðstafa. Það er aukaliður í þessu, sem hæstv. ráðh. vill kalla nýtt kerfi.

Það er látið í veðri vaka, að nú sé fyrst með þessu frv. verið að setja upp sérstakan seðlabanka. En þetta eru nú vægast sagt nokkuð mikil látalæti, þegar skoðuð er löggjöfin frá 1957, enda eru hreinar og beinar yfirlýsingar um það í grg. þessa frv. sjálfs frá hæstv. ríkisstj., að raunverulega hafi orðið fullur aðskilnaður á seðlabankanum og viðskiptabanka Landsbankans með löggjöfinni frá 1957. Starfsemi þeirra sé, — það stendur skýrum stöfum í grg., — raunverulega aðskilin og svo kirfilega aðskilin, eftir því sem hæstv. ráðh. lýsti hér sjálfur yfir áðan í ræðu sinni, að það sé ekki hægt að skilja hana meira í sundur, jafnvel þó að þessi nýja löggjöf verði sett, því að það var eitt höfuðatriðið í máli hæstv. ráðh., að hér yrði enginn nýr kostnaður, því að það væri nú þegar búið að skilja starf þessara tveggja banka svo rækilega í sundur, að það yrði ekki frekar gert, jafnvel þó að þessi nýja löggjöf yrði sett. Við þurfum því ekkert um það að þræta, að raunverulegur aðskilnaður átti sér stað á seðlabanka og viðskiptabanka 1957. Þá var settur upp sérstakur seðlabanki, og það er að því leyti til formið eitt, sem verið er að breyta með þessum ákvæðum í frv., sem lúta að því að breyta nöfnum og öðru slíku.

Þá var hæstv. ráðh. eitthvað að tala um, að með þessu frv. væri verið að stofna sjálfstæðan seðlabanka. Ég veit ekki, hvort í þessu sambandi á að gera mun á sérstökum og svo aftur sjálfstæðum seðlabanka. En þó fannst mér eins og þetta ætti að boða, að með þessu frv. væri seðlabankinn gerður eitthvað sjálfstæðari en hann hefði verið, og að því leyti til væri um nýmæli að ræða í þessari löggjöf, sem svo vandlega hefði verið undirbúin af mörgum sérfræðingum og á vísindalegum grunni nærri því. En ef við íhugum frv. að þessu leyti, sjáum við, að þetta fær ekki með nokkru móti staðizt.

Það eru í frv. miklar bollaleggingar fram og aftur og vangaveltur um, hvaða mál Seðlabankinn skuli fjalla um eða stjórn hans og að hve miklu leyti Seðlabankinn skuli ráða í einstökum þáttum peningamálanna og hver skuli vera afstaða ríkisstj. En niðurstaðan af öllum þessum vangaveltum og bollaleggingum í frv. og grg. er sú, að ef ágreiningur sé, þá skuli ríkisstj. ráða. Það er ekkert um það að villast samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir, að þá á ríkisstj. að ráða stefnu bankans og öllum meginframkvæmdum.

Ég skal lýsa því yfir, að ég hef ævinlega verið þeirrar skoðunar og er enn, að öðruvísi geti þetta ekki verið og eigi ekki að vera. Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að hvort sem það verður til góðs eða ills, og þá eftir því, hvort stjórnin verður til ills eða góðs, þá verði menn að horfast í augu við það, að ríkisstj. landsins verði að ráða stefnunni og framkvæmdinni í peningamálunum og ef seðlabanka og ríkisstj. greinir á, þá verði ríkisstj. að ráða.

Hér er því alls ekki, eins og hæstv. ráðh. tók fram, verið að stofna sjálfstæðari seðlabanka en áður hefur verið. Það er, að því er mér virðist, bara verið að reyna að láta líta svo út sem hér sé verið með eitthvað stórkostlegt nýmæli, þegar tilefnið er, að því er mér sýnist, hreinlega ekkert annað en að fjölga þarna toppmönnum í bankanum, ef svo mætti að orði kveða.

Nú mundi ríkisstj. kannske segja, að ákvæðin um, að hún skuli ráða, séu skýrari í þessu frv. en í þeirri bankalöggjöf, sem fyrir er, og máske er það það, sem þeir, sem fyrir þessu standa, hugsa inni á sér, að þarna séu gleggri ákvæði og sterkari um það, að ríkisstj. skuli ráða, en í núverandi seðlabankalöggjöf. Ég skal ekki þræta neitt um þetta eða fara út í langan samanburð á þessu. En ég vil bara benda á þá staðreynd, sem fyrir liggur, að Seðlabankanum hefur verið stjórnað úr stjórnarráðinu hreinlega nú í nokkur missiri, a. m. k. síðan farið var að framkvæma hina svokölluðu efnahagsmálaviðreisn. Stjórn Seðlabankans hefur hreinlega verið flutt upp í stjórnarráð, og ríkisstj. hefur þar öllu ráðið og gefið fyrirskipanir um það, hvað gera skyldi. Þannig hefur þetta verið, og þannig hefur þetta verið unnið með þeirri löggjöf, sem fyrir var, þannig að einhverjar orðalagsbreytingar á þessum atriðum geta alls ekki verið undirstaða þess, að það eigi að setja nýja seðlabankalöggjöf. Þar kemur allt annað til. Það er valdabrölt núv. stjórnarflokka varðandi stöður í bönkunum. Það er einn liður í því að raða mönnum á taflborð bankakerfisins. Það er það, sem verið er að gera með þessu, og svo að fá fleiri embætti í leiðinni, en ekki hitt, að hér sé verið með einhverjar mjög knýjandi endurbætur á sjálfu kerfinu, eins og hæstv. viðskmrh. lét liggja að í þeirri hátíðaræðu, sem hann flutti hér áðan.

Seðlabankinn hefur verið dyggilega notaður af ríkisstj. sem áhald til þess að koma á þeim samdrætti í þjóðarbúskapnum, sem orðinn er, og framkvæma þá kreppustefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp. Og það er auðvitað alveg augljóst mál, að þeirri stefnu hefði hæstv. ríkisstj. alls ekki getað komið í framkvæmd nema ráða yfir Seðlabankanum. En ég endurtek

í því sambandi það, sem ég sagði áðan, að það verður að vera þannig, hvort sem það er til ills eða góðs, að ríkisstj. geti ráðið meginstefnunni í peningamálunum. Það er ekki hægt að byggja upp efnahagskerfi þannig, að einhver aðili, eins og t. d. seðlabanki, geti sett ríkisstj. stólinn fyrir dyrnar. Þjóðin verður að þola þá ríkisstj., sem hún hefur yfir sig fengið, ef hún er ill, eða njóta hennar, ef hún er góð, og það er ekki hægt að búast við því, að hægt sé að setja upp einhverja stofnun eins og seðlabanka til þess að hafa vit fyrir stjórninni.

Annað mál er það, að seðlabanki verður auðvitað að vera til samt. Hann er nauðsynlegt tæki í efnahagskerfinu, og hlusta ber á það, hvað þeir menn hafa að segja, sem þar veljast til forustunnar.

Ég sé, að það er ætlunin með þessari löggjöf að festa inn í sjálf seðlabankalögin það ofsóknarákvæði, sem sett var í efnahagslöggjöfina gagnvart samvinnufélögunum, sem sagt, að það skuli heimilt að krefjast þess, að hluti af þeim innstæðum, sem lagðar eru í innlánsdeildir, skuli færður inn í Seðlabankann eða skilað inn í Seðlabankann, hliðstætt og sparisjóðum og viðskiptabönkum er ætlað að gera. Ég segi: ofsóknarákvæði, vegna þess að þetta er vitanlega ekkert annað. Við þurfum ekki annað en taka einfalt dæmi til þess að skýra það mál. Það fé, sem fólk leggur í innlánsdeildir samvinnufélaganna, er samkvæmt samvinnulögunum lagt þar inn til þess að verða rekstrarfé þeirra. Þannig er þetta upp byggt. Nú á Seðlabankinn að geta heimtað, að hluti af því, sem menn leggja í innlánsdeildina sem rekstrarfé fyrir kaupfélagið, skuli sent suður í Seðlabankann. Segjum, að einhver maður hafi 5 þús. kr., sem hann vilji leggja þarna inn, og ákveðið sé, að helmingurinn sé bundinn, eins og var s. l. ár, þá verður að gera svo vel að senda 2500 kr. af því suður í Seðlabanka, ef það kemur inn í innlánsdeildina. En svo skulum við hugsa okkur hlutafélag, sem rekið er við hliðina á samvinnufélagi, og einhver maður vilji gera tvennt í senn, ávaxta fé sitt og leggja þessu hlutafélagi um leið rekstrarfé og leggja þar inn líka 5 þús. kr. Þá þarf alls ekki að senda helminginn af því suður í Seðlabankann. Nei. M. ö. o.: þá er refsað fyrir að leggja fjármagn sem rekstrarfé inn í samvinnufélag, en ef menn leggja fjármagn sem rekstrarfé inn í hlutafélag, þá fær það að vera í friði.

Þetta ofsóknarákvæði er nú meiningin að setja inn í sjálfa seðlabankalöggjöfina með þessu frv. Það er ekki nýmæli í löggjöf, því að það er í efnahagsmálalöggjöfinni, en það er meiningin að festa það í seðlabankakerfinu, og síðan er nú bætt við, að það á að vera hægt að krefjast þess einnig, að samvinnufélög kaupi verðbréf eða hafi í verðbréfum allt að 10% af því fé, sem menn hafa lagt þar inn sem rekstrarfé handa félögunum. En eins og fyrri daginn auðvitað, það þarf ekki að taka það fram, þá er ekkert hliðstætt ákvæði varðandi það fjármagn, sem lagt er sem rekstrarfé inn í önnur félög.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, sé ég ekki, að í þessu frv. séu nokkur þau ákvæði, sem séu svo til bóta, að rétt sé að ljá því fylgi. Mestur hluti frv. eru sem sagt umbúðir utan um þennan meginkjarna, sem ég hef þegar lýst, að búa til nýjar stöður og fá meiri pólitísk ítök um leið fyrir stjórnarflokkana.

Ég sé, að í frv. er eitt ákvæði, sem er mjög til bóta frá mínu sjónarmiði, og það er að leggja til vísindasjóðs hluta af gróða Seðlabankans, en um það mætti að sjálfsögðu setja ákvæði sérstaklega með lögum og engin nauðsyn að blanda því inn í þessa lagasetningu. Því atriði er ég algerlega fylgjandi og tel mjög þýðingarmikið að fá meira fé til rannsókna- og vísindastarfsemi, eins og greinilega hefur komið fram af þeirri sókn, sem framsóknarmenn hafa haldið uppi fyrir framlögum í því skyni við afgreiðslu fjárl. Þar hafa verið fluttar ýmsar till., sem gengið hafa í þessa átt, en hafa allar verið felldar, og ég fagna því, að það skuli vera ætlunin að leggja meira fé til þessarar starfsemi, en tel, að um það mætti mjög auðveldlega setja sérstaka löggjöf.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Hvað svo sem kann að vaka fyrir hæstv. ríkisstj. með þessu frv., þá álít ég, að höfuðatriðið, sem í því er, þegar skjótt er á litið, alger aðskilnaður seðlabanka og viðskiptabanka Landsbanka Íslands, stefni í rétta átt og hefði mátt gerast fyrr og hefði mátt gerast betur.

Eins og eðlilegt er, þegar rædd er bankalöggjöfin, þá eru hér mörg mikilvæg atriði, og ég mun ekki við þessa 1. umr. reyna að ræða öll þeirra, heldur aðeins nokkur af þeim, enda geng ég út frá því, að í hv. fjhn. verði nauðsynlegt að ræða þetta frv. mjög ýtarlega, því að þrátt fyrir það, þótt hæstv. viðskmrh. hafi sagt, að það væri mjög vandlega undirbúið, þá sé ég allmikla galla á því enn þá.

Það, sem er höfuðatriðið í þessu, er aðskilnaður Seðlabankans, að gera hann að algerlega sjálfstæðri stofnun. Þetta hefði þurft að gerast fyrir langa löngu á Íslandi. Það hefur lengi staðið í veginum fyrir því, að heilbrigðar ráðstafanir væru gerðar í bankamálunum, að þetta skuli ekki hafa komizt í gegn fyrr og að till. um það, sem gerðar hafa verið, bæði í nefndum og annars staðar, skuli ekki hafa hlotið samþykki fyrr, og ég vil fyrir mitt leyti fagna því, að það skuli þó að lokum komið svo, að þetta spor verði endanlega stigið. Það var stigið spor í þá áttina með þeim breytingum, sem gerðar voru á tímum vinstri stjórnarinnar, en það spor var ekki stigið nógu hiklaust og djarft á þeim tíma.

Þá er ýmislegt í sambandi við 3. gr., hlutverk Seðlabankans, sem ég hef við að athuga, en ég ætla hins vegar ekki að gera að sérstöku umtalsefni núna. En því miður er það svo, að það hlutverk, sem Seðlabankanum þarna er ætlað, litast allt of mikið af efnahagsstefnu núv. hæstv. ríkisstj. Það er ekki rétt, einmitt ef hæstv. ríkisstj. er að reyna að miða við það að gera endanlega breytingu á seðlabankalöggjöfinni og bankalöggjöfinni í landinu, sem ætti að geta orðið til frambúðar, að láta inn í hlutverk

Seðlabankans koma svona mikið eins og þarna er af þeim tilgangi, sem vakir fyrir henni í sambandi við hennar ráðstafanir í sambandi við gjaldeyrismál og annað slíkt. Og ég mun fyrir mitt leyti gera miklar brtt. við þessa 3. gr., þegar við förum að vinna að þessu í nefnd.

Ég vil líka vekja athygli á því, að það er ekkert sérstaklega skemmtilegt að vera núna að stofna til þess að fara að innleiða einhver kauphallarviðskipti hér á Íslandi. Ég held, að allar þær tálvonir, sem menn eru með um það að koma hér upp einhverjum frjálsum kapítalisma, séu tóm vitleysa. Menn eiga ekki að vera með neinn skrípaleik í þessu sambandi. Menn eiga að reyna að stjórna þjóðfélaginu eins og þessari litlu þjóð vegnar bezt, en ekki að vera að apa það versta eftir útlendum þjóðum, sem þær hafa í sínum fórum, og kauphallirnar eru sannarlega ekki með því fallega, sem þær hafa. Ég mun nú ekki ræða 3. gr. meira.

Viðvíkjandi hins vegar 4. gr., þá álít ég stigið alveg rétt spor. Þetta er atriði, sem lengi hefur verið deilt um og ég fyrir mitt leyti hef haft mjög ákveðnar skoðanir um og bæði Alþb. og Sósfl. áður hefur líka tekið af öll tvímæli um, hver skoðun okkar væri. Það er ríkisstj., sem á að ráða í landinu þeirri stefnu, sem tekin er upp í bankamálum. Það hefur verið óféti, eins og það hefur verið hvað eftir annað hér á Íslandi og sérstaklega róttækar ríkisstj. hafa átt við að etja, að það væri hér rétt hjá okkur einhvers staðar eitthvert skrifstofuvald nokkurra embættismanna, sem eiga ekki einu sinni peningana, sem þeir ráða yfir, sem gætu að einhverju leyti sett Alþingi stólinn fyrir dyrnar, eins og hvað eftir annað hefur gerzt á undanförnum áratugum. Og hvort sem maður heldur nú, að það vald, sem með þessu er fengið alveg ótvírætt einni ríkisstj. í hendur, sé notað vel eða illa, þá er það rétt, að þetta vald sé hjá henni. T. d. Landsbankinn er nógu lengi búinn að vera hér ríki í ríkinu, og það er rétt og það er nauðsynlegt að gera þá breytingu, sem þarna er gerð. Og ég er alveg sammála því, sem tekið er fram í 4. gr., að bankastjórar Seðlabankans hafi sína aðstöðu og hafi um það allmikið persónulegt, efnahagslegt öryggi að geta komið fram með sínar skoðanir, geta aðvarað um það, sem þeir álíta rangt, en þeir eiga ekki að hafa valdið sem embættismenn ríkisins til þess að koma í veg fyrir það, sem þjóðarviljinn, eins og hann kemur fram á Alþingi og í ríkisstj., vill að framkvæmt sé, og það er rétt að þeir víki, þegar upplýst er, að slíkt er um að ræða. Ríkisstj. verður að hafa þetta vald, og hún verður að bera ábyrgð á því, hvernig hún notar þetta vald. Hún á ekki heldur að geta skotið sér á bak við neina bankastjóra eða neina embættismenn í slíkum efnum. Það er þess vegna rétt, að þarna séu tekin af öll tvímæli um þessa afstöðu.

Þá kemur í II. kafla frv. að stofnlánadeild sjávarútvegsins. Nú sagði hæstv. ráðh., að það væri meiningin með þessu frv. að koma þessu í það horf, að það gæti orðið til frambúðar, þar eð tíðar breytingar á bankalöggjöfinni væru ekki heppilegar. Og ég vil minna hann á þessi orð hans alveg sérstaklega af því, að hæstv. ríkisstj. hefur nú verið borið það á brýn, að fyrir henni vaki ekki slík frambúðarlausn, heldur sé þetta notað að yfirvarpi til þess að koma öðrum hlutum í gegn. Ég álít þess vegna, að við þessa breyt. á bankalöggjöfinni, sem nú er gerð, eigi að gera þær ótvíræðar breytingar, sem eðlilega mundu hafa verið gerðar á sínum tíma, svo framarlega sem bankalöggjöf Íslands hefði verið með einhverju almennilegu móti. Hvernig er þessi stofnlánadeild sjávarútvegsins orðin til? Hvernig stendur á, að hún hefur verið tengd við Landsbankann? Það þekkja allir hv. þm. þessarar hv. deildar, vona ég, sögu þeirrar stofnunar. Upphaflega var lagt til, að fiskveiðasjóðurinn, sem er við Útvegsbanka Íslands, væri gerður að allmiklu voldugri stofnun. Það var 1945—46, sem það var lagt til, að hann yrði gerður að allmiklu voldugri stofnun með því að verða stofnlánasjóður, eins og honum er ætlað að vera, fyrir sjávarútvegsinn í ríkara mæli en hann hafði verið fram að þessu, og að honum yrði lagt til allmikið fé í því sambandi. Hvernig stendur á, að þetta var kveðið niður? Þetta var kveðið niður vegna þess, að þetta var hálfs árs bardagi við Landsbanka Íslands, sem þá var bæði seðlabanki og viðskiptabanki, sem gat ekki hugsað sér það, þó að bankastjórarnir ættu að hugsa sem seðlabankastjórar, að 100 millj. kr., sem átti að flytja í slíka stofnlánadeild, auka fiskveiðasjóð með því, að það færi í annan ríkisbanka, í Útvegsbanka Íslands. Það var þessi afbrýðisemi á milli þessara tveggja ríkisstofnana, sem er til skammar í einu þjóðfélagi. Það var sjálfsagt mál þá, að stofnlánadeildin yrði sett þannig, að fiskveiðasjóður yrði aukinn um þetta og Útvegsbankinn og þessi deild hans yrði því voldugri og gegndi því hlutverki, sem honum var upphaflega ætlað, einmitt að annast sérstaklega viðskipti útvegsins. Hvaða ástæða er nú til þess að halda þessari stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabanka Íslands? Það eru engin rök, ekki nokkur rök til, sem mæla með því. Þarna er verið að halda í leifar af gömlu skipulagi, sem varð til af gamalli, vitlausri afbrýðisemi og varð að gera vandræðasamkomulag um, til þess að gott mál yrði ekki eyðilagt á þeim tíma, á vormánuðunum 1946. Ég álít alveg tvímælalaust, að þessa stofnlánadeild eigi að leggja niður og setja allt hennar fé inn í fiskveiðasjóðinn. Það átti að gerast upphaflega, og það er ekki seinna vænna að gera það. Af hverju eigum við að hafa tvær stofnlánadeildir þarna: fiskveiðasjóð, sem starfar við Útvegsbanka Íslands, og stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem á að starfa við Seðlabankann í landinu? Þetta vil ég biðja hæstv. ríkisstj. og hennar fylgjendur hér í hv. d. og í fjhn. að athuga mjög rækilega, einmitt ef það er meiningin með þessu að reyna að ganga dálítið frá bankamálunum þannig, að það þurfi ekki að hringla í þeim í hvert einasta skipti, sem ný stjórn tekur við á Íslandi.

Svo komum við að III. kaflanum. Þar er haldið gömlu gulltryggingunni. Hér var nú verið að taka fram, að það eigi að útbúa þessa

bankalöggjöf í sambandi við nútímasjónarmið. Hvað hefur gull að þýða í sambandi við þessa hluti? Hvaða nútímabankamaður álítur, að gullið ráði úrslitum í þessu sambandi? Meira að segja þeir bankasérfræðingar, sem sendir voru hingað í tíð ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar af Alþjóðabankanum, — ég held, að þeirra álit liggi enn þá í stjórnarráðinu á góðum stað, — þeir lögðu til að afnema úr bankalöggjöfinni öll ákvæði um gulltryggingu. Ég er satt að segja líka með þessu og tók þetta beint upp úr till. þessara amerísku sérfræðinga, þegar ég var að vinna ofur lítið í bankamálanefnd á tímum vinstri stjórnarinnar. Og fyrst hæstv. ríkisstj. nú ætlar að ganga vandlega frá þessum málum, miða þetta við nútímasjónarmið, því er hún þá að draslast með þessa gulltryggingu? Ég segi ekki, að það geti ekki verið gott út af fyrir sig að eiga gull. En ég var oft að spyrja að því, m. a. bankastjóra Landsbankans, þegar maður átti í sem mestu höggi við þá, rétt eftir að nýsköpunartogararnir höfðu verið keyptir og þeim fannst allt vera að fara á hausinn í landinu, með því að þessir togarar höfðu verið keyptir, hvort þeir vildu ekki selja alla togarana fyrir gull og leggja gullið í kjallarann og sjá, hvort þjóðinni vegnaði eitthvað betur. Ég held, að það sé nauðsynlegt, þegar menn ætla að útbúa nýtízkulöggjöf um þetta, að menn losi sig við þessi gullsjónarmið. Það ruglar menn bara í því, hvað er nauðsynlegt fyrir eina þjóð. Við lifum ekki á gulli. Það er ekki gullið, sem skapar nein ný verðmæti fyrir okkur. Það eru framleiðslutækin, sem við getum hagnýtt skynsamlega og vel, sem skapa verðmæti fyrir okkur. Þess vegna á að mínu áliti að endurskoða þetta atriði mjög rækilega.

Viðvíkjandi IV. kaflanum og þeim ákvæðum að fara að setja þarna inn í 10. og 11. gr. atriði, sem voru í efnahagsmálalöggjöf ríkisstj., þá álít ég, að þetta sé ekki rétt. Það á ekki að gera þá hluti í sambandi við seðlabankalöggjöfina, ef menn ætla að reyna að hafa þessa bankalöggjöf til frambúðar, þannig að það þurfi ekki við henni að hreyfa, sem máske hæstv. ríkisstj. hefur álitið nauðsynlegt að gera í sambandi við hennar efnahagsmál. Það er nóg fyrir hana að hafa slík ákvæði í sinni efnahagsmálalöggjöf, ef henni finnast þau góð, en í seðlabankalöggjöfinni eiga þau út af fyrir sig ekki heima. Svo framarlega sem það er meiningin, að það sé reynt að koma á sem beztu samkomulagi um þessa bankalöggjöf, á að taka svona hluti út. Þeir hafa ekkert að þýða þarna. Allt valdið, sem hæstv. ríkisstj. vill hafa til þess að geta beitt gagnvart samvinnufélögum eða öðrum slíkum, hefur hún í annarri löggjöf, en í seðlabankalöggjöfinni á þetta ekki sérstaklega heima.

Þá er ákvæðið í 14. gr., að Seðlabankinn eigi að vera viðskiptabanki ríkissjóðs og annast fyrir hann hvers konar bankaþjónustu. Og þá komum við að einu atriði, sem ég álít mjög þýðingarmikið atriði í sambandi við þessa bankalöggjöf og ég varð mjög rækilega var við, að hæstv. viðskmrh. hljóp mjög rækilega yfir og bagði um, og það er afstaða Framkvæmdabankans í þessu sambandi. Ég er satt að segja alveg hissa á því, að hæstv. ríkisstj. skuli leggja fram frv. um Seðlabanka Íslands og ætlast til þess um leið, að Framkvæmdabankinn haldi áfram að vera til. Ég er hissa á því. Ég álít það gott og rétt að leggja fram frv. um Seðlabanka Íslands og gera þann banka sjálfstæðan, en það er ekki nokkurt vit í því að láta Framkvæmdabanka Íslands halda áfram að vera til, eftir að við erum endanlega búnir að aðskilja þetta. Hvernig stendur á, að Framkvæmdabankinn var skapaður á sínum tíma? Hann var skapaður m. a. í alls konar öngþveiti og vandræðum, sem sú ríkisstj. var þá í, m. a. til þess að hún hefði banka, sem hún hefði tök á, af því að henni fannst ekki að öllu leyti og Ameríkönunum líklega ekki heldur, að þeir hefðu nóg tök á Landsbanka Íslands. Það er sannleikurinn í málinu. Það voru vissir bankastjórar við Landsbankann, sem hugsuðu svo þjóðlega þá, að þeir voru eitthvað óþægir við Alþjóðabankann, og það þótti þess vegna nauðsynlegt að taka visst vald af Landsbankanum og setja það yfir til Framkvæmdabankans, og út úr öllu þessu klúðri var Framkvæmdabankinn skapaður. Hans líf allt hefur verið eitt klúður, ekki bara glerverksmiðjan, heldur yfirleitt tilvera þessa banka. Hann var til orðinn fyrir áhrif erlends valds í landinu, og rekstur hans hefur allur verið í samræmi við það.

Nú átti einmitt Framkvæmdabankinn að vera *alveg sérstaklega ríkisstj. til ráðuneytis.* Hann átti að vera svo að segja hálfgerður banki ríkisstj. Það var stundum talað um, að Framkvæmdabankinn ætti jafnvel að vera hluti úr fjmrn. Og meginið af því, sem í 7. gr. l. um Framkvæmdabankann er ætlað að sé hlutverk bankans, *það er verk, sem seðlabanki eðlilega* vinnur. Og þegar hér er lögð einmitt áherzla á það, að Seðlabankinn eigi að annast hvers konar bankaþjónustu og vera viðskiptabanki ríkisstj., ríkissjóðs og allt mögulegt annað slíkt, sem hann á að gera, þá er alveg greinilegt, að Framkvæmdabankinn er orðinn eins og hver annar skemmdur botnlangi í þjóðarlíkamanum og ekki sízt í bankakerfinu.

Þetta sama kemur alveg greinilega fram, þegar maður kemur að VI. kafla frv., um hagskýrslugerð. Þar er Seðlabankanum uppálagt að halda áfram að starfrækja hagfræðideild. Nú er vitanlegt, að einmitt ákvæðin um Framkvæmdabankann og þau, sem hafa þó komið að mestu gagni viðvíkjandi þeim banka eða komið helzt að gagni, það eru ákvæði viðvíkjandi hagskýrslunum. En hvernig hefur þetta svo verið? Jú, það hafa verið tveir bankar, annars vegar Landsbankinn og hins vegar Framkvæmdabankinn, þeir hafa báðir starfrækt hagfræðideildir, þeir hafa báðir gefið út tímarit. Eru þetta nú nokkur vinnubrögð: tveir ríkisbankar með tvær hagfræðideildir, tvenn tímarit, í staðinn fyrir að reyna að láta vinna þannig í ríkisbákninu og sérstaklega í bankakerfinu að þessu, að það sé einhvern tíma hægt að fá einhverjar almennilegar skýrslur, sem hægt sé að leggja til grundvallar, þegar verið er að ræða efnahagsmál á Íslandi, sem þessir

bankar og þeirra hagfræðideildir aldrei hafa útvegað fram að þessu?

Ég held, að það væri þess vegna alveg óhjákvæmilegt í sambandi við þetta að ganga þannig frá þessari bankalöggjöf, að komið sé upp í sambandi við Seðlabankann, — ég mundi jafnvel vilja kalla það einhverju hátíðlegra nafni en þarna er í fyrirsögninni, hagskýrslugerð eða hagfræðideild, virkilegri stofnun, virkilegum þætti í starfsemi Seðlabankans, sem vinnur þannig að hagskýrslum, að menn þurfa ekki hér að standa eins og hjá allra, allra frumstæðustu þjóðum, eins og við raunverulega höfum staðið, þegar við höfum verið að deila um efnahagsmál.

Þess vegna álít ég, að það sé ein sú höfuðbreyting, sem verði að gera á þessari bankalöggjöf, sem hér liggur fyrir, að það verður annars vegar að gera þessa hagfræðideild í Seðlabankanum að mun mikilvægari og betri stofnun og leggja Framkvæmdabankann niður, og það hlutverk, sem hefur verið gott hlutverk, sem honum hefur verið fengið í hendur, að rannsaka þjóðarhaginn, undirbúa skýrslur um hann, jafnvel að undirbúa áætlanir, sem hann því miður hefur ekki gert, — að Framkvæmdabankinn sé lagður inn í Seðlabankann hvað þetta snertir, og ég verð að segja, að mér finnst það dálítið frekt af einni hæstv. ríkisstj., sem tekur sér fyrir hendur að endurskoða bankakerfi landsins, að ganga ekki svo frá þessum málum, að a. m. k. að forminu til væri þetta þó eitthvað viðunandi.

Má ég nú rifja upp fyrir hv. þingmönnum og hæstv. ríkisstj., hvernig er nú með ríkisbankana hérna? Við höfum þá starfandi, þegar þessi bankalöggjöf væri samþykkt, ef gengið væri frá henni svona, Seðlabanka Íslands, ríkisbanka með bankaráði og bankastjórum, Landsbanka Íslands, ríkisbanka með bankaráði og bankastjórum, Útvegsbanka Íslands, ríkisbanka með bankaráði og bankastjórum, Búnaðarbanka Íslands, ríkisbanka með bankaráði og bankastjórum, Framkvæmdabanka Íslands, ríkisbanka með bankaráði og bankastjóra, þ. e. við höfum fimm ríkisbanka — á hvað löngu bili? 3, 4, 5 hundruð metrum eða einhverju slíku, hérna úti í Austurstræti. Það er verið að prédika yfir landslýðnum, að menn eigi ekki að lifa um efni fram. Það er verið að segja við verkalýðinn í landinu: Þið verðið að spara, þið verðið að fórna. — Það er verið að segja við atvinnurekendurna: Þið verðið að gera svo vel að hafa rekstur ykkar hagkvæmari. — A. m. k. reyni ég fyrir mitt leyti að segja það við þá, og ég held, að hæstv. ríkisstj. meini það líka. Það er verið að prédika yfir verkamönnum, það er verið að prédika yfir atvinnurekendum: Þið eigið að reka hlutina skynsamlega. — En hvað gerir svo ríkið sjálft, hvað leggur hæstv. ríkisstj. til? Fimm bankaráð, fimm ríkisbanka. Nær þetta nokkurri átt? Hvernig leyfir hæstv. viðskmrh. sér að segja, að það þurfi að koma þessu í slíkt horf, að það geti orðið til frambúðar, og láta þetta standa? Hvernig leyfir hann sér að segja, að tíðar breytingar á bankalöggjöfinni séu óheppilegar, og þora ekki að gera þessa breytingu. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á það, að þori hún ekki að gera svona smábreytingar á bankakerfinu, þá er hún að taka undir við hv. 1. þm. Austf. og segja: Það er einhver annar tilgangur með þessu. — Það dettur engum manni í hug að halda, að þetta sé æskilega horfið viðvíkjandi framtíðinni í þessum málum. Það dettur engum manni í hug að halda, að þetta sé til fyrirmyndar af Alþingi, að afgreiða þetta mál svona. Það dettur engum manni í hug að halda, að það komi betri hagskýrslugerð til þess að byggja á, þegar stjórnmálamenn eru að deila um efnahagsmál út af þessum tveim hagstofum. Ég held, að einmitt jafnvel þeir góðu kraftar, sem vinna í Framkvæmdabanka Íslands, og á ég þar ekki sízt við hans framkvæmdastjóra, dr. Benjamín Eiríksson, sem ég annars oft deili á, — ég held, að hann mundi njóta sín bókstaflega betur til að starfa í svona hagdeild heldur en sem bankastjóri. Menn, sem eru einmitt færir í ýmsum fræðum, færir í teoríu, þeir geta kannske oft verið alveg óhæfir til þess að gegna venjulegum bankastjórastörfum, og hinir og þessir náungar geta blekkt þá til að fara inn á alls konar ævintýrafyrirtæki, eins og kunnugt er og reynslan sýnir. Ég held þess vegna, að það væri að öllu leyti eðlilegt og sjálfsagt, ef það er meiningin að reyna að fara að koma bankamálum Íslands í eitthvert framtíðarhorf með þessu, — og vissulega skal ég viðurkenna, að það er ekki heppilegt, að það sé alltaf verið að hringla í bankalöggjöfinni, þó að það kunni náttúrlega að gerast í landi, þar sem hægt er að ráða öllu í gegnum bankana, öllu atvinnulífi þjóðarinnar, eins og hér er reynslan. Ég held þess vegna, að þessa breytingu eigi endilega að gera á þessu frv. Við vitum, hvernig þetta ríkisbákn okkar hefur vaxið hér upp og sérstaklega í bankakerfinu. Þetta hefur vaxið upp eins og villigróður, — þetta er ekki eins og ræktað land. Þetta hefur ekki verið skipulagt þannig, að menn hafi gert sér neina heildarhugmynd um, hvernig þetta ætti að vera. Þetta hefur verið að smábætast við á öllum mögulegum tímum, út af öllum mögulegum forsendum, út af öllum mögulegum klúðurslausnum, þannig að þarna á að nota tækifærið, ef það er meiningin að einhverju leyti að reyna að láta þessa bankalöggjöf vera til frambúðar, að breyta þarna um. Ég fæ satt að segja ekki skilið og þarf að fá betri rök en ég hef séð fram að þessu fyrir því, að það væri ekki rétt. Og ég get ekki gengið inn á, að það sé vandlega undirbúið eða það sé miðað við að koma því í slíkt horf, að það ætti að vera til frambúðar, ef svona breyting er ekki gerð. Satt að segja hefði máske verið eðlilegt að athuga um meiri samsteypur í sambandi við bankakerfið á Íslandi, en látum það nú vera. Ég hef ekki enn þá getað borið þetta saman við bankalöggjöfina gömlu og áskil mér þess vegna allan rétt viðvíkjandi því síðar, en í 18. gr., þar sem talað er um gengisskráninguna, er eitthvað linar kveðið að orði en verið hefur, en það mun ég koma inn á seinna, því að ég geng út frá, að við þurfum í fjhn. að bera þetta mjög vel og

greinilega saman við gömlu löggjöfina. Eftir 20. gr. á Seðlabankinn að hafa með höndum framkvæmd greiðslusamninga við önnur ríki og viðskipti við fjármálastofnanir. Nokkurn veginn samsvarandi ákvæði er í núverandi lögum um Framkvæmdabankann. Og ástandið var svo undarlegt undanfarið, að aðalbankastjóri Seðlabankans varð hvað eftir annað að fara til útlanda í nafni Framkvæmdabankans til þess að taka lán þar og undirskrifa lánssamninga. Og með 20. gr. í þessari bankalöggjöf helzt þetta ófremdarástand. Ég held, að þarna verði að endurskoða sem sé mjög rækilega sjálfar greinarnar í þessu.

Þá er viðvíkjandi 25. gr. og því valdi, sem ríkisstj. er þar fengið, sem sé því valdi að geta sett bankastjóra Seðlabankans frá, ef ágreiningur er við þá, til þess að tryggja framkvæmd á stefnu ríkisstj., þá er það að mínu áliti rökrétt. Alveg á sama hátt og ríkisstj. á ekki að hafa þessa möguleika viðvíkjandi bankastjórum viðskiptabankanna, heldur bankaráðin, þá er það rökrétt, að ríkisstj. eigi að geta haft þessa aðstöðu viðvíkjandi bankastjórum Seðlabankans. En rétt er að undirstrika það, um leið og einni ríkisstj. er gefið svona mikið vald, að þá þarf um leið að reisa skorður við, að hægt sé að misnota þetta vald, og einmitt vegna þess verða greinarnar í IV. kaflanum um innlendu viðskiptin að endurskoðast. Þegar ríkisstj. getur sett bankastjóra Seðlabankans í staðinn fyrir þá, sem fyrir eru, og skipt sér síðan eins mikið af innlendum sparisjóðum, innlánsdeildum kaupfélaganna og öllu mögulegu slíku, þá getur slíkt vald orðið hættulegt. Alveg eins og það er rökrétt, að bankastjórar viðskiptabankanna eiga ekki að vera beint háðir ríkisstj., eins á ekki að gefa ríkisstj. í gegnum það að geta skipt um bankastjóra í Seðlabankanum aðstöðu til þess að geta gramsað eins og hún vill í hvort heldur er innlánsstofnunum kaupfélaga, sparisjóðum eða öðru slíku. Það þarf að gæta þess þarna vel, um leið og maður er að gefa því pólitíska valdi valdið til þess að ráða stefnunni, efnahagsstefnunni, gegnum ríkisbankana, eins og það á að hafa, þá á að svipta þetta pólitíska vald þeim möguleika að skipta sér af þessum einstöku stofnunum. Það er rökrétt, þegar pólitíska valdið, þegar ríkisstj. er svipt valdi til að geta sett bankastjóra t. d. Landsbankans af, viðskiptabankans, að þá á ekki heldur að gefa ríkisstj. möguleika til þess að geta skipt sér svona mikið, eins og þarna er gert ráð fyrir, t. d. í 10. og 11. gr., af viðskiptamálunum, sparisjóðsdeildunum, innlánsdeildunum og öðru slíku. Þess vegna held ég, að við þurfum að endurskoða þessa þætti mjög vel, til þess að það sé rökrétt, sem þarna er gert. En ég fyrir mitt leyti vil gjarnan að því vinna, ef það væri mögulegt, að það væri hægt að koma þessari bankalöggjöf Íslands á einhvern þann grundvöll, að við séum ekki annað og þriðja hvert ár að hræra í þessu. Það er engan veginn heppilegt, hvorki gagnvart okkur hér innanlands sjálfum né gagnvart útlöndum, að það þurfi bókstaflega á hverju einasta kjörtímabili að vera að hræra í þessum málum. Þess vegna hefði ég fyrir mitt leyti kosið, að einmitt hefði verið gengið betur frá þessum málum í tíð vinstri stjórnarinnar heldur en gert var, eins og ég raunar líka sagði þá í þeirri ræðu, sem ég hélt um þau mál.

Þá er viðvíkjandi 33. gr. Það hefur þegar verið undirstrikuð þessi hugmynd þarna viðvíkjandi vísindasjóðnum. Það er mjög góð hugmynd. En það er eitt, sem ég vil minnast á um leið, þegar verið er að ræða þessa hluti. Það hefur verið allt of rík tilhneiging hjá bankastjórnum landsins undanfarið að reyna að dylja afkomu bankanna. Ég er ekki að segja, að bankastjórnirnar hugsi eins og skattsvikarar, en það er ákaflega nærri því, að það sé sú tilhneiging að vilja alltaf sýna sem versta útkomu. Og jafnvel tíðkast, að við skulum segja heilar húseignir upp á milljónir, sem eru keyptar, eru afskrifaðar um leið. Þetta er vandræðafyrirkomulag, og þessu eigum við að venja okkur af, af því að við þurfum að reyna að fara að fá sem réttastar myndir af rekstri og af eignum, rekstrarafgangi, tekjuafgangi og af eignamyndunum þessara opinberu fyrirtækja, og þetta getur haft máske ofur litla praktíska þýðingu í sambandi við vísindasjóð. Það mætti gjarnan á einhvern hátt reyna að tryggja það í löggjöfinni eða reglugerðinni, að það væri gengið vel frá því að tryggja svo að segja rétt framtal af hálfu þessara stóru og voldugu stofnana, sem ætti að vera öðrum til fyrirmyndar um slíkt, en ekki öfugt.

Það, sem ég álít fyrst og fremst vanta í þetta frv. og vera þann stóra galla í sambandi við okkar bankalöggjöf og okkar stjórn á efnahagsmálunum, það er, að þegar Seðlabanki Íslands loksins er gerður að sjálfstæðri stofnun, þá skuli hann ekki um leið verða það áætlunarráð fyrir þjóðarbúskapinn, sem væri eðlilegast að hann væri. Það er gefið mál, að þessar tilraunir, sem verið er að gera núna, að ætla að láta þjóðarbúskap Íslendinga stjórna sér sjálfan samkvæmt lögmálum peningavalds, þær mistakast, og því lengur sem það er reynt, því verri verður útkoman. Það er hægt að gera slíkar tilraunir í stórum og voldugum ríkjum, — og ekki kveður samt núv. forseti Bandaríkjanna rétt góðan dóm upp yfir þeim tilraunum, sem um það hafa verið gerðar síðasta áratuginn þar. En að gera þessar tilraunir í litlu þjóðfélagi eins og okkar, það er að misþyrma þjóðarlíkamanum. Það skapast af því fátækt, atvinnuskortur, afturför. Svona litlu þjóðfélagi eins og okkar verður ekki stjórnað, svo að vel sé fyrir landslýðinn, öðruvísi en það sé hugsað fyrir þjóðfélagið sem eina heild. Það er hægt að samrýma það fullu frelsi einstaklinganna, hlutafélaganna, samvinnufélaganna og opinberra fyrirtækja. En um svona lítið þjóðfélag, um afkomu þess, atvinnuvegi þess, um ný fyrirtæki, sem það leggur í, og annað slíkt, verður að hugsa sem eina heild. Aðeins tala verkalýðsins á Íslandi, þess fólks, sem vinnur við okkar framleiðslu, er eins og eins stórs fyrirtækis í Sviþjóð. Þau 38 þús., sem taldir eru verkamenn á Íslandi við manntalið 1950, það er nákvæmlega sama tala og verkamennirnir, sem

eru í þjónustu AGA, þess stóra rafmagnsfyrirtækis í Svíþjóð. Ef við eigum að geta hagnýtt fyrir þessa þjóð nútímatækni, nútímaskipulagningu, þá verður að hugsa þetta sem eina heild, og á hverju sviði sem við erum að vinna, þá kemur þetta upp hjá þeim, sem þar eru að berjast lífsbaráttunni, að þeir þurfa að sameina sig á þennan hátt, hvort heldur það heita atvinnurekendur, verkamenn eða aðrir. Og þjóðarbúinu verður ekki stjórnað, svo að vel sé, öðruvísi. Þess vegna var það fyrir löngu, var það þegar fyrir 30 árum orðin nauðsyn fyrir Ísland, að það væri komið upp slíku áætlunarráði, og meira eða minna hefur á þessum síðustu 30 árum, frá því að kreppan mikla dundi yfir, alltaf verið við lýði einhvers konar stofnanir, sem að slíku hafa átt að vinna, mismunandi miklum verkefnum, mismunandi vel. Þegar þær hafa starfað hvað bezt, hafa þær hins vegar einmitt rekið sig á það, að það skapaðist svo að segja óbrúanleg mótsetning á milli þess, sem átti að vera seðlabanki, og þess, sem t. d. þá var nýbyggingaráð, þannig að innan ríkisbáknsins voru þessir aðilar að höggvast á og skylmast og berjast um, hvað gera skyldi. Þess vegna væri heppilegast vegna framtíðarinnar, að þessu frv. um Seðlabankann einmitt væri breytt í það horf, að þetta hlutverk ætti hann að annast og alveg sérstaklega hans bankaráð. Þetta voru líka mínar till., þegar bankalöggjöfinni var breytt seinast, og þetta verða mínar till., þangað til bankalöggjöfinni verður breytt í það horf, sem ég veit að verður. En hins vegar ræður hver ríkisstjórn og hennar meiri hluti því, hvenær hún gerir það, sem nauðsynlegt er. En margt mun aflaga fara, á meðan sá háttur er ekki tekinn upp.

M. ö. o.: Að svo miklu leyti sem skoða má það sem höfuðatriði í þessu frv. að aðskilja endanlega og algerlega Seðlabankann og Landsbanka Íslands, þá er ég því höfuðatriði algerlega fylgjandi, en mun hins vegar í þeirri nefnd, sem frv. á að fara til og ég á sæti í, reyna að gera það, sem ég get, til þess að þetta geti orðið raunveruleg endurskoðun á okkar bankamálum, sem gæti orðið til frambúðar, og að lagað yrði það í þessu frv., sem ýmist væri gallað eða yrði til þess að vekja tortryggni, þannig að það væri helzt hægt að ganga þannig sem mest frá þessum málum, að þau gætu virkilega verið til frambúðar. Og ef það vakir fyrir hæstv. ríkisstj., þá trúi ég ekki öðru en hún vilji taka nokkurt tillit til þeirrar rökstuddu gagnrýni, sem fram hefur komið á þessu.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vil segja í sambandi við þetta mál og sérstaklega vegna þess, að ég er forseti þessarar hv. deildar. Í hv. Ed. var ég í gær ásakaður af hv. 3. þm. Norðurl. v. fyrir að hafa gerzt sekur um trúnaðarbrot við hæstv. Alþingi fyrir að ræða efni þessa frv., áður en það var lagt fyrir þingið. Í frásögn blaðs Framsfl., Tímans, í gær er um þessar umr. í Ed. m. a. sagt, að með framkomu minni að þessu leyti væri, eins og þar stendur: „höggvið nærri virðingu Alþingis og því misboðið", enn fremur, að með slíku væri verið, að „draga vald úr höndum Alþingis". Ég hef gert kjósendum í stjórnmálafélagi grein fyrir því í aðalatriðum, hvað hæstv. ríkisstj. hygðist leggja fyrir Alþingi til lögfestingar um bankamál. Þetta gerði ég með vitund hæstv. ríkisstj. Ég vil leyfa mér að vænta þess, að í þessari hv. deild, sem ég nýt þess trausts að vera forseti í, sé ekki átalið, að mál, sem vitað er að lögð verði fram á Alþ., séu rædd áður við kjósendur í stjórnmálafélögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 23. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 315, n. 407, 408 og 410, 411).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. d. hefur haft frv. þetta til meðferðar og athugað efni þess rækilega, aflað ýmislegra upplýsinga og rætt málið á fjölmörgum fundum. N. hefur klofnað í málinu. Hv. 1. þm. Norðurl. v. er frv. andvígur og mun skila séráliti og leggur til, að frv. verði fellt. Aðrir nm. eru meginstefnu frv. samþykkir. Þó hefur hv. 4. þm. Austf. sérstöðu varðandi nokkur atriði frv. og mun því skila sérstöku nál. Allir hafa nm. hins vegar orðið sammála um nokkrar minni háttar breyt. á frv., sem fram koma á þskj. 407, og mun ég síðar gera grein fyrir þeim.

Þar sem það teljast jafnan þýðingarmikil kapítulaskipti í sögu peningamála hverrar þjóðar, þegar stofnað er til sjálfstæðs seðlabanka, þykir mér hlýða að fara um mál þetta nokkrum almennum orðum, jafnframt því sem skýringar verða gefnar um efni frv., nú þegar því er skilað úr nefnd.

Seðlabankar eru um þriggja alda gamalt fyrirbæri. Fyrsti banki þessarar tegundar var stofnaður í Stokkhólmi árið 1656. Næstur að aldri og nafnfrægastur er Bank of England, sem stofnaður var 1694. Síðan rak hver seðlabankastofnunin aðra í grannlöndum okkar, Þýzkalandi, Noregi og í Danmörku. Þar var að vísu nokkur tröppugangur á málinu, því að fyrst í stað var seðlaútgáfa þar í höndum einkabanka, síðan í höndum ríkisbanka, sem varð gjaldþrota í byrjun fyrri aldar, en árið 1818 var National-bankinn stofnaður. Þetta eru nokkrir áfangar í sögu seðlabankanna í grannlöndum okkar í Evrópu. Sameinkenni þessarar þróunar hefur verið það, að alls staðar hefur verið talið nauðsynlegt að stofna til sjálfstæðrar peningastofnunar, er annaðist peningaútgáfu landsmanna, seðlabanka, sem víðast hvar hafa verið reknir sem ríkisbankar.

Hér á landi varð þróun mála á þessu sviði að vonum mun seingengari. Á komandi sumri eru liðin 75 ár síðan fyrsti íslenzki bankinn, Landsbanki Íslands, tók til starfa. Hann var þó ekki seðlabanki í eiginlegri merkingu þess orðs. Fyrsti íslenzki seðlabankinn var hins vegar, svo sem kunnugt er, Íslandsbanki, sem tók

til starfa árið 1904 og hafði seðlaútgáfuréttindi þar til 1921. En Landsbankinn fékk þá upp úr því, eða 1924, seðlaútgáfuréttindi að hluta, en að öllu leyti árið 1927. Í hartnær fjóra áratugi eða allt frá því að Íslandsbanki missti seðlaútgáfuréttinn hefur verið um það deilt hér á landi, með hvaða hætti seðlaútgáfu landsmanna yrði haganlegast fyrir komið. Hafa þar aðallega verið þrjár skoðanir uppi, að Landsbankinn annaðist seðlaútgáfuna ásamt öðrum störfum sínum sem viðskiptabanki, í öðru lagi, að seðlabanki starfaði sem deild innan Landsbankans, og svo í þriðja lagi, að stofnað yrði til algerlega sjálfstæðs seðlabanka í landinu. Síðasta hugmyndin hefur átt mjög og stöðugt og ört vaxandi fylgi að fagna, enda öll þróun málsins beinzt í þá átt. Og nú mun svo komið, að óhætt er að fullyrða, að efnislega er enginn ágreiningur um, að reka beri hér á landi sem annars staðar seðlabanka, algerlega sjálfstæða stofnun, og um að það lokaspor verði stigið fjallar það frv., sem hér liggur fyrir og horfur eru á að samþ. verði á þessu þingi. Er það vel farið, því að í sæmilega þróuðu efnahagskerfi hlaut það til lengdar að vera ekki aðeins óeðlilegt, heldur og óheppilegt fyrirkomulag að hafa undir sama hatti svo ólíkar stofnanir í eðli sínu sem seðlabanki, banki bankanna, er og venjulegur viðskiptabanki. Sjónarmið þeirra geta oft og tíðum verið gagnólík, þar sem viðskiptabankinn er fyrst og fremst einn þáttur viðskiptalífsins og lýtur lögmálum þess og kröfum, en seðlabankinn er hins vegar tæki til þess að stjórna peningakerfinu, efnahagskerfi eins lands. Seðlabankinn er sem sé einn armur ríkisvaldsins, samtímis því sem hann er ráðgjafi ríkisstj. um fjármál, peningamál og efnahagsmál þjóðarinnar almennt.

Um stöðu seðlabanka í þjóðfélaginu hefur að vísu oftlega verið deilt víða um lönd, hvort hann eigi að reka algerlega óháða efnahagsmálapólitík eða vera algerlega háður ríkisvaldinu. Í þessu frv. um Seðlabanka Íslands er farið nokkurt bil beggja. Bankanum, bankastjórninni er tryggt ákveðið sjálfstæði, en þó viðurkennt, að til frambúðar beri nauðsyn til, að Seðlabankinn styðji að framgangi þeirrar efnahagsmálastefnu, sem ríkisstj. landsins rekur á hverjum tíma. Virðast og nú allir stjórnmálaflokkarnir hér á landi vera á einu máli um þetta efni. Um hlutverk Seðlabankans, sem rakið er í 3. gr. frv., munu skoðanir stjórnmálaflokkanna trúlega ekki heldur í höfuðatriðum stangast mjög á, enda felst meginkjarni þeirra í jafnsjálfsögðum hlutum og að bankinn á að annast seðlaútgáfuna, að vinna að því að peningamagn í umferð sé hæfilegt, miðað við, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, að annast gjaldeyrisviðskipti við önnur lönd og varðveita gjaldeyrisvarasjóð landsmanna, að annast bankaviðskipti ríkissjóðs, ákveða forvexti og að vera banki annarra banka, svo að nokkuð sé nefnt.

Ágreiningurinn, að svo miklu leyti sem hann kann að vera fyrir hendi, snýst því að mínu viti ekki um meginatriðin, stöðu Seðlabankans í þjóðfélaginu eða hlutverk hans, heldur um nokkur smærri atriði, og er mér þó nær að halda, að sum þeirra ágreiningsatriða séu á misskilningi byggð eða óþarflegri tortryggni. Þau atriði þess eðlis, sem mig rekur minni til að rædd hafi verið í fjhn., eru eftirfarandi: bankaeftirlitið, innistæðubindingin og verðbréfaeign peningastofnana. Mun ég víkja að hverju þeirra fáum orðum.

Í 10. gr. frv. er gert ráð fyrir, að komið verði á fót almennu bankaeftirliti, sem líti eftir starfsemi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga, og er hlutverk þess að fylgjast með, að innlánastofnanir fylgi lögum og reglum, sem hverju sinni gilda um starfsemi þeirra. Hér er hreint ekki um neina grundvallarnýjung að ræða. Áður var hér til bankaeftirlit, og um langt áraskeið hefur starfað eftirlit með sparisjóðum. Í öllum löndum með sæmilega fullkomið bankakerfi hefur slíkt almennt bankaeftirlit verið starfandi lengi vel. Mér er t. d. kunnugt um, að þess háttar stofnun hefur verið rekin í Þýzkalandi allt frá árinu 1908. Hér er því aðeins um það að ræða að gera þá reglu, sem gilt hefur um sparisjóðina eina hér á landi, að almennri reglu og færa kerfi okkar í heild til samræmis við það, sem tíðkast í öðrum löndum, sem svipað eru á vegi stödd og við í þróun peningamála. Varðandi hins vegar þá athugasemd, að óeðlilegt sé að láta slíkt eftirlit einnig taka til innlánsdeilda samvinnufélaganna, má geta þess til fróðleiks, að öðrum þjóðum, sem lengri reynslu hafa en við í þessum efnum, finnst þetta sjálfsagður hlutur, því að t. d. í Þýzkalandi, þar sem slíkar innlánsstofnanir á samvinnugrundvelli eru gamalgrónar, hefur verið starfandi sérstakt bankaeftirlit með þeim frá árinu 1864 og mér vitanlega aldrei verið tortryggt, heldur talið frekar til öryggis viðkomandi stofnunum en þeim til skaða.

Þá er það ákvæðið um innistæðubindinguna. Í 11. gr. frv. kveður á um heimild Seðlabankans til þess að ákveða, að innlánsstofnanir eigi á reikningi í Seðlabankanum tiltekinn hundraðshluta af innistæðufé sínu, allt að 15—20%. Um þetta heimildarákvæði er tvennt að segja: 1) Það er almennt viðurkennt, að eitt höfuðverkefni Seðlabankans er að ákvarða peningamagnið í þjóðfélaginu og samhæfa það eðlilegri og heilbrigðri þörf atvinnulífsins. Peningamagnið verður því stundum að auka og stundum að minnka. Aðaltækin til þess að fá slíku áorkað eru ákvörðun forvaxta, kaup á verðbréfum og binding innistæðna, og þetta heimildarákvæði getur því verið seðlabanka nauðsynlegt. 2) Hér er ekki heldur um neitt nýmæli að ræða, því að í eldri lögum voru sams konar ákvæði, en þó miklum mun víðtækari, því að þar var heimild Seðlabankans til innistæðubindingar ekki bundin neinu hámarki, eða ef eitthvað er, ætti þá sú breyting, sem þetta frv. felur í sér, að vera bönkum, sparisjóðum og öðrum peningastofnunum aukin trygging fyrir því, að þeim verði ekki ofgert af hálfu Seðlabankans.

Þá var það þriðja atriðið, skylda peningastofnana til verðbréfaeignar. Í 12. gr. frv. er

Seðlabankanum heimilað að ákveða, að innlánsstofnanir skuli eiga allt að 10% af innistæðum sínum í ríkistryggðum eða öðrum tryggum verðbréfum. Þessi regla hefur fram til þessa gilt um alla viðskiptabankana og er nú færð út til sparisjóða og innlánsdeilda. Mestri furðu gegnir að mínu viti, að þetta ákvæði, einmitt þetta ákvæði, skuli sæta ámæli, því að hér er aðeins um öryggisráðstöfun fyrir lánastofnunina sjálfa að ræða, og vill vafalaust enginn þeirra, sem fram til þessa hafa lotið þessum reglum, af henni sjá. Með þessum hætti myndast nefnilega hjá lánastofnunum nokkurs konar varasjóðir, sem fyrirbyggja, að þær láni um of út, og þær geta gripið til, þegar árstíðarsveiflur verða á viðskiptum þeirra og þegar viðskiptaárferði versnar, því að gegn nefndum verðbréfum geta þær, innlánsstofnanirnar, fengið lán í Seðlabankanum til þess einmitt að kljúfa erfiðleikana og komast yfir þá.

Ég tel að sinni ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir efni þessa frv., enda hefur það verið svo ýtarlega skýrt í framsöguræðu hæstv. viðskmrh. við 1. umr. þessa máls hér í deildinni.

Að lokum vil ég aðeins með örfáum orðum geta um þær brtt., sem n. hefur orðið sammála um að bera fram og eru á þskj. 407.

Fyrsta breytingin er við 4. gr., að í stað orðsins „Seðlabankanum“ í 2. málsl. komi: Seðlabankastjórn. — Þótti þetta greinilegra, þar sem í upphafi greinarinnar er talað um Seðlabankann, sem skilja má sem bankastjórn og bankaráð sameiginlega, en í nefndum málslið er raunverulega aðeins átt við bankastjórnina eina, en ekki bankaráðið. Af sömu ástæðu og til samræmis breytist orðið „hann“ í „hún“ í 3. málslið.

Varðandi aðra brtt. um síðasta lið 1. mgr. 28. gr., að hún falli niður, er það að segja, að þar sem þeirri meginreglu er fylgt í frv., að flokkar hafi áhrif á kjör bankaráðsmanna í hlutfalli við þingfylgi sitt, þá þótti óeðlilegt, að Alþingi kysi að nýju menn, hvort heldur aðalmenn eða varamenn í bankaráð, ef þeir féllu frá á kjörtímabilinu, því að það gæti breytt styrkleikahlutföllum innan bankaráðsins. Þótti nm. nægilegt öryggi, að varamaður er kosinn fyrir aðalmann og taki hann þá sæti aðalmanns, ef sá síðarnefndi félli frá. Ef hins vegar báðir féllu frá, var það mat n., að þá bæri þingflokkunum að leysa það mál sameiginlega með þeim hætti, að styrkleikahlutföll flokkanna í bankaráði röskuðust ekki af þeim ástæðum.

Meiri hl. fjhn. telur, að með þessu frv. sé veigamikið og vonandi farsælt spor stigið í þróunarsögu íslenzkra banka- og peningamála, og mælir því með, að hv. d. samþykki þetta frv. með þeim brtt., sem nefndin flytur í heild.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég sé, að hæstv. viðskmrh., sem fer með bankamálin, er ekki í sínu sæti. Ég vildi spyrja um hann, því að ég vil mjög, að hann sé viðstaddur, þegar ég flyt mitt mál. Ég þarf einmitt að beina til hans nokkrum orðum. **(Forseti:** Hæstv. ráðh. var nú hér rétt áðan. Við skulum láta athuga það.) Já, þökk fyrir, ég skal bíða á meðan.

Ég hef skilað sérstöku áliti um frv. um Seðlabanka Íslands á þskj. 408 og hefur því nú verið útbýtt í þd. Eins og þar kemur fram, tel ég enga þörf fyrir þessa lagasetningu, sem hér er stofnað til.

Hv. meðnm. minn, 6. landsk. þm., sagði áðan í sinni ræðu, er hann mælti fyrir áliti meiri hl., að ef þetta frv. yrði samþ., þá yrðu kapítulaskipti í íslenzkri bankasögu með stofnun sérstaks seðlabanka. Þetta tel ég ekki rétt hjá hv. þm. Hafi verið um kapítulaskipti að ræða, þá hafa þau verið árið 1957, þegar Seðlabankinn var skilinn frá viðskiptadeild Landsbankans og settur undir sérstaka stjórn.

Það er sagt hér einnig í aths., sem þessu frv. fylgja, að með frv. þessu sé lagt til, að fullur aðskilnaður verði gerður á milli Seðlabankans og viðskiptabankans, en þetta er ekki rétt, það var búið að gera þennan aðskilnað áður. Seðlabankinn er nú og hefur verið senn í fjögur ár sérstök stofnun með sérstakri stjórn. Þar er því ekki um nýmæli að ræða, en meginatriðið í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er að fjölga stjórnendum Seðlabankans úr 5 upp í 8. Ég sé ekki neina þörf fyrir þetta. Ég sé ekki heldur, að hæstv. ríkisstj. hafi þörf fyrir þessa breyt., því að reynslan hefur sýnt, að meiri hl. stjórnar bankans fer eftir tilmælum stjórnarinnar.

Það er ekki ófróðlegt í sambandi við þetta meginatriði frv., sem hér liggur fyrir, að athuga nokkuð ummæli sumra hv. þm. Sjálfstfl., sem þeir höfðu hér á þingi 1957, þegar landsbankal. var breytt og þessi aðskilnaður gerður sem ég áður nefndi. Þá voru einnig hér samþykkt frumvörp um breytingar á lögum annarra banka. Í nál. minni hl. fjhn. Nd., sem út var gefið af fulltrúum Sjálfstfl. í n. 24. maí 1957, segir svo m. a.:

„Lengi hefur það hins vegar verið augljóst, að fyrir ríkisstjórnarflokkunum vekti það fyrst og fremst að tryggja stuðningsmönnum sínum stöður í stjórn Seðlabankans sem og annarra banka.“

Og í umr. um bankamálið sagði hæstv. núv. landbrh. m. a. á þessa leið, þá þm. Rangæinga:

„Tilgangur frv. er sá að tryggja stjórnarflokkunum fleiri sæti og fleiri stöður í bönkum.“ Og hann sagði líka, að með þeirri lagasetningu væri m. a. verið að svipta réttkjörna bankaráðsmenn umboði því, sem þeir nú hafa samkv. lögum. Það er fróðlegt að rifja þetta upp í sambandi við það, sem hér er á ferð.

Nýmæli er þó hér í 10. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því að taka upp aftur bankaeftirlit. Seðlabankinn á að annast það samkv. frv. Þar getur skapazt atvinna fyrir nokkra menn.

Í 11. gr. frv. eru ákvæði um það, að innlánsstofnanir, sem nánar eru tilgreindar í 10. gr., þ. e. a. s. bankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga, Söfnunarsjóður Íslands og hver önnur stofnun, sem tekur við innstæðum frá almenningi eða rekur sambærilega starfsemi að mati Seðlabankans, skuli geyma lausafé sitt á reikningi í Seðlabankanum, eftir því

sem við verður komið. Í sömu grein er einnig heimild til Seðlabankans til að ákveða, að innlánsstofnanirnar skuli eiga á reikningi í Seðlabankanum upphæð, er nemi tilteknum hundraðshluta af innstæðufé viðkomandi stofnunar. Þar segir, að innstæðubinding skuli þó ekki vera meiri en 20% af því innstæðufé, sem ávísa má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum. Síðan segir, að Seðlabankinn geti innan þessara takmarka breytt þessu hlutfalli, er ástæða þykir til, en sama hlutfall á þó ætíð að gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsflokkum. Þá er einnig í sömu grein ákveðið, að Seðlabankinn geti heimtað til sín hluta af innstæðuaukningu, sem verða kann hjá innlánsstofnunum, inn á bundinn reikning.

Þá segir í 12. gr. frv., að Seðlabankanum sé heimilt að ákveða, að innlánsstofnanirnar, sem áður um ræðir, skulu eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Það lítur út fyrir, að þarna í 12. gr. sé um að ræða viðbót við það, sem sparisjóðum er nú skylt að eiga í sjóði, bankainnstæðu eða verðbréfum samkv. 16. gr. l. nr. 69 1941, um sparisjóði, vegna þess að það ákvæði er ekki numið úr gildi, þó að þetta frv. verði samþ., eins og það nú er. En í 16. gr. l. um sparisjóði segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum, auðseljanlegum verðbréfum minnst 1/10 af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.“

Mér sýnist, að það verði allmjög takmarkaðir möguleikar sparisjóðanna til útlánanna, almennra útlána, eða ráðstöfunarréttur þeirra á því fé, sem þeir hafa undir höndum, ef þessum lagaheimildum verður beitt til fulls. Samkv. 11. gr. segir, að það megi skylda þá til að binda hjá Seðlabankanum 15—20% af innstæðufénu, í 12. gr., að það megi ákveða, að þeir kaupi verðbréf fyrir 10% af innlánsfénu. Þarna er komið 25—30, og í sparisjóðslögunum, sem ég vitnaði til, segir, að þeir skuli eiga 1/10 eða 10% af innstæðunum í peningum, innstæðu í banka eða verðbréfum. Þarna er, ef þessu væri beitt til fulls, komið 35 eða 40%, sem hægt er að skylda sparisjóðina til þess að hafa í bankainnstæðum eða verðbréfum eða peningum, og minnka þá auðvitað möguleikar þeirra til almennra útlána sem þessu svarar. Það nýmæli felst líka í 12. gr. að skylda samvinnufélög til að kaupa verðbréf fyrir hluta af innstæðufé í innlánsdeildum, ef Seðlabankinn mælir svo fyrir.

Í núgildandi landsbankalögum frá 1957 er ákvæði í 16. gr. þeirra, sem veitir Seðlabankanum heimild til að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í Seðlabankanum og þá hve miklar. Stjórnarflokkarnir settu ákvæði í efnahagslögin á síðasta þingi um það, að þetta skyldi einnig ná til innlánsdeilda samvinnufélaga. Ég hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að sá hafi verið tilgangurinn með þessari lagaheimild, sem sett var í bankalögin 1957, að gera það mögulegt að grípa í taumana, ef einhver innlánsstofnun næði til sín miklu innlánsfé og hætta væri á því, að því yrði ráðstafað með þeim hætti, að óeðlilegri og hættulegri röskun gæti valdið í fjármálalífi þjóðarinnar. Þetta mun hafa verið eina ástæðan til þess, að þetta var sett í lög. Þessi heimild frá 1957 í landsbankalögunum hefur ekki heldur verið notuð fyrr en á næstliðnu ári, eftir að núv. hæstv. ríkisstj. tók við stjórnartaumunum, og þá hefur hún verið ákaflega misnotuð, þessi heimild. Það hafa verið gefnar út fáránlegar tilskipanir um fjárheimtu frá litlum sparisjóðum og innlánsdeildum um land allt. Sá var áreiðanlega ekki tilgangurinn. Það vakti ekki fyrir þeim, sem settu þessa heimild á sínum tíma inn í landsbankalögin, að heimildin yrði misnotuð með þessum hætti.

Í aths. með efnahagsmálafrv., sem hæstv. ríkisstj. lagði fyrir þingið í fyrra, sagði hún m. a., að ráð væri fyrir því gert, að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands, og til þess að ná þessu marki kvaðst ríkisstj. ætla að beita sér fyrir því, að nokkur hluti innlánsaukningar hjá bönkum og sparisjóðum, þ. á m. innlánsdeildum kaupfélaga, verði bundinn í Seðlabankanum. Stjórnin tók þegar snemma á s. l. ári að beita sér fyrir þessu, sem hún hafði boðað að koma skyldi. Eftir fyrirmælum ríkisstj. ákvað meiri hluti stjórnar Seðlabankans vorið 1960 að gera kröfu um, að ákveðinn hluti af innstæðuaukningu, sem verða kynni hjá innlánsstofnunum, skyldi lagður inn á bundinn reikning í Seðlabankanum. Mér er ekki kunnugt um, hve mikið það er, sem Seðlabankinn hefur fengið út á þessa tilskipun árið sem leið. En nýtt bréf var gefið út frá Seðlabankanum 19. jan. í vetur, auðvitað eftir áður nefndum fyrirmælum ríkisstj. Bréf þetta er sent öllum innlánsstofnunum, bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum um land allt. Í þeirri nýju tilskipun er ekki látið nægja að heimta hluta af innstæðuaukningu, sem verða kann hjá stofnununum. Það er líka heimtað, að þær skili ákveðnum hundraðshluta af heildarinnstæðum hjá sér, hvort sem þær eru miklar eða litlar.

Eins og áður segir, er Seðlabankinn hér að framkvæma vilja ríkisstj. og fyrirmæli, og með þessum ráðstöfunum mun hæstv. ríkisstj. telja sig vera að vinna að því að koma á jafnvægi í peningamálum innanlands, eins og hún tilkynnti í fyrra, að hún ætlaði að gera.

Þegar lagafrumvörp eru til meðferðar hér á Alþingi, þá er jafnan nauðsynlegt fyrir þm. að reyna að glöggva sig sem bezt á því, hvernig væntanleg lagasetning muni verða í framkvæmdinni. Það eru venjuleg og sjálfsögð vinnubrögð. Ég hef í nál. mínu á þskj. 408 brugðið upp nokkrum myndum af framkvæmdinni á tilskipun þeirri, sem Seðlabankinn hefur nýlega gefið út fyrir hönd ríkisstj. Eins og þar er bent á, á að sækja nú í aprílmánuði næsta kr. 3963.35 norður fyrir Trékyllisheiði á

Ströndum, 5 þús. kr. út í Flatey á Skjálfanda og eitt ærverð vestur á Rauðasand. Þetta allt saman á að setja á bundinn reikning í Seðlabankanum. Sömu upphæðir á að sækja á þessa sömu staði í júlí og í þriðja sinn í október. Með þessu mun ríkisstj. telja sig vera að vinna að jafnvægi í peningamálum þjóðarinnar. Svo er nú það.

Það er reyndar eðlilegt, að einhver spyrji: Getur þetta verið rétt? Verður ekki sleppt að krefja minnstu sparisjóðina og innlánsdeildirnar? Nei, það má ekki. Enginn á að sleppa. Samkv. bréfi Seðlabankans nær fjárheimtan til allra innlánsstofnana, hvort sem þær hafa mikið eða lítið sparifé í sinni vörzlu. Það er alveg glöggt í bréfinu. Og þó að seðlabankastjórninni kunni að detta í hug að sleppa þeim minnstu, þá getur hún það ekki, ef þetta frv. verður samþykkt eins og það liggur fyrir.

Í 2. málsgr. 11. gr., þar sem ræðir um heimild Seðlabankans til þessarar fjárheimtu og ákveðið er, hvað háa prósentu af innlánsfé hann megi heimta, þá segir: „Seðlabankinn getur innan þessara hámarka breytt þessu hlutfalli, þegar ástæða þykir til, en sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum.“ Þetta á að ná til allra. Rollurnar þrjár á Rauðasandi eiga ekki að sleppa. Það á að sækja þangað eitt ærverð vestur nú í apríl, annað í júlí og það þriðja í október, engin þeirra á að sleppa. Þessar 3 ær eiga að gegna þýðingarmiklu hlutverki í jafnvægissókn ríkisstj. á því herrans ári 1961.

Það er oft talað um jafnvægi hér á hinu háa Alþingi. Það er talað um jafnvægi í byggð landsins, það er þýðingarmikið, ef hægt er að koma því á og halda því við. Það er talað um jafnvægi í viðskiptum, þetta er líka gott, ef tekst að koma því á og halda því við. Það er talað um jafnvægi í peningamálum, víst er það heppilegt. Allt er þetta gott og blessað, ef hægt er að ná þessu og halda því við. En ég hef lýst hér örlítið einni jafnvægisæfingu núv. hæstv. ríkisstj. Ég verð að segja það, að hún hefur tekizt ákaflega ófimlega og að segja má afkáralega. Og ég vil nú spyrja hv. stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar: Finnst þeim ekki tími til þess kominn að stöðva þessar jafnvægisæfingar hjá sinni ríkisstj., ef hún hættir þeim ekki ótilkvödd? Vilja þeir láta landslýðinn horfa lengur upp á fimleika af þessari tegund? Þetta vekur að vísu gamansemi. Það er brosað að þessu um landið þvert og endilangt. En því miður, þetta er ekki eingöngu gamanmál og hlátursefni, þetta hefur líka sína alvarlegu hlið. Við vitum það, að á undanförnum áratugum hafa verið miklir fólksflutningar utan af landi í þéttbýlið hér við Faxaflóa. Allir þeir mörgu, sem hafa flutt sig búferlum á undangengnum árum, hafa farið með fjármuni sína með sér. Þegar fólk flytur sig búferlum úr einhverri byggð á landinu og með allt sitt, þá verður lífsbaráttan erfiðari fyrir þá, sem eftir eru, á þeim stöðum, ef ekki kemur fólk inn í byggðina í staðinn. En þannig hefur það einmitt oft verið, að það hafa engir komið í staðinn fyrir þá, sem hafa flutt sig burt. Lífsbaráttan verður erfiðari á margan hátt hjá þeim, sem eftir eru. Þeir hafa orðið að sjá á eftir þessu fólki og þeim fjármunum, sem það réð yfir. Þá held ég, að það megi ekki minna vera en fólkið, sem eftir er í byggðunum og heldur þar við eldi á arni, **fái að halda sínu litla sparifé** heima í sínum héruðum. Það er fyllsta þörf fyrir þessa peninga þar.

Eitt af þeim málum, sem við höfum séð hér á þessu þingi, er till. til þál. viðkomandi jafnvægi í byggð landsins. Fyrsti flm. hennar er sá hv. þm., sem nú um sinn er í sæti 1. þm. Vestf. Því miður sé ég hann ekki á fundinum nú. Í þessari till. er m. a. talað um, að það sé nauðsynlegt að skapa aukið atvinnuöryggi og vaxandi framleiðslu um land allt. Nú vil ég spyrja þá hv. þm., sem að þessari till. standa, og aðra þdm.: Stefnir þetta frv. í þá áttina? Er þetta til að auka jafnvægi í byggð landsins, auka þar atvinnuöryggi og framleiðslu? Nei, hér er stefnt í þveröfuga átt.

Í gær var fundur hér í Sþ. Þá var hv. 1. þm. Vestf. (SB) að tala um till., sem hann og fleiri flytja viðkomandi læknaskortinum víða um land. Hann nefndi m. a. Árneshrepp í Strandasýslu, þar sem nú væri enginn læknir, og hann nefndi nýlegt dæmi um mikla erfiðleika, sem af því hlutust, þegar lítill drengur í þeirri byggð varð fyrir slysi. Úr þessu þarf að bæta, sagði hann. Og það er alveg rétt. Vonandi verður reynt að bæta úr þessu. Það er oft nokkur norðannæðingur í þessari byggð þarna nyrzt í Strandasýslu, vestan Húnaflóa. Það hefur verið lítið um það nú á þessum vetri, blessuð tíðin hefur verið svo góð, en það leggur til þeirra kuldagust úr suðri í staðinn, frá yfirvöldunum í höfuðborginni. Skv. þessu frv. er trúlegt, að af þeim verði krafizt, að þeir sendi um 12 þús. kr. á þessu ári inn í bundinn reikning í Seðlabankanum. Þetta er náttúrlega ekki stórfé á nútímans mælikvarða, en þarna er líka um að ræða bara eitt afskekkt sveitarfélag, sem á við næga erfiðleika að stríða. Þeir, sem búa þar í Árneshreppi, hafa nóga þörf fyrir sína peninga heima fyrir. En sá er þegnskapur þess fólks í nyrztu byggð Strandasýslu, að ég er ekki í vafa um það, að þeir mundu greiða af höndum þetta fé með glöðu geði, ef þjóðarnauðsyn heimtaði. En hver getur bent á þörfina fyrir þessar fjárkröfur á hendur þeim? Vill sá gefa sig fram? Ég held, að hv. 1. þm. Vestf., sem talaði um þennan hrepp í gær í Sþ., ætti að leggja sitt lið til þess, að hætt verði við svona kúnstir nú þegar.

Ég minnist þess, að í umr. um viðskiptamál á síðasta þingi sagði meðnefndarmaður minn, hv. 6. landsk., formaður fjhn., að takmark þeirra, er nú fara með stjórn landsins, væri frelsið. Takmark okkar er frelsið, sagði hann. Hann sagði, að stjórnarandstæðingar vildu höft og bönn og ófrelsi. En það eru ekki hlýir straumar frelsisins, sem berast út um landið frá núverandi valdhöfum. Það er ný, áður óþekkt frelsisskerðing, sem landsmönnum er boðuð með þessum aðförum ríkisstj., sem hún lætur Seðlabankann framkvæma. Menn eiga að fá að kenna á valdinu. Krafa valdhafanna er: Komið

þið með peningana inn í Seðlabankann, málshöfðun og aðför að öðrum kosti.

Sparifé alls í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum á öllu landinu mun nú vera töluvert yfir 3000 millj. kr. eftir þeim skýrslum, sem sézt hafa um þetta efni. Ákveðið er skv. þessu frv. og samkvæmt bréfi Seðlabankans og þeirri heimild, sem hann hefur, að smala nú í apríl á að gizka 5 millj. frá sparisjóðum og innlánsdeildum utan kaupstaðanna við Faxaflóa, jafnmiklu í júlí og í þriðja sinn í október í haust. Það er sem sagt trúlegt, að frá þessum stofnunum fáist um það bil 15 millj. yfir allt árið. Ja, nú ætlaði ég að fara að koma með fyrirspurn til hæstv. ráðh., og þá skrapp hann burt. Ég held ég verði aðeins að doka við. Kannske hefur hann farið í símann. — Ég var að segja, að mér sýndist útlit fyrir, að út á bréf Seðlabankans frá 19. jan., sem sumir kalla gangnaseðilinn, muni hafast alls á þessu ári um 15 millj. kr. frá sparisjóðum og innlánsdeildum á öllu landinu, utan kaupstaðanna við Faxaflóa. Og nú vil ég spyrja hæstv. viðskmrh., sem flutti þetta mál af hálfu ríkisstj. hér inn í þingið og lýsti því við 1. umr.: Hvað á þetta að þýða? Hvað á þetta að þýða, að snapa saman þessa upphæð, þrisvar sinnum 5 milljónir á árinu frá smásjóðum um allt land? Engum kemur í hug, að þetta sé þáttur í ráðstöfunum til að ná jafnvægi í peningamálum þjóðarinnar. Ef það væri meiningin að koma á jafnvægi í peningamálum, þá ætti auðvitað að veita fénu í öfuga átt, út um landið, en ekki hingað, til bindingar í Seðlabankanum. Hver er þá ástæðan, sem liggur að baki öðru eins og þessu? Jú, það getur verið, að ýmsir líti það hýru auga, þetta geti valdið kaupfélagsmönnum um land allt einhverjum óþægindum. En ekki er það nú vel frambærileg ástæða, ef það er engum til gagns.

Hæstv. ráðh. getur náttúrlega sagt: Þetta er útreiknað. Þetta kom svona út úr vélum. — En ég vil mjög óska svars við þessari spurningu minni: Í hvaða tilgangi er þetta gert? Getur hæstv. ráðh. bent á nokkurt gagn, sem af þessu muni verða? Ég óska skýringa.

Ég vil nú að lokum beina þeim tilmælum til ríkisstj. og sérstaklega hæstv. viðskmrh., sem fer með bankamálin, og raunar til þm. stjórnarflokkanna yfirleitt, að þeir taki þetta fjárheimtu- og fjárbindingarmál til íhugunar og stöðvi þær óviturlegu ráðstafanir í þeim efnum, sem ég hef hér rætt um. Ég tel, að þeir ættu að athuga þetta gaumgæfilega, ef ekki nú, áður en þessari umr. lýkur, þá fyrir 3. umr. um frv.

Eins og segir í mínu nál., þá er ég á móti þessu frv. Ég tel enga þörf fyrir þessa fjölgun í bankastjórninni, sem er meginatriði frv. Búið er að aðskilja áður viðskiptabankann og seðlabankann í Landsbankanum, og þarf engin ný lög um það efni. Ég legg því til, að frv. verði fellt, en ég vil þó sérstaklega skora á hv. þm. að greiða atkv. gegn 11. og 12. greinum frv., sem geyma fjárbindingarákvæðin, sem ég hef hér nokkuð talað um.

Frsm. 2. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. frá fjhn., hefur n. ekki orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. Þrír nm., fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl., leggja til, að frv. verði samþykkt með sáralitlum breytingum, og einn nm., fulltrúi Framsfl., sá sem hér talaði nú næst á undan mér (SkG), er mótfallinn frv., en ég, sem mætti í fjhn. af hálfu okkar Alþýðubandalagsmanna, er samþykkur meginefni frv., en hef hins vegar fyrirvara um ýmis efnisatriði, sem fram koma í frv. og ég tel ástæðu til þess að gera hér grein fyrir í framhaldi af því, sem fram kemur líka í mínu nál., sem birt er á þskj. 410.

Við Alþb.-menn erum samþykkir því meginatriði í þessu frv., sem miðar að því að gera Seðlabankann að algerlega sjálfstæðri stofnun, fullkomlega skipulagslega óháðan viðskiptabönkunum. En þó að stórt skref hafi verið stigið í þeim efnum með löggjöfinni um Seðlabankann árið 1957, þá er því þó ekki að neita, að nokkur skipulagsleg tengsl voru enn þá eftir á milli Landsbankans og Seðlabankans. Það er skoðun okkar, að það hafi þegar komið í ljós af reynslunni, að það sé jafnmikil þörf á því hér á landi og í flestum öðrum löndum, að seðlabanki landsins starfi fullkomlega sjálfstæður og alveg án skipulagslegra tengsla við hina almennu viðskiptabanka, og það sé á allan hátt betra í sambandi við stjórn peningamálanna í landinu að hafa þá skipan á heldur en það form, sem hér hefur ríkt í þessum efnum um margra ára skeið, þar sem blandað hefur verið saman almennum viðskiptabankastörfum og svo seðlabankastörfum. Að þessu leyti til erum við samþykkir þessu frv., þar sem það miðar að því að gera Seðlabankann að fullkomlega sjálfstæðri stofnun og óháðum í skipulagi við viðskiptabanka Landsbankans.

En hvaða atriði eru það svo í sambandi við þessa breytingu og í sambandi við þetta frv., sem við höfum sérstaklega fyrirvara um?

Það fyrsta er það, að gert er ráð fyrir því í 5. gr. frv., að stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem á sínum tíma var mynduð við Landsbanka Íslands, skuli áfram vera sem deild í Seðlabankanum. Við teljum, að um leið og hin skipulagslegu tengsl eru rofin á milli viðskiptabankans og Seðlabankans, þá eigi einnig að gera hreina breytingu í þessum efnum og stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem raunverulega tilheyrir rekstrarbanka, almennum viðskiptabanka, en ekki störfum þeim, sem seðlabankar almennt hafa með höndum, þá eigi þessi stofnlánadeild að losna frá Seðlabankanum og eigi að finna henni stað þar, sem eðlilegast er í okkar bankakerfi, en það er að sameina hana við stofnlánasjóð sjávarútvegsins, sem er Fiskveiðasjóður Íslands. Það getur ekki blandazt neinum manni hugur um það, að störf stofnlánadeildar sjávarútvegsins eru viðskiptabankalegs eðlis. Þar er ætlazt til þess, að sú stofnun veiti lán hinum ýmsu viðskiptaaðilum og hafi reikningsleg viðskipti við þá, en ekki þess, að sú stofnun láni fyrst og fremst fé til annarra peningastofnana, enda er þessu þannig fyrir

komið nú, að stofnlánadeild sjávarútvegsins er beinn viðskiptaaðili við fjöldamarga útvegsmenn og útgerðarfyrirtæki í landinu. Við erum því á þeirri skoðun, að betur færi á því að fella niður 5. gr. frv. með það þá í huga að sameina stofnlánadeild sjávarútvegsins Fiskveiðasjóði Íslands og að hafa þannig sem mest á einum stað öll stofnlán sjávarútvegsins í einni lánastofnun. En því miður er sem sagt gert ráð fyrir því af þeim, sem standa að þessu frv., að halda áfram því ranga skipulagsformi að ætla að hafa stofnlánadeild sjávarútvegsins í seðlabanka landsins.

Annað atriði er það svo í þessu frv., sem snýr að innlánsdeildum samvinnufélaga og hinum smærri sparisjóðum landsins. Það er einmitt það efni, sem hv. frsm. 1. minni hl. fjhn., sá sem talaði hér næst á undan mér, ræddi hér allmikið um. Við Alþb.-menn erum á þeirri skoðun, að það sé óeðlileg ráðstöfun og óréttlát ráðstöfun að gera ráð fyrir því í þessari löggjöf, að Seðlabankinn geti krafið smærri sparisjóði landsins og innlánsdeildir samvinnufélaga, sem eru dreifðar um allt land og í flestum tilfellum smáar peningastofnanir, — að Seðlabankinn geti krafizt þess af þeim að binda tiltekinn hluta af innistæðufé þessara stofnana í Seðlabankanum hér í Reykjavík. Það er enginn vafi á því, að ráðstöfun eins og þessi mun fremur hafa truflandi áhrif á sparifjármyndun hjá réttum innlánastofnunum á þessum stöðum, þar sem menn vita, að slík ákvæði sem þessi eru í gildi, og það er hætt við því, að menn fari að finna út einhverjar krókaleiðir til þess að geyma peninga sína á heldur óeðlilegan hátt, til þess að losna undan slíkum ákvæðum sem þessum, sem draga fé á óeðlilegan hátt frá smærri stöðum og smærri peningastofnunum inn á bundinn reikning suður í Reykjavík. Það er enginn vafi á því, að þegar þetta ákvæði upphaflega var sett í lög, að heimila seðlabanka landsins að kalla inn nokkuð af fé og binda það í Seðlabankanum, frá sparisjóðum eða peningastofnunum landsins, þá var þetta hugsað til þess, að Seðlabankinn gæti haft hemil á því, að ekkert það gerðist í sambandi við peningamál landsins, sem í verulegum atriðum truflaði gang peningamála. En slík innköllun á fé frá smærri innlánastofnunum, eins og framkvæmd hefur verið nú af Seðlabankanum, — slík innköllun á fé er óeðlileg, og við erum henni andvígir.

Þá vil ég einnig geta þess, að það er skoðun mín, að það beri að gera verulegan greinarmun á innlánsdeildum kaupfélaga eða samvinnufélaga og almennum sparisjóðum. Ég fyrir mitt leyti hef aldrei viljað líta á innlánsdeildir kaupfélaga sömu augum og ég lít á sparisjóði. Sparisjóðir í landinu starfa skv. nokkuð fast mótaðri löggjöf, og þeir verða að lúta þar nokkrum almennum reglum um rekstur peningastofnana, bæjar- og sveitarstjórnir hafa rétt til þess að kjósa endurskoðendur á reikningshald þeirra og hafa eftirlit þannig með rekstri þessara stofnana og kjósa menn í stjórn þeirra, og hið opinbera hefur haft sérstakt sparisjóðseftirlit með öllum rekstri þessara stofnana, enda er þarna tvímælalaust um beinar peningastofnanir að ræða. Ég geri því mjög verulegan mun á þessum stofnunum, sparisjóðum landsins og innlánsdeildum hjá kaupfélögum eða öðrum samvinnufélögum, sem í mjög mörgum tilfellum starfa ekki sem almennar peningastofnanir, heldur miklu fremur stofnanir, sem reknar eru fyrir allt aðra starfsemi, en taka þó að sér að geyma fé oft og tíðum fyrir félagsmenn, að vísu gegn því að greiða þeim almenna vexti. En það er enginn vafi á því, að hver sem ber saman allan rekstur þessara stofnana mun fljótlega finna það, að hér er grundvallarmunur á, og ég tel það vægast sagt mjög hæpið að flokka innlánsdeildir kaupfélaga undir peningastofnanir almennt. Þessi skoðun mín leiðir einnig til þess, að ég er andvígur því að flokka innlánsdeildirnar á þann hátt, sem gert er í þessu frv., og setja þær reglur, sem þar eru settar, um innköllun á fé frá þeim til bindingar hér í seðlabanka landsins. Ég mun væntanlega fyrir 3. umr. þessa máls flytja hér brtt., sem miðar að því að reyna að fá því fram komið, að a. m. k. verði settar nokkrar hömlur á það, hvernig þessu ákvæði verði beitt gagnvart bæði innlánsdeildum samvinnufélaga og smærri sparisjóðum.

Þá er eitt atriði enn, sem ég vil víkja hér að í sambandi við þetta frv. og ég vil hafa minn fyrirvara á um. Í frv. er gert ráð fyrir því, að hinum nýja seðlabanka verði stjórnað af fimm manna bankaráði og þremur bankastjórum. Það er m. ö. o. gert ráð fyrir því að fjölga um einn bankastjóra í Seðlabankanum frá því, sem verið hefur. Ég tel enga þörf á því að fjölga bankastjórum þessarar stofnunar frá því, sem verið hefur. Ég tel, að starfsemin þar sé með þeim hætti, að það sé engin þörf á því að fjölga þar um bankastjóra. Ég tel þó, að það hefði komið til mála að ganga inn á að fjölga þar bankastjórum og gera þá þrjá, ef það spor hefði verið stigið um leið, sem hefði vissulega verið eðlilegt, að leggja þá jafnframt niður Framkvæmdabankann eða sameina hann seðlabankarekstrinum. En um það verður varla deilt heldur, að Framkvæmdabankinn hefur með höndum þau störf, sem seðlabankar hafa almennt í öðrum löndum, eða meginhluti af starfi Framkvæmdabankans er raunveruleg seðlabankastörf. Ég hefði álitið rétt, um leið og Seðlabankinn er gerður fullkomlega að sjálfstæðri stofnun, að þá hefði verið stigið það spor að sameina Framkvæmdabankann Seðlabankanum, og þá hefði kannske, eins og ég segi, komið til mála að fjölga bankastjórum Seðlabankans. En þegar gert er ráð fyrir því að halda Framkvæmdabankanum, sem raunverulega starfar að miklu leyti sem seðlabanki, halda honum einnig áfram, þá sé ég ekki ástæðu til þess að fara að fjölga bankastjórum í Seðlabankanum og tel það í mesta máta óeðlilegt.

Þessi atriði, sem ég hef nú drepið á, eru meginatriði, sem við Alþýðubandalagsmenn höfum hér fyrirvara á um.

Ég hef leyft mér nú við þessa umr. að flytja hér eina brtt., en mun væntanlega flytja fleiri

við 3. umr. Sú brtt., sem ég flyt nú við þessa umr., er um það, að 5. gr. frv. verði felld niður, en það er sú greinin, sem fjallar um stofnlánadeild sjávarútvegsins, og ég vildi sjá nú við 2. umr., hvort takast mætti samkomulag um það að gera þessa efnisbreytingu á frv. En ef sú tillaga yrði samþ. nú við 2. umr., mundi af því leiða, að aðrar breytingar fylgdu þá þar á eftir.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en endurtaka aðeins það, að við Alþýðubandalagsmenn erum samþykkir meginmáli þessa frv., teljum, að það að gera Seðlabankann að fullkomlega sjálfstæðri stofnun stefni í rétta átt, og viljum styðja það, þó að við höfum hins vegar óbundnar hendur um einstök atriði frv. að öðru leyti og þá fyrst og fremst í þá átt, sem ég hef gert grein fyrir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. fjhn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, og ég er frsm. n. sammála um, að hér er um stórmál að ræða. Ég sé líka ástæðu til að láta í ljós ánægju yfir því, að talsmaður hv. Alþb. hefur lýst fylgi sínu við meginefni frv., við þá meginstefnubreytingu, sem er sannarlega mjög mikilvæg, sem í frv. felst. Þau atriði, sem hann gerði að umtalsefni og hann greinir á við okkur, sem að frv. stöndum, eru öll minni háttar.

Hins vegar verð ég að láta í ljós mikil vonbrigði yfir afstöðu talsmanns hv. Framsfl., hv. 1. þm. Norðurl. v. Það virðist algerlega hafa farið fram hjá honum, að hér er um stórmál að ræða. Hér er um að ræða fyrstu lagasetninguna um sjálfstæðan seðlabanka á Íslandi. Hér er um það að ræða að koma á fót í fyrsta skipti í fjárhagssögu Íslands seðlabanka með þeim verkefnum, sem slíkar stofnanir hvarvetna hafa. Og það er meira en það, sem hér er um að ræða. Þessum íslenzka seðlabanka eru í þessu frv. ætluð verkefni með þeim hætti, að að ýmsu leyti má segja, að þessi löggjöf, ef hún nær samþykki, verði fullkomnari og betri og í meira samræmi við nútímasjónarmið í fjármálum en tíðkast í nágrannalöndum. Ef þetta frv. verður að lögum, þá verða Íslendingar til þess að lögfesta venjur, sem skapazt hafa á undanförnum áratugum varðandi starfsemi seðlabanka og skipti þeirra við ríkisvaldið. Engin nágrannaþjóða okkar hefur orðið til þess að setja þau ákvæði í lög, sem felast í 4. gr. þessa frv. og frv. að öðru leyti er að miklu leyti byggt utan um.

Það má því að ýmsu leyti segja, að þessi löggjöf, ef hún nær fram að ganga, megi teljast og verði talin með nýtízkulegustu seðlabankalöggjöf, sem í gildi er í nálægum löndum. Með þessu er ég ekki að segja, að sú skipan, sem gert er ráð fyrir að lögtaka, sé að einhverju leyti öðruvísi en sú skipan, sem gildir t. d. á Norðurlöndum og öðrum löndum í Vestur-Evrópu. Hún er þvert á móti sú sama, sem löng venja hefur skapað þar í þeim þróuðu lýðræðisríkjum og hefur gefizt vel. Hins vegar er gert ráð fyrir, að reglurnar um þessa venju verði lögfestar í þessu frv. Það er m. a. og ég vil segja fyrst og fremst þess vegna, sem hér er um stórmál að ræða. Og ég endurtek það, að mér eru það mikil vonbrigði, að annar stærsti stjórnmálaflokkur landsins skuli ekki gera sér gleggri grein fyrir þessu meginatriði en svo, að hann láti ágreining um mjög minni háttar atriði ætla að verða til þess, að hann standi ekki að afgreiðslu þessa máls í heild.

Það, sem hér er að öðru leyti um að ræða, fyrir utan að marka þessa skýru stefnu, er að bæta úr því, sem vangert var hjá stjórn Hermanns Jónassonar að því er snertir bankalöggjöfina og Framsfl. þá að sjálfsögðu stóð að. Sú bankalöggjöf, sem stjórn Hermanns Jónassonar beitti sér fyrir, var að ýmsu leyti af miklum vanefnum ger, af því að sá tími, sem ætlaður var til þess að undirbúa þá löggjöf, reyndist allt of naumur. Þetta hefur ég held flestum, sem gerþekkja til þessara mála, verið ljóst, allar götur síðan 1957, og það hefur komið í hlut þessarar ríkisstj. að bæta úr þessum ágöllum og setja um stærstu ríkisbankana þrjá þá löggjöf, sem þessi hv. d. er nú einmitt að fjalla um.

En hvað er það þá, sem hv. Framsfl. virðist leggja svo mikið upp úr í þessu frv., að hann telji stuðning við frv. í heild eiga að velta á? Það eru reglurnar um innlánabindinguna, það eru ákvæði frv. í 11. og 12. gr. Áður en ég ræði þessi atriði nokkru nánar, vil ég minna hv. þdm. á, að í því frv. um Landsbanka, sem stjórn Hermanns Jónassonar beitti sér fyrir að samþykkt yrði, voru ákvæði, sem veittu Seðlabankanum ótakmarkaða heimild til þess að binda fé innlánsstofnana á lokuðum reikningum í Seðlabankanum. Þetta ákvæði var auðvitað meingallað og hefði aldrei átt að vera svo. Það er nauðsynlegt fyrir seðlabanka að hafa slíka heimild. Það var viðurkennt af hv. Framsfl. 1957, þegar hann hafði forsæti í ríkisstj. Að öðrum kosti hefði flokkurinn varla staðið að því, að slíkt ákvæði væri í landsbankalögunum. Þá var heimildin algerlega ótakmörkuð. Nú er úr þessu bætt og heimild Seðlabankans til slíkrar innstæðubindingar er takmörkuð, svo sem um er getið í 11. gr. Hún má ekki vera hærri en 20% af því innstæðufé hjá viðkomandi stofnun, sem ávísa má á með tékka, og ekki hærri en 15% af öðrum innstæðum.

Það er jafnrétt nú og það var 1957, að bráðnauðsynlegt er fyrir seðlabanka að hafa heimild til slíkrar innstæðubindingar. Ég get ekki skilið, að Framsfl. hafi skipt svo rækilega um skoðun frá því að vera í stjórn og við það að komast í stjórnarandstöðu, að hann telji nú heimild Seðlabankans til innstæðubindingar vera algerlega óþarfa. Því trúi ég ekki. Þess vegna er það dálítið undarlegt, að slíkur úlfaþytur skuli gerður út af þessum reglum, þegar þetta frv. gerir einmitt ráð fyrir, að heimildir Seðlabankans til innstæðubindingar séu takmarkaðar, eins og ég lýsti.

Hv. þm. spurði, hvers vegna slíkar reglur sem þessar væru settar. Um það mætti margt segja, en ég skal ekki um það fjölyrða. Ég skal aðeins láta þess getið, að til þess liggja tvær meginástæður. Annars vegar eru slík ákvæði

nauðsynleg til þess, að Seðlabankinn geti haft vald á peningamagninu í umferð. Það er eitt af meginhlutverkum seðlabanka, um það er ekki ágreiningur, að tryggja, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að verðlag geti haldizt stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á skynsamlegan hátt. Þetta er önnur meginröksemdin fyrir því, að slíkar reglur séu nauðsynlegar. Hin er sú, að þær eru það til þess að tryggja öryggi innstæðueigendanna í þeim innlánsstofnunum, sem gert er ráð fyrir að eigi vissar innstæður í Seðlabankanum. Þetta eru raunar allt saman taldir sjálfsagðir hlutir, taldir augljósir og sjálfsagðir hlutir hjá öllum, sem þekkja nokkuð til rekstrar seðlabanka og bankamála yfirleitt. Ég þekki ekkert land, þar sem slíkar reglur séu ekki í gildi, ekki eitt einasta.

Þessar reglur eru yfirleitt tvenns konar, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. að Seðlabankinn geti haft þær. Þær eru annars vegar þannig, að Seðlabankanum er heimilað að binda ákveðinn hluta innlánsaukningar í innlánsstofnunum, og hins vegar þannig, að Seðlabankanum er heimilað að skylda innlánsstofnanir til þess að eiga vissan hundraðshluta af innstæðum sínum sem inneign í Seðlabankanum. Þessar tvær reglur eru alls staðar í gildi, sumpart notaðar jöfnum höndum og sumpart önnur þeirra einungis, víðast hvar þó notaðar jöfnum höndum. Ég endurtek það: Ég þekki ekkert land, bókstaflega ekkert land, þar sem slíkar reglur séu ekki í gildi, og mér þætti afar fróðlegt og beini því hér með til hv. 1. þm. Norðurl. vestra, að hann nefni mér það, ef hann þekkir nokkurt land á byggðu bóli, þar sem slíkar reglur séu ekki í gildi og þeim sé beitt, og ég vildi óska þess að hann gleymdi ekki að svara þessari fyrirspurn minni. Það getur sannarlega ekki verið nein goðgá að lögleiða hér ákvæði, sem eru fastur þáttur í starfsemi seðlabanka um víða veröld.

Þær reglur, sem fyrst voru settar samkv. heimildinni í lögunum frá 1957 í sambandi við efnahagsráðstafanir núv. ríkisstj. á s. l. ári, voru þannig, að gert var ráð fyrir því, að helmingur innstæðuaukningarinnar á árinu 1960 yrði bundinn í Seðlabankanum. Þessum reglum hefur nú nýlega verið breytt og á þeim verið slakað, og það er liður í þeirri stefnu, sem komið hefur fram einnig á öðrum sviðum hjá ríkisstj., m. a. í vaxtalækkuninni, að svo góður árangur hafi orðið af efnahagsráðstöfunum ríkisstj. á s. l. ári, að hægt hafi verið að slaka nokkuð á þeim mjög ströngu ráðstöfunum, sem gerðar voru samhliða efnahagsráðstöfununum. Þess vegna var það gert nokkurn veginn samtímis, að vextir voru lækkaðir og slakað á reglunni um innstæðubindinguna. Það er einmitt meiningin með slíkum reglum, að hægt sé ýmist að slaka á þeim eða herða á þeim, eftir því, hvernig Seðlabankinn metur ástandið á peningamarkaðnum hverju sinni. Þær reglur, sem nú gilda og eiga að gilda aftur á bak fyrir 1960, að svo miklu leyti sem hinar voru ekki komnar til framkvæmda, og fyrir 1961, eru þær, að nú á að binda aðeins 30% af innstæðuaukningunni, en auk þess 3% af innstæðunum, sem fyrir hendi eru hjá hverri innlánsstofnun, þó þannig, að aðeins skal skila 1% í hvert sinn í þrjú skipti. Þessar reglur eru auðvitað léttir fyrir innlánsstofnanirnar frá því, sem var á árinu 1960, og því í raun og veru ekki ástæða fyrir þær að kvarta né heldur að kvarta fyrir þeirra hönd.

Nú kann að vera, að það, sem hv. þm. vill gera að meginatriði í sínu máli, sé ekki það, að slíkar reglur séu settar í sjálfu sér, enda á hann erfitt með það, þar sem hann og hans flokkur stóðu að því 1957, að ótakmörkuð heimild til að setja slíkar reglur var sett. Það kann að vera, að það, sem fyrir honum vakir fyrst og fremst, sé það, að þessar reglur eru látnar ná til allra innlánsstofnana, að meðtöldum innlánsdeildum í kaupfélögum. Það, sem hann kann fyrst og fremst að setja fyrir sig, er, að þetta tekur einnig til lítilla innlánsstofnana, og ég held raunar, að hann hafi spurt mig alveg sérstaklega: Hvers vegna eru þessar reglur látnar gilda um litlu innlánsstofnanirnar? Á hann þar væntanlega við innlánsdeildir kaupfélaganna og litla sparisjóði. Því er mjög fljótsvarað, hvers vegna þetta þarf að vera svo. Í slíkum efnum sem þessum eru undanþágur óframkvæmanlegar og leiða þegar í stað til mjög alvarlegrar misnotkunar. Það er samkeppni á milli innlánsstofnananna, og ef sama regla gildir ekki um þær allar, hvort sem þær eru fyrir neðan eitthvert ákveðið mark eða svolítið fyrir ofan það, þá er alveg augljóst mál, að þar er um aðstöðumun að ræða milli innlánsstofnana til þess að afla sér lánsfjár.

Þetta, sem ég er að segja núna, er engin fræðikenning, sprottin upp í mínum huga. Um þetta höfum við dæmi, tiltölulega nýlegt dæmi hér á Íslandi. Það gerðist í einum kaupstað, þar sem reglurnar, sem fyrst voru í gildi um þetta, gerðu ráð fyrir nokkurri mismunun eftir stærð stofnananna. Í kjölfar þess sigldi það, svo að ég nefni eitt dæmi, — fleiri væri hægt að nefna, — að innlánsstofnanir í einum kaupstað hófu samkeppni um innstæðufé á þeim grundvelli, að önnur stofnunin væri minni en svo, að innstæðubindingarreglurnar tækju til hennar, en hin væri stærri en svo, að af innstæðuaukningu þar þyrfti að skila ákveðnum hundraðshluta til Reykjavíkur. Það gefur auga leið, að slíkt má ekki viðgangast, af því að komast verður hjá því að efna til slíks, ef þess er nokkur kostur. Þess vegna verða slíkar reglur eins og þessar, ef þær eiga að vera varanlegar og standa til frambúðar, eins og reglurnar um hundraðshlutann af innstæðum yfirleitt eru, að vera algildar, gilda um alla aðilana. En það er það, sem hv. þm. og flokkur hans virðast ekki vilja sætta sig við. Hann virðist ekki vilja sætta sig við það, að þessar reglur, þ. e. reglurnar um bindingu á ákveðnum hundraðshluta af innstæðufé, gildi fyrir alla. Hann vill hafa undanþágu fyrir suma, hann vill hafa sérréttindi fyrir suma. Það er þetta sjónarmið, sem núv. ríkisstj. vill ekki viðurkenna og mun ekki viðurkenna. Hún mun ekki viðurkenna, að

nokkrir aðilar eigi rétt á undanþágum frá almennum reglum, að nokkrir aðilar eigi rétt á alveg sérstökum sérréttindum eða fríðindum í þessum efnum, vegna þess að það skapar misrétti á samkeppnissviðinu, sem getur orðið alvarlegt.

Hverjir eru nú þeir aðilar, sem hv. þm. virðist sérstaklega bera fyrir brjósti í þessum efnum? Ég geri ekki ráð fyrir því, að það séu fyrst og fremst litlu sparisjóðirnir. Ég geri ráð fyrir, að það séu fyrst og fremst innlánsdeildir kaupfélaganna, sem þessar innstæðubindingarreglur munu taka til, og ég hygg, að ég með þessu geri hv. þm. engar getsakir. Ýmis orð hans féllu þannig, að það er ómögulegt að skilja þau öðruvísi en svo, að hann telji ranglæti þessa frv. sérstaklega vera fólgið í því, að það geri ráð fyrir, að sú kvöð verði lögð á innlánsdeildir kaupfélaga eins og sparisjóði og aðrar innlánsstofnanir, að þær bindi ákveðinn hundraðshluta af innstæðufé sínu í Seðlabankanum.

Nú er mér alveg ljóst, hvaða sérstöðu innlánsdeildir kaupfélaganna hafa meðal innlánsstofnana landsmanna. Hitt veit ég líka, að innlánsdeildir kaupfélaganna njóta allra sömu fríðinda og sparisjóðir njóta til þess að geta keppt við sparisjóðina um innlánsfé almennings. Þetta er meginástæðan til þess, að ríkisstj. telur ekki fært að láta innlánsdeildir kaupfélaganna njóta sérstakra réttinda að því er snertir þær byrðar, sem nauðsynlegt er að leggja á innlánsstofnanir í landinu vegna öryggis peningakerfisins og vegna öryggis innstæðueigendanna sjálfra. Það er vegna þess að Alþingi hefur gengið þannig frá réttindum innlánsdeilda kaupfélaganna, að réttindin eru nákvæmlega hin sömu og sparisjóðanna. Það er vegna þessa, að skyldur innlánsdeilda kaupfélaganna hljóta að verða hinar sömu. Þegar ég segi, að Alþingi hafi veitt innlánsdeildum kaupfélaganna sömu réttindi og sparisjóðunum, þá á ég fyrst og fremst við það, að ákvæðin um skattfrelsi innstæðufjár gilda um innlánsdeildir kaupfélaganna. Þetta eru mjög mikilvæg réttindi, sem hafa úrslitaþýðingu í samkeppni innlánsstofnana um innstæðufé sparifjáreigenda. Að þessu leyti hafa innlánsdeildir kaupfélaganna verið settar á sama bekk og Landsbankinn, Búnaðarbankinn, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóður Siglufjarðar, allar innlánsstofnanir landsins, og fyrst svo er, að þær njóta sömu réttinda og innlánsstofnanirnar, þá satt að segja á ég ekki gott með að skilja þann hugsunarhátt, sem krefst þess, að þær beri ekki sömu byrðar, að þær beri ekki sömu skyldur og innlánsstofnunum almennt er ætlað að gera. Það, sem er sérstaklega athyglisvert við málflutning hv. þm. og flokks hans í þessu máli, er, að mér skilst hann ekki í sjálfu sér andmæla því, að slíkar reglur séu nauðsynlegar. Honum finnst eðlilegt, að Landsbankinn og Útvegsbankinn verði að sæta slíkri bindingu af hálfu Seðlabankans. Honum finnst eðlilegt, að stór sparisjóður, jafnvel þó að úti á landi sé, verði að sæta slíkri bindingu. En þegar kemur að innlánsdeild kaupfélags, þá má hún ekki sæta slíkri bindingu. Það er þessi sérréttindahugsunarháttur, sem ég hvorki skil né heldur get fellt mig við.

Nú skal ég að gefnu þessu tilefni, vegna þess að þetta virðist vera bókstaflega eitt aðalatriðið í afstöðu hv. þm. til þessa máls, leyfa mér að beina til hans alveg ákveðinni spurningu. Ég skal orða hana skýrt og óska þess mjög eindregið, að hann svari henni líka alveg skýrt: Er hv. þm. reiðubúinn til þess að fallast á, að ákvæðið um skattfrelsi sparifjár hætti að taka til innlánsdeilda kaupfélaganna, m. ö. o., að innlánsdeildir kaupfélaganna verði þess konar stofnanir, sem samvinnulögin gera ráð fyrir að þær séu? Ef hv. þm. er reiðubúinn til þess að eiga þátt í því eða beita sér fyrir því eða standa að því, samþykkja það, að ákvæðin um skattfrelsi innstæðna í innlánsdeildum kaupfélaganna séu afnumin, þá skal ég fyrir mitt leyti beita mér fyrir því, að ákvæðin um bindingu innstæðufjárins í Seðlabankanum hjá deildum kaupfélaganna taki ekki til innlánsdeilda kaupfélaganna. Þetta er ákveðið tilboð til hans, og ég tel, að með þessu móti væri öllu réttlæti fullnægt. Ef innlánsdeildir kaupfélaganna njóta ekki þeirra sérréttinda, sem sparisjóðirnir og almennir viðskiptabankar njóta, að innstæðufé sé skattfrjálst, þá eiga þær ekki heldur að bera þá byrði, sem hér er gert ráð fyrir að á innlánsstofnanir sé lögð, það játa ég, og þá skal ég fyrir mitt leyti beita mér fyrir því, að þeirri byrði verði létt af þeim. En ef hv. þm. og flokkur hans vill ekki samþykkja, að þessum ákvæðum sé breytt, verð ég að halda fast við þá skoðun mína, að hið sama verði að gilda um innlánsdeildir kaupfélaganna og aðra sparisjóði, hvort sem þeir eru litlir eða stórir. Hitt hef ég áður rökstutt, hvers vegna ekki er hægt að gera greinarmun á stórum og litlum innlánsstofnunum.

Þá vildi ég að síðustu fara nokkrum orðum um þá skoðun hv. þingmanns, að með þessum innstæðubindingarákvæðum sé í raun og veru verið að níðast sérstaklega á dreifbýlinu af hálfu fjölbýlisins eða Reykjavíkur. Þau dæmi, sem hann nefndi í ræðu sinni og í nál. sínu um, að sótt sé eitt ærverð norður í Trékyllisvík, og annað því um líkt, áttu, auk þess að vera skemmtileg, að vera eins konar dæmisaga um, að með þessum ákvæðum væri verið að íþyngja dreifbýlinu alveg óhóflega þéttbýlinu í vil. Hér er auðvitað um mikinn grundvallarmisskilning að ræða. Það er algerlega óviðurkvæmilegur málflutningur að benda á, þó að nokkurt fé flytjist úr dreifbýli í Seðlabankann í Reykjavík, sem auðvitað er sameign allra landsmanna, sem liður í heildarráðstöfunum þjóðarbúinu og sparifjáreigendum almennt til öryggis, og það er algerlega villandi málflutningur að benda á slíkt sem dæmi um, að á dreifbýlið sé hallað að því er snertir dreifingu fjármagnsins. Sú hugmynd, sem þessum ummælum er ætlað að vekja hjá hv. þdm. og hjá þjóðinni yfirleitt, er án efa sú, að það sé stefna núverandi ríkisstj. að draga fé úr dreifbýlinu og hingað í þéttbýlið og þó sérstaklega til Reykjavíkur.

Ég gerði mér það til dundurs áðan, meðan

hv. ræðumenn voru að tala, að ég tók skýrslu, sem lá á borði minu frá hagfræðideild Landsbanka Íslands, sem sýnir fjárfestingu í höfuðatvinnugreinum landsmanna undanfarin 6 ár. Tölur um raunverulega fjárfestingu í höfuðatvinnugreinunum eru ein öruggasta vísbendingin um það, hvernig lánsfé landsmanna í raun og veru hefur dreifzt á milli atvinnugreinanna, hvernig það hefur dreifzt á milli dreifbýlis og þéttbýlis, því að fjárfestingin er, ég vil segja nær öllsömun kostuð af lánsfé. Undanfarin 6 ár hefur ekki verið um þess konar ágóða að ræða í íslenzkum atvinnuvegum, að fjárfestingin hafi að neinu verulegu leyti getað verið kostuð af því að halda eftir ágóða í fyrirtækjunum, og væntanlega á það ekki við um landbúnaðinn að neinu verulegu leyti. Hún er sem sagt að langmestu leyti kostuð af lánsfé. Og hvað skyldi nú koma í ljós, ef við tökum fjárfestingu í fjórum höfuðatvinnugreinum landsmanna s. l. 6 ár, þ. e. á árunum 1954—59? Þær tölur eru þannig, reiknað á verðlagi hvers árs: Fjárfesting í landbúnaði á þessum 6 árum hefur numið 1435 millj. kr. Fjárfesting í sjávarútvegi hefur numið 879 millj. kr. Fjárfesting í iðnaði og námugrefti hefur numið 426 millj. kr. Og fjárfesting í verzlun og veitingum, sem tekið er saman, 212 millj. kr. Fjárfesting í landbúnaðinum einum hefur því numið meira samtals s. l. 6 ár en fjárfesting samtals í sjávarútvegi og iðnaði. Í sjávarútvegi og iðnaði hefur fjárfestingin numið 1305 millj. kr., en í landbúnaðinum 1435 millj. kr. Það er ekki fjarri lagi, að s. l. 6 ár hafi fjárfesting í landbúnaði numið næstum eins miklu og fjárfesting í hinum þremur höfuðatvinnuvegum landsmanna samtals. Tölurnar eru 1435 millj. kr. í landbúnaðinum og 1517 millj. kr. í hinum þremur höfuðatvinnuvegum landsmanna samtals. Auk þess er svo þess að geta, að í raforkuframkvæmdum hafa verið fjárfestar á þessum sömu árum 773 millj. kr., og er mjög verulegur hluti þess framkvæmdir í dreifbýlinu.

Þessar tölur eru án efa einna skýrasta vísbendingin um það, hvernig fjármagn landsmanna undanfarin 6 ár hefur dreifzt. Það má fara aðrar leiðir til þess að komast að raun um, hvernig fjármagnið hefur dreifzt, það heildarlánsfé, sem þjóðin hefur haft yfir að ráða. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að niðurstaðan verður í stórum dráttum sú sama, því að það er alveg sama, hvort við tökum útlánatölur þeirra stofnana, sem hafa haft yfir að ráða innlendu og erlendu fé, eða hvort við tökum þær framkvæmdir, sem lánsféð hefur verið notað til, niðurstaðan er þessi. Með hliðsjón af þessu er það náttúrlega næstum óskiljanlegur málflutningur að gera eitthvert stórt veður út af því, þótt innlánsdeild einhvers kaupfélags eða þótt einhver lítill sparisjóður þurfi að skila nokkrum hundruðum króna eða nokkrum þúsundum króna, eins og hv. þm. nefnir einstök dæmi um í grg. sinni, í Seðlabankann, í sameiginlegan sjóð landsmanna sem lið í reglum, sem alls staðar er viðurkennt að nauðsynlegar séu og hv. þm. sjálfur og flokkur hans viðurkenna í grundvallaratriðum að nauðsynlegar séu, en vill bara ekki láta taka til sín eða þeirra fyrirtækja, sem hann sérstaklega ber fyrir brjósti.

Ég held, að með þessu hafi ég svarað meginatriðunum, sem fram komu í ræðu hv. þm., og ég vil enda þessi orð mín á því að endurtaka það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að ég harma það sannarlega, að næststærsti flokkur þingsins, Framsfl., skuli láta blindast svo af jafnsmávægilegu atriði og hér er um að ræða, af jafnalgeru aukaatriði í þessu stórmáli, sem hér er um að ræða, að hann virðist ætla að láta það kosta fylgi sitt við málið, að hann ætli að láta það valda því, að hann á ekki aðild að því að afgreiða eitt stærsta mál, sem þetta þing hefur til meðferðar.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langar til þess að leggja nokkur orð í belg í sambandi við umr. um það frv., sem hér liggur fyrir.

Við þm. máttum áðan sannarlega hlýða á hina heilögu vandlætingu í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. Ef vandlætingin fólst ekki í sjálfum orðunum, þá var reynt að láta hana felast í blæbrigðunum og framsetningunni. Það var út af fyrir sig ekkert óskemmtilegt, og þessum hv. þm. fer stöðugt fram í leikaraskap sínum. Hann skemmtir okkur með honum í þingveizlum, og þar er þetta mjög vel rómað og ég hef notið þess vel þar, skemmt mér vel og vona með hliðsjón af því, að fram undan er nú ein þingveizlan, að við fáum að hafa okkur þetta til skemmtunar í þeirri veizlu ekki síður en verið hefur í fyrri þingveizlum. Hitt er svo annað mál, hversu lengi þessi leikaraskapur fer vel hér í ræðustólnum í hv. Nd., og spurningin er: Hversu sönn er nú þessi vandlæting og þessi vandlætingartónn og hversu einlægur í raun og veru, þegar hann er krufinn til mergjar? Hæstv. viðskmrh. hefur svarað því að verulegu leyti með því að víkja efnislega að ýmsu því, sem þessi hv. þm. hafði að athuga við það frv., sem hér liggur fyrir, en þó eru ýmis atriði, sem ég vildi til viðbótar víkja nokkuð að.

Hv. þm. segir, að hann sé algerlega á móti þessu frv., að það sé gagnslaust og tilgangur þess sé aðeins að fjölga bankastjórastöðum í Seðlabankanum, fjölga þar bankastjórum um einn. Og hann vék nokkuð að umræðunum, sem fram höfðu farið hér um bankamálin 1957, þegar vinstri stjórnin lagði fram sín frumvörp um bankamálið, Landsbankann og Útvegsbankann og fleiri banka, og taldi, að við hefðum þá ýmsir, sem töluðum á móti þessum málum, haft nokkuð aðra skoðun á þeim en nú. Út af þessu vil ég segja, að það var með allt öðrum hætti, sem sá málflutningur varð til, heldur en nú á sér stað og með allt öðrum tilgangi, og um það verður ekki deilt, því að þeim tilgangi var lýst yfir af þeim mönnum, sem að þessu stóðu þá. Því var lýst yfir af þáverandi stuðningsflokkum vinstri stjórnarinnar, að það bæri nauðsyn til þess, og það var sett fram í kosningayfirlýsingu og í stjórnaryfirlýsingum, að höfuðástæðan væri sú, að sjálfstæðismenn hefðu hreiðrað um sig í peningastofnunum lands-

ins og þar misbeitt svo valdaaðstöðu sinni, að við það yrði ekki lengur unað, og í framhaldi af því yrði að gera breytingar á bankalöggjöfinni. Framhaldið af því varð, að meginbreytingarnar í bankalöggjöfinni þá voru það að koma fyrir 13 stjórnarstuðningsmönnum í nýjum bankastjórastöðum og bankaráðsembættum. Annað var þar ekki um að ræða umfram það, sem rétt er að viðurkenna, að það var gerð þá veruleg breyting á Seðlabankanum, þó að það skref væri ekki stigið nema til hálfs. Það var þá bent á það af okkur andstæðingum ríkisstj., að það væru engin rök fyrir slíkri leiðréttingu á bankalöggjöfinni, og það var margsinnis farið fram á, að nefnd væru einhver dæmi til stuðnings þessum tilgangi, en það var aldrei gert undir allri meðferð málanna hér í þinginu, og það hefur aldrei verið gert. Og mér er ósköp vel kunnugt um það, að ýmsir menn, þeir sem að þessum málum stóðu þá og hafa síðar komið inn í bankana, í bankaráð eða bankastjórastöður, hafa látið í ljós, að það hafi glöggleg opnazt augu þeirra fyrir því, þó að síðar hafi orðið, að hér voru algerlega tilefnislausar ástæður fram fluttar.

Hæstv. viðskmrh. vék að því í lok ræðu sinnar, á hvern hátt fjárfestingin hefði verið í aðalatvinnuvegum okkar á undanförnum 6 árum og þá einmitt m. a. á þeim árum, áður en vinstri stjórnin tók við, og það hefur nú sannazt, að á þeim tíma, einmitt eftir að mynduð var sameiginleg ríkisstj. sjálfstæðismanna og framsóknarmanna 1953, þá er það fyrst og fremst útlánaaukningin, hin nýja útlánaaukning til kaupfélaganna, til samvinnufélagsskaparins í þessu landi, sem einkennir útlánaaukninguna í landinu og e. t. v. varð undirrótin að því, að hægt var að segja, að útlánaaukningin hefði verið verðbólguskapandi í landinu. Þá á fáum árum, 1954, 1955 og 1956, hygg ég, að útlánaaukningin til kaupfélaganna í landinu hafi numið um 250—300 millj. kr., sem fyrst og fremst lá í nýjum endurkaupum Seðlabankans á afurðavíxlum landbúnaðarins á þeim tíma, sem þessir svo vilhöllu og ósanngjörnu menn höfðu hreiðrað um sig í bönkum landsins. (Gripið fram í.) Það hækkaði um milli 50 og 100 millj. á ári, á árunum eftir 1953, eftir að stjórnarsamstarfið milli sjálfstæðismanna og framsóknarmanna þá hófst. Og þessa sáust merki, því að hvar var það, sem menn fóru um landið þá, sem ekki væru hvað mest áberandi, þar sem komið var í kauptún og kaupstaði, hin nýju og háreistu kaupfélagshús, þær nýju og háreistu kaupfélagshallir, þegar hins vegar mátti með engu móti veita neitt fé af þeim, sem þá fóru með fjárfestingarmálin, til uppbyggingar verzlunar og iðnaðar í höfuðborg landsins, allra sízt í húsbyggingum? Ég sagði: Við máttum hlusta á hina heilögu vandlætingu, og það hefur ævinlega verið svo, að þótt mér sé vel við þennan þm. og hafi átt með honum langt og gott samstarf í fjhn., frá því að ég fyrst kom á þing, þá, ef svo mætti segja, fer það í taugarnar á mér, þegar ég heyri þennan tón, þegar fjargviðrazt er yfir því, hversu níðzt sé á hinum dreifðu byggðum og kaupfélögunum og samvinnufélagsskapnum, á sama tíma sem þessi félagsskapur dró þó til sín hlutfallslega miklu meira fjármagn en nokkur annar sambærilegur félagsskapur eða rekstur í þessu þjóðfélagi.

Þetta bendi ég á til þess að undirstrika það, sem ég sagði, að það hafa legið allt önnur sjónarmið til grundvallar þeirri endurskoðun á bankalöggjöfinni, sem nú á sér stað, heldur en í tíð vinstri stjórnarinnar. Mér er kunnugt um það, að bæði þetta frv. og önnur, sem fram hafa verið borin, hafa verið vandlega undirbúin og með það eitt fyrir augum að koma efnislega betri skipan á þessi mál, en ekki með hliðsjón af því að hrinda einhverju ímynduðu ofurvaldi eða pólitísku valdi andstæðinga, sem þyrfti að taka í hendur núverandi stjórnarsinna.

Það var ekki heldur lítið einkennandi, að þegar var verið að gera breytingarnar á bankalöggjöfinni 1957, þá var einn banki, sem þurfti ekki að hreyfa við. Það var Búnaðarbankinn. Stjórnarsinnar voru þá og framsóknarmenn í hreinum meiri hluta í bankaráði þessa banka, og þar var einn bankastjóri, sem var þeirra flokksmaður og iðulega í framboði og pólitískum herferðum fyrir þennan flokk úti um mismunandi byggðir og kjördæmi þessa lands. Á þeim banka var nú á s. l. þingi gerð breyting, efnisleg breyting, til þess að koma heilbrigðari skipun á málin, einmitt frá sama sjónarmiði og gert er nú í þeim frv., sem hér liggja fyrir. En öllum öðrum bönkum var svo vendilega breytt eða löggjöfinni, að það var m. a. aðalatriðið að breyta ákvæðunum um bankaráðið, og þeim var breytt þannig, að Alþingi átti bara að kjósa fjóra af fimm, svo skyldi ráðh. skipa þann fimmta. Eini og augljósi tilgangurinn með þessu var að hlunnfara stærsta flokk þjóðarinnar, að gera honum ókleift að njóta þess réttar, sem hann styrkleika sínum samkvæmt átti að njóta á löggjafarsamkomu þjóðarinnar.

Það er ekki að búast við því, að málefni, sem þannig eru til komin, standi til lengdar, og þess vegna hlaut að koma að því fyrr eða seinna, að hér yrði gerð á bragarbót, eins og nú er verið að leitast við að gera.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gefið út nál., óvanalega langt, upp á rétt þrjár síður, um seðlabankafrv. En um hvað fjallar þetta nál.? Það fjallar um aðeins einn þátt þessara mála, þ. e. það ákvæði frv., að Seðlabankanum sé heimilt að ákveða, að nokkur hluti af fé innlánsdeilda kaupfélaganna skuli bundinn í Seðlabankanum á sama hátt og fé sparisjóðanna og bankanna. Um þetta eitt fjallar allt nál., og um þetta er talað í þessum líka vandlætingartón og lögð á það megináherzla, að með þessu sé verið að draga fé frá hinum dreifðu byggðum landsins og til höfuðstaðarins. Og svo mikil áherzla var á þetta lögð, að það mátti helzt á því skilja, að það væri hreinlega verið að stela þessu fé frá þessu fólki úti í hinum dreifðu byggðum. Hv. þm. sagði það ekki, en það var verið að taka féð og binda það í Seðlabankanum. Hæstv. viðskmrh. benti réttilega á,

að Seðlabankinn er sameiginleg stofnun landsmanna, og enda þótt eitthvað af fé innlánsdeilda og sparisjóða sé bundið í Seðlabankanum, þá er það auðvitað eign sparisjóðanna og innlánsdeildanna eftir sem áður, og það er auðvitað alveg óséð um það enn, nema þetta geti orðið hinum dreifðu byggðum til hins mesta gagns, þegar mest þarf á að halda. Slíkar bindingar eigna, eins og hér er um að ræða, fara auðvitað eftir því, hvernig peningamálin eru á hverjum tíma í þjóðfélaginu. Það kann að vera þörf þeirra á vissum tímum, en á öðrum tímum kann að standa allt öðruvísi á, og þetta fé er, eins og ég sagði, eign þessara aðila, styrkir aðstöðu þeirra og gæti komið þeim til miklu meiri styrktar síðar meir en menn í dag gera sér grein fyrir. Auk þess er það ekki dregið frá hinum dreifðu byggðum, það sem í Seðlabankann fer, og megintilgangurinn m. a. með því er að hafa áhrif á jafnvægið í peningamálunum og jafnvægið í byggðum landsins og til þess m. a., að Seðlabankinn hafi aðstöðu til þess að veita þessu fé og öðru í framleiðslustarfsemina fyrst og fremst, í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar, eins og gert var á s. l. ári. Það fé, sem dregið var frá sparisjóðum og peningastofnunum utan af landi og bundið í Seðlabankanum, hefur að langmestu leyti, ef ekki allt og miklu meira, farið í útlán út á landið, út í verstöðvarnar í hinum dreifðu byggðum til þess að halda uppi framleiðslustarfseminni og útflutningsframleiðslu landsmanna á þessum stöðum. Þarna liggur þetta fé. Ærin, sem tekin var að vestan, það getur vel verið, að hún liggi núna í fiski í Vestmannaeyjum eða í einhverri annarri verstöð þessa lands, svo að við förum að tala í myndríku máli eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. Og með þessu, með því að benda á þetta eðli málsins, þá er svarað þeirri spurningu, sem varpað var fram af hv. þm., hver geti bent á nauðsyn þess að gera slíkar fjárkröfur, eins og hann nefndi, á hendur afskekktu byggðarlagi. Það veit enginn, hvaða afskekkt byggðarlag verður svo aðnjótandi þessa fjármagns, sem Seðlabankinn hefur bundið á sínum reikningum, og það miðast auðvitað algerlega við það, hvernig uppbyggingin í þjóðfélaginu er og hvert fjármagninu er veitt í gegnum aðrar peningastofnanir.

Annars þótti mér vænt um það, sem fram kom hér hjá hæstv. viðskmrh., að hann gerði þessum hv. þm. það tilboð, hvort hann mundi vilja fyrir sitt leyti fallast á það eðlilega sjónarmið, að innlánsdeildirnar nytu þá ekki lengur sömu sérréttinda og sparisjóðirnir, og veigamesta atriðið er þar skattfrelsið. Það var á sínum tíma barizt hart af þessum hv. þm. og öðrum þm. fyrir því, að innlánsdeildirnar skyldu njóta sömu réttinda og sparisjóðirnir. Þegar búið er að koma því í kring, að þær njóti sömu réttinda, þá má ekki leggja á þær sömu skyldur. Það er út af því, sem nú er andmælt þessum ákvæðum. En ef þessi hv. þm. vill fallast á það, eins og hæstv. viðskmrh. sagði, að þessar stofnanir nytu ekki þeirrar sömu lögverndar og þeirra sömu sérréttinda, þá segi ég líka fyrir mitt leyti, að þá finnst mér ástæða til að endurskoða þau ákvæði, sem hér er um að ræða, og væri þá kannske allt þetta tilefni til þess, að ákvæðin um innlánsdeildir kaupfélaganna væru tekin til heildarendurskoðunar.

Það er látið í veðri vaka við fólkið, að þetta séu sparisjóðir, þetta séu sparideildir kaupfélaganna, og það er meira að segja gert yfirboð í sparifé fólksins, borgaðir hærri vextir en sparisjóðir og bankar geta boðið eða hafa boðið. Svo safnast féð fyrir. Svo kemur fólkið og vill taka út féð. Nei takk, herra minn. Það liggur ekki fyrir. Þetta er samkvæmt lögunum um rekstrarfé kaupfélaganna, og rekstur kaupfélagsins í dag þolir ekki, að féð sé útborgað, svo að þú færð ekkert útborgað. — Væri ekki rétt að athuga þetta allt saman?

Eðli málsins er svona, og það er hægt að færa mörg dæmi fram þessu til sönnunar. Lögin eru svona, og ef hv. þm. hefur ástæðu til þess að segja, að þetta sé ekki svona, og rengja þetta, þá getur hann komið upp og talað á eftir mér. En honum hefur ekki nægt að stýra innlánsdeild kaupfélaganna, hann þurfti líka að stýra útibúi Búnaðarbankans. Það er eitt dæmið um það, að framsóknarmenn ætla sér venjulega nokkuð annan hlut en öðrum.

Það er þannig goðgá, að sjálfstæðismaður sitji í bankastjórn bankastofnunar með öðrum mönnum, við hliðina á framsóknarmönnum og Alþýðuflokksmönnum og Alþýðubandalagsmönnum. En hitt eru talin alveg sjálfsögð forréttindi framsóknarmanna, að sitja einir í einni af stærstu bankastofnunum landsins og víðast í útibúum þeirra, bæði nýreistum og eldri.

Hv. 4. þm. Austf. (LJós) ræddi um þessi ákvæði hér varðandi bindinguna á innlánsdeildum kaupfélaganna og lýsti þeirri skoðun sinni, að þetta væru ekki almennar peningastofnanir. Ég er honum efnislega alveg sammála um þetta. Hér er einmitt um aðrar peningastofnanir að ræða en sparisjóðina, og þá er rétt að endurskoða og taka til athugunar einmitt lagaákvæði um þessar stofnanir, bæði þau, sem veita þeim réttindi, og þau, sem leggja á þau skyldur. Fyrir mitt leyti skal ekki standa á mér í fjhn. að ræða þessi mál einmitt út frá þessu sjónarmiði við hv. 4. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. v. Hv. 4. þm. Austf. komst beinlínis þannig að orði, hann sagði: Þetta eru stofnanir, sem reknar eru fyrir aðra starfsemi en almenna peningastarfsemi. — Þær eru reknar fyrir aðra starfsemi.

Ég skal svo aðeins víkja að því, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. lagði megináherzlu á í ræðu sinni efnislega í sambandi við frv., og það eru 11. og 12. gr., að hann a. m. k. treysti hv. þm. til þess að greiða atkv. á móti þeim. Nú er það svo, eins og bent hefur verið á og kemur fram í grg þessa frv. og fram hefur komið í umr., að ákvæðin í frv. varðandi rétt Seðlabankans til þess að binda fé sparisjóða og peningastofnana eru mjög mikið takmörkuð, miðað við það, sem áður var, í þeim lögum, sem hann og hans flokksmenn stóðu að því að samþ. 1957. Þar var sagt í 16. gr. landsbankalaganna frá 1957, að stjórn Seðlabankans væri heimilt að ákveða, að bankar og sparisjóðir skuli eiga

innistæður í Seðlabankanum og hve miklar, það gat Seðlabankinn ákveðið, enda skal stjórnum banka og sparisjóða skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um starfsemi sína, svo sem um innlán og útlán. Seðlabankinn hefur sem sagt eftir núgildandi lögum ótakmarkaða heimild til þess að binda innistæður banka og sparisjóða í Seðlabankanum. En í þessu frv. er heimild hans takmörkuð við 20% af innistæðufé viðkomandi stofnana, sem ávísa má á með tékka, og takmörkuð við 15% af öllum öðrum innistæðum.

Þeir, sem hafa staðið að því að segja: Þetta er Seðlabankanum alveg ótakmarkað og frjálst og heimilt að ákveða án nokkurrar bindingar, þeir fyllast nú vandlætingu yfir því, að það skuli vera sett þau takmörk á, að Seðlabankinn megi aldrei gera kröfurnar hærri en svo, að þar verði um 20 eða 15% hámark að ræða.

Í 12. gr. er Seðlabankanum heimilað að ákveða, að innlánsstofnanir, sem um ræðir í 10. gr., skuli eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Þetta eiga þm. alveg sérstaklega að fella. Nú er það svo, að í landsbankalögunum, útvegsbankalögunum og í öllum öðrum bankalögum, sem hér hafa verið samþ., er það í lögum þessara banka sjálfra, að þeir skuli eiga a. m. k. 15% af innistæðufénu í ríkistryggðum eða á annan hátt vel tryggðum bréfum, enda segir hérna: Ef ekki er hærri upphæð ákveðin í lögum, er tiltekið mark 10%. En bæði í útvegsbankalögunum og landsbankalögunum, sem fyrir liggja, í þeim lögum sjálfum er bönkunum sett, að þeir verði að eiga 15% í slíkum tryggðum bréfum. Þetta eru öryggissjóðir og alveg nauðsynlegir öryggissjóðir þessara peningastofnana, og þegar settar eru upp svona peningastofnanir, eins og t. d. Verzlunarbankinn, sem sett voru lög um á s. l. ári, var í till. frá þeim mönnum sjálfum, sem setja upp þennan banka, alveg sambærilegt ákvæði.

Það hefur verið einn af erfiðleikunum við bankareksturinn á undanförnum árum hjá okkur, hvað bankarnir hafa verið lítið „liquid" og greiðsluerfiðleikar þeirra hafa oft verið miklir. Þeir hafa átt litla sjóði og eiga alls ekki neina daglega sjóði, má segja, og þeirra öryggi felst fyrst og fremst í því að eiga í fórum sínum, ef þeir þurfa að mæta óeðlilegum sveiflum, nægjanlega mikil tryggð verðbréf, sem þeir þá geta til bráðabirgða fengið lán út á hjá Seðlabankanum og sett að veði fyrir slíkum lánum, sem Seðlabankinn veitir þessum stofnunum.

Sama ákvæði er í sparisjóðalöggjöfinni, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. vék að. Svo vildi hann telja þetta allt saman: það eru 10% í sparisjóðslögunum, 10% í seðlabankalögunum og 10 og 15% í lögunum um bankana sjálfa, og þá er nú orðið æði lítið eftir til þess að moða úr. Er furðulegt, að jafnglöggur fjármálamaður og hér á hlut að máli skuli gera sér leik að málflutningi eins og þessum.

Það er ekkert, sem felst í 12. gr. þessa frv., sem ekki er í allri bankalöggjöfinni og einnig í sparisjóðalöggjöfinni, og í 11. gr. er stórkostleg takmörkun á heimild Seðlabankans til fjárbindingar fram yfir það, sem áður hefur verið. En þessu á alveg sérstaklega að gjalda varhuga við, og beinir hv. þm. áskorun til þm. um að fella þetta a. m. k., skorar sérstaklega á þm. að greiða atkv. gegn 11. og 12. gr.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta nú. Mér er kunnugt um það, eins og ég sagði áður, að undirbúningur þessa máls hefur verið mjög vandaður, og ég er sammála hv. 6. landsk. þm., frsm. meiri hl. fjhn., að með samþykkt þessa frv. og ef það verður að lögum er mjög merkilegt spor stigið í peningamálum og bankalöggjöf þessa lands. Það var stigið spor í áttina 1957. Hér er farið lengra á sömu braut og miklu lengra, og sannleikurinn er sá, að reynslan af þeirri skipan, sem tekin var upp árið 1957, hefur einmitt ýtt undir að taka skrefið til fulls, að gera Seðlabankann lögum samkvæmt að algerlega sjálfstæðri og óháðri stofnun.

Það er líka ánægjulegt, að langmestur meiri hluti þm. mun vera í meginatriðum sammála þessu frv., sem hér liggur fyrir. Ég get alveg fallizt á ýmis þau sjónarmið, sem fram komu í ræðu hv. 4. þm. Austf., að það má segja, að það séu gallar á þessari löggjöf, og formlega er það alveg rétt, að stofnlánadeild, eins og hér er gert ráð fyrir að sé í Seðlabankanum, ætti þar ekki að vera. Hún á að vera annars staðar. Um þetta er mér líka kunnugt, og mikið hefur verið rætt um það við undirbúning málsins. Sannast að segja munu alveg sérstakar ástæður hafa átt sinn drjúga þátt í því og drýgstan þátt í því, að þetta ákvæði er nú í seðlabankafrv., sem hér er lagt fyrir, og það eru tengsl þessa máls við annað frv., sem hér er í þinginu, um opnun nýrra lánaflokka í stofnlánadeildinni, að reyna að rétta sjávarútveginum hjálparhönd og veita lengri lán vegna þess mikla lánsfjárskorts, sem verið hefur á undanförnum árum, en það er fyrst og fremst, eins og hv. þm. vita, hugsað að breyta stuttum lánum í viðskiptabönkunum í lengri lán í stofnlánadeild Seðlabankans. Það mál átti sinn undirbúning á s. l. sumri og mun eiga langdrýgsta þáttinn í því, að að sinni er ekki lengra gengið í þessu efni. En frá sjónarmiði seðlabankalöggjafar út af fyrir sig er það rétt skoðað, að slíkt ákvæði væri annars staðar betur komið. En ríkisstj. og þeir, sem styðja hana og að báðum þessum málum hafa staðið, hafa ekki treyst sér á þessu stigi málsins til að ganga lengra í því efni.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta og lýk máli mínu.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hvernig er nú með hæstv. viðskmrh.? Ég þarf einmitt að tala við hann út af aths., sem hann gerði við mína ræðu. **(Forseti:** Forseta er ekkert kunnugt um hæstv. ráðh. nú.) Á ég þá að bíða, eða ef til vill getur hæstv. forseti fallizt á að fresta þessu máli um sinn og taka önnur mál á dagskrá. **(Forseti:** Já, ég skal verða við þeirri ósk og fresta umr. um þetta dagskrármál í bili.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það mátti heyra á ræðu hæstv.

viðskmrh., þeirri er hann flutti nú við þessa umr., að hann lítur enn á þetta frv. sem stórt mál, mjög stórt mál. Ég hef áður á það bent, að þarna eru í rauninni engin nýmæli á ferð. Það var áður búið að setja upp sérstakan seðlabanka með sérstakri stjórn, og meginatriði þessa frv. er að fjölga stjórnendum þeirrar stofnunar um þrjá, úr fimm í átta.

Hæstv. ráðh. talaði næst töluvert um ákvæði 11. og 12. gr., þ. e. a. s. um fjárheimtuna og fjárbindinguna frá innlánsstofnunum. Hann sagði, að í frv. til laga um Landsbanka Íslands, sem lagt var fram og lögfest í tíð vinstri stjórnarinnar, hefði verið ótakmörkuð heimild fyrir Seðlabankann til þess að heimta fé af innstæðum innlánastofnana, sparisjóða og banka, inn í Seðlabankann. Hann telur, að það hafi verið gallað ákvæði, en hann segir, að það hafi verið nauðsynleg heimild og viðurkennt af öllum þá, að það væri rétt að setja slíka heimild í lög. Ég hef áður tekið fram í fyrri ræðu minni hér við umr., að það muni hafa vakað fyrir þeim, sem settu þá heimild, að það væri gott að hafa þarna einhvers konar öryggisákvæði, sem mætti grípa til, ef það gerðist, að einhver innlánsstofnun sópaði til sín miklu af sparifé og hætta væri á því, að stjórnendur þeirrar stofnunar ráðstöfuðu því með þeim hætti, að valdið gæti hættulegri röskun í fjármálalífinu. Eins og ég þá benti á, var þessi heimild aldrei notuð í tíð vinstri stjórnarinnar. Sú stjórn hefði áreiðanlega aldrei misnotað heimildina, eins og þessi núv. ríkisstj. hefur gert. Þó að heimildin væri þannig eðlileg að vissu leyti og ekkert út á hana að setja, meðan viturlega var á málum haldið, getur hún verið mjög hættuleg í höndum manna eins og þeirra, sem fara nú með stjórn mála í landinu. Það hefur reynslan þegar sýnt, og þess vegna er það, sem ég legg til, að þessi heimild sé numin úr lögum. Núv. ríkisstj. er ekki treystandi til að fara með hana.

Hæstv. ráðh. segir, að tvær meginástæður valdi því, að heimildin eigi að vera í lögum. Seðlabankinn þurfi að hafa vald á peningamagninu í umferð. Hverju máli skiptir það fyrir Seðlabankann eða annan, sem á að hafa vald á peningamagninu í umferð, hvort það eru smáinnlánsstofnanir, sparisjóðir eða innlánsdeildir, víðs vegar um landið, sem hafa svo lítið fjármagn, að engin áhrif getur haft á þróun peningamála í heild í landinu, — hverju máli skiptir það, þó að svo smáar stofnanir séu undanþegnar þessum ákvæðum?

Þá segir hæstv. ráðh., að í öðru lagi þurfi að tryggja öryggi innstæðueigenda í innlánsstofnunum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er honum kunnugt um það, að það hafi tapazt innstæðufé hjá sparisjóðum eða innlánsdeildum samvinnufélaga á liðnum árum eða áratugum?

Ráðh. mun vera kunnugur víða erlendis. Hann segist ekki þekkja nokkurt land á byggðu bóli, þar sem slíkar reglur séu ekki í gildi og þeim beitt. Þetta sé einmitt fastur þáttur í starfsemi seðlabanka um víða veröld. Ég get vel gengið inn á það, að hæstv. ráðh. sé kunnugri erlendis en ég. Hann mun vera það. Ég efast nú samt um, að annars staðar þekkist það, að séu gefnar út jafnhlægilegar og heimskulegar reglur um þessi efni og hér hafa verið gefnar út og ég hef nefnt dæmi um. En jafnvel þótt svo væri, að það fyndist einhvers staðar í öðrum löndum, þá eru reglurnar jafnvitlausar fyrir því.

Og svo kom næst rúsínan hjá hæstv. ráðh.: Það er svo góður árangur orðinn af efnahagsráðstöfunum stjórnarinnar, að nú má slaka á þessum reglum, lækka vexti og slaka á bindingarákvæðinu. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að fara að ræða um efnahagsráðstafanir stjórnarinnar yfirleitt í sambandi við þetta frv., þann árangur, sem af þeim er orðinn. Menn hafa nú fyrir augum þann árangur, sem stjórnin hefur náð.

Hæstv. ráðh. segir, að þessar reglur um fjárheimtu og fjárbindingu þurfi að gilda um allar innlánsstofnanir, líka þær litlu, því að undanþágur séu óframkvæmanlegar, undanþágur muni valda samkeppni á milli innlánastofnana, og nefndi einhver dæmi um það, að slík samkeppni hefði átt sér stað. Hann segir því, að sama regla þurfi að gilda um allar. Þetta er falskenning. Það er ákaflega auðvelt að setja reglur um undanþágur fyrir hinar smærri innlánsstofnanir og gera þær þannig úr garði, að ef einhver slík stofnun færi að raka til sín fé í nokkrum verulegum mæli, þá væri hægt að gera þá kröfu til hennar, að hún skilaði hluta af því inn í Seðlabankann. Ef innstæðuaukning hjá einhverri smástofnun færi fram úr vissu marki, t. d. sparifé margfaldaðist á skömmum tíma, þá er vel hægt að grípa í taumana. Það er vel hægt, ef þörf þætti, ef þessi innlánsstofnun, sem nú er lítil, gerðist allt í einu svo umsvifamikil í peningamálunum, að hætta gæti stafað af fyrir þjóðfélagið í heild. Þessi fullyrðing hæstv. ráðh. er því algerlega haldlaus. Hvaða hætta er á því t. d., þó að undanþága væri fyrir hinar smærri innlánsstofnanir, sparisjóði og innlánsdeildir, að menn færu að fjölmenna norður í Flatey á Skjálfanda, menn úr öðrum byggðarlögum, og leggja þar fé sitt inn í sparisjóðinn — eða þeir tækju sér ferð á hendur norður í Árneshrepp á Ströndum til þess að leggja þar inn í innlánsdeild Kaupfélags Strandamanna eða í sömu erindagerðum vestur á Rauðasand til að leggja í innlánsdeildina þar, svo að ég nefni þær stofnanir, sem ég gerði nokkuð að umtalsefni í mínu nál. og minni framsöguræðu? Það getur víst enginn annar en hæstv. viðskmrh. komið auga á það, að þarna sé stór hætta á ferð. Hann mun vera, geri ég ráð fyrir, nokkuð einn um þá skoðun.

Hæstv. ráðh. spurði, hvaða aðila ég bæri sérstaklega fyrir brjósti, telur, að það séu fyrst og fremst innlánsdeildir samvinnufélaganna. Ég nefndi dæmi um sparisjóði í nál. mínu og í minni framsöguræðu. Ég hef í mínum málflutningi ekki gert neinn greinarmun á sparisjóðum og innlánsdeildum, litlum sparisjóðum og litlum innlánsdeildum, — engan greinarmun gert á því í mínu máli. Þess vegna er allt tal hæstv. ráðh. um það, að ég sé að heimta þarna einhverjar sérundanþágur fyrir innláns-

deildirnar, sem eigi ekki að gilda um sparisjóði af sömu stærð, alveg út í bláinn. Ég hef ekki gefið neitt tilefni til slíkra bollalegginga. Undanþáguákvæðin eiga að mínu áliti að ná jafnt til allra þeirra stofnana, sem hér eru nefndar innlánsstofnanir, sem hafa ekki í veltunni fjármagn yfir einhverja vissa upphæð.

Svo kvaðst hæstv. ráðh. vilja gera mér tilboð, var að tala um, hvort ég vildi fallast á, að skattfrelsi sparifjár nái ekki til innlánsdeilda. Hann meinar sennilega, að það nái ekki til þeirra einstaklinga, sem leggja sparifé inn í innlánsdeildir kaupfélaganna. Hann meinar það sennilega. Allt frá því að samvinnulögin voru sett skömmu eftir 1920, hefur verið í þeim ákvæði um það, að kaupfélögum eða samvinnufélögum væri heimilt að hafa innlánsdeildir. Þetta var samþykkt ágreiningslítið hér á Alþingi á þeim tíma. Langflestir af þeim þingmönnum, sem þá töldust til svonefnds Íhaldsflokks, voru með þessu eins og aðrir, og þetta hefur haldizt í lögum síðan. Og þegar sett voru lög um skattfrelsi sparifjár hér á þingi fyrir nokkrum árum, — ég held, að það hafi verið 1954 í sambandi við breytingar á skattalögum þá, — þá þótti alveg sjálfsagt, að þetta skattfrelsi næði alveg eins til þess sparifjár, sem var í innlánsdeildum samvinnufélaga, eins og í sparisjóðum og bönkum, — og ég skal svara hæstv. ráðh. alveg skýrt: Ég er ekki til viðtals við hann um neina breytingu á þessu.

Þá segir hæstv. ráðh., að ég hafi haldið því fram, að með þessum reglum, sem Seðlabankinn hefur gefið út fyrir hönd ríkisstj., væri fjölbýlið að níðast á dreifbýlinu. Þarna gerir hæstv. ráðh. mér upp orð, sem ég hef aldrei mælt. Það er ríkisstj., sem er að níðast á dreifbýlinu, þeim, sem erfiðasta aðstöðu hafa, en ekki fjölbýlið, því þó að það séu sjö ráðherrar í núv. ríkisstj., þá kalla ég það ekki fjölbýli út af fyrir sig, og ég er sannfærður um það, að þessi fjársmölun utan af landsbyggðinni, dölum og ströndum, er ekki gerð með vilja fólksins í þéttbýlinu yfirleitt, ekki með vilja þess fólks, sem býr hér við Faxaflóa á þéttbýlasta svæði landsins. Það er áreiðanlegt, að það er ekki eftir þess beiðni, ekki eftir þess kröfum og ekki í þess þágu.

Hæstv. ráðh. segir, að það hafi verið mikil fjárfesting í landbúnaði undanfarið, og las upp tölur úr töflum um það. Þar að auki er mikið fé farið í rafmagnsveitur úti um landið. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi, þessi ummæli hæstv. ráðh., heldur en hann telji, að það hafi verið allt of langt gengið í því að byggja upp landbúnaðinn undanfarið og allt of langt gengið í því að láta fólkið, sem býr í sveitunum, fá rafmagn til heimilisnota og annarrar starfsemi, sem fólkið í þéttbýlinu hefur lengi notið. Það var auðvitað kunnugt áður, að það eru til menn í þjóðfélaginu og meira að segja hér á þessari samkomu, sem sjá ofsjónum yfir því, sem varið hefur verið til þessara hluta.

Það ber sennilega að skilja hæstv. ráðh. svo, að ríkisstj. ætli að halda fast við þær fáránlegu reglur, sem hún hefur látið Seðlabankann gefa út um þessa fjárheimtu. En af því að hann var að gera mér tilboð, sem hann svo nefndi áðan, þá vil ég borga honum í sömu mynt og gera honum ákveðið tilboð. Ég skal bjóðast til að aðstoða hann við að búa til reglur um undanþágur fyrir þær innlánsstofnanir, sem hafa svo lítið sparifé, að engri röskun getur valdið í fjármálalífinu í heild. Ég tel alveg vandalaust að setja svona reglur, og ég er nærri viss um það, að ef við legðum saman, ég og hæstv. viðskmrh., þá tæki það okkur ekki langan tíma að setja svona reglur. Og eins og hann bað um ákveðið svar frá mér, þá vil ég óska eftir ákveðnu svari frá honum um það, hvort hann vilji ekki taka þessu boði mínu, og ég skal þá vera tilbúinn, hvenær sem hann óskar eftir, ef sérstök forföll hamla ekki, að setjast niður með honum og búa til svona reglur.

Hér flutti hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) einnig ræðu. Í upphafi hennar talaði hann um leikaraskap. Mér kemur í hug, að hæstv. ríkisstj. gæti vel haft nokkurt gagn af sínum tilskipunum og gangnaseðlum, sem hér hafa verið gerðir að umtalsefni, jafnvel þó að allt það væri afturkallað og hætt að smala fénu frá smástöðunum úti um land hingað í Seðlabankann samkv. þeim fyrirmælum, sem í þessum plöggum felast. Það hefur nefnilega oft komið fyrir, að forvígismenn á sviði leiklistarinnar hafa stofnað til verðlaunasamkeppni um gerð leikrita, t. d. gamanleikrita, og ef slíkt ætti sér stað einhvern tíma innan skamms, gæti hæstv. ríkisstj. vel sent þessar tilskipanir sínar til þeirrar samkeppni, og ég verð að segja það, að þá mega aðrir höfundar í hópi leikritaskálda spjara sig, ef hæstv. stjórn á ekki að fá verðlaunin.

Hv. 5. þm. Reykv. segir, að árið 1957 hafi verið fjölgað um 13 menn í bankaráðum og bankastjórnum við breyt. á bankalögum þá. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm., sem er töluglöggur, fari þarna rétt með, en ég hef ekki talið þetta saman. Við skulum segja, að þetta sé svo. En það kemur á daginn, að núv. ríkisstj. og hennar liði finnst þetta ekki nóg, því að þeir vilja samkv. þessu frv. bæta þremur við.

Þá talaði hv. 5. þm. Reykv. um mikil útlán til samvinnufélaga á liðnum árum, og var helzt að skilja, að hann teldi, að einkum þau útlán hefðu valdið verðbólgu. Hann nefndi tölur í þessu sambandi, það hefðu verið aukin útlán til samvinnufélaga, sem hann nefndi svo, um 250—300 millj. á fáum árum, og hann sagði, að þetta væru fyrst og fremst kaup afurðavíxla, aukin kaup afurðavíxla Seðlabankans vegna landbúnaðarins. Það er vitanlega ekkert óeðlilegt við það, þó að fé, sem lánað er út á afurðir landbúnaðarins, fari fyrst og fremst til samvinnufélaga, vegna þess að það er svo um meginhlutann af framleiðslu bændanna, að þeir annast sölu á henni sjálfir í gegnum sín samvinnufélög. En það er ástæða til að spyrja hv. þm. í sambandi við þetta: Telur hann, að landbúnaðurinn eigi að njóta minni réttar til þess að fá lán út á sínar vörur hjá bönkunum heldur en t. d. sjávarútvegurinn? Og hvernig getur

það frekar haft verðbólguáhrif, þó að það sé lánað út á landbúnaðarvöru, sem t. d. er seld úr landi, heldur en ef lánað er út á fisk, sem líka er seldur úr landi, og alveg eins þó að landbúnaðarvörurnar séu að miklu leyti seldar innanlands? Með framleiðslu á landbúnaðarvörum til notkunar innanlands er komið í veg fyrir, að það þurfi að kaupa slíkar vörur erlendis frá. Það er þannig sparnaður á erlendum gjaldeyri, og það er vitanlega fjarri öllu lagi, að slík lán geti valdið verðbólgu eða hafi gert það. Það væri fróðlegt að vita, hvort hv. 5. þm. Reykv. mælir hér fyrir munn síns flokks, hvort það er skoðun flokksins, sem gægist þarna fram hjá þessum hv. þm., að landbúnaðurinn eigi alls ekki að njóta sama réttar og sjávarútvegurinn að fá lán út á sínar afurðir. Það væri t. d. fróðlegt að vita, hvað hæstv. landbrh. segir um þetta. Hann er því miður ekki hér í sínum stól í þd. nú.

Hv. þm. segir, að það hafi sézt háreistar kaupfélagshallir hingað og þangað um landið að undanförnu, en ekki verið hægt að fá fé til uppbyggingar verzlunar og iðnaðar á hinum stærri stöðum. Hvernig skyldi það vera? Er tilfinnanlegur hörgull á verzlunarhúsum hér, t. d. í Reykjavík eða næsta nágrenni hennar? Vantar kannske hér byggingar yfir bankastarfsemi? Þessi hv. þm. ætti að geta svarað því, því að hann er bankastjóri. Hvað skyldu vera mörg bankahúsin og þau yfirleitt nokkuð stór, sem maður gengur fram hjá, þegar maður fer hér nokkur hundruð metra úr Austurstræti til austurs eftir Bankastræti og Laugavegi? Hvað hafa þessi hús kostað? Er kannske bankastarfsemin alveg á heljarþröm, af því að hana vanti húsnæði?

Og svo segir hv. þm. að nokkru leyti það sama og hæstv. ráðh., að mitt nál. snúist mest um það, að ég vilji ekki, að hluti af fé innlánsdeilda sé bundinn á sama hátt og fé sparisjóða úti um landið. Ég er búinn að svara þessari fjarstæðu áður. Ég hef engan greinarmun gert og geri ekki á fé innlánsdeilda og sparisjóða, sem hafa yfir litlu fjármagni að ráða. Og ég er alls ekki viss um það, að Seðlabankinn eða stjórn hans — með allri virðingu fyrir henni — undir handleiðslu ríkisstj. núv. sé færari um að ráðstafa fé sparisjóða og innlánsdeilda um allt land heldur en stjórnendur þessara litlu stofnana á þeim stöðum, þar sem þær starfa. Ég er ekki viss um það. Hv. þm. segir, að þetta fé eigi ekki að vera alveg þrælbundið í Seðlabankanum, því að það séu möguleikar fyrir því og gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn veiti lán til ýmissa góðra hluta, og hugsanlegt sé, að eitthvað af þessu fé fari út á land til nauðsynlegrar uppbyggingar þar, og það er líka vikið að þessu í 11. gr. frv. Þar segir eitthvað á þá leið, að stjórn Seðlabankans skuli leitast við að greiða úr fyrir þeim innlánsstofnunum, sem fé hefur verið bundið fyrir, en þurfi mjög á því að halda, t. d. með því að taka af þeim verðbréf eða aðrar eignir. Þetta á þá að ganga þannig, skilst manni, að það á að heimta fé inn í Seðlabankann utan af landinu, frá hvað litlum stofnunum sem er, hvort sem það er nú heldur aðeins eitt ærverð eða eitt kýrverð, en svo, ef menn á þessum stöðum rekur upp á sker og þeir verða í vanda staddir, af því að það er búið að taka of mikið af þeim inn í Seðlabankann, þá geta þeir gert sér ferð á hendur til Reykjavíkur og talað við þessa menn í Seðlabankanum og farið fram á það, að þeir fái eitthvað til sinna þarfa. Þetta minnir á spil, sem krakkar innan við tíu ára aldur iðka stundum og er kallað langavitleysa.

Hv. þm. minntist á það, sem ég benti á sem dæmi í mínu nál., að Seðlabankinn krefðist þess, að hann fengi núna í apríl upphæð vestan af Rauðasandi, sem nemur verði fyrir eina á, loðna og lembda, og svo varpaði hv. þm. fram þessari spurningu: Ja, getur ekki verið, að ærverðið sé nú komið í fisk úti í Vestmannaeyjum? Hann fullyrti ekkert um þetta, og ég veit það ekki. En annars mun bankinn, sem hann stýrir, hafa útibú í Vestmannaeyjum, og má þá bankastjórinn manna bezt um þetta vita. Það skyldi nú vera svo, að ærin, sem þeir ætluðu að fá núna um sumarmálin að vestan, sé nú þegar komin til Vestmannaeyja. En meðal annarra orða, hvernig er með fiskinn þarna sunnan landsins, í Vestmannaeyjum? Mér hefur skilizt, að það fari lítið fyrir því, að þar hafi fiskur verið dreginn á land, það sem af er þessu ári. Það er þá undantekning, eitthvað alveg sérstakt, ef þetta ærverð er nú bundið í fiskbirgðum þar.

Þá var hv. þm. að tala um það, að þess væru dæmi, að væru borgaðir hærri vextir í innlánsdeildum en öðrum stofnunum og fé fengist þar ekki útborgað. Ég veit það ekki, mér er ekki kunnugt um það, að þar sé ekki farið eftir hinum fyrirskipuðu reglum eins og annars staðar um vaxtahæðina. Mér er ekki heldur kunnugt um, að það hafi verið neitað að borga út fé innlánsdeilda. Það getur vel verið, að hv. þm. viti um einhver dæmi þess, — ég veit það ekki, og hann nefndi engin ákveðin dæmi. Það eru vissar reglur, sem gilda um útborganir úr innlánsdeildum alveg eins og sparisjóðum, þar sem það er ákveðið, hvenær menn geti fengið innstæður greiddar. Þar sem ég þekki til, er þetta þannig, að það er borgað viðstöðulaust út úr innlánsdeildum, ef óskað er eftir því, alveg eins og hjá sparisjóðum. Þannig er það alls staðar, þar sem ég þekki til í kaupfélögum.

Hv. þm. sagði að lokum, að ég legði áherzlu á að fella 11. og 12. gr. úr frv., en þó væru ákvæði þar um fjárbindinguna með meiri takmörkunum en í núgildandi landsbankalögum. Þetta er vegna þess, að ég reikna með því, þar sem 4 af 5 nm. í fjhn. hafa mælt með því, að þetta frv. yrði samþ., þá reikna ég fremur með því, að það verði samþ., og þá eins fyrir því, þó að þessar greinar verði felldar niður. En um leið og þetta frv. verður samþ. eins og það liggur fyrir að öðru leyti, þá falla úr gildi landsbankalögin, sem nú eru, og þar með þetta heimildarákvæði um fjárbindinguna, sem í þeim er.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég hafði ekki gert ráð fyrir að tala í þessu máli, en ræða

hæstv. viðskmrh. og hv. 5. þm. Reykv. gaf mér dálítið tilefni til þess.

Viðskmrh. hélt því fram, að svo að segja allt það fé, sem varið væri til fjárfestingar, væri tekið að láni. Hæstv. ráðh. kemur með dálítið einkennilegar stafhæfingar stundum, eins og hann grípi niður á vissum punktum án þess að lesa sér rækilega til um hlutina. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að heildarfjárfesting s. l. 6 ár í landbúnaði hefur verið 1435 millj. kr. En hvað mikið hefur landbúnaðurinn fengið að láni af þessu? Ég athugaði þetta í skýrslum, sem Seðlabankinn gefur út, og þar eru heildarlán veðdeildarinnar, ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs í árslok 1959 363 millj. kr., og sumt af þessu fé er lánað, áður en þessi 6 ár byrjuðu. Það eru um 230 millj., sem hafa verið lánaðar á þessum 6 árum, og landbúnaðurinn hefur varið til fjárfestingar á þessu árabili 1435 millj. kr. Er þá allt þetta fé tekið að láni? Heildarfjárfesting á þessu 6 ára tímabili hjá þjóðfélaginu hefur verið 8395 millj. kr., en fjárfestingarsjóðir hafa samanlagt lánað á þessu tímabili, þ. e. til ársloka 1959, — sumt af því lánað raunar fyrir það tímabil, — 2235 milljónir, allir fjárfestingarsjóðirnir, og á þessu tímabili hafa þeir lánað um 1900 millj. eða ekki ¼ af því fé, sem varið hefur verið til fjárfestingar á þessu tímabili. Þetta kalla ég dálitla ónákvæmni hjá hæstv. ráðh. Ég skal sundurliða þetta ár fyrir ár. Árið 1955 hefur verið lánað til fjárfestingar 192 millj., en fjárfest hefur verið 1078 millj. 1956 hefur verið lánað til fjárfestingar 301 millj., en fjárfest 1420 millj. 1957 hefur verið lánað til fjárfestingar í heild 440 millj., en heildarfjárfesting 1623 millj. kr. Opinberar skýrslur segja þetta, en ekki ég. Árið 1958 hefur verið lánað til fjárfestingar 441 millj., en heildarfjárfesting hefur verið 1632 millj. Árið 1959 hefur verið lánað til fjárfestingar 357 millj., en heildarfjárfesting 1770 millj. Ég held, að þessar tölur sanni, að allt það fé, sem varið hefur verið til fjárfestingar, hefur ekki verið tekið að láni, og það er rúmlega 1/7 hluti af því fé, sem bændur hafa fjárfest á þessu tímabili, sem er tekinn að láni. En til fjárfestingar hjá bændum er m. a. talinn bústofnsauki. Ég held, að þetta ætti að nægja til að sýna, að þarna var dálítil ónákvæmni hjá hæstv. ráðh.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) gat um ýmsa hluti, sem eru meira en vafasamir. Hann gat þess, að menn fengju ekki útborgað úr innlánsdeildum, þegar þeir bæðu um það. Ég held, að það muni vera lítið um þetta. Það er raunar tiltekið í reglugerðum flestra innlánsdeilda, að það á að segja upp með þriggja mánaða fyrirvara. Venjulega hefur þessi uppsagnarfrestur ekki verið notaður. En ég hef yfirleitt ekki heyrt talað um, að það hafi ekki verið greitt út, þegar hann hefur verið liðinn, og ef það væri, þá væri hægðarleikur fyrir einstakling að höfða mál. En það hefur yfirleitt ekki verið gert.

En það er einn hlutur, sem þessir hv. þingmenn gleyma. Hæstv. viðskmrh. var sérstaklega að tala um það, að vegna þess að innlánsdeildirnar nytu þeirra fríðinda, að þeir, sem ættu þar fé, þyrftu ekki að telja það fram, þá væri réttlátt, að þeir legðu einhvern hluta af þessu fé í Seðlabankann, af því að þær hefðu réttindin, þessar stofnanir, þá hefðu þær skyldurnar líka. En það eru ekki innlánsdeildirnar, sem hafa þennan rétt. Það eru einstaklingarnir í landinu, og það er í raun og veru fullkomið hneyksli að lofa ekki öllu fé, þar sem einstaklingur lánar einstaklingi, að lofa því ekki að vera skattfrjálsu. Það er ekkert annað en þarna er skattborgurunum mismunað. Og það, sem skeður með innlánsdeildirnar, er þetta, að kaupfélög eru stofnanir, sem menn vilja lána þessa peninga, — það er það, sem er að gerast, — til þess að gera þessar stofnanir starfhæfar. Ef kaupfélögin fengju ekki þessa peninga að láni, yrðu þau að fá þá annars staðar til þess að geta leyst þau verkefni af höndum, sem viðskiptamennirnir fela þeim.

En það er annað atriði, sem þessir hv. þm. gleyma, og það er, að ríkissjóður ábyrgist sparifé bankanna og þess vegna er honum skylt að líta eftir, að fjármál þeirra séu í lagi. En ríkissjóður ber enga ábyrgð á innstæðum innlánsdeilda og sparisjóða úti á landi, og þess vegna kemur honum þetta raunverulega ekkert við, heldur þeim, sem eiga sparisjóðina, og einkanlega þeim, sem eiga peningana inni í þeim. Þetta er sá stóri skilsmunur, sem aldrei hefur verið ræddur hér, og í þessu eru rangindin fólgin. Ríkissjóður ber enga ábyrgð á innstæðum í innlánsdeildum eða í litlum sparisjóðum úti á landi, en sparisjóðirnir sjálfir hafa sett þau ákvæði í sínar reglugerðir að eiga einhverja vissa prósentu hjá bönkunum til þess að grípa til, ef á þarf að halda, og það er ekki nema réttlátt og skynsamlegt. Það á í raun og veru að vera einkamál sparisjóðanna sjálfra og innlánsdeildanna, hvort þau vilja þetta eða ekki. En ríkisvaldinu út af fyrir sig kemur þetta hreint ekkert við. Þetta er skerðing á einstaklingsfrelsi. Ef einstaklingarnir vilja lána innlánsdeildunum þessa peninga og krefjast engrar ábyrgðar annarrar en ábyrgðar viðkomandi kaupfélaga eða sýslufélaga, þar sem sýslufélögin eiga sparisjóðina, þá kemur ríkisvaldinu þetta út af fyrir sig ekkert við, heldur aðeins þeim mönnum, sem eiga peningana hjá þessum lánastofnunum. Þeir geta farið með það í bankana, sem ríkissjóður ábyrgist, ef þeir vilja það heldur, en ef þeir vilja það ekki heldur, þá eiga þeir að vera frjálsir að þessu.

Í lögunum, sem samþ. voru 1960, er gert ráð fyrir, að nokkur hluti af innstæðuaukningu innlánsdeilda og sparisjóða gangi til Seðlabankans. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, heldur eiga þau skilyrðislaust að leggja 15% af innstæðufénu í bankann, hvort sem þau geta það eða ekki. Raunar er þarna í 3. mgr. 11. gr. tekið fram, að ef örðugleikar verða á þessu, þá sé bankanum heimilt að taka skuldabréf eða eitthvað því um líkt. En það er nú bara, að þau skuldabréf séu til. Sannleikurinn er sá, að þegar þessi ákvæði voru samþykkt í fyrra í efnahagslöggjöfinni, þá gerði ríkisstj. hlut, sem

var alveg meinlaus, skipti okkur engu máli. Það átti bara að taka vissan hluta af auknÍngunni. En vitanlega var ósköp auðgert að hafa hann engan, og þeir hafa ekkert fé fengið þess vegna frá innlánsdeildunum. Þetta ákvæði er hálfu hættulegra, því að það á að taka af heildarinnstæðunni, hvort sem hún minnkar eða vex, m. ö. o., að í flestum tilfellum verður þetta óframkvæmanlegt, því að þegar þeir koma og ætla að fara að taka vissan hluta af innlánsdeildunum, þá er það allt fast í vörum, kjötbirgðum, mjölvöru, vefnaðarvöru og ýmsu dóti. Ég hugsa, að Seðlabankinn kæri sig ekkert um að flytja þær eignir suður. Það er nefnilega mesti misskilningur, að samvinnufélögin geti legið með peningana í kassa. Þau þurfa að eiga verzlunarhús, þau þurfa að eiga sláturhús, frystihús, fiskvinnslustöðvar í mörgum tilfellum, og þar að auki þurfa þau að greiða sjálf nokkurn hluta af framleiðsluvörum viðskiptamannanna, því að það er ekki lánað út á nema ⅔ af þeim.

Ég veit, að þetta er ekki af illvilja hjá þessum mönnum, heldur af ókunnugleika. Það er ekki af því, að þeir vilji öðrum illa.

Ríkisvaldið hefur alltaf verið að ákveða gengislækkun. Gengislækkun þýðir, að það þarf fleiri og fleiri krónur. Þetta hefur valdið því, að sparifé það, sem fyrirtæki, jafnt kaupfélög og önnur fyrirtæki, eru búin að aura saman í rekstur, hefur orðið svo að segja einskis virði miðað við þörfina. Þetta hefur skapað aukna rekstrarfjárþörf hjá öllum fyrirtækjum í landinu. Ofan á þessar endemisráðstafanir á svo að bæta því að taka vissan hluta af þessu rekstrarfé, sem er allt of lítið, og flytja í Seðlabankann. Það getur skeð, að þetta kæmi allt í sama stað niður, ef Seðlabankinn vildi svo lána það aftur, þá væri það bara skopleg hringrás, en sé það ekki gert, horfir til vandræða.

Hv. 5. þm. Reykv. var að tala um það, að þegar sjálfstæðismenn og framsóknarmenn fóru með stjórn, hefðu verið aukin lán til samvinnufélaganna. Ég efast ekki um, að þetta sé rétt. En af hverju kom þessi aukning? Hún kom af því, að á þessu árabili stórfjölgar sauðfé bænda og mjólkurframleiðslan eykst m. a. Þetta kemur fram í auknum afurðabirgðum. Við það bætist, að gengið var alltaf að lækka. Það er framleiðsluaukningin og gengislækkunin, sem veldur því, að það þarf að lána fleiri krónur, en ekki, að þessir framleiðendur hafi notið neinna sérstakra fríðinda. Það er lánað eftirtölulaust út á ⅔ af sjávarafurðum, jafnvel upp í 90% og í sumum tilfellum sennilega upp í 100%. Við erum ekkert að telja þetta eftir, en það er bara réttlátt að lána út á landbúnaðarafurðirnar líka. Það eru fluttar út gærur, flutt út ull, flutt út nokkuð af kjöti. Og hver á að leggja til fjármagnið í það kjötmagn og í þær mjólkurvörur, sem þarf að liggja með í landinu, til þess að neytendur hafi þessar vörur handbærar allt árið? Hver á að leggja það fé til? Eiga bændurnir að gera það að öllu leyti, sem framleiða vöruna, eða á þjóðfélagið að gera það sem heild? Hvort er sanngjarnara? Það er ekkert verið að ræða um annað í þessu tilfelli en að bændurnir eða þeir, sem framleiða landbúnaðarvörur, njóti sömu aðstöðu, sömu fyrirgreiðslu af hendi þjóðfélagsins og bankanna og þeir gera, sem framleiða sjávarafurðir, — ekkert annað. En það var breyting á lánakerfinu á þessu árabili til hagræðis á vissan hátt fyrir framleiðslufélögin og ég sé ekki, að það sé nokkurn hlut við þetta kerfi að athuga, heldur sé það fullkomlega heilbrigt. Hitt er aftur ekki heilbrigt hjá ríkisvaldinu, að ábyrgjast sparifé landsmanna og vera sífellt að gera það verðlausara og verðlausara, þannig að nú eru 5.7 aurar í gulli jafnt og ein króna í seðlum. Það eru svik hjá ríkisvaldinu, en hitt er heiðarlegt, að láta atvinnuvegina búa við sömu kjör, hvaða tegund af framleiðslu sem stunduð er.

Þetta var það helzta, sem ég vildi benda á. Það er aðeins rétt að geta þess, af því að þarna hefur komið fram misskilningur, sem ég álít að ekki sé af illvilja, heldur af því, að menn hafa bara ekki athugað þetta rétt, eru ekki nógu kunnugir hlutunum. En það kemur fram misskilningur í fleiru. Það voru samþykkt hér útsvarslög í fyrra. Ég ætla aðeins að drepa á það, þó að það sé raunar ofur lítið óskylt mál, en þó í sama anda, þar sem það er heimilað að leggja 2—3% veltuútsvar á fyrirtæki úti á landsbyggðinni, en hér eru þau takmörk, að það má ekki leggja á sömu vörutegundir nema 0.5—0.6%, því að það var ákveðið í útsvarslögunum í fyrra, að álagningin mátti ekki vera hærri en árið áður. Úti á landi hefur það verið þannig, að veltuútsvörin hafa verið takmörkuð, þannig að ekki hefur verið lagt veltuútsvar á viðskipti félagsmanna hjá kaupfélögum, heldur bara á utanfélagsmannaviðskipti. Það hefur valdið því, að gjaldstofninn hefur verið minni og veltuútsvörin því þurft að vera hærri. Þetta hefur að sumu leyti komið ranglega niður á smákaupmönnunum, en þeir hafa aftur þá aðstöðu, að þeir eiga auðvelt með að telja ekki alveg grannt fram, vegna þess að það er lítið eftirlit með þeirra bókhaldi. En kaupfélögin eru algerlega neydd til þess, vegna þess að reikningar þeirra eru opinberlega lagðir fram. Veltuútsvör í kauptúnum úti á landi hafa því verið miklu hærri en hér í Reykjavík. Og í framkvæmdinni verður þetta þannig s. l. ár, að hér er lagt veltuútsvar á fyrirtækin 0.5—0.6%, þegar undan eru skilin örfáir söluturnar og glysvarningur, en úti á landsbyggðinni er sums staðar lagt á veltu 2% eða ferfalt hærra. Það var talað um það, þegar útsvarslögin voru samþykkt í fyrra, að þetta ætti að vera til þess að skapa réttlæti og samræmingu. En þetta kalla ég að skapa óréttlæti. Nú er það þannig með sum samvinnufélögin, að þau sleppa með að borga 0.5—0.6% af veltunni, en aftur önnur og það yfirleitt þau verr stæðu, á þeim er níðzt og lagt 2% á þau.

Ég vildi benda hæstv. stjórnarflokkum á, að þetta er ekki réttlæti og ekki viturlegt að gera svona hluti. Skattborgararnir, jafnt fyrirtæki sem einstaklingar, eiga að búa við sömu kjör. Ef kauptún eða sveitahreppur þarf að

leggja á hærra útsvar en þessi ákveðni stigi segir til um, þá þarf að hækka það í prósentum, eftir því sem þörf gerist. En línan á að vera sú sama fyrir alla. Þá hefur enginn yfir neinu að kvarta.

Það hefur verið mikið um það talað, sérstaklega í Morgunblaðinu fyrr á árum, að samvinnufélögin nytu skattfríðinda. Ég var kaupfélagsstjóri í fimm ár, og árið 1958 var útsvarið á kaupfélaginu, sem ég sá um, 1% á veltuna, en hér var lagt á verzlanir 0.5—0.6%. Þetta voru hlunnindin, sem við höfðum úti á landsbyggðinni. Og svo var verið að tala um það, að við borguðum ekkert útsvar. Það var hægt að reyta undarlega mikið. Ég býst við, að það hefði verið hægt að fá lækkun með því að kæra, en ég stóð ekki í því, og ég hygg, að mörg samvinnufélög hafi ekki nennt að standa í slíku, því að vitanlega þurfa öll sveitarfélög að hafa sína tekjustofna. En það á að hafa réttlæti í þessum hlutum eins og öðrum. Og útsvarslögin eru nú óréttlát og ranglát.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég gerði hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) tilboð í ræðu minni síðdegis í dag. Ég bauð honum, að við skyldum í sameiningu vinna að því, að alveg sömu reglur yrðu látnar gilda um innlánsdeildir kaupfélaga og sparisjóði. Annaðhvort skyldu báðar þessar tegundir innlánsstofnana eða innstæðueigendur í þeim njóta skattfrelsis fyrir innstæður sínar og þá báðar verða að hlíta sömu reglum um innlánsbindingu í Seðlabankanum, eða þá að skattfrelsi innstæðueigenda í innlánsdeildum kaupfélaga yrði afnumið og þá jafnframt skylda þessara innlánsdeilda til þess að binda fé í Seðlabankanum. Athyglisverðast við ræðu hv. þm. áðan var, að hann hafnaði þessu samvinnutilboði algerlega. Hann sagðist ekki vera til viðtals um breytingu á skattfrelsi innstæðna í innlánsdeildum kaupfélaga. En þá verður hv. þm. að sætta sig við, að sömu reglur gildi um skyldu innlánsdeilda kaupfélaga og gilda um skyldur sparisjóða. Annað væri misrétti. Jafnrétti í þessum málum er jafnnauðsynlegt og í öðrum. Þetta tilboð mitt var í raun og veru nokkurs konar prófsteinn á hv. þm., nokkurs konar prófsteinn á það, hvort hann í raun og veru væri reiðubúinn til þess að láta sömu lög gilda um þær stofnanir, sem honum eru sérstaklega hjartfólgnar, kaupfélögin, og aðrar hliðstæðar stofnanir í landinu. Á þessu prófi féll hv. þm. Hann féll mjög greinilega á því. Hann reyndist ekki vera til viðtals um að láta sams konar reglur gilda um innlánsdeildir kaupfélaganna og aðrar algerlega hliðstæðar stofnanir. Hann reyndist m. ö. o. unna misréttinu meir en réttlætinu eða jafnréttinu.

Það voru nokkur önnur atriði í ræðu hv. þm., sem ég vil víkja nánar að, þarf þó ekki mörgum orðum um þau að fara.

Í tilefni af því, að ég hafði bent á, að hv. þm. studdi það 1957, að ótakmörkuð heimild væri tekin í landsbankalögin fyrir Seðlabankann til þess að ákveða innstæðubindingu í Seðlabankanum, en vildi nú afnema hliðstæð ákvæði í þessu seðlabankafrv., þó að þar sé sett takmörkun á rétt Seðlabankans til þess að ákveða innstæðubindinguna, sagði hann, að heimildin 1957 hafi átt að vera öryggisákvæði. Ef svo færi, að sérstaklega mikið fé safnaðist hjá einni bankastofnun, þá skildist mér hv. þm. telja, að þetta ákvæði ætti að þýða, að þá gæti Seðlabankinn gripið inn í málið og skyldað þessa einu bankastofnun til þess að leggja fé inn í Seðlabankann. Hér er um algeran misskilning að ræða hjá hv. þm. Það hefur aldrei verið meiningin, var það ekki 1957 og er það ekki heldur nú, að Seðlabankinn geti sett reglur, sem gildi um eina einstaka bankastofnun, en ekki aðrar. Það hefur ávallt verið meiningin og hlýtur að vera svo, að slíkar reglur séu almennar. Ef Seðlabankinn ætti að hafa heimild til þess að skylda bankastofnun A til þess að leggja 10% af innstæðufé sínu inn í Seðlabankann, en bankastofnun B 8% og bankastofnun C 20%, þá sjá allir, hvert það mundi leiða. Tilgangur slíkra heimildarákvæða hefur auðvitað aldrei verið sá, heldur gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn setti almennar reglur um innstæðubindingu í Seðlabankanum. Frá því má að sjálfsögðu gera undanþágur, sem þá yrðu líka almennar. Þetta, sem hv. þm. rakti í ræðu sinni að hafi verið meiningin 1957, er álíka fjarstætt og að skattalög væru þess eðlis, að þau heimiluðu fjmrh. eða bæjaryfirvöldum að leggja skatt og útsvar á án þess að fylgja nokkurri sérstakri reglu, að leggja 10 þús. kr. á A, 8 þús. kr. á B og 20 þús. kr. á C, án þess að þessum tölum lægi nokkur sérstök regla til grundvallar. En jafnfráleitt og slíkt er í skattamálum, er auðvitað jafnfráleitt í efnum eins og þessum, að slíkt gæti komið til greina. Það hefur heldur aldrei verið meiningin. Það, sem átti sér stað 1957, var eingöngu, að lögleidd var almenn heimild fyrir Seðlabankann til slíkrar innstæðubindingar, af því að þá heimild hafði vantað í landsbankalögin áður, af því að landsbankalögin voru ekki fyrst og fremst lög um seðlabanka.

Lögin frá 1957 voru eiginlega fyrsta frumsmíð hér að lögum um seðlabanka. Þá þótti slíkt ákvæði sem þetta vera sjálfsagt. En eins og ég gat um áðan, var þetta ákvæði gallað. Það var meingallað að því leyti, að ekki var sett eðlilegt hámark á þessa heimild Seðlabankans. Úr þessum mikla galla er nú bætt í þessu frv. Þá bregður svo við, að þegar gert er ráð fyrir þessari sjálfsögðu heimild í skynsamlegu formi, þá snýst hv. Framsfl. gegn henni, þó að hann áður hafi staðið að henni í mjög óskynsamlegu og jafnvel varhugaverðu formi. Það er erfitt að koma heilli brú í slíka afstöðu.

Þá vék hv. þm. að því, að í stjórnartíð Hermanns Jónassonar hafi Seðlabankinn aldrei notað þessa heimild. Það er rétt. Ég mundi vilja hafa þau orð um þetta, að á stjórnarárum Hermanns Jónassonar hafi hin nýja stjórn Seðlabankans vanrækt að nota heimildina. Hún hefði átt að gera það, en hún vanrækti það, eins og ýmislegt fleira einmitt á sviði bankamála og peningamála var vanrækt í stjórnar-

tíð Hermanns Jónassonar. Það var Hermann Jónasson sjálfur, það var forsrh. sjálfur, sem var þá yfirmaður bankamálanna. Raunar heyrðu þau undir ríkisstj. alla, en hann fór þá með þau mál sem forsrh., og ég hika ekki við að segja, að einmitt það, að Seðlabankinn skyldi á þessum árum ekki setja slíka reglu, ekki nota heimildina, ber að reikna þeirri stjórn til synda, en ekki til tekna, svo gersamlega ósammála er ég hv. þm. í þessum efnum. Stjórn Emils Jónssonar beitti sér að vísu ekki heldur fyrir því, að Seðlabankinn tæki að beita þessum heimildum. Annars má á það benda, að þetta er í verkahring Seðlabankans sjálfs, en ekki í verkahring ríkisstjórna. En um það er það að segja, að í stjórn Emils Jónssonar fór ég með bankamálin og ég átti oftar en einu sinni viðræður einmitt um þetta atriði við aðalbankastjóra Seðlabankans, Vilhjálm Þór, og Jón Maríasson bankastjóra, framkvæmdastjóra Seðlabankans. Við ræddum ýtarlega um undirbúning þess, að þessi heimildarákvæði væru notuð til þess að styrkja stjórn Seðlabankans á peningakerfinu. Það varð hins vegar niðurstaða þeirra viðræðna, að á því ári væri ekki rétt að gangast fyrir gagngerum nýjungum á þessu sviði, heldur bæri að láta þær breytingar, sem við allir þrír vorum sammála um að nauðsynlegar væru í þessum efnum, bíða þeirra almennu efnahagsaðgerða, sem okkur öllum og raunar flestum hlaut að vera ljóst að hlutu að koma og nauðsynlegt var að undirbúa. Það voru m. ö. o. talin eðlileg og sjálfsögð vinnubrögð, að notkun þessara heimilda frá 1957, þ. e. regina um innstæðubindingu, fylgdi þeim heildarráðstöfunum, sem augljóst var að nauðsynlegar mundu verða ekki seinna en upp úr áramótunum 1959—60, enda varð sú raunin á. Þá var heimildin notuð í fyrsta skipti og hefur verið notuð síðan og verður án efa notuð hér um alla framtíð, meðan við á annað borð höfum hér seðlabanka og sjálfstætt fjárhagskerfi.

Nú kemur hér fram fihn.-maður í hv. Nd. Alþ. og flytur till. um, að felld sé úr þessu frv. heimild Seðlabankans til þess að krefjast innstæðubindingar hjá innlánsstofnunum. Ef þessi till. hv. þm. yrði samþ., ef þetta seðlabankafrv. yrði afgreitt án þess, að í því væri heimild til handa stjórn Seðlabankans til innstæðubindingar, yrði íslenzki seðlabankinn eini seðlabankinn á byggðu bóli, — ég endurtek það, þá yrði íslenzki seðlabankinn eini seðlabankinn á byggðu bóli, sem hefði ekki heimild til þess að krefjast innstæðubindingar af innlánsstofnunum í því landi, sem hann starfar í. Það, sem hv. þm. leggur til með þessari till. sinni, er í raun og veru að gera íslenzka seðlabankann að hreinu viðundri í fjármálakerfi, ekki aðeins Evrópu og Ameríku, heldur verð ég að taka lönd í Asíu og Afríku þar með. Þetta er það, sem hv. þm. viljandi eða óviljandi leggur til að gerist, sem sagt leggur til, að hér eigi sér stað algert einsdæmi í seðlabankastarfsemi.

Hv. þm. hefur gert mikið úr því í ræðu sinni í dag, og ég sé, að hann gerir það einnig í nál. sínu, að þær reglur, sem Seðlabankinn hafi sett samkv. heimildinni frá 1957, séu hlægilegar, þær séu vitlausar, og hann nefnir um það nokkur dæmi. Rökin fyrir því, að þessar reglur séu vitlausar, eru þau, að gildandi reglur, sem Seðlabankinn hefur gefið út, — ekki ríkisstj., heldur stjórn Seðlabankans hefur gefið út, — hafi í för með sér að kaupfélag í Árneshreppi verði að leggja inn í Seðlabankann kr. 3963.35, að Flateyingar verði að senda hingað suður til Reykjavíkur í Seðlabankann 5000 kr. og Kaupfélag Rauðasands á Hvalskeri muni eignast reikning í Seðlabankanum upp á hvorki meira né minna en 800 kr. Þetta eru rökin fyrir því, að þessar reglur séu vitlausar eða hlægilegar. Nú er sannleikurinn sá, að hér á Íslandi eru margir bankareikningar, jafnvel í sjálfum Landsbankanum, hvað þá Útvegsbankanum og í sparisjóðum úti um land og innlánsdeildum kaupfélaga, sem á eru hlægilegar tölur í augum hv. þm. Það eru áreiðanlega til sparifjárreikningar, sem eru ekki nema 100 kr., og jafnvel sparifjárreikningar upp á 10 kr. Það má vel segja það í ræðum hér í sölum Alþingis og láta básúna út í blöðum, að þetta séu hlægilegar tölur. Ef þessar litlu sparifjártölur, sem ég nefndi og kunna að vera hlægilegar hér í sölum Alþingis, að ég ekki tali um, ef það yrði blaðaefni einhvers staðar annars staðar, þar sem aðstæður eru miklu stærri, — ef tölurnar, sem hann nefnir í grg. sinni að þessi félög verði að eignast á reikningi hér í Seðlabankanum, eru hlægilegar í augum hv. þm. og einhverra annarra, þá er það einvörðungu af því, að við búum hér í örsmáu þjóðfélagi og afleiðingin af því er sú, að hér verða margar tölur hlægilega smáar. En það er enginn vandi að halda hugsanagangi hv. þm. áfram. Ef honum finnst þessar tölur, sem hann nefnir í grg., svona sérstaklega hlægilegar, þá gæti maður kannske búizt við því næst, að einhver annar tæki sig til og færi að segja, að íslenzkt þjóðfélag yfir höfuð væri afskaplega hlægilegt. Hér eru í sjálfstæðu ríki ekki nema 170 þús. manns. Er það ekki hlægilegt í munni þjóða, sem telja jafnmargar milljónir og við teljum þúsundir? Nei, ég held, að hv. þm. ætti að vara sig á þessum málflutningi. Hann getur verið skemmtilegur og ræður hans um þetta efni hafa sannarlega verið skemmtilegar, en það er líka alvara á bak við smæð þessara talna.

Hv. þm. gerði mér einhvers konar gagntilboð, hvort við ættum ekki að vinna saman að því að semja reglur um undanþágur fyrir litlar innlánsdeildir kaupfélaga og litla sparisjóði, þar sem þessar litlu stofnanir yrðu undanþegnar innlánsbindingarreglum Seðlabankans. Við hv. þm. höfum oft unnið saman að því að semja ýmsar reglur. Ég veit, að okkur hefur hingað til gengið mjög vel að vinna saman, og ég efast ekki um, að okkur mundi líka ganga mjög vel að vinna saman að þessu. Ég hef aldrei sagt, að ekki væri hægt að semja um slíkar undanþágureglur, alls ekki, og ég efast ekki um, að við yrðum mjög fljótir að slíku. Það, sem okkur greinir á um, er: Á að semja þær eða á ekki að semja þær? Um það er ágreiningurinn, ekki um hitt, hvort við gætum ekki setzt saman

og verið fljótir að gera uppkast að einhverjum slíkum reglum. Ágreiningurinn er um hitt: Á að semja slíkar reglur eða á ekki að gera það? Það, sem ég hef lagt áherzlu á, er, að það á ekki að semja slíkar undanþágureglur og gefa þær út. Hið sama á að gilda um alla í þessum efnum, stóra og smáa. Ég skal færa dálítið nánari rök að því en ég gerði í dag.

Ég lýsti því í dag, að ástæðurnar fyrir því, að slíkar innlánsbindingarreglur þykja sjálfsagðar í öllum löndum, þar sem seðlabankar eru starfandi, eru tvenns konar: Annars vegar þær, að þær eru alveg nauðsynleg tæki í höndum seðlabankans til að hafa stjórn á peningamagninu í umferð. Þetta er önnur ástæðan. Hin ástæðan er sú, að þær eru nauðsynlegar til öryggis innstæðueigendum í lánastofnunum. Það er nauðsynlegt öryggi fyrir þá, sem eiga inni í lánastofnununum, að viss hluti af þeirra inneignum liggi hjá sjálfum seðlabankanum, sem er banki bankanna. Þetta tvennt eru ástæðurnar fyrir því, að alls staðar þykir sjálfsagt, að seðlabankinn hafi slíkar heimildir og beiti þeim í misjafnlega ríkum mæli eftir því, hvernig ástandið á fjárhagsmarkaðinum er.

Nú má vel segja, — það skal ég játa fúslega, — að þessar litlu upphæðir, sem hv. þm. hefur nefnt, 3900 kr. úr Árneshreppi, 5000 kr. úr Flatey og 800 kr. frá Kaupfélagi Rauðasands á Hvalskeri, skipta engu máli fyrir stjórnina á heildarpeningamagninu. Auðvitað er það alveg rétt. Það má því segja, að Seðlabankinn hefur svo að segja jafnmikil tök á heildarpeningamagninu í landinu, hvort sem hann fær þessar 800 kr. frá Hvalskeri eða þessar 3900 kr. úr Árneshreppi og þessar 5000 kr. úr Flatey. Það er auðvitað alveg rétt. En þá komum við að hinni ástæðunni, hinum rökunum fyrir því, að slíkar innstæðubindingarreglur eru nauðsynlegar, að það sé nauðsynlegt vegna öryggis þeirra, sem eiga inni í innlánsstofnunum, að einhver hluti inneignanna sé í sjálfum banka bankanna, seðlabankanum. Nú spyr ég hv. þm. og bið hann um að svara mér, ef hann á eftir að tala hér aftur á eftir: Telur hann þá, sem eiga inni í kaupfélaginu á Hvalskeri, telur hann þá, sem eiga inni í sparisjóðnum í Flatey eða í kaupfélaginu í Árneshreppi, þurfa eitthvert minna öryggi eða eiga rétt á einhverju minna öryggi en þá, sem eiga inni í Sparisjóði Siglufjarðar eða sjálfum viðskiptabanka Landsbankans hér í Reykjavík eða útibúinu á Eskifirði? Er ekki öryggisnauðsynin nákvæmlega sú sama, hvort sem bankastofnunin er stór eða lítil og hvort sem innstæðan er stór eða lítil? Það er þetta, sem er mergurinn málsins í þessu sambandi, einmitt vegna þess, að það er nákvæmlega sama ástæða til þess að tryggja öryggi innstæðueigandans í litlum sparisjóði og í litilli innlánsdeild eins og er ástæða til þess að tryggja öryggi sparisjóðseigandans í stóra bankanum. Það er þess vegna, sem sama regla verður að gilda um innstæðubindinguna fyrir stóra bankann, fyrir viðskiptabanka Landsbankans hér í Reykjavík, og fyrir kaupfélagið á Hvalskeri, nákvæmlega sama reglan. Ef hv. þm. ber á móti því, er hann beinlínis að halda því fram, að það sé ekki þörf á að tryggja þann, sem á inni á Hvalskeri, jafnvel og þann, sem á inni í Landsbankanum hér í Reykjavík. Einhver gæti kannske leikið sér að því að snúa þannig út úr fyrir hv. þm., — ég ætla ekki að gera það, — að segja, að hann hafi meiri áhuga á því að tryggja stórsparifjáreigendurna í Landsbankanum hér í Reykjavík en smáborgara, sem á inni í kaupfélaginu á Hvalskeri, fyrst hann vill engar tryggingarráðstafanir gera til góða smábóndanum á Rauðasandi, en viðurkennir nauðsyn tryggingarráðstafana handa stórsparifjáreigendunum hér í Reykjavík. Ég skal játa, að slíkt væri útúrsnúningur, en hann væri svo sannarlega ekki meiri en ýmislegt, sem hv. þm. hefur leyft sér í þeim tveimur ræðum, sem hann hefur flutt hér í dag.

Ég vil svo að síðustu aðeins leggja áherzlu á, að þeim reglum, sem Seðlabankinn hefur sett sér og eru annars vegar um innstæðubindingu ákveðins hundraðshluta af aukningu sparifjár, og þar gildir visst lágmark og sú regla tekur aðeins til innlánsstofnana, þar sem sparifé er yfir ákveðnu marki, 5 millj., og svo hins vegar sú regla, að binda skuli ákveðinn hundraðshluta, lágan hundraðshluta af innstæðunum, — þessum báðum reglum er alls staðar annars staðar, sem ég þekki til, beitt jöfnum höndum og þó mun meir síðari reglunni. Ég þekki ekki dæmi til, að í grundvallaratriðum sé sú regla ekki almenn, enda leiðir það beinlínis af þessum tvíþætta tilgangi bindingarreglnanna, að þær verða að vera almennar, ef þær eiga að ná tilgangi sínum. Það má spyrja, og ræða hv. þm. gaf vissulega tilefni til þess, að þannig sé spurt: Hvers vegna hafa slíkar reglur ekki verið teknar hér upp fyrr en nú fyrir rúmu ári? Svarið við því er: Við höfum ekki til skamms tíma haft á Íslandi seðlabanka, því miður. Það, að við höfum ekki haft slíka reglu, er ein af afleiðingum þess, að við höfum ekki haft seðlabanka. Landsbankinn hefur ekki verið og var ekki fyrst og fremst seðlabanki, leit ekki á sig fyrst og fremst sem seðlabanka, sem m. a. sást á því, að Landsbankinn sóttist aldrei eftir því eða stakk aldrei upp á því, að slíkar reglur væru teknar upp. Það ber vitni um, að hann leit ekki á sig sem seðlabanka. Það er fyrst þegar seðlabanka er komið á fót að hálfu leyti 1957, sem þetta mál er tekið upp, og það er ekki fyrr en nú, er hreinum seðlabanka er komið upp, að réttarreglur um heimildir honum til handa í þessu efni eru settar. En ég vil undirstrika, að reglurnar, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru þær, sem alls staðar annars staðar þykja sjálfsagðar í stjórn seðlabanka á peningamálum og er í raun og veru beitt alveg jafnhliða vaxtabreytingunum. Það eru þessi tvö tæki, sem seðlabankar hafa fyrst og fremst til að hafa áhrif á peningamagnið og lánsfjárframboðið og sparifjármyndunina: annars vegar vaxtabreytingarnar og hins vegar innstæðubindingar eins og sú, sem hér er um að ræða.

Ég vil svo að síðustu segja það enn, sem ég sagði í fyrri ræðu minni í dag, að ég harma mjög, að Framsfl., næststærsti flokkur þingsins,

skuli láta karp um jafnlítilfjörlegt atriði og hér er í raun og veru um að ræða verða til þess, að hann gerist ekki aðili að því að afgreiða þetta mál, sem ég er hv. frsm. fjhn. alveg sammála um að er eitt af stórmálum þessa þings og markar tímamót í sögu íslenzkra bankamála. Ég harma það mjög, að þessi ofurást, sem hv. þm., hv. 1. þm. Norðurl. v., hefur á kaupfélögunum, skuli blinda hann svo í þessu máli, að hann skuli ekki vilja sinna neinum hugmyndum um jafnrétti þeirra og annarra aðila. Upp á það hefur honum sannarlega verið boðið og hann hafnað því. En látum það vera. Við höfum þekkt áður, að skoðun hans á því, hvað sé jafnrétti í þessum efnum og skyldum, er ekki sú sama og okkar margra hinna. Látum það vera. Því virðist ekki vera hægt að breyta, ekki um sinn a. m. k. En hitt segi ég, að ég harma, að hann skuli láta þetta atriði, sem í þessu sambandi hlýtur að teljast vera algert aukaatriði, valda því, að hann og þá væntanlega flokkur hans snýst gegn stórmáli eins og þessu, sem framtíðin mun áreiðanlega fella þann dóm um að hafi verið mikið framfaraspor.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég kemst alls ekki hjá því að gera verulegar athugasemdir við þessa síðari ræðu hæstv. viðskmrh., hún var þannig.

Hann byrjaði á að tala um það, sem hann kallaði tilboðið til mín frá því fyrr í dag. Hann segir, að þetta hafi verið prófsteinn á mig, hvort ég vildi láta sömu reglur gilda um sparisjóði og innlánsdeildir. Hann segir, að ég hafi fallið á prófinu. Hæstv. ráðh. var að spyrja mig að því í fyrri ræðunni, hvort ég vildi fallast á það, að burt numið væri skattfrelsi fyrir það fé, sem lagt væri inn í innlánsdeildir, ef þetta bindingarákvæði margumtalaða næði þá ekki til þeirra. Ég sagði honum, að ég væri alls ekki til viðtals við hann um að gera þær breytingar á ákvæðunum um skattfrelsi sparifjár, að það næði ekki eins og áður til þess fjár, sem lagt var inn í innlánsdeildir, ef það ætti að gilda áfram um það fé, sem lagt væri inn í sparisjóði og banka. Ég hélt, að ég hefði líka sagt það fullgreinilega áðan í minni ræðu, að ég gerði engan greinarmun og hefði ekki gert í þessum umr. eða í mínu nál. á sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga. Hvað á ég að tyggja þetta oft í hæstv. ráðh. til þess að hann skilji það? Er svo komið fyrir honum, að hann skilji ekki mælt mál? Er hægt að segja þetta með skýrari orðum, að ég vilji láta sömu reglur gilda um sparisjóðina og innlánsdeildirnar? Ég hef farið fram á og boðizt til að hjálpa honum til að útbúa reglur um það, að hinar smærri innlánsstofnanir um land allt, jafnt sparisjóðir sem innlánsdeildir, yrðu undanþegnar þessum bindingarákvæðum. Skyldi hæstv. ráðh. skilja þetta nú, eftir að ég er búinn að endurtaka þetta tvisvar sinnum, sem ég sagði í minni framsöguræðu? Allt hans skraf um það, að ég hafi fallið á þessu prófi, sem hann nefndi svo, og ég sé ekki til viðtals um, að sömu reglur gildi í þessu efni fyrir innlánsdeildirnar og sparisjóði, er alveg út í hött. Þessar fullyrðingar hans hafa ekki við snefil af rökum að styðjast.

Hann segir enn, að framsóknarmenn hafi stutt hina ótakmörkuðu heimild, sem hann nefnir svo, í landsbankalögunum 1957. Heimildin reyndist alveg hættulaus, t. d. meðan vinstri stjórnin fór með völd. Engum þm., sem stóð að þeirri samþykkt, gat þá komið til hugar, að nokkru sinni yrðu þeir menn valdir til þess að setjast í ráðherrastóla hér á landi, sem misnotuðu heimildina jafnákaflega og núv. ríkisstj. hefur gert. Og þá segir hæstv. ráðh., að samkv. þessari gömlu heimild hafi alls ekki verið hægt að gera greinarmun á innlánsstofnunum eftir stærð þeirra. Sömu reglur hafi orðið að gilda um þær allar samkv. gömlu heimildinni. Það er búið að tala um það í þessu sambandi, að ekki gæti ríkisstjórn ákveðið, að skattalögin giltu bara fyrir suma, en ekki fyrir aðra. Ég hélt, að þetta væri nokkuð annars eðlis en almenn skattalöggjöf. Hvernig er heimildin í 16. gr. núgildandi landsbankalaga? Hún er um það, að Seðlabankinn geti ákveðið, að bankar og sparisjóðir skuli eiga innstæður í Seðlabankanum og þá hve miklar. Ekki einn stafkrókur er um það í l., að það sé skylt að láta sömu reglur gilda um alla banka og sparisjóði, hvað sem þeir hafi mikið fé í veltunni. Hvernig hefur svo hæstv. núv. ríkisstj. framkvæmt þetta heimildarákvæði? Hefur hún látið sömu reglur gilda um allar stofnanir, litlar og stórar? Nei, hún hefur ekki gert það. Bréf Seðlabankans, sem hann gaf út fyrir hönd stjórnarinnar í maí í fyrra, segir, að þær reglur, sem þar voru settar um bindingu á vissum hluta af innstæðuaukningu, skuli ekki a. m. k. að svo stöddu gilda fyrir innlánsstofnanir, sem hafa minna en 5 millj. í sparifé. **(Menntmrh.:** Þetta er almenn regla.) Almenn regla. Því er þá ekki hægt að setja þá almennu reglu, að innlánsstofnanir, sem hafa innstæðufé fyrir neðan eitthvert visst mark, skuli vera undanþegnar? Sem sagt, núv. ríkisstj. hefur sett reglur, þar sem gerður er greinarmunur á því, hvort innlánsstofnanir hafa mikið fé eða lítið í sínum vörzlum. Og svo kemur hæstv. viðskmrh., sá sem fer með bankamál, og segir, að þetta sé ekki hægt eftir núgildandi lögum. Hvað á svona málflutningur að þýða úr ráðherrastóli hér á Alþingi? Hann segir, að þetta sé í verkahring Seðlabankans sjálfs, en ekki ríkisstj. Það veit nú hvert mannsbarn, sem nokkuð hefur fylgzt með þessum málum, að þessar reglur voru gefnar út af meiri hluta seðlabankastjórnarinnar eftir beinum fyrirmælum frá ríkisstj.

Og þá fór hæstv. ráðh. að tala um hlægilegar tölur, ég væri að reyna að gera hlægilegar litlar tölur. Hann segir, að það séu víða litlar upphæðir í reikningum stofnana, banka og sparisjóða og annarra stofnana, og það sé kannske hægt að segja, að þetta séu hlægilegar tölur. Ég hafi haldið því fram, að það væri hlægilegt að taka þessar upphæðir, sem ég nefndi í nál., með valdboði frá ríkisstj. eða umboðsmönnum hennar, meiri hl. í stjórn Seðlabankans, — taka þessar upphæðir með vald-

boði og setja þær inn á bundinn reikning í Seðlabankanum. Þetta á ekkert skylt við það, þegar menn hafa frjáls viðskipti við þessar stofnanir og aðrar og eiga þar inni á ýmsum tímum smáar upphæðir. Þetta er allt annað. Eins og ég sagði í dag, þá er þetta við fyrstu sýn náttúrlega skoplegt. En það er alvara á bak við þessar ráðstafanir stjórnarinnar, eins og ég gat um í dag. Það er alvörumál að smala fjármunum út um allar byggðir landsins til frystingar í Seðlabankanum í Reykjavík, þegar fólkið, sem býr í héruðunum, vantar fé til þess að geta haldið þar við byggð og þarf að fá meira fé en það hefur nú, sem er mjög takmarkað víðast hvar.

En það kom þó fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann er nokkuð farinn að draga í land. Í fyrri ræðu sinni sagði hann, að það væri alls ekki hægt, það væri ekki framkvæmanlegt að setja reglur um þetta efni, þar sem væri gerður greinarmunur á litlum og stórum innlánsstofnunum. Nú segir hann, að það sé auðvitað hægt að semja reglurnar, og hann segir, að við mundum sennilega ekki þurfa að eyða til þess mjög löngum tíma, ef við legðum saman. Ég var að bjóða honum aðstoð í þessu áður. Hann viðurkennir enn fremur nú í sinni síðari ræðu, að það skipti alls ekki máli fyrir stjórn peningamálanna í landinu, hvort þessar smáfjárhæðir utan af landsbyggðinni séu teknar hingað í Seðlabankann eða ekki. Hvers vegna er þá verið að þessu? Hvað á þetta að þýða? Ég hef ekki fengið enn nein svör við því? Nú fer hæstv. ráðh. að vísu að tala um öryggi innlánsstofnana, það þurfi að tryggja það. Þeir eru líklega miklu öruggari vestur á Rauðasandi um innstæðurnar hjá kaupfélaginu, eftir að ærverðið, ég tala nú ekki um, þegar þau eru þrjú, rolluverðin, verða komin hér inn í Seðlabankann á bundinn reikning. Og hann spyr, hæstv. ráðh.: Hvers vegna eiga þeir á Rauðasandi að búa við minna öryggi en t. d. Siglfirðingar? Hver segir, að það sé þörf fyrir þetta ákvæði af öryggisástæðum? Hæstv. ráðh. svaraði alls ekki þeirri spurningu, sem ég kom með í fyrri ræðu minni um það, hvað hefði tapazt af innlánsfé á liðnum árum og áratugum hjá þessum smærri innlánsstofnunum víða um land. Það er sá munur á að vísu, að það er, eins og á hefur verið bent, ríkisábyrgð fyrir innlánum í suma bankana, en ég held satt að segja, að reynslan sýni, að það sé engin þörf fyrir opinber afskipti af þessum smáu innlánsstofnunum úti um land, hvort sem það eru heldur sparisjóðir eða innlánsdeildir, þess vegna, að það þurfi að óttast um, að þeir, sem leggja þar inn fé sitt, tapi því. Reynslan hefur sýnt, að slíkur ótti hefur verið algerlega ástæðulaus. Og það er þannig í þessum smærri byggðarlögum, að fólkið, sem leggur fé sitt inn í þessar stofnanir, veit vel, hvernig þeim er stjórnað, og það getur fyllilega metið það sjálft, hvort þannig er haldið á málum hjá stjórnum þessara stofnana, að þorandi sé að trúa þeim fyrir fé eða ekki. Það getur alveg metið þetta sjálft eins og áður. Fólkið leggur þessa peninga inn þar af frjálsum vilja, en ekki eftir neinum fyrirskipunum. og það metur öryggið sjálft, eins og það hefur alltaf gert.

Já, það lítur út fyrir, að hæstv. ráðh. vilji ekki fallast á mitt tilboð þrátt fyrir allt, þó að hann lýsi því yfir, að við séum líklegir til þess að geta báðir í sameiningu samið reglur um að undanþiggja hinar smærri innlánsstofnanir. Ég verð þá líklega að hætta við tilraunir mínar til þess að koma í veg fyrir, að hæstv. ríkisstj. haldi áfram að verða sér til athlægis um allt land fyrir sína gangnaseðla og fjársmalanir um landið. Má líka segja, að það stæði öðrum nær að reyna að forða henni frá þessu. Ef til vill væri reynandi að tala við einhverja af þm. stjórnarflokkanna um þetta, t. d. þá, sem eru fulltrúar fyrir byggðarlögin úti um land, þar sem smalanirnar eiga nú að fara fram innan skamms. Maður gæti reynt það, vitað, hvað þeir segja.

Í ræðulok eða undir ræðulokin endurtók hæstv. ráðh. það, að ég vildi ekki hugsa um neitt annað en einhver sérréttindi í þessu efni fyrir kaupfélögin. Ég er búinn að svara þessu fullgreinilega, bæði nú í minni ræðu og áður. Ég geri engan greinarmun þarna á innlánsdeildunum og sparisjóðunum. Þarna fer því hæstv. ráðh. því miður með rangt mál.

Það er flutt inn árlega töluvert af bifreiðum hingað til landsins. Þó að það séu að vísu og hafi oft verið takmarkanir á því, þá kemur alltaf á hverju ári eitthvað af nýjum bifreiðum hingað. Og ég gæti bezt trúað, að það væri komið núna eða væri að koma til landsins eitthvað af bifreiðum, sem bílstjórarnir kalla módel 1961, en mætti kalla árgerð 1961. Þannig hefur þetta verið undanfarin ár, að með hverju nýju ári hafa komið nýjar árgerðir af bifreiðum. Og ef maður talar við bifreiðastjóra, sem er nýlega búinn að fá bíl af nýrri árgerð, þá segir hann oftast: Ja, vinnslan hjá þessum nýja er nú töluvert öðruvísi en hjá eldri tegundum. — En það er fleira í veröldinni, sem breytist með árunum en bifreiðarnar. Það hefur skeð nýlega vestur í Bandaríkjum Norður-Ameríku, að ríkisstj. þar hefur fengið nýja árgerð af fjármálasérfræðingum. Sú ríkisstj., sem nýlega hefur tekið við völdum í Bandaríkjunum, hefur fengið nýtt módel, módel 1961 af fjármálasérfræðingum, og það er eins með þá og bílana, að þeir vinna allt öðruvísi en eldri árgerðin. Nú segja þeir, að það sé sjálfsagt fyrir þjóðina í því landi að fara í allt aðra átt í fjármálum en gert var árið sem leið. Ég vildi nú svona í allri vinsemd skjóta því til kunningja míns, hæstv. viðskmrh., hvort það gæti ekki verið gagnlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að fara að dæmi þeirra vestan hafsins og fá sér nýja árgerð af fjármálasérfræðingum sér til stuðnings, en vitanlega væri það bezt fyrir þjóðina, og vafasamt, að þetta út af fyrir sig kæmi að gagni, nema Íslendingar fái nýja árgerð af ríkisstjórn eins og þeir í Ameríku. Það er tilfellið, að margt er til fyrirmyndar hjá þeim þarna fyrir vestan.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 27. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1 gr. samþ. með 20:7 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24:2 atkv.
Brtt. 407,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 411 felld með 17:11 atkv.
5. gr. samþ. með 17:4 atkv.
6.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 18:7 atkv.
13.—17. gr. samþ. með 19:3 atkv.
18.—22. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
24.—27. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Brtt. 407,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
29.—31. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
32.—33. gr. samþ. með 20:1 atkv.
34.—37. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19:3 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:2 atkv.

Á 70. og 71. fundi í Nd., 28. febr. og 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 425, 436).

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vildi nú fyrst mælast til þess við hæstv. forseta, að hann léti athuga, hvort hæstv. viðskmrh. er hér í húsinu eða hvort hann mundi geta mætt hér. Ég þurfti að beina til hans spurningu í sambandi við atriði, sem fram kom í ræðu hans við 2. umr. um frv. (**Forseti:** Já, það koma fram upplýsingar um, að hæstv. viðskmrh. er í umr. í Ed., og þá held ég, að það væri hentugast, að við frestuðum þessu í bili.) Já. — — (**Forseti:** Þá getur umr. haldið áfram.)

Ég lagði til í nál. mínu, sem hér var lagt fram við 2. umr., að þetta frv. yrði fellt, en meiri hl. deildarinnar samþ. að vísa málinu til 3. umr.

Ég hef ásamt hv. 4. þm. Austf. flutt brtt. á þskj. 436, sem ég vil gera grein fyrir með fáum orðum.

Fyrri brtt., sem er í tveim liðum, er við 11. gr. frv. Í 3. málsgr. þeirrar gr. segir, að Seðlabankinn geti ákveðið, að tiltekinn hluti innlánsaukningar sé bundinn á reikningi hjá honum. Er þar átt við innlánsaukningu hjá innlánsstofnunum. Við leggjum til, að þarna verði bætt inn í málsgr. þessum orðum: „Þó aðeins af þeirri aukningu, sem er umfram þá upphæð, er svarar til almennra innlánsvaxta af öllu innlánsfénu.“ Þetta þýðir það, að ekki væri hægt að heimta af innlánsstofnun til bindingar í Seðlabankanum meira en eða annað en einhvern hluta af því, sem kalla mætti nettó-innstæðuaukningu hjá innlánsstofnuninni. Það væri ekki heimtað neitt af stofnuninni vegna innstæðuaukningar, ef hún næmi aðeins vöxtum af innstæðunni. Með öðrum orðum, vextir mættu leggjast við höfuðstól, án þess að þess væri krafizt, að nokkuð af þeim færi til bindingar í Seðlabankann.

B-liður fyrri brtt. á þskj. 436 er um það, að ný málsgr. bætist við 11. gr., svo hljóðandi: „Ákvæði þessarar gr. taka ekki til innlánsstofnana, sem hafa minna en 20 millj. kr. innstæðufé samtals.“ Ég sé ekki ástæðu til að fara um þessa brtt. mörgum orðum. Það var mikið rætt við 2. umr. um það ákvæði frv., að skylda mætti innlánsstofnanir til þess að leggja ákveðinn hluta af innstæðufé inn á bundinn reikning í Seðlabankann. Það var sýnt fram á það þar, að þetta kæmi sér mjög illa fyrir ýmsar innlánsstofnanir og sérstaklega þó fyrir mörg þau byggðarlög, þar sem þær starfa, sem hafa einmitt fulla þörf fyrir allt það fé, sem safnast hjá þessum innlánsstofnunum, bæði sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, — hafa fulla þörf fyrir það fé til atvinnurekstrar og framkvæmda í hlutaðeigandi byggðarlögum. Það var einnig á það bent, að þegar um litlar innlánsstofnanir væri að ræða, hefði það enga þýðingu fyrir stjórn peningamálanna yfirleitt að taka nokkurn hluta af innstæðum þeirra inn í Seðlabankann, og það var viðurkennt við 2. umr. af hæstv. viðskmrh., að þetta hefði enga þýðingu fyrir stjórn peningamálanna.

Strax, þegar þessi fjármunatilfærsla inn í Seðlabankann var ákveðin á árinu sem leið, komu mjög ákveðin mótmæli gegn því víða að af landinu. Ég ætla ekki að fara að rekja það hér, en ég vil þó vekja athygli á einu erindi, sem barst hingað til Alþingis í næstliðnum janúarmánuði frá Fjórðungssambandi Norðlendinga varðandi þetta mál. Bréfið er dagsett í Húsavík 23. jan. 1961, og það hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið í Húsavík dagana 11. og 12. júní 1960, ályktar að gefnu tilefni þá ófrugþróun í fjármálum, að sparifé landsbyggðarinnar sé flutt til Seðlabankans í Reykjavík.

Samþykkt með 11:1 atkv.

Þetta leyfi ég mér virðingarfyllst að tilkynna hinu háa Alþingi.

Forseti fjórðungsþings Norðlendinga,

Jóhann Skaftason.

Til Alþingis.“

Það má telja, að þessi samþykkt hafi verið einróma á fjórðungsþinginu, þar sem aðeins einn af 12 af þeim, sem þar sátu, greiddi atkv. gegn ályktuninni. Ég tel rétt að vekja athygli á þessu, og eins og ég sagði, þá hafa margir fleiri mótmælt þessum ráðstöfunum bæði fyrr og síðar, síðan þær komu til framkvæmda. Ég tel, að þarna sé einnig sérstök ábending til okkar þm. af Norðurlandi.

Þá er 2. brtt. á þskj. 436. Hún er við 12. gr. Í 12. gr. segir, að Seðlabankanum sé heimilt að ákveða, að innlánsstofnanir, sem um ræðir í 10. gr., skuli eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nema allt að 10% af innstæðu hjá þeim, nema hærri upphæð sé ákveðin í lögum. Við leggjum til í brtt. okkar, ég og hv. 4. þm. Austf., að í stað orðanna „ríkistryggð

verðbréf eða önnur trygg verðbréf" komi: í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf. — Ef þetta væri samþykkt, þá næði heimildin til þessarar fjárbindingar ekki eingöngu til verðbréfa, þ. e. a. s. það væri ekki lögð sú skylda á innlánsstofnanirnar að hafa ríkistryggð verðbréf fyrir allt að 10% af innlánsfénu, heldur ríkistryggð verðbréf að viðbættri eign í sjóði eða innstæðu í banka. Þetta er alveg í samræmi við ákvæði í lögum um sparisjóði. Þar er ákvæði um það, að þeim sé skylt að hafa ákveðinn hundraðshluta, — ég held, að það séu 10% einnig af innlánsfénu, — í sjóði, í banka eða í ákveðnum verðbréfum. Þetta yrði þá í samræmi við þau ákvæði í sparisjóðslögunum, og það tel ég eðlilegt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessar brtt., nema tilefni gefist. En það var eitt atriði, sem fram kom í ræðu hæstv. viðskmrh. við 2. umr. um þetta mál hér í deildinni 23. febr. s. l. Hæstv. ráðh. sagði þá: „Svo góður árangur er orðinn af efnahagsráðstöfunum stjórnarinnar, að nú er hægt að slaka á reglunum um bindingu sparifjár í Seðlabankanum og einnig að lækka vexti, eins og gert var um síðustu áramót." Svo góður árangur af efnahagsráðstöfunum stjórnarinnar! Ég fór ekki út í að ræða þetta þá, enda var þá nokkuð áliðið fundartímans og umr. snerust um önnur atriði. En nú vildi ég óska, áður en umr. um málið lýkur hér í hv. d., að hæstv. viðskmrh. gæfi nánari skýringu á þessum orðum, gæfi í stórum dráttum skýringu á því, hvað hann átti við, þegar hann talaði um svo góðan árangur af efnahagsráðstöfununum, til þess að okkur mætti verða það skýrara en nú er. Og ég vil fara um þetta fáeinum orðum.

Þegar stjórnin lagði fyrir sitt efnahagsmálafrv. á síðasta þingi, var fyrst og fremst lögð áherzla á það í aths. með frv., að það væri svo mikill greiðsluhalli við útlönd, að óhjákvæmilegt væri að minnka hann, greiðsluhallann við útlönd, það væri ekki hægt að halda þannig áfram að safna skuldum við útlönd eða auka þær árlega. En hvernig hefur til tekizt á þessu fyrsta ári núv. hæstv. stjórnar að því er þetta snertir? Hagtíðindin sýna okkur, að verzlunarhallinn, þ. e. a. s. óhagstæður verzlunarjöfnuður, árið 1960 hefur orðið 775.6 millj. kr. Vöruinnflutningurinn hefur reynzt á árinu 29% meiri en vöruútflutningurinn. Til samanburðar vil ég geta þess, að árið 1958 var einnig óhagstæður verzlunarjöfnuður, en þó ekki eins óhagstæður og nú. Þá var innflutningurinn 24% hærri en útflutningurinn samkv. skýrslum hagstofunnar. Hér hefur sem sagt jöfnuðurinn orðið óhagstæðari en þá var. Nú segir þetta ekki allt vitanlega um greiðslujöfnuðinn við útlönd, þó að þetta sé stærsti liðurinn í utanríkisviðskiptunum, vörukaup og vörusala. Þarna er hallinn 775 millj. Og ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Hvað hafa skuldir þjóðarinnar aukizt um mörg hundruð millj. kr. árið 1960, skuldir þjóðarinnar við útlönd? Það má vera, að það sé eitthvað minna en þetta, sem nemur verzlunarhallanum, en ég óska eftir að fá svona hér um bil upplýsingar um það hjá hæstv. ráðh. Ég tel víst, að hann geti látið þær í té. Hvað hafa skuldir landsins við útlönd aukizt um mörg hundruð milljónir árið 1960?

Það er þegar sýnilegt, að greiðsluhalli hefur verið mikill á árinu sem leið. Það er síður en svo, að ríkisstj. hafi tekizt að snúa við og stefna þarna í rétta átt. Það hefur enn aukizt greiðsluhallinn og skuldirnar við útlönd aukizt.

Það var talað einnig í aths. með stjórnarfrv. í fyrra um það, að greiðslubyrðin væri orðin óhóflega mikil, þjóðin gæti naumast undir henni risið. En mér sýndist það alveg ljóst, að vegna skuldasöfnunar við útlönd árið sem leið hefur greiðslubyrðin aukizt til verulegra muna og þá ekki sízt fyrir það, að þau lán, sem tekin hafa verið erlendis árið sem leið, eða töluvert af þeim mun hafa verið tekið til mjög stutts tíma, á að greiðast innan skamms.

Fleira var rætt um í sambandi við efnahagsmálafrv. stjórnarinnar í fyrra, sem gera þyrfti í efnahagsmálunum. Stjórnin taldi óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir í peningamálum. Sparifé þyrfti að aukast og útlánin að minnka og verða í eðlilegu hlutfalli við sparifjármyndunina. Hvernig hefur til tekizt á árinu 1960 að því er þetta snertir? Það eru líka komnar skýrslur, sem sýna, hvað sparifé var mikið í bönkum og sparisjóðum um síðustu áramót, og það er hægt að bera þær tölur saman við innstæður áður. Ef maður tekur aðeins það, sem kallað er spariinnlán í bönkum og sparisjóðum, þá er útkoman sú, að um síðustu áramót voru þau 2338 millj., en í ársbyrjun 1960 1980 millj. Þarna er hækkun 358 millj. En til þess að bera þetta saman við tölur fyrri ára finnst mér eðlilegt að taka tillit til vaxtahækkunarinnar af sparifé, sem varð árið sem leið. Ég hef reiknað þetta út þannig, að ef ég tek heildarinnstæðuna í ársbyrjun 1960 og reikna af henni vaxtahækkunina, þ. e. a. s. þá meðalhækkun á sparisjóðsvöxtum, sem varð árið 1960, sem mun vera um 3.4%, ef hækkuninni er deilt á allt árið, þá eru þetta 67 millj. kr., vaxtahækkunin. Dragi maður það frá innstæðunni í árslokin, þá kemur út, að nettóhækkun á sparifénu hefur orðið á árinu 1960 291 millj. kr., og það er 14.7%. En til samanburðar má geta þess, að árið 1958 var aukning sparifjárins 14.9%. Það má segja, að þetta sé hér um bil óbreytt. En nú tel ég hins vegar miklu réttara að taka saman bæði spariinnlán og hlaupareikningsinnlán, það tel ég að gefi réttari mynd. Og það má benda á það, þegar Seðlabankinn er samkv. heimild í lögum að heimta til sín hluta af sparifénu frá innlánsstofnunum, þá gerir hann engan greinarmun á innstæðum í sparisjóði og hlaupareikningi. Hann gerir engan greinarmun á því, heimtar hlutfallslega jafnmikið af innstæðum í hlaupareikningi og í sparisjóðsreikningi. Og beri maður saman árið 1960 og árið 1958, taki heildarinnstæðurnar, þá er sú útkoman úr dæminu, að árið 1958 var aukningin á innlánum 21.6%, en árið 1960 12.9%, — ég er þá búinn að draga frá aukningunni áætlaða vaxtahækkun af innstæðunum 1960, — aðeins

12.9% aukning 1960 á móti 21.6% árið 1958.

Þetta er nú að segja um þá hliðina.

En hvað er þá að segja um útlánin? Nú er það alkunnugt, að það hafa verið verulegar hömlur á lánveitingum 1960. Það hefur verið stórum erfiðara en áður fyrir menn að fá lán frá lánsstofnunum, enda var það yfirlýst stefna hæstv. stjórnar að draga úr útlánum. En þrátt fyrir það, þó að þrengt hafi verið að mörgum að því er þetta snertir, þá hefur orðið veruleg útlánaaukning árið 1960. Og það hygg ég að stafi fyrst og fremst af því, að menn hafi ekki getað staðið í skilum við bankana. Það hafa safnazt skuldir, það hefur þegar komið fram, og það er hér sérstakt frv., sem nú er hér á dagskránni einnig, um lánveitingar til sjávarútvegsins. Það hafa safnazt miklar skuldir einmitt á árinu sem leið hjá atvinnurekendum, bæði þeim, sem fást við sjávarútveg, og hjá fleirum, svo að útkoman er sú, að útlánin hjá bönkunum eru allmiklu hærri en þau voru í byrjun ársins. Ég hef gert hér samanburð á þessu, ég hef aðeins tekið bankana, ég hef sleppt sparisjóðunum, en þar eru útlánin svo að segja alveg í sama hlutfalli við sparifé nú og áður hefur verið, svo að það raskar ekki heildarmyndinni. Í árslok 1960 hafa útlán bankanna verið samkv. hagskýrslum 3864 millj., en í ársbyrjun 3561 millj. og í árslok 1958 voru útlánin 3035 millj. Sem sagt, frá árslokum 1958 hafa útlánin aukizt um 829 millj., en á sama tíma hafa innlán hjá bönkunum, saman dregið bæði spariinnlán og önnur innlán, aukizt um 633 millj. Útlánaaukningin á þessum tveimur árum er 829, en innlánaaukningin 633.

Það er fleira, sem þarf að athuga í þessu sambandi auðvitað til þess að gera sér ljóst, hver breyting hefur orðið í efnahags- og peningamálum þjóðarinnar. Það hefur þar auðvitað mikla þýðingu, hvernig útkoman er hjá ríkissjóði. Ef t. d. hefði orðið verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði árið sem leið, þá má segja, að það væri til þess að bæta útkomuna í heild. En hvernig er þá ástatt að því leyti? Við höfum ekki enn hér á Alþ. fengið skýrslu frá hæstv. fjmrh. um, hvernig útkoman hafi orðið í ríkisbúskapnum árið sem leið. Nú þykir mér trúlegt, að það langt sé komið uppgjöri, að slík skýrsla ætti að vera til. Það væri æskilegt að fá vitneskju um þetta sem fyrst. En síðast, þegar heyrðist frá ríkisstj. um þá hluti, var okkur sagt, að það væri ekki útlit fyrir, að þar yrði um greiðsluafgang að ræða árið 1960.

Enn fleira þarf hér að athuga. Hafa atvinnuvegirnir kannske bætt sinn hag árið sem leið? Ég nefndi áðan, hvernig ástandið væri hjá sjávarútveginum. Það liggur hér fyrir stjórnarfrv. um sérstök lán handa sjávarútveginum, og það er talið, að þau þurfi að nema nokkrum hundruðum milljóna, til þess að hann geti gengið áfram. Þegar þessi hæstv. ríkisstj. tók við rétt fyrir áramótin 1959 og 1960, þá þurfti ekki að gera þannig hallærisráðstafanir, til þess að útgerðarrekstur gæti hafizt í byrjun ársins. En það hefur sigið svo á ógæfuhlið fyrir þessum þýðingarmikla atvinnuvegi, að nú gátu útvegsmenn ekki hafið sinn rekstur, nema ríkisstj. gæfi út brbl. um sérstakar lánveitingar og skuldaskil þeim til aðstoðar.

Þannig er þessi mynd, sem ég hef getað fengið af ástandinu nú, eins og það kemur fram í opinberum skýrslum, sem fyrir liggja, og þess vegna er mér það alveg óljóst, hvernig hæstv. viðskmrh. kemst að þeirri niðurstöðu, að það hafi orðið svo góður árangur af efnahagsráðstöfunum stjórnarinnar árið sem leið, að nú sé tími til kominn að slaka á, eins og hann orðaði það, ýmsum reglum, sem stjórnin setti í byrjun ársins 1960. Ég hef að vísu oft heyrt stjórnina og hennar menn tala um, að það væri betra ástandið hjá bönkunum nú að því er snerti viðskiptin við útlönd, reikningar bankanna hjá viðskiptaaðilum erlendis stæðu eitthvað betur nú en áður. En er ekki ósköp lítið gagn að því, ef skuldir þjóðarinnar erlendis hafa hækkað miklu meira á sama tíma en sem þessu nemur? Við skulum hugsa okkur, að einhver maður hefði skuldað í ársbyrjun 1960 100 þús. kr. í Útvegsbankanum, hins vegar ekkert í Landsbankanum, en í árslokin hefði hann skuldað 120 þús. í Landsbankanum, en ekkert í Útvegsbankanum. Hann gæti náttúrlega bent á það, að hann hefði borgað alveg skuld sína við Útvegsbankann á árinu. En þar með væri bara hálfsögð sagan. Það væri ekki hægt að draga þá ályktun af þessu, að hann hefði bætt hag sinn um 100 þús. á árinu, þegar það liggur fyrir, að hann hefur á sama tíma stofnað nýja skuld í Landsbankanum, sem nemur hærri upphæð. Mér finnst eitthvað svipað að segja um það, þó að bankarnir kunni að standa eitthvað betur í reikningi við erlenda banka nú um áramótin en áður, ef Íslendingar hafa safnað skuldum erlendis sem nemur enn meira en þessum mismun hjá bönkunum.

Ég skal ekki að svo stöddu hafa um þetta fleiri orð. En ég vil óska skýringa nú, áður en umr. um þetta mál lýkur, frá hæstv. ráðh., vegna þess að hann einmitt dró þetta atriði inn í umr. um það frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil fá skýringu á því, hvað hann á við, þegar hann talar um góðan árangur af efnahagsráðstöfununum og bættan hag, og ég vil fá skýringar á því hjá honum, eftir því sem hann getur látið þær nú, eða upplýsingar um það, hvað erlendar skuldir Íslendinga hafa aukizt um mörg hundruð milljónir króna árið 1960.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 425, 436, 480).

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Síðast þegar þetta mál var hér til umr., bar ég fram fyrirspurnir til hæstv. viðskmrh. út af ummælum, sem féllu hjá honum við 2. umr. málsins. Hann talaði þá um, að það hefði orðið mjög góður árangur af efnahagsráðstöfunum ríkisstj., og ég óskaði eftir því að fá nánari skýringar á þessum orðum hæstv. ráðh. Ég óskaði eftir því, að hann útskýrði það, í hverju þessi góði árangur væri fólginn. Ég sagði frá því, hvernig ýmsir þættir þeirra mála kæmu mér fyrir sjónir, og ég

sé ekki ástæðu til að endurtaka það. En ég vildi mjög mælast til þess, að hæstv. ráðh. svaraði fyrirspurn minni, áður en umr. um málið lýkur hér í deildinni.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég minnist fyrirspurna hv. þm., þegar mál þetta var hér síðast til umr., en get vitnað til ræðu, sem ég flutti í gærkvöld í sameinuðu Alþingi í umr. um till. stjórnarandstæðinga um vantraust á ríkisstj., þar sem einmitt einn kafli inn fjallaði um skoðun mína á því, í hverju hinn góði árangur af stefnu núv. ríkisstj. væri fólginn. Kafli ræðunnar var upptalning í sex liðum, þar sem ég taldi upp þau atriði, sem ég taldi einna gleggst bera vott um, að rétt horfði hjá núv. ríkisstj., og ég vísa til þessara svara.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar 2. umr. fór fram hér í hv. d. um þetta mál, var dagur mjög að kvöldi kominn, og af þeirri ástæðu féll ég frá því að biðja um orðið í það sinn. En það voru þó nokkur atriði í ræðu hæstv. viðskmrh., er þá var flutt, sem ég vildi gera að umtalsefni. Þar sem nú er útlit fyrir, að umr. sé að ljúka hér í hv. d., vildi ég koma að þessu, þó að mér þyki verra, ef ráðh. er héðan af fundi genginn.

Eins og fram hefur komið hér í umr., telur hæstv. ríkisstj., að hér sé um mikið stórmál að ræða, eitt mesta mál, sem fyrir þessu hv. Alþ. liggur. Að vísu er hér e. t. v. ekki mikið af stórmálum, en skrýtinn virðist nú sá skilningur, ef þetta er þeirra stærst. Það hefur verið upplýst í umr. um þetta mál, að frv. það, sem hér er á ferðinni, sé ekki veigamikill þáttur, því að aðalverkið, sem er aðskilnaður á milli eða stofnun Seðlabankans, hafi verið framkvæmt 1957, og það kemur fram í grg. frv., að á það er svo litið. Í raun og veru hefur það verið svo, síðan lögin um Seðlabankann voru sett, að verulegur aðskilnaður eða að mestu leyti aðskilnaður hefur verið á milli þessara tveggja deilda Landsbankans. Það, sem hér er því á ferðinni, er það, að í staðinn fyrir Landsbanki Íslands, seðlabankinn, mun eftirleiðis koma: Seðlabanki Íslands. Auk þessa er svo það, sem einnig hefur verið á bent, að bankastjórum og bankaráðsmönnum verður fjölgað. Það má vel vera, að mikil þörf hafi verið á því. En fer það nú nokkuð á annan veg en um var rætt, þegar lögin um Seðlabankann voru sett 1957, því að þá var mikið rætt um það af núv. stjórnarliðum, sem þá voru í stjórnarandstöðu, að nóg væri að því gert að fjölga mönnum á þeim stöðum? Auk þess, að bankastjórum og bankaráðsmönnum verður fjölgað, verður sett upp bankaeftirlit, og eftir þeirri þróun, sem virðist hafa átt sér stað í bankakerfinu nú á síðustu árum samkv. upplýsingum, sem komu fram þar að lútandi í umr. um þetta mál í útvarpi á sunnudagskvöldið, er nokkur ástæða til að ætla, að bankaeftirlitið muni finna stóla fyrir allmarga starfsmenn.

Hæstv. viðskmrh. hefur mjög vikið að því í sínum ræðum hér um þetta mál, að ef við færum ekki að eins og hér er lagt til, yrðum við að hálfgerðu viðundri í heiminum, því að það væri víst hvergi á byggðu bóli og þótt víðar væri leitað, að mér hefur skilizt, sem peningamálum eða yfirstjórn peningamála væri öðruvísi fyrir komið en gert er ráð fyrir í þessu frv., og hefur hann rætt mjög um það, hvað vel væri til þess vandað.

Ég tók eftir því í umr., sem fóru fram á sunnudaginn í útvarpssal milli bankamanna, — þar voru fyrrv. bankastjóri Jón Árnason og einn af núv. bankastjórum Landsbankans, Pétur Benediktsson, meðal þeirra, sem þátt tóku í þessum umr., — að þar var þetta frv. mjög gagnrýnt, og var talið, að það hefði ekki verið vandað til verksins. T. d. benti Jón Árnason á, að það ákvæði frv., að seðlabanki réði alveg vöxtunum, væri ekki framkvæmt hér á Norðurlöndum a. m. k. Fleiri agnúa taldi hann á þessu frv., sem ég ætla ekki að fara að ræða hér, en heyrði ekki, að því væri mótmælt af þeim aðilum, sem mæltu frv. þó bót.

Þessi var þó ekki aðalástæðan fyrir því, að ég bað um orðið, heldur atriði, sem komu fram í ræðu hæstv. viðskmrh., þeirri sem hann flutti hér við 2. umr. og ég skal nú víkja að.

Í fyrsta lagi var það viðvíkjandi vöxtunum, sem hæstv. ráðh. sagði að hefði verið hægt að lækka, vegna þess að viðreisnin hefði tekizt svo vel. Hér á hv. Alþingi fluttum við framsóknarmenn frv. um að lækka vextina í byrjun þings í haust. Hæstv. viðskmrh. tók þátt í þeim umr., og hann var ekki að tala um það þá, að vel væri stjórnað og þess vegna mætti lækka vextina. Það var annað atriði, sem hæstv. ráðh. gerði þá að umtalsefni, og það var, að nú vildi Framsókn fara að hafa vextina af fólkinu, sem ætti peningana, það væri gamalt fólk og börn og þess háttar fólk, og nú væri Framsókn að hugsa um það eitt að narta af þessu fólki. Hann var ekki á því, hæstv. ráðherra, að þetta fólk mundi þakka Framsókn fyrir þessar aðgerðir. Og þá var ekki nefnt, að nú væri búið að stjórna svo vel, að það mætti lækka vextina. Það var eitthvað annað, — það var fráleit hugsun að láta sér detta í hug að lækka vextina.

Nú skal ég segja hæstv. ráðherra það, að það er hvorki ég né aðrir, sem taka það hátíðlega, að það sé búið að stjórna svo vel í peningamálum þjóðarinnar s. l. ár, að það sé þess vegna hægt að lækka vextina. Það er allt annað, það er m. a. vegna þess, að frv. okkar framsóknarmanna kom fram í haust, að það var látið undan síga að lækka vextina, vegna þess að atvinnuvegirnir í landinu þoldu ekki vextina, og það var sótt fast á það að lækka okurvextina frá því, sem áður var. Þetta er ástæðan fyrir því, að þessi leið hefur verið farin, að ríkisstj. hefur hrakizt til þess að lækka vextina, en ekki það, að vel hafi verið stjórnað, og er alveg sama, þótt hæstv. ráðherra flytji fleiri ræður um það, það veit landsfólkið, og það mætavel.

Þá var það annað atriði í ræðu hæstv. ráðherra, sem ég vildi víkja að. Hann sagði, að við framsóknarmenn héldum því fram, að það væri verið að draga fé utan af landsbyggðinni

þéttbýlinu í vil. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur svarað þessu. Það er deginum ljósara, að það er ekki verið að draga það neinu þéttbýli í vil. Við höfum aldrei haldið því fram. En við höfum hins vegar lýst því yfir, að það væri fráleitt að halda uppi þeirri stefnu og þörfin fyrir þetta fjármagn úti á landsbyggðinni væri svo mikil, að þess vegna ætti ekki að vera að því.

Hæstv. ráðherra sagði, að þær ástæður væru fyrir því, í fyrsta lagi að hafa stjórn á peningakerfinu í landinu og í öðru lagi að tryggja sparifjáreigendurna. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur nú sýnt fram á, að það er hvorki verið að hafa neina yfirstjórn á peningamálum í landinu, þó að takist að ná í 800 kr. vestan af Rauðasandi, né tryggja þá, sem eiga þar innstæðufé.

Hæstv. ráðherra kom að því að sýna fram á það, hve mikið fjármagn hefði farið til uppbyggingar í landbúnaði síðustu árin. Og þegar hann hafði lokið við þann lestur, þá fannst honum ástæða til að ætla, að það væri ekki undarlegt, þó að væri nú dregið úr þessum fjármagnsflutningi og eitthvað kæmi til baka af fjármagni aftur, svo að ekki væri hægt að halda áfram uppbyggingunni úti um landið, nóg væri að gert og mætti þess vegna draga úr ferðinni. Nú vil ég segja hæstv. ráðherra það, að vegna þessarar uppbyggingar, sem átt hefur sér stað síðan 1950 til ársloka 1958, hefur framleiðsla aukizt á hvern vinnandi mann í landbúnaði í mjólkuraukningu um 40% og í kjötframleiðslu um 70%. Þetta sýnir, að því fjármagni, sem hefur farið til uppbyggingarinnar í landbúnaðinum, hefur ekki verið til einskis varið.

En þá skulum við koma að því: Var þá nokkur þörf á því að vera að þessu? Erum við ekki að skapa offramleiðslu með þessum hætti og þess vegna sýni framleiðsluaukningin út af fyrir sig ekki, hvort rétt hefur verið stefnt eða ekki? En þá er því við að bæta, að ef við hefðum staðið í stað með framleiðslu á landbúnaðarvörum frá 1950—58, þá hefðum við orðið að flytja inn á árinu 1960 landbúnaðarvörur fyrir um 340 millj. kr. Við hefðum orðið að flytja inn landbúnaðarvörur fyrir 340 millj. kr. á árinu 1960, ef þessi framleiðsluaukning hefði ekki átt sér stað þessi ár, sem ég nefndi hér áðan. Þetta sannar betur en allt annað, að það var fullkomin þörf á því að halda uppi þessari uppbyggingu, sem var gerð úti um byggðir landsins.

Þá komum við að því: Má þá ekki hafa það, eins og hæstv. ráðherra sagði, draga úr ferðinni, fara rólega, nú er búið að gera svo mikið, að við getum tekið okkur hvíld? En þá skulum við gæta að því, að á næstu 2—3 áratugum verðum við að tvöfalda landbúnaðarframleiðsluna í landinu, ef við eigum að halda í við fólksfjölgunina, við verðum að tvöfalda landbúnaðarframleiðsluna á næstu 2—3 áratugum til þess að hafa nægar landbúnaðarvörur handa þeim þegnum, sem þá verða í þessu landi. Þetta sýnir, að hæstv. ráðherra þarf að gæta sín betur í því, hvort við höfum ekki þörf fyrir þær krónur úti á landsbyggðinni, sem fyrir hans forustu er verið að reyna að draga inn í Seðlabankann. Þessum atriðum á hæstv. ríkisstj. að gera sér fullkomlega grein fyrir. Ef hún vill vera framsýn, þá verður hún að taka tillit til þessa. Nema ríkisstjórnin hugsi sem svo, að syndafallið komi eftir hennar dag og hún þurfi ekki um framtíðina að hugsa, og manni er næst skapi að ætla, að sú hugsun hafi verið ríkjandi hjá hæstv. ríkisstj. og ráðherra, þegar hann mælti þessi orð.

Hæstv. ráðherra vék að því í sambandi við það að taka til Seðlabankans verulegan hluta af sparifjáraukningunni og sparifjárinnlögum, að það hefði ekki verið gert fyrr en á s. l. ári. Hann taldi, hæstv. ráðherra, að hvorki vinstri stjórnin, sem að vísu sat fáa mánuði, eftir að Seðlabankinn var stofnsettur, né heldur sú ríkisstj., sem flokkur hans myndaði, hafi farið inn á þessa braut, og taldi hann það miður. Það er ein eðlileg skýring á þessu, ekki sú, að ríkisstj. Emils Jónssonar hafi gleymt neinu í því að fara inn á þessa braut, heldur hitt, að það var ekki talið hyggilegt að fara inn á þá braut, fyrr en kosningarnar voru hjá gengnar. Þess vegna held ég, að það sé alveg óþarfi fyrir hæstv. ráðherra að vera með neina eftirþanka út af því, að framkvæmdin hafi dregizt, því að ef hann hefði haft þann áhuga, sem hann virðist hafa nú, þá hefði hann getað komið þessu í framkvæmd í stjórn Alþfl. En áhuginn vaknaði ekki, fyrr en kosningarnar voru liðnar hjá.

Hæstv. ráðherra var að tala út af aths. hv. 1. þm. Norðurl. v. um litlu hlutföllin í okkar þjóðfélagi. Það væri ástæða til að halda áfram þeim samanburði, og þá gætum við komið að því, að það væri hlægilegt fyrir okkur, svo fámenna þjóð, að vera sjálfstæð þjóð, sem væri ekki nema 170 þús. manns. Það mætti segja það jafnhlægilegt eins og þau dæmi, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. tók hér. Um þetta vil ég segja það, að það er engin þjóð hlægileg fyrir það að vera lítil, ef hún heldur manndómi sínum og sjálfstæði. En hún getur orðið hlægileg, litla þjóðin, ef hún er að apa eftir stórum þjóðum þá þætti, sem eru ekki eðlilegir frá sjónarmiði fámennrar þjóðar.

Þetta mál, sem hér er til umræðu, er einn af þeim þáttum, þar sem of mikið er verið að apa eftir þjóðfélögum, sem eru miklu stærri og með öðrum hætti en okkar litla þjóðfélag. Þess vegna getur þetta mál orðið hlægilegt, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur sýnt fram á, en ekki að það verði nein þjóð hlægileg, þótt fámenn sé, ef hún heldur manndómi til þess að velja og hafna.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. (SkG) hefur við 2. umr., bæði í ræðu og nál., lýst viðhorfi Framsfl. til þessa máls, og verður þar að mínum dómi ekki um bætt, þótt ég kjósi að segja hér fáein orð.

Málflutningur þessa hv. þm. var svo markviss og hnyttinn, að auðheyrt var á ræðum stjórnarliðsins, að undan sveið. Hæstv. viðskmrh. talaði þó á köflum mjúku máli og sléttu og komst ekki hjá því að viðurkenna þá

innsýn, sem sum ákvæði þessa frv. veita í hugarfar og viðhorf núv. ríkisstj. og fylgifiska hennar til fólksins úti á landi og lífsbaráttu þess, og á ég þar fyrst og fremst við ákvæði frv. um fyrirhugaða lögskipaða herferð um fjárdrátt til Reykjavíkur úr sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaganna, en um þetta efni minnti ræða hæstv. viðskmrh. á óvandaðan sölumann, sem reynir að leyna göllum vöru sinnar með því að vefja hana í snotrar umbúðir.

Ræða hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) var af sama toga spunnin, en ólík að því leyti, að hún var m. a. umbúðalítill skætingur í garð samvinnufélaganna, og að nokkrum ummælum þessa þm. vil ég því lítillega víkja síðar.

Hæstv. viðskmrh. sló á þá strengi, að Seðlabankinn væri eign allra landsmanna og því ættu menn að láta sér vel líka að eiga fé sitt þar. En forráðamönnum þess banka, þ. e. núverandi ríkisstj., trúi ég í flestu verr til að beina því fjármagni á heppilegan hátt inn í framkvæmda- og atvinnulífið en bönkum, sparisjóðum og samvinnufélögunum.

Hv. 5. þm. Reykv. var að vonum ekki viss um, hvernig Seðlabankinn færi með þetta fé, sem smalaðist til Reykjavíkur úr byggðum landsins, en gizkaði þó á, að t. d. ærverðin af Ströndum mundu veitt til fisköflunar í Vestmannaeyjum. Auðvitað gat þessi hv. þm. ekki látið sér detta í hug, að þessar krónur, hvað þá meira, gengju til framleiðsluaukningar í landbúnaðinum, og ekki vildi hann heldur fullyrða, að féð gengi til framleiðsluaukningar við sjóinn, — og svo furðar ríkisstj. sig á því, að landsmenn láta sér yfirleitt illa líka þennan fjárdrátt hennar yfir í banka, sem hún hefur algerlega yfir að ráða.

Eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur rækilega bent á, ber enga nauðsyn til að setja nú nýja löggjöf um Seðlabankann, og hefur stjórnarliðið ekki getað hrakið það með neinum rökum, enda varla von, því að reynslan hefur sýnt, að Seðlabankinn getur fyllilega starfað og náð tilgangi sínum undir þeirri löggjöf, sem hann vinnur nú eftir.

Megintilgangur þessa frv. er því að útvega stjórnarliðinu fleiri bankaembætti og lögskipa aukinn fjárdrátt til Reykjavíkur frá hinum dreifðu byggðum landsins. Í núgildandi lögum eru ákvæði, sem heimila Seðlabankanum m. a. að skylda sparisjóði til að geyma hluta af vörzlufé sínu í Seðlabankanum. Ég vil fullyrða, að sú hugmynd er aðeins hugsuð sem hemill, sem Seðlabankinn getur gripið til, ef einhver útlánastofnun hagar sér að hans dómi svo ógætilega í útlánum, að öryggi hennar getur stafað hætta af, og einnig ef útlánastarfsemi hennar færi að marki í bága við lánapólitík, sem Seðlabankinn og ríkisstj. á hverjum tíma vildi að væri í heiðri höfð. En gengið var út frá því, að því valdi, sem Seðlabankanum og ríkisstj. var veitt með þessu heimildarákvæði, yrði ekki beitt í framkvæmd nema undir alveg sérstökum og óvenjulegum kringumstæðum, fyrst og fremst gagnvart sparisjóðum og jafnvel ekki almennt gagnvart bönkum, og allra síst var gert ráð fyrir að þessu ákvæði þyrfti nokkurn tíma að beita gagnvart hinum yfirleitt litlu sparisjóðum úti á landi. Í trausti þess, að þessi skilningur mundi ætíð ríkja og aldrei kæmi til almennrar fjárheimtu Seðlabankans á hendur hinum litlu sparisjóðum, mun þetta ákvæði á sínum tíma hafa hlotið atkvæði þáv. stjórnarliðs. Það er líka vitað, að slíkar smálánastofnanir eins og sparisjóðirnir úti á landi, sem eru almennt með örfárra millj. kr. starfsfé eða jafnvel undir einni milljón, geta aldrei valdið truflun á viðtekinni útlánastarfsemi né óeðlilegum sveiflum á peningamarkaðinum, og ef slíkt fyrirbæri gæti átt sér stað í einstaka sérstöku tilfelli, þá er Seðlabankanum auðvitað hægt um vik að aðvara slíkan sparisjóð, sem vafalaust mundi fara eftir settum reglum Seðlabankans, þegar hann ætti ella á hættu að missa forræði verulegs hluta af vörzlufé sínu. En núv. ríkisstj. vill ekki virða þann anda og þann tilgang, sem vakti fyrir löggjafanum við setningu þessarar umræddu lagaheimildar. Ákvæðið er því nú þegar orðið hættulegt í höndum ríkisstj., og enn hættulegra verður það, þegar þessi fjárdráttur Seðlabankans eru orðinn skilyrðislaus lagaskylda. Þetta mál snertir hagsmuni allra eða flestra byggða landsins, og því ber öllum, sem vilja virða rétt þeirra og hagsmuni, að sameinast um að fella frv., a. m. k. það ákvæði, sem ég vík hér að, eða fylgja brtt. minni hl. fjhn., sem liggja hér fyrir.

Svo fjarstætt sem þetta fyrirhugaða ákvæði er gagnvart hinum almennu smáu sparisjóðum, þá er þó hin fyrirhugaða fjárnámsherferð á hendur innlánsdeildum kaupfélaganna enn fjarstæðari og ljótari og á heldur enga stoð í þeim almennu yfirborðsrökum, sem borin eru fram til þess að reyna að réttlæta fjárnámið hjá sparisjóðunum.

Það er ríkisstj. jafnt sem öðrum fullkunnugt, að innlánsdeildirnar starfa ekki sem útlánastofnanir, heldur er þar aðeins um að ræða innlög á sparifé félagsmanna hlutaðeigandi samvinnufélags, fé, sem þeir þurfa ekki að nota í lengri eða skemmri tíma og vilja geyma hjá sínu fyrirtæki sér til hagsbóta og sínu félagi. Þetta fé fer ekki út á hinn almenna lánamarkað, en er notað sem nauðsynlegt rekstrar- og framkvæmdafé, eins langt og það hrekkur, og dregur þar af leiðandi úr óhjákvæmilegri fjárþörf samvinnufélaganna, sem hinar almennu útlánastofnanir í landinu þyrftu annars að fullnægja. Það er því augljóst mál, að innlagsfé í innlánsdeildum samvinnufélaganna getur ekki valdið neinni óeðlilegri lánsfjárþenslu. Það má því miklu frekar segja, að fyrirkomulagið um meðferð sparifjár í vörzlu innlánsdeildanna vinni, eins langt og það nær, gegn óþarfa notkun sparifjár og óheppilegri lánsfjárþenslu. Innlánsdeildirnar virðast því styðja að þeirri þróun í peningamálunum, sem innan vissra takmarka er eðlileg og ríkisstj. þykist bera fyrir brjósti. Þessi herferð ríkisstj. hefur því enga frambærilega stoð og ber aðeins vott um fjandskap hennar í garð samvinnufélaganna. Með þessum nútíma férándómi skal enn stofna til nýrra herhlaupa gegn samvinnufélögunum. Enn

skal vega í sama knérunn, sem oft hefur áður verið gert í valdatíð þessara stjórnarflokka. Og það, sem orðið er á þessu sviði, telur ríkisstj. og fylgismenn hennar ekki nóg. Meira skal nú að gert. Svo hóflaus og hatrammur er illvilji þessara herra í garð samvinnufélaganna.

Það kom líka glögglega fram í ræðu hæstv. viðskmrh. við 2. umr. þessa máls, að þessi fjárránsherferð á hendur innlánsdeildum kaupfélaganna er ástæðulaus og að hinar fyrirhuguðu hömlur á útlánum sparifjár geta gengið sinn gang og náð sínum tilgangi, þótt fé innlánsdeildanna sé látið í friði. Hæstv. ráðh. bauð sem sé, að þetta umrædda ákvæði skyldi ekki ná til innlánsdeildanna, ef fallizt væri á, að sparifé í vörzlu þeirra væri svipt þeim skattfríðindum, sem nú gilda um það eins og sparifé í vörzlu banka og sparisjóða. Ríkisstj. sér ofsjónum yfir, að þessi eðlilegu skattfríðindi skuli ná til sparifjár hjá innlánsdeildunum, og fyrir því hyggst hún eftir annarri leið ná sér þar niðri. Með þessu tilboði hæstv. ráðh. segir hann í raun og veru fleira en hann mun hafa ætlað. Í fyrsta lagi viðurkennir hann með þessu tilboði, að enga nauðsyn beri til þess, að hin almenna sparifjárbinding nái til innlánsdeildanna. Í öðru lagi staðfestir ráðh., að þessu ranglæti í garð innlánsdeildanna verði við haldið, nema ríkisstj. fái álíka hættulegt vopn í hendur til að lama þær. Og auðvitað gerir hæstv. ráðh. sér grein fyrir, hvaða áfall það væri, ef þeirri rangsleitni yrði beitt, að sparifé í innlánsdeildum nyti ekki hinna almennu skatthlunninda. Og í þriðja lagi virðist viðhorf hæstv. viðskmrh. svo hatrammt í garð samvinnufélaganna, að hann getur ekki hugsað sér að aflétta einum ólögum í þeirra garð nema fá annað ákveðið í staðinn, sem væri þeim álíka óhagstætt eða verra en það, sem burt væri numið.

Það væri að minni ætlan ekki svo mikil furða að heyra slíkt sem þetta frá munni forustumanna Sjálfstfl. En það veldur ýmsum nokkrum vonbrigðum, að sá forustumaður þess flokks, sem kennir sig við alþýðuna og sumir höfðu fyrir eina tíð bundið nokkrar vonir við um frjálslyndi og sanngirni í þjóðfélagsmálum og þá ekki síður í þeim málum en öðrum, sem varða samvinnustarfsemina í landinu, að hann skuli vera orðinn svo samdauna íhaldinu sem raun ber vitni m. a. í þessu máli.

Ég vil þá með örfáum orðum víkja að nokkrum atriðum í ræðu þeirri, sem hv. 5. þm. Reykv. hélt hér við 2. umr. málsins. Hv. þm. virtist mjög harma þá gömlu, góðu daga, þegar Sjálfstfl. hafði meiri hluta í öllum aðalbönkum landsins nema Búnaðarbankanum, og var raunar hneykslaður yfir, að svo skyldi ekki hafa einnig verið þar. Verður að gera ráð fyrir, að þm. trúi því, að enginn geti verið farsæll bankastjóri, nema hann hafi gert kenningar Sjálfstfl. að trúarbrögðum sínum, og sennilega eiga bankastjórarnir þá einnig helzt að vera af þeirri manngerð, sem Sjálfstfl. kallar fjáraflaklær. Hv. þm. taldi það sem dæmi um frekju Framsfl., að hann skyldi hafa átt og eiga mann í bankastjórasæti í Búnaðarbankanum, og kastaði kaldyrðum að Hilmari Stefánssyni bankastjóra fyrir það, að hann skuli hafa leyft sér að vera framsóknarmaður jafnhliða því að vera bankastjóri, og fordæmdi, að hann skyldi hafa stutt flokk sinn m. a. með því að hafa nokkru sinni verið í framboði fyrir hann. Þetta leyfir sá maður sér að segja, sem um langt skeið hefur verið forustumaður í einu harðvítugasta áróðursfélagi Sjálfstfl., er bankastjóri í öðrum stærsta banka landsins og situr jafnframt á þingi sem einn af framámönnum síns flokks. Og svo er ofstæki sjálfstæðismanna svo mikið yfir því, að Framsfl. skuli eiga menn í bankastjórastöðu, að þessi hv. þm. gat ekki orða bundizt út af því og nefndi sem dæmi um forréttindafrekju Framsfl., að í litlu og nýstofnuðu bankaútibúi að Egilsstöðum skuli framsóknarmaður vera í útibússtjórasæti, sem að dómi þessa ræðumanns átti auðvitað að vera sjálfstæðismaður, enda mun afstaða ýmissa forustumanna Sjálfstfl. varðandi þetta útibú hafa verið þessi: annaðhvort sjálfstæðismaður í útibússtjórasætið eða ekkert bankaútibú á þessum stað.

Hv. þm. hafði svo í frammi ýmiss konar skæting í garð samvinnufélaganna. Við þessu er í raun og veru ekkert að segja. Þm. verður auðvitað þar að fá að þjóna lund sinni, og þessar gömlu lummur hans eru sjálfsagt einatt sem nýjar í hans hóp. Ég held líka, að samvinnumenn megi á vissan hátt láta sér vel líka, að köldu andar í þeirra garð frá þessum þm. Ég verð að segja sem mína skoðun, að ef hv. 5. þm. Reykv. tæki upp á því að hrósa samvinnufélögunum, þá færi ég að óttast, að þau væru ekki á réttri leið í starfi sínu.

Hv. þm. hélt því fram, að útlánaaukning bankanna undanfarin ár stafaði að mjög verulegu leyti af því, að kaupfélögin hafi fengið mörg hundruð milljón króna rekstrarlán og fyrir þessi lán hafi þau byggt háreistar hallir víðs vegar um landið. Það er ósatt, að kaupfélögin hafi fengið aukin rekstrarlán. Slík lán hafa einstök kaupfélög sáralítil frá bönkum landsins. Hitt er annað mál, að nú um allmörg ár hafa bændur almennt fengið dálítil framleiðslurekstrarlán, en þó ekki út á nema nokkurn hluta af framleiðslunni og nú á síðustu tímum að mun minni en áður var hlutfallslega, og fjarri öllu lagi er það að halda því fram, að byggingar kaupfélaganna séu byggðar fyrir þessi rekstrarlán bændanna.

Það er ekki ofsögum sagt af því, að ýmsir sjálfstæðismenn sjá ofsjónum yfir bættum húsakosti samvinnufélaganna og framgangi þeirra á ýmsum sviðum. Slíkt hefur ósjaldan komið fram í ræðu og riti. Þeir sjá eftir hinum gömlu góðu dögum, þegar selstöðukaupmennirnir og arftakar þeirra í kaupmannastétt ríktu yfir byggðunum og m. a. skáru sig úr frá fólkinu hvað verzlunarhús og einkaíbúðir snerti. Þetta hafði allt á sér yfirbragð ríkidæmis, sem oft var meira eða minna sótt til bankanna og kom stundum ekki allt aftur til skila. En það er heppilegt fyrir hv. 5. þm. Reykv. og skoðanabræður hans að skilja það og sætta sig við, að þessir svokölluðu gömlu, góðu dag-

ar í þessum efnum eru liðnir og koma ekki aftur. Fólkið hefur fundið mátt samtakanna og hefur lært að nota sér hann sér til hagsbóta, bæði í verzlun og á öðrum sviðum, og mun aldrei aftur vilja selja sig undir vald fjáraflaklónna, sem Sjálfstfl. dáist svo mikið að. Og nú hefur fólkið víða flutt verzlunarstarfsemi sína úr hinum lágreistu kofum frumbýlingsáranna, og hafa kaupfélögin sums staðar aðsetur í myndarlegu húsnæði hinna fyrrv. kaupmanna eða hafa reist glæsileg ný verzlunarhús, sem sómi er að í bæ og þorpi. En sjálfstæðisforkólfarnir sumir segja hátt og í hljóði: Það er óþolandi, að þessir kotkarlar við sjó og í sveit skuli hafa leyft sér að byggja svona hús, hús, sem jafnvel gætu sómt sér ágætlega í okkar borg, Reykjavík.

Hv. 5. þm. Reykv. leyfði sér að kasta því hér fram og raunverulega fullyrða, að kaupfélögin hefðu það til siðs, ef svo hentaði, að neita að greiða út innstæður úr innlánsdeildum. Ég fullyrði, að þetta er ósatt, og kalla þessi ummæli róg, eða svo býst ég við að þessi bankastjóri hefði viljað kalla það, ef slíkt hefði verið sagt um þann banka, sem hann er með í að veita forstöðu. Hitt er svo annað mál, að sumar innlánsdeildir beita stundum, ef um stærri útborgunarupphæðir er að ræða, umsömdum uppsagnarákvæðum, þeim sömu og eru í gildi í bönkunum og sparisjóðunum, og ég fullyrði, að fáar innlánsdeildir beita þessu ákvæði og a. m. k. ekki meir en bankar og sparisjóðir.

Frsm. 1. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Ég óskaði eftir því áðan, að hæstv. viðskmrh. svaraði þeim spurningum, sem ég hafði hér áður borið fram viðvíkjandi fullyrðingu hans um það í fyrri umr. um þetta mál, að efnahagsráðstafanir ríkisstj. hefðu borið ágætan árangur. Hæstv. ráðh. segir, að ég geti athugað ræðu þá, sem hann flutti í útvarpsumr. hér í gærkvöld, og fengið þar svör við þessum spurningum. Ég tel, að þetta sé sama og að vísa manni í geitarhús að leita ullar, því að þannig var þessi kafli í útvarpsræðu hæstv. ráðh., sem hann hér vísar til. Hann sagði í þeirri ræðu, að gjaldeyrisstaða bankanna hefði farið batnandi. Hann gat þess ekki, að þetta væri þannig til komið, að það hefðu verið tekin lán erlendis og lánsféð greitt inn í bankareikninga íslenzkra banka í útlöndum, þeirra reikningar stæðu eitthvað betur fyrir þetta, en þjóðin hefði myndað skuld á móti í útlöndum. Hann lét þess ekki getið. **(Menntmrh.:** Þetta er rangt.) Hann sagði, að það hefði verið tekið minna af föstum lánum en áður um langt skeið og afborganir fastra lána væru meiri en ný föst lán. Ég veit ekki, hvernig hæstv. ráðh. sundurliðar lántökur erlendis í föst lán og önnur lán, en hann lét alveg hjá líða að geta þess í sinni útvarpsræðu, hvað skuldir þjóðarinnar við útlönd hefðu vaxið um mörg hundruð milljónir árið 1960. Hann nefndi það ekki, og það er vitanlega það, sem máli skiptir, þegar menn ætla að meta, hvort hagur þjóðarinnar út á við hafi batnað eða versnað, hvort hún hefur minnkað eða aukið sínar skuldir. Það er vitað mál, að skuldir þjóðarinnar hafa aukizt mikið við útlönd árið 1960, en hæstv. ráðh. gaf engar upplýsingar um það í sinni útvarpsræðu, hvað þar væri um mörg hundruð milljónir að ræða. Hann ætti þó að fara nærri um þetta. Hann sagði, að sparnaður þjóðarinnar hefði vaxið. Ég var búinn að sýna fram á það áður, að aukning sparifjárins eða innlánsfjár í bönkum og sparisjóðum er hlutfallslega miklu minni árið 1960 heldur en hún var 1958, — hlutfallslega miklu minni. Þá sagði hann í útvarpsræðunni, að útlánin, — mig minnir, að það væri efnið í því, sem hann sagði, að útlánin væru nú í meira samræmi við sparnaðinn en áður. En þetta er nú þannig, að í árslok 1958 voru útlán bankanna 1189 millj. hærri en innlán í bönkunum, en í árslok 1960 voru útlánin 1385 millj. hærri en innlánin. Ég geri ráð fyrir, að þetta sé, ef það er reiknað út hlutfallslega, ósköp svipað, svo að ég sé ekki, að þarna hafi orðið breyting til batnaðar, sem neinu nemur, þannig að útlánin séu nú tiltölulega minni í hlutfalli við sparifé en áður var. Hann sagði að síðustu, að ríkisbúskapur væri hallalaus. Menn hefðu nú vitanlega getað vænzt þess, eftir að fjárlögin hafa verið hækkuð um mörg hundruð milljónir í tíð núverandi ríkisstj., að það yrði einhver greiðsluafgangur á árinu 1960, eins og oft var áður fyrr, t. d. síðasta ár vinstri stjórnarinnar. En þó að hæstv. stjórn hafi ekki gefið um þetta neinar nákvæmar upplýsingar enn hér á hæstv. Alþ., þá hefur hún þó látið þess getið, að þess væri ekki að vænta, að það yrði nokkur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði á því ári, og þessi ummæli hæstv. ráðh., að ríkisbúskapurinn væri hallalaus, benda til þess, að þar sé ekki um afgang að ræða. Ég geri ráð fyrir, að hann hefði talið það fram, ef þar væri um einhvern afgang að ræða.

Ég tel því, að það skorti mikið á, að hæstv. ráðh. hafi orðið við tilmælum mínum um að gefa skýringar á þessum orðum, sem hann sagði hér við 2. umr. þessa máls, að það hefði orðið mjög góður árangur af efnahagsráðstöfunum ríkisstj. — Ég tel, að þessi svör, sem hann hér vísar á, séu nánast alveg út í hött, því að þar var ekki kveðið skýrt á um neitt af þessum atriðum. Hann gat þess ekki heldur í sinni útvarpsræðu, hvernig ástand atvinnuveganna væri, en það skildist mér, að stjórnin teldi höfuðtilganginn með efnahagslögunum í fyrra að koma atvinnurekstrinum á öruggan og heilbrigðan grundvöll, eins og það var kallað. En það er víst ekki miklar sögur af því að segja, og þess vegna hefur hæstv. ráðh. látið alveg hjá líða að gefa upplýsingar um þann þátt efnahagsmálanna, sem er þó vitanlega mjög veigamikill.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 436,1.a felld með 18:17 atkv.

— 436,1.b felld með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, KGuðj, LJós, SkG, ÞÞ, ÁÞ, HB, BP, EðS, EOl, VH, IG, GeirG, GíslG.
nei: GunnG, GÞG, IngJ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, JKs, BGr, BF, BK, BBen, EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, JóhH.
1 þm. (GÍG) fjarstaddur.
Brtt. 436,2 felld með 21:18 atkv.
— 480 samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 28:7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 505).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, JÞ, KK, KJJ, MJ, ÓB, SÓÓ.
PÞ, SE, ÓlJ greiddu ekki atkv.
7 þm. (AGl, ÁB, BjörnJ, FRV, GTh, HermJ, JÁ) fjarstaddir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed., var afgr. þar fyrir stundu. Í tengslum við það eru tvö önnur frumvörp, frv. um Landsbanka Íslands og frv. um Útvegsbanka Íslands, sem einnig eru á dagskrá hér á eftir. Skylt þessu frv. er og frv. um Framkvæmdabanka Íslands, sem hæstv. fjmrh. mælti fyrir hér í d. fyrir skammri stundu.

Í þessu frv. um Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir því, að komið verði á fót í fyrsta sinn í fjárhagssögu Íslendinga sérstökum seðlabanka. Það má teljast mikilvægt spor, þegar sérstökum seðlabanka er komið á laggirnar, og nauðsynlegt að vanda mjög vel til lagasetningar um stofnun, sem hlýtur að hafa og á að hafa jafnmikil áhrif í efnahagsmálum þjóða og seðlabanki. Þess vegna er ástæða til þess að fara nokkrum orðum um þau grundvallarsjónarmið, sem þetta frv. um seðlabanka byggist á. Ég mun láta það nægja, en ekki eyða tíma hv. dm. í að lýsa einstökum atriðum eða einstökum greinum í þessu alllanga lagafrv.

Fyrsti bankinn var stofnaður á Íslandi árið 1885, Landsbanki Íslands. Á næstu þingum þar á undan hafði mikið verið rætt um nauðsyn bankastofnunar á Íslandi, en allharðar deilur höfðu verið háðar um það, hvort stofna skyldi banka í þess orðs venjulegu merkingu eða fasteignaveðlánastofnun. Á þinginu 1885 náðist samkomulag um að fara bil beggja. Sú stofnun, sem komið var á fót, Landsbanki Íslands, var hvort tveggja í senn viðskiptabanki í venjulegum skilningi og fasteignalánastofnun. Hins vegar var bankinn ekki seðlabanki. Stofnfé bankans var að vísu hálf milljón króna í íslenzkum seðlum, sem ríkissjóður gaf út og fékk Landsbankanum sem stofnfé. Svo mikið fé átti landssjóður að vísu ekki, heldur lét hann blátt áfram prenta seðlana og afhenti þá Landsbankanum sem stofnfé. Hér var hins vegar svo mikill skortur á gjaldmiðli í umferð, að prentun þessara seðla, sem þó engin trygging, hvorki gulltrygging né önnur, stóð á bak við, önnur en ábyrgð landssjóðsins, átti engin verðbólguáhrif að þurfa að hafa og hafði ekki heldur nein verðbólguáhrif. En eins og ég sagði áðan, það var hins vegar ekki seðlabanki, þ. e. hafði engan rétt til seðlaútgáfu. Landssjóður áskildi sér réttinn til seðlaútgáfu og hagnýtti sér hann raunar enn nokkru síðar með sams konar seðlaútgáfu og þessari fyrstu, þó að mjög varlega væri í þær sakir farið og raunar eins farið með seðlana, þeir fengnir Landsbankanum til ráðstöfunar.

Þannig gerðist það hvort tveggja samtímis, að Íslendingar eignuðust fyrsta íslenzka bankann og fyrstu íslenzku peningaseðlana, án þess þó að eignast seðlabanka. Er þetta að vissu leyti nokkuð sérstæð þróun og ólík þeirri, sem átt hefur sér stað í öðrum nálægum löndum. Þessi seðlaútgáfa landssjóðs og starfsemi Landsbankans var að vísu fjarri því að bæta úr þeim skorti, sem var á gjaldmiðli í umferð hér á landi, og þeirri þörf, sem var hér fyrir lánsfé. Þess vegna héldu umr. um stofnun nýs banka áfram, og var í því sambandi einkum rætt um nauðsyn þess að stofna seðlabanka, sem hefði rétt til þess að gefa út gulltryggða seðla, eins og voru í umferð í öllum helztu nágrannalöndum. Eftir miklar umr. var slíkum banka komið á fót 1903. Hlaut hann nafnið Íslandsbanki og var stofnaður að verulegu leyti með erlendu hlutafé. Sá banki fékk einkaleyfi til seðlaútgáfu til ákveðins tíma, og var þar um að ræða fyrsta seðlabanka Íslendinga. Íslandsbanki hélt seðlaútgáfuréttinum þar til árið 1921, er hann lenti í greiðsluvandræðum í þeirri kreppu, sem yfir landið gekk eins og raunar fleiri lönd í kjölfar heimsstyrjaldarinnar fyrri. Var Íslandsbanki þá sviptur seðlaútgáfuréttinum, en þó leyft að hafa í umferð eftir vissum reglum þá seðla, sem áður höfðu verið gefnir út, að vísu lögð á þá inndráttarskylda eftir vissum reglum.

Næstu ár þar á eftir var síðan seðlabankamálið mjög til umr. á Alþingi, án þess að nokkurt samkomulag næðist um, hvernig skipa skyldi seðlaútgáfuréttinum, hvaða aðili skyldi með fara og hvernig með hann skyldi fara. Var skipuð milliþn. í þetta mál og starfaði á árunum 1924 og 1925, en ekki náðist samstaða í n. Meiri hluti hennar lagði til, að seðlaútgáfuréttinn yrði falinn sérstakri deild í Landsbankanum, en bankinn skyldi jafnframt vera almennur seðlabanki. Minni hl. bankamálanefndarinnar lagði hins vegar til, að komið skyldi á fót sérstökum seðlabanka, sem hljóta skyldi nafnið Ríkisbanki Íslands, og skyldi hann fara með seðlaútgáfuréttinn og verða seðlabanki í sama skilningi og seðlabankar störfuðu með öllum nálægum þjóðum. Enn var lengi og mikið um málið deilt á Alþingi, þar til loks náðist samkomulag á Alþingi 1927 um setningu laga um Landsbanka Íslands, og var við þá lagasetningu farið bil beggja milli þeirra ólíku sjónarmiða, sem uppi höfðu verið, og má hér segja, að Alþingi hafi enn farið líkt að og það fór, þegar það kom Landsbankanum á fót á

sínum tíma 1885, að það gerði tilraun til þess að sætta þau sjónarmið, sem uppi höfðu verið um málið.

Grundvallaratriði landsbankalaganna frá 1927 voru þau, að Landsbankinn skyldi starfa áfram, en starfa í þrem deildum, seðlabanka, sparisjóðsdeild og veðdeild, og þannig gegna öllum þrem hlutverkunum: að vera seðlabanki, fara með seðlaútgáfuréttinn, stunda almenn bankastörf, fara með hlutverk sparisjóðsdeildarinnar, og hafa með höndum veðlánastarfsemi, það skyldi vera hlutverk veðdeildarinnar. Höfuðrökin, sem færð höfðu verið fyrir því á árunum 1922—27, meðan umr. um þessi mál stóðu hæst, að stofna ekki sérstakan seðlabanka þá, heldur fela Landsbankanum seðlaútgáfuréttinn, voru þau, að það væri ódýrara. Landsbankinn væri til og hefði þegar aflað sér nokkurs trausts og álits erlendis og það væri varhugavert, ekki hvað síst rétt eftir það, sem komið hefði fyrir seðlabanka landsins, Íslandsbanka, að koma á fót nýrri stofnun, heldur hagnýta sér það traust, sem hin aðalbankastofnun landsins, Landsbankinn. hefði, og fela honum seðlaútgáfuréttinn.

Viðskiptalíf landsmanna var á þeim árum ekki orðið svo umfangsmikið enn og starfsemi Landsbankans þar af leiðandi ekki orðin svo víðtæk, að ekki mætti með nokkrum rétti segja, að Landsbankinn gæti ódýrar annazt öll þessi verkefni heldur en verða mundi, ef sérstökum seðlabanka yrði komið á fót og honum falinn seðlaútgáfuréttinn.

Þessi lög um Landsbanka Íslands frá 1927 hafa síðan eða í rúmlega 30 ár verið kjarninn í íslenzkri bankalöggjöf. Umr. um það, hvort nauðsynlegt sé eða gagnlegt eða æskilegt að hafa sérstakan seðlabanka eða hafa seðlabankann í tengslum við aðalviðskiptabanka landsins, hafa aldrei þagnað á þessum 30 árum, og þær hafa orðið þeim mun háværari, sem viðskiptalíf landsins hefur þróazt og orðið margbrotnara og eftir því sem menn hafa gert sér ljósari þýðingu seðlabanka annars vegar og hlutverk viðskiptabanka hins vegar.

Sænskur fjármálasérfræðingur, sem starfaði hér á Íslandi á vegum ríkisstj. Hermanns Jónassonar á árunum 1935 og 1936 og samdi fyrir þá ríkisstjórn ýmis merk frumvörp, lagði m. a. til, að landsbankalögunum yrði breytt og hér yrði komið á fót sérstökum seðlabanka. Um það mál náðist hins vegar ekki samkomulag í þeirri ríkisstj., en frv. var þó flutt af einum stuðningsmanni hennar 1937, Emil Jónssyni.

Mþn. var skipuð í bankamálin árið 1941 og ræddi þá m. a. rækilega, hvort stofna ætti sérstakan seðlabanka, en þótti það ekki tímabært, og kom því ekki fram frv. frá þeirri nefnd um það efni.

10 árum síðar, 1950—51, var enn sett á laggirnar sérstök bankamálanefnd, sem starfaði að þessum málum og ræddi alveg sérstaklega, hvort tímabært væri að koma á fót sérstökum seðlabanka. Skoðanir reyndust skiptar í n. um þetta atriði. Meðan n. starfaði, kom hingað til lands fjármálasérfræðingur frá alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem skilaði álitsgerð um íslenzka bankalöggjöf og íslenzk bankamál. Hann lagði, eins og hinn sænski starfsbróðir hans 15 árum áður, mjög eindregið til, að komið yrði á fót sérstökum seðlabanka og seðlabankastarfið aðgreint frá Landsbankanum. Í þeirri ríkisstj., sem þá fór með völd, varð hins vegar ekki heldur samkomulag um, að tímabært væri að gera slíka ráðstöfun, og var því ekkert frv. flutt um það efni og bankamálanefndin, sem dr. Benjamín Eiríksson var formaður í, lauk raunar aldrei formlega störfum. Höfuðástæðan var sú, að sú ríkisstj., sem þá sat, var ekki reiðubúin til að taka afstöðu til þessa meginviðfangsefnis nefndarinnar og spurningarinnar um, hvort koma ætti á fót sérstökum seðlabanka.

Enn héldu umr. um þetta mál áfram og athugun á því á vegum þeirra ríkisstjórna, sem hér sátu við völd. Ríkisstj. Hermanns Jónassonar, sem mynduð var sumarið 1956, lét bankamálin til sín taka og flutti frumvörp um mjög víðtæka skipulagsbreytingu á Landsbankanum, — skipulagsbreytingu, sem að vissu leyti var enn málamiðlun á milli þeirra tveggja meginsjónarmiða, sem uppi höfðu verið, þ. e. sjónarmiðanna um það, hvort seðlabankinn ætti að vera sjálfstæður eða ætti að vera hluti af Landsbankanum og lúta sömu stjórn og hann. Var auðséð, að þróunin hafði verið sú allar götur síðan á miðjum þriðja áratugnum, að þeirri skoðun var stöðugt að vaxa fylgi, að nauðsynlegt væri, að seðlabankinn væri sjálfstæður undir sjálfstæðri stjórn, en ekki sömu stjórn og aðalviðskiptabanki landsins, því að það varð æ ljósara, að verið gæti varhugavert, að sömu menn, alveg sömu aðilar, stjórnuðu seðlabanka og stærsta viðskiptabanka landsins. Varð mönnum ljóst smám saman, að þetta gæti verið varhugavert vegna þess, hvað hlutverk seðlabanka annars vegar og viðskiptabanka hins vegar er gerólíkt. Hlutverk seðlabanka er fyrst og fremst tvenns konar: annars vegar að sjá svo um, að í umferð sé í landinu hæfilegt peningamagn til þess að tryggja fulla hagnýtingu allra atvinnutækja og sem stöðugast verðlag, og hins vegar að efla og tryggja gjaldeyrisvarasjóð, sem nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Hlutur viðskiptabanka er hins vegar að taka við sparifé einstaklinga og fyrirtækja og ávaxta það með útlánum til þeirra, sem á lánsfé þurfa að halda til langs eða skamms tíma, og auk þess stunda margs konar þjónustuviðskipti á fjármálasviðinu. Eigi sömu aðilar annars vegar að hafa örugga stjórn á peningamagninu í umferð og efla gjaldeyrisforðann og svo hins vegar að ávaxta sparifé bæði einstaklinga og fyrirtækja, þá getur verið, að það fari ekki saman að gegna hvoru tveggja þessu hlutverki á sem beztan hátt, annað sjónarmiðið getur þurft að víkja fyrir hinu, og þá er spurningin, hvort sjónarmiðið er látið víkja. Þetta hafa stjórnendur Landsbankans rekið sig mjög á þá þrjá áratugi, sem Landsbankinn var hvort tveggja seðlabanki og viðskiptabanki. Ég skal hér alveg láta ósagt um, hvort sjónarmiðið hafi aðallega ráð-

ið hjá hinum mörgu stjórnendum Landsbankans á þessum þremur áratugum, seðlabankasjónarmiðið eða viðskiptabankasjónarmiðið, enda er sannleikurinn líklega sá, að stundum hafi seðlabankasjónarmiðið mátt sín meir, en stundum viðskiptabankasjónarmiðið hins vegar.

Þær umr., sem um þetta fóru fram innan ríkisstj. Hermanns Jónassonar, hinnar síðustu, og við þá fjármálasérfræðinga, sem sú ríkisstj. hafði sér til aðstoðar, leiddu til þess, að það varð niðurstaða þeirrar ríkisstjórnar og þeirra flokka, sem hana studdu, að nauðsynlegt væri að gera seðlabankastarfið miklu sjálfstæðara en það hefði verið, að fela seðlabankahlutverkið eða seðlabankaverkefnið sérstakri stjórn. En til þess hins vegar að rjúfa ekki tengslin við hina áratugagömlu stofnun, Landsbankann, og til þess að hagnýta sér áfram það traust, sem sá banki hefur áunnið sér, bæði erlendis og innanlands, var ákveðið, að seðlabankinn skyldi starfa innan vébanda Landsbankans. Að þessu leyti var farið bil beggja milli hinna tveggja sjónarmiða. Seðlabankinn var í raun og veru gerður sjálfstæður, þ. e. honum fengin sérstök stjórn, en hins vegar var hann hafður innan Landsbankans og látinn starfa í Landsbankans nafni sem einhvers konar deild í honum.

Ein af rökunum, sem voru talin liggja þessari skipan til stuðnings, voru þau, að þessi tengsl milli seðlabankans og viðskiptabankans mundu spara fé. Það kom hins vegar fljótlega í ljós, að á þessari skipan voru ekki allir þeir kostir, sem vænzt hafði verið, en hins vegar ýmsir gallar, sem ef til vill má segja að hafi verið ekki gott að sjá fyrir. Þess vegna hafa umræður og athuganir á þessu máli enn haldið áfram síðan, og hefur núv. ríkisstj. athugað þetta mál enn mjög rækilega með þeim erlendu sérfræðingum, sem hún hefur sér til aðstoðar. Niðurstaða ríkisstj. hefur orðið sú, að fyllilega tímabært sé orðið að stíga sporið að fullu, gera það nú, sem fyrst var lagt til að gert yrði í bankamálanefndinni 1924 og ýmsir innlendir og erlendir sérfræðingar hafa ávallt verið að leggja til með nokkurra ára millibili allar götur síðan 1924, þ. e. að seðlaútgáfurétturinn sé falinn alveg sérstakri stofnun, — stofnun, sem um gildi sérstök lög og lúti alveg sérstakri stjórn, — og öll tengsl rofin við stærsta viðskiptabanka þjóðarinnar, þ. e. viðskiptabanka Landsbanka Íslands. Það er kjarninn í þessu frv., sem hér er um að ræða, að komið sé á fót sérstökum banka, sem hafi seðlaútgáfuréttinn og gegni öllu venjulegu hlutverki seðlabanka, en hins vegar starfi Landsbankinn áfram sem viðskiptabanki og gegni öllum venjulegum hlutverkum viðskiptabanka. Í sambandi við það hefur verið nauðsynlegt að endurskoða einnig lögin um Landsbankann, þó að þar sé ekki um efnisbreytingar að ræða, heldur miklu fremur formsbreytingar, og er það frv. einnig til 1. umr. hér í hv. d. nú á eftir.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um rökin fyrir því, að eðlilegt sé, að seðlaútgáfurétturinn sé í höndum sjálfstæðrar stofnunar. Höfuðrökin eru þau, sem ég gat lauslega um áðan, að þau sjónarmið, sem nauðsynlegt er að stjórnendur seðlabanka hafi í hinu mjög mikilvæga starfi sínu, geta verið og eru meira að segja mjög oft svo ólík þeim sjónarmiðum, sem eðlilegt er að viðskiptabankastjórar hafi í sínum einnig mikilvægu störfum, að tengsl þarna á milli eru ekki eðlileg og geta meira að segja verið beinlínis varhugaverð, enda er það svo, að í öllum nágrannalöndum eru og hafa um marga áratugi undanfarið verið starfandi sérstakir seðlabankar, sem lúta sérstakri stjórn og um gilda sérstök lög. Ég er þeirrar skoðunar, að mátt hafi til sanns vegar færa fyrir þrem áratugum, að ekki hafi verið tímabært að koma hér þá á fót sjálfstæðum seðlabanka, þó að sömu almennu rökin hafi að vísu gilt þá og gilda nú, eingöngu af því, hversu íslenzka þjóðfélagið var þá enn fábrotið, hve íslenzkt viðskiptalíf var þá enn fábrotið og hversu brýna nauðsyn bar þá til að hafa alla yfirstjórn fjármálanna sem allra einfaldasta og ódýrasta. En í kjölfar hins mjög öra vaxtar íslenzks atvinnu- og viðskiptalífs hefur orðið æ nauðsynlegra, að við fylgjum í þessum efnum sömu reglum og höfum sams konar skipulag og allar nágrannaþjóðir okkar hafa talið alveg óhjákvæmilegt og raunar alveg sjálfsagt. Reynslan hefur og sýnt, að sparnaðarröksemdin, sem var ein aðalröksemdin fyrir þrem áratugum fyrir því að hafa seðlaútgáfuréttinn hjá Landsbankanum, á nú ekki lengur við.

Það má segja, að sú breyting, sem gerð var á landsbankalögunum árið 1957, hafi haft í för með sér nokkurn kostnaðarauka, því að í stað þess að stjórn Landsbankans, bæði seðlabankans og viðskiptabankans, var til 1957 í höndum bankaráðs og þriggja bankastjóra, var 1957 gerð sú breyting, að yfir seðlabankann voru settir 2 bankastjórar og 3 meðstjórnendur, við hlið ina á þeim 3 bankastjórum, sem áður höfðu verið yfir Landsbankanum öllum, en voru nú áfram eftir lagasetninguna 1957 yfir viðskiptabankanum einum. Árið 1957 var því efnt til allverulegs kostnaðarauka í sambandi við þá endurskoðun, sem þá fór fram á bankalöggjöfinni, en það var hins vegar alveg óhjákvæmilegt, ef ná átti því markmiði að koma seðlabankastörfunum undir sérstaka stjórn. Í lögunum frá 1957 var enn fremur gert ráð fyrir því, að skilið yrði formlega að flestu leyti á milli seðlabankans og viðskiptabankans, þó að báðir bankarnir skyldu áfram vera skipulagslega séð innan sömu stofnunar og í sama húsnæði og hafa ýmsan rekstur sameiginlega. Það hefur hins vegar komið í ljós, að minna hefur orðið úr hinum sameiginlega rekstri en menn höfðu vonað 1957 að framkvæmanlegt væri, og í reynd hefur orðið nær alger aðskilnaður á milli þessara tveggja aðaldeilda Landsbankans, seðlabankans og viðskiptabankans.

Kostnaðarauki við það að stíga sporið nú að fullu og gera seðlabankann að algerlega sjálfstæðri stofnun er því sáralítill, ef hann er nokkur. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að bankastjórum verði fjölgað úr 2 í 3, en hins er að geta, að störf þeirra þriggja meðstjórnenda, sem starfað hafa síðan 1957, leggjast niður, en kostnaður við einn bankastjóra er mjög svip-

aður og kostnaður hefur verið við störf hinna þriggja meðstjórnenda. Kostnaðaraukinn yrði því í aðalatriðum eingöngu sá, sem hlýzt af starfsemi bankaráðsins. Þess vegna var það og mjög til athugunar og umræðu í ríkisstj. að hafa ekkert bankaráð í seðlabankanum, heldur láta bankastjórana starfa í sem nánustum tengslum við ríkisstj., sem þá starfaði sem eins konar bankaráð fyrir bankastjórn seðlabankans. Það þótti hins vegar að athuguðu máli ekki eðlilegt að hafa Alþingi ekki í neinum tengslum við þessa meginfjármálastofnun þjóðarinnar og þess vegna óhjákvæmilegt, að yfir seðlabankanum skyldi vera þingkjörið bankaráð. Kostnaðaraukinn, sem af þessu frv. hlýzt, er í rauninni eingöngu sá, sem fólginn yrði í launum bankaráðsins.

Í frv. felst ekki aðeins það, að seðlabankinn er gerður algerlega sjálfstæður og settur undir sérstaka stjórn, heldur er í frv. einnig kveðið allýtarlega á um, hvert seðlabankinn skuli skoða hlutverk sitt og þá alveg sérstaklega hver afstaða hans til ríkisstj. á hverjum tíma skuli vera, og ég vildi mega segja, að þetta atriði sé einmitt kjarninn í þessari löggjöf. Það má segja, að þessi löggjöf markar ekki sérstök tímamót, ef í henni fælist það eitt, að seðlabanka Landsbankans væri nú breytt í sjálfstæða stofnun, sem héti Seðlabanki Íslands. En hitt markar tímamót í íslenzkri bankalöggjöf, að hér er í fyrsta skipti kveðið ýtarlega á um, hvert skuli vera hlutverk íslenzks seðlabanka. Þau ákvæði frv., sem um þetta fjalla, eru í 3. og einkum í 4. gr. frv. En í 4. gr. er svo kveðið á, að Seðlabankinn skuli hafa náið samstarf við ríkisstj. og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi efnahagsmál og framkvæmd stefnu í efnahagsmálum. Þar er kveðið svo á, að sé um verulegan ágreining að ræða við ríkisstj., sé Seðlabankanum rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar, en hann skuli engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum.

Í þessum atriðum vildi ég segja að fælist kjarni seðlabankalöggjafarinnar og þá um leið kjarni íslenzkrar bankalöggjafar. Ákvæði hliðstæð þessu eru ekki mér vitanlega í seðlabankalöggjöf nokkurs nágrannalandanna. Í þessum ákvæðum er samt sem áður fólginn kjarni þeirrar stefnu og þeirra starfshátta, sem seðlabankar í öllum lýðræðislöndum smám saman hafa verið að mynda sér undanfarna áratugi og starfa nú eftir, þó að löggjafinn hafi í þeim löndum, sem ég þekki til, í raun og veru orðið á eftir hinni lýðræðislegu og fjárhagslegu þróun.

Það ætti að vera alveg augljóst, að löggjafarvaldið og ríkisvaldið — hér Alþingi og ríkisstjórn — hljóta að móta þá stefnu, sem fylgt er í efnahags- og fjármálum, og ráða, hver sú stefna er. Það er hins vegar vegna verkaskiptingar í fjárhagsmálum nauðsynlegt, að viss hluti framkvæmdavaldsins á fjárhagssviðinu sé í höndum sérstakra stofnana, eins og t. d. Seðlabankans. Það má ekki þýða, að æðsta valdið á því sviði, sem stofnunum eins og Seðlabankanum er falið í fjárhagsmálum, sé í höndum stjórnenda hans, heldur hljóta þeir að verða undir löggjafarvald og ríkisstj. gefnir. Þetta hefur og smám saman verið að verða skilningur ríkisstj. og seðlabankastjóra í öllum nálægum lýðræðisríkjum, sem ég þekki til. En ef þetta frv. verður að lögum, verða Íslendingar *einna fyrstir til þess* að lögfesta þá skipun um hlutverk og starfshætti seðlabanka, sem ég nú hef verið að lýsa.

Mönnum sýnist að vísu annars vegar nokkuð sitt hvað um það, hversu undirgefin stjórn seðlabanka eigi að vera ríkisvaldi, eða m. ö. o., hversu sjálfstæð stjórn seðlabanka eigi að vera í störfum sínum. Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að ástæðulaust og varhugavert væri að ganga svo langt í þessum efnum, að seðlabanki yrði í raun og veru aðeins algerlega valdalaus angi af ríkisvaldinu, algerlega ósjálfstæður angi af ríkisvaldinu. Til þess er ekki ástæða. Stjórn fjármála og peningamála er í svo ríkum mæli orðin sérfræðilegt viðfangsefni, að mjög gagnlegt er að hafa vissa þætti þessara mála í höndum sjálfstæðra stofnana, sem hafa til að bera sérfræðilega þekkingu. Þess vegna er líka í þessu frv. gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn hafi sjálfsforræði og sjálfsákvörðunarvald í ýmsum mjög mikilvægum málum: að því er snertir vaxtahæð, að því er snertir ákvörðun á peningamagni í umferð, að því er snertir ráðstöfun gjaldeyrisvaraforða, svo að ég nefni nokkur helztu atriðin, en þó þannig að í grundvallaratriðum, er þetta snertir, skuli hann fylgja þeirri stefnu, sem Alþingi og ríkisstj. marka, en hafi rétt til þess að lýsa ágreiningi, ef um hann er að ræða. Ef sjónarmið ríkisstj. og stjórnar Seðlabankans reynast ekki samrýmanleg, er ekki til önnur lausn á því máli en sú, að stjórn Seðlabankans víki, og í framhaldi af því eru sérstök ákvæði, að því er snertir stjórnendur bankans, sem tryggja þeim meiri rétt, tryggari kjör en annars tíðkast um opinbera starfsmenn, því að undir þeim kringumstæðum, ef um slíkan ágreining er að ræða, mundu seðlabankastjórarnir verða að víkja fyrirvaralaust.

Það er að þessu leyti, sem ég nú hef verið að ræða um, sem þessi löggjöf fyrst og fremst markar tímamót í sögu íslenzkra bankamála. Og þetta, sem ég nú var að ræða um, er í raun og veru kjarni þess máls, sem hér er um að ræða.

Þó að ég sjái ekki ástæðu til að rekja einstök atriði þessa langa frv., vil ég geta um fáein atriði, sem ég held að megi segja að teljist til helztu nýmælanna í frv., auk þess sem ég hef þegar vikið að og lýtur að kjarna málsins.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að Seðlabankinn verði framvegis aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem íslenzka ríkisstj. hefur verið aðili að frá stofnun hans 1948. Það þykir að ýmsu leyti eðlilegra að fela Seðlabankanum þá aðild, enda er Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að vissu leyti eins konar alþjóðaseðlabanki, eins konar alheimsstofnun. Af þessu mundi leiða,

að framlag Íslands í stofnsjóð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mundi flytjast yfir til Seðlabankans.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn komi upp sérstöku bankaeftirliti, en á því hefur lengi verið brýn þörf hér á landi. Samkv. lögum er sérstakt eftirlit með sparisjóðum, en engu minni ástæða er til þess að koma upp eftirliti með hinum sívaxandi íslenzku viðskiptabönkum.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn komi á fót kaupþingi, þegar henta þykir, en brýna nauðsyn ber til þess að koma upp heilbrigðum verðbréfamarkaði hér á Íslandi, bæði til þess að gera mönnum auðveldara en nú er að ávaxta fé sitt í verðbréfum og eins til þess að veita þeim, sem á lánsfé þurfa að halda til mjög langs tíma, auðveldari aðgang að slíku fé. Seðlabankinn er tvímælalaust eðlilegasti aðilinn til þess að hafa forgöngu um stofnun og rekstur kaupþings.

Þá vildi ég vekja athygli á ákvæðum 33. gr. frv. og annarra greina í því sambandi um það, að stofnfé bankans skuli aukið í 100 millj. kr., en það svarar til raunverulegra eigna bankans, eins og þær eru nú. Jafnframt er svo ákveðið í 33. gr., að bankinn skuli greiða 5% arð af stofnfé bankans, þ. e. af tekjuafgangi sínum, og leggja hann í sérstakan sjóð, þ. e. um 5 millj. kr. á ári, og að helmingur þessa fjár eða 2½ millj. á ári a. m. k. skuli renna til vísindasjóðs í samræmi við lög, sem um hann gilda. Til þess ber brýna nauðsyn og um það er mér vitanlega ekki ágreiningur að efla vísindarannsóknir hér á Íslandi, ef við eigum ekki að eiga á hættu að verða algerlega aftur úr öðrum þjóðum í þessum efnum, og er ekki óeðlilegt, að aðalbanki landsins, voldugasti banki þess, leggi af sínum tekjuafgangi nokkurt fé af mörkum til eflingar þessari bráðnauðsynlegu starfsemi, enda hefur öllum, sem um þetta atriði hafa fjallað hér á hinu háa Alþingi og annars staðar, sýnzt eitt og hið sama um þetta, að þetta ákvæði horfi mjög til bóta.

Þá vil ég að síðustu vekja athygli á ákvæðunum til bráðabirgða, þar sem gert er ráð fyrir heimild til handa Seðlabankanum og fjmrn. að semja um það sín á milli, að við þann reikning, sem samkvæmt efnahagsmálalögunum var opnaður á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum og á var fært nettógengistap íslenzkra banka vegna gengisbreytingarinnar, skuli jafna reikninga, sem ríkissjóður á í Seðlabankanum vegna gamalla mótvirðisviðskipta, og Seðlabankinn skuli síðan taka þennan reikning að sér, en verja til þess að jafna hann tekjuafgangi sínum á árinu 1960 og næstu árum þar á eftir, þannig að þennan gengistapsreikning, sem myndaðist vegna íslenzkra gjaldeyrisskulda í kjölfar gengisbreytingarinnar, skuli Seðlabankinn taka að sér og jafna hann sem fyrst af sínum tekjuafgangi.

Með þessum orðum vona ég, að ég hafi gert hv. Ed. grein fyrir meginatriðum þessa frv., sem hér er um að ræða, og frv. hinna, um Landsbankann og Útvegsbankann, sem koma hér til umræðu, þegar þessari umr. er lokið.

Að svo mæltu vildi ég, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Umr. frestað.

Á 74. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég get ekki látið þetta mál fara gegnum 1. umr. án þess að gera við það nokkrar almennar athugasemdir og án þess að benda á nokkra höfuðágalla, sem ég tel vera á þessari fyrirhuguðu lagasetningu, bæði að því er varðar undirbúning hennar og eins þær efnisbreytingar, sem hún ráðgerir. Ég mun hins vegar ekki fara út í að ræða á þessu stigi einstakar frumvarpsgreinar. Þær eiga að sjálfsögðu eftir að ganga í gegnum sinn hreinsunareld hjá hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, og er vonandi, að þær taki einhverjum framförum hjá henni.

Það er varla hægt að segja, að frv. þetta, sem hér liggur fyrir til laga um Seðlabankann, feli í sér gagngerar breytingar á skipan bankamálanna. Það gefur því tæplega tilefni til heitra deilna. En þó eru að sjálfsögðu skoðanir skiptar um það, og óánægja með einstök atriði þess getur auðvitað valdið því, að menn geta ekki léð því fylgi, enda þótt svo sé, eins og ég sagði, að það feli ekki í sér beint gagngerar breytingar, a. m. k. ekki við fyrstu sýn og á yfirborðinu. En hvað sem því líður, þá er hér um stórmál að ræða, sem sé það, hvernig skipa á yfirstjórn peningamála í landinu og yfirstjórn æðstu peningastofnunarinnar, svo að það er ekki óeðlilegt, að nokkuð sé um það rætt.

Sú skipulagsbreyting að skilja að seðladeild og sparisjóðsdeild Landsbankans er í rauninni þegar komin á. Með breytingu landsbankalaganna árið 1957 var Landsbankanum skipt í seðlabanka og viðskiptabanka. Hvor þeirra banka var settur undir sérstaka stjórn, og hafa þeir síðan að öllu leyti starfað sem tveir aðskildir og sjálfstæðir bankar. Sérstakur seðlabanki var þess vegna raunverulega settur á stofn árið 1957. Þar er því í sjálfu sér ekki um neina nýjung að ræða í frv. Þar er aðeins um að tefla staðfestingu þeirrar stefnu, sem horfið var að 1957, og þeirrar breytingar, sem þá var gerð. Stofnun sjálfstæðs og sérstaks seðlabanka var því lögfest og raunverulega komin á, og þess vegna er ekki þörf nýrrar lagasetningar til þess.

Og þó að menn hefðu viljað slíta með öllu skipulagstengslin á milli seðlabankans og viðskiptabankans, sem eru aðallega fólgin í afskiptum bankaráðs af skipun stjórnarmanna seðlabankans, þá mátti vitaskuld gera það með einfaldri lagabreytingu, en þurfti ekki að semja nýtt heildarfrv. um seðlabankann. Það mátti að sjálfsögðu með mjög fyrirferðarlítilli lagabreytingu ákveða, að Alþingi skyldi kjósa þrjá af meðstjórnendum bankans í stað þess, sem nú er, að ríkisstj. skipar þá eftir tilnefningu bankaráðs Landsbankans. Slíka lagabreytingu, sem ég tel í sjálfu sér ekki óeðlilega, þó að mér sé ekki kunnugt um, að þar hafi neitt sér-

stakt ýtt á eftir, mátti auðvitað gera án mikilla umsvifa í lagasetningu, og við því var ekkert að segja, ef sú leið hefði verið valin að breyta þannig með smálagabreytingu skipulagi á æðstu stjórn bankans að þessu leyti til. En sú leið hefur ekki verið valin hér, heldur hin að semja frv. til nýrra heildarlaga um seðlabankann, enda eru í frv. ýmis nýmæli og breyt. aðrar en þær, sem lúta að eða leiðir af þeirri höfuðstefnu frv. að gera fullan lögskilnað, eins og það hefur verið orðað, með þessum bankastofnunum tveimur, viðskiptabanka Landsbankans og seðlabanka Landsbankans, og lögfesta þannig sérstakan seðlabanka án sérstakra tengsla við nokkurn einstakan viðskiptabanka. Við sum þeirra fyrirmæla frv., þau hin nýju fyrirmæli, hef ég sitt hvað að athuga eins og gengur.

Ég tel það rétta stefnu að hafa hér sérstakan seðlabanka, sem fari með æðstu stjórn peningamála. Ég er því sammála þeirri meginstefnu frv., er að því lýtur, enda er þar, eins og ég þegar hef sagt, aðeins um að ræða staðfestingu þeirrar skipunar, sem upp var tekin árið 1957 og hæstv. viðskmrh. átti þá hlut að eða frumkvæði að.

En það eru ýmis nýmæli þessa frv., sem ég get ekki fellt mig við og mér virðast í meira lagi vafasöm, auðvitað misjafnlega veigamikil atriði. Það má, held ég, í stuttu máli segja, að höfuðbreytingar þær, sem þetta frv. gerir ráð fyrir frá núgildandi skipan, eru fólgnar í þessu:

1. Að skipulagstengslin, sem hafa þó ekki verið meiri en ég hef gert grein fyrir, á milli þessara bankastofnana, viðskiptabankans og seðlabankans, verði að fullu slitin.

2. Breyting á stjórnarfyrirkomulagi seðlabankans.

3. Breyting á afstöðu seðlabankans gagnvart ríkisvaldinu, þ. e. a. s., að í þessu frv. felst það, eins og ég síðar mun koma að, að afstaða seðlabankans gagnvart ríkisstjórninni er verulega veikt, og þess vegna er það, eins og ég síðar mun einnig koma nokkuð að, að þó að sífellt sé í sambandi við þetta mál verið að tala um sjálfstæðan seðlabanka og nauðsyn á því að setja upp sjálfstæðan seðlabanka, þá er kjarni málsins sá, að með þessu frv. er að því stefnt að gera seðlabankann ósjálfstæðari og háðari ríkisstj. en verið hefur.

Fjórða höfuðbreytingin er sú, að veðdeild Landsbankans, sem fylgt hefur seðlabankanum samkvæmt lagabreyt. frá 1957, er skilin frá seðlabankanum og sett undir viðskiptabankann.

Í fimmta lagi er það nýmæli eða breyt. frá því, sem nú er, að gert er ráð fyrir, að sett verði innan vébanda seðlabankans upp sérstök stofnun eða a. m. k. sérstök deild, sem á að hafa með höndum svokallað banka- og sparisjóðaeftirlit.

Og sjötta nýmælið má segja að sé það, að ákveðið er, að svo og svo mikið af varasjóði bankans skuli hér eftir teljast stofnfé hans og að af því skuli bankinn greiða vexti og skuli helmingur þeirra vaxta renna til sérstakra þarfa — vísindasjóðs.

Ég mun nú lítillega víkja að þessum atriðum hér á eftir, en vil þó strax geta þess, að ég neita því alls ekki, að í þessu frv. sé sumt, sem er til bóta frá núgildandi skipan. En áður en ég vík að þessum einstöku atriðum, langar mig fyrst til að benda á það, að úr því að horfið var að því ráði að framkvæma a. m. k. að formi til heildarendurskoðun á löggjöfinni um seðlabankann og raunar líka að nokkru leyti löggjöfinni um hina bankana, því að hér eru á ferðinni samtímis frv., sem varða fjóra ríkisbankana, þá hefði verið eðlilegast að efna til heildarendurskoðunar á löggjöf um ríkisbankana almennt og á bankalöggjöf almennt.

Ég hefði talið heilbrigðast, að Alþingi hefði kosið sérstaka mþn. til þess að annast þá endurskoðun. Bankalöggjöf er að sjálfsögðu ekki eilíf frekar en önnur löggjöf. Henni getur þurft að breyta til samræmis við breyttar þjóðlífsaðstæður, til samræmis við breyttar þjóðlífsþarfir, og það getur þurft að laga hana eftir fenginni reynslu. En til slíkrar lagasetningar þarf vel að vanda. Það viðurkenndi hæstv. viðskmrh. eindregið hér í gær í framsöguræðu sinni. Hann sagði: Það er nauðsynlegt að vanda vel til slíkrar löggjafar, þegar sérstakur seðlabanki er settur á fót. — Ég er hæstv. viðskmrh. hjartanlega sammála um þetta atriði. Það þarf vissulega að vanda vel til löggjafar um þessi málefni. Tíðar og vanhugsaðar lagabreytingar um peningastofnanir þjóðarinnar eru ekki heppilegar. Þær geta haft margvísleg óheppileg áhrif, þó að ég eyði ekki tímanum í það hér að fara út að rekja það ýtarlega. Og ég vil segja, að það er ekki heppilegt, að mínum dómi, svo sem nokkur fordæmi eru nú gefin fyrir, að hver ríkisstj. fari að hringla fram og aftur með bankalöggjöfina. Vönduð endurskoðun þessara mála í heild er bezt tryggð með því að fela hana mþn. Sú endurskoðun færi þá fram fyrir opnum tjöldum, ef svo má segja. Almenningur vissi þá, hver eða hverjir væru ábyrgir fyrir fram komnum till. Þá væri og tryggt, að fleiri sjónarmið kæmust að. Það væri tryggt, að ekki aðeins kæmust að sjónarmið stjórnarinnar og hennar stuðningsmanna, heldur einnig stjórnarandstöðunnar, og ef samstaða næðist í þvílíkri nefnd um þessi efni, þá væri löggjöfinni tryggt mikið fylgi á breiðum grundvelli. Og það er ákaflega hætt við því, að það fáist ekki friður um varanlega löggjöf um þessi efni og þessi mál, fyrr en að henni er unnið á þvílíkum grundvelli.

Við umr. um þetta mál, bæði hér á þingi og eins utan þings, hafa komið fram ýmsar athyglisverðar ábendingar, sem vel væru þess verðar, að þær væru gaumgæfilega athugaðar í mþn. Því hefur t. d. verið hreyft, hvort það væri ástæða til, að ríkið væri með þrjá viðskiptabanka, hvort ekki væri hægt að spara með sameiningu þeirra að meira eða minna leyti. Því hefur verið hreyft, hvort fjárfestingarlánasjóðir, sem þessum bönkum fylgja, ættu ekki betur heima annars staðar. Það hefur verið orðað, hvort ekki mætti sameina seðlabankann og Framkvæmdabankann. Það hefur verið bent á, að æskilegt væri að setja almenna bankalög-

gjöf. Sumir telja aukna starfsemi einkabanka — viðskiptabanka — æskilega. Ég skal engan, alls engan dóm leggja hér á þessi atriði, og ég vil alls ekki gera þessar ábendingar að mínum till. og vil taka það alveg skýrt fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að ég er ekki að tala fyrir till. í þessa átt. En ég hef nefnt þær hér til þess að sýna fram á, að það er vissulega full ástæða til, að mál þessi öll séu tekin til rækilegrar og gagngerrar endurskoðunar af mþn. í stað þess, eins og nú er gert, að taka einn og einn þátt þessara mála til — ég vil nú segja heldur fálmkenndrar endurskoðunar.

Hæstv. viðskmrh. hélt því að vísu fram hér í gær, að til þessarar lagasetningar hefði verið vandað og að henni hefðu unnið fjármálasérfræðingar ríkisstj., sem hún hefði haft sér til aðstoðar. En frv. ber það þó ekkert með sér, hver eða hverjir þeir fjármálasérfræðingar hafa verið.

Það er engin furða, og það má aðeins geta þess í sambandi við þessi atriði, sem ég nefndi, þó að sú spurning vakni hjá almenningi, hvort ástæða sé til þess sífellt að fjölga ríkisbönkum og bankastjórnarmönnum. Það liggur í augum uppi, að af því stafar margs konar aukinn kostnaður, og hverju ryki sem reynt er að slá í augu manna, þá er almenningur ekki svo blindur, að hann sjái ekki, að einhver verður með einhverjum hætti að borga þann brúsa.

Hæstv. viðskmrh. lét þess getið í ræðu sinni hér í gær, að árið 1927 mundi m. a. ekki hafa verið horfið að því ráði að setja á stofn sérstakan seðlabanka, heldur hafa í einu lagi þá þrjá þætti lánastarfsemi, sem þá voru sameinaðir í Landsbanka Íslands, sem sé seðlabanka, sparisjóðsviðskipti og fasteignalánadeild, af því að þá hefði þótt þörf á því, ef ég tók rétt eftir, að hafa yfirstjórn peningamálanna sem einfaldasta og ódýrasta. Alveg áreiðanlega er þetta rétt. En ég hefði haldið, þrátt fyrir margs konar velgengni, sem við höfum átt við að búa á umliðnum árum, og þrátt fyrir margvíslegar breytingar, sem átt hafa sér stað í okkar þjóðlífi á þessum áratugum, sem síðan eru liðnir, þá sé sama ástæðan fyrir hendi nú sem þá: að hafa yfirstjórn þessara mála sem einfaldasta, óbrotnasta og ódýrasta.

Ég vil endurtaka og leggja áherzlu á það, að ég tel heppilegast, þegar í hlut á löggjöf um efni sem þetta, að til hennar sé vandað með þeim hætti, að til hennar sé stofnað á sem breiðustum grundvelli og að það sé ekki aðeins sú stjórn og hennar stuðningsmenn, sem eru við völd þá og þá, sem einir hafa um það eitthvað að segja, heldur sé stjórnarandstöðu líka gefinn kostur á að fylgjast þar með. Að öðrum kosti næst ekki sú samstaða um setningu þvílíkrar löggjafar, sem æskileg og jafnvel nauðsynleg er, a. m. k. ef henni er ætlað að standa lengur en rétt þangað til næsta stjórn tekur við, af því að það er auðsætt, að það fer að verða auðveldur eftirleikurinn fyrir þá, sem síðar taka við, um að breyta og breyta aftur. En það er að mínum dómi ekki heppilegt, að stjórnarfyrirkomulag bankanna verði leiksoppur í valdatafli stjórnmálamanna. Það er að mínum dómi ekki heppilegt, og ég hygg t. d., að þær þjóðir, sem við teljum okkur skyldastar, Norðurlandaþjóðirnar, hafi verið svo gæfusamar, að þær hafi mjög getað sneitt hjá því.

Ég skal svo ekki ræða frekar um undirbúninginn að þessu. Ég dreg út af fyrir sig ekki í efa, að um þessi mál hafi fjallað mætir menn. En það er nokkuð annað en að hafa þann hátt á, sem ég hef hér lagt til og talið þá einu réttu leið í þessu efni, þegar um þvílíka lagasetningu sem þessa er að tefla.

Að því er svo efnisbreytingar frv. varðar, þ. e. a. s. þær efnisbreytingar, sem í því felast frá núv. skipan, þá vil ég fyrst nefna þá breyt. á stjórn bankans, sem í því felst. Með frv. er gert ráð fyrir, að stjórnarmönnum, stjórnendum Seðlabankans, sé fjölgað úr 5 og upp í 8. Ég vil fyrst nefna þá breyt., af því að hún er raunverulega höfuðbreytingin, sem í þessu frv. felst, og auðvitað ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt. Það vita allir, að þetta frv. er flutt í þeim eina tilgangi að koma þeirri breytingu í kring. Það er alveg sama, í hve miklar umbúðir það er vafið, það fer ekki fram hjá neinum, að sá er kjarni málsins sem og annað höfuðatriði, sem ég kem að síðar. Nú er stjórn bankans þannig háttað, eins og menn vita, að það eru tveir bankastjórar, annar stjórnskipaður, hinn ráðinn af bankaráði, og þrír meðstjórnendur, raunverulega tilnefndir af bankaráðinu, en bankaráðið er eða var kosið af Alþ., nema hvað formaðurinn er stjórnskipaður. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að fjölga bankastjórum úr tveimur og í þrjá og setja svo upp sérstakt bankaráð skipað 5 mönnum.

Þessi fjölgun og þessi fyrirkomulagsbreyt. er að mínum dómi algerlega ástæðulaus, enda hafa alls engin rök verið flutt fram fyrir þessari breyt. Hæstv. ráðh. lét þess getið í gær, að það hefði komið í ljós, að þessi breyt., sem gerð var 1957, mundi að vísu ekki hafa haft alla þá kosti, sem gert hafði verið ráð fyrir í upphafi, og hún hefði sýnt sig að hafa einhverja galla, sem hefði ekki verið gert ráð fyrir í upphafi. En honum láðist alveg að geta þess, hverjir þeir gallar hefðu verið, sem ekki hefði verið ráð gert fyrir í upphafi og fram hefðu komið. Hann nefndi heldur enga þá kosti þessarar skipunar, sem hugsað var um í upphafi, sem hefðu ekki komið fram. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi komið fram neinir sérstakir vankantar á þessu fyrirkomulagi. Mér er ekki kunnugt um, að það hafi komið fram í starfi þessarar stofnunar, að það væri þörf á þremur bankastjórum. Hæstv. viðskmrh. veit það manna bezt, að þessi stofnun hefur meira að segja um 8 eða 9 mánaða skeið, að ég ætla, komizt af með aðeins einn starfandi bankastjóra, og hæstv. viðskmrh., sem átti sjálfsagt réttum lögum samkvæmt að setja þar annan bankastjóra, meðan það ástand stóð, sem hér þarf ekki um að ræða, gerði það ekki, sennilega af því, að hann hefur kynnt sér það og talið, að störfin væru ekki meiri en það, að einn bankastjóri gæti komizt yfir þau, á meðan svo stæði. En nú allt í einu þykir ástæða til þess að fjölga þessum banka-

stjórum upp í þrjá, jafnhliða því svo sem umfangsmiklu verkefni er af bankanum létt með þessari fyrirhuguðu lagabreytingu, sem sé allri starfsemi veðdeildarinnar.

Ég held, að hæstv. ráðh. hafi ekki vikið að því í framsögu sinni í gær, en mér er óhætt að fullyrða, að hann lét að því liggja, þegar hann ræddi málið í Nd., að það fyrirkomulag að hafa meðstjórnendur, sem ynnu ekki að fullu leyti störf í bankanum, en hefðu öðrum störfum að sinna, hefði sýnt sig að gefast ekki vel. Mér er nú þetta mál skylt, en ég verð algerlega að mótmæla þessu. Ég verð algerlega að mótmæla því, að það hafi komið á nokkurn hátt fram, að meðstjórnendur hafi verið þarna á nokkurn hátt til trafala, að þeir hafi ekki alltaf verið reiðubúnir til þess að sinna störfum í bankanum, þegar þeir hafa verið til kvaddir. Mér er sem sagt ekki kunnugt um, að þessi skipan hafi á neinn sérstakan hátt gefizt verr en a. m. k. ástæða var að búast við í upphafi, þegar hún var sett.

Það er ekki heldur svo, að ríkisstjórnirnar, hvorki fyrrv. ríkisstjórnir né hæstv. núverandi ríkisstj., hafi þurft undan að kvarta sambúðinni við þennan banka. Ríkisstj. hefur fengið þar gerðar, að vísu stundum með meiri hl. og gegn atkv. minni hl., þær ákvarðanir, sem hún hefur óskað eftir að þar væru teknar.

Hvað því viðvíkur, að þetta fyrirkomulag, sem lögleitt var 1957, sé óvenjulegt og andkannalegt, þá vil ég segja, að það á sér fyrirmyndir annars staðar frá, og fyrirmyndin að þessu fyrirkomulagi mun vera stjórnskipulagið í Noregsbanka. Þar er einmitt stjórninni þannig háttað, að það eru tveir stjórnskipaðir bankastjórar, formaður og varaformaður, en svo eru þrír meðstjórnendur kosnir til 6 ára í senn af Stórþinginu. Ég skal játa, að það hefði verið eðlilegra að mínum dómi, þegar þessi skipan var upp tekin, að þá hefði verið horfið að því strax, að þessir þrír meðstjórnendur hefðu verið kosnir af þinginu, en ekki af þeim millilið, sem var látinn kjósa þá, bankaráðinu. Það er að vísu rétt, að það er sums staðar annars staðar á þessu nokkuð önnur skipan og sums staðar fjölmennari yfirstjórn á ríkisbönkum en í Noregi. En það er náttúrlega óþarfi fyrir okkur að taka það endilega til fyrirmyndar, þar sem þessu er skipað á þann veg að hafa þessar yfirstjórnir mjög fjölmennar.

Ég endurtek það því, að ég tel þessa fjölgun á stjórnarmönnum algerlega ástæðulausa. Á hinn bóginn má náttúrlega segja, að hún út af fyrir sig sé ekki ákaflega skaðleg. Það komast þarna fleiri menn að, og það getur náttúrlega einhverjum þótt gott, sem þar hljóta sess. Þarna verður rúm a. m. k. fyrir tvo menn í ágætum stöðum. Ég býst við því, að bæði staða formanns bankaráðsins og eins þessa þriðja bankastjóra mundu verða alveg tilvaldar stöður fyrir þá manngerð, sem flokksblað hæstv. viðskmrh. hefur gefið heitið toppkratar og þar með skapað merkilegt nýyrði í okkar máli, — kannske ekki ómögulegt, að ritstjórar Alþýðublaðs, sem þreyttir eru orðnir, hafi þar einhverja von. En hvað sem því líður, þá er eitt víst, að kostnaður hlýzt af þessu, margvíslegur og aukinn, og það er a. m. k. í ósamræmi við þá yfirlýstu stjórnarstefnu að vera að auka þannig eyðslu og kostnað að fjölga nefndum og stjórnum, því að þessi hæstv. ríkisstj. hefur haft það á sínu prógrammi að fækka nefndum og fækka stjórnum, og það var einu sinni birtur listi yfir þann ógnarfjölda nefnda, sem ættu að hætta. Það getur nú skeð, að það verði eitthvað minna úr því en gert var ráð fyrir. En hvað um það, þessi var ætlunin.

Það er þess vegna í fyllsta ósamræmi við þessa yfirlýstu stefnu að fara að fjölga stjórnendum bankans, eins og þarna er ráð fyrir gert, því að vitaskuld er það alveg jafnt kostnaður, sem kemur við þjóðina, þó að það sé ekki sjálfur ríkissjóður, sem verður að borga þessar upphæðir. Það má vera, að ríkisstj. hugsi eins og maðurinn í þjóðsögunni, sem sagði: Hesturinn ber ekki það, sem ég ber. En það sjá allir, að það er aukaatriði, hvort þetta er greitt beint úr ríkissjóði, sá aukakostnaður, sem af þessu stafar, eða hvort hann er greiddur af bankanum. Þjónusta sú, sem bankinn lætur í té, verður auðvitað þá þeim mun dýrari eða hagnaður sá, sem bankinn hefur, þeim mun minni. Það liggur í augum uppi, að einhver verður að borga þennan kostnaðarauka, um það þarf ekki að ræða.

Eins og ég sagði áðan, er kannske þessi breyt. út af fyrir sig, þó að það sé fjölgað þarna í bankanum, skaðlaus að öðru leyti til, ef ekki fylgdi annað með, og þó að ég segði áðan, að hún væri í ósamræmi við yfirlýsta stefnu ríkisstj., þá er hún náttúrlega í góðu samræmi við stefnu ríkisstj. eins og hún hefur verið í framkvæmd.

Þá kem ég að annarri höfuðbreytingunni, sem felst í þessu frv., en hún varðar afstöðu þjóðbankans til ríkisstjórnar á hverjum tíma. Um það málefni eru skiptar skoðanir. Sumir telja, að seðlabanki eða þjóðbanki eigi að hafa sem mest sjálfstæði gagnvart ríkisstjórn. Aðrir telja hins vegar, að þjóðbanki eigi að vera verkfæri í hendi þeirrar ríkisstjórnar, sem hverju sinni fer með völd. Ég held, að það sé rétt, og tek undir það, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér í gær, að hér verður nokkuð að fara bil beggja. Það er auðvitað almennt æskilegt, að góð samvinna geti verið á milli ríkisstj. og stjórnar höfuðbankans. Ef til alvarlegra árekstra kemur á milli þessara aðila, verður það sjálfsagt ríkisstj., sem ræður að lokum, svo fremi að hún hafi þingið á bak við sig eða meiri hluta þess, og það er að mínum dómi eðlilegt. Auðvitað gæti ríkisstjórn alltaf vikið þeim bankastjóra frá, sem vill ekki beygja sig. Þó að ég telji, að ríkisstjórn studd af Alþ. verði að lokum að ráða stefnunni í peningamálum, þá er það þó mín skoðun, að æskilegt sé, að stjórnendur þjóðbankans séu gerðir sem sjálfstæðastir og óháðastir ríkisstj. í sínum aðgerðum. Ég viðurkenni, að hér verður að setja viss mörk. En ég er algerlega andvígur þeirri skoðun og stefnu, sem telur þjóðbankann eiga að vera skoðanalausan þjón ríkisstj. á hverjum tíma, viljalaust verkfæri í hennar hendi og

annað ekki, þ. e. a. s., að þjóðbankinn eigi nánast sagt ekki að vera annað en afgreiðslustofa fyrir ríkisstj. Ég þekki þessa skoðun, hún er ekki ný, henni hefur verið haldið hér fram áður, a. m. k. af vissum stjórnmálaflokki. En sé slíkum kenningum játað, þá verð ég að segja, að ég sé ekki annað en það sé alveg hreinn óþarfi að vera að burðast með sérstakan seðlabanka undir sérstakri stjórn, þá sé ég ekki annað en hann geti eins vel verið deild í fjmrn., efnahagsmálarn. eða viðskmrn., eða hvaða rn. sem það nú er, sem fer með þessi mál.

Ég hafði nú satt að segja haldið, að hæstv. viðskmrh. væri ekki sérstakur talsmaður þessarar stefnu, en mér skildist það samt á ummælum hans hér í gær, að hann væri mjög farinn að hneigjast í þá átt, og ég held, að ég hafi skilið hann rétt, að hann hafi látið ummæli falla í þá átt, að það væri vaxandi skilningur á því meðal ríkisstjórna og jafnvel meðal seðlabankastjóra, þar sem hann þekkti til, að staða þjóðbankans yrði að vera sú, sem hann var að túlka hér í gær, sem sé að þjóðbankinn yrði að vera þjónustutæki fyrir ríkisstj. og ríkisstjórn á hverjum tíma sem mest undirgefinn.

Það kann að vera, að þetta sjónarmið mæti vaxandi skilningi hjá ríkisstj. Ég verð þó að segja, að ég kannast ekki við það, og ég efast um, að hæstv. ráðh. geti tilfært dæmi um það, t. d. frá Norðurlöndum. Ég held þvert á móti, að ég geti nefnt nýlegt dæmi frá einu Norðurlandanna, þar sem þekktur þjóðbankastjóri hafði haldið fram tilteknum skoðunum og forsrh. tók þá einmitt undir þau ummæli, og þar af var vissulega ekki hægt að draga þá ályktun, að þar væri vaxandi skilningur á því þernuhlutverki, sem hæstv. ríkisstj. virðist ætla seðlabankanum hér. Að því er það varðar, að það sé vaxandi skilningur á þessu hjá seðlabankastjórum, þá held ég, að það hljóti að vera einhver misskilningur hjá hæstv. ráðh., því að það er ekki ýkjalangt síðan t. d. þjóðbankastjórar Norðurlandanna komu saman á fund, þar sem rætt var einmitt um þessi málefni, og það var einróma álit þeirra, að það væri nauðsynlegt, að staða seðlabankanna væri sem allra sjálfstæðust gagnvart ríkisstjórnunum.

Ég viðurkenni það út af fyrir sig, að í þessu frv. er gerð tilraun til þess að fara bil beggja í þessum efnum, og sú tilraun birtist sérstaklega í 4. gr. frv. Ég verð þó að segja, að sú tilraun virðist mér heldur vandræðaleg, og ég verð að segja, að þessi 4. gr. er vægast sagt hálfgert hnoð. Í upphafi 4. gr. segir að vísu ekki nema það, sem sjálfsagt er, að í öllu sínu starfi skuli Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Þetta er auðvitað ekki nema sjálfsagt. En síðan segir svo, að sé um verulegan ágreining við ríkisstj. að ræða, þá er seðlabankastjórninni að vísu þarna talið rétt að lýsa þeim ágreiningi opinberlega og skýra sínar skoðanir. En síðan segir, að hún skuli engu að síður telja það eitt meginverkefni sitt að vinna að því, að stefna, sem ríkisstj. markar að lokum, nái tilgangi sínum, þannig að það er ákaflega lítið í sjálfu sér á þessari grein að græða, eins og hún er orðuð. Það er gert ráð fyrir því, að þó að bankastjórnin hafi lýst því yfir, að hún telji þá stefnu, sem fylgt er, ranga, þá eigi hún samt sem áður að telja það eitt meginverkefni sitt að vinna að framkvæmd þessarar stefnu.

Það má vera, að það sé hægt að vinna á þessum grundvelli, en ákaflega tel ég það ósennilegt. Og það vil ég sérstaklega undirstrika, að það er ekki talað um, að það sé stefna, sem Alþ. hafi markað, — það er stefna, sem ríkisstj. hefur markað. Hitt væri náttúrlega annað, ef talað væri um, að það væri stefna, sem Alþ. hefði markað, þá væri það nokkuð annað. En auk þess vil ég í sambandi við þessa 4. gr. benda á það, að hún er að mínum dómi ákaflega óheppileg að því leyti til, að hún gefur alranga hugmynd um afstöðu íslenzks réttar til málfrelsis. Af henni mætti ráða, að embættismenn og sýslunarmenn hér á landi hefðu ekki almennt málfrelsi eða a. m. k. mjög takmarkað, því að þarna er bankastjórunum, — ég geri nú ráð fyrir því, að þarna sé átt við bankastjórana aðeins, en ekki bankaráðsmennina, þó er það ekki alveg ljóst, — þarna er bankastjórunum sem sagt veittur sérstakur réttur í lögum — sérstakt leyfi — til þess að skýra frá skoðunum sínum, rétt eins og bankastjórarnir hefðu ekki rétt til þess annars að íslenzkum lögum. Ég veit vel, að á opinberum starfsmönnum hvílir viss trúnaðar- og hollustuskylda, en í henni felst alls ekki það, að þeir séu í einu og öllu skyldir til þess að vera jábræður ríkisstjórnar á hverjum tíma og megi ekki gagnrýna opinberlega stefnu ríkisstjórnar og gerðir. Þvert á móti er þeim almennt fullheimilt að skýra opinberlega frá sínum skoðunum.

Ég held því, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til meðferðar, ætti að fella þetta leiðindaákvæði niður úr frv. Það gefur bankastjórunum ekki neinn nýjan rétt, sem þeir hafa ekki nú samkvæmt gildandi löggjöf. Eftir gildandi löggjöf er þeim auðvitað fullheimilt að skýra opinberlega frá sinni stefnu og sínum skoðunum og ágreiningi við ríkisstjórn, ef hann er fyrir hendi. Ég held, að þetta ákvæði út af fyrir sig styrki stöðu bankastjóranna sáralítið, þar sem þeir eiga þó, eftir að þeir hafa sagt almenningi frá því, að þeir séu á allt annarri skoðun en ríkisstj., að kyngja sinni skoðun og vinna að því, að stefna ríkisstj. nái tilgangi sínum, eins og það er orðað í frv. En sem sagt, þetta ákvæði er villandi og gefur alranga mynd af íslenzkum réttarhugmyndum, og maður gæti haldið, að þetta væri komið frá einhverjum, sem þekkti meira til réttarhugmynda annars staðar en hér á Íslandi.

Mín aðalathugasemd við 4. gr. er sú, að mér finnst hún ásamt öðrum ákvæðum í frv. ganga of langt til móts við þá stefnu, sem gera vill þjóðbankann sem háðastan ríkisstjórn, sem fer með völd á hverjum tíma. Mér virðist stefna frv. mótast um of af því sjónarmiði. Þar kemur til auk þess það, sem birtist í 4. gr. að mér virðist, að framkvæmdastjórn bankans

er meir sett beint undir ráðherra en verið hefur, og er reynt að gera sem allra minnst úr valdi trúnaðarmanna Alþ., þ. e. a. s. úr völdum þess bankaráðs, sem gert er ráð fyrir að Alþ. kjósi eftir þessu frv. Og það, að þessi sé stefna frv., þarfnast í rauninni ekki frekari rökstuðnings en að vitna til þeirra ummæla, sem hæstv. viðskmrh. hafði um þetta í sinni framsöguræðu hér í gær, þegar hann var að skýra frá þeim bollaleggingum, sem verið hefðu um þetta mál á undirbúningsstigi þess, en þá sagði hann, að það hefði komið til mála að sleppa alveg bankaráðinu, hafa það ekki með, en láta ríkisstj. vera eins konar bankaráð fyrir þjóðbankann og kippa þá þar með burt því áhrifavaldi, sem Alþ., þótt óbeint sé, er þó ætlað að hafa á stjórn bankans með því að geta tilnefnt menn, sem hafa þó aðstöðu til að fylgjast þar með. Það má vel vera, að ráðh. geti nefnt þess dæmi, að það tíðkist með einhverri þjóð að hafa þannig seðlabanka án þess að hafa bankaráð eða menn í stjórnum bankanna tilnefnda af löggjafarþingum beint eða óbeint, en *ég* verð að játa, að ég þekki það ekki, og á Norðurlöndunum a. m. k., held ég, að sú skipan sé ekki til. Það má segja að vísu, að þetta sjónarmið, að draga sem mest vald úr höndum Alþingis, — en það staðhæfi ég að sé óbeinlínis verið að gera með þessu frv., — og draga sem mest vald saman hjá ríkisstj., sé ekki nýtt af nálinni, heldur hefur mjög borið á þeirri stefnu hjá hæstv. núv. ríkisstj., svo sem margoft hefur verið bent á og mörg dæmi hafa verið um nefnd.

Ég ætla aðeins í þessu sambandi, þó að það sé ekki beint í tengslum við þessa höfuðbreytingu, sem stefnt er að með frv., að nefna eitt atriði, þ. e. a. s. nafn bankans.

Það er auðvitað svo, að þegar þessir tveir bankar, sem starfað hafa þarna saman í tengslum, — viðskiptabankinn og seðlabankinn, — skilja, geta þeir ekki báðir hlotið nafnið Landsbanki Íslands, og það verður því að gera upp á milli þeirra að því leyti til, að ákveða verður, hvor bankinn eigi að njóta þess nafns framvegis. Það er nú auðvitað matsatriði, og ég skal ekki eyða löngum tíma í að ræða það, en líklegt er, að það verði nokkuð athugað af þeirri nefnd, sem frv. fær til meðferðar, en mér sýnist, að með fullt eins miklum rétti megi segja, að það liggi öllu nær, að nafnið fylgi seðlabankanum. Það er alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. gerði grein fyrir hér í framsöguræðu sinni í gær, að Landsbankinn var ekki í upphafi beinlínis seðlabanki. Hann var fyrst viðskiptabanki. En þá var það landssjóður, eins og hann réttilega skýrði frá, sem hafði seðlaútgáfurétt og fékk þá Landsbankanum strax í öndverðu þá seðla til eins konar umsjár, þannig að með nokkrum rétti má segja, að Landsbankinn hafi þá verið seðlabanki. Og án þess að fara að rekja þá sögu, sem þarna liggur á bak við, má geta þess, að það var þannig komið 1903 eða þar um bil, ef ég man rétt, að þá voru samþykkt lög, sem heimiluðu að gera Landsbankann að seðlabanka, vegna þess að þá þótti óvíst um, að lögin um Íslandsbanka, þar sem gert var ráð fyrir seðlaútgáfurétti hans, kæmust til framkvæmda. En það atvikaðist nú svo, að þau lög komust í framkvæmd, og Landsbankinn varð þess vegna ekki reglulegur seðlabanki fyrr en 1927, en síðan hefur hann gegnt þrenns konar hlutverki, þangað til skilnaðurinn var gerður 1957, sem sé að vera seðlabanki, vera fasteignalánabanki og vera almennur viðskiptabanki. En það er þó auðvitað ekkert aðalatriði, hver af þessum deildum ætti frekar rétt á nafninu að því leyti til, hvor eða hver þátturinn í starfsemi bankans hafi að undanförnu verið meginþátturinn, heldur hitt, hverja gagnsemi má hafa af því að hafa þetta nafn. Ég hygg, að því sé ómótmælt, að þetta heiti: Landsbanki Íslands — hafi áunnið sér vissan „goodwill" hjá viðskiptastofnunum þjóðarinnar erlendis. Og ég hygg, að það sé gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn fari framvegis með það aðalhlutverk að standa í sambandi við lánastofnanir erlendis, og þess vegna álít ég, að það væri hyggilegast að binda nafnið við einmitt þann þátt stofnunarinnar. En ég viðurkenni, að þetta er álitamál, og skiptir kannske ekki höfuðmáli. Hvað sem því líður, verð ég að segja það, að þetta heiti: Seðlabanki — finnst mér ákaflega afkáralegt og leiðinlegt, og það sýnir sig reyndar, að í sjálfu frv. er það svo, að þegar á að fara að þýða heiti bankans á ensku, þá er það ekki hægt, heldur er búið til alveg sérstakt heiti á honum á enskunni. Það er alls ekki þýðing á heitinu seðlabanki. Ég vildi nú leggja til, að n., sem fær frv. til meðferðar, taki til athugunar, ef hún er sama sinnis og hæstv. ríkisstj., að láta viðskiptabankann halda Landsbankanafninu, hvort það væri þá ekki rétt að taka upp eitthvert annað heiti á þessum banka, t. d. það heiti, sem einu sinni var gerð tillaga um, 1926, að hann héti Ríkisbanki Íslands eða Þjóðbanki eða eitthvað því líkt. Það er að vísu hægt að benda á einhver dæmi þess annars staðar, að slíkir bankar séu nefndir Seðlabankar, að ég ætla í þýzku, en ég hygg það þó ákaflega óvenjulegt. Ég hygg, að þeir heiti eitthvað það, sem minnir á, að þeir séu aðalbankar þjóðarinnar, annaðhvort kenndir við þjóðina eða landið.

Þá kem ég að þeirri breytingu, því nýmæli frv., sem gerir ráð fyrir því, að veðdeildin verði skilin frá þjóðbankanum eða seðlabankanum, sem hún hefur fylgt frá 1957, og fengin í hendur viðskiptabanka Landsbankans. Það má vel vera, að það sé réttmætt að greina veðdeildina frá seðlabankanum. Þetta eru tveir ólíkir þættir bankastarfsemi. En það má raunar segja, að veðdeildin eigi ekkert frekar heima með viðskiptabankanum en seðlabankanum, og ef á að skilja hana frá seðlabankanum, þá hygg ég, að það væri eins rétt eðli málsins samkv. að flytja hana t. d. til Framkvæmdabankans og hún ætti öllu heldur heima í sambandi við þann banka.

En annars vil ég benda á það í sambandi við veðdeildina, að það er gert ráð fyrir því í þessum lögum, að bankastjórnin beiti sér fyrir því nýmæli að stofna kaupþing, — þar stendur enn „bankastjórnin", og þar er það að mínu viti

enn óvíst og athugandi fyrir n., hvort átt er við framkvæmdastjórnina og bankaráð eða framkvæmdastjórnina eina, — það er sagt, að bankastjórnin skuli beita sér fyrir því að koma hér á fót kaupþingi, sem á að verzla með verðbréf, en ég hygg, að einmitt aðalstofninn í slíku kaupþingi gæti orðið verðbréf, sem veðdeildin gæfi út og aðrar henni áþekkar stofnanir, þannig að út af fyrir sig væri það kannske ekki svo óeðlilegt, eins og fljótt á litið gæti virzt, að veðdeildin væri áfram í tengslum við seðlabankann, eins og hún hefur verið frá 1957. En hvað sem öðru líður, þá á hún ekkert frekar heima í sambandi við viðskiptabankann.

Það hefur verið bent á það í umr. um bankamál, t. d. þegar þar hefur verið talað um, hvort það væri nauðsynlegt að hafa alla þessa ríkisbanka, sem raunar hefðu allir nokkuð svipuðu hlutverki að gegna, að það mundi ekki vera heppilegt að sameina þá, því að með því væri útilokuð samkeppni, sem nauðsynleg væri á milli þeirra, og slíkur ríkisbanki, sem þannig væri sameinaður úr þessum þremur bönkum, yrði svo mikill risi, að það mundi ekki vera heppilegt. En það er nú sannast mála, að viðskiptabanki Landsbankans ber nú mjög af öðrum bönkum að stærðinni til, og ef veðdeildin bætist þar við, þá verð ég að segja, að nokkuð raskast jafnvægið milli þessara banka.

En ef veðdeildina á að skilja frá seðlabankanum, af því að hún er ekki talin eiga þar heima, þá liggur í augum uppi, að sömu örlögum á stofnlánadeildin að sæta, þannig að það er sjálfsagt, ef veðdeildin er flutt burt og í viðskiptabankann, þá sé stofnlánadeildin flutt þangað líka.

Það er ekki hægt að segja, að það sé beinlínis nýmæli í þessu lagafrv., að það er gert ráð fyrir því, að ekki aðeins bönkum og sparisjóðum, heldur og innlánsdeildum kaupfélaga geti verið skylt eftir ákvörðun bankastjórnar að geyma ákveðinn hluta af innstæðufé í Seðlabankanum. Þetta byggist á lagabreytingu, sem gerð var á s. l. ári, þannig að það er ekki hægt að segja, að það sé út af fyrir sig nýtt í þessu frv. En að mínum dómi er þetta óeðlilegt og ósanngjarnt ákvæði, að setja innlánsdeildirnar að þessu leyti til á bekk með bönkum og sparisjóðum, vegna þess að innlánsdeildirnar hafa hér algera sérstöðu. Innlánsdeildir samvinnufélaganna eru myndaðar til þess að afla samvinnufélögunum rekstrarfjár, og það fé, sem lagt er inn í innlánsdeildirnar, festist beinlínis samkv. sinni tilætlun í ýmsum rekstri samvinnufélagsins og er notað í almennum viðskiptum félaganna, eins og allir vita. Það er þess vegna algerlega óeðlilegt, að um slíkar innlánsstofnanir, sem kannske má kalla svo, gildi sömu reglur og um þær innlánsstofnanir, sem ætlað er beinlínis að reka útlánastarfsemi, eins og er með banka og sparisjóði. Þess vegna finnst mér, að þetta ákvæði þurfi sérstaklega að athugast og meðfram með tilliti til þess, hvernig þessum heimildarákvæðum hefur verið beitt í framkvæmdinni, en þeim heimildarákvæðum hefur að mínum dómi verið beitt ákaflega harkalega í framkvæmd.

Loks vil ég aðeins drepa á þá höfuðbreytingu, sem ég gat um áður að gert væri ráð fyrir í þessu frv., sem sé þá, að allverulegur hluti af eigin fé bankans væri lagður í stofnsjóð eða gerður að stofnfé, sem hann á að greiða vexti af, og helmingur þeirra vaxta á að renna í vísindasjóð. Um þessa fyrirhuguðu breytingu hef ég ekki nema gott eitt að segja. Ég tel það einmitt mikilsvert, að þeim sjóði, sem þarna á góðs af að njóta, vísindasjóði, sé séð fyrir tekjum, og tel það ekki óeðlilegt, að nokkur hluti af vöxtum þessa fjár renni í þann sjóð. Ég vil mæla með þeirri breytingu og finnst hún góðra gjalda verð. En ég bara vil skjóta því fram svona innan sviga til nefndarinnar, að ég hef alltaf vanizt því, að í tilfelli sem þessu væri talað um vexti, en ekki arð. En það er kannske misskilningur hjá mér og þetta er kannske nýmóðins orðalag, að tala þarna um arð af stofnfénu, greiða 5% arð af stofnfénu, í stað þess, sem ég hélt að venjulega væri talað um, að greiða 5% vexti af stofnfénu. Það orðalag er nú náttúrlega aukaatriði.

Ég skal svo ekki fjölyrða miklu meira um þetta. Ég hef gert nokkra grein fyrir þeim athugasemdum í höfuðdráttum, sem ég hef að gera við frv. og þessa fyrirhuguðu lagasetningu, bæði að því er snertir undirbúning frv. og eins efni þess. Og ég verð að segja það, að ég teldi þau örlög þessu frv. eftirsóknarverðust, að það fengi að hvíla sig á þessu þingi og því væri leyft að daga uppi og síðan væri milliþn. skipuð til þess að framkvæma heildarendurskoðun á bankalöggjöfinni yfirleitt. Ég tel frv., eins og það nú liggur fyrir, í ýmsu áfátt, sumar efnisbreytingar þess frá núverandi skipan allsendis óþarfar, aðrar varhugaverðar. Stórskaðlegar tel ég þær þó yfirleitt ekki, það vil ég ekki segja, þó að ég álíti, eins og ég hef reynt að gera nokkra grein fyrir, að í frv. sé stefnt í ranga átt, en hversu skaðlegt það verður, fer náttúrlega mikið eftir því, hvaða menn veljast til framkvæmda í þessum málum. Ég tel æskilegt eða jafnvel nauðsynlegt að gera ýmsar smávegis lagfæringar á einstökum ákvæðum frv., og ég hef hug á því að koma síðar á framfæri brtt. þar við og ræði það atriði ekki neitt á þessu stigi málsins. Það má vera, að meiri hl. sé alveg ráðinn í því að hafa allar slíkar ábendingar eða brtt. að engu og því sé allt slíkt unnið fyrir gýg, en það verður þá að sýna sig.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 505, n. 535, 538 og 543, 548, 563).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 535 ber með sér, hefur n. eigi getað orðið sammála um afstöðuna til þessa máls, þannig að við þrír, sem að meirihlutanál. stöndum, mælum með samþykkt þess óbreytts, en tveir nm. munu hins vegar skila séráliti og munu þegar hafa

gert það. Rétt er þó að geta þess, að nánari athugun hefur leitt í ljós, að óhjákvæmilegt er að gera tvær smábreytingar á frv. til leiðréttingar, og mun fjhn. sameiginlega leggja fram brtt. þess efnis fyrir 3. umr. Önnur breyt., sem þar er um að ræða, er við 11. gr. frv. Það er aðeins orðalagsbreyting, að fyrir „lausafé" komi laust fé, því að óviðkunnanlegt er, að orðið lausafé sé í þessum lögum notað í annarri merkingu en gerist í daglegu tali. Hin breyt. varðar tilvitnun í lög og er við 13. gr. frv., að þar er vitnað til laga nr. 73 1933, en þessum lögum hefur, eins og hv. dm. mun kunnugt, verið breytt með efnahagslögunum frá s. l. ári, og er því það rétta að vitna í þau lög. Brtt. um þessi tvö atriði mun fjhn. leggja fram fyrir 3. umr. málsins, og eins og ég gat um, stendur öll n. að þeim till., þó að hún að öðru leyti hafi ekki getað orðið samferða í þessu máli.

Við 1. umr. þessa frv. rakti hæstv. viðskmrh. ýtarlega sögu seðlabankamálsins hér á landi, svo að þess gerist ekki þörf að mínu áliti að ræða þá hlið málsins hér. En það hefur, eins og kunnugt er, um langt skeið verið deilumál hér á landi, hvort seðlabankinn skuli vera sjálfstæð stofnun eða einhverjum viðskiptabönkunum sé falið að sjá um seðlaútgáfuna. Síðarnefndi hátturinn hefur, eins og kunnugt er, verið hafður á allt fram til setningar bankalöggjafar þeirrar, er lögfest var árið 1957.

Þó að hægt sé að skilja, að slíkt fyrirkomulag hafi verið haft hér á landi, meðan bankastarfsemi öll var á frumskeiði, verður þó að telja það óeðlilegt og jafnvel hættulegt eðlilegri þróun peningamála og öryggi gjaldmiðilsins, þar sem seðlabanki og viðskiptabanki eiga svo ólíkum hlutverkum að gegna. Er hætta á því, að ef viðskiptabanki og seðlabanki eru undir sömu stjórn, verði hagnaðarsjónarmið viðskiptabankans látið hafa meiri áhrif á seðlaútgáfuna en öryggi gjaldmiðilsins krefur.

Með bankalöggjöfinni 1957 var hins vegar stigið stórt spor í þá átt að gera Seðlabankann að óháðri stofnun, þó að enn væru nokkur tengsl milli viðskiptabanka Landsbankans og Seðlabankans, þar sem bankaráð Landsbankans kaus meiri hluta stjórnar Seðlabankans. Er það að áliti okkar, er að þessu nál. stöndum, til bóta að rjúfa með öllu þessi óeðlilegu tengsl á milli bankanna, svo sem lagt er til í frv. því, sem hér liggur fyrir.

Þá verður og að telja það skynsamlega ráðstöfun að leggja veðdeildina, sem rekin hefur verið af Seðlabankanum síðan 1957, til Landsbankans, þar sem veðdeildarstarfsemi er ekki eðlilegt starfssvið seðlabanka.

Um einstök atriði í sambandi við setningu slíkrar löggjafar má auðvitað deila, svo sem t. d. það, sem nokkuð bar á góma við 1. umr. málsins, hvert skyldi vera sjálfstæði stjórnar Seðlabankans gagnvart ríkisstj. Ég býst þó varla við því, að um það sé ágreiningur, að úrslitavaldið í peningamálum hljóti að verða í höndum ríkisstj., ef ágreiningur ris milli ríkisstj. og seðlabankastjórnar, því að annað mundi varla samrýmast reglum lýðræðisins.

Það er hins vegar tilgangur 4. gr. frv. að skapa stjórn Seðlabankans aðstöðu til þess að halda fram skoðunum sínum, enda þótt þær fari í bága við skoðanir ríkisstj. Þó að það sé út af fyrir sig rétt, er hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) sagði við 1. umr. málsins, að embættismönnum sé heimilt að láta í ljós skoðanir andstæðar stefnu ríkisstj., þá mundi ég þó ekki vilja fella niður ákvæði 4. gr., þar sem því er slegið föstu, að stjórn Seðlabankans sé rétt að gera þetta, en í því liggur einmitt, að það er gert ráð fyrir því, að stjórn Seðlabankans lýsi að jafnaði opinberlega skoðunum sínum, enda þótt þær fari í bága við skoðanir ríkisstj. þeirrar, er að völdum situr. Ef aðrir embættismenn eiga í hlut, mun þeim að vísu vera slíkt heimilt að lögum, en óvenjulegt er það þó, að þeir láti slíka gagnrýni opinberlega í ljós.

Mér dettur í hug að nefna sem dæmi í þessu sambandi, að það mundi vera óvenjulegt, ef ráðuneytisstjórinn í fjmrn. færi t. d. að gagnrýna afgreiðslu og meðferð fjárl. af hálfu fjmrh. eða fjmrn. Þó að það mundi að sjálfsögðu ekki varða við lög, að ráðuneytisstjórinn setti fram slíkar skoðanir, þá mundi það vera óvenjulegt og sennilega almennt nánast litið á það sem trúnaðarbrot. Það er eins og kunnugt er yfirleitt ekki venja, að opinberir embættismenn gagnrýni gerðir yfirboðara sinna, en með þessari lagagrein er því slegið föstu, að svo sé til ætlazt af stjórn Seðlabankans, og tel ég það til bóta og réttmætt að hafa þetta ákvæði, svo langt sem það nær. Hitt má auðvitað um deila, hvort ekki væri ástæða til frekari ákvæða, sem tryggðu sjálfstæði seðlabankastjórnarinnar gagnvart ríkisstj. Það hlýtur auðvitað alltaf að verða álitamál.

Annað atriði, sem ágreiningur hefur verið um hér á hv. Alþingi í sambandi við meðferð þessa máls, eru ákvæði 11. gr. frv. um heimild til handa stjórn Seðlabankans til þess að binda að vissu marki innstæðufé viðskiptabanka og sparisjóða. Það verður auðvitað alltaf álitamál, hvaða prósentu skuli nefna í þessu sambandi. Ég tel þó óhjákvæmilegt að hafa slík ákvæði í þessum lögum, því að án þeirra gæti stjórn Seðlabankans varla haft þau tök á peningamarkaðnum og útlánum í heild, sem nauðsynlegt verður að telja, til þess að Seðlabankinn geti gegnt því hlutverki, sem honum er ætlað samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. þessara laga, þar sem hlutverk Seðlabankans er nánar afmarkað.

Þó að setning löggjafar þeirrar, sem hér er lagt til að lögfest verði um Seðlabankann, tákni að vísu ekki neina byltingu í fyrirkomulagi peningamála hér á landi, þá teljum við, sem að áliti meiri hl. n. stöndum, hana þó til verulegra bóta. Með henni er skapað tæki til þess að tryggja öryggi gjaldmiðilsins eða verðgildi peninganna. Það, að slíkt tæki er til, er þó auðvitað ekki nein næg trygging fyrir heilbrigðri stjórn peningamála. Slík trygging verður auðvitað fyrst og fremst komin undir þeim mönnum, sem við stjórnvölinn standa hverju sinni. En það ætti þó að auðvelda framkvæmd heilbrigðrar stefnu í þessum málum, að slíkt tæki skuli

vera til og vera fullkomnara en það áður hefur verið.

Ég vil sérstaklega undirstrika það, að að mínu áliti verður ekki um öruggan gjaldmiðil að ræða hér á landi, fyrr en skilyrðislaust er hægt að framkvæma það, sem gert er ráð fyrir í 7. gr. laganna að stefnt skuli að, nefnilega að seðlar þjóðbankans verði a. m. k. að hálfu tryggðir með gulli eða frjálsum erlendum gjaldeyri. Því miður hefur ekki verið talið, að gjaldeyrisaðstaðan nú leyfði það, að þessi ákvæði yrðu gerð skilyrðislaus. En að slíku ber tvímælalaust að stefna, og tækist, áður en langt um líður, að gera þetta ákvæði 7. gr. frv. raunhæft, væri það að mínu áliti einhver merkasti árangur þeirrar löggjafar, sem ætlazt er til að nú verði sett.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er eitt af fjórum frv. um ríkisbankana, sem eru nú á ferðinni hér í Alþingi, og þetta frv. þeirra stærst og brýtur því leiðina.

Ég tel, að það hefði verið mjög viðeigandi að taka bankalöggjöf landsins í heild til endurskoðunar, ef það hefði verið gert á þann hátt að skipa til þess mþn., sem kjörin hefði verið af Alþingi. Telja hefði mátt með því, að trygging yrði nokkur fyrir því, að lagður yrði sá grundvöllur, sem menn almennt teldu réttan og gætu við unað, en sá grundvöllur mundi helzt fást með slíkri nefndarskipan. Ég tel, að það hefði verið ástæða til þess að gera bankastarfsemina í landinu miklu einfaldari en nú er. Hún virðist hafa haft mjög mikla tilhneigingu til þess að greinast, að flokkast í fleiri og fleiri heildir. Hér í Reykjavík munu nú vera 7 bankar. Og þessi starfsemi, þessi greiningarstarfsemi, skiptingarstarfsemi, hún virðist vera í mjög örri þróun. Ég tel hana ekki heppilega, og ég tel, að það hefði frekar átt að taka það til mjög rækilegrar athugunar að sameina banka heldur en að fjölga þeim. Hvers vegna ætti t. d. ekki að láta Seðlabankann taka að sér verkefni Framkvæmdabankans? Með dreifingu bankastarfseminnar milli margra stofnana á sama stað er auðskilið mál að tilkostnaður vex í kerfinu að því er snertir alla vinnu. Og það eru líka miklu meiri líkur til þess, að ósamræmi skapist í starfseminni heldur en ef bankarnir eru færri.

Mér finnst það harla fráleitt, að sú hæstv. ríkisstj., sem sagðist ætla að framkvæma sparnað hjá hinu opinbera, skuli nú vinna að auknu mannahaldi við bankastarfsemina, hún skuli stofna til meiri eyðslu á vegum hins opinbera, en það gerir hún með þessu frv., sem hér liggur fyrir. Og hún hefði vafalaust ekki gert það af svo lítilli þörf sem hún gerir það, ef henni hefði verið alvara með sparnaðartalið. Hvað lá á að gera þær breytingar, sem hún vill nú gera láta á bankastarfseminni? Það lá ekki svo mikið á þessu, að ekki mætti bíða endurskoðunar. Það lá ekki á þessu í Landsbankanum til þess að skilja seðlabankann og viðskiptabankann að frekar en gert var 1957 með breytingum, sem þá voru gerðar í þessum efnum og menn telja nú yfirleitt að hafi verið eðlilegar. Þá var greinilega aðskilið vald og stjórn seðlabankastarfseminnar og viðskiptabankastarfseminnar, en hins vegar samvinna höfð um ýmis atriði, sem áttu að verða til þess, að minni tilkostnaðar þyrfti við. Og hvað sem annars er um það, að rétt sé að skilja þarna frekar á milli, sem er nú ekki stórt spor, þá er alveg áreiðanlegt, að það er ekki hægt að færa fyrir því rök, að á þessu liggi nú sérstaklega, að ekki væri hægt að bíða með þetta eftir því, að nefnd, sem skipuð væri, gæti skilað áliti um bankalöggjöfina í heild og þessi atriði þá einnig.

Skyldi nú þetta kannske vera nauðsynlegt til þess, að bankastarfsemin sé ríkisstj. nægilega samhent? Í það var látið á vissan hátt skína. En öllum þeim, sem fylgzt hafa með þessum málum, hlýtur að vera ljóst, að Landsbankinn hefur fullkomlega hlýtt kalli ríkisstj. Rödd hans hefur verið bassaröddin í laginu, og hönd hans hefur tekið peningamálin þeim kverkatökum samdráttarins, sem núverandi hæstv. ríkisstj. hefur ætlazt til. Það hefur alls ekki á þetta skort. Það er þess vegna ekki rétt tilfundin ástæða, að núv. hæstv. ríkisstj. þurfi að tryggja það, að Seðlabankinn verði sér samstilltur. Sú ástæða hefði getað verið til, ef hún væri ekki algerlega óþörf. Þess vegna mun engin ástæða til finnast, sem er á nokkurn hátt frambærileg. Ég tel annars, þó að ég nefni þessa ástæðu, að hún væri allathugunarverð, af því að hætt er við, að bankastarfsemin gæti orðið helzt til laus í rásinni, ef hver ríkisstj. byggi sér þannig í hendur með breytingum bankalaga fyrir sig. Nei, núv. hæstv. ríkisstj. þarf ekki að leggja fram breytingar á bankalögum af því, að bankinn þjóni henni ekki. Það stendur svo vel á við stjórn bankans fyrir hana, að á þetta skortir ekki. Breytingin er fyrst og fremst sú að fjölga stjórnendum Seðlabankans úr 5 upp í 8, þar með talið að fjölga bankastjórunum úr 2 í 3. Og þessi fjölgun er áreiðanlega aðeins til þess að koma gæðingum á stall. Eyðslan við þessa fjölgun gæðinga á stalli samrýmist ekki rétt vel hátíðlegum yfirlýsingum hæstv. ríkisstj. um að draga úr tilkostnaði á vegum hins opinbera. Hér er áreiðanlega um óþarfabruðl að ræða.

Ég hef ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. leyft mér að leggja fram brtt. um það að fjölga ekki bankastjórunum, fella niður ákvæðin um fjölgun þeirra. Í sambandi við þessar tillögur gefst hv. stuðningsmönnum tækifæri til að firra sig ámæli um að stofna enn eitt nýtt, dýrt embætti hjá hinu opinbera. Ég vænti þess, að þeir taki það tækifæri til athugunar og noti sér það.

Það er margt, sem ég fyrir mitt leyti hef við þetta frv. að athuga. Hins vegar veit ég, að það er árangurslaust að minnast á sumt af því, og ég hef enga löngun til að lengja umr. sérstaklega í sambandi við þessi mál og mun því mörgu sleppa. En á nokkur fleiri atriði vil ég þó minnast en þetta eyðsluatriði. Og þá eru mér ríkust í huga ákvæði í 11. gr. frv. um bindingu sparifjárins fyrir sparisjóðum og innlánsdeildum kaupfélaganna. Þessi ákvæði eru að mínu áliti mjög óheppileg og meira en

það. Ég álít þau vera mjög skaðleg, sérstaklega fyrir dreifbýlið.

Það er vitnað til þess af þeim, sem að þessum ákvæðum standa, að það hafi verið sett í lög 1957 að heimila að taka hluta af aukningu sparifjár hjá sparisjóðum og binda það í Seðlabankanum. Það er rétt, að þetta var lögleitt. Ég var á móti því, að það væri gert. En mér kom þó aldrei í hug, að þetta yrði misnotað, eins og gert hefur verið og gera á nú og í enn stærri stíl. T. d. datt mér aldrei í hug, að þó að yrði gripið til þess einhvern tíma, þegar nauðsyn þætti og einkanlega ef það færðist í aukana að bankar yrðu stofnaðir og þess vegna yrði örðugra að ráða við þróun peningamálanna og sérstaklega þá að hafa stjórn á þeim málum, þegar erfiðlega gengi hjá þjóðfélaginu, — þá datt mér aldrei í hug, að þessi ákvæði yrðu látin ná til smáfyrirtækja, eins og víða eru í landinu í formi sparisjóða. En þó að þessi ákvæði séu frá 1957, voru þau rýmkuð í efnahagsmálalöggjöf hæstv. ríkisstj. í fyrra og látin ná til innlánsdeilda kaupfélaga líka. Það taldi ég mjög rangláta útfærslu ákvæðanna vegna þess, að í eðli sínu eru innlánsdeildirnar allólíkar almennum sparisjóðum, þar er ekki um neina útlánastarfsemi að ræða, og þær eru nánast, ef rétt er á litið, reikningar hjá samvinnufélögunum, sem samvinnumenn og aðrir viðskiptamenn leggja sparifé sitt inn á til þess að efla þessar eigin stofnanir, lána þeim rekstrarfé, sem kemur þeim, sem inn leggja, sjálfum til góða í rekstrinum, og þess vegna er það, að með því að ætla að taka fé af þessum stofnunum til bindingar, þá er verið að taka fé í raun og veru úr sjálfsvörzlu og svipta menn réttinum yfir slíku fé.

Ef menn bera saman ákvæðin, sem eru í 11. gr., við ákvæðin frá 1957 í löggjöfinni þá, þá er greinilegt, að það er ekki aðeins lengra gengið en það, að hér er átt við innlánsdeildir kaupfélaganna — ásamt sparisjóðum, heldur er líka gengið nær sparisjóðunum með ákvæðunum um bindinguna. Og hér er ekki aðeins um það að ræða, að menn vita, að hér eru heimildarákvæði, sem hægt er að grípa til, heldur vita menn líka af reynslunni s. l. ár, að þessi heimildarákvæði eru notuð. Og menn vita meira, menn vita, að nú hefur Seðlabankinn gefið út bréf til innlánsstofnana, sem dags. er 19. jan. s. l., á grundvellinum frá efnahagsmálalöggjöfinni. Þar eru m. a. birtar reglur um bindingu innstæðna í Seðlabankanum frá og með 1. jan. 1961. Þar segir fyrst, að af heildarinnstæðuaukningu á fyrstu ársfjórðungi skuli innlánsstofnanir greiða 30% inn í bundinn reikning í Seðlabankanum. Þó er tekið fram, að þetta skuli ekki ná til innlánsstofnana, sem hafi minna en 5 millj. kr. af innlánsfé í byrjun ársins. Í öðru lagi eru fyrirmæli í bréfinu um, að lágmarksbinding innstæðufjár á hverjum þriggja fyrstu ársfjórðunganna skuli þó vera 1% af heildarinnstæðu í byrjun ársfjórðungsins, hver sem breyting innlána er, og þetta nær til allra innlánsstofnana, hvort sem innstæður hjá þeim eru meiri eða minni en 5 millj. kr. Í fyrsta sinn eiga innlánsstofnanirnar að afhenda Seðlabankanum fyrir 30. apríl 1% af heildarinnstæðum, eins og þær eru hjá þeim um síðustu áramót. Þessi bréf eru útgefin, áður en þetta frv. kemur fram. Þau eru byggð á ákvæðum, eins og ég sagði, sem eru í efnahagsmálalöggjöfinni, og miklar líkur virðast til þess eftir gangi málanna, eins og hann hefur verið, að þessi ákvæði verði hert, þegar búið er að leiða í lög 11. gr. eins og hún er nú. Ég sé ekki betur með tilliti til 11. gr., þar sem má taka allt að 20% af innstæðufé hjá viðkomandi stofnunum, því innstæðufé, sem ávísa má á með tékka, en 15% af öðrum innstæðum, að þá sé samkv. þeim ákvæðum hægt að taka a. m. k. milli 15 og 20% af innstæðufénu, sparifénu, sem inni stendur samtals. En svo kemur einnig til greina 12. gr. með viðbótarákvæðum, sem mælir svo fyrir, að heimilt sé að skylda þessar innlánsstofnanir til að eiga ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðu hjá þeim. Ég sé ekki betur en með þessu móti sé hægt að taka samtals a. m. k. fjórða part af aðalumráðafé sjóðanna og binda það, svipta þá ráðstöfunarrétti yfir því og draga það út úr þeim héruðum, sem sjóðirnir starfa fyrir.

Eins og sparisjóðslöggjöfin er núna, eiga sparisjóðir að hafa 1/10 af fé sínu í peningum eða auðseljanlegum og tryggum verðbréfum. Það eru eðlileg ákvæði til þess að tryggja það, að sjóðirnir geti alltaf svarað til um fé það, sem gengið er eftir hjá þeim. En að leggja þessa nýju skyldu á þá virðist mér vera til þess að þvinga svo starfsemi þeirra, að ekki nái nokkurri átt.

Ég hef leyft mér ásamt hv. 5. þm. Norðurl. e. að flytja till., sem draga úr þessum ákvæðum nokkuð. Þær till. eru á þskj. 563. Þær fela það í sér, að ekki megi telja til aukningar, sem skila þarf hluta af, þá upphæð, sem nemur vöxtum af innstæðufénu. Sú hugsun liggur þar til grundvallar, að það sé eðlilegur vöxtur hverrar innlánsstofnunar að vaxa um vextina af innlánsfénu og það megi ekki gera kröfur til þess, að af þeim vexti verði hún að skila til bindingar nokkrum hluta.

Þá er tillaga um það, að ákvæði þessarar greinar nái ekki til innlánsstofnana, sem hafa minna en 10 millj. kr. innstæðufé samtals. Sú hugsun liggur þar til grundvallar, að slíkar stofnanir, sem hafa ekki meira umráðafé sem innstæðufé en 10 millj. geti ekki undir neinum kringumstæðum valdið nokkurri röskun í heildarpeningamálum þjóðfélagsins, því að ekki getur annað vakað fyrir þeim, sem setja þessa hagfræði, heldur en vilja hafa í hendi Seðlabankans eða þeirrar yfirstjórnar, sem honum er ætluð í peningamálum, vald til þess að koma í veg fyrir, að reknar séu peningastofnanir í landinu, sem trufli þá stefnu, sem yfirstjórn þessara mála vill hafa. Ég get ekki skilið, að nokkur geti haldið því fram, að svo smávirkar stofnanir, sem hafa ekki yfir að ráða meira en 10 millj. kr. eða allt að því, geti verið hættulegar fyrir jafnvægi í peningamálum þjóðfélagsins.

Í hv. Nd. flutti 1. þm. Norðurl. v. ásamt 4. þm. Austf. till. sem þessa, en miðaði við 20

millj. sem hámark fyrir því, sem ákvæðin næðu ekki til. Mér dettur í hug, að það geti verið, að einhverjum hafi þótt það hámark of hátt, og þess vegna legg ég til, að það sé lækkað um helming, og þá get ég ekki skilið, að nokkur geti hér fundizt, sem þyki með því markið sett of hátt. Ég veit, að þeir, sem búa í höfuðstaðnum, þar sem aðalpeningastofnanir eru, geta litið svo á, að þetta sé ekki stórmál út af fyrir sig, eða þeir, sem eru hér í grennd við höfuðstaðinn, vegna þess að það hefur lítil áhrif á möguleika þeirra til þess að fá lán til þarfa sinna. En þeir mega gæta þess, að þeir hafa fyrsta flokks aðstöðuna í landinu í þessum efnum. Úti á landi, þar sem smáar peningastofnanir eru, skiptir þetta miklu máli. Þessir litlu sjóðir og innlánsdeildir eru á sínum takmörkuðu svæðum fjörgjafar í atvinnulífi og viðskiptalífi, þótt smáir séu, af því að þar er umhverfið smærra og minna um að vera. Hins vegar er starfsemin þar í atvinnulífinu þjóðfélaginu alla vega þýðingarmikil, og það er reginfjarstæða og öfugt að farið að ætla að taka þessum landshlutum peningalega blóð með því að flytja sparifé þeirra og geyma það hér í Seðlabankanum.

Mér hefur verið sagt í skrafi í nefnd, að til þess sé nú ætlazt að fara heldur mildilega með þetta vald og binda ekki féð neinum órjúfandi böndum, heldur muni verða tekið liðlega á því að leyfa að ávísa á þetta fé, þegar á liggi. En á það er ekki treystandi, og eigi það svo að vera, þá er líklega ekki miklu fórnað með því að undanþiggja skyldunni þessar litlu stofnanir, sem ég hef verið að ræða um. En þar að auki vil ég benda á það, að svo mikið langræði er víða í landinu að sækja til Reykjavíkur, að það er mikil hindrun að ætlast til þess, að menn, sem standa fyrir þessum smáu stofnunum úti um land, geti verið í því sambandi við Seðlabankann sem þyrfti til þess að fá undanþágur, þegar erfiðlega gengur. Að fara bænaferðir slíkar til Reykjavíkur norðan úr Þingeyjarsýslu eða austan úr Múlasýslu kostar ekki litið fé, og það er blátt áfram heimskulegt að setja viðskiptin í slíka kreppu, sem hér hlýtur að verða, og stofna til þess að auka stórkostlega allan rekstrarkostnað. Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. þm. fallist á þessar tillögur okkar. Ég vil vænta þess, að þeir, sem hafa fyrsta flokks aðstöðuna, skilji svo aðstöðu hinna. Og ég vil vænta þess, að þeir, sem eru beinlínis meðal fólksins, sem hefur erfiðari aðstöðu, taki það tillit til þess og séu átthögum sínum svo velviljaðir að láta ekki binda fé þess á þennan hátt.

Við, sömu menn og flytjum þær tillögur, sem ég hef gert hér að umræðuefni, höfum leyft okkur líka að flytja brtt. við 12. gr. Hún er um það, að í stað orðanna „ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er nemi allt að 10% af innstæðum“ komi: í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, ríkistryggð verðbréf eða önnur trygg verðbréf, er samtals nemi 10%. — Með þessum ákvæðum er linað takið, ef þau eru samþykkt, — linað takið, sem er tekið samkvæmt 12. gr., eins og hún er í frv

Ég skal upplýsa, að ég fékk þau svör við fsp. í fjhn., að þarna mundi ekki felast það, að þessum sparisjóðum og innlánsdeildum, sem þarna er um að ræða, yrði gert að skyldu að kaupa einhver tiltekin bréf, heldur gætu þarna reiknazt t. d. skuldabréf, sem sjóðurinn hefði tekið fyrir lán, sem hann hefði veitt og tryggt væri með fasteign, þ. e. a. s. tryggingarbréf fasteignaveðslána, og jafnvel gæti komið til greina, að það yrðu teknir gildir líka til þess að fullnægja þessari skyldu víxlar. Ég er mjög vantrúaður á, að þetta geti staðizt, og hygg, að tilgangurinn muni ekki heldur vera sá, heldur muni hann vera sá, að ætlazt er til, að það sé hægt að binda fé fyrir þessum stofnunum í föstum verðbréfum, sem einhverra hluta vegna þykir æskilegt fyrir þá, sem með völdin fara, að selja. Og mér finnst fjarstæða að leggja þá skyldu á herðar þessara stofnana að þurfa að verða við kröfum hvaða ríkisstj. eða hvaða valds sem væri, sem vildi nota sér heimildina á þann hátt, sem orðin hljóða hér.

Ekkert liggur fyrir um það, hvaða verðbréf skuli metin gild í þessu skyni, en það er sagt, að Seðlabankinn ákveði það. Enn fremur er tekið fram, að þegar komin eru á regluleg kaupþingsviðskipti, skuli yfirleitt ekki önnur verðbréf metin gild en þau, sem þar eru skráð. Allt er þess vegna í óvissu um þetta, og því hygg ég, að það sé mjög eðlilegt af hendi þeirra, sem vilja koma í veg fyrir það, að misþyrmt sé smásparisjóðum og smáinnlánsdeildum, að breyta ákvæðunum og færa þau í raun og veru til samræmis við það, sem núgildandi sparisjóðslög skylda sparisjóðina til að hafa bundið eða laust tiltækilegt fé, — bundið í auðseljanlegum verðbréfum eða sem tiltækilegt fé.

Ég ætla svo ekki að lengja mál mitt öllu meira, þó að ég hins vegar sjái margt við þetta frv., sem ég teldi að væri mjög æskilegt að breyta og nauðsynlegt að breyta. Ég veit, að það hefur ekki þýðingu að vera að flytja slíkar till., því að það er svo ráðið mál hjá þeim, sem meiri hl. hafa á Alþingi, að setja þessa löggjöf í gegn, að því verður varla haggað. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur á sérstöku skjali bent á mörg atriði, sem nauðsynlegt væri að lagfæra, og gerir hann sjálfsagt grein fyrir þeim. Mér sýnist, að þær till. séu á rökum reistar og sanni það, að hér er nokkuð flaustурslega að farið með smíði þessa frv. En sem sagt, ég ætla ekki að hreyfa fleiri brtt. en ég er nú búinn að gera grein fyrir og eru hér á einu þskj., 563. Ég vænti þess, að menn líti með velvilja á þær og taki þær til greina.

Oft hefur verið á það bent, þegar líður að lokum þings og mál er í seinni d. til meðferðar, að ekki sé tími til þess, að það fari aftur til fyrri d. Nú stendur þannig á hér, að það þarf að breyta frv. Fjhn. komst einhuga að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti að leiðrétta skakka tilvitnun, og enn fremur, að laga þyrfti framsetninguna á einum stað, þar sem var æpandi málvilla á ferðum. Og þess vegna er það, að ég hygg, að það sé vafalaust, að frv. þurfi að fara til hv. Nd., og þá dregur ekkert um það. þó að það sé búið að laga það að fleira

leyti, og það tefur ekkert fyrir framgangi þess. Þess vegna þurfa menn ekkert að hika við að samþykkja hér brtt. mínar.

Ég tel, að ef brtt. þær, sem ég stend að, yrðu samþ., þá væri ráðin bót til muna á frv. En hins vegar tel ég það samt, þrátt fyrir það, svo gallað, að ég mun ekki greiða því atkv. og legg til, að það verði fellt, ekki fyrir það, að ég telji bankalöggjöfina í því ástandi, að ekki geti verið rétt að breyta henni, heldur af því, að ég tel, að þessar breyt. séu illa unnar og að það eigi að hafa þann hátt á að endurskoða bankalöggjöfina af n., sem þingið kysi, þar sem allir flokkar þings gætu unnið að og grundvöllur gæti skapazt fyrir bankalöggjöfina, sem telja mætti að væri svo breiður, að allir gætu unað á honum að standa.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, hef ég ekki getað átt að öllu leyti samleið með hv. meðnm. mínum í fjhn. um afstöðuna til þessa frv., þ. e. a. s. hvorki með þeim, sem standa að meirihlutanál. og telja frv. algerlega gallalaust og vilja engar breyt. á því gera utan lítilfjörlega breyt. á málfari, né heldur með hv. 1. minni hl., sem telur frv. að engu til bóta og er því andvígur.

Ég er þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir ýmsa ágalla og ákvæði, sem ég er hreinlega andvígur, þá sé meginefni frv. samt sem áður spor í rétta átt og því sé ekki rétt að leggjast gegn því.

Ég tel, að það geti ekki farið á milli mála, að aðalbreytingin, sem samþykkt þessa frv. hefði í för með sér á bankalöggjöfinni, sé sú í fyrsta lagi, að Seðlabankinn er nú gerður að algerlega sjálfstæðri stofnun án skipulagstengsla við Landsbankann, og í öðru lagi, að tryggilegar er nú frá því gengið en áður, að stefna ríkisstj., eins og hún er á hverjum tíma í efnahagsmálum, ráði úrslitum einnig að því leyti sem til kasta Seðlabankans kemur.

Í þessu sambandi getur það ekki orðið úrslitaatriði, hvaða skoðanir menn hafa t. d. á stefnu núv. hæstv. ríkisstj. eða einhverrar annarrar ríkisstj., heldur afstaða manna til sjálfs „prinsipsins", sem þarna er um að ræða, þ. e. a. s. hvort menn vilja, að ríkisstj. hafi úrslitavald í peningamálunum og beri síðan fulla ábyrgð á þeim gagnvart Alþingi og gagnvart þjóðinni, eða hvort það eigi að vera einhver önnur stofnun, sem þar hafi valdið að einhverju leyti a. m. k.

Það er áreiðanlega rétt, sem hér hefur komið greinilega fram, að breytingin á bankalöggjöfinni 1957 var mikilsvert spor í þá átt að gera Seðlabankann að sjálfstæðri stofnun. En þó að honum væri þá sett sérstök stjórn, stóðu samt eftir skipulagsleg tengsl við Landsbankann, og honum voru einnig falin viðskiptabankaleg störf, eins og t. d. starfræksla veðdeildarinnar. Það var ekki heldur, hvað sem menn segja um það, gengið tryggilega frá því, að stjórn bankans gæti ekki sett jafnvel ríkisstj. stólinn fyrir dyrnar í efnahagsmálum og torveldað störf hennar, eins og ég ætla að komið hafi greinilega fram á tímum vinstri stjórnarinnar frá 1956—58.

Það er því alveg ljóst, að með þessu frv. er verulega bætt úr ágöllum löggjafarinnar 1957 í þessum tveim mikilsverðustu atriðum, og það er mjög í samræmi við skoðanir okkar Alþb.-manna í þessum málum, enda er það ekkert launungarmál, að 1957 var gengið skemmra í þeim breyt., sem þá voru gerðar, heldur en okkar óskir höfðu staðið til, og raunar líka miklu skemmra en stefnuyfirlýsingar bæði Alþfl. og Framsfl. gáfu tilefni til að ætla að gert mundi.

Á hinn bóginn er það skoðun okkar, að um leið og þessar nauðsynlegu og réttu leiðréttingar væru gerðar á skipulagi og stjórn Seðlabankans, hefði átt að gera fleiri skipulagsbreytingar, og er ég þar hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) sammála, og þessar skipulagsbreytingar hefði átt að gera m. a. af hreinum hagkvæmniástæðum. Ég vil þar sérstaklega nefna til, að ég tel, að það hefði átt að leggja Framkvæmdabankann niður, en hans hlutverk er, eins og alkunnugt er, að langmestu leyti á því sviði, sem Seðlabankanum er ætlað að starfa á, og ég hef ekki heldur heyrt nein rök fyrir því, að þeirrar bankastofnunar sé þörf lengur eða hún hafi neitt sérstakt hlutverk að vinna í peningamálunum, a. m. k. ekki hlutverk, sem mætti ekki vinna á hagkvæmari hátt af Seðlabankanum og þá af viðskiptabönkunum, að því leyti sem það kynni að falla undir þeirra starfssvið.

Það er líka augljóst, að sú ráðstöfun að sameina störf Framkvæmdabankans Seðlabankanum hefði getað haft í för með sér mjög mikinn sparnað í rekstri bankakerfisins, en ég hygg ekkert ógagn hefði getað af því orðið. Og ég verð að segja það, að mér finnst það gegna furðu af ríkisstj., sem a. m. k. er alltaf með sparnaðarhjal á vörum og hefur jafnvel aflað sér sérstakra ráðunauta í þeim efnum til þess að benda sér á ýmislegt, sem mætti spara í ríkiskerfinu beint, og þá að sjálfsögðu í þeim stofnunum öðrum, sem því eru skyldastar, að hún skuli ekki hafa hugleitt þessi mál neitt út frá þeirri hlið.

En það er hér sem oftar, að reynslan hefur orðið sú, að það er gengið alveg í öfuga átt við sparnaðar- og hagkvæmnistefnuna, sem sagt er þó að hæstv. ríkisstj. vilji fylgja.

Í stað þess að vel mætti komast af með einn banka, við skulum segja eitt bankaráð og tvo bankastjóra, fyrir starfsemi bæði Seðlabankans og Framkvæmdabankans eiga nú að starfa tveir bankar með fjölmennu starfsliði að sjálfsögðu og samtals hvorki meira né minna en 14 bankaráðsmenn og bankastjórar. Við hvora þessa stofnun á að vera sérstök hagfræðideild, hvor með sitt tímarit t. d. og með miklu starfsliði, og skyld störf og þessar hagfræðideildir vinna eru svo líka unnin að sjálfsögðu af Hagstofu Íslands og líklega að einhverju leyti af svokölluðu efnahagsmálaráðuneyti.

Það mætti kannske búast við því, að það væri nú vel séð fyrir hagskýrslugerð með öllum þessum stofnunum. En þó held ég, að það sé

ekki um deilt og kannske fáum betur kunnugt en hv. alþm., að þessi störf eru öll í slíkum molum, að þeir menn, sem vilja leita réttra upplýsinga, þurfa að deila um allra einföldustu og sjálfsögðustu hluti, sem allir eiga greiðan aðgang að með öðrum þjóðum. Það er því ekki um það að ræða, að þessi störf skili betri árangri en annars staðar, þar sem þau eru í jafnvel einfaldara formi.

Það var auðvitað hið rétta tækifæri til þess að gera slíkar skipulagsbreytingar sem þessar, sem ég hef nú minnzt á, nú um leið og verið var að gera aðrar breyt. á bankalöggjöfinni, og ég tel það höfuðgalla á þessu frv., að það tækifæri skuli ekki hafa verið notað.

En það hefur ekki bara verið látið undir höfuð leggjast að nota nú rétt tækifæri til sparnaðar og aukinnar hagkvæmni í rekstri bankastofnananna, heldur er beinlínis og það algerlega að ástæðulausu aukinn rekstrarkostnaður, eins og t. d. með fjölgun bankastjóra úr tveimur í þrjá, á sama tíma og starfssvið bankans er þrengt og gert minna en það hefur áður verið.

Ég hef, eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, flutt brtt. með honum um þetta atriði, þar sem við leggjum til, að bankastjórarnir verði aðeins tveir eins og verið hefur.

Það varpar kannske svolitlu ljósi á það, hve þessi ráðstöfun er þarflaus, að nú um alllangt skeið og þangað til fyrir tiltölulega fáum dögum var aðeins einn bankastjóri starfandi við þessa stofnun vegna forfalla sjálfs aðalbankastjórans af alkunnum orsökum. Ég hygg, a. m. k. hef ég ekki heyrt, að það hafi komið fram, að það hafi á nokkurn hátt torveldað starfsemi bankans, að aðalbankastjórinn hvarf þaðan frá störfum um nokkurra mánaða skeið, og virðist það benda til þess, að jafnvel einum manni væri fært að stýra þessari stofnun eða gegna þar störfum. Enn þá minni ástæða hlýtur þá að vera fyrir því að hafa bankastjórana þrjá, og ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Norðurl. e., að ég sé ekki, að önnur rök geti legið til þeirrar ráðstöfunar en þau, að ríkisstj. sé umhugað um að hafa þarna eitt eða tvö bankastjórasæti til ráðstöfunar handa sínum gæðingum.

Ég mun ekki fara í neinn spardátíning varðandi þau atriði frv., sem ég er óánægður með og tel að betur hefðu mátt fara. Þó kemst ég ekki hjá að minnast örlítið á tvö önnur atriði en þau, sem ég hef nú gert að umtalsefni.

Það er í fyrsta lagi, að með ákvæðum 5. gr. frv. er fyrirhugað, að stofnlánadeild sjávarútvegsins verði sérstök deild í Seðlabankanum. Þetta ákvæði tel ég að sé í algerri mótsögn við meginefni frv., þ. e. a. s. það meginefni þess að skilja starf viðskiptabankakerfis frá störfum Seðlabankans, og ég tel þetta vera til skemmda á frv. Samkvæmt því lagafrv., sem er hér tekið á dagskrá á þessum fundi, um stofnlánadeild sjávarútvegsins, opnun nýrra lánaflokka við stofnlánadeildina, þá á deildin, auk þess sem hún heldur að sjálfsögðu áfram innheimtu gamalla skulda frá tímum hinnar fyrstu stofnlánadeildar, að veita sjávarútveginum, fyrirtækjum við sjávarútveginn, lán gegn veðum í fasteignum, vélum og skipum. Ég held, að slík starfsemi eigi bæði samkvæmt eðli sínu og eins frá hagkvæmnisástæðum heima í viðskiptabanka eða viðskiptabönkum, og þar sem nú er starfandi sérstök stofnlánadeild fyrir sjávarútveginn í landinu, þ. e. a. s. Fiskveiðasjóður Íslands á vegum Útvegsbankans, þá hefði auðvitað verið langeðlilegast, að þessi starfsemi öll færi þar fram og engu síður fyrir það, þó að um hana gildi sérstök lög og sérstakar reglur.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur gert þeim þætti þessa frv., sem fjallar um bindingu innstæðufjár, bæði sparisjóða og innlánsdeilda, svo góð skil, að ég tel ekki þörf á að bæta þar miklu við, ekki sízt þar sem ég er honum algerlega sammála um þá hlið málsins og hef flutt með honum brtt. þar að lútandi.

Ég held, að sá verknaður að nota þær heimildir, sem settar voru í bankalöggjöfina 1957 um innstæðubindingu á fé sparisjóðanna, á þann hátt sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert og hyggst gera, séu hvort tveggja í senn óverjandi gagnvart hagsmunum þeirra byggðarlaga í landinu, sem mest skortir framkvæmdafé, og jafnframt hrein heimska, skoðað frá hagsmunasjónarmiði þjóðarheildarinnar. Það kann að vera, að nauðsynlegt sé undir vissum aðstæðum að hafa heimildir og nota þær til þess að binda innstæðufé meiri háttar peningastofnana í því skyni að hafa hemil á lánsfjárþenslu og fjárfestingu og til þess að geta beint henni í réttar áttir, en sjálfsagt má þó oftast nær um slíkar ráðstafanir deila að meira eða minna leyti. Og það er vissulega mín skoðun, að almennt séð hafi ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. í þessa átt verið skaðlegar fyrir atvinnulíf og framkvæmdir í landinu. En um hitt held ég að sé ekki hægt að deila, að sú framkvæmd, sem hæstv. ríkisstj. hefur gengizt fyrir á þessum heimildum varðandi smærri innlánsstofnanir, eigi ekkert skylt við það að hafa heildarstjórn á peningamálum þjóðarinnar, þar sem hér er um að ræða svo sáralitlar upphæðir, að þær hafa bókstaflega enga þýðingu varðandi slíka heildarstjórn, þó að þær á hinn bóginn geti skipt verulegu máli fyrir fámenn og fátæk byggðarlög í landinu.

Ég held, að framkvæmd hæstv. ríkisstj. á gildandi heimildum varðandi sparisjóðina, við hliðina á árás hennar á rekstrarfé það, sem félagsmenn í samvinnufélögunum leggja þeim til gegnum innlánsdeildirnar, sé einhver rislægsta stjórnarathöfn, sem um getur á síðari tímum, og að það væri vissulega bezt fyrir hæstv. ríkisstj. sjálfa að taka nú sönsum og láta af þeirri fávíslegu stefnu sinni, sem hún hefur haldið til streitu varðandi það, og hv. þm. hafa vissulega tækifæri til þess að leggja sitt lóð á þá vogarskál með því að greiða till. okkar hv. 1. þm. Norðurl. e. atkv. sitt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 548.

1. brtt. er við 15. gr. frv., og hún er um það, að í stað „fyrsta flokks verðbréf" komi: trygg verðbréf. — Þetta er aðeins orðalagsbreyting. Það er, eins og allir vita, ekkert mat hér fyrir

hendi á verðbréfum, og mér finnst það þess vegna hortittur að tala um „fyrsta flokks verðbréf“ þarna. Það, sem hlýtur að vera meint með þessu, er trygg verðbréf.

2. brtt. er við 19. gr. frv., en í 19. gr. er svo fyrir mælt, að tveir viðskiptabankar skuli auk Seðlabankans löggiltir til þess að verzla með gjaldeyri, þ. e. a. s. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands, en bankastjórn Seðlabankans mun hins vegar heimilt að bæta fleiri bönkum við. Þetta er í samræmi við það, sem nú er, en reglan nú er sú, að það er stjórn Seðlabankans, sem ákveður, hvaða bankar hafi með höndum gjaldeyrisviðskipti. Ég hef á öðrum vettvangi barizt mjög lengi fyrir því, að Búnaðarbanka Íslands væri veitt sams konar heimild og Landsbankanum og Útvegsbankanum til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, en árangurslaust, þar eð það hefur ekki fengizt meiri hluti í stjórn Seðlabankans fyrir till. í þá átt. Ég hef þess vegna leyft mér að taka hér upp í þessa brtt. Búnaðarbanka Íslands og leggja til, að þegar í stað verði löggiltir sem gjaldeyrisbankar — auk Seðlabankans — Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn.

Ég þarf ekki og ætla ekki að hafa mörg orð um réttmæti þessarar tillögu, vil aðeins segja það, að Búnaðarbanki Íslands er ríkisbanki eins og hinir og hann er jafngamall t. d. Útvegsbankanum. Hann er orðinn stór banki og traustur banki, eins og allir vita, og hann hefur áreiðanlega veruleg viðskipti við þá aðila, sem fást við innflutningsverzlun, og liggur því í augum uppi, að það er mikið hagræði fyrir hann að fá heimild til þess að inna þessa þjónustu af hendi gagnvart sínum föstu viðskiptamönnum. Ég held, að það mæli fyllsta sanngirni með þessari breyt., og mér finnst ekki nokkur ástæða til þess að setja Búnaðarbankann í þessu efni skör lægra en hina bankana. Ég vona, að að athuguðu máli geti hv. þm. þessarar deildar orðið sammála um að samþ. þessa brtt., og skal ég ekki fara um hana fleiri orðum að svo stöddu a. m. k. Frá mínu sjónarmiði er hún og hefur lengi verið svo sjálfsögð. Ég hef mikið rætt um þetta annars staðar og hef aldrei heyrt nein frambærileg rök flutt fram fyrir því að synja Búnaðarbankanum um þennan rétt. Það er auðvitað, að um leið og það er gert, mundi hlutur hinna bankanna í þessum viðskiptum minnka eitthvað, en ég get ekki séð, að það séu ástæður, sem réttlæta það að vera á móti því að veita þessum banka réttinn, sem er engu síður orðinn einn af höfuðbönkunum hér heldur en Landsbankinn og Útvegsbankinn.

Svo flyt ég 3., 4. og 5. brtt. við 24., 25. og 26. gr., sem allar eru orðalagsbreyt., þannig að í staðinn fyrir „bankastjórn“ í þessum greinum komi: framkvæmdastjórn. — Það er alveg ótvírætt, að í þessum greinum er átt við bankastjórana, og kemur það einnig fram í athugasemd. En að mínum dómi er í öðrum greinum frv. ýmsum með bankastjórn eða stjórn Seðlabankans eða jafnvel orðinu Seðlabankinn, sem mjög víða er notað, átt við það, sem eðli málsins og orðanna hljóðan samkvæmt er bankastjórnin, þ. e. a. s. bankaráð plús framkvæmdastjórnin. Ég held þess vegna, að það horfi til skýringar á lögunum að setja framkvæmdastjórn þarna í staðinn.

Svo er 5. brtt. líka um það, að við gr. bætist ný málsgrein, þar sem tekið er fram það, sem mér virðist vanta í frv., ákvæði um það, hverjir skuldbindi bankana. Því verður kannske svarað, að um þetta verði sett ákvæði í reglugerð. En ég held, að í ákvæðum um hina bankana séu þess háttar ákvæði í sjálfum bankalögunum, og ég held, að það geti ekki orkað tvímælis, að slík ákvæði sem þetta, hvað þurfi til þess að skuldbinda bankann, eigi heima í lögunum.

Þá er 6. brtt. um það, að ný grein komi inn á eftir 32. gr., sem verði 33. gr., og hún er um það, að Alþ. kjósi tvo endurskoðendur, svo sem verið hefur, til þess að endurskoða reikninga bankans. En með þessu frv. er gert ráð fyrir því, að það verði ekki framvegis kosnir endurskoðendur af Alþ., heldur sé það sérstök endurskoðunardeild, þ. e. a. s. starfsmenn stofnunarinnar í sérstakri endurskoðunardeild, sem á að vísu að lúta undir bankaráðið og formanni bankaráðs er sérstaklega ætlað að hafa eftirlit með, sem á að sjá um endurskoðunina. Það er að sjálfsögðu gott að hafa endurskoðunardeild þannig innan bankans og þörf á því að hafa sérkunnáttumenn til þess að fjalla um reikningana. En ég verð nú að segja það, að ég kann ekki við að fella niður það að hafa þingkjörna endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga bankans og kann ekki við það frávik, sem með því er gert frá því, sem gildir um hina bankana. Það er alveg eins eðlilegt og nauðsynlegt fyrir Alþ. með þessum hætti að hafa eftirlit með þessum banka eins og hinum, að láta sína trúnaðarmenn, sem það kýs til ákveðins árabils, hafa með endurskoðunina að gera. Það má vera, að þetta hafi bara verið einhver gleymska í frv., ég satt að segja vildi vona það. Í frv. er að vísu gert ráð fyrir, að samráð sé haft við bókhaldsfróðan endurskoðanda. Mér finnst það samt sem áður ekki tryggilegur háttur og ekki viðeigandi. Það má vel vera, að sumir geri ekki mikið úr endurskoðun hinna þingkjörnu endurskoðenda, en það er nú samt sem áður siður, sem mér finnst ekki rétt að hverfa frá.

Svo er það 7. brtt. Hún er við 34. gr. — 34. gr. hljóðar svo í frv., með leyfi forseta: „Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt, er þeir fá vitneskju um í starfi sínu.“ Fari greinin svona orðuð frá hv. Alþ., þá sé ég ekki betur en þessir starfsmenn allir verði að ganga með bundið fyrir munninn, því að þeir eru bundnir þagnarskyldu um allt, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Það getur nú verið býsna margt. Ég hef leyft mér að flytja brtt. og legg til, að greinin orðist þannig: „Bankastjórar, bankaráðsmenn og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um atriði, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkv. lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helzt, þótt látið sé af starfi.“ Þannig orðað er þetta í samræmi við þá reglu, sem gildir um opinbera starfsmenn almennt.

Loks hef ég svo borið fram brtt. við 36. gr. á þá lund, að í reglugerð séu einnig sett fyrirmæli um lífeyrissjóð starfsmanna bankans. Ég hef ekki fundið, að það væru í þessu frv. nein ákvæði um lífeyrissjóð starfsmanna þessa banka. Þó er það hins vegar svo, að starfsmenn Seðlabankans eru í lífeyrissjóði og eftirlaunasjóði Landsbankans, og það getur náttúrlega ekki verið meiningin að breyta því í sjálfu sér, það hlýtur að vera gert ráð fyrir því, að eftir sem áður verði starfsmenn bankans tryggðir hjá lífeyrissjóði og bankinn með sama hætti og verið hefur greiði í þann lífeyrissjóð. En til þess að fá að halda slíku áfram og stofna þannig nýjan lífeyrissjóð að formi til og að byggt verði áfram á þeim grunni, sem skapazt hefur, þá sýnist mér alveg óhjákvæmilegt að hafa einhverja lagaheimild, og vægari getur hún varla verið heldur en þetta, að það sé þó heimilað að ákveða þetta í reglugerð. En ég tel það alveg vafasamt og meir en vafasamt, að það væri heimilt að ákveða slíkt með reglugerð, án þess að hafa nokkra stoð í lögunum til þess. Það er a. m. k. víst, að í gömlu landsbankalögunum eru ákvæði um eftirlaunasjóð starfsmanna.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar brtt. Ég vissi, að þýðingarlaust væri að bera fram brtt., sem högguðu við meginstefnu eða meginefni þessa frv., og hef þess vegna alls ekki lagt í það, en hef hins vegar áður lýst afstöðu minni til þess. Formaður fjhn., hv. 11. þm. Reykv., hefur óskað eftir því, að fjhn. fengi tækifæri til þess að athuga þessar till. Ég get fúslega fallizt á það að taka þessar till. aftur til 3. umr. og mun gera það með ánægju, ef n. vill athuga þær.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að lengja umr. um þetta mál með því að ræða það almennt, enda þótt fróðlegt hefði verið að gera að umtalsefni þau atriði, sem fram hafa komið hér, einkum í ræðum hv. fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjhn., en að svo miklu leyti sem ástæða er til þess, þá geri ég ráð fyrir, að hv. frsm. n. muni gera það.

Orsökin til þess, að ég stend hér á fætur, er raunverulega aðeins ein. Hún er brtt., sem hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) flytur við 19. gr. frv., þ. e. a. s. um, hvaða aðilar skuli hafa réttindi til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Ég get tekið undir hvert orð, sem hann sagði um það mál, og mig furðar í rauninni mjög á því, að það skuli ekki fyrir löngu hafa verið ákveðið, að ríkisbankarnir þrír, sem almenn viðskipti hafa með höndum, hefðu allir gjaldeyrisréttindi. Ég efa það ekki, að talsmenn Búnaðarbankans á hverjum tíma hafa — enda er mér kunnugt um það — mjög beitt sér fyrir því, að bankinn fengi þessi réttindi, og bankinn hefur nú búið svo vel á vissum tímum, að formaður bankaráðs hefur meira að segja um leið verið forsrh. og áhrifamesti maðurinn í þjóðfélaginu, og hann hefur því tvímælalaust haft góða aðstöðu til þess að hrinda þessu máli áleiðis. Ekki skal ég á neinn hátt bera hann sökum um það, að hann hafi ekki haft fullan áhuga á að koma þessu hagsmunamáli bankans fram. En það virðist svo sem þar hafi verið við mjög ramman reip að draga eftir því að dæma, að jafnmikill áhrifamaður skyldi ekki fá um þokað neinu í þessu efni. Hvað sem því líður, get ég alveg tekið undir það, sem hv. flm. brtt. sagði, að ég hef aldrei heyrt nein frambærileg rök fyrir því, að Búnaðarbankanum væri neitað um þessi réttindi. Vitanlega dregur það úr tekjum hinna bankanna, ef fleiri aðilar fá gjaldeyrisréttindi, og það er auðvitað mjög mikið álitamál, hversu langt á að ganga í því að veita einstökum aðilum réttindi til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, vegna þess að það hefur einnig í för með sér allverulegan kostnað fyrir viðkomandi banka eða þá aðila, sem slíka verzlun hafa með höndum, og það gæti því farið svo, ef þessu væri dreift á mjög margar hendur, að það gerði ekki betur en rísa undir þeim tilkostnaði.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. fullyrti hér, að hann hefði beitt sér fyrir því í bankastjórn Seðlabankans, að Búnaðarbankinn fengi þessi umræddu réttindi, en það hefði ekki tekizt að koma því fram. Ég tel mjög þakkarverða hans baráttu fyrir þessu máli. Ég vil hins vegar segja það hér, þar sem það snertir mig persónulega orðið nokkuð mikið, hvað gerist í þessum efnum, þar sem ég hef verið til þess valinn að fara með trúnaðarstörf í þágu þessarar stofnunar, að þá vil ég láta það skýrt koma fram hér einmitt í tilefni þessarar brtt., að ég tel sjálfsagt, að Búnaðarbankinn fái þau réttindi, sem hér er um að ræða. Hitt er svo annað mál, eins og við sjáum af fortíðinni í þessum efnum og eins og viðhorfin eru í sambandi við þessa löggjöf og undirbuning hennar, að þá eru ekki miklar líkur til, að samkomulag gæti orðið um að gera þá breyt., sem hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur lagt til að gerð yrði hér, og ég hefði talið, að það væri óhagstætt fyrir Búnaðarbankann, ef brtt. þessi yrði felld í þinginu. Það gæti leitt til þess, að bankastjórnin, sem þó að formi til er veitt hér heimild til þess að veita þessum banka eigi síður en öðrum aðilum réttindi til að verzla með erlendan gjaldeyri, kynni að telja, að með þeirri afgreiðslu Alþ. á þessari till. væri fengin yfirlýsing um það, að Alþ. eða meiri hl. þess væri andvígur því, að Búnaðarbankinn verzlaði með erlendan gjaldeyri. Ég tel það því sjálfsagt, að þessi till. verði athuguð í fjhn. betur og rannsakað, hvort hugsanlegt er, að það fáist um það samkomulag, að þessi breyt., sem hér um ræðir, verði gerð á frv. Verði hins vegar ekki um það samkomulag, þannig að líkur verði ekki fyrir því, að brtt. yrði samþ., hefði ég talið, að það væri heppilegra, að hún kæmi ekki til atkv., einmitt með hliðsjón af því, að ég tel, að það sé sjálfsagt og Búnaðarbankinn hljóti að leggja á það áherzlu við stjórn Seðlabankans, að hann fái þau réttindi, sem hér er um að ræða. Og ég vil taka það skýrt fram, hvað sem verður um afgreiðslu málsins nú, að þá mun ég leggja á það alla áherzlu og ekki hika við það að gerast aðili síðar, ef ekki tekst um það samkomulag nú, að breyt. á seðlabankalöggjöfinni, sem beinlínis veiti Búnaðarbankanum þessi réttindi, ef

ekki tekst að fá þau fram með samkomulagi á annan hátt.

Þetta taldi ég rétt að kæmi hér fram á þessu stigi málsins varðandi mína afstöðu. Ég tel það þakkarvert, að hv. flm. vill beita sér fyrir því, og það, sem hann hefur gert í því efni í bankastjórn Seðlabankans, og vænti stuðnings hans í því efni í framtíðinni, en tel að öðru leyti nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, áður en þó verður til atkv. gengið um þessa till., hvaða áhrif það kynni að hafa, ef svo færi, að hún yrði hér felld.

Varðandi einstök atriði frv. skal ég ekki fara mörgum orðum, eins og ég sagði í upphafi míns máls, þó að fróðlegt væri að ræða þau. Ég get vel tekið undir það, sem hér hefur komið fram, að það sé fyllilega ástæða til þess að athuga, hvort ekki sé hægt að koma störfum Framkvæmdabankans svo fyrir, að hægt sé að leggja hann niður. Framkvæmdabankinn hefur með höndum nú margvíslega skýrslugerð og athugun á þjóðarhag, sem honum er falin í lögum bankans. Það er jafnframt gert ráð fyrir því, að Framkvæmdabankinn sé ráðunautur ríkisstj. í fjárfestingarmálum, þannig að það eru ýmis verkefni, sem bankinn hefur, sem ef til vill eðli málsins samkvæmt er ekki eðlilegt að leggja beint undir Seðlabankann, þannig að það þarf að athugast, hvort hægt er þá að koma þeim málum fyrir á annan veg.

Það hefur verið samþ. hér á Alþ. till. um að sameina hagskýrslugerð þá, sem unnið er að á vegum ríkisins. Það er vitanlegt, að þeim verkefnum er skipt niður á marga aðila, og full ástæða til að halda, að þar sé um tvíverknað að ræða í ýmsum efnum og að að þeim málum verði ekki eins skipulega unnið og nýtist ekki eins vel starfskraftar og ef þetta væri meira kerfisbundið og unnið að þessum verkefnum meira á einum stað. Ég tel sjálfsagt, að framkvæmd verði sú ályktun Alþ., og kynni þá í sambandi við það að vera hægt að koma fyrir á annan hátt ýmsum þeim verkefnum, sem Framkvæmdabankinn hefur að þessu leyti. Það er því hiklaust persónuleg skoðun mín, að það sé rétt að athuga það, hvort ekki sé hægt að koma verkefnum þessa banka fyrir á þann hátt, að hægt sé að leggja hann niður. Vissulega auðveldast það mjög við það, að Seðlabankinn fær þá stöðu, sem gert er ráð fyrir einmitt í þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Annað atriði í þessu frv. er einnig þess efnis, að ég skal fúslega játa það, að það er mikið álitamál, hvort það á að vera í lögum um Seðlabankann, þó að fjhn. eða meiri hl. hennar gerði ekki till. um að breyta því. Það er meira tekníkst atriði, sem við töldum ekki rétt að breyta, þar sem bankafróðir menn hafa um þetta fjallað og það hefur verið rætt við viðkomandi stofnanir og talið heppilegra að hafa þetta á þann veg. Það, sem ég á hér við, er ákvæðið um, að stofnlánadeild sjávarútvegsins skuli vera í Seðlabankanum. Raunverulega væri miklu eðlilegra, miðað við það, að Seðlabankinn á ekki að hafa almenn viðskipti með höndum, að slík deild væri í Landsbankanum. En ég held ekki, að það mál hafi svo veigamikla þýðingu, á hvorum staðnum þetta er, að það sé ástæða til þess af þeim sökum að fara að gera á þessu breytingu og hagga þeirri skipan, sem samkomulag hefur orðið um að heppilegust væri í þessu efni, þannig að ekki sé ástæða til þess að gera á þessu breyt., þó að ég játi fúslega, að það hefði verið á margan hátt eðlilegra, að þessu hefði verið þannig fyrir komið.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Þeir hv. þm., sem standa að minnihlutaálitum um mál þetta, hafa nú gert grein fyrir máli sínu. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. verulega, þó að hitt og þetta hafi komið fram í ræðum þessara hv. þm., sem ástæðu gæti gefið til athugasemda. Seðlabankamálið er nú þegar orðið svo mikið rætt, að þess er ekki að vænta, að ný sjónarmið, svo að nokkru nemi, komi þar yfirleitt fram.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. (KK) gerði það, að mér skildist, að aðaltillögu sinni, að málinu yrði slegið á frest, en skipuð nefnd til þess að framkvæma heildarendurskoðun bankalöggjafarinnar. Þessari till. er ég fyrir mitt leyti algerlega andvígur og tel, að þar yrði aðeins um óþarfa drátt og tilkostnað að ræða. Það sanna í þessu máli er, að það munu vera fá mál, sem eins mikið hefur verið starfað að í nefndum og á annan hátt undanfarna áratugi. Má þar t. d. nefna, að samstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. skipaði á sínum tíma n. í þetta mál, sumarið 1951. Sú nefnd mun hafa safnað allmiklum gögnum um málið og rætt það ýtarlega. En því miður varð ekki árangur af starfi þeirrar n., þannig að stjórnin gæti komið sér saman um nýja skipan þeirra mála. Út af fyrir sig tel ég það illa farið, að svo tókst til, að ekki varð þannig neinn sýnilegur árangur af starfi þessarar n., en hún mun hafa unnið mjög rækilega að málinu, og ég hef séð ýmis gögn, sem hún safnaði um þetta. Ég álít því, að málið sé svo rækilega athugað frá öllum hliðum, að það mundi aðeins hafa í för með sér óþarfa drátt á því að fara að skipa í það nýja nefnd.

Þeir hv. tveir þm., sem standa að séráliti innan fjhn., hafa lagt fram brtt. á þskj. 563. Með þessum brtt. treysti ég mér ekki til að mæla og vænti þess, að ég tali þar raunar fyrir munn meiri hlutans. Eins og kom fram í framsöguræðu minni, tel ég, að ekki megi slaka á heimildarákvæðunum í 11. og 12. gr., ef Seðlabankinn á að vera fær um að gegna því meginhlutverki sínu, sem ákveðið er í 3. gr. frv. En rétt er að vekja athygli á því, að hér er auðvitað aðeins um heimildarákvæði að ræða, sem ekki er að vænta að stjórn Seðlabankans beiti út í æsar, nema hún telji, að sérstaka nauðsyn beri til þess, og mér finnst, að um afgreiðslu slíkra laga verði að bera nokkurt traust til væntanlegrar stjórnar Seðlabankans, þannig að hún geri ekki slíkar ráðstafanir, sem vitanlega geta haft í för með sér óþægindi fyrir þær stofnanir, sem hér eiga hlut að máli, viðskiptabankana og sparisjóðina, nema nauðsyn beri til. En hitt ætti að vera ljóst, að ástandið í peningamálum getur vel verið þannig, að nauðsyn beri til að nota slíka heimild að

fullu, og auðvitað er það þetta, sem haft er í huga og hafa ber í huga, þegar þessi ákvæði eru sett.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. (ÓlJ) hefur einnig borið fram nokkrar brtt. við þetta frv. Hér er, eins og hann tók fram í framsöguræðu sinni, yfirleitt ekki um mikilvægar efnisbreytingar að ræða, heldur meira um orðalagsbreyt. og fyllri ákvæði í einstökum atriðum. Ég mæltist til þess við hann, að n. fengi tækifæri til að athuga þessar brtt. hans á milli umr., og hefur hann góðfúslega orðið við því, eins og fram kom í því, sem hann sagði. Ég vildi gjarnan sem formaður n. fá tækifæri til þess að bera þetta undir þá sérfræðinga, sem unnið hafa að undirbúningi frv. Í fljótu bragði sýnist mér, a. m. k. hvað snertir sumar þessar brtt., eins og t. d. síðustu tvær brtt., þær 7. og 8., að ekki væri óeðlilegt að setja slík ákvæði eða breyta orðalagi í samræmi við það. En þetta mundi ég óska að bera undir sérfræðingana, hvort sem það verður nú til þess að staðfesta þá skoðun, sem ég hef myndað mér í fljótu bragði, eða fá mig ofan af henni. Ég mun svo sjá til, að það verði athugað fyrir 3. umr. að taka afstöðu til þessara tillagna í einstökum atriðum.

Ég vil taka það fram og get raunar tekið undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. (MJ), að ég er í rauninni alveg sammála hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) um það, að rekstur stofnlánadeildar er ekki eðlilegt hlutverk seðlabanka. En tæknilegar og aðrar ástæður hafa legið til þess, að gert er ráð fyrir því, að stofnlánadeildin sé áfram, eins og verið hefur í rauninni frá upphafi þeirrar stofnunar, í tengslum við Seðlabankann, og hefur meiri hl. n. því ekki séð sér fært að gera till. til breytinga í því efni.

Að lokum vil ég aðeins minnast á það í sambandi við Framkvæmdabankann og skýrslustarfsemi hans, sem hér hefur borið á góma, einmitt í tilefni af því, að hv. 6. þm. Norðurl. e. gat þess, sem alveg er rétt, að samkv. ályktun Alþingis hefur verið skipuð nefnd til þess að athuga hagskýrslugerð og hagrannsóknir hér á landi og möguleika á því að koma þeim í einfaldara form, koma í veg fyrir tvíverknað og þess háttar, að þessi nefnd var skipuð í samræmi við ályktun frá Alþingi af hv. þáv. fjmrh., Guðmundi Í. Guðmundssyni, sumarið 1959, og hófst nefndin þegar handa um að safna gögnum og annað slíkt. En því miður varð um skeið dráttur á því, að hún gæti fyrir alvöru tekið til starfa, vegna annríkis ýmissa þeirra manna, sem sæti áttu í nefndinni, en þetta annríki stafaði m. a. af undirbúningi efnahagsmálalöggjafarinnar á síðasta vori. Nú mun allt tilbúið, að nefndin geti fyrir alvöru tekið til starfa, og vænti ég þess, að hún geti skilað áliti á sumri komanda, og mun hún þá að sjálfsögðu telja sér skylt að athuga m. a. eðlilega skiptingu verkefna milli Framkvæmdabankans og Seðlabankans. En svo lengi sem slík athugun hefur ekki verið gerð, þá finnst mér eðlilegt, að í lögunum sé gert ráð fyrir svipuðu fyrirkomulagi og nú er. Þetta taldi ég rétt að upplýsa, af því að ég var bæði flm. að þeirri þáltill., sem nefndin hefur verið skipuð samkv., og á auk þess sæti í henni.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann sagðist vera því mótfallinn, að bankalöggjöfin yrði endurskoðuð af nefnd, og taldi til þá ástæðu, að 1951 hefði verið skipuð nefnd, sem hefði unnið mikið starf, en enginn árangur hefði orðið af því starfi, og hann harmaði það, að árangur skyldi ekki hafa orðið.

Ég sé ekki betur en harmur hv. þm., ef hann er einhver, sé sönnun þess, að heppilegt væri einmitt, að nefnd starfaði með árangri að þessum málum. Og þó að hægt sé að nefna dæmi um það, að ekki hafi orðið árangur af nefndarstarfi, þá er það ekki sönnun þess, að þetta verkefni eigi ekki alveg sérstaklega við að vinna af nefnd.

Þá lýsti hv. 11. þm. Reykv. því yfir, að hann gæti ekki mælt með því, að samþykktar yrðu þær tillögur, sem við hv. 5. þm. Norðurl. e. leggjum fram um það, að ákveðið sé, að ákvæði 11. gr. nái ekki til minni sparisjóða og innlánsdeilda. Hann vildi réttlæta þá afstöðu sína gegn þessum tillögum með því, að þess mætti vænta, að ákvæðunum yrði ekki beitt harkalega. En hins vegar liggur það nú fyrir, að ákvæðunum á að beita harkalega. Í orðum hans gæti falizt það, að hann teldi, að þeir, sem með völd fara í þessu efni, seðlabankastjórn og ríkisstjórn, mundu taka tillit til aðstöðu vissra stofnana og þá stærðarinnar, taka tillit til munarins, sem enginn getur neitað að er á því, hvort um stóran sparisjóð og fémikla innlánsdeild er að ræða eða lítinn sparisjóð og litla innlánsdeild í fátæku umhverfi. En ég sé ekki betur en það sé útilokað, ef 11. gr. verður samþ. óbreytt, að þessir valdhafar megi taka sanngjarnt tillit í þessu efni, því að í 2. mgr. segir: „Seðlabankinn getur innan þessara takmarka breytt þessu hlutfalli, þegar ástæða þykir til, en sama hlutfall skal ætíð gilda um hvern flokk innstæðna hjá öllum innlánsstofnunum." M. ö. o.: sama skal hlutfallið, sömu aðferð skal hafa, sömu hlutfallskröfur á að gera til allra innlánsstofnana. Þess vegna er ekki hægt að hugga smáu aðilana, þá sem sárast þola þessi ákvæði, með því, að það geti orðið tekið sérstakt tillit til þeirra. Ég finn ekki betur en þarna sé beinlínis fyrir lagt, að eitt skuli yfir alla ganga. Það þarf að vísu ekki að nota hámarkið, en það á að nota sama hámark í hlutfallinu gagnvart öllum. Ég held þess vegna, að rök þau, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. flutti um þetta atriði, falli um sig sjálf. Og ef hann er þeirrar skoðunar, að misjöfn sé aðstaða sparisjóðanna og innlánsdeildanna til þess að þola gjaldbindinguna, þá á hann að fylgja till. okkar hv. 5. þm. Norðurl. e. til þess að tryggja það, að hér sé ekki harkalega beitt ákvæðum gagnvart smælingjum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, SÓÓ.
KK, ÓlJ, PÞ, SE, ÁB, BjörnJ greiddu ekki atkv.
4 þm. (HermJ, JÁ, AGl, FRV) fjarstaddir.
6.—8. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 563,1.a felld með 10:6 atkv.
— 563,1.b felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KK, ÓlJ, PÞ, SE, ÁB, BjörnJ.
nei: FS, GTh, JÞ, KJJ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, SÓÓ.
4 þm. (HermJ, JÁ, AGl, FRV) fjarstaddir.
11. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 563,2 felld með 10:6 atkv.
12.—14. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 548 teknar aftur til 3. umr.
15.—17. gr. samþ. með 10:1 atkv.
18.—22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 563,3 felld með 10:6 atkv.
24. gr. samþ. með 10:2 atkv.
Brtt. 563,4 kom ekki til atkv.
25.—31. gr. samþ. með 10:2 atkv.
32.—33. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
34.—37. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 80. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 505, 548, 578, 579).

Frsm. meiri hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Við þessa umr. liggja enn fyrir allmargar brtt., sem ég skal fara nokkrum orðum um.

Nú hafa verið lagðar fram þær brtt., sem ég boðaði og fjhn. stendur sameiginlega að. Þessar till. eru í rauninni báðar aðeins til leiðréttingar, og legg ég að sjálfsögðu til, að þær verði samþ.

En eins og ég tók fram við 2. umr. málsins, hef ég haft til athugunar síðan þá brtt. á þskj. 548 frá hv. 3. þm. Norðurl. v. Því miður hefur ekki verið unnt sökum annríkis að hafa fund í fjhn., þannig að það, sem ég segi hér, eru aðeins skoðanir mínar, en aðrir hv. nm. eru óbundnir af því. En ég hef, eins og ég talaði um við 2. umr. málsins, rætt þessar till. við sérfræðinga þá, sem undirbjuggu seðlabankafrv., og á grundvelli þeirra viðræðna hef ég komizt að þeirri niðurstöðu um einstakar brtt., sem ég mun nú segja frá í nokkrum orðum.

Hvað snertir 1. brtt., við 15. gr. frv., sem er í rauninni aðeins orðalagsbreyting, þannig að í stað þess að talað er um, að Seðlabankinn hafi heimild til þess að kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur fyrsta flokks verðbréf, komi í staðinn fyrir „fyrsta flokks verðbréf“: trygg verðbréf, þá tel ég, að það orðalag sé til bóta og mun greiða þessari brtt. atkv.

2. brtt. er þess efnis, að nú þegar sé gert ráð fyrir því í lögunum, að Búnaðarbanki Íslands fái heimild til þess að verzla með erlendan gjaldeyri. Ég sé mér ekki fært að mæla með samþykkt þessarar brtt. Sú leið hefur verið valin í þessu efni að gera ráð fyrir því að svo stöddu, að aðeins þeir tveir viðskiptabankar, sem gjaldeyrisverzlun hafa með höndum, Útvegsbankinn og Landsbankinn, eins og hann kemur til að heita nú, hafi þessa heimild áfram, en hins vegar er veitt í 19. gr. heimild til handa bankastjórn Seðlabankans að leyfa öðrum bönkum svo og póststjórninni að verzla með gjaldeyri innan þeirra takmarka, sem hún ákveður. Ég tel nægilegt, að þessi heimild sé fyrir hendi, og ekki ástæður til þess að taka af þeim þremur viðskiptabönkum, sem nú eru starfandi og hafa ekki leyfi til þess að verzla með erlendan gjaldeyri, einn út úr og ákveða þegar í stað, að sá banki fái þessa heimild. Ég hygg, og það hefur komið fram í umr. um þessi mál, að nokkurn undirbúning þurfi til þess af hálfu þeirra viðskiptabanka, sem hafa ekki áður haft slíkt leyfi, að þeir verði færir um að leysa þetta hlutverk af hendi. Tel ég því eðlilegt, að heimild til handa öðrum viðskiptabönkum en þeim, sem þegar hafa gjaldeyrisverzlunina, sé látin bíða, þar til seðlabankastjórnin telur, að þeir að öðru leyti fullnægi eðlilegum skilyrðum í þessu efni, og telur að öðru leyti eðlilegt, að fleiri bankar hafi þessi réttindi, þannig að í stuttu máli legg ég til, að þessi till. verði að svo stöddu felld.

Næstu brtt. hv. 3. þm. Norðurl. v. ganga út á það, að í stað þess að nota orðið bankastjórn um þrjá bankastjóra Seðlabankans sé notað framkvæmdastjórn. Það er efni 3. og 4. brtt. og 5. brtt., stafl. a. Ég er hv. flm. í rauninni sammála um, að betur mundi fara á því að nota orðið framkvæmdastjórn en bankastjórn, því að bankastjórn ætti í rauninni eðli málsins samkvæmt að vera nokkru viðtækara hugtak. Annað mál er það, að sá agnúi er á því að samþykkja þessar brtt., að það yrði einnig að breyta til samræmis samsvarandi ákvæðum í frv. um Landsbanka Íslands og Útvegsbankann, þannig að þau frumvörp, sem annars hefur ekki verið breytt í þessari hv. d., yrðu þá einnig að fara til Nd. Í öðru lagi tel ég, þó að ég mundi að vísu telja það orðalag, sem hv. flm. leggur til, betra, að í lögunum komi það svo skýrt fram, hvað átt er við með bankastjórn, að það muni ekki valda sérstökum misskilningi, þó að þetta sé óbreytt, þannig að tillaga mín hvað þessar tillögur snertir er sú, að þær verði ekki samþykktar, af þeim ástæðum, sem ég hef greint.

Stafl. b í 5. brtt., sem er við 26. gr. frv., gengur út á það, að í l. séu ákveðin fyrirmæli um það, hverjir hafi umboð til þess að skuldbinda bankann. Sérfræðingarnir, sem ég ræddi við, sögðu, að þeirra ætlun hefði að vísu verið sú, að um þetta yrðu sett ákvæði í reglugerð. Hins vegar sé ég, að í l. um Landsbankann og Útvegsbankann eru samsvarandi ákvæði í l. sjálfum. Mér finnst því, að meira samræmi væri í því að setja slík ákvæði einnig í lögin um Seðlabankann, og þar sem brtt. er einmitt í

fullu samræmi við ákvæði hinna lagafrv. hér að lútandi, þá legg ég til, að þessi brtt. verði samþykkt.

6. brtt. gengur út á það, að Alþingi kjósi endurskoðendur bankans, þar sem frv. gerir ráð fyrir því, að bankaráðið sjái um endurskoðunina. Það er auðvitað álitamál, hvað sé réttara í þessu efni, og verulega efnislega þýðingu hefur það að mínu áliti ekki, hvor leiðin mundi vera farin, því að bankaráðið er kosið af Alþingi, þannig að þeir, sem í því eiga sæti, eru fulltrúar Alþingis gagnvart bankanum, þannig að óbeint má segja, að það sé í umboði Alþingis, sem endurskoðunin fer fram, þó að frv. væri samþykkt óbreytt. Sérfræðingarnir tjáðu mér, að það, sem fyrir þeim hefði vakað með því að gera ráð fyrir því, að bankaráðið sæi um endurskoðunina, væri, að bankaráðsmenn fengju meira aðhald um það en ella að kynna sér málefni bankans, fjárreiður o. s. frv. Þetta verður auðvitað matsatriði, en ég lít svo á, að þetta atriði hafi ekki þá þýðingu, að ástæða sé til þess að samþykkja þessa brtt.

7. brtt. fjallar um þagnarskyldu starfsmanna bankans. Ég sé það við nánari athugun, að það er að vissu leyti ósamræmi í ákvæðum, sem lúta að þessu, hvað snertir seðlabankafrv. annars vegar og frumvörpin um viðskiptabankana hins vegar, þar sem auðsætt er, að þagnarskylduákvæðin í seðlabankafrv. eru miklu strangari en samsvarandi ákvæði í frumvörpunum um viðskiptabankana. Í rauninni finnst mér þetta öfugt við það, sem eðlilegt væri, því að telja verður líklegt, að starfsmenn viðskiptabankanna komist að miklu fleiri leyndarmálum en starfsmenn Seðlabankans. Ég tel það því til bóta, að þessi brtt. verði samþykkt, og legg það til.

8. og síðasta brtt. á þskj. 548 gengur út á það, að í reglugerð skuli sett fyrirmæli um lífeyrissjóð starfsmanna bankans. Hér er aðeins um það að ræða, hvort þessi ákvæði skuli vera í reglugerð eða lögum, og má á það benda, að í 31. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að bankaráð ákvarði laun bankastjóra og annarra starfsmanna bankans svo og eftirlaun. Í frv. um viðskiptabankana eru samsvarandi fyrirmæli og í frv. um Seðlabankann. Þar er einnig gert ráð fyrir því, að slík ákvæði skuli sett í reglugerð. Ég teldi því meira samræmi í því að hafa þetta óbreytt og get ekki mælt með þessari síðustu brtt. En annars er hér aðeins um það að ræða, hvort þessi ákvæði eigi að vera í reglugerð eða lögum, og við undirbúning laganna hefur verið gengið út frá því sem eðlilegum og sjálfsögðum hlut, að um þetta yrðu sett ákvæði í reglugerð, þó að það sé ekki beint tekið fram í lögunum sjálfum að öðru leyti en því, sem stendur í 31. gr. og hér er vitnað í.

Að lokum vildi ég aðeins fara örfáum orðum um brtt. á þskj. 579, sem borin er fram af hv. 9. þm. Reykv., þess efnis, að breytt sé nafni bankans, þannig að í stað nafnsins „Seðlabanki“ komi: Þjóðbanki. Ég skal ekki draga neina fjöður yfir það, að ég tel, að frá hinu fræðilega sjónarmiði séð sé Seðlabankaheitið ekki alls kostar heppilegt, vegna þess að seðlaútgáfan er aðeins hluti af því hlutverki, sem bankanum er ætlað. Og ef skipta ætti um nafn, þá kæmi nafnið Þjóðbanki náttúrlega mjög til álita. Hins vegar eru að mínu áliti tveir agnúar á því að gera þessa nafnbreytingu, sem ég tel það mikla, að ég sé mér ekki fært að mæla með því, að þessar brtt. verði samþ., þó að ég viðurkenni fullkomlega þau rök, sem þeim liggja að baki. Má í fyrsta lagi nefna það, að nafnið Seðlabanki, þó að það sé e. t. v. ekki alls kostar heppilegt, hefur nú þegar fengið talsverða hefð. Þetta nafn hefur í rauninni haldizt allt frá því að lögin um Landsbankann voru sett árið 1927, en þá var honum skipt í þrjár deildir, seðladeild, sparisjóðsdeild og veðdeild, en seðladeildin fékk þá þegar nafnið Seðlabanki. Þótt orðið væri mjög rótgróið í daglegu tali að tala um seðladeild, þá hét hún frá upphafi Seðlabanki. Þegar aðskilnaðurinn var gerður í milli seðlabankans og viðskiptabanka Landsbankans með bankalöggjöfinni 1957, var tekið upp nafnið Seðlabanki, og hefur stofnunin starfað undir því nafni síðan. Annar annmarki, sem mundi vera á nafnbreytingunni, sem er að vísu ekki eins mikilvægur, er sá, að þýðingin á heitinu Landsbanki á ensku máli hefur verið The National Bank of Iceland, og leggur Landsbankinn mikla áherzlu á það, að hann fái eftir þá breytingu, sem nú verður gerð, að halda því nafni áfram og telur það máli skipta fyrir sín viðskipti erlendis. Mér finnst það dálítið andkannalegt, ef maður notar nafnið Þjóðbanki, að þýða það öðruvísi á enska tungu en sem National Bank, sem væri eðlilegasta og réttasta þýðingin. Maður getur auðvitað hugsað sér slíkt, en dálítið væri það andkannalegt, en hitt er sjálfsagt, að fara að óskum Landsbankans um það, að hann þurfi ekki að breyta sínu enska heiti.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. frsm. fjhn., 11. þm. Reykv., fyrir þær undirtektir undir þessar brtt., sem hann lét í ljós, og þó að hann tæki það fram, að hann gæti ekki talað fyrir nefndarinnar hönd beint, þá býst ég við, að það verði nú síður ágreiningur um þær brtt., sem hann mælti með. Ég skal því ekkert fjölyrða um þær. En þær voru 1. brtt., 5. brtt., b-liður, og 7. brtt. En það eru hinar, einkanlega tvær þeirra, sem mig langar til að fara aðeins örfáum orðum um.

Það má nú segja, að höfuðbrtt. í þessu sé 2. brtt., þar sem gert er ráð fyrir því, að Búnaðarbankinn ásamt hinum bönkunum tveimur verði löggiltur sem gjaldeyrisbanki. Það er náttúrlega rétt, sem hv. frsm. sagði, að það þarf sinn undirbúning hjá þeim banka, sem tekur að sér gjaldeyrisviðskipti. En ég lít nú svo á, að sú ástæða væri út af fyrir sig ekki til hindrunar því, að þessi samþykkt væri gerð hér, vegna þess að þarna er aðeins um rétt að ræða, og það gæti svo síðan dregizt eðlilegan tíma, að Búnaðarbankinn tæki til við þessi gjaldeyrisviðskipti, þó að hann fengi réttinn með þessum hætti. En með þessari brtt. treysti frsm. sér ekki að mæla, og liggur það þá fyrir, að um hana er ekki samkomulag, og býst ég

þess vegna við því, að það séu tiltölulega litlar líkur til, eins og málið er vaxið, að hún nái fram að ganga að þessu sinni.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. benti á það við 2. umr. málsins, að hugsazt gæti, að það hefði þau áhrif, ef þessi brtt. væri felld hér á Alþingi, að það yrði torveldara eftir en áður að sækja mál þetta á öðrum vettvangi. Mín meining hefur aðeins verið sú að reyna að greiða fyrir því að fá það fram, að Búnaðarbankinn fengi þessi réttindi, því að eins og ég tók fram við 2. umr., þá álít ég alla sanngirni og öll rök mæla með því, að hann fái gjaldeyrisréttindi eins og hinir bankarnir. En ég vil ekki á neinn hátt verða til þess að torvelda það, að bankinn fái þessi réttindi síðar. Ég hef hreyft þessu máli hér og sýnt minn vilja í því efni, en það liggur sem sagt fyrir, að það eru ekki líkur til þess, að það nái hér fram að ganga. Þegar málið er þannig vaxið, og mér skildist það vera eiginlega tilmæli frá hv. 6. þm. Norðurl. e., sem er fyrirsvarsmaður bankans, að málið yrði ekki látið ganga undir atkv. hér við þær aðstæður, þá vil ég fyrir mitt leyti verða við þeim tilmælum og mun ekki óska atkvgr. um þessa brtt.

Viðvíkjandi brtt. 3, 4 og 5, a-lið, þá vil ég aðeins enn þá benda á, að það er enginn vafi á því, að í þessum greinum merkir bankastjórn Seðlabankans framkvæmdastjórnina. Hins vegar er að mínu áliti orðið bankastjórn í ýmsum öðrum greinum laganna notað í hinni víðtækari merkingu. Þess vegna óttast ég um, að það verði síðar ágreiningur í ýmsum samböndum, í hvaða merkingu orðið bankastjórn er notað. Ég skal aðeins benda á þessa grein, sem ég var nú síðast að ræða um, 19. gr. Þar segir, að bankastjórn Seðlabankans geti heimilað öðrum bönkum gjaldeyrisviðskipti. Er þá þar, í þeirri gr., átt aðeins við framkvæmdastjórnina eða er átt við bankastjórnina í víðtækari merkingu? Ef ekki er breytt til í þessum gr., 24., 25. og 26., þá gæti verið nokkur hætta á því, að t. d. 19. gr. og fleiri greinar yrðu túlkaðar þannig, að þar væri líka átt aðeins við framkvæmdastjórnina. Þess vegna finnst mér þetta vera nokkurt athugunarefni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um hinar brtt. Þær liggja ljóst fyrir. Þó vil ég aðeins segja það um 8. brtt., að ég felli mig ekki við það að hafa ekki alveg skýr ákvæði í lögunum um heimildina til lífeyrissjóðs. Það er að vísu þarna í einu ákvæði talað um, að bankaráð ákveði laun og eftirlaun. En það er dálítið annað lífeyrir en eftirlaun. Bankastjórarnir greiða t. d. ekki í lífeyrissjóð, en það er gert ráð fyrir því, að þeir hafi eftirlaun. Ég get t. d. bent á, sem reikningar bankans bera með sér, að á líklega tveimur undangengnum árum hefur verið lögð til hliðar 1½ milljón á hverju ári til þess að mæta tapi, sem orðið var á þessum lífeyrissjóði, og það er dálítið óeðlilegt, að bankastjórnin hafi ekki alveg örugga heimild á bak við sig til slíkra hluta, og alveg er víst um það, að það getur ekki gert nokkrum neinn miska, þó að samþ. sé þetta ákvæði, sem þarna er í 8. brtt., að í reglugerð skuli sett þessi fyrirmæli. Það er alveg auðsætt, að það getur engu spillt.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Á þskj. 579 flyt ég brtt. við þetta frv. til laga um Seðlabanka Íslands. Í raun og veru er ekki nema um eina brtt. þar að ræða, þ. e. að nafni bankans verði breytt. Orðið seðlabanki er heldur leiðinlegt orð, og einkum finnst mér það óvirðulegt nafn á æðstu peningastofnun landsins. Ég hef átt tal við ýmsa menn um nafnið, og ég hef engan hitt, sem væri ekki óánægður með þetta nafn: Seðlabanki Íslands. Ég flyt því till. um það, að nafninu verði breytt og að bankinn verði kallaður Þjóðbanki Íslands.

Hv. frsm. meiri hl. fjhn. taldi tvo agnúa á því að samþ. þessa brtt. Annar var sú hefð, sem skapazt hefur um þetta nafn, Seðlabanki, en hinn var sá, að Landsbanki Íslands hefði sem sitt erlenda heiti National Bank. Báðar þessar fyrirbárur finnst mér heldur léttvægar. Hefðin hefur hér ekki mikið að segja. Það var eðlilegt fyrst framan af, meðan seðlabankinn var aðeins deild í öðrum banka, að hann héti þessu nafni þá. Þá átti það við, en nú alls ekki, eins og hv. frsm. meiri hl. fjhn. tók fram. Hlutverk þessa banka, sem hér er um að ræða, er miklu víðtækara en svo, að orðið seðlabanki nái þar yfir. Landsbanki Íslands gæti prýðilega eftir sem áður heitið National Bank á erlendu máli, með því að erlenda heiti Seðlabankans eða Þjóðbankans er Central Bank. Þar yrði aldrei um að ræða neinn rugling. Auk þess kæmi til greina, ef þess þætti þörf, að Landsbankinn tæki sér upp annað erlent nafn. Það væri ekki ósanngjarnt, að hann gerði það, ef á þyrfti að halda, fyrir þessa æðstu fjármálastofnun landsins. En það er fyrst og fremst af því, að mér finnst orðið seðlabanki heldur leiðinlegt nafn á virðulegri stofnun, það er fyrst og fremst þess vegna, sem ég ber fram þessa till., en tel ekki, að ég þurfi að hafa um það fleiri orð.

ATKVGR.

Brtt. 578,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 578,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 548,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 548,2 tekin aftur.
— 548,3 felld með 10:8 atkv.
— 548,4 kom ekki til atkv.
— 548,5.a kom ekki til atkv.
— 548,5.b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 548,6 felld með 11:8 atkv.
— 548,7 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 548,8 felld með 10:8 atkv.
— 579,1 felld með 10:8 atkv.
— 579,2—34 þar með fallnar.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:6 atkv. og endursent Nd.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 630).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 651).

51. Raforkulög.

Á 69. fundi í Nd., 27. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 21. apríl 1954, um viðauka við raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946 [202. mál] (stjfrv., A. 418).

Á 70. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 1. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Með frv. þessu er lagt til að hækka ábyrgðarheimild úr 200 millj. í 350 millj., þannig að fjmrh. sé heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánanna allt að 350 millj.

Með lögum nr. 5 1956 var fjmrh. heimilað að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lána allt að 200 millj. kr. vegna 10 ára raforkuáætlunarinnar, en eins og kunnugt er, hafa orðið miklar verðbreytingar síðan, og nægir þessi upphæð ekki til þess að ljúka 10 ára áætluninni, enda er þessi heimild að mestu notuð. Þykir því nauðsynlegt að hækka heimildina upp í 350 millj., og er þá ætlað, að það nægi til ársloka 1963, eða sem næst að ljúka tíu ára áætluninni.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér í sambandi við þetta frv. að beina þeirri fsp. til hæstv. landbrh., hvort meiningin sé með þeirri lánsheimild, sem hér er farið fram á, að taka ef til vill eitthvað af þeim lánum erlendis. Það er tvímælalaust rétt, að það er allmiklu dýrara nú að framkvæma tíu ára áætlunina en upphaflega var hugsað og fjár þess vegna tvímælalaust þörf til þess. En það hlýtur að valda allmiklu um afstöðu Alþingis í svona málum, hvort meiningin sé að taka erlend lán til þeirra framkvæmda, sem hér eru fyrirhugaðar. Ég geng út frá, að sú lánsheimild, eins og eðlilegt er, sem þarna er talað um, sé einvörðungu vegna tíu ára áætlunarinnar, og við vitum öll, að tíu ára áætlunin er raunverulega fyrst og fremst svo að segja þjóðfélagslega nytsamt fyrirtæki á sama hátt og spítalar eða skólar, en ekki fyrst og fremst fjáraflafyrirtæki, sem stendur undir sínum rekstri. Ég vildi leyfa mér að biðja hæstv. ráðh. að upplýsa, hvort þetta sé meiningin.

Í öðru lagi vildi ég beina þeirri fsp. í sambandi við þetta mál til hæstv. ráðh., þar sem ég þykist vita, að hér sé einvörðungu átt við tíu ára áætlunina og fé til hennar, hvort ríkisstj. hafi þegar tekið nokkrar ákvarðanir viðvíkjandi þeim framhaldsvirkjunum, sem orðin er alveg óhjákvæmileg nauðsyn á. Það hefur undanfarið í sambandi við öll okkar raforkumál verið svo, að við höfum allt of seint og raunar þá um leið ráðizt í allt of lítið, og hver dráttur, sem á ákvörðunum um slíkt verður, er þjóðfélaginu mjög dýr.

Nú er það svo, að mér ætti kannske að einhverju leyti að vera kunnugt um þessi mál, af því að ég á sæti bæði í þeirri Sogsvirkjunarstjórn, sem hingað til hefur haft með virkjanir að gera, og í raforkuráði. En við stöndum nú í okkar raforkumálum á þeim tímamótum, að Sogið er fullvirkjað hvað snertir vatnsföllin í því og aðeins hægt að bæta þar við vélum, þannig að sú næsta virkjun, sem verður að leggja í á Íslandi, er virkjun, sem enn þá er ekki ákveðið með lögum, hvaða aðili skuli leggja í. Sogsvirkjunarstjórninni ber ekki samkvæmt lögum að sjá um það, og það hefur ekki enn þá verið flutt neitt frv. af hálfu hæstv. ríkisstj. um, hvernig þessum málum skuli skipað í framtíðinni, hvort þar skuli höfð svipuð samvinna milli ríkisins og Reykjavíkurbæjar og verið hefur viðvíkjandi þessum allstóru virkjunum í Soginu eða hvort ríkið eitt á að vinna að þeim framkvæmdum. Það væri nauðsynlegt, að ríkisstj. og Alþingi kæmust fljótlega að niðurstöðu um þessi mál, helzt áður en þessu þingi lýkur, því að öll töf í þessum málum er okkur svo dýr, að það er illt að verða að súpa seyðið af því seinna. Þess vegna væri ákaflega æskilegt, ef hæstv. ráðh., þó að honum beri engin skylda til þess í sambandi við þetta mál beint, gæti gefið upplýsingar um, hvernig það mál stendur.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þessar fyrirspurnir og aths. hv. 3. þm. Reykv. eru ekki nema eðlilegar og sjálfsagt, að menn fari að gera sér grein fyrir framvindu þessara mála yfirleitt, og alveg rétt, sem hann sagði, að það ber að hraða athugunum og framkvæmdum í þessu efni.

Í sambandi við fyrstu fsp., hvort meiningin sé að taka erlent lán til þess að geta staðið við tíu ára áætlunina, þá er því til að svara, að erlend lán verða því aðeins tekin, að ekki sé mögulegt að afla nægilegs innlends fjármagns í því skyni. Ríkisstj. telur, að það beri að standa við tíu ára áætlunina, og til þess þarf mikið fé, og að sjálfsögðu verður reynt að útvega svo mikið innlent fjármagn í því skyni sem unnt er. En ef á það vantar og það, sem kynni að vanta þar á, verður að fá erlendis frá. Ég get ekki svarað þessari fsp. á annan hátt, að það verður vitanlega ekki tekið meira fé erlendis í þessu skyni en brýnasta nauðsyn krefur, og æskilegast væri, að við hefðum yfir nægilegu innlendu fjármagni að ráða.

Ríkissjóður ábyrgist samkv. þessu frv. eingöngu lán vegna tíu ára áætlunarinnar og einskis annars, enda felur frv. það í sér.

Í þriðja lagi er spurt um það, hvort ákvarð-

anir hafi verið teknar viðvíkjandi framhaldsvirkjunum. Þá er því til að svara, að það hefur ekki enn verið gert. En ég vil upplýsa, að það er nokkuð að birta til í þessu efni, því að á s. l. hausti gerði raforkumálastjóri áætlun um, að það mundu kosta 40 millj. kr. rannsóknir á vatnasvæðum Hvítár og Þjórsár, til þess að unnt væri að gera sér grein fyrir því, hvað ætti að virkja og hvernig hagkvæmast væri að standa að þessum málum. Ef kostnaður væri 40 millj. kr., tæki óhjákvæmilega nokkur ár að komast að þessari niðurstöðu. Nú hefur aðeins verið varið 4 millj. á ári í þessu skyni, og þá tæki tíu ár að fá fullnaðaráætlun. Og það er víst, að ég og hv. 3. þm. Reykv. erum sammála um það, að við höfum ekki efni á að bíða svo lengi.

Það var einu sinni, að mig minnir, á raforkuráðsfundi í vetur, að við vorum að tala um, að það væri æskilegt að tvöfalda þessa upphæð eða meir, þannig að þessi rannsókn tæki ekki nema 4—5 ár. Það er einnig allt of langur tími, og það munum við einnig vera sammála um. Fyrir stuttu hef ég rætt við raforkumálastjóra og Eirík Briem um þetta, og þeir telja, að það muni vera mögulegt, jafnvel um næstu áramót, að gera sér fullnaðargrein fyrir því, hvaða stórvirkjun gæti orðið næst. Það er ekki 100% öryggi í því enn, en það er 90% öryggi, að það verði Búrfellsvirkjun, sem ætlað er að gefi 175 þús. kw. Ef það kæmi í ljós við næstu áramót, að Búrfellsvirkjun væri hagkvæm með 175 þús. kw., þá er það ábyggilega miklu betra en við þorðum að vona í vetur, þegar við vorum að tala um þessi mál.

Ég get upplýst það, að raforkumálaskrifstofan vinnur að þessum málum nú af fullum áhuga og þeim flýti, sem mögulegt er. Það er rétt, sem hv. þm. sagði hér áðan, að Sogið er fullvirkjað, og það líða ekki ýkja mörg ár, þangað til það verður raforkuskortur, og þess vegna megum við ekki halda að okkur höndum í þessu efni. Vissulega væri hagkvæmt að geta gert tvennt í senn, að virkja nóg til hinnar venjulegu notkunar og einnig í leiðinni nægilega mikið til stóraukins iðnaðar, sem gæti aflað þjóðinni gjaldeyris. En að sjálfsögðu hefur ekki verið tekin ákvörðun um þetta.

Hv. fyrirspyrjandi hefur sérstaklega góða aðstöðu til þess að fylgjast með í þessu, þar eð hann er bæði í Sogsvirkjunarstjórn og raforkuráði, en eins og ég sagði áðan, það er eðlilegt, að menn spyrji og hugleiði svo mikið hagsmunamál sem þetta.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir hans upplýsingar.

Það er viðvíkjandi því að taka erlend lán til þess að fullkomna tíu ára áætlunina. Það er engum efa bundið, hvað tíu ára áætlunin út af fyrir sig er nytsamlegt og gott fyrirtæki fyrir þá, sem hennar njóta. En við verðum að gá að því, þegar við hugsun um fyrirtæki eins og tíu ára áætlunina, að þetta eru fyrst og fremst kjarabætur, sem við erum að skapa. Það er fyrst og fremst að búa betur í haginn fyrir fólk, til þess að það geti lifað á þeim stöðum, þar sem það er að vinna. Það er það, sem við verðum fyrst og fremst að hafa í huga. Þetta er þjóðfélagsleg ráðstöfun til þess að reyna að jafna aðstöðuna milli þegnanna í þjóðfélaginu. Það er fyrst og fremst slík mannréttindaráðstöfun.

Það, sem þurfti frá upphafi að fylgjast að í rafmagnsmálunum, var, að jafnhliða því, sem við gerðum slíkar ráðstafanir til þess að bæta kjör almennings og gera ekki hvað sízt líf þeirra, sem búa í dreifbýlinu, viðunandi, þá þurfti af stórhug að ráðast í þær stórvirkjanir, sem áttu að bera uppi iðnaðinn í landinu, og það er það, sem alltaf hefur verið vanrækt og er enn. Hér er lagt til að bæta við 150 millj. kr. lántökuheimild. Er út af fyrir sig gott að verja því til nytsamlegra og nauðsynlegra kjarabóta. En það þurfti fyrir löngu að vera búið að gera áætlanir um stórhuga framkvæmdir um leið, sem þyddu veruleg fyrirtæki, sem stæðu undir þjóðarbúinu, sem aldrei hefur fengizt og ekki liggur enn þá fyrir.

Það, sem olli því fyrst og fremst, að ég spurði viðvíkjandi útlendu lánunum í þetta, er, að ég varð einnig var við það í sambandi við nokkuð, sem hér var rætt um, vegalagningu, og það var jafnvel hugsað um að taka erlent lán til mikilla vegalagninga á Íslandi. Samtímis kemur það fram, að það er jafnan talað um það svo að segja í flimtingi, að svo framarlega sem t. d. verkamenn í landinu fái kjarabætur, þá verði að fella gengi krónunnar. Það eru til menn, sem eru svo ábyrgðarlausir, að þeir láta sér svona um munn fara. En á sama tíma er talað um að taka erlent lán til vegalagningar og til nauðsynlegra kjarabóta eins og tíu ára áætlunarinnar. Það er aðeins þetta, sem ég vildi minnast á. Þetta megum við ekki gera. Annaðhvort verðum við að sníða okkar framkvæmdum í þessum efnum stakk eftir okkar innlendu getu eða við verðum að ganga þannig frá, að það sé ekki beitt þeim aðferðum í annarlegum tilgangi að lækka gengi krónunnar hvað eftir annað og valda því þannig, að fyrirtæki eins og Sogsvirkjunin t. d. núna og áburðarverksmiðjan og slík verði að fara að borga upp aftur og aftur sömu skuldirnar.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir hans svör viðvíkjandi útlitinu um framtíðina viðvíkjandi stórvirkjunum. Ég tók að vísu ekki eftir, að hann kæmi inn á, hvort hæstv. ríkisstj. hefði nokkuð athugað um rekstrarform á þessum hlutum enn þá, en eðlilegt væri, að það færi sem fyrst að birta þannig til, að við hefðum hugmynd um, hvað eðlilegt væri að ráðast í næst, fyrst allur undirbúningur hefur gengið 15 árum of seint í þessum málum.

Ég ætla ekki að öðru leyti að gera þetta að umtalsefni nú, en það væri ákaflega æskilegt, að við við tækifæri ræddum þessi mál, þegar hæstv. ríkisstj. væri til þess reiðubúin, áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 418, n. 521).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. þetta hefur verið til meðferðar í fjhn., og hefur n. haldið einn fund um málið. Efni frv. er rýmkun á lánaheimild fyrir fjmrh. vegna raforkumálasjóðs og rafveitna ríkisins.

Samkv. eldri lögum, nr. 5 frá 1956, þegar samin voru lög um 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins, var gert ráð fyrir, að til þeirra framkvæmda mundi þurfa um 200 millj. kr., en síðan hafa, eins og kunnugt er, miklar verðbreytingar átt sér stað í landinu, og er þetta fé nú þegar notað að mestu, svo að hér er farið fram á að hækka þessa heimild upp í 350 millj., þ. e. a. s. um 150 millj., og er talið, að það muni nægja til þess að ljúka framkvæmdum fyrir árslok 1963.

Fjhn. hefur orðið sammála um að mæla með því við d., að frv. þetta verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 78. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta skýrir sig sjálft. Innihald þess er að hækka ábyrgðarheimild til handa fjmrh. úr 200 millj. í 350 millj. vegna tíu ára áætlunar um rafvæðingu landsins. Ábyrgðarheimild þeirri, sem nú er fyrir hendi, er eiginlega að verða lokið, en gert er ráð fyrir, að með því að hækka ábyrgðarheimildina um 150 millj. kr., muni það að óbreyttu verðlagi nægja til ársloka 1963 eða til að ljúka tíu ára áætluninni.

Frv. þetta þarf að verða að lögum á þessu þingi vegna ráðstafana, sem þarf að gera í sambandi við fjáröflun á þessu ári, og vænti ég því, að hv. fjhn., sem fær þetta mál væntanlega til meðferðar, greiði fyrir því, að svo megi verða.

Ég vil annars leggja til, að frv. verði vísað til fjhn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 418, n. 632).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál.. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir þessu frv., er efni þess það, að fjmrh. er heimilað að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs greiðslur lána allt að 350 millj. kr. Samkvæmt núgildandi lögum er þessi heimild aðeins bundin við 200 millj. kr. Hækkunin, sem hér er um að ræða, er vegna breytinga, sem orðið hafa á verðgildi peninga og kostnaði við raforkuframkvæmdir.

Fjhn. hefur haft frv. þetta til athugunar, og eins og álit n. á þskj. 632 ber með sér, er hún sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 655).

---

52. Jarðhitasjóður og jarðboranir ríkisins.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins [212. mál] (stjfrv., A. 504).

Á 76. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir því, að stofnaður verði sérstakur sjóður, er nefnist jarðhitasjóður ríkisins. Hann er eign ríkisins, sem ber ábyrgð á öllum skuldbindingum hans. Gert er ráð fyrir, að tekjur sjóðsins verði það fé, sem hverju sinni er veitt á fjárlögum, en það er á fjárlögum fyrir árið 1961 6 millj. kr., vextir af fé sjóðsins og tekjuafgangur, er kann að verða hjá jarðborunum ríkisins, þar með talinn endurgreiddur kostnaður af leit og borunum. Jarðhitasjóður má taka að láni allt að 50 millj. kr. vegna starfsemi sinnar. Úr jarðhitasjóði má verja til vísindalegra rannsókna á eðli og uppruna jarðhita, til leitar að jarðhita með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðferðum, til rannsókna og tilrauna við

vinnslu jarðhita o. fl. Úr jarðhitasjóði skal greiða kostnaðarhluta ríkisins af jarðborunum.

Þegar ráðizt er í framkvæmdir til hagnýtingar þess jarðhita, sem fundizt hefur við leit samkv. 1. mgr. eða unninn með borunum, skal telja með stofnkostnaði mannvirkjanna þann hluta leitar- og borunarkostnaðar, sem greiddur hefur verið úr jarðhitasjóði eða ríkissjóði, og endurgreiða hann í jarðhitasjóð með áföllnum vöxtum.

Gert er ráð fyrir, að ríkisstj. láti framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni og gufu í rannsóknarskyni og til vinnslu víðs vegar um landið, til hagnýtingar jarðhitans í hitaveitum til almenningsþarfa og til ræktunar, raforkuvinnslu og iðnaðar. Með jarðborum ríkisins má jafnframt framkvæma jarðboranir fyrir sveitarfélög og einstaklinga, sem óska þess, eftir því sem við verður komið.

Þá er gert ráð fyrir, að raforkumálastjóri annist stjórn jarðhitasjóðs og reikningshald undir yfirumsjón ráðherra. Jarðhitadeild gerir árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún send ráðherra svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrv. til Alþingis. Greiðslur úr sjóðnum skal inna af hendi samkv. fjárhags- og greiðsluáætlun, er ráðh. hefur samþykkt, eða að fenginni heimild ráðherra í hvert sinn.

Eins og kunnugt er, er hinn svokallaði Norðurlandsbor kominn til landsins, og til þess að geta notfært sér hann, þarf meira fjármagn en áður til jarðborana, því að undanfarið hefur verið aðallega og nær eingöngu í notkun hinn svokallaði gufubor, sem víða hefur komið við sögu, hefur borað m. a. á Suður-Reykjum, við Hveragerði og í Krýsuvík, og árangurinn hefur verið góður, sérstaklega hvað Hveragerði snertir og hér í nágrenni Reykjavíkur. En vegna þeirrar borunar, sem fram hefur farið hin síðari ár, hefur fengizt nægilegt heitt vatn til þess að færa út hitaveitukerfi Reykjavíkur. Þá hefur sá árangur einnig orðið af borun í Hveragerði, að til mála getur komið að virkja þar 15 þús. kw. orkustöð, og þykir sérfræðingum nokkuð við það unnið að gera tilraun með eina gufuvirkjun. En þó hefur enn ekki verið tekin nein ákvörðun um það, þar sem enn er ekki lokið þeim áætlunum, sem fyrir þurfa að liggja, ekki aðeins snertandi gufuvirkjunina, heldur miklu fremur á vatnasvæðinu, sem ætti þá að sýna sig, hvort borgaði sig betur að taka sem millistig litla virkjun í Hveragerði eða minni vatnsvirkjanir, þar til tími gefst til að ráðast í stærri framkvæmdir, sem vonandi verður ekki langt að bíða eftir. Rekstur stóra borsins hefur kostað um 20 millj. kr. á ári, ef hann er starfræktur allt árið. Þá er gert ráð fyrir, að rekstur Norðurlandsborsins muni kosta um 5 millj. kr. á ári, ef hann er starfræktur allt árið, en verkefni fyrir hann virðist vera mikið. Gert er ráð fyrir, að hann byrji á Húsavík. Það gefur góðar vonir með jarðhitann þar og að unnt verði með ekki allt of miklum kostnaði að notfæra sér jarðhitann fyrir Húsavík og nágrenni. Þá er og gert ráð fyrir, að borað verði í Ólafsfirði og í nágrenni Akureyrar. Ýmis fleiri verkefni eru vitanlega fram undan hvað þetta snertir og þá flest kostnaðarsöm, og þykir nauðsynlegt til þess að tryggja starfrækslu þessara bora að stofna sjóð samkv. lögum, sem einnig hefur heimild til lántöku. Það er nauðsynlegt, að þetta frv. verði að lögum áður en þessu þingi lýkur, þar sem ekki er unnt að afla nægilegs fjár til þessarar starfrækslu eða illmögulegt að öðrum kosti.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð í sambandi við þetta frv., en legg til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég er sammála hæstv. landbrh., að það virðist vera brýn þörf á því að afla fjár til þessa rekstrar, sem hér um ræðir. Það þarf ekki mörgum orðum um það að fara, hve þýðingarmikill þáttur þetta er í þeirri orku, sem við hljótum fyrst og fremst að leggja áherzlu á að nýta til þarfa landsins. Það er nú svo komið með þau tæki, sem fyrir eru, að þau eru ekki núna rekin, sjálfsagt vegna fjárskorts. Hér er í eigu ríkisins og Reykjavíkurbæjar, sameiginlega rekinn af þessum tveim aðilum, hinn svokallaði gufubor, sem kom hingað fyrir ég held röskum þrem árum og hefur síðan verið rekinn sameiginlega af þessum tveim aðilum. Nú um áramótin var rekstur þessa stórvirka tækis stöðvaður, og ég hygg, að þar sé fyrst og fremst um að kenna fjárskorti, að það vanti fjármagn til rekstrarins. Þær upplýsingar, sem hæstv. landbrh. gefur hér, að rekstur þessa bors kosti um 20 millj. kr., ef hann er rekinn allt árið, ætla ég ekki að vefengja og eru sjálfsagt réttar. Ég ætla ekki heldur að leggja dóm á það, hve mikil framsýni hafi verið í því eða hvort þetta hafi verið hagkvæmasta tækið, sem hægt var að fá á sínum tíma, ég skal ekki segja um það, ég þekki það ekki. En sjálfsagt hefur þetta gefið mikla reynslu, sem byggt verður á. Hitt er staðreynd, að rekstur þessa tækis er nú stöðvaður. Um áramótin var öllum, sem við þetta tæki starfa, röskum 20 mönnum, sagt upp með mánaðar fyrirvara. Það var engin ástæða tilgreind í uppsagnarbréfi til þeirra manna, sem þarna starfa, en öllum er ljóst, að verkefni vantar ekki, og meira að segja, þegar komið var að því að hætta rekstrinum, þá var borinn lagður af stað hingað til Reykjavíkur og átti að setja hann hér upp, en var stöðvað á síðasta augnabliki og snúið aftur til Hveragerðis, þar sem hann hafði verið að störfum.

Ég vil vekja athygli á því, að við þetta tæki starfa sérhæfðir menn. Þegar hann kom hingað fyrir þrem árum eða hvað það nú var, voru fengnir hingað Ameríkumenn, sem voru sérstaklega þjálfaðir til þess að fara með þetta tæki, það er engan veginn vandalaust. Ég held, að það hafi verið 5 menn, sem komu hingað í upphafi, og þeir munu hafa verið það margir hér í eitt ár, og einn af þeim var allmiklu lengur. Það gengu um það tröllasögur, hve mikið kaup þessir menn hefðu, og eitt er víst, að sá eini, sem eftir var, var talinn hafa kaup, sem jafngilti fram undir það helmingnum af þeim Íslendingum, sem unnu við þetta starf. En sjálfsagt var og nauðsynlegt að fá þessa

erlendu menn til þess að þjálfa íslenzka menn við þessi störf. En nú hefur þessum sérþjálfuðu íslenzku mönnum verið sagt upp, og enda þótt sú stofnun, sem hér um ræðir, raforkumálaskrifstofan eða stofnunin ásamt Reykjavíkurbæ, hafi æði mikið umleikis í alls konar framkvæmdum, þá reyndist ekki vera neinn staður fyrir þessa menn annars staðar, og það er kannske vegna þess, hve vel er búið að koma fyrir og hagræða málunum á annan hátt, að þeir, sem með slíkar framkvæmdir hafa að gera, skuli áræða að segja upp og reka út á klakann sérþjálfaða menn, eins og hér er um að ræða, og sýnir það sennilega, að atvinnuástandið muni vera slíkt, að þeir telji sig geta gripið til þeirra, þegar á þeim þarf að halda aftur. Þetta hefði ekki getað átt sér stað fyrir við skulum segja einu til tveimur árum, útilokað. Og ég vil vekja athygli á því, hvað þetta er að mínum dómi hættulegt, að reka menn svona frá störfum út í algera óvissu um það, hvort hægt er að fá þá til starfans aftur og e. t. v. hvort hér þarf að kaupa að nýju inn erlenda menn á margföldu kaupi við það, sem þessir menn hafa verið á.

Ég vil nú spyrja, hvort hæstv. landbrh. er kunnugt um það, hve lengi stóri gufuborinn á nú að liggja aðgerðalaus, og hvort þær ráðstafanir, sem hér er farið fram á að gerðar verði með þessu frv., sem ég tel að séu í rétta átt, nægi til þess að reka ekki aðeins Norðurlandsborinn, sem nú er kominn hingað til landsins fyrir nokkru og liggur kyrr og aðgerðalaus hér, hvort þetta nægir til þess, að þessi tæki verði í gangi allt árið. Það tel ég að sé nauðsynlegt, eða a. m. k. að það sé tryggt, að þeir sérhæfðu menn, sem nauðsynlegt er að hafa við þessi störf, hvað sem liði fullum rekstri þessara tækja allt árið, a. m. k. verði séð um það, að þessum mönnum sé haldið við störf og tryggð störf allt árið, því að að öðrum kosti eiga þessi fyrirtæki náttúrlega á hættu að þurfa að hafa svo og svo vanþjálfaða menn við störfin, og það gefur auga leið, að slíkt getur orðið ærið dýrt, ekki aðeins hvað snertir afköst þessara tækja, heldur beinlínis það, að tækin sjálf geta verið í veði, ef ekki eru hæfir menn til þess að stjórna þeim hverju sinni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 2. landsk. um það, hvort þetta frv., ef að lögum verður, sé nægilega stórt í sniðum til þess að tryggja þessum tveimur jarðborum nægilegt fjármagn til starfa allt árið, vil ég segja það, að frv. er samið af raforkumálastjóra og farið eftir hans tillögum í þessu efni, og enginn er kunnugri þessum málum en hann. Verður því að ætla, að frv. sé sniðið við þarfir og við það, að borarnir geti verið að starfi meginhluta ársins eða þann tíma, sem þeir þurfa ekki að vera í aðgerð eða sem kallað er kannske klössun. Það má segja með gufuborinn, sem er búinn að vera að störfum í 3 ár samfleytt, að það þótti nauðsynlegt að stöðva hann, m. a. til þess að yfirfara ýmsa hluti í bornum og líta eftir því, að það væri ekkert að gerast, sem gæti valdið eyðileggingu á ýmsum af hinum dýrmætu og viðkvæmu hlutum borsins. Ég segi ekki, að allan þann tíma, sem borinn hefur ekki verið að starfi, eða síðan um áramót, hefði þurft til þessa. En það var eigi að síður nauðsynlegt að stöðva hann um nokkurn tíma af þessari ástæðu einni saman.

Út af fyrir sig er það ekki óeðlilegt, þó að sá tími geti komið, að það þyki heppilegt að stöðva svona verk. Það getur ýmislegt annað valdið því en fjárskortur, t. d. það, að sérfræðingar raforkumálaskrifstofunnar hafi ekki tilbúnar tillögur um það, hvar heppilegast sé að bora, því að það er oft og tíðum dálítið vafamál, hvar á að bera niður. Allir eru sammála um, að það skuli leita að vatni, þar sem líkur eru til, að ódýrast sé að bora eftir því, og þar sem það geti komið að sem beztum notum. Ég skal hreinskilnislega játa, að ég er ekki svo vel að mér í þessu, að ég vilji fullyrða nokkuð, en ég tel, að einmitt þetta geti m. a. verið ástæðan að því, að gufuborinn er ekki að starfi. Og það má benda á, að í fjárlögum eru nú 6 millj. kr., sem ekki er farið að snerta á þessu ári, og er því ljóst, að borinn hefði getað þessa mánuði, sem liðnir eru af árinu, starfað vegna fjárframlaga, þar sem líka Reykjavíkurbæ, sem starfrækir borinn ásamt ríkinu, er gert að greiða helming af kostnaðinum.

Þetta frv. er flutt til þess að tryggja rekstur beggja boranna eftirleiðis, og það er vitanlega miklu meira atriði en það, hvort gufuborinn hefur starfað í 2—3 mánuði í vetur eða ekki, nema sú stöðvun leiddi til þess, að við misstum þá sérfróðu menn, sem hafa lært að nota borinn. En ég ætla eftir samtölum, sem ég hef átt við raforkumálastjóra, að það sé nokkuð tryggt, að þeir verði við borinn áfram, og ég vænti þess, að það hafi verið í góðu samkomulagi á milli raforkumálastjóra og þessara sérfróðu og ágætu manna, sem með borinn hafa starfað, að þessi stöðvun var gerð, sem ég skal viðurkenna að er orðin nokkru lengri en nauðsyn bar til, vegna þess að það þurfti að yfirfara og endurskoða ýmsa hluti borsins. En raforkumálastjóri hefur ekki haft áhyggjur af þessu, en er þó, eins og kunnugt er, samvizkusamur maður og fylgist vel með. Ég held, að það megi segja um hann, að hann hafi ágætt lag á því að hafa gott samstarf og góðan anda innan stofnunarinnar, milli þeirra, sem vinna á hans vegum, og ráðamanna stofnunarinnar. Ég segi þess vegna, að sem betur fer, hygg ég, að það sé ekki nein hætta á því, að við þurfum að fara að flytja inn aftur menn til þess að sérhæfa og kenna að fara með þessi dýru tæki.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja umr. um þetta mikið, en hæstv. ráðh. segir, að það hafi þótt nauðsynlegt að stöðva gufuborinn vegna nauðsynlegs eftirlits og lagfæringa á ýmsum hlutum. Þetta lítur að vísu ákaflega laglega út og ekki ósennilegt, en málunum var ekki svona háttað þessu sinni. Það vissi enginn til, ekki þeir sérfræðingar, sem við borinn vinna, að neitt

slíkt stæði til eða þyrfti að gera. Það voru að vísu eftir dúk og disk fluttar hingað til Reykjavíkur 2 vélar, sem sennilega hafa eitthvað verið yfirfarnar, en ég efast þó um, að svo sé, og það a. m. k. lá ekki nein nauðsyn fyrir. Þetta voru ný tæki, sem höfðu verið endurnýjuð fyrir stuttu. Það er annað, sem þarna lá að baki, og það held ég að sé rétt af ráðamönnum að viðurkenna alveg hreinskilnislega, og raunar er það gert með því frv., sem hér liggur fyrir. Það var ekki sá rekstrargrundvöllur fyrir rekstri þessara tækja, sem skyldi, og það er vitað mál, að þetta hefur verið að undanförnu, ef svo mætti segja, eins konar olnbogabarn, það er eiginlega enginn, sem hefur viljað sjá fyrir framfæri þess og kannske ekki sérstaklega verið skyldugur til þess. Það eru tveir aðilar, sem hafa rekið þetta tæki, og ég held, að sannleikurinn sé sá, að það hafi verið ákaflega lausir samningar milli þessara aðila, og vitað er nú, að Reykjavíkurbær hefur óskað eftir því að fá sinn eigin bor, annan bor. Um áramótin var þannig komið, að það vildi enginn taka ábyrgð á þessum rekstri lengur. Fyrir hendi voru miklar lausaskuldir, sem ekki varð við ráðið, og það vildi enginn, ég hygg hvorki hæstv. ráðh. né heldur raforkumálastofnunin, sem ég skal sérlega undirstrika að hefur á að skipa samvizkusömum mönnum, sem vilja ekki, held ég, reka svona hluti í einhverju botnlausu feni, þar sem enginn veit, hvar hann stendur.

Þetta er allur sannleikurinn, og það, sem ég fagna með þessu frv., er ef það verður til þess að tryggja rekstur þessara tækja, ekki aðeins þessara tveggja tækja, sem nú er um að ræða. Að sjálfsögðu hlýtur með vaxandi framkvæmdum á þessu sviði að þurfa á fleiri og fleiri tækjum að halda. Það er t. d. gert ráð fyrir því, ef verður farið í virkjun í Hveragerði, að þar þurfi bor að vera að mestu leyti staðsettur og hafi nóg að gera að halda þar við borholum, því að að sjálfsögðu verður ekki hægt að virkja hverja einustu holu, það verður að hafa þar varasjóði til að grípa til, ef illa fer. Það er talið, að það þurfi fram undir það verk heils bors við það starf eitt. Við sjáum, að í framtíðinni náttúrlega hlýtur verkefni þessara tækja að vaxa mikið.

Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvernig samkomulagið hefur verið við hina sérfróðu menn, sem voru nú settir út á klakann, og hvort raforkumálastjórnin hefur tryggt sér að geta gripið til þeirra aftur. En ég vil sérstaklega benda á þá hættu, sem er á því, að við missum hæfa menn frá þeim störfum, sem þeir fyrst og fremst þyrftu að vera við, með vinnubrögðum eins og þessum, að segja þessum mönnum upp með litlum fyrirvara og reka þá algerlega út í óvissuna. Síðast þegar ég vissi, var gert ráð fyrir, að stöðvunin á þessum gufubor mundi verða a. m. k. 3 mánuði, og hann stöðvaðist sem sagt 1. febr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ég vil láta undrun mína í ljós yfir því, að hv. 2. landsk. þm., sem er álíka sérmenntaður á þessu sviði og ég, skuli láta sér þau orð um munn fara hér, að það hafi ekki þurft að koma til neinnar stöðvunar á gufubornum, vegna þess að ástæða hafi verið til þess að skoða hina ýmsu hluti borsins. Ég held, að við ættum alveg að vera sammála um að leggja ekki dóm á það og fara þar að ráðum hinna sérfróðu manna, sem töldu nauðsynlegt að stöðva borinn í þessu skyni, en þess vegna var borinn m. a. stöðvaður. En eins og ég sagði áðan, þá hefði stöðvunin ekki þurft að vera svo löng sem orðið er af þeirri ástæðu einni. Þetta held ég, að við getum verið sammála um, hv. 2. landsk. og ég, og ég get tekið undir ákaflega margt af því, sem hann hefur sagt hér við þessa umr., annað en það, að það er ekki rétt að kalla gufuborinn olnbogabarn, því að eins og hv. þm. sagði hér áðan, þá eru þrjú ár síðan hann kom til landsins og hann hefur alltaf verið í notkun síðan. Það er ekki hægt að segja, að hann hafi verið vanræktur. Hann hefur verið notaður að fullu þangað til við síðustu áramót, og einhver hefur séð fyrir fjármálunum. Og eins og ég sagði áðan, hefði borinn getað gengið alveg fram að þessu vegna fjárframlaga, vegna þess að það er ekki farið að nota neitt af fjárveitingunni, 6 millj. kr., sem eru á þessa árs fjárl. En það getur hins vegar alltaf verið matsatriði, og ég skal ekkert taka það illa upp, þótt hv. þm. segi: Þið, sem ráðið þessum málum, áttuð ekki að stöðva borinn lengur en nauðsyn bar til vegna skoðunar og eftirlits, — ég tek þetta ekkert illa upp.

En eins og ég sagði áðan, þá geta verið fleiri ástæður. Fyrsta ástæðan var þessi, skoðun og nauðsynlegt eftirlit. Önnur ástæðan gat verið, eins og ég sagði áðan, að sérfræðingarnir væru ekki búnir að ákveða, hvar ætti að bora næst. Ég skal ekkert fullyrða, að það hafi verið, en það gæti verið önnur ástæðan. Þriðja ástæðan, — það getur tæplega verið fjárskortur, úr því að ekki er farið að snerta fjárveitinguna, en segjum, að það sé sýnilegt, að það sé of lítið fé á þessu ári, og það skal ég viðurkenna, ef ætti að byggja á fjárveitingunni einni. En þá ættu hv. þm. að vera því ánægðari með það, að þetta frv. er flutt til þess að tryggja rekstur ekki aðeins gufuborsins, heldur og Norðurlandsborsins, og til þess að tryggja það þarf þetta frv. að verða að lögum á þessu þingi. Þá held ég, að hv. 2. landsk. þm. ætti að viðurkenna, að það er hugsað fyrir þessum málum og þessir borar eru ekki olnbogbörn. Það er verið að gera ráðstafanir til þess, að rekstur þeirra verði tryggður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 504, n. 572).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. um jarðhitasjóð og jarðboranir ríkisins hefur verið til meðferðar í fjhn., og hefur n. verið mjög á einu máli um efni frv. og aðeins gert nokkrar brtt., sem hún ber sameiginlega fram á þskj

572. En áður en gerð verður grein fyrir þeim tillögum, sé ég ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um málið í heild, þar sem hér er um slíkt stórmál að ræða, að vert er, að vakin sé á því athygli og að menn leiði hugann frekar að því efni, sem það fjallar um.

Frv. þetta gerir ráð fyrir stofnun jarðhitasjóðs, stórauknum jarðborunum, víðtækri leit að heitu vatni og umfangsmiklum vísindarannsóknum, jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum, með það fyrir augum að kanna varmaauðlindir landsins og nýtingarmöguleika þeirra, bæði til híbýlahitunar, orkuvinnslu og iðnaðar. Ef frv. þetta verður að lögum og vel tekst til um framkvæmd þeirra laga, þyrfti það ekki að vera nein hilling að eygja í þeim vísi að þáttaskilum á sviði hagnýtingar íslenzkra orkulinda og iðnvæðingar landsins almennt. Og óhætt mun a. m. k. að fullyrða, að þau eru áfangi á þessari leið og kannske ekkert ómerkari en stofnun raforkusjóðs á sínum tíma.

Orkumálasaga landsins er ekki ýkja löng, rösklega hálfrar aldar gömul. Það var ekki fyrr en á árinu 1907, sem afskipti Alþingis hófust af vatnsorkumálum með lögum um takmörkun á eignar- og umráðarétti á fossum á Íslandi. Næsti áfanginn voru vatnalögin frá 1923. En merkasta átakið í þessum efnum eru vafalaust raforkulögin frá 2. apríl 1946, sem fjölluðu um rafmagnsveitur ríkisins, héraðsveitur, rafmagnseftirlit, stofnun raforkuráðs og raforkusjóðs. Gagnsemi þeirrar löggjafar hefur verið margháttað, en sú saga verður nú ekki rakin hér, heldur aðeins bent á eitt atriði, sem allt of hljótt hefur verið um, og það er sú staðreynd, að í krafti þessa sjóðs eru vísindarannsóknir á sviði vatnsvirkjana og raforkumála þær einu vísindarannsóknir í þessu landi, sem hafa haft mjög vaxandi fjármagn til sinnar þörfu starfsemi. Svo til allar aðrar vísindarannsóknir í þágu atvinnuvega landsmanna hafa átt við kröpp kjör að búa og fjárframlög til þeirra hvergi nærri fylgt vaxandi þjóðartekjum, hvað þá heldur, að um verulega hlutfallslega aukningu á fjárframlögum til þeirra hafi verið að ræða. Þetta er í sjálfu sér raunaleg staðreynd á þeirri öld, er allar þjóðir kappkosta að stórauka framlög sín til vísindarannsókna í þágu atvinnuveganna. T. d. hefur verið á það bent, að Bandaríkjamenn eyða nú fimm sinnum meira fjármagni í þessum tilgangi en þeir gerðu fyrir einum átta árum. Ekki aðeins stóru og ríku þjóðirnar haga fjármálastefnu sinni þannig, heldur einnig hinar smærri og þær, sem úr minna hafa að spila. Í öllum löndum er kapphlaup um sem fullkomnastar vísindarannsóknir í þágu atvinnuvega landsmanna. Hér á landi er hins vegar sögð sú sorgarsaga, að á árunum 1950—60 hafi fjármagn til rannsókna í öllum atvinnugreinum nema á sviði raforkumála varla gert betur en standa hlutfallslega í stað, miðað við árlegar þjóðartekjur. Og sjálfsagt mun margan undra, ef hann gerir sér ljósa þá tölulegu staðreynd, að á þessum árum, þ. e. a. s. árunum 1950—60, nam útflutningsverðmæti íslenzkra sjávarafurða 9872 millj. kr., en til vísindarannsókna, fiskileitar, síldarleitar og annarra rannsókna á sviði þessa höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar voru á tímabilinu aðeins notaðar 90 millj. kr., eða minna en 1% af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Þarna var því miður ekki heldur um neinn hliðstæðan sjóð að ræða sem raforkusjóður var og er. Það er því sérlegt fagnaðarefni, að í frv. um Seðlabanka Íslands er gert ráð fyrir, að bankinn leggi nokkuð af hagnaði sínum til aukinnar vísindastarfsemi í landinu, þótt betur þurfi þar vissulega að vinna að, ef duga skal.

Eins og ég gat fyrr um, er í frv. þessu gert ráð fyrir stofnun jarðhitasjóðs í líkingu við raforkusjóð. Þessi sjóður hefur ásamt raforkusjóði mikil verkefni að vinna. Eini auður þessa lands fyrir utan fiskimiðin fyrir ströndum þess eru orkulindirnar, orka fallvatnanna og af varma vatnsins. Sáralítið af þessum auðlindum er enn kannað til hlítar, hvað þá hagnýtt. Talið er t. d., að í landinu sé tæknískt nýtanleg vatnsorka, sem nemi 4½ millj. kw., og af því sé ökonómískt nýtanleg orka 3 millj. kw., en í dag sé ekki búið að virkja nema sem svarar um 106 þús. kw., eða 3½% af ökonómískt virkjanlegri orku í landinu. Á svipuðu stigi er hagnýting heita vatnsins í landinu, enda þróunarsaga þeirra mála enn skemmri en saga vatnsvirkjananna. Það mun hafa verið fyrst 1908, sem heitt vatn var lagt hér í hús. Eftir 1920 eru lagðar hitaveitur í tvær stórbyggingar, Álafoss og Laugaskóla, og fyrst árið 1923 er gróðurhús tekið til starfrækslu, sem yljað er upp með laugavatni. En skriður kemst þó ekki á þessi mál fyrr en með byggingu Þvottalaugaveitunnar í Reykjavík árið 1932, og var þá vissulega stigið mjög merkilegt spor í þróun tækninnar á Íslandi. Síðan hafa aðrar hitaveitur fylgt á eftir, bæði í Reykjavík og utan Reykjavíkur, m. a. í Ólafsfirði, Hveragerði, Selfossi og Sauðárkróki, svo að nú munu þessar hitaveitur hita híbýli yfir 40 þús. landsmanna.

Lengi vel var engin löggjöf í landinu um jarðhitann eða nýtingu hans. Það mun hafa verið Jakob Möller, þm. Reykv., sem fyrstur manna benti á nauðsyn þess, að löggjöf yrði sett á þessu sviði, en úr löggjafarsmíði á þessum vettvangi varð þó ekki fyrr en árið 1940, og að þeirri löggjöf búum við enn í dag, þar til ef þetta frv. verður að lögum.

Það má til sanns vegar færa, að jarðhitarannsóknir séu hér á landi ekki eins viðurhlutamiklar og rannsóknir vatnsorkunnar, því að líklegt orkumagn sé svo miklu minna. Þó er hér engan veginn um neina smámuni að ræða. Í landinu er vitað um 260 jarðhitastaði, og hefur dr. Gunnar Böðvarsson verkfræðingur, sem ýtarlegast hefur rannsakað þessi verkefni, áætlað virkjanlegt afl á fjórum þessara staða, þ. e. a. s. í Krýsuvík, Hengli, Torfajökli, Námafjalli, samtals um 900 þús. kw., eða m. ö. o., þarna sé orkumagn fyrir hendi, sem er níu sinnum meira en öll sú vatnsorka, sem þegar hefur verið virkjuð í landinu. Og til þess að gera dæmið enn ljósara áætlar hann, að í Krýsuvík og í Hengli einum saman sé nægt vatnsafl til þess að hita híbýli fyrir um eða yfir hálfa milljón manna, ef sá varmi væri

eingöngu notaður til híbýlahitunar. Til fróðleiks má geta þess, að stöðugur orkustraumur úr þessum varmalindum landsins er áætlaður árlega nema 20 þús. tetra-kalóríum, sem er að hitagildi samsvarandi 2 millj. tonna af olíu. En þess ber vissulega að geta, að alveg eins og vatnsföllin eru misauðveldlega virkjanleg, tæknilega, fjárhagslega og vegna staðsetningar, þá er þessu og þannig varið um jarðhitann einnig. Þó kemur þarna eitt atriði til greina, sem virkjun jarðhitans hefur fram yfir vatnsvirkjanir og mjög hlýtur að koma til athugunar nú, þegar auðveldlega virkjanlegt vatnsafl þverr óðum hér á landi og hverfa verður til virkjana á hinum stóru jökulvatnsföllum, sem kosta munu fjármunaleg risaátök, og það er, að haga má virkjunarstærð jarðgufunnar eftir vild og dreifa stofnkostnaði á lengri tíma en þegar um vatnsvirkjanir er að ræða. Þá er það og staðreynd, að þar sem jarðhiti er mikill og auðunninn, mun trúlega engin fjárfesting vera þjóðhagslega meira arðberandi hér á landi. Dr. Gunnar Böðvarsson hefur t. d. gert reikningslegan samanburð á afrakstri vinnu og fjármagns í landbúnaði, togaraútgerð, í rekstri áburðarverksmiðju og heitavatnsvinnslu hitaveitu Reykjavíkur, og sýndi heitavatnsvinnslan þar skila langmestum þjóðhagsarði á vinnu- og fjármagnseiningu.

Ég hef farið svo mörgum orðum um þessi orkumál í heild og þá sérstaklega jarðhitann sökum þess, að trú mín er, að efnahagsframfarir þjóðarinnar á komandi árum, iðnvæðing landsins, tilkoma stóriðju, árviss höfuðatvinnuvegar við hlið gömlu máttarstólpanna, sjávarútvegs og landbúnaðar, byggist einmitt á hraðri nýtingu orkulinda landsins. En til þess að þær verði hagnýttar, þarf vísindalegar rannsóknir. Það þarf rannsóknir og aftur rannsóknir, og til þeirra þarf fjármuni, sem þetta frv. einmitt stefnir m. a. að því að afla. Þess vegna tel ég frv. þetta sérlega athyglisvert og bind vonir við, að af því megi hljótast góður árangur.

Ég mun nú víkja að þeim brtt., sem fjhn. hefur lagt fram á þskj. 572. Brtt. 1 og 2 eru aðeins smávægilegar orðalagsbreytingar, sem betur þótti fara á. Brtt. 3 er hins vegar efnisleg viðbót og felur í sér, að jarðorkusjóður skuli háður sams konar eftirliti og raforkusjóðurinn. Telur n. þetta eðlilega meðferð málsins, og hefur hæstv. landbrh. tjáð sig samþykkan þessari skoðun nefndarinnar.

Herra forseti. Ég leyfi mér fyrir hönd fjhn. að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt svo breytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 572,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 572,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 572,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 623).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er þess eðlis, að stofna skuli sjóð, sem nefndur verði jarðhitasjóður ríkisins. Hlutverk sjóðsins er að standa undir kostnaði við jarðboranir, sem hafa verið miklar og verða enn meiri, eftir að Norðurlandsborinn er kominn og verður tekinn í notkun væntanlega á næsta vori. Verkefni fyrir þessa bora eru ærin og kostnaður, sem af því leiðir, eftir því. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru veittar til jarðborana ríkisins 6 millj. kr., og er gert ráð fyrir, að sú upphæð verði stofnfé sjóðsins. En tekjur sjóðsins að öðru leyti eru vextir af fé sjóðsins hverju sinni, tekjuafgangur, er kann að verða hjá jarðborunum ríkisins, þar með talinn endurgreiddur kostnaður af leit og borunum samkv. 2. gr. frv. Þá er einnig gert ráð fyrir, að með þessum lögum verði jarðhitasjóði gefin heimild til lántöku, allt að 50 millj. kr., til starfsemi sinnar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Það skýrir sig sjálft og grg., sem með því er. Kostnaður við borana er, eins og áður er sagt, mun meiri en svo, að það, sem veitt er í fjárlögum, geti nægt til að standa undir rekstrinum, og hefur því þótt nauðsynlegt að stofna sjóð samkv. sérstökum lögum, þar sem heimild er til sérstakrar lántöku í þessu skyni.

Ég vil leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjhn., og ég vil mælast til, að hv. n. vinni fljótt að þessu máli, þannig að það geti orðið afgreitt hér í hv. d. á mánudaginn, þar sem aðeins eru örfáir dagar eftir af þinginu, en nauðsyn ber til, að frv. verði að lögum nú.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 623, n. 658).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og grg. frv. þessa ber með sér, er tilgangur þess sá að afla fjár til jarðhitarannsókna og jarðborana á vegum ríkisins. Jarðhitinn er, eins og kunnugt er, einhver verðmætasta orku-

lind, sem Ísland hefur yfir að ráða, þannig að varla getur orkað tvímælis, að nýting jarðhitans hlýtur að verða veigamikið atriði í efnahagslegum framförum hér á landi næstu áratugi. En til þess að slík nýting verði framkvæmd á sem hagkvæmastan hátt, þarf margvíslegra rannsókna og undirbúnings við, sem heimtar auðvitað meiri eða minni fjárframlög.

Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og fellst á það, að nauðsyn sé að afla fjár til þessara framkvæmda á þann hátt, sem hér er lagt til, og leggur einróma til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 668).

---

53. Minnispeningur Jóns Sigurðssonar.

Á 75. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um minnispening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar [213. mál] (stjfrv., A. 519).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. þetta fer fram á heimild til handa ríkisstj. til þess að láta slá sérstakan minnispening úr gulli í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Þar segir, að með forsetaúrskurði megi ákveða, að þessi peningur skuli vera mynt, er gjaldgeng sé hér á landi, og sé gildi hans 500 kr. Þá er í 2. gr. kveðið svo á, að pening þennan megi selja með allt að 50% álagi á nafnverð og að ágóða þeim, sem verða kunni af sölu minnispeningsins, skuli verja til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, Rafnseyri við Arnarfjörð.

Undanfarin ár hefur verið unnið nokkuð að byggingum á Rafnseyri og hefur þar verið gerður fyrsti áfangi byggingar, þ. e. tveggja hæða íbúðarhús, og er ætlunin sú, að þarna verði skóli, sem verði heimavistarskóli fyrir allar sveitir Arnarfjarðar. Enn fremur megi nota þetta hús sem gistihús að sumarlagi. Auk þess þarf að sjálfsögðu að vera þar íbúðarhús, prestssetur, og kirkja sú, sem þar hefur staðið, er hrörleg, og er ætlunin að byggja þar nýja kirkju eða kapellu. Nokkurt fé hefur verið veitt undanfarin ár til þessara framkvæmda, en með þessu frv. er gert ráð fyrir að afla helzt alls þess fjár, sem þarf til að ljúka þessum framkvæmdum á þann veg, sem í frv. greinir.

Rafnseyri er landnámsjörð, hét áður Eyri í Arnarfirði. Þar bjó fyrstur Án rauðfeldur og kona hans Grélöð, sem réð bólfestu þeirra þar. Þau hjón bjuggu fyrst í Dufansdal, en þar þótti Grélöðu illa ilmað úr jörðu. Þá gerðu þau bú að Eyri, en þar þótti henni hunangsilmur úr grasi. En síðar bjó þar Rafn Sveinbjarnarson, sem var merkastur læknir hér á landi og ef til vill í norðurálfu allri á sinni tíð, og mun hann hafa þótt maklegastur þess, að staðurinn væri við hann kenndur, og hefur verið svo nú um allmargar aldir.

Tilgangur þessa frv. er sá að afla fjár á þennan veg, sem hér greinir, til þess að þessum merka sögustað sé sýndur sá sómi, sem honum ber. Ég vænti þess, að þetta frv. fái samþykki hv. þdm., og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 519, n. 554).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og grg. þess frv., sem hér liggur fyrir, ber með sér, er efni þess það að heimila ríkisstjórninni að slá minnispening úr gulli í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar á sumri komanda og verði því fé, sem inn kemur vegna sölu minnispeningsins, varið til framkvæmda á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar að Rafnseyri við Arnarfjörð, en að dómi kunnugra hefur sá staður verið í þeirri niðurníðslu að undanförnu, að ekki er vammlaust fyrir Íslendinga og íslenzk stjórnarvöld. Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 79. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Með þessu frv. er farið fram á heimild til handa ríkisstj. til að láta gera gullpening í tilefni af 150 ára afmæli Jóns Sigurðssonar 17. júní n. k. Ágóðanum af sölu þessa gullpenings er ætlað að verja til umbóta á fæðingarstað Jóns forseta, Rafnseyri við Arnarfjörð. Þar hafa nú að undanförnu verið gerðar ýmsar framkvæmdir, unnið að byggingu húss, sem á að vera bæði skóli, heimavistarskóli fyrir alla sveitahreppa Arnarfjarðar, og enn fremur gert ráð fyrir, að húsið megi nota sem gistihús að sumarlagi. Þá þarf einnig að gera þar prestssetur, íbúð fyrir bónda eða ráðsmann. Aðrar framkvæmdir fyrirhugaðar eru bygging kirkju eða kapellu í stað þeirrar hrörlegu kirkju, sem nú er þar. Þá er skógræktargirðing og lagfæring ýmiss konar til þess að gera þennan stað þannig úr garði, að til sóma verði. Alþingi hefur undanfarin ár veitt nokkurt fé til þessara framkvæmda, en til þess að þeim skili betur áfram og um leið til að létta nokkru af fjárlögum í því efni er gert ráð fyrir að gefa út þennan gullpening, sem ætti a. m. k. að verulegu leyti að geta staðið undir framkvæmdunum, þangað til lokið er. Það er gert ráð fyrir í frv., að þessi gullpeningur geti samkv. forsetaúrskurði verið gjaldgeng mynt, og enn fremur, að heimilað verði að selja hann með allt að 50% álagi eða yfirverði. Nú er það svo um slíka minnispeninga og myntir, að fjöldi safnenda víðs vegar um heim kaupir slíka peninga, og að áliti kunnugra manna í þessu efni má gera ráð fyrir, að nokkur hagnaður verði af gerð og sölu þessa penings.

Rafnseyri, sem áður fyrr hét Eyri við Arnarfjörð, er landnámsjörð. Þar nam land Án rauðfeldur og kona hans Grélöð, sem mun hafa ráðið, að þau hjón festu þar bú. Þau bjuggu áður annars staðar, í Dufansdal, en þar þótti Grélöðu illa ilmað úr jörðu, en á Rafnseyri eða á Eyri við Arnarfjörð þótti henni hins vegar hunangsilmur úr grasi. Síðar nokkru bjó þar Rafn Sveinbjarnarson, sá sem var merkastur og mestur læknir þeirra tíma hér á Íslandi og væntanlega um norðurálfu alla á þeirri tíð, og síðar hefur hann þótt manna maklegastur þess, að staðurinn Eyri væri við hann kenndur og bæri hans nafn, og hefur því Eyri við Arnarfjörð á síðari öldum borið heitið Rafnseyri. Á þessum stað fæddist Jón Sigurðsson, og er það að sjálfsögðu skylda Íslendinga að sýna þeim stað sóma og að gera hann sem bezt úr garði. Framkvæmdir þar vestra hafa undanfarin ár verið í höndum forseta Íslands og þingmanna Vestfjarða í samráði við ríkisstj. og þá embættismenn, sem um þessi mál fjalla, en það eru biskup, húsameistari ríkisins og fræðslumálastjóri.

Þetta frv. var lagt fyrir Ed. og var samþykkt þar einróma, og ég vænti þess, að það fái sömu viðtökur hér. Ég vil leggja til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 519, n. 647).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Fjhn. mælir með þessu frv. óbreyttu. — Ég vil aðeins leyfa mér að vekja athygli á því, að í grg. frv. á bls. 2, 1. línu í 3. mgr., hefur slæðst inn prentvilla, sem gæti valdið misskilningi, en gerir það þó í raun og veru ekki, ef lesið er með athygli. Þar stendur: „Ýmsar frekari endurbætur hafa verið gerðar á Rafnseyri“ o. s. frv. Þarna mun eiga að standa: Ýmsar frekari endurbætur þarf að gera á Rafnseyri“, vegna þess að það, sem á eftir fer, er upptalning á því, sem ógert er á Rafnseyri.

Eins og rakið er í grg. frv., er að því stefnt að byggja þannig upp á Rafnseyri, fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, að þangað verði staðarlegt heim að líta, myndarlegt prestssetur og skóli fyrir sveitina og aðstæður til móttöku gesta. Hagnaði af sölu gullpeningsins á að verja í þessu augnamiði, en í þingmannstíð sinni og jafnan síðan hefur núv. forseti, herra Ásgeir Ásgeirsson, verið aðalhvatamaður þess, að byggt yrði upp á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar, svo sem hæfir minningu hans. — Ég legg til fyrir hönd fjhn., að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 674).

---

54. Fræðslumyndasafn ríkisins.

Á 4. fundi í Nd., 14. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um Fræðslumyndasafn ríkisins [42. mál] (stjfrv., A. 42).

Á 7. fundi í Nd., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., 21. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Árið 1937 voru sett lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Samkv. þeim skyldi innheimta skemmtanaskatt með 15% álagi og

nota ⅔ hluta teknanna af þessari hækkun skemmtanaskattsins til þess að styrkja lestrarfélög, en ⅓ til þess að koma á fót kennslukvikmyndasafni. Kennslukvikmyndasafnið var þegar stofnað samkv. þessum lögum. Fé það, sem ætlað var til þarfa safnsins, reyndist hins vegar ekki mikið. 1944 voru lög þessi endurskoðuð, kennslukvikmyndasafninu ákveðinn aukinn hluti skemmtanaskattsins, og vænkaðist þá nokkuð hagur safnsins. Enn var lagaákvæðum um hlutdeild safnsins í skemmtanaskatti breytt 1951. Við endurskoðun þá, sem fram fór á löggjöfinni um skemmtanaskatt árið 1957, var hins vegar breytt til og hætt að ætla kennslukvikmyndasafninu fé af skemmtanaskattstekjum, en í stað þess tekin upp fjárveiting á fjárlögum til safnsins, 250 þús. kr., og hefur sú upphæð verið veitt á fjárlögum til safnsins síðan. Heildartekjur safnsins frá upphafi og til ársloka 1959 hafa numið um 3.7 millj. kr. Eru nú í safninu tæpar 1100 kvikmyndir, þar af tæpar 30 íslenzkar. Hins vegar er verulegur hluti myndanna orðinn svo slitinn, að brýna nauðsyn ber til þess að endurnýja þær.

Á síðari árum hefur kennslutækni tekið margs konar breytingum. Eru þær ekki sízt fólgnar í því, að kvikmyndir og þá ekki síður svonefndar myndræmur hafa verið teknar í æ ríkari mæli í þjónustu kennslunnar. Slíkar kennsluaðferðir stuðla að því, að námsefnið verður lifandi og aðlaðandi, og hefur reynslan sýnt, að á þennan hátt megi ná árangri, sem torvelt er að ná með öðru móti. Þá hafa tónbönd og hljómplötur á síðari árum einnig verið notuð í æ vaxandi mæli við kennslu, einkum við tungumálakennslu og tónlistarfræðslu. Hin vaxandi þýðing þessara nýju kennslutækja veldur því, að tími er kominn til að endurskoða hin 16 ára gömlu lagaákvæði um kennslukvikmyndasafnið, auka hlutverk þess frá því, sem nú er gert ráð fyrir, og fá því sérstaka stjórn, þar sem annars vegar eigi sæti fulltrúi þeirra aðila, sem fyrst og fremst nota safnið, þ. e. kennarasamtakanna, og hins vegar þeirra opinberu aðila, sem safnið þarf að hafa náið samstarf við, ef vel á að vera, þ. e. menntamálaráðs Íslands og útvarpsráðs auk menntmrn.

Frv. þetta var upphaflega samið af nefnd, sem skipuð var í júní 1955 af þáv. menntmrh., Bjarna Benediktssyni. Í n. áttu sæti Ásgeir Pétursson deildarstjóri í menntmrn., sem var formaður n., Einar Pálsson leikari og Pálmi Jósefsson skólastjóri. En auk þess tók Aðalsteinn Eiríksson námsstjóri þátt í störfum nefndarinnar. Að höfðu samráði við n. gerði ég á sínum tíma nokkrar breytingar á frv. hennar og bað menntmn. Ed. að flytja það á þinginu 1958—59. Frv. hlaut hins vegar ekki afgreiðslu og er því nú flutt öðru sinni, óbreytt að öðru leyti en því, að nú er heimilað að taka leigu fyrir myndir, sem safnið lánar. Helztu nýmæli frv. er þessi:

Í 1. gr. er kveðið svo á, að safninu, sem nefnt er Fræðslumyndasafn ríkisins, sé fengin sérstök 5 manna stjórn. 4 stjórnarmenn á að skipa samkv. till. Sambands ísl. barnakennara, Landssambands framhaldsskólakennara, menntamálaráðs Íslands og útvarpsráðs, en menntmrh. er ætlað að skipa formann safnstjórnar án tilnefningar. Nú er stjórn safnsins í höndum fræðslumálastjórnarinnar. Dagleg stjórn er í höndum sérstaks forstöðumanns, sem hefur einn starfsmann sér til aðstoðar. Verkefni safnsins er hins vegar orðið svo fjölþætt, að eðlilegt virðist, að því sé fengin sérstök stjórn, sem kennarasamtökin eigi aðild að, en auk þess menntamálaráð, vegna þess að samkv. núgildandi lögum um menntamálaráð og menningarsjóð er menningarsjóði ætlað að stuðla að gerð íslenzkra kvikmynda. Aðild útvarpsráðs að stjórn safnsins er eðlileg og getur orðið gagnleg, vegna þess að safnið þarf að eignast hljómbönd og hljómplötur, en ríkisútvarpið er sá aðili hérlendis, sem aðstöðu hefur til upptöku á hljómbönd og hljómplötur.

Í 2. gr. er hlutverk kennslukvikmyndasafnsins ákveðið mun víðtækara en gert var ráð fyrir í gildandi lögum. Höfuðverkefni safnsins á að sjálfsögðu að vera hér eftir sem hingað til að sjá skólum fyrir kennslukvikmyndum og enn fremur kyrrmyndum alls konar. Jafnframt er kveðið á um, að safnið láti gera eða stuðli að gerð íslenzkra fræðslumynda, og er ætlazt til, að safnið eignist sjálft hæfileg tæki til kvikmyndagerðar, bæði til afnota fyrir fasta starfsmenn safnsins og kvikmyndagerðarmenn, sem kynni að vera falin gerð einstakra kvikmynda. Þá er safninu enn fremur ætlað að vera til eflingar heilbrigðu félags- og skemmtanalífi í skólum og raunar ekki aðeins í skólum, heldur æskulýðsfélögum einnig. Þá er og gert ráð fyrir því, að safnið láni skólum tónbönd og hljómplötur í sama skyni og vegna tungumálanáms og tónlistarfræðslu. Safninu er enn fremur heimilað að hafa samvinnu við ýmsa aðila um gerð upplýsinga- og kynningarmynda, en ýmsir aðilar gætu reynzt hafa áhuga á því að taka fjárhagslegan þátt í gerð slíkra mynda, svo sem útflutningsfyrirtæki og ferðaskrifstofur. Hér er mikill hörgull á sérmenntuðum kvikmyndagerðarmönnum, og er því gert ráð fyrir heimild til þess að styrkja menn til náms í þeim fræðum.

Í 3. gr. er ákvæði um, að fjárveiting Alþ. skuli eigi vera lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Er það sama hlutfall af skemmtanaskatti og kennslukvikmyndasafninu var síðast ætlað í lögum, og var núgildandi fjárveiting á sínum tíma miðuð við það. Aukist tekjur af skemmtanaskatti, er hins vegar eðlilegt, að fjárveiting til fræðslumyndasafnsins aukist sem því svarar.

Í 4. gr. er ákvæði um starfslið. Samþykkt frv. mundi ekki hafa í för með sér neina fjölgun starfsmanna frá því, sem nú er, en eins og ég gat um áðan, starfa nú tveir fastir menn við safnið. Fjölgun starfsmanna yrði háð fjárveitingum á fjárlögum og samþykki menntmrn.

Ég tel, að samþykkt þessa frv. mundi undirstrika þá vaxandi þýðingu, sem fræðslumyndir og tónbönd hafa við nútímakennslu, og stuðla að því, að fé það, sem nú er veitt í þessu skyni, kæmi að sem beztum notum. Fjárveit-

ingarnar þyrfti að réttu lagi að auka og það meira að segja mjög verulega. Með þessu frv. er þó ekki lagt til, að svo verði gert, heldur verður það atriði að koma til úrlausnar í sambandi við fjárlagaafgreiðslu. Hins vegar er það megintilgangur þessa frv. að stuðla að því, að fé það, sem nú er notað, nýtist sem bezt með því að efla á þessu sviði samvinnu kennarasamtaka, menntamálaráðs, útvarpsráðs og fræðslumálastjórnar. Með samþykkt þess yrði auk þess lagður nauðsynlegur lagagrundvöllur að eðlilegri útfærslu á verkefnum safnsins til samræmis við nútímakröfur.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 165 og 166).

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til l. um fræðslumyndasafn ríkisins og orðið sammála um að mæla með frv., eins og það er lagt fram í hv. d. Hins vegar er ágreiningur í n. um eina brtt. við frv.

Óþarfi er að fjölyrða um, hversu kvikmyndir, kyrrmyndir og önnur tæki skyldrar náttúru hafa færzt í aukana á síðari árum og orðið mikilsverð kennslutæki, auk þess sem mjófilmur eru mikið notaðar í skemmtanalífi, þar sem auðvelt er að fara með þær. Hefur í vaxandi mæli verið unnt að fá slíkar filmur lánaðar hér á landi. Það er því ærið tilefni til þess að koma föstum fótum undir fræðslumyndasafn ríkisins, eins og gert er með því frv., sem hér liggur fyrir.

Ég mun ekki gera frv. frekar að umræðuefni, enda var það gert í framsögu, en vil aðeins gera grein fyrir þeirri brtt., sem meiri hl. n. flytur á þskj. 165.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að Alþingi veiti í fjárlögum ár hvert fé til rekstrar fræðslumyndasafns ríkisins, og skal sú fjárveiting eigi vera lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Ef svo færi, að fjárveiting yrði eitthvað nálægt þessu lágmarki, — og ég hygg það ekki mikla svartsýni, miðað við reynslu, að þess sé varla að vænta, að hún fari mikið upp úr því, — munu þessar tekjur hrökkva ákaflega skammt. Möguleikar þess fræðslumyndasafns, sem hér hefur verið endurskipulagt til þess að gegna því hlutverki, sem því er fengið með þessum lögum, eru þar með mjög skertir. Af þessum ástæðum var nokkuð um það rætt í n., hvort möguleikar væru á að finna einhvern eðlilegan tekjustofn, sem gæti rýmkað fjárhag safnsins, og þyrfti þó ekki þar með að vera útilokað, að Alþingi gæti sýnt því örlítið meiri rausn en það lágmark, sem hér er lögfest, því að verkefnin eru mjög mikil. Og meiri hluti n. varð sammála um að leggja til brtt., sem er á þá leið, að menntmrh, sé heimilt — hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða — að ákveða gjald fyrir lán eða leigu á mjókvikmyndum, 16 eða 8 mm, — kvikmyndahúsin sýna yfirleitt breiðari filmur, 32 mm, — og skulu stofnanir eða einstaklingar, sem að staðaldri lána eða leigja slíkar kvikmyndir, innheimta gjaldið og það renna til fræðslumyndasafns.

Í frv., sem n. er öll sammála um, er gert ráð fyrir þeim möguleika, að safnið megi í vissum tilvikum taka eitthvert gjald fyrir leigu kvikmynda. Hins vegar er augljóst, að fræðslumyndasafnið getur ekki sett upp gjald fyrir sínar kvikmyndir, ef aðrir aðilar, sem starfa á svipuðum grundvelli eða réttara sagt hafa svipaða starfsemi með höndum, taka ekkert slíkt gjald. Nú vil ég taka fram, að það var ætlun nm., sem að þessari brtt. standa, að ef þetta ákvæði yrði að lögum og ef menntmrh. hagnýtti sér það, þá kæmi að sjálfsögðu aldrei til greina að taka gjald fyrir lán eða leigu kvikmynda til skóla eða sambærilegra stofnana. Þetta ákvæði byggist á því, að það hefur farið mjög í vöxt hér á landi, sérstaklega í félagslífi, að nota kvikmyndir sem skemmtiatriði á samkomum og fundum. Þar er ekki eingöngu um að ræða hreinar fræðslumyndir, heldur er ásókn mjög mikil í myndir, sem ýmist eru hreinar skemmtimyndir eða má segja að séu á mörkum þess, hafi bæði fræðslu- og skemmtigildi. Það er fyrst og fremst í sambandi við slík kvikmyndaútlán, sem alls ekki væri óeðlilegt, að nokkurt gjald gæti komið til, og væri þá raunverulega eðlilegast að líkja því við skemmtanaskatt, sem tekinn er af flestum öðrum formum skemmtana. Hér er ekki um að ræða að leggja skatt á það, sem eru hreinar fræðslumyndir, notaðar á vettvangi, þar sem hagnýting þeirra er eingöngu í fræðslutilgangi. Sem sagt, hér er um að ræða heimildarákvæði, og mundi það að sjálfsögðu fara eftir því, hvað yfirstjórn fræðslumyndasafnsins og menntmrh. sýnist, hvort til þess verður gripið. Það virðist augljóst, vegna þess hve þessi starfsemi er mikil í landinu, að hafa mætti af þessu tekjur, sem fræðslumyndasafn ríkisins munaði verulega um, þó að lágt gjald væri af láni hverrar kvikmyndar, sem t. d. væri sýnd á félagsskemmtun eða við slíkt tilefni, eða menn, sem hafa aðstöðu til, fá til að sýna á gleðisamkomum eða í veizlum heima hjá sér, eins og töluvert mikið tíðkast nú, a. m. k. hér í Reykjavík. Gjöld í slíkum tilvikum geta engan veginn kallazt óeðlileg, og töldum við því rétt að hafa þessa heimild í l., í þeirri von, að hún gæti orðið til þess að gera þessu safni greiðari veginn til þess að framkvæma margar af þeim ágætu hugmyndum, sem fram koma í 2. gr., þar sem segir frá hlutverki safnsins.

Frsm. minni hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Menntmn. er öll sammála um að leggja til, að frv. það, sem hér er til umr., verði samþykkt, en meiri hl. n. leggur fram brtt. um, að við lagafrv. bætist heimild til að leggja skatt á útlán annarra aðila en fræðslumyndasafnsins á mjófilmum. Ég er ósamþykkur þessari

brtt. og legg til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Þegar rætt var í menntmn. um sýningar á myndum fræðslumyndasafnsins, var minnzt á sýningar á öðrum mjófilmum, sem ýmsir aðilar, einkum erlend sendiráð og félög, sem annast menningarsambönd við önnur lönd, lána félögum og einstaklingum. Kom þar fram, að varhugavert mætti telja, hversu mikill væri hlutur erlendra ríkja í filmútlánum til sýningar fyrir almenning hér á landi. Gegn því væri að vísu ekki hægt að sporna, en e. t. v. mætti gera þessi útlán að tekjulind fyrir fræðslumyndasafn ríkisins. Mér þykir þessi hugmynd heldur ógeðfelld. Mér þykir fara illa á því, að á sama tíma og stjórnarvöldin líða þau lögbrot, sem eiga sér stað með rekstri afsiðunarútvarpsstöðvar herliðsins á Keflavíkurflugvelli, þá fari ríkisvaldið að grípa til þess að skattleggja lögleg og eðlileg útlán á erlendum mjófilmum. Myndir þessar eru yfirleitt fræðslu- og landkynningarmyndir ámóta og þær, sem íslenzk sendiráð erlendis eiga og ég veit ekki til að nokkru erlendu ríki hafi til hugar komið að skattleggja. Þessi hugmynd er líka ógeðfelld að því leyti sem hún ber keim af þeirri áráttu að skattleggja alla skapaða hluti, leita með logandi ljósi að einhverju, sem kynni enn að finnast óskattlagt. Og nú hefur þetta smáatriði fundizt og verið dregið fram til skattlagningar. Þau eru ekki út í bláinn mælt, orðin, sem einn húsráðandinn lét falla, þegar teljari við allsherjarmanntalið 1. des. spurði, svo sem eyðublaðið gerði ráð fyrir, hvort ísskápur væri í íbúð hans. Jú, það á víst svo að heita, á nú að fara að skattleggja þá líka? sagði hann. Annan tilgang gat skráningin ekki haft. Skattur af útlánum á mjófilmum dregur íslenzka ríkið og ríkisstofnanir skammt, en hann yrði nokkur viðbót við þá skriffinnsku, sem fyrir er og öllum til leiðinda.

Meiri hl. menntmn. flytur brtt. sína um skatt þennan einungis af góðum hug til fræðslumyndasafnsins, vegna þess að sú lágmarksfjárveiting til safnsins, sem lagafrv. gerir ráð fyrir, er engan veginn fullnægjandi. En það er á valdi hv. alþm. að hafa fjárveitinguna fyrir ofan lágmarkið. Og ég held, að hv. alþm. ættu að fella brtt. um þennan leiðindaskatt, en sjá fræðslumyndasafninu heldur fyrir viðunandi fjárframlagi á viðkunnanlegri hátt með því að samþykkja fjárveitingu til safnsins allnokkru ofan við lágmarkið, sem er 4% af skemmtanaskatti umliðins árs.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég get vissulega verið sammála hv. síðasta ræðumanni um, að æskilegt og sjálfsagt er að vinna að því að fá eins mikla fjárveitingu og Alþingi treystir sér til að veita til kvikmyndasafnsins. Ég get einnig verið sammála honum um, að skattlagning er gengin langt í þessu landi okkar, og það er ástæða til að staldra við hvern nýjan skatt, sem mönnum dettur í hug. En einn hlutur leiðir af sér annan. Við höfum nú þegar allmikla skattlagningu á dreifingu og sýningu kvikmynda, sem eru 32 mm á breidd. Þessar myndir eru sýndar um allt land og seldur að þeim aðgangur. Nú hefur það færzt í aukana, bæði í höndunum á innlendum og erlendum aðilum í okkar landi, að kvikmyndir, sem eru ekki 32 mm, heldur 16 mm á breidd, eru lánaðar út og oft kvikmyndasýningarvélar með til að sýna þær. Þetta er sýnt á samkomum manna, á skemmtunum, þar sem fólk oft borgar inngangseyri í einu eða öðru formi, og gegnir út af fyrir sig nákvæmlega sama hlutverki og breiðari myndirnar.

Það kemur fyrir í kvikmyndahúsum, að sýndar eru 32 mm kvikmyndir, sem eru tvímælalaust fræðslukvikmyndir. Engum dettur í hug að undanskilja þær þeim skatti, sem er á þessum kvikmyndum. En spurningin er: Eigum við að skattleggja eingöngu 32 mm kvikmyndir, en ekki undir nokkrum kringumstæðum 16 mm og kalla það óviðfelldna nýja skattlagningu, þó að einhver gjöld séu einnig lögð á mjórri filmurnar? Ég sé ekki þann stórkostlega mun, að neitt sé athugavert við það, ekki sízt þegar þetta yrði eingöngu til að bæta fræðslumyndasafn ríkisins, sem sjálft mundi þá sjá til þess, að meira væri af íslenzkum kvikmyndum til að lána til þeirra sömu aðila, sem greiddu þessi litlu gjöld. Það er ekki verið að draga þetta til almennra ríkisþarfa, heldur er eingöngu um að ræða, hvort það eigi að einhverju leyti að láta 16 mm kvikmyndir bera örlítið af þeirri byrði að koma hér upp góðum mjófilmum af íslenzkum efnum t. d. og öðru slíku. Ég sé því enga ástæðu til annars en láta þetta heimildarákvæði í lög, því að síðar verður í höndum ráðh. samkv. ráðum þeirra manna, sem þessu safni og þessum kvikmyndamálum stjórna, hvort og hvernig þessi heimild yrði framkvæmd.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Í till. meiri hl. menntmn. er gert ráð fyrir að gefa menntmrh. heimild til þess að ákveða gjald fyrir lán eða leigu á mjófilmum. Mér finnst satt að segja dálítið óeðlilegt, ef það ætti að samþykkja þessa tillögu, að samþykkja í svona formi ákvæði um skatta. Þetta þýðir, að ráðh. er heimilt að ákveða ákveðið gjald, eftir því sem hann álítur hentugt eða rétt. M. ö. o.: ráðh. er gefið ótakmarkað vald til þess að ákveða, hvaða skatt skuli leggja á. Ég man ekki eftir svona formum fyrir skattlagningu. Ég held, að það sé a. m. k. lítið um það. Og með tímanum, ef það væru ráðherrar, sem vildu hagnýta svona heimild til þess að afla þó nokkuð ríflegra tekna og hafa hins vegar til hliðsjónar þá skatta, sem lagðir eru á kvikmyndahúsin og þeirra sýningar, þá gæti þarna orðið um þó nokkra tekjuöflun að ræða, ef þetta væri hagnýtt. Ég held þess vegna, að svona form fyrir þetta sé ófært, strax formið, að lögfesta, að menntmrh. skuli ákveða þetta gjald. Hér sagði hv. frsm. meiri hl. og formaður menntmn., að náttúrlega mundu t. d. skólar verða þarna undanþegnir. Það er ekkert um það rætt sérstaklega í þessu, og eins og þessi brtt. er orðuð, þá sýnist mér, að það mundi vera hægt kannske að undanþiggja hvað sem væri og líka hafa hvað sem væri, það væri

allt á valdi menntmrh., hvernig með þetta væri farið. Ég held þess vegna, að það sé nokkuð flaustursleg frágangur á þessari brtt.

Viðvíkjandi sjálfu efninu og tilganginum með þessu, þá er það svo, að okkar félagslíf á í allmiklum erfiðleikum. Við, sem þekkjum það undir öðrum formum, tökum máske enn þá betur eftir því en þeir yngri, hvílíkar breytingar eru að verða þarna á. Fyrir 30—40 árum þótti það sjálfsagt í einu félagi, t. d. verkamannafélaginu, sem ég var í, að það yrðu að mæta ⅔ á fundi, til þess að fundir væru löglegir. M. ö. o.: fyrir 30—40 árum var fundarsókn yfirleitt slík, aðeins til þess að hlusta á mál manna, að ég býst við, að flestum yngri mönnum, sem vita ekkert eins leiðinlegt og fundi og ræður og fyrirlestra, mundi þykja það alveg undrum sæta. Fyrir 30—40 árum var það líka svo, að einn maður gat auglýst fyrirlestur hér í Reykjavík og jafnvel fengið hér fullt hús bara við að hlusta á hans mál. Slíkt kemur vart fyrir nú. Öll félagsstarfsemi á við mjög mikla erfiðleika að etja, vegna þess að kröfur yngri kynslóðarinnar, nýju kynslóðarinnar eru þær, að hugmyndir og skoðanir séu tjáðar í allt öðru formi en við, sem eldri erum, vorum vanir við. Það var málið sjálft, framsetningin, sem var höfuðatriðið í þessu hér áður. Nú lítur næstum því út fyrir, að það, sem fólkið fyrst og fremst krefst í þessum efnum, sé eins konar myndletur, það sé í raun og veru að sýna hlutina í kvikmyndum eða líku. Og ég held, að við, sem höfum yfirleitt eitthvað með félagsstarfsemi að gera, verðum að fara að miða hana miklu meira við það, ef á að vekja verulegan áhuga fyrir félagsstarfsemi hjá þeirri kynslóð, sem er að vaxa upp í landinu, að lifandi myndir taki miklu meira rúm, jafnvel meira rúm en hið talaða mál, eða a. m. k. skipi mjög rúman sess við hliðina á því. Ég held þess vegna, að sem þáttur í almennri félagsstarfsemi í landinu séu kvikmyndir og þá ekki sízt svona mjófilmur mjög nauðsynlegar, álíka nauðsynlegar og hið talaða mál var t. d., þegar ég og mínir jafnaldrar voru ungir. Ég held þess vegna, að það sé nokkur misskilningur hjá hv. formanni menntmn., þegar hann í sinni ræðu hér áðan talar um, að þessar mjófilmur og slíkt sé fyrst og fremst fengið til þess að sýna á skemmtunum. Það má vel vera, ég er ekki svo vel kunnugur skemmtanalífi, að ég vilji neitt fortaka það. En eitt er mér alveg ljóst af þeirri þekkingu, sem ég hef á félagsstarfsemi í landinu og hennar erfiðleikum, að fyrir þá almennu félagsstarfsemi, sem ekki er nein skemmtistarfsemi, eru kvikmyndasýningar á fræðandi og góðum kvikmyndum að verða, ef þær eru ekki orðnar það þegar, mjög veigamikill þáttur og þurfa að verða það, svo framarlega sem almenn félagsstarfsemi í landinu á að blómgast, að vísu með nýjum hætti, en blómgast þó eitthvað svipað og fyrr. Og af því að flestir alþm. hafa meira eða minna með alls konar félagsstarfsemi að gera, þá held ég, að við hljótum að geta komið okkur saman um, að það sé ekki nema eðlilegt, að við gerum slíkar menningarlegar sýningar á þessum mjófilmum, sem helzt eru handhægar í slíkum efnum, að verulegum þætti í okkar félagslífi. Ég skal alveg viðurkenna með hv. formanni menntmn., að skemmtanir út af fyrir sig og þar sem eingöngu væri leigt til skemmtana, þar sem aðgangur er seldur, þar mundi máske nokkuð öðru máli skipta. En ég held, að meginið af skemmtunum í landinu, þar sem aðgangur er seldur að, sé skattað, þannig að við klófestum eitthvað af þeim gegnum skemmtanaskattinn og annað slíkt, og þó hef ég heyrt frá sumum félögum jafnvel kvartanir um það, að meira að segja skemmtanahlið almenns félagsskapar sé orðið allerfitt að rækja vegna skatta.

Ég held þess vegna, að við verðum að athuga þessar spurningar frá því sjónarmiði, hvort sú almenna félagsstarfsemi í landinu, félög, sem reyna að halda fundi fyrir sína meðlimi og til þess að draga að fundunum sýna einhverjar menningarlegar kvikmyndir, — hvort slík félagsstarfsemi eigi að bera skatt eða ekki. Ég held, að það sé raunverulega um það að ræða. Og það álít ég alveg fráleitt. Ég álít, að við ættum þvert á móti að stuðla að því, að slík félagsstarfsemi ætti sem auðveldast uppdráttar. Hv. formaður menntmn. ræddi réttilega um, að það mætti ekki t. d. skatta það, sem væri sýnt í skólum. Við skulum hugsa okkur, þegar hins vegar íþróttafélög, ungmennafélög, verkamannafélög, samvinnufélög eða önnur slík félög fá leigðar kvikmyndir, íslenzkar eða erlendar, til þess að sýna á sínum fundum. Er eðlilegt, að það sé endilega farið að taka frekar skatt af því? Ég held, að það væri ekki rétt af okkur að gera það. Ég held, að við eigum að stuðla að því, að þessi félagsstarfsemi okkar, sem sérstaklega yngri kynslóðinni finnst fátækleg, þegar þar eru einvörðungu fluttir fyrirlestrar eða erindi eða ræður eða máske einhver upplestur, — mér finnst, að þessi félagsstarfsemi okkar í landinu þurfi þeirrar uppörvunar, sem það er að hafa menningarlegar og fræðandi kvikmyndir til þess að sýna. Ég er að vísu ekki vel kunnugur þessum myndum. Hv. formaður menntmn. minntist á, að sumt af þessum myndum væri e. t. v. bara skemmtandi eða slíkt. Jafnvel þótt svo væri stundum, svo lengi sem það eru að öðru levti myndir, sem eru ekki siðspillandi að neinu levti, þá gerði það náttúrlega ekki til, þó að slíkt e. t. v. slyppi þannig undan. Ef maður sæi, að félög ætluðu almennt að fara að misnota þetta eða eitthvað slíkt, þá hefur löggjafarvaldið alltaf möguleika til þess að grípa þarna inn í.

Ég held þess vegna, að það væri ákaflega æskilegt, að þessi almenna félagsstarfsemi gæti sloppið við skattlagningu í þessu efni, og álít, að það væri ákaflega heppilegt, ef menntmn., sem annars er sammála um þetta frv., vildi athuga það betur, hvort ekki væri hægt að koma þessum málum þannig fyrir, að slíkt væri öruggt.

Þá er hitt spursmálið, um þann góða vilja menntmn. til þess að reyna að afla fræðslumyndasafni ríkisins tekna. Ef við vildum gera aðrar ráðstafanir en að viðhalda þeim skatti,

sem í l. er ákveðið að skuli renna til safnsins, eða reyna að hækka hann, ef þess væri nokkur kostur, sem varla er nú mikill, og ef við vildum líta eitthvað í kringum okkur í þessu efni, þá held ég, að við ættum að bera annars staðar niður. Það er alls ekki fjarri lagi, að eitthvað af þeim tekjum, sem skapast við sókn hinna almennu kvikmyndahúsa, gæti líka runnið til þess að reisa eða efla fræðslumyndasafn ríkisins. Ég vil m. a. benda á eitt: Ég sé, að hér í Reykjavík er nú verið að byggja, sumpart búið og sumpart verið að byggja tvær stórar hallir, sem tvö kvikmyndahús hins opinbera raunverulega standa að, sem bæði hafa sínar tekjur af happdrætti. Ég á þar við annars vegar það stóra kvikmyndahús, sem Dvalarheimili aldraðra sjómanna mun hafa reist, og hins vegar þá kvikmyndahöll, sem háskólinn er að byggja. Bæði tvö fá sínar tekjur af happdrætti, sem ríkið hefur gefið þeim einkarétt til þess að hafa með höndum. Ég sæi satt að segja ekkert eftir því, þó að einhver ofur lítil prósenttala af þessu happdrætti rynni að lögum til fræðslumyndasafns ríkisins. Ég held, að það mundi ekki skaða þessi annars vafalaust ágætu fyrirtæki um neitt sem héti, og ég held, að það væri miklu, miklu eðlilegra en að skatta útlán þessara mjófilma, sem ég þar að auki veit ekki, hve ríflegur skattstofn yrði, því að töluvert eftirlit mundi þurfa, til þess að það næðist inn, og engum finnst víst heppilegt að byrja neinar nýjar söluskattaaðferðir.

Ég held þess vegna, að það væri ákaflega æskilegt, ef menntmn. vildi athuga, hvort það gæti ekki heldur orðið samkomulag um að setja einhvern ofur lítinn skatt á þessar tekjur, sem þessi kvikmyndahús raunverulega fá af þessum happdrættum. Það væri ekki nema eðlilegt, að þau væru látin hjálpa eitthvað til að efla fræðslumyndasafn ríkisins meira en þau gera með skemmtanaskattinum, — og eitthvað af þeim mun undanþegið þeim skatti. Ég held þess vegna, að það mundu bæði verða öruggari og sanngjarnari tekjur, sem fengjust með því móti.

Svo er hitt. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að hv. form. menntmn. hafi sagt, að meiningin væri, að það yrði þá skattur líka á fræðslumyndasafn ríkisins eða þess útlán, þegar til þess kæmi. Er nú ekki rétt af okkur að reyna að komast hjá því? Er ekki rétt af okkur, einmitt vegna þess að hér er um hreina menningarstarfsemi, hreina uppeldisstarfsemi að ræða, að við ýtum undir það, að einmitt þessar fræðslumyndir séu lánaðar út, okkur þyki vænt um, að það séu sem flestir í landinu, sem hefðu áhuga á að fá slíkar fræðslukvikmyndir lánaðar frá fræðslumyndasafninu, og við værum yfirleitt ekki að setja skatt á þær?

Ég held, að við verðum að líta svo á, að fræðslukvikmyndir séu bókstaflega einn þáttur í skólakerfi, jafnvel þótt það skólakerfi sé líka fyrir þá fullorðnu. Margt í okkar skólakerfi er gamaldags, þó að það fari batnandi hjá okkur, og engum efa er bundið, að það eru fáir hlutir, sem hafa önnur eins áhrif á fólk og einmitt kvikmyndir, bókstaflega uppeldisáhrif þeirra, hvort sem við viljum nú telja þau til góðs eða ills. En a. m. k. þegar við erum oft að ræða um slæm áhrif af smekklausum eða siðspillandi kvikmyndum, þá ættum við að ýta því meira undir, að þær myndir, sem fyrst og fremst eru til fræðslu og menningar, yrðu sem mest og sem víðast sýndar, og þess vegna um leið gera það sem allra ódýrast fyrir alla aðila að fá þær.

Ég vil eindregið óska eftir því, ef hv. menntmn. hefði ekki sérstaklega á móti því, að þetta mál væri athugað betur, — það ætti ekkert að þurfa að tefja frv., — hvort það gæti orðið samkomulag um eitthvað í slíkum efnum, sem gæfi fræðslumyndasafni ríkisins heldur meiri tekjur, en færi ekki inn á þá leið að hefja þessa skattlagningu á félagsmálastarfsemi í landinu. Ef hv. menntmn. og hæstv. forseti gætu orðið við því, þá vildi ég helzt leggja til, að málinu væri frestað núna til þess rétt að freista þess, hvort slíkt samkomulag næðist þá.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Út af fyrsta atriðinu, sem hv. 3. þm. Reykv. færði fram gegn þessari brtt., að formið á henni sé ófært, vil ég aðeins benda á, að ég tel þegar nokkur fordæmi, og mér dettur strax í hug, að menntmrh. hefur vald til þess að ákveða afnotagjald útvarps. Er þar ekki um minna atriði að ræða en það, sem hér kemur til, svo að ef einhverjir stórhættulegir menn eru menntamálaráðherrar, sem vildu misbeita slíku valdi, þá gætu þeir vissulega lagt þungar byrðar á þjóðina gegnum það gjald, í samanburði við það, sem til greina kæmi í sambandi við kvikmyndir.

Um allt það, sem hv. þm. sagði um þýðingu kvikmynda í félagsstarfsemi nútímans, er ég honum hjartanlega sammála. Það er einmitt þessi skilningur á því nýja hlutverki, sem kvikmyndir og önnur slík tæki hafa í okkar félagslífi, sem því veldur, að þetta frv. er fram komið og tilraunir eru gerðar til þess að koma fræðslumyndasafni hér á fastari grundvöll. Ég hef dálitla reynslu af þessum efnum, því að um nokkurra ára skeið stjórnaði ég allmikilli kvikmyndadreifingu á vegum samvinnufélaganna hér á landi. Og reynslan er sú, að það er ekkert á þessu sviði til, sem fólkið vill frekar sjá en íslenzkar kvikmyndir og þar næst kvikmyndir með íslenzkum texta. Einmitt þessi tvö atriði eru liðir d og g í 2. gr. frv., þar sem talið er upp hlutverk þessa fræðslumyndasafns. Ef þetta fræðslumyndasafn getur gert eitthvað á þessu sviði, þá er það ómetanlegt.

Eins og nú standa sakir, er það meiri eða minni tilviljunum háð, hvað einstök félög eða einstakir menn geta áorkað í gerð íslenzkra kvikmynda. Hins vegar vil ég fullyrða, að yfirgnæfandi meiri hlutinn af þeim kvikmyndum, þeim mjófilmum, sem eru lánaðar og leigðar út hér, eru útlendar kvikmyndir með erlendum textum. Þess vegna vildi ég biðja menn að hugsa ekki það, sem hér er verið að tala um, sem skatt og draga þar með inn í þetta mál

allar þær tilfinningar, sem fylgja í hvert skipti, sem nefndur er nýr skattur. Hér er um það að ræða, hvort við eigum að láta þessa dreifingu á mjófilmum, — það eru þúsundir kvikmynda lánaðar út á ári, — hvort við eigum að láta dreifinguna bera ofur lítið gjald, sem rennur í sjóð fræðslumyndasafnsins til þess að gera því fjárhagslega kleift að láta gera íslenzka texta við útlendar kvikmyndir og gera íslenzkar kvikmyndir og skapa þannig með nýrri eign íslenzkra kvikmynda nýja möguleika til þess að auðga félagslíf okkar með betri myndum en áður. Ég held, að félög, sem borguðu slíkt gjald fyrir leigu á kvikmynd, væru bókstaflega að stuðla að því, að þau sjálf gætu fengið eitthvað betra en það, sem erlend sendiráð lánuðu þeim, eftir tvö eða þrjú ár.

Einhvern tíma hefðu menn sagt, að hér væri á mjög takmörkuðu sviði um lítið sjálfstæðismál að ræða, hvort við eigum að hafa ráð á að velja sjálfir kvikmyndir og setja við þær íslenzkan texta, láta sjálfir gera þær kvikmyndir, sem við teljum að fólkið vilji sjá og eigi að sjá, eða hvort við eigum að sætta okkur við það, að 9/10 hlutar af þessum stórvaxandi þætti í félagslífi í landinu séu meira eða minna í höndunum á erlendum ríkjum. Það er um þetta að ræða. Ég vil því biðja menn að hugsa um þessa litlu tilfærslu, ekki sem einhvern voðalegan nýjan skatt, heldur aðeins það, hvort félagslífið sjálft á að leggja þarna örlítið í sjóð. Mín reynsla af þessu er sú, að oft megi segja, að menn beri meiri virðingu fyrir því, sem þeir þurfa að borga örlítið gjald fyrir, heldur en hinu, sem fleygt er í þá fritt. Það er orðið svo mikið, sem fleygt er fyrir hvers manns dyr hér af prentuðu máli og öðrum slíkum hlutum, að virðingin er orðin dálítið bundin því, að það sé frumkvæði einstaklingsins sjálfs eða félagsins, sem ræður því, hvað hann fær, og að örlítið komi í staðinn, þannig að 50—100 kr. fyrir lán á einni kvikmynd er hreint ekki neinn skattur.

Þannig er þetta hugsað, og af þessum sökum tel ég alls ekkert óeðlilegt við að reyna að endurskipuleggja dreifingu á mjófilmum og kyrrmyndum og öðru skyldu efni í landinu á þann hátt, að menn leggi örlítið af mörkum, þegar þeir fá kvikmynd, sem getur svo bjargað einum fundi í félaginu, og gjaldið renni til að hjálpa kvikmyndasafni ríkisins eða fræðslumyndasafni til að koma upp myndum með íslenzkum texta og af íslenzkum efnum, sem síðar gætu gert þessu sama félagi kleift að fá eftir 2 ár góða íslenzka kvikmynd. Ég þekki reynsluna af því, þegar hægt var að bjóða myndir eins og samvinnumyndina „Viljans merki" eða litmyndirnar, sem Skaftfellingafélagið hefur látið taka af lifnaðarháttum fyrr, og annað slíkt. Nú fyrir skömmu gengu þingeyskir bændur um salina hér í kringum okkur, milli nefnda og þingmanna, og báðu um, að einhverjir tækju upp það mál að gera íslenzka þjóðháttakvikmynd. Þetta er stórkostlegt menningarmál, og ekki aðeins það, heldur hef ég reynslu fyrir því, að það mega vera merkilegar útlendar myndir, sem fólk hér vill heldur fá til að sýna á sínum samkomum en slíkar íslenzkar kvikmyndir. Ég sé því enga ástæðu til þess að amast við þessari hugmynd, og hélt ég, að hún væri minni og sjálfsagðari en svo, að hún þyrfti að kosta þessar umr., þó að þær séu út af fyrir sig fróðlegar.

Hv. þm. sagði undir lokin, að þetta gjald mundi koma líka á fræðslumyndasafn ríkisins. Það er einmitt þar, sem hugsanakeðjan byrjar, vegna þess að í frv., sem við erum allir sammála um, er gert ráð fyrir þeim möguleika í 5. gr. Þar segir, að menntmrn. geti í reglugerð sett fyllri ákvæði um starfsemi og rekstur safnsins, m. a. kveðið á um meðferð, vörzlu, útlán eða leigu mynda og tækja. Þetta var í frv. frá byrjun og eitt af því, sem við erum allir sammála um, og við sjáum, að þetta safn getur varla sett smágjald fyrir leigu til ýmissa aðila á kvikmyndum, ef aðrir aðilar, sem hafa nægilegt fjármagn og kannske önnur sjónarmið en þetta fræðslumyndasafn okkar eigin ríkis, mega í samkeppni lána út kvikmyndir fyrir ekki neitt. Þetta er m. a. til þess að skapa þessu nýja myndadreifingarkerfi möguleika á því jafnrétti, að ef það verður talið nauðsynlegt að framkvæma þetta greinarákvæði um, að safnið sjálft leigi út myndir, þá sé svipað kerfi haft um aðra aðila.

Ég sé enga ástæðu til annars en verða við óskum hv. þm. um að fresta atkvgr. eða ljúka ekki umr., þannig að menn geti hugsað þetta örlítið meira. Þetta er ekki mál, sem liggur svo mikið á, og ég vil því mæla með ósk hans um það, að atkvgr. verði frestað.

Umr. frestað.

Á 34., 35., 36., 38., 46., 49. og 51. fundi í Nd., 9., 12., 13. og 14. des., 19., 24. og 27. jan., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 30. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Fyrr á þessu þingi skilaði menntmn. nál. um þetta frv. N. var öll sammála um að mæla með samþykkt frv., eins og það kom fram, en meiri hl. n. gerði till. um eina breytingu, sem var á þá lund að gera kleift að afla nokkurs viðbótarfjár við það, sem ráð er fyrir gert í frv., á þann hátt, sem um getur í till. Þessi brtt. varð að allhörðu deilumáli fyrir hátíðir. Sökum þess að svo fór, hefur meiri hl. n. ekki séð ástæðu til að halda málinu til streitu, vill ekki hætta áframhaldandi göngu frv. í þinginu með deilum um þetta viðbótaratriði. Höfum við því orðið ásáttir um að taka brtt. aftur, en þá standa meðmæli óskiptrar menntmn. með því, að frv. verði óbreytt samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 165 tekin aftur.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 15 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 42, n. 531).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Svo sem fram kemur í aths. við frv. þetta, voru fyrstu lög, sem sett voru hér á landi um kennslukvikmyndir, frá árinu 1937.

Það er alkunna, hve kvikmyndir, tónbönd og reyndar kyrrmyndir líka ryðja sér æ meir til rúms við kennslu, og notkun þeirra hefur stóraukizt einnig í öðru sambandi. Kennslumyndasafnið er nú, að ég ætla, undir stjórn fræðslumálaskrifstofunnar, og við það munu vera starfandi tveir menn.

Það er sjálfsagt orðið tímabært og vel það að endurskoða þær reglur, sem gilda um kennslukvikmyndasafnið. Með þessu frv. um fræðslumyndasafn ríkisins, ef að lögum verður, verða settar nýjar reglur um safnið, verksvið þess aukið og því sett sérstök stjórn.

Fræðslumyndasafninu er ekki ætlað að vera einskorðað við skóla og kennslumál. Í 2. gr. frv. ræðir um hlutverk safnsins. Því er m. a. ætlað að efla íslenzka kvikmyndagerð og þá fyrst og fremst menningar- og fræðslukvikmyndagerð og stuðla þar að framförum í tækni og kunnáttu um myndatökur. Einnig er safninu ætlað það hlutverk að útvega hljómplötur og tónbönd til notkunar við fræðslu og félagslíf í skólum.

Í 2. gr. er hlutverk safnsins talið upp í 7 stafliðum. Ég vil í þessu sambandi minnast á f-lið, þar sem segir, að hlutverk safnsins skuli m. a. vera að hafa samráð við menntamálaráð Íslands um gerð fræðslu- og menningarmynda.

Í athugasemdum við frv. er m. a. að því vikið, að nauðsynlegt sé að kvikmynda ýmsa þjóðlífshætti og vinnubrögð, sem eru að hverfa með þjóðinni. Því minnist ég á þetta, að til menntmn. beggja þingdeilda, að ég ætla, hefur borizt erindi frá nokkrum mönnum, þar sem þeir fara fram á það, að menntamálanefndir beiti sér fyrir því, að á fjárlögum verði veitt fé til að hefja kvikmyndun á þjóðháttasögu Íslendinga. Það virðist falla beint undir hlutverk fræðslumyndasafns ríkisins, eins og það kemur fram í 2. gr. frv., að beita sér fyrir töku slíkra mynda. Ég vildi láta þessa getið vegna þess, að erindi þetta hefur legið hjá menntmn. og verið þar vilji til þess að greiða fyrir þessu, en svo virðist sem því máli sé að því leyti komið í höfn, að gerð slíkra mynda fellur einmitt undir f-lið 2. gr. frv.

Með frv. er lagt til, að fjárveiting til fræðslumyndasafnsins skuli eigi vera lægri árlega en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Það munu vera nú 250 þús. kr., sem ætlaðar eru til safnsins á fjárlögum.

Eins og fram kemur í nál., hefur menntmn. lagt til, að frv. verði samþykkt, þótt einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Ég vísa að öðru leyti til aths. við lagafrv. og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það frekar að svo komnu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 78. og 82. fundi í Ed., 21. og 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 84. fundi í Ed., 25. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 42, 663).
Afbrigði um brtt. 663, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á þskj. 663, sem nú var útbýtt, hef ég flutt brtt. við 3. gr. þessa frv. Í gr. er nú svo ákveðið, að Alþingi veiti í fjárl. ár hvert fé til rekstrar safnsins, og skal sú fjárveiting eigi vera lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Till. er á þá leið, að í stað þess að miða við 4% af skemmtanaskatti, sé ákveðið, að fjárveitingin sé eigi lægri en 300 þús. kr. á ári.

Varðandi framlög til kennslukvikmynda eða fræðslumyndasafns ríkisins, þá var um hríð svo ákveðið í l., að til þess skyldi varið 4% af skemmtanaskattinum. Þetta ákvæði var fellt úr gildi, að ég ætla árið 1957, og síðan hefur verið veitt til þess ákveðin upphæð í fjárl.

Nú er með þessu ákvæði gert ráð fyrir, ekki að fræðslumyndasafnið fái hluta af skemmtanaskattinum, heldur beint úr ríkissjóði, en að miðað skuli við fjárhæð skemmtanaskattsins, 4% af honum. Mér virðist þetta óeðlilegt ákvæði m. a. vegna þess, að ef Alþingi þætti rétt að breyta, hækka eða lækka skemmtanaskattinn í heild, þá mundi þetta framlag til fræðslumyndasafns ríkisins af sjálfu sér breytast líka. Við skulum segja t. d., ef menn teldu, að rétt væri að hækka skemmtanaskattinn vegna félagsheimila, svo að dæmi sé nefnt, þá ætti af sjálfu sér af því að leiða hlutfallslega hækkun þessa framlags.

Ég tel eðlilegra, að í þessum lögum sé ákveðin upphæð. Í gildandi fjárl. eru veittar 250 þús. kr. til safnsins. Ef miðað væri við 4% af skemmtanaskatti s. l. árs, mundi sú upphæð verða í kringum 300 þús. Till. mín er því sú, að í stað þess, sem nú er í frv., verði ákveðið,

að ríkissjóður leggi fram eigi lægri fjárhæð en 300 þús. kr. á ári, og tel þá skipan eðlilegri en þá, sem í frv. er. Fjárhagslega skiptir þetta litlu sem engu fyrir safnið.

ATKVGR.
Brtt. 663 samþ. með 14 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 666).
Á 85. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 695).

55. Landnám, ræktun og byggingar í sveitum (stjfrv.).

Á 78. fundi í Ed., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum [217. mál] (stjfrv., A. 564).

Á 80. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er um að ræða, er samið af landnámsstjóra, og er með því ætlazt til, að nokkur leiðrétting sé gerð á því, sem orðið hefur í verðlagsbreytingum á s. l. árum. Frv. fer fram á það að hækka að nokkru styrki til nýbýla og jarðræktar þeirra, sem skemmst eru á veg komnir á því sviði.

Það er samkv. 1. gr. lagt til að hækka framlögin. Þar sem framkvæmdakostnaður við framræslu og ræktun, girðingar og neyzluvatnsveitur í byggðahverfum hefur aukizt tilsvarandi og framkvæmdir einstaklinga, mundi framlagshækkun sú, sem hér er gert ráð fyrir, vart standa undir meiri hækkun en sem svarar 15—20 þús. kr. á býli einstaklinga, eða að framlagið hækkaði úr 36 þús. kr. í 50—55 þús. kr. á býli, miðað við sömu býlatölu og verið hefur í styrkjakerfinu á undanförnum árum. Landnámsstjóri telur, að ef þetta frv. verður lögfest, þá muni vera mögulegt að halda uppi styrkjakerfi til nýbýla á nokkurn veginn sama hátt og verið hefur að undanförnu.

Í 2. gr. frv. er gerð till. um tilsvarandi hækkun á framlagi til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum. Framlagið er nú 25 þús. kr. á íbúðarhús. Frá því að það ákvæði var bundið með lögum, hefur byggingarkostnaður þeirra hækkað sem afleiðing tveggja efnahagsráðstafana. Sú hækkun nemur allt að 100 þús. kr. á hús með 90 fermetra gólffleti á einni hæð. Með hliðsjón af þessu er lagt til, að framlag til þeirra hækki um 15 þús. kr. á íbúðarhús, og til þess að standa undir þeirri hækkun hækki framlög á þessum lið til landnáms ríkisins um 500 þús. kr., úr 1.5 millj. í 2 millj. kr. En samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til, að hækkunin verði úr 5 millj. í 6.5 millj. kr. til framræslu og ræktunar lands á nýbýlum.

Ákvæðið í 3. gr. frv. er í rauninni ekki annað en afleiðing af lögum, sem samþ. voru á s. l. ári. Með þessu frv. er gert mögulegt að fullnægja þeim lagabókstaf. Það er um 1.5 millj. kr. hækkun vegna ákvæða 38.—41. gr. laganna, þ. e. afleiðing þess, sem samþ. var með lögum nr. 49 frá 11. júní 1960, framlög til þeirra bænda, er komust í erfiðleika vegna íbúðarhúsabygginga á jörðum sínum.

Í ljós hefur komið hin síðari ár, að mikil hætta er á, að jarðir, sem búið er að rækta og byggja peningshúsakost á, hafi ekki mannsæmandi íbúðarhús og geti farið í eyði, af því að eigendur treysti sér ekki til uppbyggingar íbúða. Lán til íbúðarhúsa hafa verið lág í hlutfalli við kostnað og nema nú ekki nema 25% af kostnaðarverði. Þetta er náttúrlega ekki alveg rétt, því að þegar miðað er við 25% af kostnaðarverði, þá er miðað við 75 þús. kr. lán á íbúðarhús, eins og var á s. l. ári. En nú hefur þetta verið hækkað upp í 90 þús., þannig að prósenttalan hækkar nokkuð, en er þó eigi að síður aldrei meira en sem svarar ⅛ af kostnaðarverði íbúðarhúss.

Það er þess vegna ljóst, að þetta er of lítið fyrir fátæka bændur til þess að geta komið upp íbúðarhúsi á þeirri jörð, sem þeir búa á, og frv. gengur þess vegna í þá átt að styrkja þá, sem verst eru settir, í þrenns konar skilningi. Það er í því að koma undir sig fótunum fyrir þá, sem byrja á því að brjóta land og koma upp nýbýlum. Það er í öðru lagi að hækka styrki til íbúðarhúsabygginga. Og það er í þriðja lagi að fullnægja þeim lagabókstaf, sem samþ. var hér á s. l. ári.

Þetta frv., ef að lögum verður, felur í sér 3 millj. kr. hækkun á styrkjum til þeirra bænda, sem verst eru settir, og að áliti landnámsstjóra og annarra, sem til þessara mála þekkja, er þetta nauðsynlegt. Þess vegna er frv. flutt, og þess vegna er nauðsynlegt, að það verði að lögum nú á þessu þingi, þótt það sé nokkuð seint fram komið. En þar sem orðið hefur samkomulag um það í ríkisstj. að flytja þetta frv., leyfi ég mér að ætla, að það geti orðið að lögum á þessu þingi.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., vegna þess að það skýrir sig sjálft ásamt grg., og ég vil leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og hv. landbn., en ég leyfi mér að leggja áherzlu á, að hv. landbn. geri svo vel að hraða störfum sínum, þannig að það verði unnt að taka frv. til 2. umr. á morgun. Það eru ekki nema fáir dagar eftir af þinginu, og ég hef ekki hugmynd um, að nokkur hafi áhuga fyrir því að tefja fyrir málinu. Ég vil þess vegna mælast til þess, að hv. landbn. taki málið strax til meðferðar í dag, svo að það verði unnt að taka málið til 2. umr. á morgun.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 564, n. 626 og 640).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eftir því sem ég hef komizt næst, hafa 727 nýbýli verið byggð hér á landi, eftir að nýbýlalögin gengu í gildi, og 159 eyðijarðir byggðar upp. Sést af þessu, hversu mikinn þátt lög þessi hafa átt í uppbyggingu sveitanna á þessu tímabili, en á öllu landinu eru talin liðlega 6 þúsund sveitabýli. Margt af þessum nýbýlum er mjög vel hýst og ræktun komin í ágætt horf og bústofn sæmilegur, þó að þar sé auðvitað misjafnt um að litast eins og annars staðar. T. d. eru í einu byggðahverfi sunnanlands, í Ölfusi, átta býli vel hýst og með mikla ræktun, sem bera 20 kúgildi hvert, og í Húnavatnssýslu eru 3 býli í hverfi, sem bera 24.3 kúgildi til jafnaðar. Þetta eru aðeins dæmi. En meðaltals áhöfn á nýbýlum mun vera 14.7 kúgildi.

Það yrði að sjálfsögðu of langt að fara að lýsa því, hversu það fólk, sem ráðizt hefur í og ræðst í það stórræði að koma sér upp býli og bústofni og áhöldum með tvær hendur tómar, hefur orðið að klífa þrítugan hamar. Stundum er á það bent, að þetta fólk njóti mikillar aðstoðar frá alþjóð til þessara hluta og er því alls ekki að neita, að nýbýlalögin hafa hér gert kleift það, sem annars var ókleift. En þrátt fyrir það er hér um afar mikil framlög að ræða frá þessum einstaklingum. Eins og nú er, mun það kosta um 1.3 milljónir að koma upp sæmilegu nýbýli með ræktun og húsum og áhöldum og áhöfn, sem nemur 20—24 kúgildum. En framlag landnámsins til þess býlis er 60 þús. kr., og auk þess má gera ráð fyrir öðrum 60 þús. kr. í jarðræktarstyrk. Lán úr byggingarsjóði hefur verið 75 þús. kr. og ræktunarsjóðslán geta orðið í mesta lagi 200—250 þús. kr. Alls eru lán og styrkir í kringum 400 þús. Þá verður einstaklingurinn að leggja fram frá sjálfum sér, eins og nú er, um 800—900 þús. kr., og getur þá hver sem er gert sér í hugarlund, hversu gífurlegt átak það er fyrir einstakling að ráðast í stofnun nýbýlis. En þrátt fyrir þetta koma þó enn fram umsóknir um aðstoð við stofnun nýbýla litlu færri en verið hefur, eða um 50 umsóknir á síðasta ári, að því er mér er tjáð, móti 60—70 umsóknum næstu ár á undan.

1957 voru nýbýlalögin endurskoðuð og endurbætt. T. d. voru sett inn í þau þá ákvæði 38. gr. um það, að greiða skuli aukajarðræktarstyrk, sem nemur talsverðri upphæð, til smábýla, sem hafa innan við 10 hektara tún, til þess að styðja að því að koma þeim býlum í viðunandi ástand til búskapar, miðað við nútímakröfur.

Í samræmi við framansagt má það ljóst vera, að allir þeir, sem í nýbýlastofnun ráðast nú, eiga afar örðugt uppdráttar, þegar allt verðlag á efni og vinnu hefur stórum hækkað síðan 1957, fyrst með efnahagsráðstöfunum 1958 og síðan með gengisbreytingunni 1960. En sá gleðivottur er þó enn fyrir hendi, að margt fólk í landinu vill leggja það á sig að byggja upp sveitirnar, þótt það kosti gífurleg fjárframlög og mikla vinnu, því að eins og fyrr segir, liggur enn fyrir fjöldi umsókna hjá nýbýlastjórn um stofnun nýbýla.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, gengur út á það að hækka nokkuð framlög til landnámsins frá því, sem ákveðið er í lögum frá 1957: 1) Að framlag til ræktunar á nýbýlum hækki úr 5 millj. kr. í 6½ millj. Mun láta nærri, að sú hækkun geti numið 15—20 þús. kr. á býli, og verður þá ræktunarstyrkur á býli um 50 þús. En ræktun 10 hektara túns, sem er talið lágmark á eitt býli, kostar nú 123 þús. kr. 2) Að framlag vegna bygginga eða byggingarstyrkur á nýbýlahús hækki úr 1½ millj. upp í 2, og hækkar þá byggingarstyrkur úr 25 þús. kr. upp í 40 þús. á íbúðarhús. 3) Í 38. gr. og 41. gr. laganna frá 1957 eru ákvæði um að greiða viðbótarjarðræktarstyrk til smábýla með undir 10 hektara túnstærð, 5 millj. kr. á ári, næstu fjögur ár, þ. e. 1958, 1959, 1960 og 1961. Með þessu ári fellur þetta ákvæði því niður og mun hugsun löggjafans þá, þ. e. 1957, hafa verið sú, að 1961 yrðu allar jarðir komnar með 10 hektara tún. En nú þykir sýnt, að enn þurfi fjögur ár til að ná því takmarki. Til viðbótar verkefni því, er 38. og 41. gr. nefndra laga fjalla um, var svo samþykkt á Alþingi í fyrra lagaákvæði um það, að af þessu fé mætti greiða lítils háttar byggingarstyrk vegna íbúðarhúsa bænda, er mjög erfiðan fjárhag hafa, 25 þús. kr. á hús, sbr. lög nr. 49 11. júní 1960. Þykir sýnt, að a. m. k. 40 íbúðarhús árlega muni koma undir þetta lagaákvæði. Hækkun sú, sem hér um ræðir í þessu frv. í þessu skyni, er 1 millj. miðað við lögin frá 1957. Alls hækkar þá framlag vegna þessa lagafrv., ef samþykkt verður, frá því, sem það var áður, um 1.5 millj. á 1. gr., 0.5 á 2. og 1 á 3., sama sem 3 millj.

Landbn. er sammála um, að nauðsynlegt sé að hækka framlög á þessu þingi vegna landnámslaganna til að mæta að nokkru leyti auknum kostnaði við stofnun nýbýla og í öðru lagi til að fullnægja lagaákvæðum nr. 59 1960. Það er tillaga meiri hl. n., að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Hinn 26. okt. 1960, þ. e. á öndverðu þessu þingi, var útbýtt hér á hv. Alþ. frv. til laga um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Flm. þess frv. eru þrír þm. Framsfl., sem sæti eiga í Nd. Þetta frv. var tekið til 1. umr. og vísað til landbn. Nd. 3. nóv. 1960. Þegar frv. hafði legið hjá n. 95 daga, gaf minni hl. þeirrar n. út álit um málið, og í því nál. er tekið fram, að málið hafi ekki fengizt tekið fyrir í landbn. Nd. fyrr en þá, en þeir, sem minni hlutann skipa, vilji ekki una slíkum drætti á afgreiðslu svo þýðingarmikils máls og gefi því

út sérálit, þar sem þeir leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. En álit frá meiri hl. landbn. Nd. um þetta þýðingarmikla mál hefur ekki enn komið fram, þó að nú séu liðnir 140 dagar, síðan þessu máli var vísað til þeirrar nefndar. Af þessu verður að draga þá ályktun, því miður, að þetta mál hafi ekki til þessa átt fylgi að fagna í hv. Nd., a. m. k. hefur það ekki átt greiðan gang í gegnum þá hv. deild.

En nú fyrir þremur dögum er borið fram hér í þessari hv. d. stjfrv. um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Það verður þegar augljóst, þegar litið er á þetta frv., að það fjallar um breyt. á sömu l. og frv. framsóknarmanna, sem liggur fyrir Nd. En þegar nánar er að gætt, þá kemur það og í ljós, að bæði frv. eru fjórar greinar og að bæði frv. fjalla um breyt. á sömu greinum laganna, nákvæmlega sömu ákvæðum, þ. e. 5. gr., 26. gr. og 41. gr. laganna um landnám, ræktun og byggingar í sveitum. Og ef enn nánar er að gætt, þá kemur það og í ljós, að jafnvel orðalag á þessum ákvæðum er mjög líkt og á sumum stöðum samhljóða í báðum frv.

Í 1. gr. stjfrv., sem hér er til umr., segir, að í stað orðanna „minnst 5 millj. kr. á ári" í síðari mgr. 5. gr. laganna komi: „minnst 6.5 millj. kr. á ári." En í frv. framsóknarmanna er þetta orðað þannig, að til þessara framkvæmda greiði ríkissjóður minnst 7½ millj. kr. á ári næstu 25 árin, þannig að báðar þessar gr. eru við það miðaðar að falla inn í gildandi lög um þetta efni, og þegar búið væri að fella þetta inn í lögin, þá er orðalagið svo líkt, að það má heita, að eini mismunurinn á 1. gr. sé fjárupphæðin, þar sem í öðru frv. er miðað við 6½ millj., en í hinu við 7½ millj.

2. gr. frv. þess, sem hér liggur fyrir, er þannig: „Til byggingar íbúðarhúsa á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þús. kr. á hverju býli." En í frv. framsóknarmanna er þetta orðað svo: „Til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum einstaklinga utan byggðahverfa og í byggðahverfum er heimilt að veita framlag allt að 40 þús. kr. á hvert býli." Hér er breytt um fall á einu orði, og skal ég ekki fara út í það. Ég hygg, að hvort tveggja geti staðizt. Síðan er ráðizt í það í stjfrv. að setja punkt og hefja nýjan málslið: „Framlagið greiðist að hálfu, þegar húsið er fokhelt, og að fullu, þegar byggingu er lokið, enda hafi byggingarfulltrúi staðfest með vottorði, að fullnægt hafi verið settum skilyrðum um frágang byggingarinnar." En í frv. framsóknarmanna er tilvísunarsetning látin ná yfir þetta efnisatriði, og þar segir: „er greiðist að hálfu, þegar hús er fokhelt, en að fullu, þegar byggingu er lokið." Efnið er nákvæmlega hið sama. Og svo í framhaldi af þessu segir í báðum frv. eins: „Til þessara ráðstafana leggur ríkissjóður fram minnst 2 millj. kr. árlega," en í stjfrv. er bætt við: „í fyrsta sinn árið 1962."

Svipað er að segja um 3. gr., að þar er í raun og veru aðalefnisbreytingin sú, að í stjfrv. er gert ráð fyrir að greiða 6 millj. kr. árlega til þeirra framkvæmda, sem þar um ræðir, en í frv. framsóknarmanna 7½ millj. kr. árlega.

Það er nú augljóst, þegar þetta er borið saman, að ef áhugi stjórnarflokkanna hefði verið mikill fyrir þessu máli nú á þessu þingi, þá hefði legið mjög vel fyrir að afgreiða frv. það, sem flutt var í Nd. 26. okt. s. l., annaðhvort óbreytt eða þá á þann hátt að breyta eitthvað tölum frá því, sem þar segir, og vitanlega er meiri hl. þings í lófa lagið að koma slíkum breyt. fram. Sá kostur hefur þó ekki verið tekinn, heldur er í þess stað lagt fram nýtt frv. hér í þessari hv. d. En framsóknarmenn hafa, bæði á þingi í fyrra og eins á þessu þingi, bent á það með skýrum rökum, hve verðlagshækkanir þær, sem orðið hafa að undanförnu, bitni hart á bændastéttinni eigi síður en öðrum þegnum þessa þjóðfélags og torveldi að miklum mun framkvæmdir í sveitum við ræktun og byggingar. Undir þetta er greinilega tekið í grg. þessa frv. og þau rök, sem við framsóknarmenn höfum fært fram að þessu leyti, staðfest svo vel sem verða má. Í grg. þessa frv. segir t. d., að ræktunarkostnaður hafi hækkað frá því 1957 úr 9200 kr. á hektara í 12776 kr. á hektara árið 1960, sem svarar til 38% hækkunar á kostnaðarverði ræktunar og girðinga. Í grg. þessa frv. segir enn fremur, að hækkun byggingarkostnaðar sé svo mikil, að hún nemi allt að 100 þús. kr. á hús með 90 m² gólffleti á einni hæð, og enn fremur, að kostnaðarauki nýbyggjandans á ræktun, sem nemi 10 hekturum, nemi um 36 þús. kr., en á sama tíma hafi framlögin staðið í stað.

Allt er þetta mjög ótvírætt og staðfestir þau rök, sem við framsóknarmenn höfum borið fram í þessu sambandi. Það liggur því í augum uppi, að það er fullkomlega tímabært að lögfesta breyt. á þeim ákvæðum laganna um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem hér er fjallað um, og það er jafnvel enn þá fremur aðkallandi en ella vegna þess, að á sama tíma sem ræktunarkostnaður hefur hækkað um 38%, svo sem segir í grg. þessa frv., hefur verið horfið frá því að reikna verðlagsuppbót á hin almennu jarðræktarframlög, sem greidd eru samkvæmt jarðræktarlögum, en allt fram til ársins 1960 voru jarðræktarframlög samkvæmt jarðræktarlögunum greidd með verðlagsuppbót, sem samsvaraði meðalvísitölu þess árs, þegar framkvæmdirnar voru gerðar.

Þetta frv. gefur nú ekki tilefni til þess að fara að ræða í sambandi við það um hið almenna ástand í efnahagsmálum þjóðarinnar og þau áhrif, sem efnahagsmálalöggjöf núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft í þeim efnum, en hin mikla hækkun ræktunarkostnaðar og byggingarkostnaðar á þó að mestu leyti rót sína að rekja til hinnar nýju efnahagslöggjafar. En þær tölur, sem hér koma fram og ég hef drepið á, sýna þó, að það er mikið ósamræmi milli þess, sem raunverulega hefur átt sér stað um hækkun ræktunar- og byggingarkostnaðar, og þess, sem talað var um eða látið í veðri vaka í sambandi við afgreiðslu efnahagsmálafrv. á síðasta þingi, um þá breyt., sem mundi koma í kjölfar þess og leiða af sér kjaraskerðingu, þar sem miðað var

við, að kjaraskerðing vegna gengisfellingarinnar yrði ekki yfir 3%, að mig minnir.

En þó að frv. þetta sé nú seint fram komið, þá viljum við, sem höfum skilað minnihlutaáliti um þetta mál, styðja að framgangi frv. og mælum með því, að það verði samþ., og við teljum, að því beri að fagna, að nú undir þinglokin hyggst hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar að gera þó ofur litla bragarbót í þessum efnum. En við teljum, að þær fjárhæðir, sem framsóknarmenn í Nd. lögðu til í haust að lögfestar yrðu til breyt. á þessum gr., sem hér er fjallað um, séu sízt of háar til þess að mæta þeirri miklu og brýnu þörf, sem fyrir hendi er hjá bændastéttinni í þessu efni. Þess vegna leggjum við til, að frv. þetta verði samþ. með þeim breyt., að í stað 6.5 millj. í 1. gr. frv. komi 7.5 millj. og að í stað 6 millj. í 3. gr. frv. komi 7.5 millj. Ég tel, að með þessum brtt. sé mjög í hóf stillt, og vil enn fremur benda á, að mér virðist, að það hafi jafnvel komið til álita hjá hæstv. ríkisstj. að hafa framlagið samkvæmt 3. gr. dálítið hærra en þar er, því að ef ég skil málið rétt, þá held ég, að í grg. sé talað um hærri tölu en í frv. sjálfu. Í grg. segir: „Ákvæðin í 3. gr. frv. um 1.5 millj. kr. hækkun vegna ákvæða 38.—41. gr. laganna eru afleiðing þess, að samþykkt voru með lögum 49 frá 11. júní 1960 framlög“ o. s. frv., en ef ég skil þetta rétt, þá er í frvgr. aðeins miðað við 1 millj. kr. hækkun á þeim sérstaka lið. Það, sem hér segir í grg., fer mjög í þá átt, sem við hv. 1. þm. Vesturl. leggjum til, og bendir það til þess, að líkur kunni að vera fyrir því, að till. okkar nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 640,1 felld með 10:6 atkv.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 640,2 felld með 11:6 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. nr. 48 frá 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, hefur verið samþ. í Ed. Það fer fram á nokkra hækkun til jarðræktar og til húsbygginga á þeim jörðum, sem skemmst eru á veg komnar, og til þeirra aðila, sem þannig eru settir, að þeir þurfa sérstaklega fjárhagsaðstoðar við.

Um 1. gr. er það að segja, að þar er lagt til, að framlagið hækki í 5. gr. laganna úr 5 millj. kr. á ári í 6½ millj. Þessi grein snertir jarðrækt, vatnsleiðslur og undirbúning ræktunar á nýbýlum. Með 2. gr. er gert ráð fyrir að hækka framlag til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum úr 25 þús. kr. í allt að 40 þús. kr. Og samkv. 3. gr. er aðeins gert ráð fyrir að fullnægja lögum, sem voru samþykkt á síðasta Alþingi, þ. e. að hækka nokkuð framlag til þeirra býla, sem enn hafa ekki 10 hektara tún. Frv. þetta, ef að lögum verður, leiðir af sér hækkun styrkja í þessu skyni um 3 millj. kr.

Frv. er flutt til þess að leiðrétta að nokkru það misræmi, sem hefur skapazt vegna verðlagsbreytinga, vegna hækkaðs ræktunarkostnaðar og byggingarkostnaðar, sem þeir aðilar, sem byrja á framkvæmdum í sveitum og eiga við þrengstan kost að búa, hafa orðið fyrir. Pálmi Einarsson landnámsstjóri hefur samið þetta frv. og sniðið það eftir brýnustu þörfum, og telur hann, að ef það verður að lögum, þá muni þær framkvæmdir, sem átt hafa sér stað á sviði nýræktar og nýbýla, geta þróazt svipað og áður.

Þar sem nú er komið á síðustu daga þingsins, vil ég mælast til, að sú nefnd, sem fær þetta mál, sem er væntanlega landbn., geri svo vel að haga störfum þannig, að frv. geti orðið á dagskrá á mánudaginn.

Ég vil svo leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 564, n. 664 og 665).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. Nd. hefur athugað frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 564, á fundi sínum nýlega. Eins og fram kemur í nál., var fulltrúi Framsfl., Helgi Bergs, ekki mættur á fundinum, en hann tilkynnti n. síðar, að hann mundi skila séráliti ásamt brtt., og hann mun gera grein fyrir þeim hér á eftir. Hv. 6. þm. Sunnl. (KGuðj), sem stendur að áliti meiri hl., þar sem lagt er til, að frv. verði samþykkt óbreytt, áskilur sér þó rétt til að fylgja brtt., ef fram kynnu að koma.

Hæstv. landbrh. gerði grein fyrir þessu máli er frv. var hér til 1. umr., og mun ég að mestu vísa til þess.

Segja má, að breytingar þær, sem í frv. felast, séu þríþættar: Fyrst að auka nokkuð stuðning við nýbýli til að mæta að nokkru þeirri verðrýrnun krónunnar, sem orðin er síðustu árin og er svo mikil, að segja má, að grundvöllurinn sé að verulegu leyti brostinn undan nýbýlamyndun, ef ekki er að gert. Annað er það verkefni, sem verið er að vinna að samkv. 38. gr. laga um landnám o. fl. frá 28. maí 1957, að koma túnstærð allra býla í landinu a. m. k. í

10 hektara. Fyrir liggur nú fullnaðarathugun á því verkefni í öllum sýslum landsins, nema tveimur, þ. e. Árnes- og Rangárvallasýslum, en þar mun ekki vera margt býla, sem falla undir þessi ákvæði. En samkvæmt þeirri athugun er breytingin við 41. gr. laganna að framlengja framlagsskylduna næstu 4 ár. Í þriðja lagi er svo framlag, er leiðir af lögum frá síðasta Alþingi um stuðning við íbúðarhúsabyggingar á þeim jörðum, sem enn hafa ekki verið hýstar viðunandi íbúðarhúsum og ábúendur hafa, eins og segir í lögum, að dómi nýbýlastjórnar ekki bolmagn til að hýsa þær án stuðnings.

Þetta eru meginatriðin, og ég ætla ekki að ræða þetta nánar. Hér er um stjórnarfrv. að ræða. Þrír nm. í landbn. hafa lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, einn að vísu áskilið sér rétt til að fylgja brtt. Einn nm. (JPálm) var fjarstaddur vegna veikinda, en mér þykir rétt að segja það hér, að ég veit, að hann er fylgjandi þessu máli, enda er hann formaður nýbýlastjórnar. Við leggjum því sem sagt til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Helgi Bergs): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir og miðar að hækkun framlaga til landnáms, ræktunar og bygginga í sveitum, hefur verið til meðferðar í landbn., og ég skal strax taka það fram, að ég er sammála stefnu frv., það er aðeins nokkur skoðanamunur um það, hvað þessi framlagshækkun þurfi að vera mikil.

Það er greint frá því í grg. frv. t. d., að kostnaður við ræktun og girðingar hafi hækkað um 38%, en gert er ráð fyrir í þessu frv., að hækkunin á framlaginu til þessara hluta, þ. e. samkv. 5. gr. l. nr. 48/1957, verði 30%. En það eru fleiri ástæður til þess, að ég hef séð ástæðu til að flytja brtt. við þetta frv., sem ég flyt á þskj. 665, og þá fyrst og fremst sú, að þetta mál hefur fengið mjög einkennilega meðferð í þinginu, sem ég skal nú greina nokkru nánar.

Snemma á þessu þingi báru nokkrir hv. þm. Framsfl. fram frv., sem gekk í nákvæmlega sömu átt og þetta, var næstum því orðrétt eins og þetta, að öðru leyti en því, að upphæðirnar, sem þar var gert ráð fyrir, voru nokkru hærri. Það frv. var tekið til 1. umr. hér í þessari hv. d. þann 3. nóv. og vísað til landbn. Meiri hl. þeirrar n., fulltrúar stjórnarflokkanna í þeirri n., hefur ekki fengizt til þess að afgreiða frv., en minni hl. skilaði áliti í byrjun febrúar. Þegar liðið var hátt á fimmta mánuð, sem þetta frv. hafði legið fyrir þinginu, þá er útbýtt í Ed. frv. um nákvæmlega sama efni, næstum orðrétt eins, að öðru leyti en upphæðunum, eins og ég gat um, og það er það frv., sem hér er til umr. Eðlileg þingleg vinnubrögð hefðu verið þau að láta frv. hv. framsóknarmanna ganga eðlilegan gang og gera við það þær brtt., sem hæstv. ríkisstj. taldi nauðsynlegar. En með tilliti til þess, að það á á þennan hátt að komast hjá því að veita frv. framsóknarmanna afgreiðslu á þessu þingi, hefur mér þótt rétt að flytja þær tvær brtt., sem ég flyt á þskj. 665, sem, ef samþykktar yrðu, mundu færa þetta frv. til sama horfs og hið fyrra.

Að brtt. minum felldum mun ég þó að sjálfsögðu mæla með samþykkt frv., þar sem ég tel það til mikilla bóta.

ATKVGR.
Brtt. 665,1 felld með 18:13 atkv.
1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 665,2 felld með 19:13 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 697).

---

56. Sementsverksmiðja.

Á 31. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1848, um sementsverksmiðju [121. mál] (þmfrv., A. 161).

Á 32. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Við hv. 4. landsk. þm. (HV) og ég höfum leyft okkur að flytja hér á þskj. 161 frv. um, að nokkur breyting verði gerð á lögunum um sementsverksmiðju og þá einvörðungu í þá átt, að við leggjum til, að stjórn sementsverksmiðjunnar verði öðruvísi skipuð en nú er.

Sementsverksmiðjan er, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, við hliðina á áburðarverksmiðjunni eitt stærsta fyrirtæki landsins og er ótvírætt ríkiseign. Hingað til hefur samkv. 4. gr. l. málum verið þannig skipað um stjórn verksmiðjunnar, að ráðherra hefur útnefnt þrjá menn í stjórn hennar og þar með alla stjórnina. Það, sem við leggjum til að gert verði, er að skipa þessa stjórn fimm mönnum, sem kosnir séu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn, en atvmrh. skipi einn þeirra formann verksmiðjustjórnar.

Í fyrsta lagi álítum við það almennt rétt um þessi stóru ríkisfyrirtæki, eins og áburðarverksmiðjuna, síldarverksmiðjurnar og aðrar slíkar, að stjórnir séu kosnar af Alþingi. Það tryggir allt öðruvísi festu í stjórn þessara stóru ríkisfyrirtækja heldur en að þær ríkisstjórnir, sem sífellt eru að breytast, skipi þá menn, sem þarna eiga að stjórna, og tryggir líka um leið á margan annan hátt allt öðruvísi og sterkara

samhengi gegnum áratugina í stjórn slíkra verksmiðja, auk þess sem það er visst jafnréttisatriði.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem frv. um þetta er flutt hér á hinu háa Alþingi. Á þinginu 1958—59 fluttu þeir Jóhann Hafstein, núv. hæstv. forseti okkar deildar, og Ingólfur Jónsson, núv. hæstv. landbrh., frv. sama efnis, sem varð ekki útrætt á því þingi. Þeirra rök voru hin sömu og okkar nú, að það sé rétt að hafa svipaðan hátt á um stjórn þessarar verksmiðju og er um flest önnur af slíkum stórum ríkisfyrirtækjum, sérstaklega þegar um framleiðslufyrirtæki er að ræða.

Það hins vegar, að við álítum alveg sérstaka ástæðu fyrir utan það, sem almennt er rétt við það og fram hefur komið áður, þegar þetta mál hefur verið flutt hér á Alþingi, — það, sem við álítum að geri þetta sérstaklega brýnt nú, að að því sé horfið að breyta svona til, það er, að það er að skapast hættulegt ástand fyrir sementsverksmiðjuna, sem nauðsynlegt er að Alþingi horfist í augu við og að okkar áliti útheimtir það, að sett sé yfir sementsverksmiðjuna stjórn, sem geti verið skipuð öllum flokkum Alþingis, þannig að Alþingi fari sjálft að taka beina ábyrgð á rekstri þessarar verksmiðju. Auk þeirrar almennu ástæðu, sem fyrir er og fyrir hefur verið raunverulega undanfarið, að samræma stjórn þessarar verksmiðju því, sem er um önnur stór ríkisfyrirtæki, þá eru enn fremur þessar sérstöku ástæður fyrir hendi, og ég mun nú fara nokkru nánar út í þær sérstöku ástæður og það ástand, sem nú hefur skapazt fyrir sementsverksmiðjuna.

Sannleikurinn er, að viðreisnin, eins og núverandi stjórnarpólitík hefur verið kölluð, hefur haft mjög þungbærar afleiðingar fyrir sementsverksmiðjuna og þann iðnað, sem hún fyrst og fremst framleiðir fyrir, byggingariðnaðinn, og það er rétt, að hv. alþm. horfist í augu við, hvílík vandamál það eru, sem þar liggja fyrir. Í fyrsta lagi hefur orðið allstórfelld hækkun vegna gengislækkunarinnar raunverulega á sjálfri sementsverksmiðjunni og enn fremur á þeim vörum, sem hún framleiðir. Sementsverksmiðjan var upphaflega reiknuð að kosta sínar 135 millj., held ég það hafi verið með seinustu tölunum, sem við heyrðum, en af þeim skuldabréfum, sem sementsverksmiðjan hefur samkv. hennar efnahagsreikningi, þá eru um 100 millj. hjá Framkvæmdabankanum, sem eru útlend lán og hafa þess vegna meira en tvöfaldazt í verði, þannig að ég býst við, að nú sé sementsverksmiðjan almennt metin á 245 millj. kr. og vegna gengislækkunarinnar hafi sem sé um leið hennar skuldir næstum því tvöfaldazt, og það hefur aftur skapað fyrir hana þá erfiðleika, að hún verður nú að reikna miklu hærra en áður það sement, sem hún selur. M. ö. o.: viðreisnin og gengislækkunin hafa haft mjög hættulegar afleiðingar fyrir afkomu verksmiðjunnar reikningslega séð, og auk þess hefur þetta orðið til þess, að sementsverksmiðjan hefur orðið að hækka verðið á sinni framleiðslu mjög mikið. Í Hagtíðindunum frá ágúst í ár er tekið fram, þegar rætt er um vísitölu byggingarkostnaðar, að meðal þeirra efnisliða, sem hækka einna mest eða um 50—75%, eru timbur, járn og sement. Það er vitað, að sementið hefur hækkað um yfir 50%. Og þegar athuguð er vísitala byggingarkostnaðar, þá sést það, þegar borin er saman vísitala sú, sem gildir nú frá júní 1960, við vísitölu byggingarkostnaðar í febrúar, að þá hafa allir efnisliðirnir hækkað stórkostlega. Hvað vísitölu snertir hefur sement, steypuefni, einangrunarefni og grunnrör hækkað úr 115 upp í 154, timbrið hækkað úr 134 upp í 206, en hins vegar vísitalan fyrir alla vinnu, trésmíði, múrvinnu, verkamannavinnu og allt annað slíkt, hefur lækkað stórkostlega, lækkað yfirleitt úr 128 niður í 116, þannig að sem bein afleiðing af gengislækkuninni hefur sementið hækkað mjög tilfinnanlega og þar með líka skapazt aðrar afleiðingar, sem verða jafnvel enn hættulegri fyrir sementsverksmiðjuna en nokkurn tíma sjálf hækkunin, sem framkölluð hefur verið með gengislækkuninni.

Það, sem sérstaklega gerir þetta allt saman svona hættulegt, er sú kreppa, sem viðreisnin svokallaða hefur skapað. Það er alveg greinilegt af öllu því, sem við sjáum í kringum okkur nú, að það blasir við okkur kreppa í atvinnulífinu, sem við höfum ekki horfzt í augu við um alllangan tíma. Þegar sementsverksmiðjan var reist, voru menn bjartsýnir. Menn voru fyrst og fremst að hugsa um, að við gætum framleitt það, sem við þyrftum til þess að byggja okkur hús hér innanlands, og fyrsta árið, sem sementsverksmiðjan starfaði, var það svo, að allt, sem hún framleiddi, var jafnóðum rifið út til þess að byggja hér nýjar og góðar íbúðir yfir landsmenn. Ástandið, sem nú blasir við, er það, að allar þessar byggingar eru að stöðvast, og þar með skapast fyrir sementsverksmiðjuna, svo að ég tali nú ekki um fyrir fólkið almennt, alveg ný og mjög erfið viðhorf í okkar landi. Ég veit, að menn hafa ofur lítið verið að athuga þetta nú undanfarið. T. d. hvað einkabyggingarnar snertir, þá er það svo, að þar sem verið er að byggja hér í Reykjavík, við skulum segja í einu aðalbyggingarhverfinu, Háaleitishverfinu, þar eru um ⅔ af öllum byggingunum stöðvað, búið að loka þar öllu og ekki haldið áfram. Þar er ástandið orðið þannig t. d. hvað verkamennina snertir, að trésmiðirnir telja almennt, að það muni verða nokkuð nóg fokk fyrir sig fram undir jólin, fram undir nýárið jafnvel, en yfirleitt ekkert víst eftir nýárið. Af þeim lóðum og húsum, sem úthlutað var í ágúst, hefur verið byrjað á einu í Háaleitishverfinu. Þeir menn, sem undanfarið hafa verið að gera það að sinni atvinnu, — haft sérstakt framtak í þeim efnum, hvernig sem menn annars vilja nú á það líta, — þeir, sem fengizt hafa við að byggja íbúðir og selja, 4 aðilar, sem við þetta hafa fengizt undanfarið, eru hættir, telja algerlega vonlaust að selja íbúðir. Einn þessara manna hefur t. d. 23 íbúðir óseldar, hefur síðan um áramót selt 2. Við höfum nýlega séð auglýst í blöðunum og sagt frá því, að fokheldar íbúðir hafi verið boðnar upp og seldar undir því verði, sem kostaði að reisa þær.

M. ö. o.: það er það, sem við kölluðum í gamla daga, beint kreppa komin í þennan byggingariðnað.

Menn geta litið mismunandi á, að hvað einkabyggingarnar snertir, þá þyrfti þar gjarnan að hafa ýmsan annan hátt á, og sumir gætu máske álitið, að það gæti verið upphafið að því að skapa þarna betri og réttari aðferðir en víða hafa gilt. En það er þá a. m. k. nokkuð harðvítug hrossalækning, sem hér væri á ferð, ef það er meiningin, og bólar a. m. k. ekki enn á því, að það eigi að taka þar upp neinar nýjar aðferðir, meiri samvinnu í þeim byggingum en verið hefur, enda væri það sízt í samræmi við þá pólitík, sem almennt er boðuð um einkaframtakið í þeim efnum. En hvað snertir sem sé einkabyggingarnar, þá virðist þarna stöðvun að *meira eða minna leyti vera komin á, og* þar sem hún er ekki komin á, þar vofir hún yfir. Það er eins og deyðandi hönd viðreisnarinnar hafi gripið þarna um og sé að stöðva þessa hluti, þar sem áður var tiltölulega blómlegt atvinnulíf.

Hvað þær opinberu byggingar snertir, þá er það a. m. k. svo hér í Reykjavík, að skólabyggingarnar og spítalabyggingarnar virðast vera að stöðvast, hvort sem það á að vera til langs tíma eða ekki. Mér er sagt t. d., að hér í bæjarsjúkrahúsinu í Reykjavík vinni enginn múrari nú, og almennt virðist vera beinlínis atvinnuleysi fram undan, m. a. alveg sérstaklega hjá stéttum eins og trésmiðum, múrurum og öðrum slíkum, sem undanfarin ár hafa þó yfirleitt haft yfrið nóg að gera.

Þessir hlutir þýða frá sjónarmiði sementsverksmiðjunnar, að þarna er fram undan markaðskreppa. Það er svo greinilegt, að þetta almenna kreppuástand, sem er að skapast hér í landinu, þessi viðreisnarkreppa, hún er ekki aðeins að birtast verkamönnunum, fagmönnunum, í stöðvun á því, sem þeir hafa unnið við á undanförnum árum, heldur kemur hún nú líka fram gagnvart þessu stóra ríkisfyrirtæki í markaðskreppu. Ég hef aflað mér nokkurra upplýsinga um, hvernig útlitið er fyrir sementsverksmiðjuna í þessum efnum. 1958, frá því í ágúst, þegar hún tók til starfa, seldi hún á því ári 30 þús. tonn, 1959 voru seld 84300 tonn, og nú 1960 er búizt við, að alls verði seld 70 þús. tonn á innanlandsmarkaðinum. Ef við viljum af þessum tölum reyna að gera okkur grein *fyrir sjálfri framleiðslunni og hvernig* aðstaðan er þar, þá mun líklega mega reikna með, að um 15 þús. smálestir af sementi hafi verið birgðir sementsverksmiðjunnar nú um áramótin, þannig að það væri máske ekki alveg rangt að reikna með, að af framleiðslu ársins 1960 seljist nú á innanlandsmarkaði um 55 þús. tonn. Þá hefur verið gerður samningur um — og er verið að byrja að framkvæma hann — að selja til Bretlands um 20—25 þús. smál. af sementi. Þar koma strax fram vandræðin hvað verðið snertir og baráttuna um það fyrir sementsverksmiðjuna. Verðið, sem sementsverksmiðjan mun hafa selt fyrir nú undanfarið, miðað við fob.-verð í skip á Akranesi, mun vera um 800 kr. smálestin. Það verð, sem sementsverksmiðjan mun raunverulega fá út úr sölunni til Bretlands miðað við fob. á Akranesi, mun vera um 450 kr. smálestin. Það er að vísu ekki alveg hálfvirði, en langt niður undir það. Sementsverðið hér í Reykjavík, útsöluverð, mun vera um 1120 kr. smálestin, var líklega um 735, ef ég man rétt, áður. Það hefur hækkað þá, eins og ég sagði áðan, um 50%.

Þetta, sem þarna horfir við, skapar stórkostleg vandræði fyrir sementsverksmiðjuna. Fram undan blasir við meiri eða minni stöðvun í byggingariðnaðinum, kreppa, sem færzt hefur nú yfir vegna stórkostlega minnkaðrar getu manna til þess að byggja sér íbúðir eða kaupa sér íbúðir, stórkostlega minnkaðrar aðstöðu manna til þess að byggja hús og ætla að selja þau, og fæstir hafa efni á að byggja þau til þess að ætla að leigja. Og vafalaust líka kemur þarna um leið nokkuð til greina erfiður eða versnandi fjárhagur hins opinbera, sem þýðir hlutfallslega minnkandi byggingarframkvæmdir af hálfu þess opinbera. Við þetta allt bætist svo sú stefna að hafa hækkað vexti í bönkum og dregið úr lánum þar, sem líka kemur mjög hart niður á byggingariðnaðinum. Afleiðingin af þessu kemur m. a. fram í því, að það munu vera óseldar nú birgðir frá sementsverksmiðjunni upp á 25—30 þús. smál.

Sem sé, sementsverksmiðjan liggur nú með um 25—30 þús. smál., sem hefur ekki verið hægt að selja. Eins og ég býst við, að öllum hv. alþm. sé ljóst, skapar þetta mjög erfið viðfangsefni fyrir þetta stóra fyrirtæki, sem þjóðin hefur tengt svo miklar vonir við. Þjóðin hafði skapað sér þetta fyrirtæki með það fyrir augum að geta notað framleiðslu þess til þess að byggja betur í okkar landi en mörgum öðrum löndum og búa þannig betur að fólkinu hvað íbúðir snertir. Þetta hafði verið gert á þeim tímum, þegar það sjónarmið var ráðandi, að við skyldum reyna sem mest að haga framleiðslunni með þarfir fólksins í landinu fyrir augum, t. d. að við skyldum framleiða sement, til þess að menn gætu byggt hús og búið í þeim húsum. Manni virðist að vísu þetta sjónarmið vera nokkuð eðlilegt, að menn reisi sementsverksmiðju til þess að framleiða sement til að byggja hús og til þess að fólk geti búið í þeim húsum. Og það er þetta sjónarmið, sem hefur yfirleitt valdið því, að menn hafa ráðizt í fyrirtæki á Íslandi eins og sementsverksmiðju. Hins vegar virðist nú vera að koma önnur stefna inn í íslenzk stjórnmál, að því aðeins skuli menn fá að byggja hús og reisa hús yfir sig, að einhverjir telji sig hafa gróðavon af því að ráðast í þess háttar framtak, og því aðeins skuli sementsverksmiðja rekin, að það sé hægt að gera sér einhverjar gróðavonir í sambandi við slíkt. Ég hef áður varað við því að gera sér slíkar hugmyndir um íslenzkan þjóðarbúskap og varað við hættulegum afleiðingum af öllu slíku. Og það er nú að koma í ljós hvað sementsverksmiðjuna snertir og þar með byggingariðnaðinn, að það er hættulegt að ætla að hverfa frá þeirri meginreglu að reka fyrst og fremst okkar þjóðarbúskap með það fyrir augum, að hann sé til þess nýtur, að fólkinu vegna hans framleiðslu

geti liðið betur. Vegna þessarar tilraunar, sem fyrir fram var dæmd til að misheppnast, en nú er gerð, að innleiða á ný einkaauðvaldið og þess gróðalögmál sem ráðandi í íslenzku atvinnulífi, þá er nú sementsverksmiðjan komin í kreppu, þá er byggingariðnaðurinn kominn í kreppu, og þá eru nú að stöðvast þær miklu byggingar, íbúðabyggingar Íslendinga, sem fyrir nokkrum árum meira að segja ollu því, að Sjálfstfl. setti það upp sem sitt mark, að hver fjölskylda skyldi sjálf eiga sína íbúð.

Ég held þess vegna, að þegar við horfumst í augu við þetta ástand, að sementsverksmiðjan hefur neyðzt til þess að selja út úr landinu 20—25 þús. smál. af sementi fyrir allt að því hálfvirði á móts við það, sem Íslendingar hafa orðið að borga, þegar hún í öðru lagi liggur með 25—30 þús. smál. af sementi, sem hún veit ekki, hvar eigi að selja, þegar í þriðja lagi byggingariðnaðurinn í kringum okkur alls staðar er að stöðvast, þannig að hvergi lítur út fyrir, að neitt fari batnandi viðvíkjandi þessum efnum, þá er óhjákvæmilegt, að Alþingi láti til sín taka um, hvernig þarna eigi að breyta til. Það er engum efa bundið, að það, sem fyrst og fremst veldur allri þessari stöðvun í byggingariðnaðinum, er sjálf gengislækkunin og afleiðingar hennar. Okkur var að vísu sagt hér, þegar gengið var fellt, að það mundu aldrei verða meiri verðhækkanir af því en að um einstaka vörutegundir mundi þetta komast upp undir 40—50%, í einstaka undantekningartilfellum. En það hefur farið svo t. d., að timbur hefur hækkað raunverulega um 70%, og ég býst við, að það muni vera þannig um timbur núna, að hér sé yfirleitt allt fullt af timbri, og hér dynja yfir auglýsingarnar daglega frá timbursölunum um, að það sé nóg til af öllum mögulegum meira eða minna dýrum efnum. Það mun vera þannig hér í Reykjavík a. m. k. nú, að slík efni, sem voru rifin út jafnóðum alveg fram á mitt þetta ár, þau liggja nú, þannig að það er yfrið nóg af þeim, en enginn hins vegar til þess að kaupa þau. Sumir hlutir, sem til byggingarinnar þarf, eins og t. d. miðstöðvar, hafa hækkað um 75—80%. Gler hefur hækkað um 85—90%, saumur nokkuð svipað, þannig að á öllum þessum sviðum, sem byggingarnar snerta, — það er ekki bara sementshækkunin, sem gerir svona erfitt fyrir um byggingariðnaðinn, — á öllum þessum sviðum hefur jafnvel hækkað enn þá meira en nokkurn tíma sementið, þannig að þarna er alveg bein kreppa á ferðinni, kreppa, sem er heimatilbúin og við þurfum sjálfir fyrst og fremst að glíma við og getum sjálfir læknað með réttri stefnu.

Um sementsverksmiðjuna er það svo tæknilega séð, að það er afar miklum erfiðleikum bundið að ætla raunverulega að draga úr framleiðslu hennar. Þessi stóru fyrirtæki, eins og áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan, eru tæknilega þannig gerðar, að þær eru hugsaðar að ganga svo að segja allan sólarhringinn, vélarnar í þeim, eða a. m. k. ganga nokkurn veginn stöðugt, nema þann tíma, sem hentugt er að nota til hreinsunar og annars slíks, þannig að það er mikill kostnaðarauki, sem fylgir því að verða að draga úr framleiðslu í sementsverksmiðjunni, jafnvel kannske hentugast frá hreinu rekstrarsjónarmiði að stöðva alveg framleiðslu um tíma, sem er líka ákaflega erfitt, vegna þess að það mundi undir flestum kringumstæðum þýða, þegar fólki þar væri sagt upp, að það dreifist í allar mögulegar aðrar atvinnugreinar til að reyna að afla sér vinnu, og þá er helmingi erfiðara fyrir sementsverksmiðjuna, þegar hún færi af stað aftur, að afla sér vinnuafls, sem er orðið vant við að vinna þar. Það er svo, eins og við vitum, með slíkar verksmiðjur, að verkamennirnir, sem í þeim vinna, þurfa nokkurn tíma til að þjálfast, og fyrir verksmiðjuna hefur það ákaflega mikið að segja, að fólkið, sem vinnur þar, sé orðið vant við starfið. Afköstin eru þá miklu betri, og það að þurfa að segja slíku fólki upp og dreifa því í aðrar iðngreinar og missa það máske að miklu leyti alveg, það hefur ákaflega slæmar afleiðingar fyrir áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar. Þess vegna er afskaplega brýnt, að hægt sé að halda fullum rekstri verksmiðjunnar áfram.

Nú höfum við séð nokkuð skrifað um það í blöðin, án þess að um það muni nokkuð vera ákveðið enn þá, að rætt hafi verið um, að ríkisstj. reyndi að einhverju leyti að bjarga út úr þessari kreppu með því t. d. að kaupa allmikið sement til að steypa veg suður í Keflavík, og enn fremur munu ýmsir bæir úti um land hafa farið fram á það við sementsverksmiðjuna, hvort ekki væri hugsanlegt að fá lánað sement hjá henni til þess að geta steypt götur í ýmsum bæjum, og frá sjónarmiði sementsverksmiðjunnar er ákaflega eðlilegt, að fyrst og fremst sé athugað, hvaða möguleikar séu í þessum efnum til að halda framleiðslunni áfram, til hvers svo sem sú framleiðsla sé notuð. Ég dreg sízt í efa nauðsyn þess að steypa hér ýmsa þjóðvegi á Íslandi og ýmsa vegi í bæjunum líka, það er mjög þarft og gott. En ekki var það nú það, sem okkur fyrst og fremst hafði dreymt um í sambandi við sementsverksmiðjuna, að við yrðum að stórminnka allt, sem ætti að fara til íbúðarhúsa, en setja því meira í að steypa vegina, raunverulega fyrst og fremst frá því sjónarmiði máske að bjarga sementsverksmiðjunni. Og eins er hitt, ef það ætti að verða einhver regla að fara að selja sement út úr landinu næstum því fyrir hálfvirði til Breta og jafnvel líka, þó að það væri til annarra útlendinga, þá mundi flestum Íslendingum finnast hálfhart að hafa skapað sér verksmiðju til þess fyrst og fremst að selja útlendingum sementið úr henni fyrir hálfvirði, en fá það ekki sjálfir til þess að geta byggt sér hús úr því.

Ég býst þess vegna við, að sementsverksmiðjan standi frammi fyrir allmiklum erfiðleikum núna, og það er nauðsynlegt, að menn taki höndum saman um að reyna að leysa slíka erfiðleika á þann hátt, sem í senn sé hentugastur fyrir svo stórt þjóðþrifafyrirtæki sem sementsverksmiðjan er og beztur fyrir landsbúa, bæði hvað snertir þeirra íbúðarhúsaþörf og þeirra þörf á steinsteyptum vegum. Ég held

þess vegna, að það væri ákaflega heppilegt, að einmitt nú, þegar sementsverksmiðjan á vissan hátt á við nokkra kreppu að etja, þá yrði sú breyting, sem almennt hefði verið rétt á hvaða tíma sem væri, að koma á stjórn í sementsverksmiðjunni, sem Alþingi kysi, og það væru 5 fulltrúar, eins og hér er lagt til, þá mundu það vera fulltrúar frá öllum flokkum þingsins, — þá held ég, að það væri einmitt heppilegt, að slíkt væri gert nú, þegar sementsverksmiðjan á í nokkrum erfiðleikum og nauðsynlegt er að reyna að sameina kraftana, sem leysa þá erfiðleika, líka á þann hátt, að sem minnst deila geti orðið þar um, og að tillit sé tekið til alhliða hagsmuna landsmanna í því efni. Ég held þess vegna, að þetta frv., sem líka átti fullan rétt á sér, þegar það var flutt fram af flm. þess 1958, eigi nú ekki síður rétt á sér, og vil mega vona, að hv. þd. geti sameinazt um að samþykkja það, og vil gera það að minni tillögu, að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 215).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fjhn. hefur orðið sammála um að leggja til, að þetta frv. verði samþ.
Eins og fram kemur í grg. frv., hef ég ásamt núv. hæstv. landbrh. á sínum tíma flutt hér áður sams konar frv. og með sömu rökum eins og nú eru aðalrökin fyrir því, að við leggjum til, að frv. verði samþ., þ. e. að hér sé um að ræða eitt af þeim stóru ríkisfyrirtækjum, síldarverksmiðjur og önnur slík fyrirtæki, sem væru svo stór í sniðum og þess eðlis, að eðlilegt væri, að Alþingi ætti hlut að máli um skipun stjórnar þeirra, og þá jafnframt með þeim hætti, að eins og Alþingi væri skipað, gæfist einnig aðstaða til þess, að sem flestir stjórnmálaflokkar eða allir, sem eiga fulltrúa á þingi, hefðu þarna sína fulltrúa. Það mætti segja, að slíku fyrirtæki væri kannske hægt að stjórna með eitthvað færri mönnum, en það er nú lagt til hér, að það séu 5 menn í stjórninni, út frá þessum sjónarmiðum, sem ég nú greindi.
Ég held, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta, en eins og ég sagði, er það sameiginleg skoðun fjhn.-manna að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Ed., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjhn. með 15 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 23. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 161, n. 273).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Nd., þar sem það hlaut einróma samþykki. Það felur í sér þá einu breytingu á lögum um sementsverksmiðju ríkisins, að í stað þess að samkvæmt núgildandi lögum ber ráðherra að skipa þrjá menn í stjórn verksmiðjunnar og tilnefna einn þeirra sem formann hennar, þá er gert ráð fyrir því í þessu frv., að stjórn verksmiðjunnar verði skipuð fimm mönnum, sem sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn, en atvmrh. skipi síðan formann verksmiðjustjórnar úr þeim hópi. Þessi breyting er í samræmi við það, sem nú má teljast orðin algild regla um öll meiri háttar atvinnufyrirtæki, sem eru í eigu ríkisins, að stjórnir þeirra eru kjörnar á Alþingi með hlutfallskosningu. Með þeim hætti má líka ætla, að meiri festa skapist um rekstrarhætti fyrirtækjanna heldur en ef stjórnir þeirra eru einungis á ábyrgð einstakra ráðherra, sem koma og fara jafnvel með stuttu millibili.
Fjhn. þessarar deildar hefur haft frv. þetta til athugunar og er öll sammála um að mæla með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 281).

57. Sala lands jarðanna Stokkseyri I—III.

Á 35. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til að selja Stokkseyrarhreppi land jarðanna Stokkseyri I—III ásamt með hjáleigum og um eignarnámsheimild á erfðafesturéttindum [131. mál] (þmfrv., A. 191).

Á 36. og 37. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 17. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Frv., sem hér er til umr., er flutt af okkur fjórum þm. Suðurlandskjördæmis eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Stokkseyrarhreppi, sem hefur gert þá grein fyrir óskum sínum, að hreppsfélagið telji eðlilegt, að það geti eignazt með kaupsamningi við ríkið jarðeignir þær, sem ríkið á og heyra nú til Stokkseyrarkauptúni. Hreppsnefndin bendir á, að nú hafi þorpið verið skipulagt og á hreppsfélagið leggist sérstakar skyldur til gatnagerðar samkv. skipulagi og hvers konar kostnaður annar til þess að gera jarðir þær, sem hér um ræðir, að byggingarlóðum, en hins vegar á sveitarsjóður þessa hrepps ekki von í því að hagnast að neinu leyti eða fá upp borinn sinn kostnað af hækkuðum lóðarafgjöldum, en lóðargjöld í þorpum eða kauptúnum eru jafnan nokkru hærri en afgjöld af jörðum.

Þá bendir hreppsnefndin einnig á, að það væri til mikils hagræðis fyrir hreppinn, sem þarf að skipuleggja notkun jarðnæðis af ýmsum ástæðum, að geta gert það sem eigandi. T. d. er á það bent, að garðrækt er verulegur liður í atvinnulífi þessa þorps, og nú stendur einmitt svo á, að vegna sérstaks sjúkdóms í kartöflum, sem þarna hefur geisað um nokkurt skeið, er útlit fyrir, að skipta verði með öllu um garðlönd og taka önnur í ræktun en þau, sem nú eru, og er það allmikil skipulagsbreyting á nýtingu landsins. Á sama hátt eru og færð rök að því í grg. hreppsnefndarinnar, að landbúnaður — kvikfjárrækt — sé verulegur liður í atvinnulífi þorpsins og það væri til mikils hagræðis, ef hreppsnefndin gæti sem landeigandi skipulagt hagbeit þarna, eftir því sem hagkvæmast þætti. Fleiri rök eru færð fyrir því af hreppsnefndarinnar hálfu, að hagkvæmt væri fyrir hreppinn að eignast lönd þessi.

Þess vegna er hér lagt til í frv. um þær jarðir, sem ríkið á nú, en heyra til Stokkseyrarþorpi, að ríkisstj. verði gefin heimild til þess að semja um sölu á þessum jarðeignum til Stokkseyrarhrepps. Um lagafrv. er farið mjög að þeim fyrirmyndum, sem hér hafa verið samþykktar að undanförnu varðandi sölu á landi ríkisins til einstakra hreppa eða einstakra þorpa og bæjarfélaga, en þróunin hefur verið sú á síðustu árum, að þau hreppsfélög eða bæjarfélög, sem þannig stendur á um, að þau eða íbúar þeirra eru að mestu landsetar ríkisins, hafa hvert af öðru nú gert kaupsamninga við ríkið. Má þar til nefna Kaupavogskaupstað, Eyrarbakkahrepp og síðast á árinu 1960 Vestmannaeyjakaupstað. Hér er í öllu farið að með sama hætti um lagafrv. og um þau lagafrumvörp, sem heimiluðu þær sölur, sem ég nú hef nefnt. Ég legg þess vegna til, að þegar þessari umr. lýkur, verði málinu vísað til 2. umr. og til umsagnar landbn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það frv., sem hér er fram komið um að heimila ríkisstj. að selja Stokkseyrarhreppi það land, sem ríkið á þar. Það er ekki nema eðlileg viðleitni hjá hreppsfélögum og bæjarfélögum að eignast sjálf jarðirnar, sem byggð manna er þar reist á. En ég hef minnzt á það áður, þegar svona mál hafa verið hér til meðferðar, að það væri rétt, jafnvel þótt það hafi ekki verið gert undanfarið, að taka upp þann sið í sambandi við svona lagasetningu að láta þá kvöð fylgja, þegar ríkið selur í hendur hreppsfélögum eða bæjarfélögum jarðir, að bæjarfélögin eða hreppsfélögin megi ekki selja slíkt aftur. Það er ómynd, sem stórkostlegt tjón hefur hlotizt af á Íslandi, að lóðir í helztu bæjarfélögum landsins skuli vera einstakra manna eign. Það er tjón, sem atvinnulífið fær ekki bætt, þegar sá háttur er yfirleitt upp tekinn. Við höfum ekki sízt fengið á þessu að kenna hér í Reykjavík. Ég man alltaf eftir því, — það er víst einasta fasteignamatið, sem eitthvað var að marka hér í Reykjavík. 1932, þá voru, ef ég man rétt, öll hús í Reykjavík metin á 68 millj. kr. og allar lóðir á 32 millj. M. ö. o.: lóðirnar, sem raunverulega höfðu ekki kostað neitt, þær eru metnar til hálfs á við alla húseign, allt það, sem mennirnir hafa gert til þess að byggja bæinn upp.

Það er gefið með hvern einasta bæ, þó að hann sé upphaflega ekki nema lítið hreppsfélag, eins og Reykjavík einu sinni var, þá hleypur svo mikið braskverð í þessar lóðir, að það íþyngir síðan öllu atvinnulífinu, veldur dýrtíð hvað snertir húsbyggingar og leggst þungt á verzlunarlífið og framleiðslulífið í heild. Þess vegna var það alltaf óhapp, að Reykjavíkurbær skyldi sjálfur missa mikið af þeim lóðum, sem hann upphaflega átti, þó að seinna hafi fyrir viturlega forgöngu verið breytt þarna til og bærinn farið að kaupa meira og meira af lóðum. Sömu sögu var að segja af Akureyri, þar sem það var þó tekið upp enn þá fyrr að reyna að kaupa lóðirnar, þannig að bærinn átti sjálfur alla byggðina. Og það vita allir, sem þekkja þróun þessara kaupstaða, hvað dýrmætt þetta er.

Við vitum ekkert, hvaða kaupstaðir það eru, sem eiga eftir að vaxa. En hitt vitum við, að þjóðin á eftir að vaxa mikið, og það getur eins orðið á Stokkseyri og annars staðar, að á næstu áratugum verði þær lóðir, sem nú eru máske metnar lágt, alldýrmætar. Ég held þess vegna, að það væri rétt fyrir okkur, jafnvel þótt við hefðum ekki gert það við þau lagafrv., sem hv. 1. flm. taldi upp nú áðan, að við hefðum

verið að afgreiða á síðustu árum, — þá held ég, að það væri rétt, að sú nefnd, sem fær þetta til athugunar, íhugaði vel, hvort við ættum ekki að taka þennan sið upp. Þetta er ekki sagt vegna þess, að ég vilji setja Stokkseyrarhrepp þarna í neitt aðra aðstöðu en aðra. Ég gæti vel hugsað mér, að ef samkomulag yrði um að bæta því við þessi lög, þá yrði um það jafnvel samkomulag seinna meir að bæta því inn í lög að banna bæjarfélögunum að selja jarðirnar eða lóðirnar. Það gæti þá í hæsta lagi verið, að til þyrfti alveg sérstakt leyfi ríkisins eða ríkisstjórnarinnar. Það er vitanlegt, að ríkisstj. selur bæjunum og hreppsfélögunum sínar jarðir á svona stöðum ekki í neinu gróðaskyni, heldur til þess að veita betri aðstöðu fyrir viðkomandi hreppsfélag. Og það er engum efa bundið, að fyrir hreppsfélagið og alla framtíð þess er langæskilegast, að slíkar lóðir séu ekki seldar, heldur leigðar. Ég vildi þess vegna aðeins við þessa umr. mega beina því til þeirrar n., sem málið fer til, að hún athugaði það gaumgæfilega, hvort ekki væri rétt að gera þessa breytingu á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 30. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 191, n. 282).

Frsm. (Ágúst Þorvaldsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft mál þetta til athugunar, og mælir hún með því, að það verði samþykkt með einni breytingu, en álit n. og brtt. er á þskj. 282. Ég mun fara um brtt. og þetta nál. nokkrum orðum.

Nefndin sendi frv. til umsagnar landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins, og mæla báðir þessir aðilar með samþykkt þess. Umsögn landnámsstjórans er mjög ýtarleg, og með leyfi hæstv. forseta, mun ég lesa kafla úr henni, sem skýrir það vel fyrir hv. þdm., hvað hér er um að ræða af fasteignum ríkissjóðs, en landnámsstjóri segir svo:

„Stokkseyri er í fasteignamati 1922 metin sem þrjár lögbýlisjarðir, en í síðustu tveimur fasteignamötum er jörðin metin í einu lagi sem Stokkseyrarland. Frá 1922 hafa úr landi Stokkseyrar verið leigð ræktunarlönd á erfðaleigu til 33 aðila. Byggingarlóðir munu vera um 122. Enda þótt það sé ekki beint fram tekið í frv., verður að gera ráð fyrir, að söluheimildin nái til þessara sérleigðu landa og lóða þeirra, sem leigðar eru úr hinum sérmetnu Stokkseyrarjörðum I—III, og verður gengið út frá, að þessi skilningur á ákvæðum 1. gr. frv. sé réttur. Hjáleigur, sem í söluheimildinni felast, eru 15 að tölu. Af þeim eru 9 í ábúð, en 6 ábúðarlausar. Stokkseyrarland og hjáleigur eru metin að fasteignamati 1957 á 185100 kr. Auk þessa kemur svo til greina eignarhluti ríkisins í ræktunarlöndum, sem eru í sérleigu, og lóðum í sjálfu þorpinu, sem leigðar hafa verið til einstaklinga.

Í þessu sambandi skal á það bent, að umræddar hjáleigur eru sumar í kauptúninu sjálfu eða svo nærri því, að vænta má, að þær falli fyrr eða síðar undir áhrifasvæði skipulags kauptúnsins. Það verður því að teljast tvímælalaust hagfelldast og eðlilegast af þessum sökum, að hreppsfélagið sjálft hafi fullan eignar- og ráðstöfunarrétt á umræddum löndum, en jafnframt taki það á sig þær skuldbindingar, að því er tekur til þess réttar, er ábúendur á sérmetnum byggðum lögbýlisjörðum eiga gagnvart núv. jarðeiganda, ríkissjóði, og hafi ríkið lagt til húsabóta eða annarra umbóta á þessum jörðum, þá verður að telja eðlilegast, að þau verðmæti fylgi með í sölu jarðanna.

Með tilvísun til þessa mæli ég með, að frv. þetta verði samþykkt.

Pálmi Einarsson."

Þetta var umsögn landnámsstjóra, og vil ég sérstaklega undirstrika, að skilningur hans á ákvæðum 1. gr. um, að söluheimildin nái til sérmetinna landa og lóða úr Stokkseyrartorfunni, sé réttur.

Hv. þdm. er kunnugt um það frá undanförnum þingum, að það fer sífellt í vöxt, að bæjarfélög og sveitarfélög, sem mynduð eru vegna þéttbýlis, reyna að ná kaupum á því landi, sem þau þurfa. Allmörg frv. hafa verið samþykkt um slíkt á undanförnum árum, og hirði ég ekkert að vera að rekja það. En með samþykkt slíkra laga hefur sú stefna Alþingis verið mörkuð, að eðlilegt væri, að þorp og bæir ættu sjálfir það land, sem þeir þarfnast. Landbn. hefur með áliti sínu um þetta mál framfylgt þeirri stefnu. En nú leggur hún til í brtt. þeirri, sem hún gerir við þetta frv. á þskj. 282, að enn betur en áður hefur verið gert, þegar samþykktar hafa verið sölur lands til sveitarfélaga, verði nú í þessum lögum um það búið, að sveitarfélagið geti ekki selt einstaklingum landið eða hluta þess.

Hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hefur bæði við 1. umr. um þetta frv. og að ég ætla áður við meðferð annarra slíkra mála hér á það bent, að tryggilega þurfi að fyrirbyggja, að slíkar sölur sveitarfélaga geti átt sér stað.

Mér er sagt, að ákvæði, sem hafi átt að fyrirbyggja þetta, hafi af hálfu ríkisins verið sett inn í afsöl við afhendingu landsins, þegar hliðstæðar sölur til sveitarfélaga hafa verið gerðar og sú sem hér um ræðir. En nú hefur landbn. fallizt á ábendingu hv. 3. þm. Reykv. um það, sem vissulega er réttmætt, að setja þetta inn í lögin, og geri ég þá ráð fyrir því, að þetta verði að reglu við setningu slíkra laga framvegis. Brtt. er því um það, að hreppsnefndinni í Stokkseyrarhreppi sé með öllu óheimilt að selja öðrum en ríkinu land eða lóðir úr jörðum þeim, sem hér um ræðir. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ég tel, að það ætti að verða föst regla, eins og ég drap á áðan, í sambandi við svona lagasetningu, þegar í hlut eiga bæjar- eða sveitarfélög, að setja slík ákvæði. En þá finnst mér með öllu fyrirbyggt, að brask

með landið geti átt sér stað. Ég vænti þess, að brtt. verði samþykkt og að síðan eigi málið greiða leið í gegnum þingið.

Ég vil leyfa mér enn fremur, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér úr umsögn jarðeignadeildar ríkisins um þetta mál, en þar segir svo:

„Heimildarlög til að selja Stokkseyrarhreppi allt land í ríkiseign í hreppnum eru hliðstæð lögum, sem hið háa Alþingi hefur áður afgreitt varðandi sölu ríkislands til sveitar- og bæjarfélaga. Má nefna lög um heimild til að selja land Vestmannaeyja, Kópavogs og Digraness, ríkislands á Eyrarbakka, Raufarhöfn o. fl. Ráðuneytið hefur því ekkert við það að athuga, að frv. verði afgreitt sem lög.

F. h. ráðherra,
Sveinbjörn Dagfinnsson."

Þannig eru þá þessar umsagnir, og ég þykist hafa gert nokkra grein fyrir áliti landbn. og leyfi mér að svo mæltu að leggja til, að málið fái að ganga fram og að því verði vísað nú að þessari umræðu lokinni til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 282 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 304).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 51. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. til 13 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 363).

Frsm. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Á undanförnum árum hafa verið samþ. á Alþ. nokkur heimildarlög um, að ríkið seldi ýmsum bæjar- og sveitarfélögum lönd og lóðir, sem ríkið hefur átt, en tilheyrt hafa viðkomandi bæjarfélögum. Með samþykkt þessara heimildarlaga hefur Alþ. viðurkennt þá staðreynd, að heppilegast sé, ef ekki nauðsynlegt, að bæir og kauptún eigi sjálfir land það og lóðir, sem byggð þeirra er á. Rök fyrir þessu eru hv. alþm. svo kunn, að óþarfi er að fjölyrða um þau.

Það er eitt slíkt frv., sem hér er til umr. Það er frv. um að heimila ríkisstj. að selja Stokkseyrarhreppi allt land jarðanna Stokkseyrar I—III ásamt hjáleigum, sem taldar eru upp í 1. gr. frv. Frv. þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps, og í grg., sem fylgir frv., eru færðar fram ástæður fyrir flutningi þess, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þær hér. Málið er flutt í hv. Nd. og hefur verið samþ. þar. Það var sent landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins til umsagnar, og mæltu báðir þessir aðilar með samþykkt þess.

Til að gefa hv. þdm. nokkra hugmynd um eignir þær, sem hér er um að ræða, þykir mér rétt að lesa hluta af umsögn landnámsstjóra, sem hann sendi landbn. hv. Nd. samkvæmt beiðni n. Í umsögn sinni segir landnámsstjóri m. a.:

„Stokkseyri er í fasteignamati 1922 metin sem þrjár lögbýlisjarðir, en í síðustu tveim fasteignamötum er jörðin metin í einu lagi sem Stokkseyrarland. Frá 1922 hafa úr landi Stokkseyrar verið leigð ræktunarlönd á erfðaleigu til 33 aðila. Byggingarlóðir munu vera um 122. Enda þótt það sé ekki beint fram tekið í frv., verður að gera ráð fyrir, að söluheimildin nái til þessara sérleigðu landa og lóða þeirra, sem leigðar eru úr hinum sérmetnu Stokkseyrarjörðum I—III, og verður gengið út frá, að þessi skilningur á ákvæðum 1. gr. frv. sé réttur. Hjáleigur, sem í söluheimildinni felast, eru 15 að tölu. Af þeim eru 9 í ábúð, en 6 ábúðarlausar. Stokkseyrarland og hjáleigur eru metin að fasteignamati 1957 á 185100 kr. Auk þessa kemur svo til greina eignarhluti ríkisins í ræktunarlöndum, sem eru í sérleigu, og lóðum í sjálfu þorpinu, sem leigðar hafa verið til einstaklinga.

Í þessu sambandi skal á það bent", — segir enn fremur í umsögn landnámsstjóra, — „að umræddar hjáleigur eru sumar í kauptúninu sjálfu eða svo nærri því, að vænta má, að þær falli fyrr eða síðar undir áhrifasvæði skipulags kauptúnsins. Það verður því að teljast tvímælalaust hagfelldast og eðlilegast af þessum sökum, að hreppsfélagið sjálft hafi fullan eignar- og ráðstöfunarrétt á umræddum löndum, en jafnframt taki það á sig þær skuldbindingar, að því er tekur til þess réttar, er ábúendur á sérmetnum byggðum lögbýlisjörðum eiga gagnvart núverandi jarðeiganda, ríkissjóði, og hafi ríkið lagt til húsabóta eða annarra umbóta á þessum jörðum, þá verður að telja eðlilegast, að þau verðmæti fylgi með í sölu jarðanna."

Þetta er aðalkaflinn úr umsögn landnámsstjóra um þetta frv. Það má geta þess í sambandi við athugasemd hans um, að söluheimildin nái til hinna sérleigðu landa, sem hann minnist á, á jörðunum, þá segir í 1. gr.: „Allt land jarðanna Stokkseyri I—III" — og eru þá hin sérleigðu lönd auðvitað ekki undanskilin.

Í Nd. tók frv. þeirri breyt., að við 1. gr. var bætt því ákvæði, að hreppsnefndinni væri óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði land eða lóðir úr jörðum þessum. Þó að slíkt ákvæði hafi ekki áður verið í hliðstæðum lögum, virðist ekki vera ástæða til að amast við því, að það verði sett hér inn.

Landbn. þessarar hv. d. hefur haft frv. til athugunar og mælir einróma með því, að það verði samþ. óbreytt, eins og það liggur fyrir á þskj. 304.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 386).

---

58. Sala Hellnahóls.

Á 31. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Hellnahól í Rangárvallasýslu [120. mál] (þmfrv., A. 159).

Á 32. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af okkur þrem þm. úr Suðurlandskjördæmi og endurflutt. Það var flutt í fyrra af okkur hinum sömu þm., en fékk ekki endanlega afgreiðslu. Það fer fram á, þetta frv., að ríkisstj. verði veitt heimild til þess að selja bóndanum á Moldnúpi í Vestur-Eyjafjallahreppi, Einari Jónssyni, eyðijörðina Hellnahól. Þessa eyðijörð hefur þessi ágæti bóndi nýtt nú nærfellt 26 ár, gert þessari eyðijörð töluvert til gagns með framræslu og ræktun, og fylgir hér á þskj. vottorð frá oddvita Vestur-Eyjafjallahrepps um það, hversu Einari Jónssyni bónda á Moldnúpi hafi vel farnazt í umhirðu sinni á þessari eyðijörð ríkissjóðs.

Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti, sem farið er fram á það við hv. Alþ., að hér séu samþykkt lög til heimildar fyrir ríkisstj. að láta af hendi jarðir ríkisins, og ég er viss um það, að hér eru allar aðstæður í þessu efni fyrir hendi, miðað við samsvarandi afgreiðslur fyrr á tímum, — allar aðstæður fyrir hendi, að þessum mæta bónda verði gefið færi á að kaupa þessa jörð, sem hann svo lengi hefur nytjað.

Ég vil vænta þess, að sú nefnd, sem fær til athugunar nánar þetta mál, sem mun verða landbn., taki rögg á sig í þetta sinn og afgreiði þetta tiltölulega litla mál, en þó mikilvæga fyrir þennan mann, sem hér er um að ræða, bóndann á Moldnúpi, — taki það til athugunar og afgreiði það með þeim hraða, sem auðið er, þannig að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

Ég skal svo ekki hafa framsögu um þetta mál öllu lengri, en vil óska þess, að að þessari umr. lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 27 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Nd., 30. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 159, n. 283).

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Frsm. í þessu máli er ekki viðstaddur hér í dag og hefur beðið mig um að lýsa áliti landbn. um þetta mál.

Landbn. hafði þetta mál til meðferðar, og er álit hennar prentað á þskj. 283. Það hljóðar svo:

„Nefndin hefur athugað frv. og aflað sér álits landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins um það. Mælir n. einróma með samþykkt þess."

Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa kafla úr umsögnum landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins. Landnámsstjóri segir svo:

„Jörðin Hellnahóll er úrskipt úr Holtstorfu, þó að hjáleiga sé. Jörðin er algerlega húsalaus. Landumráð hennar eru takmörkuð svo, að vart mundi hún fullnægja ákvæðum laga um búrekstrarskilyrði til þess að verða endurbyggð sem sjálfstæð lögbýlisjörð. Þar sem heldur er ekki aðstaða til, að jörð þessi fengi landauka annars staðar frá, væri ekki fært að veita henni aðstoð til sjálfstæðrar uppbyggingar."

Jarðeignadeild ríkisins segir svo í umsögn sinni:

„Ríkisjörðin Hellnahóll var byggð Einari Jónssyni með byggingarbréfi, dags. 5. okt. 1934, og hefur hann haft öll not jarðarinnar síðan og nytjað hana frá ábúðarjörð sinni, Moldnúpi. Þar sem Einar hefur sótt um að fá jörðina keypta og hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps mælir með, að Einari verði seld jörðin, getur ráðuneytið mælt með, að frv. nái fram að ganga.

F. h. ráðherra,
Sveinbjörn Dagfinnsson."

Þetta eru þá umsagnir þeirra aðila, sem ég hef nefnt, landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins.

Landbn. hefur, eins og ég áður sagði og eins og stendur á þskj. 283, mælt með því, að frv. nái fram að ganga. Vil ég leyfa mér að leggja til, að málinu verði að þessari umr. lokinni vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 31. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 50. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 51. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 159, n. 370).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Jörðin Hellnahóll í Vestur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu hefur verið í eyði, svo að áratugum skiptir, segir oddvitinn í áliti, sem fylgir þessu frv., en hefur verið nytjuð lengst af og um 26 ára skeið af ábúanda Moldnúps, sem er næsti bær við Hellnahól.

Frv. þetta var lagt fyrir Alþingi í fyrra, en varð þá ekki útrætt og er endurflutt nú.

Hreppsnefndin í Vestur-Eyjafjallahreppi hefur á fundi 22. jan. 1960 samþ. að mæla með því, að bóndinn á Moldnúpi fái þessa jörð keypta af ríkinu, þar sem hún telur, að ólíklegt sé, að þarna verði reist sérstakt býli aftur. Skv. áliti hennar og trúnaðarmanna ríkisins að því er snertir þjóðjarðir telur landbn. Ed. eðlilegt, að jörðin verði seld, og mælir með sölunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 397).

---

59. Réttindi og skyldur hjóna (frv. AuA o. fl.).

Á 18. fundi í Sþ., 23. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 23. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna** [115. mál] (þmfrv., A. 151).

Á 29. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þegar við á árunum 1921—23 öðluðumst nýja sifjalöggjöf, þá höfðu íslenzkar konur áður öðlazt pólitísk réttindi til jafns við karla, öðlazt kosningarrétt og kjörgengi, en með hinni nýju sifjalöggjöf var svo stefnt að fullu jafnrétti kvenna og karla innan vébanda fjölskyldu og heimilis, í hjónabandinu og í afstöðu til barna, skilgetinna og óskilgetinna. Það hefur svo mikið verið rætt og ritað um heimt hinna pólitísku réttinda konum til handa, og vissulega eru þau undirstaða þess að hafa áhrif á löggjöfina, — það hefur verið svo mikið um þau rætt og ritað, að manni hefur stundum þótt, að samþykkt hinnar stórmerku sifjalöggjafar hafi í vitund eftirtímans ekki gnæft svo upp úr viðburðum á sviði löggjafarinnar sem efni stóðu þó til. Ég minnist þess t. d., þegar ég hóf laganám, tæpum 10 árum eftir að sifjalögin gengu í gildi, þá var það svo fjarlægt, að manni þótti eiginlega óskiljanlegt, að það væri ekki nema áratugur síðan við hefðum búið við löggjöf, sem mismunaði konum og körlum í mjög veigamiklum atriðum, og löggjöf, sem t. d. refsaði saklausu barni fyrir víxlspor foreldranna með því að svipta það erfðarétti og það jafnvel eftir móður sína.

Þegar litið er yfir Alþingistíðindin frá þessum tíma, kemur það í ljós, að umræður á þingi um hið merka frv. til laga um réttindi og skyldur hjóna eru næsta stuttar. Það má e. t. v. leggja í það þann skilning, að öllum hafi þótt ákvæði laganna svo sjálfsögð og óumdeilanleg, að ekki hafi þótt taka að orðlengja svo mjög um frv. Frv. var lagt fram sem stjfrv. í þessari hv. þd. árið 1922, og þá hét það frv. til laga um lögfylgjur hjónabands. Þetta frv. var, eins og reyndar sifjalagafrumvörpin fjögur, samið af Lárusi H. Bjarnasyni hæstaréttardómara, sem var kennari í sifjarétti við lagadeild háskólans, og frv. var eins og hin önnur sniðið eftir frumvörpum, sem til voru orðin fyrir samvinnu þriggja Norðurlandanna, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, og var íslenzka frv. þó aðallega samið eftir frv. dönsku nefndarinnar, sem að því samstarfi stóð.

Allshn. Ed., sem fékk frv. til athugunar, skilaði áliti, taldi sig hafa haft nauman tíma til að athuga nógu rækilega svo stórt mál, og niðurstaðan var sú, að allshn. taldi ekki ástæðu til þess að flýta þessari lagasetningu þá á þinginu, sérstaklega þar sem slík lög höfðu ekki enn verið sett í Noregi og Danmörku, og taldi nefndin eðlilegast, að við hefðum samflot með Dönum í þessum efnum og sniðum okkar nýju lög eftir eða með hliðsjón af þeirra lögum. Þessu nál. var svo útbýtt, það kom aldrei á dagskrá á því þingi, og málið varð því ekki útrætt.

Næsta ár eða 1923 er frv. enn lagt fram í Ed. og fór til allshn. N. mælti með frv. með óverulegum breytingum, sem voru svo að segja eingöngu orðalagsbreytingar, m. a. á fyrirsögn eða heiti frv., og var það síðan afgreitt sem lög frá þinginu 1923.

Á þeirri miklu réttarbót, sem lögin voru, var þó sá annmarki, að samkv. 90 gr. l. skulu efnis-

ákvæði þeirra um skipan fjármála hjónanna innbyrðis og gagnvart þriðja manni ekki gilda um hjón, sem gengið hafa í hjónaband fyrir 1. jan. 1924, en þá öðluðust lögin gildi. Lögin um fjármál hjóna, nr. 3 frá 1900, giltu því áfram um þessi hjón, en samkv. þeim lögum er réttur eiginkonu til umráða yfir félagsbúi og samningsgerðar mjög miklu rýrari en bónda hennar. Rökstuðningur fyrir því, að gömlu lögin voru látin gilda áfram fyrir umrædd hjón, sem vikið er að í grg. fyrir þessu frv., er svo veigalítill, að engum úrslitum hefði átt að ráða. En svo sjálfsögð sem okkur þykja nú lögin um réttindi og skyldur hjóna, þá er ekki því að leyna, að frv. sætti á sínum tíma gagnrýni. Það þótti of langt gengið í því að jafna metin milli eiginkonu og bónda, og í Danmörku stóðu um danska frv. miklar deilur og þar voru í fararbroddi fyrir andstæðingum þess mikilsmetnir og virtir lögfræðingar. Nú þegar Danir settu sér lög um lögfylgjur hjúskapar árið 1925, en íslenzku lögin eru þeim lögum að mestu leyti samhljóða, þá höfðu þeir annan hátt á, þar sem þeir létu lögin ná til allra hjóna, einnig þeirra, sem gengið höfðu að eigast, áður en lögin tóku gildi. Í dönsku lögunum var tímabundin heimild fyrir þessi hjón, sem gengið höfðu að eigast fyrir gildistökuna, til þess að semja sína kaupmála undan nýju lögunum og að fjármál hjónanna skyldu þá áfram lúta eldri lögum, en sú heimild var sáralítið notuð. Í íslenzku lögunum var einnig heimild til þess fyrir hjón, sem gengið höfðu að eigast fyrir gildistöku laganna, að semja sig með kaupmála innan ákveðins tíma undir nýju lögin. Sú heimild var tæpast eða jafnvel ekkert notuð. Annars er varlegra að leggja ekki mikið upp úr slíkum tímabundnum heimildum. Bæði er það, að allur almenningur fylgist ekki svo nákvæmlega með lagabreytingum, jafnvel þeim, sem veigamiklar eru, og svo hitt, að hjón hugsa sjaldnast út í skipan fjármála sinna, fyrr en til einhverra árekstra kemur, annaðhvort innbyrðis eða gagnvart þriðja manni. Það má í því sambandi vitna til orða Jóns heitins Magnússonar, sem hafði framsögu fyrir allshn. á þinginu 1923, þar sem hann segir um lögin: „Ég geri ráð fyrir, að menn finni sáralítið til þessara laga, nema þar sem þess gerist þörf, en þá eru þau jafnnauðsynleg."

Annars er það meir en líklegt, að ef Danir hefðu orðið fyrri til að setja sín lög um lögfylgjur hjúskapar, þá hefðu ákvæði íslenzku laganna orðið þeim samhljóða, einnig um viðnæmi laganna eða um það, til hvaða hjóna lögin skyldu taka, og þá hefðu okkar lög að öllum líkindum verið látin ná til eldri sem yngri hjónabanda, enda var, að ég ætla, í íslenzka frv. vikið frá danska frv. einmitt um þetta efni.

Við höfum nú búið við ákvæði 90. gr. l. um réttindi og skyldur hjóna hátt á fjórða áratug, og menn kynnu nú að segja sem svo, að það tæki því tæpast að fara að breyta þeim úr þessu, smám saman fækki þeim hjónum, sem þau taka til. En því er til að svara, að það er alltaf tímabært að leiðrétta misrétti, meðan einhver er til, sem það bitnar á, og misrétti 90. gr. laganna um réttindi og skyldur hjóna hefur orðið enn auðsærra á síðari árum með aukinni og almennari velmegun landsmanna. Á síðasta Alþ. höfðum við 8. þm. Reykv., meðfram fyrir áskoranir frá kvennasamtökum, ráðgert að beita okkur fyrir flutningi frv. sem þessa í annarri hvorri d. hv. Alþ., en þar sem nú er unnið að endurskoðun og frekari samræmingu hjúskaparlaga á Norðurlöndum og Íslendingar eiga hlut þar að, þá þótti eðlilegast að ráðgast við fulltrúa Íslands, sem er prófessor Ármann Snævarr, núv. háskólarektor, en hann er kennari í sifjarétti við lagadeild háskólans, og hann taldi þá rétt að bíða eftir niðurstöðum fundar, sem fulltrúar Norðurlandanna við þessar endurskoðun áttu að halda með sér í apríl s. l. Eftir að sá fundur hefur verið haldinn, telur prófessor Ármann, að niðurstöður hans gefi ekki ástæðu til að fresta enn flutningi málsins, en það má segja, að þetta atriði laganna, til hvaða aðila þau ná eða taki, sé í rauninni alveg sérstaks eðlis og þurfi því ekkert að vera við það að athuga að taka það út úr og fá leiðréttingu í því efni strax, þótt allsherjarendurskoðun að öðru leyti sé í gangi.

Við flm. frv. væntum þess, að hv. þm. taki frv. með velvild, og ég leyfi mér að leggja svo til, að því verði vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Ed., 12. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 151, n. 179).

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Um fjármálaskipulag hjóna koma nú til greina tvenn lög hér á landi, þ. e. a. s. lög nr. 3 frá árinu 1900 og lög nr. 20 frá 1923. Síðarnefndu lögin öðluðust gildi 1. jan. 1924 og gilda um fjármál hjóna, sem ganga í hjónaband eftir þann tíma. Þessi tvenn lög hafa að geyma mjög ólíka skipan um fjármál hjóna. Lög nr. 20 frá 1923 byggja á jafnræði hjóna. Þar er að vísu eins og áður byggt á þeirri meginreglu, að eignir hjóna séu sameign þeirra, þó að ýmsar sérreglur gildi um þá sameign. Allar eignir hjóna eru sem sagt hjúskapareign þeirra, þ. e. a. s. eins konar sameign, er þau eiga sameiginlegan rétt til, nema þær, sem gerðar eru að séreign eða annað leiði af persónulegu eðli eignarréttindanna. Fjármunir þeir, sem hvort hjóna á við giftingu eða eignast síðar, eru hjúskapareign þess. Hvort hjóna ræður sinni hjúskapareign með vissum takmörkunum, þ. e. a. s. samþykki beggja hjóna þarf til ýmissa þýðingarmikilla ráðstafana á hjúskapareign. En bæði hjónin eru þar jafnrétthá. Séreign getur byggzt á kaupmála hjóna eða fyrirmæli gefanda eða arfleiðanda. Hvort hjóna ræður auðvitað sinni séreign.

Fjármálaskipulag eldri laganna er allt annað.

Meginreglan er sú, að fjárréttindi hjóna séu sameign þeirra, stofnuð við hjúskapinn og nefnist félagsbú. Aðalreglan er þar sú, að bóndi hafi einn forræði félagsbúsins og sé einn og án atbeina konu sinni bær til þess að ráðstafa réttindum þeim, sem til félagsbúsins heyra, með samningum og til að skuldbinda félagsbúið. Frá þessari aðalreglu eru að vísu undantekningar, bæði þannig, að hluti eigna hjónanna getur verið séreign þeirra, og ræður þá auðvitað hvort sinni séreign, og eins þannig, að maðurinn þarf stundum samþykki konu sinnar til vissra ráðstafana á félagsbúinu. En aðalreglan er eigi að síður skýr, að það er bóndinn einn, sem hefur forræði á félagsbúinu.

Það virðist í sjálfu sér óeðlilegt, að um fjármál hjóna gildi þannig gerólíkt skipulag eftir því, hvenær hjónabandið er stofnað. Fjármálaskipulag eldri laganna samrýmist, að ég hygg, illa réttarvitund manna nú á tímum um jafnræði kynjanna og um jafnræði hjóna í hjúskapnum. Hin eldri lög fela í sér ranglæti gagnvart konum þeim, sem þar eiga hlut að máli. Það má að vísu segja, að þeim konum fari fækkandi, eftir því sem lengur líður, og það má einnig segja, að það hefði átt að leiðrétta þetta ákvæði fyrr, þar sem þetta skipulag er nú búið að standa svona lengi. En það er eins og kom fram í framsöguræðu hjá hv. 1. flm. þessa máls, að það er betra seint en aldrei. Það er betra að leiðrétta það ranglæti, sem eftir er, þótt minnkandi fari samkv. eðli málsins, heldur en láta það standa áfram.

N., sem hafði mál þetta til meðferðar, hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Nd., 17. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Frv. á þskj. 151 er flutt í Ed. og fjallar um réttindi og skyldur hjóna. Nú gilda hér á landi tvenn lög um þetta efni, þ. e. a. s. um skipan á fjármálum hjóna, lög nr. 3 frá 1900 og lög nr. 20 frá 1923. Yngri lögin tóku gildi hinn 1. jan. 1924. Lögin frá 1900 áttu áfram að gilda um hjónabönd, sem stofnuð voru fyrir þennan gildistökudag. Í yngri lögunum var þó heimild fyrir þau hjón, sem gengið höfðu í hjúskap fyrir 1. jan. 1924, til að skipa fjármálum sínum að hætti þeirra laga. En til þess þurfti kaupmála. Oft er það svo, að hjón gera ekki kaupmála, fyrr en í óefni er komið, og þess vegna hefur þessi heimild til að láta yngri lögin gilda um fjármál hjónanna, sem gengið höfðu í hjúskap fyrir 1924, verið mjög lítið notuð. Hins vegar hefur komið í ljós, sjálfsagt oftsinnis, hve eldri lögin eru ranglát. Það ranglæti kemur fram í því, að réttur konunnar til meðferðar eða ráðstöfunar félagsbúsins er mjög fyrir borð borinn, þó að sameign hjóna sé aðalreglan samkv. báðum lögunum.

Það má segja, að aldrei sé of seint að afnema ranglæti, sem ríkjandi er, og þess vegna er þetta frv. flutt. Ekki er heldur ástæða til að láta tvenn lög gilda í landinu um sama efni. Það er því mikið áhugamál meðal kvenna, að þetta frv. nái fram að ganga, þó að segja megi, að þeim fari mjög fækkandi, sem ranglæti eldri laganna bitnar á. En sem sagt, það er betra seint en aldrei að afnema það óréttlæti, sem ríkt hefur.

Ég vil leggja til, að þessu máli verði vísað til heilbr.- og félmn. eftir þessa umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 435).

Frsm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 frá 20. júní 1923, um réttindi og skyldur hjóna, sem liggur frammi á þskj. 151 Urðu viðstaddir nm. sammála um að mæla með samþykkt frv., en þeir hv. 5. þm. Vestf. (BF) og hv. 3. þm. Sunnl. (GuðlG) voru fjarverandi úr bænum, er málið var rætt á síðasta fundi n., en þeir hafa báðir tjáð sig efnislega sammála frv.

Eins og kunnugt er, hafa verið í gildi tvenn lög um fjármál hjóna. Þau eldri eru nr. 3 frá 12. jan. 1900, en hin síðari nr. 20 frá 20. júní 1923. Samkvæmt lögum nr. 3 frá 1900 er réttur eiginkonu til umráða yfir félagsbúinu mjög fyrir borð borinn og þannig, að á engan hátt samrýmist hugmyndum nútímans um jafnrétti kynjanna. Eru menn því almennt sammála um, að breyta þurfi lagaákvæðum þannig, að fullt jafnrétti skapist á þessu sviði, og sá er líka tilgangurinn með flutningi þessa frv.

Samkvæmt lögunum nr. 20 frá 1923 mega hjón, er stofnað hafa til hjúskapar fyrir 1. jan. 1924, ákveða með kaupmála, að um fjármál sín skuli fara samkvæmt ákvæðum hinna nýju laga, en reynslan hefur sýnt, að þessi heimild hefur verið mjög lítið notuð.

Frv. það, sem ég nefndi áðan, hefur verið sent laga- og viðskiptadeild háskólans til umsagnar, og mælir deildin eindregið með samþykkt þess.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., en legg til, að því verði vísað til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 3. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 465).

---

60. Sala Þorsteinsstaða í Grýtubakkahreppi.

Á 30. fundi í Ed., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi [118. mál] (þmfrv., A. 155).

Á 31. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þetta frv. á þskj. 155 hef ég lagt fram samkv. ákveðnum óskum þeirra Jóhanns Bergvinssonar bónda að Áshóli í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu og Hólmgríms Sigurðssonar bónda að Yztuvík í sama hreppi. Einnig hef ég lagt frv. fram í samræmi við vilja sveitarstjórnarinnar í Grýtubakkahreppi. Báðir þeir bændur, sem óska eftir að fá keypt landið, eru þannig settir, að þá vantar ræktunarland á jörðum sínum.

Þorsteinsstaðir í Grýtubakkahreppi eru komnir í eyði, og það er ekkert útlit fyrir það talið, að um þá verði sótt til þess að reisa þar býli á ný, eins og sakirnar standa. Öll bæjar- og peningshús eru ónýt orðin, og tún, sem var lítið og ekki vélslægt nema að hálfu leyti, er komið í verulega órækt. Fólk, sem bjó á Þorsteinsstöðum síðustu árin, sem þeir voru í byggð, var gamalt og sjúkt og gat ekki gert kotinu til góða. Kotið gekk því úr sér um skeið, áður en það fór algerlega í eyði.

Þetta býli, Þorsteinsstaðir, var upphaflega hjáleiga frá prestssetrinu Laufási og land Þorsteinsstaða var sneið af Laufáslandi og er eign kirkjujarðasjóðs. Árið 1954 var hafið að reisa nýbýlið Áshól í Laufáslandi, milli Laufáss og Þorsteinsstaða. Áshóll fékk meginhlutann af landi sínu frá Laufási sjálfum, en einnig sneið af Þorsteinsstaðalandi. Samt sem áður er þetta nýbýli of landlítið og sérstaklega þó vegna þess, að bóndinn, sem reisti nýbýlið og býr á því, Jóhann Bergvinsson, er afar ötull bóndi, afkastamikill og hefur komið upp vænu búi og gert miklar ræktunarframkvæmdir. Honum veitir ekki af því að fá Þorsteinsstaði, eins og frv. gerir ráð fyrir, og bæta þeim við nýbýlið Áshól.

Ég spurðist fyrir um það hjá hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, hver væri hennar afstaða til þessarar jarðarsölu, og frá henni fékk ég útdrátt úr fundargerð, sem prentaður er sem fylgiskjal með frv. Eins og fylgiskjalið ber með sér, afsalar hreppsnefndin forkaupsrétti hreppsins fyrir fram, ef Jóhann Bergvinsson kaupi, og mælir ákveðið með sölu til hans. Þann eina fyrirvara hefur hreppsnefndin um þetta, að hún setur upp, að Jóhann Bergvinsson selji Hólmgrími Sigurðssyni 25 dagsláttur af ræktanlegu landi af suðurhluta Þorsteinsstaðalands, ef hann kaupir. Hólmgrímur Sigurðsson býr á jörðinni Yztuvík, sem er nokkurn spotta innar á ströndinni en Þorsteinsstaðir, ströndinni austan Eyjafjarðar. Tveir bæir eru á milli Þorsteinsstaða og Yztuvíkur, en það verður að teljast allauðvelt fyrir Yztavíkurbóndann að nytja tún í Þorsteinsstaðalandi eða garða. Það er ekki þarna um meiri vegalengd að ræða en svo, og þjóðvegur á milli.

Þannig stendur á hjá Hólmgrími Sigurðssyni, að hann er búinn að rækta það land, sem hægt er að rækta í Yztuvík. Annað land jarðarinnar er fjalllendi, að vísu gott sauðland, en ekki ræktunarhæft. Hann vantar því ræktunarland, því að tún hans er ekki nema 8—9 hektarar alls. Nú sýnist mér óþarft, að Jóhann Bergvinsson kaupi fyrst land það, er Hólmgrímur Sigurðsson á að fá, og þess vegna legg ég til í frv., að Hólmgrímur Sigurðsson kaupi land af ríkinu, kaupi þær 25 dagsláttur beint, sem hreppsnefndin vill tryggja honum og mælir með að hann fái keyptar, og tel ég það vera alveg í fullu samræmi við vilja sveitarstjórnarinnar, en miklu einfaldara en hún stingur upp á.

Ég leyfi mér að vænta þess, að frv. þetta fái góðar undirtektir og svo hraða afgreiðslu, að það geti orðið að lögum á þessu þingi. En málinu liggur á vegna þess, að á næsta sumri verður skurðgrafa að verki í Grýtubakkahreppi, og þá hugsa bændurnir Jóhann og Hólmgrímur sér að fá hana til að grafa mýrar í Þorsteinsstaðalandi, verði þeir búnir að fá landið til umráða. Ræktanlega landið á Þorsteinsstöðum er aðallega hálfdeigjumýrar, sem þarf að ræsa fram með skurðgröfu, áður en sléttað er og farið að vinna það frekar til ræktunar. Og skurðgröfur koma ekki á þessar slóðir nema með áramillibili. Þetta tel ég gilda ástæðu til þess að draga ekki afgreiðslu málsins, heldur ljúka því á þessu Alþingi.

Þegar þessari umr. lýkur, þá óska ég eftir, að málinu verði vísað til 2. umr. og til athugunar í hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 155, n. 303).

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Eftir lögum nr. 4 26. febr. 1946 er heimilt að selja ábúendum jarðeignir ríkisins, hafi þeir haft þar ábúð 3 ár eða lengur. Þó er þetta bundið vissum skilyrðum, t. d. þeim, að umsóknum fylgi meðmæli hreppsnefndar á hverjum stað, sýslunefndar undir sumum kringumstæðum, ef sérstaklega stendur á, og jafnvel Búnaðarfélags Íslands, ef jörðin er talin vel fallin til skiptingar eða nota í þágu almennings. Þá eru og ákvæði um, að undan skuli skilja við sölu námur og vatnsréttindi umfram það, sem er til heimilisnota af slíku, og enn, að jörðin skuli vera gerð að óðalseign eftir sérstökum lögum þar um. Hins vegar eru ekki lagaákvæði um sölu á jarðeign ríkisins, sem verið hefur í ábúð sama manns skemur en 3 ár eða í eyði, og er því talið, að þar um þurfi sérstök heimildarlög hverju sinni, og virðist sem svo, að inn í jarðasölulögin frá 1946 þyrfti að bæta ákvæði um þetta, svo að ekki þyrfti á hverju ári að fara með sölumál smájarða fyrir Alþ. og þvæla þeim þar í gegnum sex umr.

Að því er snertir sölu Þorsteinsstaða í Höfðahverfi, Grýtubakkahreppi, er það að segja, að þetta er smájörð, nú í eyði, og er áður búið að leggja hluta landsins undir nýbýlið Áshól, sem stendur við jaðar Þorsteinsstaðalands, byggt út úr prestssetrinu Laufási. Hreppsnefndin í hreppnum telur, að land það, sem enn telst til Þorsteinsstaða, verði bezt notað með því að selja það tveim nábúum Þorsteinsstaða, bændunum í Yztuvík og á Áshóli, öðrum tiltekinn hluta, 25 dagsláttur, hinum það, sem þá er eftir. Sama er álit landnámsstjóra og stjórnarráðsfulltrúans í jarðeignadeild ríkisins. Landbn. þessarar hv. d. leggur til, að þetta verði gert og frv. samþ. með smávægilegri breyt., sem fylgir í nál. á þskj. 303. Einboðið er, að nánar verði fram tekið í afsali um forkaupsrétt ríkisins að landinu, ef til kemur, að ríkið vilji kaupa það aftur.

Legg ég nú til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 3. umr.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil sem flm. þessa frv. þakka hv. landbn. fyrir jákvæða afgreiðslu og frsm. hennar fyrir hans grg. Ég vil lýsa því yfir, að ég hef ekkert að athuga við þá till. um viðbót við 1. gr., sem hv. landbn. flytur. Ég tel þá till. eðlilega og mun greiða henni atkv.

ATKVGR.
Brtt. 303 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 341).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Nd., 13. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 30 shlj. atkv.

Á 69. og 70. fundi í Nd., 27. og 28. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 2. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 341, n. 409).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til 2. umr. og er frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu, var flutt í hv. Ed. og hefur verið afgreitt þaðan einróma. Landbn. þessarar hv. d. hefur kynnt sér frv. og mælir með samþykkt þess. Fyrir liggja umsagnir um málið frá landnámsstjóra og stjórnarráðsfulltrúanum í jarðeignadeild ríkisins, og báðir telja þeir eðlilegt, að jarðarsalan verði heimiluð.

Þessi jörð, sem hér um ræðir, er nú í eyði. Þetta er lítið býli, upphaflega hjáleiga frá prestssetrinu Laufási, ræktað land er þar lítið og jörðin nú með öllu húsalaus, og eru engar líkur taldar til, að býlið komist aftur í ábúð, enda mun vera svo, að enginn hefur sótt um ábúð á býlinu. Hins vegar vantar hinar jarðirnar báðar, sem nefndar eru í frv., Áshól og Yztuvík í þessari sömu sveit, ræktunarland, og kemur sér þá að sjálfsögðu vel fyrir þær, að landi Þorsteinsstaða verði skipt á milli þeirra, svo sem ráð er fyrir gert í frv.

Landbn. Ed. flutti brtt. við frv., sem var samþykkt þar í hv. d. Hún var fólgin í því, að þeim viðauka var bætt við frv., við 1. gr. þess, að ríkissjóður skuli eiga forkaupsrétt að jörðinni, komi aftur til sölu. Þetta mun ekki vera vanalegt, þegar um það er að ræða að selja ríkisjarðir einstaklingum, en ástæðan fyrir því, að þessi brtt. var flutt, er sú, að jörðin Áshóll, sem er nýbýli, mun vera í erfðaábúð, og til þess að tryggja það, að viðbótin frá Þorsteinsstöðum verði ekki aftur tekin af nýbýlinu, var þetta ákvæði samþykkt í hv. Ed. Við í landbn. þessarar d. föllumst á þetta sjónarmið, og sem sagt leggjum við til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 72. fundi í Nd., 3. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 466).

61. Sóknargjöld.

Á 46. fundi í Ed., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 17. marz 1954, um breyt. á l. nr. 36 1. apríl 1948, um sóknargjöld [158. mál] (þmfrv., A. 276).

Á 47. fundi í Ed., 24. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og grg. þessa frv. ber með sér, hefur kirkjuþing árið 1960 samþykkt að leggja fyrir Alþingi ályktun um að breyta lögum um sóknargjöld, þannig að hámark þeirra verði ekki lægra en 100 kr. Í grg. fyrir frv. koma einnig fram þær ástæður, sem fyrir þessari ályktun kirkjuþings hafa legið, að safnaðarstjórnir hafa ekki talið sér unnt að standa undir auknum rekstrarkostnaði safnaða án hækkunar gjaldanna.

Hæstv. kirkjumrh. hefur nú beint þeim tilmælum til fjhn., að hún flytti frv. þetta. Taldi n. rétt að verða við slíkri beiðni, en einstakir nm. hafa þó að svo stöddu óbundnar hendur um afstöðu til frv., enda hefur efni þess í raun inni ekki verið rætt enn þá á fundum nefndarinnar.

Það mun að vísu ekki venja, þegar nefndir flytja frv., að vísa þeim formlega til nefndar. hvorki þeirrar, sem flutt hefur frv., eða annarra nefnda, en við í fjhn. höfum þó talað þannig um, að við mundum taka efnishlið frv. til meðferðar fyrir 2. umr. og leggja þær niðurstöður, sem við þá kunnum að komast að, um það t. d., hvort ástæða sé til að breyta frv., og þess háttar fyrir hv. deild við 2. umr. Þann hátt höfum við talað um að hafa á, svo framarlega sem ekki koma fram aths. við það frá hv. dm. við þessa 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 276, 323).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og ég gat um, þegar ég fylgdi þessu frv. úr hlaði með örfáum orðum, þegar það var hér til 1. umr. í hv. d., þá hefur fjhn. haft frv. til nokkurrar athugunar síðan, og er nefndin öll sammála um að leggja fram þá brtt., sem útbýtt hefur verið á þskj. 323. En brtt. er þess efnis, að hækkun á lágmarksákvæðum um sóknargjöld fellur niður. Nefndin telur ekki ástæðu til þess, hvað sem líður spurningunni um það, hvort ástæða sé til að heimila hækkun á sóknargjöldunum, að sú hækkun nái til lágmarksákvæða. Að öðru leyti er efnisleg afstaða n. til frv. sú, að hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) hefur óbundnar hendur um afstöðu til þess, en aðrir nm. mæla með samþykkt þess svo breytts sem vera mundi, ef brtt. n. á þskj. 323 verður samþykkt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það kann að virðast í fljótu bragði, að það frv., sem hér um ræðir, skipti ekki svo ýkja miklu máli, og afgreiðsla hv. fjhn. bendir einna helzt til þess líka, og ég er ekki að álasa nefndinni fyrir það, síður en svo. En frv. þetta er flutt að beiðni hæstv. kirkjumrh. eftir till. kirkjuþings, að mér skilst, og í grg. frv. stendur m. a., að rekstrargjöld safnaðanna hafi aukizt gífurlega hin síðari ár, og ég efast ekki um, að þar er algerlega farið rétt með. Virðist það meira að segja mjög erfitt fyrir söfnuði, eins og hér í höfuðstaðnum, að rísa undir útgjöldum kirkjunnar, hvað þá heldur hina fámennu söfnuði víðs vegar um landið, sem hafa kirkjur, sem þurfa mikillar viðgerðar við, og auk þess sumir orðið að safna stórskuldum til þess að gera kirkjur sínar þannig úr garði, að komandi væri í þær.

Ég held í því tilfelli, að það skipti ekki ýkja miklu máli, þegar um mjög fámenna söfnuði er að ræða, kannske um 20 manns, hvort sóknargjöldin eru 25 kr. eða 100 kr., þau bæta ákaflega lítið úr þörfinni í þeim efnum. Það, sem ég vildi hreyfa í þessu sambandi og mér finnst þeir, sem með kirkjunnar málefni fara, þurfi að hugleiða mjög á næstunni, er að koma á einhvers konar jöfnuði á þeim kostnaði, sem er við kirkjuhaldið í landinu, því að hinum fámennu söfnuðum, sem hafa orðið fyrir því á undanförnum áratugum að missa fólkið úr sveitunum, sífækkandi fólk, og þeir, sem eftir verða, rísa varla undir útgjöldunum, þeim er ókleift að hugsa þannig um sínar kirkjur, að sómasamlegt sé. Þar verður annað til að koma en hækkun sóknargjalda einna saman, og ákvæði það, er í lögum felst, að það megi taka vissan hundraðshluta af útsvörum hjá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi, kann ekki heldur að hjálpa mikið í því tilfelli. Mér finnst, að nefndin ætti einmitt nú, áður en frv. fer úr deildinni, að íhuga þessi mál nánar og vita, hvort ekki er hægt að finna þær leiðir, sem bæta úr, sérstaklega fyrir hinum fámennu söfnuðum víðs vegar á landinu, svo að þeim verði fyrst og fremst kleift að sjá sómasamlega um sínar kirkjur, svo að þeim verði ekki voðinn vís í framtíðinni, því að á undanförnum árum hefur á mörgum sviðum hér á landi verið komið á ýmiss konar jöfnuði, gjaldajöfnuði, þar sem það opinbera hefur gripið inn í, og á þessu sviði finnst mér að sé ekki síður ástæða til, að einhvers konar jöfnuður sé við hafður, heldur en á fjölmörgum öðrum sviðum.

Ég vil beina því til hv. nefndar, að hún einmitt hugleiði þessi mál nú út frá því raunhæfa viðhorfi, sem við okkur blasir hvarvetna á landinu. Það skiptir ekki höfuðmáli, eins og ég sagði áðan, hvort sóknargjöldin, þar sem fámennir

eru söfnuðir, eru 25 kr., 100 kr. eða 1000 kr. Það hjálpar ákaflega lítið, það þarf meira til. Og mér finnst, að frá hinum fjölmennu söfnuðum, eins og t. d. í höfuðborginni, einmitt frá þeim eigi að koma einhvers konar jöfnuður, það eigi að jafna sóknargjöldunum á öll sóknarbörn landsins, þannig að þeir þurfi ekki sérstaklega að gjalda þess, sem búa í afskekktum og fámennum sóknum landsins. Ég vænti þess, að hv. n. taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar og reyni að finna viðunandi lausn á því.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af athugasemd hv. 1. þm. Vesturl. Eins og lýst hefur verið hér og hann tók réttilega fram, er þetta frv. samið og samþykkt af kirkjuþingi og flutt hér inn í Alþingi af hæstv. kirkjumrh., ekki beinlínis sem hans mál, heldur vegna þess að hann taldi það rétt, þar sem kirkjuþingi er veitt sérstaða af Alþingi til þess að fjalla um mál kirkjunnar, að þá fengju ályktanir þess, sem eðli málsins samkvæmt þurfa staðfestingar á Alþingi, að fá að koma inn á Alþingi og það væri svo hverju sinni að sjálfsögðu eftir mati þingmanna, hverja úrlausn þeir vildu veita í þeim efnum.

Það vill nú svo til, að ég hafði nokkuð með þetta mál að gera, áður en það var lagt fyrir kirkjuþing, vegna þess að ég átti sæti í nefnd hér í Reykjavík, í safnaðaráði, sem undirbjó þetta mál. Það var þar rannsakað sérstaklega, af þeirri nefnd, hve tilkostnaður hefði vaxið við söfnuði hér í Reykjavík, og það kom í ljós, að til þess að auðið væri fyrir suma þessa söfnuði að standa undir sínum rekstrarkostnaði, þá væri óumflýjanlegt að hækka gjöldin allt að því marki, sem hér er lagt til. Það þykir hins vegar ástæðulaust, eins og fjhn. leggur til, að lögfesta, að það skuli verða hækkun á þessum gjöldum í öllum tilfellum, þó að söfnuðir telji sig ekki þurfa þess, og því er lágmarkið fellt niður.

En varðandi þær aths., sem hv. 1. þm. Vesturl. varpaði hér fram og óskaði sérstaklega eftir að nefndin tæki til athugunar við meðferð málsins hér í þinginu, þá hygg ég, að það sé miklu flóknara og vandasamara mál um að ræða heldur en sé hægt að búast við að verði afgert með þessu frv. hér.

Það vill nú svo til, eftir því sem ég bezt veit, að þá eru gjöldin hæst þar, sem söfnuðirnir eru fjölmennastir, þannig að það er í a. m. k. mjög mörgum tilfellum svo, að í hinum minni söfnuðum er alls ekki notað hámark gjaldanna. Og það hefur, eins og ég sagði, komið í ljós einmitt í hinum fjölmennustu söfnuðum, að þar þarf gjaldið að fara upp í þetta hámark, til þess að þeir fái risið undir sínum kostnaði. Ef því ætti að hugsa sér þá leið, sem mér finnst helzt vaka fyrir hv. 1. þm. Vesturl., að það eigi að miða kirkjugjöldin við það, að settur verði á laggirnar einhver almennur sjóður, sem kirkjugjöldin renni í, og síðan sé þeim úthlutað eftir einhverjum reglum til hinna einstöku kirkna, þá mundi afleiðingin að sjálfsögðu verða sú, að það yrði að leggja hærri gjöld á almenning en nú er talið að þurfi til þess að standa undir þessum kostnaði í fjölbýlinu. Ef sem sagt það er ætlunin, að íbúar fjölbýlisins styðji á þennan hátt að kirkjum í strjálbýlinu, sem ég skal ekki fella neinn dóm um, hvort rétt er, þá þyrfti að sjálfsögðu að fara fram á því víðtæk athugun, hver er heildarkostnaður við kirkjur yfirleitt í landinu og hvernig ástatt er með hina fámennari söfnuði í því sambandi, og síðan yrði að hækka þessi gjöld meira en gert er í þessu frv. hér, vegna þess að með þeim gjöldum, sem hér er gert ráð fyrir, er aðeins miðað við það, sem þéttbýlissöfnuðirnir þurfa til sinnar eigin framfærslu, ef svo mætti segja, og ekki um það að ræða, að það verði hægt að leggja á þá neinar kvaðir eða safnaðargjöld þeirra í því skyni að leggja til hinna fámennari kirkjusókna. Mér sýnist því, hvað sem segja má um hugmynd hv. þm., að þá sé það algerlega útilokað, vegna þess að það þurfi svo mjög mikla athugun og rækilega, að fara nú í sambandi við þetta frv. að taka upp alveg nýja skipan á kostnaði við kirkjur og viðhald þeirra og annan kirkjukostnað. Og ég teldi það í rauninni algerlega óeðlilegt, að farið yrði á Alþingi að fyrra bragði að lögfesta einhverjar slíkar reglur, sem fælu í sér gerbreytingu á því skipulagi, sem verið hefur, án þess að það hefðu komið fram frá kirkjunnar mönnum sjálfum raddir í þá átt og það mál tekið fyrir með eðlilegum hætti á kirkjuþingi. Þar sýnist mér að sé hinn rétti vettvangur til þess að hefja umræður um þessa hugmynd, sem ég, eins og ég áðan sagði, skal ekki fella neinn dóm um. Þetta er algerlega ný hugmynd, hygg ég vera, að taka upp slíkar aðferðir, einhvers konar jöfnun sóknargjalda um land allt til þess að aðstoða þá söfnuði, sem verst eru settir. En eigi slík skipan á að koma, þá tel ég vera það eina rétta og eðlilega, að það mál sé tekið fyrst upp meðal kirkjunnar manna og þá á kirkjuþingi og fengin þar afstaða til þess máls, áður en það yrði lögfest hér á Alþingi. Þótt þetta frv. nú yrði lögfest, felur það ekki í sér neina breytingu á skipan þessara mála, heldur aðeins skapar skilyrði til þess, að söfnuðirnir geti á sómasamlegan hátt staðið undir sínum tilkostnaði. Þetta gjald er ekki heldur lögfest, eins og menn vita, heldur er það aðeins heimild, þannig að safnaðarfundir á hverjum stað hafa það á sínu valdi innan þessara marka, að hve miklu leyti þeir vilja nota þá heimild til að leggja á sóknargjöld, sem hér er gert ráð fyrir.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. tók vinsamlega á mínu máli, að ég ætla. Hins vegar telur hann ýmsa annmarka á því, að það verði hægt nú að ráða bót á þeim fjárhagsörðugleikum, sem hinir fámennu söfnuðir úti á landi eiga við að stríða í sambandi við sín kirkjumál, og slíkt muni ekki kleift undir meðferð þess máls, sem nú liggur fyrir Alþingi, og það má vel vera. En einhvern veginn er það nú þannig, að þó að bæði synodus og kirkjuþing og aðrar ráðstefnur hinna trúræknu manna landsins hafi á undan-

förnum árum og áratugum fjallað um fjárhagsmál kirkjunnar, þá virðist ekki þar hafa komizt á viðunandi lausn. Og skal ég ekki neitt fara út í þá sálma, af hverju slíkt kann að stafa. En það, sem kann að valda því sérstaklega, að gjöldin í fjölmennu söfnuðunum eru hærri en þar, sem þeir eru fámennari, eru einkum tvær ástæður: í fyrsta lagi það, að kirkjunum og öllu, sem þar að lýtur, er betur við haldið en hjá hinum fámennari söfnuðum úti á landi, og auk þess að öllum jafnaði meiri og betri fjárhagsmöguleikar hjá þeim söfnuðum en í fámennu söfnuðunum. Og eigi að koma kirkjum í svipað horf víða hjá hinum fámennari söfnuðum og nú á sér stað í þéttbýlinu, þá kostar það svo mikið fjármagn, að slíkt er útilokað nema með einhverjum nýjum fjáröflunarleiðum, sem hinir fámennu söfnuðir hafa alls ekki tiltækilegar, eins og nú standa sakir. Og það eru þessi mál, sem mér datt í hug að n. tæki að einhverju leyti til athugunar, og varpaði því áliti fram, að þessi mál gætu því frekar komið til umræðu nú en verið hefur, þótt það sé ekki úr þeim hægt að bæta nú í augnablikinu, en aftur á móti í náinni framtíð. Við vitum, hver þróunin hefur verið í þessum efnum, að fólkinu hefur farið sífækkandi í sveitum landsins og þar af leiðandi gjaldendum hinna fámennu sókna víðs vegar um landið og kirkjurnar af þeim sökum vanræktar og það mikið fram yfir það, sem er í þéttbýlinu, og auk þess er gjaldgeta þess fólks oft mjög af skornum skammti, ekki sízt þegar borið er saman við hinar ýmsu fjáröflunarleiðir, sem tiltækilegar eru í þéttbýlinu. Ég vænti þess, að nefndin ræði þessi mál, þannig að þau gætu frekar komið fram á sjónarsviðið og bæði kirkjuþing og aðrar ráðstefnur hinna bezt lærðu og trúuðu manna landsins mættu sjá það, að Alþingi mundi ekki sem slíkt standa í vegi fyrir því, að reynt yrði að bæta úr í þessum efnum, þegar til þess kasta kemur.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég var staddur annars staðar í þessu húsi við nauðsynleg störf í upphafi þessa fundar og bjóst ekki við, að um þetta mál yrðu umræður, því að mér sýndist vera á ferðinni mál, sem telja megi sanngjarnt og ætla megi, að þm. geti fylgt. En nú hef ég orðið þess áskynja, að umr. hafa farið fram um þetta mál og verið varpað fram ábendingum, svo að verið geti, að n., sem málið flytur, taki það til athugunar að nýju á milli umr. Ég ætla ekki að gera að umtalsefni það atriði, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Vesturl., en ætla að vekja máls á öðru atriði, ef n. þætti það þess virði að taka það til íhugunar í sambandi við nánari athugun á málinu í heild.

Eins og við vitum, er þjóðkirkjan grundvölluð á ákvæðum stjórnarskrárinnar og ríkinu þar lögð á herðar sú skylda að styðja hana og styrkja. Hins vegar hefur Alþingi ekki gengið svo langt að lögfesta, að ríkið greiddi framlag til kirkjubygginga í landinu, og fjárhagsleg aðstoð ríkisins við kirkjuna er aðallega fólgin í greiðslu embættislauna prestanna. Á hinn bóginn kostar bygging kirkjuhúsa mjög mikið fé, og það er stórt fjárhagslegt átak fyrir söfnuði að ráðast í slíkt og koma því í viðunandi horf. Söfnuðirnir eru því af hálfu löggjafans að nokkru leyti settir í spennitreyju hvað fjárhagsgrundvöllinn snertir. Það mælir því full sanngirni með því, að ekki sé mjög þröngur stakkur skorinn í löggjöfinni um heimild til þess að innheimta kirkjugjöld eða söknargjöld. Frá 1909—47 voru gjöld til prests og kirkju og kirkjugarða fastákveðin í krónutölu samkv. lögum, sem giltu á þessu tímabili um þetta efni, og þau gjöld voru mjög lág, að ég ætla 2—3 kr. á hvern mann, enda var verðgildi peninga vitanlega allt annað þá en það er nú. En til viðbótar þessu voru í lögum á því tímabili tvær heimildir fyrir söknarnefndir að grípa til, ef nauðsyn þætti að auka fjárráð safnaðanna umfram það, sem hin lögákveðnu gjöld leyfðu. Önnur heimildin var sú, að söknarnefnd að tilskildu samþykki safnaðarfundar og héraðsfundar gæti um eitt ár í senn hækkað söknargjöldin fram yfir það, sem hið fasta lögákveðna gjald var, og hin heimildin var sú, að heimilt væri að leggja á aukagjald eins konar, að grípa til eins konar niðurjöfnunar, sem væri þó hlutfallsleg hækkun á hinu fasta söknargjaldi.

Með lagabreytingu, sem gerð var á þingi 1947, að ég ætla, var sú regla upp tekin að lögfesta hámark og lágmark söknargjalda og veita söknarnefndum svigrúm til þess að ákveða gjöldin innan þessara marka, en um leið var heimildin um að hækka gjöldin umfram hámarkið að tilskildu samþykki safnaðarfundar og héraðsfundar felld niður. Hins vegar er heimildinni um niðurjöfnun aukagjalds haldið, og mun hún enn vera í gildandi lögum. 1955 þurfti að hækka þessi mörk að krónutölu vegna breytts verðgildis krónunnar, og þau munu vera nú, eins og fram kemur í frv. því, sem hér liggur fyrir, 9—36 kr., og er þá miðað við grunngjald, þannig að við það bætist verðlagsvísitala, eins og hún var reiknuð, áður en efnahagslögin frá síðasta þingi voru sett, þannig að ég hygg, að þegar tillit er tekið til verðlagsuppbóta, þá geti hámark söknargjalds eftir gildandi lögum numið milli 60 og 70 kr.

Þetta frv. felur í sér að hækka þetta mark upp í 100 kr., setja mörkin milli 25 og 100 kr. og veita söknarnefndum svigrúm til þess að ákveða gjaldið innan þessara marka. Ég hef litið svo til, að samkv. brtt., sem hv. fjhn. hefur borið fram, mæli hún með því, að þetta hámark verði lögfest, en lágmarkið verði ekki tiltekið í lögunum.

Það, sem ég vildi vekja máls á hér, m. a. vegna þess, að mér er kunnugt um, að sumir áhugamenn um kirkjuleg málefni vilja gjarnan, að það sé tekið til athugunar, er, hvort ekki er ástæða til að taka aftur upp í lögin gömlu heimildina, sem var niður felld á þingi 1947, um það, að söknarnefnd megi að tilskildu samþykki safnaðarfundar og héraðsfundar hækka söknargjaldið um eitt ár í senn umfram það hámark, sem ákveða á samkvæmt þessu frv. Þó að slík heimild yrði lögfest að nýju, yrði hún ekki notuð, nema þeir menn, sem söfnuðurinn hefur kosið til forræðis um kirkjuleg

málefni á svæði safnaðarins, teldu brýna nauðsyn til þess að rýmka þannig fjárhag kirkjunnar, t. d. vegna framkvæmda, sem eru á döfinni og söfnuðurinn stendur að. Ég hef ekki mótaða brtt. um þetta og hef sjálfur ekki ákveðið, hvort ég ber hana fram, en ég vildi varpa fram þessari hugmynd til ábendingar fyrir nefndina, ef hún jafnvel af öðrum ástæðum tekur málið til nánari athugunar á milli umræðna.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. hefur vakið hér athygli á þeirri hlið þessa máls, að erfiðleikar eru hinir mestu í ýmsum söfnuðum, þar sem fámenni stendur undir gjöldum kirkju og safnaðarstarfs. Þetta er rétt hjá honum, að þessa hlið málsins þyrfti að athuga, og ég vil sérstaklega taka undir það hjá honum, að æskilegt væri, að hv. nefnd hefði athugað þessa hlið málsins, jafnvel þótt ekki komi til að breyta neitt þessu frv. út af fyrir sig, þar sem þetta mál er þess eðlis, að ekki eru horfur á, að það verði athugað annars staðar, ef það verður ekki gert hér.

Brtt., sem nefndin flytur við frv., er tvímælalaust til bóta. Skv. henni er lagt til, að fellt verði niður það lágmark, sem sett var í frv. sjálft, og það er að mínum dómi rétt, því að ef söfnuður telur sig ekki þurfa að fara upp í 25 kr. fjárhæð, þá á ekki að neyða hann til þess. Hins vegar vil ég taka undir með 1. þm. Vesturl. um það, að hvort sem safnaðargjöld eru 25 kr. eða 100 kr. eða eitthvað meira, þá hefur það í ýmsum tilfellum ákaflega lítið að segja til safnaðarstarfseminnar, þar sem fámenni er orðið mjög mikið. Og þar sem hv. 6. þm. Norðurl. e. drap á það, að þessi gjöld séu hæst þar, sem fjölmenni er mest, þá virðist það líta einkennilega út. En ætli það stafi ekki af því, að söfnuðirnir í fámenninu telji þýðingarlaust að vera að hækka gjaldið að neinu ráði, því að vandinn verður ekki leystur með því? Vandinn er miklu meiri en svo, að hann verði leystur með safnaðargjöldum.

Ef nefndin tekur þetta mál til frekari athugunar, sem mér fyndist æskilegt að hún gerði, þá vil ég benda nefndinni á eina hlið þessa máls, sem hefur ekki verið drepið á. Hún er sú, að til eru tvenns konar kirkjur hér á landi: annars vegar eru safnaðarkirkjur, hins vegar eru bændakirkjur, og ég held, að það hljóti að skipta nokkru máli fyrir upphæð safnaðargjalda, hvort heldur er. Ef kirkjan er bændakirkja, þá á viðkomandi bóndi að kosta allt viðhald og endurnýjun kirkjunnar og söfnuðinum kemur sá kostnaður ekkert við. Ef hún er safnaðarkirkja, þá hvílir þessi skylda aftur á móti á söfnuðinum. Mér sýnist, að þetta skapi mjög misjafnar þarfir safnaða til að innheimta há safnaðargjöld. Það getur ekki verið, að sá söfnuður þurfi að hafa eins há gjöld hjá sér, sem þarf ekki að bera neinn veg eða vanda af viðhaldi kirkjunnar. Ég veit ekki, hvort nefndin hefur athugað þessa hlið.

Nú breytir þetta í sjálfu sér ekki því, að frv. að meðtalinni brtt. megi ekki vera eins og það er, því að jafnvel þótt 100 kr. safnaðargjald sé fyrirskipað eða þyki eðlilegt, þá er það sjálfsagt ekkert of hátt fyrir söfnuði, þvert á móti allt of lágt í fámennum söfnuði. En það, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli hv. nefndar á, ef hún gefur sér tíma til að athuga málið frekar, er, hvort það sé ekki með öllu úrelt fyrirkomulag og óviðunandi að viðhalda svokölluðum bændakirkjum hér í landinu enn þá. Ég tala þarna út frá eigin reynslu, því að ég er ríkari en margir hv. þm. að þessu leyti, að ég á heila kirkju. Þessi kirkja er bráðum 100 ára, timburhjallur og er á góðri leið með að kveðja þennan heim. Hvað skeður þá? Hvað skeður, þegar þessi kirkja fer? **(Gripið fram í:** Þá áttu að byggja aðra.) Já, ég á að byggja aðra kirkju, segja lögin, eða öllu heldur 200 ára gamlar konungstilskipanir, held ég að það sé. Hvernig fer nú, ef kirkjubóndi hefur engan möguleika til þess að gera þetta, hefur engan fjárhagsmöguleika til þess? Hvað verður um kirkjuhaldið í þessum söfnuði, þegar kirkjan er farin? Bóndinn getur ekki byggt kirkjuna, hversu feginn sem hann vildi, söfnuðinum kemur það mál ekki við. Hver á að sjá söfnuðinum fyrir kirkju? **(Gripið fram í:** Er nokkur prestur þarna?) Já, en hann byggir aldrei kirkju. Prestarnir byggja þær ekki, þeir kosta ekki til kirknabygginga, svo að það breytir engu. Það er þessi hlið málsins, sem ég hefði viljað mælast til að hv. nefnd hefði athugað. Meira að segja, þetta gerðist á Vestfjörðum fyrir tiltölulega fáum árum. Kirkja varð ónýt. Hún var bændakirkja og bóndinn treysti sér ekki til að byggja aftur. Það gerðist ekkert annað þar en það, að það var engin kirkja til um langt tímabil. En er það það, sem Alþ. telur viðunandi?

Ég vil ekki neita því, að það megi fækka kirkjum í landinu, eftir að samgöngur eru orðnar gerólíkar því, sem áður var. En ekki hef ég orðið var við, að nein hreyfing sé í þá átt.

Þetta er vandamál, og það verður ekki komizt fram hjá þessu, og þetta verður einhvern veginn að leysa.

En þó að ég nefni þetta um bændakirkjurnar, þá gildir hér um bil það sama um sumar safnaðarkirkjur, þar sem söfnuðirnir eru orðnir mjög fámennir, kirkjurnar illa á sig komnar og efnahagur safnaðanna ekki til þess að endurbyggja kirkjur. Það getur alveg það sama komið á daginn þar.

Það var á það bent hér áðan af hv. 6. þm. Norðurl. e., að ekki hefði komið neitt annað frá kirkjunnar mönnum um þetta en það, sem felst í þessu frv., þ. e. a. s. frá kirkjuþingi eða kirkjunnar mönnum. Og það er rétt. Mér sýnist hér nokkur ljóður á, að kirkjunnar menn hafi ekki tekið þetta til rækilegrar athugunar. En kirkjunnar menn eru reyndar að mínum dómi alveg eins alþingismenn, því að þeir eiga að láta þessi mál til sín taka eins og hver önnur mál, ekki sízt þegar það berst svona upp í hendurnar á þeim eins og þetta frv. Þá eiga alþm. ekki að láta þetta lönd og leið, að ég tali nú ekki um þingmenn, sem eiga kirkjur. Það geta verið fleiri þingmenn en ég, sem þannig er ástatt um. Ég vil því taka undir þau

ummæli hv. 1. þm. Vesturl., að nefndin athugi frv. á ný. Ég er ekki að fara fram á, að hún breyti neinu af því, sem hér liggur fyrir, — það er út af fyrir sig gott, það sem það nær, — en að hún athugi þær aðrar hliðar þessara mála, sem hér hefur verið drepið á, og ef henni sýnist svo, flytji um þetta till. eða frv. Mér sýnist, að hv. nefnd gæti gert það alveg eins, þó að ekki standi til að breyta neitt þessu frv. frekar en hún sjálf leggur til. Ég sé ekki, að það skaði neitt, þó að nokkur dráttur yrði á afgreiðslu þessa máls. Það er enginn ágreiningur um sjálft frv., eins og það er nú orðið með þessari brtt., og gengur sjálfsagt áfram, en það ætti að verða nægur tími til að afgreiða málið úr þessari hv. deild, þó að nefndin gæfi sér tíma til að athuga þær hliðar þessara mála, sem hér hefur verið drepið á.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Hann benti á það, — og um það atriði er ég honum í raun og veru alveg sammála, — að sú hækkun á sóknargjöldum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, mundi verða ófullnægjandi til þess að leysa fjárhagsvandamál ýmissa hinna fámennu safnaða úti á landi. Ég tel ekki vafa á því, að þetta muni vera rétt. En í framhaldi af þessu benti hann á það, og undir það hafa tekið tveir aðrir hv. þm., sem hér hafa talað, að rétt væri, að nefndin tæki það til athugunar, að mér skildist á milli umræðna, á hvern hátt væri hægt að ráða bót á því vandamáli. Það er nú svo a. m. k. að þessu sinni, að nefndin hefur aðeins skoðað það sem hlutverk sitt í sambandi við þetta mál að taka afstöðu til þeirra tillagna, sem gerðar hafa verið frá kirkjuþingi um þetta atriði. Það er aðeins farið fram á það, að heimilað verði að hækka sóknargjöldin upp í 100 kr. á mann. Í upphaflega frv. var að vísu gert ráð fyrir því, að lágmarkið í sóknargjöldum, sem áður hafði verið, hækkaði líka, en það töldum við ástæðulaust, þar sem hinir einstöku söfnuðir hafa í hendi sinni að fara upp í hámarkið, ef þeir telja þess þörf. Telji söfnuðirnir, að slíks sé ekki þörf, þá er vitanlega ástæðulaust að skylda þá til þess, og skilst mér í rauninni, að um þetta atriði sé ekki neinn ágreiningur. Hitt, hvernig leysa eigi svo með einhverjum öðrum hætti fjárhagsvandamál þessara safnaða, er miklu víðtækara mál, og kemur þar að sjálfsögðu margt til greina. En ég hef litið þannig á, að verkefni fjhn. í sambandi við þetta væri eingöngu það að taka afstöðu til till., sem kirkjuþing þegar hefur gert.

Varðandi svo hitt stærra málið, sem auðvitað þarf sinnar úrlausnar líka, þá má auðvitað að mínu áliti deila um vinnubrögð í sambandi við það. Ég veit nú satt að segja ekki, hvort eðlilegt er, að fjhn. taki það upp á sínar eigin spýtur að gera till. í því efni.

Mér finnst, að áður sé eðlilegt, að einhverjar till. komi frá þeim aðilum, sem þessi mál fyrst og fremst snerta, og þá frá kirkjuþingi. Það tel ég eðlilega málsmeðferð. En hvað sem öðru líður, mun nefndin, þegar hún næst heldur fund, ræða þær ábendingar, sem hér hafa komið fram, hvort sem hún mundi telja það í sínum verkahring að gera frekara í þessu máli að svo stöddu en að taka afstöðu til þess máls, sem fyrir hana hefur verið lagt.

ATKVGR.
Brtt. 323 samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 53. og 55. fundi í Ed., 6. og 9. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Ed., 13. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 331).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls kvöddu sér hljóðs nokkrir hv. þm. og vöktu athygli á því, að sú hækkun eða sú heimild til þess að hækka sóknargjöld, sem í frv. felst, væri ófullnægjandi til þess að leysa fjárhagsvandamál hinna minni safnaða úti um land. Jafnframt óskuðu þessir þingmenn, að fjhn. tæki þetta mál til nánari meðferðar, og báru fram ákveðnar ábendingar í því efni, svo sem þá að hækka hámark það á sóknargjöldum, sem leyft er samkvæmt frv. Ég lofaði því við 2. umr., að nefndin mundi taka þessar ábendingar til athugunar á milli umræðna. Hefur nefndin síðan haldið fund um málið, en niðurstaðan varð sú, að nefndin telur sér ekki fært að flytja frekari till. um hækkun sóknargjaldanna en í frv. felst og lítur þannig á, að eðlilegt sé, að það mál gangi í gegnum kirkjuþing, þótt öllum nm. muni vera fyllilega ljós sá vandi, sem hér er um að ræða. Hins vegar hafa einstakir nm. óbundnar hendur um till., er fram kynnu að koma frá öðrum, þótt nefndin sem heild treystist ekki til þess að flytja frekari brtt. við þetta frv.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Síðan þetta frv. var til 2. umr., hef ég átt tal við biskup Íslands og rætt þessi mál nokkuð ýtarlega við hann, og eftir þær viðræður hef ég orðið þess vísari, að þau mál, sem ég hreyfði hér við 2. umr., hafa komið mjög við sögu á kirkjuþingi nú í vetur sem leið og kirkjuþing mun hafa kosið sérstaka nefnd til þess að fjalla um þá hlið málanna, sem ég drap hér á. Að fengnum þeim upplýsingum get ég fallizt á, að þetta frv. sé látið ganga óbreytt fram nú að þessu sinni.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 62. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 63. fundi í Nd., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og hefur verið samþ. þar.

Það fjallar um breyt. á l. um sóknargjöld, og ef frv. verður samþ., þá leiðir það til þess, að sóknarnefndum verður heimilt að ákvarða hámark sóknargjalda við 100 kr. Þó að 100 kr. séu ekki há upphæð nú á dögum, mun það áreiðanlega koma sér víða vel, að þessi hækkun á hámarki sóknargjalda verði leyfð, einkum í mannmörgu söfnuðunum, en í fámennu söfnuðunum verða sóknargjöldin í heild svo lág þrátt fyrir þessa hækkun, að lítið er hægt að gera fyrir svo lítið fé, þegar lítið er á, hversu allur kostnaður við viðhald kirkna og byggingu þeirra er orðinn mikill. En eins og við vitum, þá er einnig ákveðið í lögum um sóknargjöld, að sóknarnefndir hafa heimild til þess, þegar þetta fastagjald hrekkur ekki fyrir útgjöldum, að leggja á aukagjald sem hundraðsgjald af útsvörum.

Í lögunum um sóknargjöld, sem giltu hér á landi frá 1909—48, var heimildin um innheimtu sóknargjalda nokkuð með öðrum hætti en ákveðið er í gildandi lögum. Það var fast gjald eins og nú, og ef það dugði ekki, þá mátti leggja á aukagjald. Um það, hvernig með átti að fara, ef leggja þurfti á þetta aukagjald, segir í l. frá 1909, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur söfnuður á hendi umsjón og fjárhald kirkju, og má sóknarnefnd þá með jákvæði lögmæts safnaðarfundar og samþykki héraðsfundar hækka og lækka kirkjugjald fyrir eitt ár í senn eða um tiltekið árabil. Ef hið lögskipaða kirkjugjald með hækkun þeirri, er sóknarnefnd hefur ákveðið og safnaðarfundur og héraðsfundur samþykkt, nægir ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum kirkjunnar, er sóknarnefnd heimilt að jafna niður því, sem á vantar, á safnaðarmenn í sókninni eftir efnum og ástæðum".

Ég vil aðeins benda á það, að ég hef orðið þess var, að ýmsir þeir menn, sem með þessi mál hafa að gera, óska eftir því, að þetta ákvæði, eins og það var í gömlu lögunum, eða ákvæði mjög svipað því verði aftur sett inn í lögin um sóknargjöldin, og meira að segja hefur einn prestur höfuðborgarinnar orðað það við mig, að ég flytti um þetta brtt. nú, þegar þessi mál eru til umr. í þinginu. Þetta hef ég ekki gert enn og raunar ekki tekið neina ákvörðun um að gera það, en mér þætti vænt um það, ef nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, sem ég hygg að muni verða hv. fjhn., — málið var hjá fjhn. í hv. Ed., — mér þætti vænt um, ef hún vildi taka til athugunar þetta, sem ég hef nú hér bent á.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 331, n. 441).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Fjhn. deildarinnar hefur haft þetta mál til athugunar. Frv. er flutt að beiðni kirkjumrh., og að efni til er meginbreyting frá fyrri lögum sú, að heimild sóknarnefnda til þess að hækka sóknargjöldin er samkv. frv. þessu hækkuð úr 36 kr. í 100 kr. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með þessu frv. Einn nefndarmanna, Einar Olgeirsson, tók ekki þátt í þeirri atkvgr., en meiri hl. vill mæla með því við hv. deild, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 15. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 513).

---

62. Ábúðarlög.

Á 30. fundi í Nd., 29. nóv., var útbýtt:
Frv. til ábúðarlaga [117. mál] (þmfrv., A. 154).

Á 31. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. til ábúðarlaga, sem liggur hér fyrir á þskj. 154, var einnig flutt á síðasta þingi af landbn. eftir beiðni hæstv. landbrh. Málið fékk ýtarlega athugun í landbn. á síðasta þingi, og í áliti, sem n. skilaði, lagði hún einróma til, að frv. yrði samþ. Jafnframt flutti hún nokkrar brtt. við frv., og voru þær í samræmi við ábendingar síðasta búnaðarþings, sem hafði einnig þetta mál til athugunar á fundum sínum á síðasta vetri. Nú hafa þessar brtt. verið felldar inn í frv., og í því formi liggur það hér fyrir, eða eins og það var eftir 2. umr. hér í þessari hv. deild.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi benda á, en tel ekki ástæðu til þess að fylgja málinu úr hlaði nú með fleiri orðum. Málið var rækilega skýrt af frsm. n., hv. 2. þm. Sunnl., þegar það var hér til meðferðar í fyrra.

Landbn. væntir þess nú, að þetta mál geti gengið greiðlega í gegnum þingið, og legg ég til, að því verði vísað til 2. umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég var ekki staddur hér á þingi í fyrra, þegar þetta mál var hér til umr., og í framsögu hv. frsm. kom ekki fram neitt sérstakt, sem upplýsti málið. Hins vegar er hér um allmikinn lagabálk að ræða. Tekur það nokkurn tíma að kynna sér það til hlítar, svo að það sé hægt að ræða um einstök atriði. En ég vil þó leyfa mér á þessu

stigi málsins að beina þeirri spurningu til hv. landbn., hvort hún sæi sér ekki fært að athuga nánar kafla um byggingu jarða, 2.—5. gr., og einnig kaflann um ábúðartíma og eftirgjald, 9.—18. gr. Skal ég hér með fáum orðum skýra frá því, hvers vegna ég tel, að þetta sé nauðsynlegt.

Eins og kunnugt er, er samkvæmt núgildandi lögum og einnig samkv. ákvæðum í því frv., sem hér liggur fyrir, gefin heimild til sveitarstjórna að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma jörðum, sem eru í eyði, í byggð, en þetta er þó ekki lagt sem ófrávíkjanleg skylda á sveitarstjórnir. Nú er það vitað, að fjöldi jarða, einkum og sér í lagi þeirra jarða, sem hafa mikil hlunnindi, hvort heldur um er að ræða æðardún, selveiði eða önnur slík hlunnindi, hefur einmitt farið mjög mikið í eyði vegna þess að þetta ákvæði l. hefur ekki verið notað af viðkomandi sveitarstjórnum, og ber þar ýmislegt til. M. a. veigra þær sér við að ganga á rétt skyldmenna eða kunningja, eins og oft vill verða, og ýmislegt annað, sem veldur því, að sveitarstjórnir, sem þó sitja ekki oft og tíðum nema ákveðið kjörtímabil, taka ekki á sig þá erfiðleika, sem því fylgja, að lögunum sé framfylgt. En ég tel einmitt þess vegna, að það sé alveg óhjákvæmilegt að kveða miklu nánar á um þessi atriði í frv., annaðhvort með því að leggja þessa kvöð á sveitarstjórnirnar beinlínis eða að ákveðnum aðilum, sem mundu vilja byggja þessar jarðir, væri heimilt að tryggja sér ábúð eftir ákveðnum, föstum reglum. Mér þætti ekkert óeðlilegt, að það ákvæði yrði sett inn í lögin, að ef maður hefði ekki byggt jörð þannig, að hún væri nytjuð af þeim aðila, sem býr á jörðinni, í s. l. 5 ár eða jafnvel styttri tíma, þá skuli hann verða að lúta því sem jarðeigandi annað tveggja að hýsa jörðina upp og byggja hana eða selja hana við þreföldu fasteignamatsverði, svo sem jarðir eru nú metnar til skatts. Gæti það þá orðið til þess, að viðkomandi aðilar hugsuðu meira um jarðirnar en gert er.

Mér er vel kunnugt um, að meginhluti af jörðum á Breiðafirði hefur einmitt farið í eyði vegna þess, að þær hafa ýmist verið nytjaðar af eigendunum, sem búa ekki á jörðunum, eða leigðar öðrum aðilum, sem ekki heldur búa á jörðunum og nytja þær að fullu, og eftirgjaldið miðað við það, sem hægt er að rányrkja jarðirnar með dúntekju og selveiði, en jarðirnar sjálfar látnar grotna niður bæði að húsum og jarðabótum. Og það segir sig sjálft, að þegar þannig er búið að fara með jörð og síðan á að fara að taka hana á ný til þess að byggja upp á henni og rækta að nýju vegna vanrækslu þeirra eigenda, sem hafa haft margfaldar tekjur af jörðunum, eins og ég veit að þeir hafa haft, þá þarf ríkissjóður m. a. að leggja fram allmikinn hluta, bæði í hagkvæmum lánum og jarðabóta- og húsastyrkjum, til þess að koma slíkum jörðum í ábúð, og tel ég, að það sé ekki heppilegt fyrirkomulag hvað snertir þessar eignir.

Það sama gildir raunverulega um ábúðartíma og eftirgjald, að þó að það sé til þess ætlazt, að landsetinn njóti fullra húsabóta frá landsdrottni, þá er venjan sú, að fjöldi bænda, sem býr á leigujörðum, verður sjálfur að kosta að fullu og öllu húsakost og situr þar í mjög hárri leigu, þegar tekið er tillit til þess, að hann verður sjálfur að standa undir öllum þeim kostnaði, sem því fylgir að byggja bæði peningshús og íbúðarhús. Ég þekki m. a. allmörg dæmi, þar sem bændur verða að greiða leigur, sem metnar voru á sínum tíma með fullum húsakosti, en hafa svo sjálfir orðið að byggja upp að fullu og öllu á jörðunum, bæði hvað snertir peningshús og íbúðarhús, án þess að leiguafgjöldin væru lækkuð. Ég tel því rétt, að sett verði inn í frv. ákvæði um það, að ef landeigandi vill ekki hýsa jörð, eftir því sem nauðsynlegt er og krafa er gerð um á hverjum tíma, bæði fyrir menn og skepnur, þá sé hann skyldugur til þess að selja ábúanda jörðina með þreföldu fasteignamati eða þann hluta hennar, sem hann sjálfur á, sem oftast er ekki annað en landið í mismunandi rækt.

Þetta þótti mér rétt að láta koma fram á þessu stigi málsins og vænti þess, að hv. landbn. taki þessi mál til athugunar. Mér þykir rétt að geta þess, að ég hef rætt um þetta við landnámsstjóra, og er ekki úr vegi, að n. hefði um það samráð við hann, því að hann er manna kunnugastur þessum málum, og þá væri einnig gott, ef það væri tekið til athugunar, hvaða leiðir væri hægt að fara til þess verulega að lækka leigu af þeim jörðum, sem hafa mikil hlunnindi og þar sem svo er ástatt, að landeigendur taka svo að segja öll hlunnindi eða öll verðmæti hlunnindanna og skilja svo bændurna eftir með erfiðið til þess að hirða hlunnindin og hirða um jarðirnar að öðru leyti. Ég er að sjálfsögðu fús til þess að ræða við n. um þessi atriði, ef hún óskar þess, en vænti hins vegar, að hún taki þessar ábendingar til athugunar, áður en málið fer út úr þessari hv. deild.

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Mér sýnast þessar ábendingar hv. 1. þm. Vestf. vera með þeim hætti, að það sé eðlilegt, að þær verði athugaðar nánar, og ég get lofað því, að landbn. mun athuga þetta mál nánar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 52., 54., 55. og 56. fundi í Nd., 30. jan., 2., 3. og 6. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 57. fundi í Nd., 7. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 154, n. 291, 316).

Frsm. (Gunnar Gíslason): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. flytur á þskj. 291 tvær brtt., þó ekki stórvægilegar, við frv. til ábúðarlaga.

Fyrri brtt. er við 3. gr. frv. Í frv. er svo ráð fyrir gert, að sveitarstjórnir geti látið til sín taka, ef jarðeigandi, sem býr ekki sjálfur á jörðinni, hirðir ekki um að byggja hana, enda þótt völ sé á hæfum manni eða mönnum, sem

vilja taka jörðina á leigu, og fyrir það, að jörðin fer úr ábúð, rýrnar hún að verðmæti og sveitarfélagið bíður við það hnekki, að jörðin sé ekki setin og á henni rekinn búskapur. Brtt. er fólgin í því að skylda sveitarstjórnirnar til þess að láta til sín taka í slíkum tilfellum.

Það hefur verið á það bent, að sveitarstjórnirnar veigri sér oft við því að skipta sér af, ef jarðareigandi vanrækir eða vill ekki halda jörð sinni í ábúð, vegna þess að slík afskipti kunni að vekja óvild og jafnvel deilur. Það er því tvímælalaust æskilegra að dómi landbn. fyrir sveitarstjórnirnar, að ákvæði um þetta atriði séu skýr og ákveðin. Þeim verður með engu móti álasað fyrir það með réttu, þótt þær leitist við að framfylgja því, sem fyrir þær er lagt í lögum og þeim er samkv. lagabókstaf boðið að gera.

Síðari brtt. er svo aftur við 18. gr. Í þeirri gr. frv. eru ákvæði um það, að landsdrottni sé skylt að bjóða leiguliða sínum ábýlisjörð hans til kaups, hafi landsdrottinn ekki séð sér fært að rækja þær skyldur, sem á hann eru lagðar samkv. frv., t. d. er varðar framlög hans til húsabóta á jörðinni, og hugsanlegt er, að landsdrottinn hafi reynt að komast hjá þessum skyldum sínum, jafnvel með það í huga, að jörðin fari í eyði. Brtt. miðar að því, að jafnvel þótt þessu væri nú þannig farið, þá geti leiguliði krafizt þess að fá jörðina keypta með þeim skilyrðum, sem í frv. eru fram sett.

Ég held, að ég þurfi ekki að segja meira um þessar brtt. Ég vænti þess, að hv. d. geti fallizt á þær og samþykkt frv. í heild þannig gert.

Það eru komnar hér fram brtt. frá hv. 1. þm. Vestf. Ég ætla ekkert að mæla á móti þessum brtt., a. m. k. ekki áður en hann gerir grein fyrir þeim. Það má segja, að þær miði nokkuð í sömu átt og brtt. landbn., gangi e. t. v. nokkuð lengra, en ég fyrir mitt leyti, — og ég held, að það sé álit landbn., — álít, að þegar til sölu jarðar kemur, jafnvel fyrir þá sök, að landsdrottinn hafi ekki rækt skyldur sínar, þá sé eðlilegra, að söluverðið verði ákveðið af gerð eða eftir mati úttektarmanna, eins og fram er tekið í frv., heldur en að verðið sé ákveðið í lögunum sjálfum, en það virðist mér vera það, sem fram kemur í brtt. hv. 1. þm. Vestf.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 316 við frv. til ábúðarlaga, og eru þær nokkuð í samræmi við það, sem ég ræddi hér um við 1. umr. þessa máls.

Áður en ég lýsi brtt. sjálfum, vildi ég leyfa mér að benda á, að ýmsar þær jarðir í landinu, sem hafa mikil hlunnindi, eru um skemmri eða lengri tíma í engri ábúð. Á ég þar sérstaklega við þær jarðir, sem hafa mikla dúntekju, allmikla selveiði, einnig sumar hverjar, sem hafa laxveiði og eigendur sjá sér meiri hag í því að láta jarðirnar liggja í eyði, hús og lönd níðast niður, en geta annaðhvort byggt jarðirnar eða notfært sér sjálfir hlunnindin og haft af þeim miklu meira fé en ef ætti að láta búa á jörðunum, sitja á jörðunum sjálfir eða leigja þær til annarra. Mér er persónulega kunnugt um, að sumar af þessum jörðum mundu vera í byggð, ef afgjaldinu væri stillt í hóf, en afgjald er venjulega miðað við það, hvað hlunnindin gefa af sér, og þá er freistingin sumpart hjá eigendunum sjálfum að nytja hlunnindin, selja dúninn eða selinn eða hvað annað, sem jarðirnar gefa af sér, en hugsa ekkert um jarðirnar sjálfar eða leigja þær til annarra aðila, sem þannig nytja jarðirnar. Þetta er hins vegar til stórkostlegra óþæginda og tjóns fyrir hreppana, sem jarðirnar eru í. Ég veit m. a., að ýmsar jarðir á Breiðafirði eru komnar í eyði beinlínis fyrir þessa ráðstöfun. Þess vegna tel ég nauðsynlegt, að það séu gerðar róttækar ráðstafanir til þess að koma þessum jörðum í ábúð, og það verður ekki gert, nema því aðeins að annaðhvort sé hægt að ráða nokkru um það, hvað eftirgjaldið er, eða þá jarðirnar séu með hæfilegu verði teknar af eigendunum og seldar þeim mönnum, sem vilja á þeim búa.

Ég veit, að till. hv. landbn. á þskj. 291 er tilraun til þess að reyna að bæta úr þessu, þar sem sagt er, að sveitarstjórnin skuli þá krefjast þess, að svona og svona sé farið með jarðirnar, sem lögin mæla fyrir um. En ég hef ekki trú á því, að þótt það verði samþ. að fyrirskipa þetta með lögum, þá verði á því nokkur veruleg bót. Þess vegna hef ég leyft mér að bera hér fram brtt. við 3. gr., það er a-liður, við 1. málslið 5. mgr. bætist: „á þreföldu fasteignamati, og skal kaupanda skylt að koma jörðinni í ábúð innan eins árs frá þeim degi, er jörðin var þannig af honum keypt". Þá mundi allur þessi liður hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Nú hefur jörð verið í eyði í þrjú ár eða lengur og rýrnað að búrekstrargildi af þeim sökum, og er þá jarðeiganda skylt að gefa hlutaðeigandi hreppi eða landnámi ríkisins kost á að kaupa jörðina" — og við þetta á þá að bætast eftir minni tillögu — „á þreföldu fasteignamati, og skal kaupanda skylt að koma jörðinni í ábúð innan eins árs frá þeim degi, er jörðin var þannig af honum keypt." Það er ekki nægilegt frá mínu sjónarmiði, að eiganda sé skylt að gefa þessum aðilum kost á að kaupa jörðina. Það mundi hafa það í för með sér, að það yrði látið fara fram mat á eignunni, og af reynslunni mundi það mat byggjast á því, hvað hægt væri að hafa upp úr hlunnindunum, en engan veginn tekið tillit til hins, að jörðin væri sett í ábúð og hvað hægt væri þá að greiða í leigu fyrir jörðina, því að það er allt annað atriði, ef ábúandi á að standa undir því að hýsa jörðina, rækta hana og búa á henni eða hann á aðeins að standa undir því að greiða leigu af hlunnindunum. Þess vegna tel ég, að það sé nauðsynlegt að koma þessu ákvæði inn.

B-liður í brtt. er þannig, að 2. og 3. málsl. 5. gr. falli niður, en það er nauðsynlegt til leiðréttingar á greininni, ef a-liðurinn er samþykktur. Verði a-liðurinn felldur, mun ég að sjálfsögðu taka aftur b-liðinn, þar sem hann á þá ekki lengur við, og vil beina því til hæstv. forseta, að verði a-liðurinn felldur, þá að sjálfsögðu er b-liðurinn tekinn aftur.

2. brtt. er við 4. gr., að við 2. mgr. 4. gr. bætist: „eða fá jörðina keypta samkv. fyrirmælum 3. gr. þessara laga, ef söluverðið yrði

með því lægra en kauptilboðið, enda uppfylli kaupandi skilyrði þau, sem 3. gr. setur hér um.“ Þessu er nauðsynlegt að bæta við, ef a-liður 1. brtt. verður samþykktur. Verði hann hins vegar felldur, er einnig 2. tölul. tekinn til baka, vegna þess að það er samhengi á milli þessara brtt. og seinni liðurinn afleiðing af samþykkt hinnar fyrri. En seinni till. er sett inn vegna þess, að það gæti svo farið, að kauptilboðið, sem hreppsnefnd og landnám hefði hafnað, væri hærra en þrefalt fasteignamat og þess vegna nauðsynlegt að hafa þessi ákvæði hér með, ef 1. brtt. verður samþ.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri, en það, sem vakir fyrir mér, er að gera ítrekaða tilraun til þess, að það sé hægt að laga þetta ófremdarástand í ýmsum hreppum landsins, einkum og sér í lagi þar, sem um hlunnindajarðir er að ræða, því að ég tel það alveg óverjandi, að slíkar jarðir séu látnar vera í eyði árum og áratugum saman, eins og reynslan hefur sýnt, vitandi, að á þessum jörðum eru framúrskarandi góð afkomuskilyrði, ef þær væru leigðar með nokkuð sanngjörnu verði. Þess vegna vænti ég þess, að þessar brtt. verði samþykktar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 291,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 316,1 felld með 24:1 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 316,2 tekin aftur.
4.—8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
11.—17. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 291,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
19.—34. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
37.—39. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
40.—43. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
45.—53. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
54.—56. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 58. og 59. fundi í Nd., 9. og 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 62. fundi í Nd., 13. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 349).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 58. fundi í Ed., 14. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 60. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 349, n. 529).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bjartmar Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér liggur fyrir til ábúðarlaga, er allmikill lagabálkur, og verður að sjálfsögðu ekki hér farið nákvæmlega út í einstakar greinar hans. En forsaga þessa frv. er sú, að á Alþingi 1958 kom fram þáltill. í Sþ. um að endurskoða gildandi lög um ábúð leigujarða. Flm. þeirrar till. voru Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason og Halldór E. Sigurðsson. Allshn. Sþ. samþ. að mæla með þessari till., eftir að hún hafði sent hana til umsagnar nokkrum stofnunum, sem helzt snerta landbúnaðinn. Á Alþ. var svo kosin þriggja manna nefnd til þess að framkvæma þessa endurskoðun, og skipuðu þá nefnd Jón Sigurðsson á Reynistað, Ágúst Þorvaldsson alþingismaður og Pálmi Einarsson landnámsstjóri. Nefnd þessi mun hafa lagt mikla vinnu í starf sitt og m. a. kynnt sér löggjöf um þetta efni í nágrannalöndunum og Norðurlöndum einkum — og annað það, er þetta varðar, svo sem skipulag jarðeignamála yfirleitt í þessum löndum.

Hér á landi eru í gildi lög um ábúð frá 1884, frá 1933 og frá 1951, ekki samhljóða nema í sumum greinum, enn fremur lög um ættaróðal og erfðaábúð frá 1943 og lög um landnám og nýbyggðir frá 1952. Allir þessir lagabálkar koma mikið og sumir mjög mikið inn á réttindi og skyldur landeigenda annars vegar gagnvart leigujörðum og einnig réttindi og skyldur leiguliða. Það er að sjálfsögðu margs að gæta, svo að ekki reki sig þar eitt á annars horn, þar sem þrír lagabálkar eru í gildi um þessi efni og gilda raunar dálítið misjafnt, vegna þess að eftir eldri lögum sumum hafa byggingarbréf verið gerð og þau hafa verið látin gilda, þar til ábúendaskipti verða á jörðum.

Á síðasta þingi var þetta frv. lagt fram í Nd., og fékk það þar afgreiðslu í n. og alla venjulega meðferð. Í Ed. varð það ekki útrætt þá. Nú í vetur hefur frv. enn gengið í gegnum Nd. og verið athugað þar í nefnd og tekið þar lítils háttar breytingum frá því í fyrra. Við hv. 5. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, höfum farið í gegnum þennan lagabálk allan og borið saman við gildandi lagaákvæði, að því er við álítum nokkuð tæmandi, grein fyrir grein, og álítum, að þetta frv. sé af nefndarinnar hálfu, sem samdi það og ég gat um áðan, gert af vandvirkni. Breytingar eru ekki miklar frá því, sem gilt hefur í þessu efni hin síðustu ár, en mörg ákvæði gerð skýrari en þau voru, og er það til bóta.

Að sjálfsögðu eru þó nokkur nýmæli í lagabálki þessum fram komin vegna breytinga, er ætíð verða með nýjum tímum, einkum má benda á 1. gr. frv. um, hvað teljist lögbýli, einnig um búrekstraraðstöðu, eyðibýli, nýbýli, garð-

yrkjubýli og smábýli. Ákvæði um þetta í löggjöfinni eru tiltölulega ný.

Í 10. gr. er nýmæli um það, hvernig reikna skuli jarðarafgjöld, og er þar um allmikla breytingu að ræða frá því, sem áður hefur gilt. Áður fyrr voru þau reiknuð eftir kúgildum, en í seinni tíð hafa þau aðallega verið reiknuð eftir fasteignamati, en nú er gert ráð fyrir, að þau verði reiknuð eftir búrekstraraðstöðu á hverju býli og því, hvað býli er talið bera mikla áhöfn, en greidd annars í peningum.

12. gr. er mjög löng og ýtarleg og fjallar um húsabætur á leigujörðum og skyldur landeigenda til uppbyggingar og húsabóta og einnig að sjálfsögðu skyldur og réttindi leiguliðans. Grein þessi fjallar um mesta vandamálið, sem jafnan fylgir því að eiga jörð og búa ekki á henni sjálfur. Mörgum mun finnast, að ábúðarlögin leggi miklar skyldur á herðar landsdrottni í þessu efni, sem hann í ýmsum tilfellum geti vart undir risið. En ákvæði þessi eru raunar ekki ný, þó að þau séu nú gerð öllu skýrari en verið hefur, enda þótt sumir jarðeigendur hafi ekki fullnægt þeim hér til, og á ég þar einkum og sérstaklega við jarðeignadeild ríkisins sjálfa. Þá eru þau eigi síður nauðsynleg til að stuðla að eða tryggja ábúð á sem allra flestum jörðum í landinu, en það tel ég vera þjóðarnauðsyn.

Ég tel, að lagabálkur þessi sé til umbóta frá eldri ákvæðum, sem eru fremur ónákvæm sum og auk þess ósamhljóða í ýmsum greinum, og leyfi ég mér því hér með að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
4.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
11.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
19.—34. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
35.—36. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
37.—39. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
40.—43. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
45.—53. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
54.—56. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 556).

---

63. Lögskráning sjómanna.

Á 34. fundi í Sþ., 25. jan., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um lögskráningu sjómanna** [161. mál] (þmfrv., A. 280).

Á 48. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., um lögskráningu sjómanna, hefur sjútvn. hv. d. leyft sér að flytja á þskj. 280. Frv. er flutt eftir beiðni hæstv. sjútvmrh., en undirbúning þess og aðdraganda má rekja til þess, er fram kemur í grg. með frv., að hæstv. ráðh. hafði þann 15. jan. 1960 skipað 5 manna nefnd til þess að endurskoða gildandi lög og reglur varðandi lögskráningu sjómanna. Í n. voru skipaðir Brynjólfur Ingólfsson deildarstjóri í samg.- og iðnmrn., Baldur Guðmundsson útgerðarmaður, eftir tilnefningu L. Í. Ú., Kristófer Eggertsson skipstjóri, eftir tilnefningu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sigfús Bjarnason sjómaður, eftir tilnefningu Sjómannafélags Reykjavíkur, og Sveinn Þórðarson fulltrúi, eftir tilnefningu tollstjórans í Reykjavík. Í fjarveru og veikindaforföllum Kristófers Eggertssonar tilnefndi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands Egil Hjörvar vélstjóra til þess að starfa í nefndinni í stað Kristófers, og sótti Egill nokkra fundi nefndarinnar. Nefndin aflaði sér upplýsinga um framkvæmd lögskráningar sjómanna hér á landi og lög þau og reglur, er um þessi mál gilda í Noregi, Svíþjóð og Bretlandi. Varð fullt samkomulag í n. um frv. þetta.

Lagafrv. það, sem hér um ræðir, er í fjórum köflum. I. kafli kveður á um lögskráningarskyldu og lögskráningarstjóra. II. kafli kveður á um lögskráningu á skip, önnur en fiskiskip, en þar er gerður nokkur greinarmunur á. III. kafli er svo um lögskráningu á fiskiskip. Og sá IV. er um almenn ákvæði.

Fyrstu íslenzku lagaákvæðin um lögskráningu sjómanna eru frá 22. marz 1890. Voru það ákvæði um lögskráningarskyldu og framkvæmd lögskráningar. Þessi fyrstu íslenzku lög um lögskráningu sjómanna giltu svo óbreytt allt til 1. jan. 1931, er núgildandi lög tóku gildi, en þau eru að mestu efnislega óbreytt frá því, sem áður var. Við samningu þessa frv. telja nm., að sé megintilgangurinn að setja gleggri ákvæði en nú eru um ýmis atriði og í því sambandi beri að leggja höfuðáherzlu á eftirtalin atriði, en þar segir í grg. með frv., með leyfi forseta:

„1) Lögskráning á að tryggja, að áhöfn skips sé lögleg, að ekki séu aðrir í skiprúmi á skipi en þeir, sem mega það lögum samkv. og hafa fært sönnur á fyrir lögskráningarstjóra, að þeir hafi lagalegan rétt til þess að gegna þeim störfum á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.

2) Með lögskráningu er tryggt, að upplýsingar séu til um það, hverjir eru í skiprúmi á hverjum tíma.

3) Að gerðir séu glöggir samningar um kaup og kjör lögskráðra sjómanna með því að vitna í heildarsamninga, eða séu slíkir samningar

ekki til, þá með því að skrá sérstaklega, hvaða kjör samið er um.

4) Með lögskráningu er skráður siglingatími sjómanna."

Telja verður, að þessi fjögur atriði feli í sér megintilgang lögskráningar sjómanna, og er frv. samið með hliðsjón af því. Er því lögð áherzla á það í frv. að fella lögskráninguna í það form, að unnt sé í framkvæmd að tryggja sem bezt, að náð sé þessum megintilgangi laganna.

Svo sem ég áður hef sagt, er frv. þetta flutt af sjútvn. eftir beiðni hæstv. sjútvmrh. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv., og hafa að öðru leyti óbundnar hendur um afstöðu til þess. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. Þá tel ég ástæðulaust að vísa því til nefndar, þar sem sjútvn. hefur tekið að sér að flytja frv. og mun að sjálfsögðu taka það til nánari athugunar, á meðan hv. d. hefur málið til meðferðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
6.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
15.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
20.—27. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er hingað komið frá hv. Ed., þar sem það hefur verið afgreitt, að ég ætla alveg samhljóða og ágreiningslaust, en frv. var þar flutt eftir minni beiðni af hv. sjútvn.

Ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt, eða aðdragandinn að flutningi þess er sá, að nokkru fyrir nýárið 1960 var ráðuneytinu bent á, að nokkrir erfiðleikar væru á lögskráningu sjómanna, þannig að talsverð brögð mundu að því vera, að menn réðust til skips og færu til skips án þess að vera skráðir á eðlilegan hátt, og var talið, að erfitt væri að ráða á því viðunandi bót, nema því aðeins að lögunum um lögskráningu sjómanna væri breytt verulega. Það varð þess vegna til þess, að hinn 15. jan. 1960, — þetta var fyrir áramótin 1960, sem þessi ábending kom fram frá tollstjóranum eða þeim, sem annast skráninguna, — var svo skipuð n. til þess að endurskoða lögin, og voru skipaðir í n. fulltrúar frá flestum þeim aðilum eða öllum, sem nokkurra hagsmuna hafa þarna að gæta. Þar var fulltrúi frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna Baldur Guðmundsson, frá Farmanna- og fiskimannasambandinu Kristófer Eggertsson, frá Sjómannafélagi Reykjavíkur Sigfús Bjarnason og fulltrúi tollstjóra, Sveinn Þórðarson, ásamt með deildarstjóra í samgmrn., Brynjólfi Ingólfssyni. Þessi nefnd skilaði áliti nú tiltölulega nýlega, og er þetta frv., sem hér liggur fyrir, árangurinn af starfi hennar.

Fyrstu lagaákvæði um lögskráningu sjómanna munu vera þau, sem er að finna í lögskráningarbálki farmannalaga frá 1890 og giltu mikið til óbreytt fram til janúar 1930, en þá var á Alþ. lagt fram nýtt frv. um þetta efni, sem varð að lögum á því þingi. En eins og gefur að skilja, breytist margt á skemmri tíma en 30 árum rúmum, og hefur þess vegna þótt nauðsynlegt að endurskoða lögin og semja þau upp að nýju. Höfuðsjónarmiðin, sem ráðið hafa um samningu þessa frv., eru eftirfarandi: 1) Að lögskráningin tryggi, að áhöfn skips sé lögleg, að ekki séu aðrir í skiprúmi á skipi en þeir, sem mega það lögum samkvæmt og hafa fært sönnur á fyrir skráningarstjóra, að svo sé og að þeir hafi lagalegan rétt til þess að gegna þeim störfum á skipinu, sem þeir eru ráðnir til. 2) Að lögskráningin tryggi, að upplýsingar séu til um það, hverjir eru í skiprúmi á hverjum tíma. 3) Að gerðir séu glöggir samningar um kaup og kjör lögskráðra sjómanna með því að vitna í heildarsamninga, eða séu slíkir samningar ekki til, þá með því að skrá sérstaklega, um hvaða kjör sé samið. 4) Að með lögskráningunni er skráður siglingatími sjómanns. — Annars eru upp í þessi nýju lög tekin ýmis atriði úr þeim gömlu og nýjum bætt við, eftir því sem ástæða hefur þótt til. Frv. fylgir mjög ýtarleg grg. og skýring á hverri grein laganna, sem ég tel óþarft að rekja, en vildi leyfa mér að leggja til, að frv. væri að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 280, n. 584).

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur samþ. að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt, en einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni frv. eða ræða um einstök atriði þess, því að grg., sem frv. fylgir, er mjög ýtarleg af hálfu n., er það samdi. En ég vil geta um eitt atriði, sem menn voru ekki að öllu leyti sammála um í sjútvn.,

þó að menn gerðu það ekki að ágreiningsatriði. Samkv. frv. skulu ekki gilda sömu reglur um lögskráningu á flutningaskip og lögskráningu á fiskiskip. Það eru ekki gerðar eins strangar kröfur til mætingar hjá skráningarstjóra, þegar um skráningu á fiskiskip er að ræða, og sú skoðun kom fram í n., að það þyrfti einnig að falla frá mætingarskyldu að einhverju leyti varðandi flutningaskip. En n. sá þó ekki ástæðu til að taka upp brtt. um þetta atriði, og eins og fyrr segir, mælir hún með samþykkt frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
6.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
15.—19. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
20.—27. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 650).

---

64. Afhending Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Á 54. fundi í Ed., 7. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti [182. mál] (þmfrv., A. 345).

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta litla frv., sem ég flyt ásamt þrem öðrum hv. þdm., er flutt eftir beiðni sýslumanns Þingeyjarsýslu í samræmi við nokkurra ára gamla samþykkt sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu. Efni málsins er það, að sýslunefndin hefur áhuga á því að friða Þingey í Skjálfandafljóti og gera hana að eins konar héraðsgarði, sem þeir svo kalla. Þarna var þingstaður héraðsins að fornu, og hvílir því nokkur sögu-helgi á staðnum. Áður fyrr lá eyjan að ¾ hlutum undir Helgastaði, sem var prestssetursjörð. Þegar sú jörð var seld, var eyjan undanskilin og er því ríkiseign. Eyjan hefur síðan verið leigð sem beitiland Einarsstaðarbændum fyrir mjög lágt gjald, nánast málamyndagjald. Þórir Baldvinsson arkitekt lýsir eyjunni þannig í Árbók Þingeyinga 1959, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingey mun vera sem næst miðdepill Suður-Þingeyjarsýslu. Eyjan er svo einkennilega sett, að landfræðilega tilheyrir hún raunverulega engri sveit. Þetta skipar henni skemmtilegan sess utan og ofan við alla hreppapólitík. Náttúrufegurð er þarna mikil, hugþekkur lynggróður eyjarinnar á hæfilegum misfellum uppgróins hrauns, fallvötn í gljúfrum, stórvaxnir skógar í fjallshlíð á báða vegu. Norður af hamrastalli eyjarinnar steypist Ullarfoss niður í Skipapoll. Í suðri sést til blárra heiða Bárðardals, í norðri liðast Skjálfandafljót milli víðivaxinna bakka, en fjærst rís úfin rönd Aðaldalshrauns yfir sléttuna. Hér er hinn forni þingstaður héraðsins, hér voru vorþing háð á söguöld, og hér er Þingvöllur með nokkrum ummerkjum um búðartóftir frá þeirri tíð. Á miðjum Þingvelli er Þinghóll. Hann er um 10 m hærri en umhverfið og hæsti blettur eyjarinnar. Um Þingvöll má sjá leifar af fornum garði furðulega breiðum. Þar eru einnig á vellinum leifar af gömlum bæ eða eyðibýli. Hér eru því merkar sögulegar minjar, sem þarf að varðveita. Þingey er stór eyja. Láta mun nærri, að hún sé hálfur sjötti km á lengd og hálfur annar, þar sem hún er breiðust. Þingvöllur liggur á austurbakka eyjarinnar, um 2 km frá norðurenda hennar. Eyjan er mjög þurrlend, þar er gott beitiland, sérstaklega á vetrum og snemma á vorin, því að snjólétt er þar með afbrigðum. Þó hefur Þingey í þeim efnum ekki sömu þýðingu og hún hafði áður."

Þetta var úr lýsingu Þóris Baldvinssonar á Þingey í Árbók Þingeyinga.

Í bréfi sýslumannsins í Þingeyjarsýslu til mín segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Á aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu 1957 samþykkti nefndin einróma að reyna að ná eignarhaldi á Þingey allri. Dómsmrn. hafði á þessum tíma umsjón með ríkisjörðum. Skrifaði ég því ráðuneytinu 17. maí 1957 og tilkynnti því ályktun sýslunefndarinnar og bað ráðuneytið að tilkynna hana ríkisstj. og leita hennar undirtekta. Ekkert svar hefur borizt frá ráðuneytinu. Hins vegar átti ég tal um málið við þáv. forsrh., sem tók vel í málið að því leyti, sem það snerti eignarhluta ríkisins." Og síðar segir í bréfinu: „Sýslunefndin hefur í hug að friða eyjuna, sem nú er notuð til beitar. Fé er flutt út í hana á hverju vori, og er hún aðallega notuð til vorbeitar, en það er mjög hættulegt gróðrinum, enda er allmikill hluti eyjarinnar þegar uppblásinn sunnan til, en þingstaðurinn og þar með allur nyrðri hluti eyjarinnar er vel gróinn hinum upphaflega gróðri, sem sýslunefndin vill vernda. Jafnframt friðun eyjarinnar hafði ég hugsað mér, að stefnt yrði að því, að þar yrðu haldnar árlegar héraðssamkomur fyrir allt Þingeyjarþing."

Þetta var úr bréfi sýslumanns. **(Gripið fram í:** Frá hvaða tíma er bréfið?) Það er dagsett 21. jan. 1961.

Efni frv. er það, að ríkisstj. verði heimilað að selja Suður-Þingeyjarsýslu eignarhluta ríkisins í Þingey, þ. e. ¾ hluta eyjarinnar. Salan fari fram með því skilyrði, að eyjan verði friðuð fyrir búfjárágangi. Söluverðið verði ákveðið með mati dómkvaddra manna og tillit tekið til

þess við ákvörðun verðsins, að salan er bundin friðunarskilyrði.

Hluta ríkisins er ekki skipt út, og er eyjan því óskipt sameign ríkisins og tveggja einstaklinga, að ég ætla. Hins vegar hyggst sýslunefnd reyna að ná eignarhaldi að þeim ¼ eyjarinnar, sem er í einkaeign, með frjálsum samningum. Rétt er að geta þess, að veiðiréttur í Skjálfandafljóti mun fylgja eynni. Ekki veit ég, hvers virði hann kann að vera, en leigan, sem greidd er fyrir afnot eyjarinnar af hluta ríkisins, þar með afnot af veiðiréttinum, bendir ekki til, að hann sé mikils virði. Ég hef spurt Sveinbjörn Dagfinnsson deildarstjóra í stjórnarráðinu um þetta, og hann minnti, að leigan á ári væri 100—200 kr. Fyrir sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu skiptir það líklega engu máli, hvort veiðin fylgir með í sölunni eða ekki, og ég ætla, að ekki muni skylt að láta hana fylgja eyjunni samkv. lögum, þar sem eyjan er ekki lögbýli. Í frv. er ekki minnzt á veiðiréttinn. Ætlast ég til þess, að það verði samningsmál milli ríkisstj. og sýslunefndar, hvort veiðirétturinn fylgir með eða ekki. Ég ætla þó, að heimild til þess muni felast í frv.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa till., sem hér er komin fram í frumvarpsformi, og þó sérstaklega ef á frv. fengjust breytingar, sem ég tel æskilegar. Ég færðist undan að flytja þetta mál á því Alþingi, sem nú situr, og hafnaði því einnig að vera meðflm. að frv. Þetta stafar af því, að ég taldi heppilegra, að undirbúningur heima fyrir væri lengra á veg kominn, þegar farið væri með málið fyrir Alþingi, t. d. að það væri búið að leggja frumdrög að samningum við bændur þeirra tveggja jarða, sem ¼ eyjarinnar tilheyrir, og er land hennar, eins og kom fram hjá frsm., óskipt milli eigenda sem sameign þeirra, og einnig, — það var nú stærra atriði kannske, — að búið væri að gera áætlun um, hvað gera skuli fyrir eyna sem héraðsgarð. Að gera Þingey að héraðsgarði getur verið töluvert fyrirtæki. Eyjan er ekki svo upplögð fyrir héraðsgarð sem ætla mætti. Eyjan er þannig sett, að þangað koma nú orðið fáir nema næstu nágrannar. Ég get t. d. ekki sagt, að ég hafi stigið fæti á eyna fyrr en í haust sem leið, að ég gerði mér ferð þangað til þess að kynnast henni og skoða hana með tilliti til þessarar hugmyndar, sem uppi er. Mér varð það augljóst, að til þess að gera eyna t. d. að samkomustað fyrir héraðið þyrfti að leggja þangað alllangan veg og byggja brú yfir fljótið eða kvísl af því. Eyjan er líka mjög ógreið yfirferðar, og þyrfti þess vegna að hafa töluvert fyrir að gera þar æskilegan samkomustað. Minjar um þinghaldið eru ekki augljósar, einkum af því að á 18. öld var komið þar upp bóndabýli, sem fór í eyði aftur um aldamótin að vísu, en tættur frá því býli blandast saman við minjarnar um þinghaldið, svo að það er ekki þægilegt, a. m. k. fyrir leikmann, að lesa það í sundur. Eftir að hafa komið í eyna, fannst mér sjálfsagt að biðja þjóðminjavörð að rannsaka þessa hluti, og ég átti tal við hann um það, eftir að ég kom hér suður, og tók hann því mjög vel að koma norður næsta sumar til skrafs og ráðagerða. Þetta er sá undirbúningur, sem mér fannst fyrst og fremst, að hafa þyrfti, áður en málið væri lagt fyrir Alþ.

Nú má að vísu segja, að þó að Alþingi hafi gefið ríkisstj. heimild til að selja eyna, þá sé vitanlega hægt að gera þetta, sem gera þarf, áður en ákvarðanir eru teknar um föst kaup eyjarinnar. En ég hafði hugsað mér, að þegar málið kæmi fyrir Alþingi, væri mjög eðlilegt, — ef þarna væri ráðizt í fyrirtæki, sem nokkuð kostaði, eins og mér sýnist í raun og veru einboðið að hlyti að verða, og væri nokkurs virði fyrir héraðið og einnig frá sjónarmiði þjóðfélagsins til þess að vernda sögulegar minjar og halda í heiðri gamalli helgi, — þá mætti vel fara fram á það og væri eðlilegt að fara fram á það, að Alþingi heimilaði ríkisstj. að láta sinn hluta af eyjunni af hendi við sýslufélagið til eignar og umráða endurgjaldslaust. Og því er það, að ég vildi óska þess, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, taki það til athugunar, hvort ekki væri viðeigandi að breyta frv. á þá leið, að Alþ. heimili ríkisstj. að láta eyjuna til eignar og umráða fyrir Þingeyjarsýslu án endurgjalds, en með einhverjum tilteknum skilyrðum. Ég óska þess, að n. taki það til athugunar, þó að grundvöllurinn fyrir því, að hér fáist slík heimild, sé ekki eins góður og hefði getað verið, ef málið hefði verið meira undirbúið heima og ákvarðanir hefðu verið teknar um meðferð þessarar eyjar meira en gert hefur verið. Það er ágætt náttúrlega, að hún sé friðuð — það er það eina, sem fram kemur hér — fyrir beit. En í raun og veru hefur hún ekki mikið verið beitt síðustu ár, og síðasta sumar var ekkert fé sett í eyna. En aftur á móti hafði annar sá bóndi, sem hlut á að máli, og sá, sem hefur eyjuna á leigu, látið sá í uppblástur eyjarinnar og einnig kostað einhverju til áburðar í því sambandi, og mátti sjá þess vott s. l. haust. Þetta um beitina vil ég taka fram út af því, sem kom fram í ræðu hv. frsm.

Eins og ég þykist hafa gert grein fyrir, þá er ég málinu fylgjandi, en vildi sérstaklega óska, að n. tæki til athugunar, hvort hún sæi sér ekki fært að gera till. um það, að sýslan fái þessa ríkiseign ókeypis með þeim skilyrðum, að hún vinni að því, að þær minjar, sem þarna eru, verði verndaðar og helgi þeirra við haldið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 345, n. 515, 402).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. það, sem

hér liggur fyrir um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti. En í þessu frv. segir, að ríkisstj. skuli heimilt að selja Suður-Þingeyjarsýslu eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfandafljóti, sem er ¾ hlutar eyjarinnar, fari salan fram með því skilyrði, að eyjan verði friðuð fyrir ágangi búfjár. Enn fremur segir, að söluverðið skuli ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við það mat tekið tillit til þess skilyrðis, sem sett er um söluna. Frv. þetta mun vera flutt að beiðni sýslumanns og sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, en sýslunefndin hefur samþ. að reyna að ná eignarhaldi á eyjunni með það fyrir augum að friða hana og gera hana að eins konar héraðsgarði og vernda hinar sögulegu minjar, sem við hana eru tengdar. Hefur allshn. fallizt á þessi sjónarmið og mælir því með, að frv. verði samþ. Fyrir nefndinni lá einnig brtt. frá hv. 1. þm. Norðurl. e., brtt. á þskj. 402. Einstakir nm. áskildu sér rétt til þess að fylgja þessari brtt., enda má segja, að hvort sem frv. yrði samþ. óbreytt eða með þessum breytingum, sem þarna eru lagðar til, þá sé í báðum tilfellum sá höfuðtilgangur tryggður, að eyjan komist í eigu sýslunnar og að hún verði þá gerð þar að eins konar héraðsgarði og hinar sögulegu minjar þar verndaðar.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls, þá gat ég þess, að ég teldi að ef Suður-Þingeyjarsýsla tæki Þingey til friðunar og verndunar, ætti sýslan að fá eyna ókeypis, miðað við það, að hún yrði héraðsgarður og að þær minjar, sem þar eru og eru nú ekki fullrannsakaðar, um þinghald að fornu, sem þar átti sér stað, yrðu friðaðar og þeim yrði haldið við og þær yrðu þá um leið gerðar þannig og þannig væri um þær gengið og þannig að þeim hlúð, að það lægi ljóst fyrir, hvers konar minjar þar eru. Ég óskaði eftir því, að hv. allshn. tæki það til athugunar, hvort hún gæti ekki mælt með því, að héraðið fengi þessa eyju ókeypis, en yrði þá bundið við það að framkvæma þá hugmynd, sem nú er uppi þar norður frá og liggur á bak við flutning frv. Ég gat þess, að aðstaðan þarna er þannig, að það mun verða talsvert kostnaðarsamt að gera þarna héraðsgarð, gera þangað veg, brúa og lagfæra land eyjarinnar, þannig að það geti orðið skemmtilegur staður. Ég vil minna á það, að ef þarna kæmi upp héraðsgarður, þá væri ekki ólíklegt, að margir kynnu að leggja þangað leið sína til að sjá þessar minjar, margir aðrir en héraðsbúar, og þess vegna má telja, að það sé í raun og veru verið að vinna þarna verk og kosta þarna til hluta, sem ríkið mætti vera þátttakandi í. Og í brtt. minum er farið fram á það, að ríkið selji ekki þessa eyju, heldur láti hana ókeypis af hendi, en að eyjan að sjálfsögðu félli aftur til ríkisins, ef eitthvað kæmi fyrir, þannig að héraðið framkvæmdi ekki þá hugmynd, sem nú er þar uppi, því að það er svo sem engin ástæða fyrir héraðið að gerast eigandi að þessum bletti nema til þess að gera það fyrir hann, sem nú þegar hefur verið rætt, þó að enn hafi ekki verið gerð um það nein formleg áætlun. Ég tel líka, að rétt sé að taka fram, þegar ríkið annaðhvort selur eða lætur ókeypis þetta land sitt, að fornminjavörður, sem er þjónustumaður ríkisins einmitt um þessi og sambærileg efni, sé með í ráðum um það, hvernig farið verði með þetta land.

Ég tel ekki farið fram á mikið, miðað við það, sem á að gera, þó að ég leggi það til, að landið verði látið ókeypis. Ríkið hefur ekki mikið upp úr þessari eyju. Það hefur fengið fyrir hana fáeinar krónur í leigu, og það er ekki útlit fyrir, að þetta sé mikið verðmæti, sem þarna er af hendi látið. Hins vegar munar það héraðsbúana miklu meira að fá landið ókeypis heldur en ríkið að láta það af hendi, þar sem héraðið hyggst að ráðast í ærið mikinn tilkostnað vegna þessarar eignar, og þar er ekki heldur um sérstaklega mikið fjölmenni að ræða, sem Suður-Þingeyjarsýsla er. Ég vænti þess þess vegna, að hv. þm. Ed. geti fallizt á það að samþ. brtt. mína, og vona, að flutningsmenn frv. hafi ekkert við það að athuga. Mér heyrðist á hv. frsm., að hann væri brtt. fremur velviljaður.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun láta það afskiptalaust, hvort einn eða annar greiðir þessari brtt. atkv. eða ekki, en ég tel rétt, að ég, sem er þessum málum kunnugur, gefi ofur litla skýringu á því, hvers vegna þetta frv. er fram komið.

Það var á sýslufundi 1957, að sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, sem þá var nýkominn þar að embætti, hreyfði því, hvort það væri ekki viðeigandi, að sýslan næði eignarhaldi á Þingey, sem er dálítið sögukunnur staður og öll sýslan — Þingeyjarsýsla — ber nafn af. Þessi hugmynd fékk þá strax góðar undirtektir á fundinum, og var rætt um það, þó að óljóst væri þá og nokkuð í þoku, að þarna gæti máske komið einhvers konar héraðsgarður, skógrækt eða eitthvað slíkt, og þó vakti það sérstaklega fyrir sýslunefndarmönnum að varðveita þarna þær fornminjar, sem enn sjást eftir þinghald á Þingey. Og á þessum fundi var sýslumanninum falið að leita þess að fá eignarhald á eyjunni gegnum löggjöf, og komu bæði fram raddir um það á fundinum, að eðlilegt væri, að sýslan fengi að kaupa eyjuna, einnig það, að vel gæti komið til mála, að ríkið afhenti hana endurgjaldslaust. Ég hygg, að sýslumaðurinn hafi þá þegar leitað þess við þáverandi þm. S-Þ., að hann flytti frv. um þetta á Alþingi, hvað ekki varð, og ég hygg, að hann hafi leitað þess tvisvar, ef ekki þrisvar, að þessi hv. þm. flytti um þetta frv. Nú í haust mun honum hafa verið farið að leiðast það að leita til þessa þm. án árangurs og leitaði því til annarra þm. um þetta, eins og fram hefur komið hér á því þskj., sem þetta frv. er flutt á. Og ég hygg, að þegar hv. þm. S-Þ. á sínum tíma var falið að flytja þetta mál, þá hafi honum algerlega verið í sjálfsvald sett um það, hvort hann flytti þetta sem frv. um sölu eða um afhendingu endurgjaldslaust. Og enn var þessum hv. þm. boðin þátttaka í flutningi á þessu frv. nú á þessu þingi, en hann vildi ekki vera þar með. Þess vegna hefði mér fundizt það vera eðlilegra, að hann hefði komið

þeim ákvæðum inn í frv., — ég hygg, að honum hefði verið það í lófa lagið í upphafi, — að ríkið afhenti þessa eign endurgjaldslaust, en ekki með sölu. Hins vegar vil ég segja það, að ég tel það í raun og veru engu máli skipta, hvort þar er um sölu eða gjöf að ræða, því að þarna er um svo litla fjárhæð að gera. Þessi eyja er virt á 1400 kr. að fasteignamati, og í lögum frá 1946, um sölu þjóðjarða, er gert ráð fyrir því, að þær séu seldar yfirleitt með fasteignamati. Og nú gerir þetta frv. ráð fyrir því, að tillit sé tekið til við mat á eigninni, hvað hugmynd sýslunnar er að gera með hana, svo að mér þykir ekki líklegt, að mat á henni fari fram yfir 1400 kr. Þess vegna tel ég það í sjálfu sér algert aukaatriði, hvort eyjan er gefin eða seld svona lágu verði. Hitt er svo aftur annað mál, að ég hef heyrt það á ýmsum hv. alþm., að þeim finnist munu vera skapað fordæmi, ef þarna sé farið inn á þá braut, að ríkið gefi fasteignir, en selji ekki. Það er aðeins þess vegna, sem sumir af þeim eru frekar á móti því að mæla með þessari brtt.

Ég þykist þá hafa gert nokkra skýringu á því, hvernig þetta frv. er fram komið og aðdraganda þess, og mun að sjálfsögðu, eins og ég hef þegar sagt, telja það hreint aukaatriði, hvort hér er um sölu eða afhendingu án endurgjalds að ræða.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 10. landsk. þm. gaf hér það, sem hann kallaði skýrslu um þetta mál, og vildi þá stíla hana á þá leið að gera mig að einhverju leyti tortryggilegan með afstöðu mína í málinu. Mér finnst það dálítið skrýtið og í raun og veru undarlegt, að hann skuli vera svo ókunnugur þessu máli sem hann virðist vera.

Ég gat þess, þegar ég talaði hér við 1. umr. málsins, að ég hefði stofnað til þess í haust, að sýslumaðurinn færi með mér í Þingey til þess að athuga hana, enn fremur hefði ég þá fengið tvo þá bændur, sem eiga part af eynni, til þess að fara þangað líka. Með því að gera þetta vildi ég bæði kynnast eynni sjálfur og að sýslumaðurinn gæti líka kynnzt henni, því að hann hafði aldrei þangað komið fyrr. Í öðru lagi vakti það fyrir mér að eyða ágreiningi heima fyrir, sem hafði komið upp í þessu máli og var sprottinn af því, að upphaflega, þegar sýslufundur samþykkti, eins og hv. 10. landsk. gat um, á fyrsta ári núv. sýslumanns okkar Suður-Þingeyinga að óska eftir að eignast eyna, þá var líka tekið fram að óska þess, að ríkið tæki eyna eignarnámi handa sýslunni, að því leyti sem hún er í eigu bændanna, sem hafa haft þar not um langan aldur. Og það var fyrsta stigið í þessu máli að grennslast eftir því hjá þáv. ríkisstj., og það gerði ég, hvort hún teldi, að málið horfði þannig við, að eðlilegt væri, að ríkið tæki eignarnámi fjórða hluta eyjarinnar handa héraðinu.

Ég fékk þau svör, að þeir, sem þá fóru með þessi mál, teldu, að þannig yrði málið varla rekið. Hitt væri það, að héraðið gæti kannske fengið eignarnámsheimild með lögum, ef það væri í samræmi við stjórnarskrárákvæði, sem um það gilda, að megi taka eignarnámi, ef almenningsheill krefur. Nú grennslaðist ég eftir því hjá lögfræðingum, hvort þeir mundu telja, að ef ætti að gera Þingey að þjóðgarði, þá krefðist þess almenningsheill, þannig að hægt væri að ætlast til þess, að eignarnámsheimild fengist til þess að taka hana til þeirra nota af bændum. Og mér skildist á lögfræðingunum, að þeir teldu þetta mjög vafasamt. Þá fór ég að reyna að beita mér fyrir því, að samkomulag gæti náðst við bændurna, þ. e. milli bændanna og sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, sem ég hef nú yfirleitt mjög gott samstarf við. Hef ég unnið að því, að samkomulag næðist, og m. a. var ferðin í haust farin til þess að fá viðræður um þetta við bændurna, viðræður á milli sýslumannsins og þeirra, og mér fannst málinu þoka mikið fram þá til sátta. Um það getur verið að ræða, að þeir selji eða láti á einhvern hátt af hendi þann fjórðung eyjarinnar, sem þeir eiga. Enn fremur gæti verið um það að ræða, að eynni yrði skipt, því að sem héraðsgarður þarf hún ekki að vera öll, hún er það stór. En þá er það til óþæginda, að eyjan er ekki hlutuð sundur. Hún er sameign ríkisins og þessara bænda, og það liggur ekki ljóst fyrir, hvernig ætti að skipta, því að gróðurfarið í eynni er ákaflega misjafnt. Eðlilegt væri, að bændurnir fengju sneið af eynni undan löndum sínum, en þannig er gróðurfarið þar, að þeir munu telja, að þeim sé minna virði að fá slíka sneið en einhver önnur skipti.

Nú vildi ég fresta þessu máli enn til þess að reyna að koma á fullum sættum í því, svo að allir aðilar gætu orðið ánægðir, og ég lagði það til, að þjóðminjavörður yrði fenginn til að koma norður næsta sumar til þess að líta á eyna og ræða þessi spursmál með okkur, og ég talaði um þetta við þjóðminjavörðinn, þegar ég kom hingað suður til þings, og hann tók því vel að koma norður næsta sumar, en sjálfsagt er að koma þangað að sumri til þess að geta gert sér grein fyrir gróðurfarinu sem bezt. Enn fremur taldi ég, að hann ætti sérstakt erindi, eins og ég gat um við 1. umr., til að lesa úr því, hvað væru minjar eftir þinghaldið og hvað væru leifar af gömlum bæ og húsum hans, bæði bæjarhúsum og peningshúsum, sem var um skeið þarna á eynni byggður ofan í þingstaðinn. Það er ekki nema fyrir fræðimenn að lesa það sundur.

Af þessum ástæðum hef ég dregið að beita mér fyrir málinu með flutningi frv. Hitt skal ég upplýsa, að Jóhann Skaftason sýslumaður skrifaði mér, um leið og hann skrifaði hv. forseta Sþ., 5. landsk. þm. (FS), og bað hann fyrir málið, og spurði mig að því, hvort mér þætti það nokkuð verra, þó að hann bæði hann þá að sýna málið nú í Alþingi. Ef mér þætti það að einhverju leyti móðgun við mig, þá vildi hann láta það falla niður. Vitanlega taldi ég það enga móðgun við mig, en ég hafði hugsað mér, að næsta sumar yrði þrætum lokið um þessa eign, sáttum komið á milli bændanna og sýslunnar og áætlun gerð um þessa framkvæmd, svo að fyrir næsta Alþingi gæti málið legið miklu hreinna en það liggur nú.

En þegar frv. kom fram, var fram komið hvort sem var, þá sýndist mér einboðið að leggja fram brtt. um það, að sýslan fengi landið til umráða og eignar ókeypis með þeim skilyrðum, sem fram eru tekin í brtt. minum. Ég get ekki séð, að það gæti skapað nokkurt fordæmi, þó að ríkið afhenti þessa eign á þann hátt, því að það munu ekki vera margir staðir, sem geyma þannig sögulegar minjar frá þjóðveldistímanum, að það sé hætta á því, að margir gangi fram og telji sig hafa rétt í skjóli þess, ef Alþingi samþykkir nú að láta Þingeyinga hafa þann hluta Þingeyjar, sem ríkið á, án þess að þeir greiði fyrir það, þegar þessi er tilgangurinn með því að biðja um landið.

Ég vænti þess, — ég tek það aftur fram, — að ég vænti þess, að hv. þm. telji sanngjarnt að samþykkja brtt. mínar, og ég skil eiginlega ekkert í því, að nokkur a. m. k., sem er kunnugur þarna heima og stendur að málum t. d. sem Þingeyingur, hafi ástæðu til að vera á móti því.

ATKVGR.
Brtt. 402,1 (ný 1. gr.) samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HermJ, KK, ÓlJ, PÞ, SE, ÁB, BjörnJ.
nei: JÁ, JÞ, KJJ, AuA, EggÞ.
FS, GTh, MJ, ÓB, BGuðm, SÓÓ greiddu ekki atkv.
2 þm. (FRV, AGl) fjarstaddir.
Brtt. 402,2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 551).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. eftir 2. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 551, n. 599).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Landbn. hefur gefið út mjög stutt nál. og leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. En ég verð að játa það, að þegar ég fór að líta yfir fyrirsögn frv., rétt áður en ég fór hingað, þá sá ég, að þar stendur: „frv. til laga um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti", en við meðferð málsins í hv. Ed. breyttist það í það horf, að nú er gert ráð fyrir að afhenda Suður-Þingeyjarsýslu ókeypis þessa eign. Ég held því, að það færi betur á því, að í fyrirsögn frv. stæði: um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti. Ég vil beina þessu til hæstv. forseta, hvort það er formlegt að koma þessu á framfæri núna eða hvort það ætti að bíða til 3. umr. Ég held, að þetta færi betur. Að öðru leyti er n. sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti (BGr): Með því að leiðrétting sú, sem frsm. gat um, felur í sér algera merkingarbreytingu á orðum, tel ég réttara, að nefndin geri brtt. um þetta formlega fyrir 3. umr., en með því fororði vildi ég mega líta svo á, að fyrirsögnin gengi óbreytt áfram til 3. umr., eins og hún kom frá Ed.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 551, 636).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 636 samþ. með 26 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og endursent Ed., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um afhendingu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 645).
Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 656).

---

65. Styrktarfélag vangefinna o. fl.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna [21. mál] (þmfrv., A. 542).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Þetta frv. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna er flutt að beiðni félagsins af heilbr.- og félmn. Verksvið það, sem Styrktarfélag vangefinna hefur kosið sér, er að styðja og efla þá starfsemi hins opinbera, sem miðar að því að bæta aðbúnað og aðhlynningu þeirra fávita, sem þurfa hælisvist, en hér á landi er talið, að slíkir menn séu um 600 talsins. Hæli eru hins vegar ekki til nema fyrir 150—160. Félagið er aðeins þriggja ára, en hefur þegar lagt verulegt fé af mörkum til að auka og bæta húsakost og rekstur fávitahælanna, sem ríkið rekur í Kópavogi og Skálatúni, og nú er félagið að byggja leikskóla hér í Reykjavík fyrir vangefin börn. Nemur kostnaður við þá framkvæmd þegar 1½ millj. kr. Almenningur hefur tekið starfsemi félagsins af velvild og skilningi, og því hafa borizt góðar gjafir og fjárframlög til starfseminnar, auk þess sem það hefur safnað fé með happdrætti. Þessa starfsemi ber að þakka, og mælir heilbr.- og félmn. eindregið með því við hv. d., að frv. nái fram að ganga.

Ég skal geta þess, að eftir að heilbr.- og félmn. bar fram þetta frv., hafa n. borizt erindi frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og frá Sjálfsbjörg — landssambandi fatlaðra, og fara þessi félagssamtök fram á, að vinningar í happdrættum, sem þau hyggjast stofna til á árinu, njóti einnig skattfrelsis. N. hefur fjallað um þessi erindi og samþykkt að bera fram brtt. við frv. við 2. umr. til þess að koma til móts við þessar óskir. Á s. l. ári nutu tvö þessara félagssamtaka, Styrktarfélag vangefinna og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, þessara hlunninda fyrir sín happdrætti.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 542, 622).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 622,1 (ný 1. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 622,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 27 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Frv. til l. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra.

Á 82. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 646).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 11 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 646, n. 662).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Frv. á þskj. 542, sem lagt var fram í Nd., um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, var með þeirri grg., að mörgum brýnum verkefnum félagsins væri enn skammt á veg komið og fjárþörf því mikil. Félagið hyggs afla fjár með happdrætti. Nm. voru samþykkir þessu og mæla með, að félagið fái þessi réttindi, því að skattfrelsið mun vera nauðsynlegt til þess að örva söluna. En við meðferð málsins í hv. Nd. hefur öðrum félögum, sem líkt stendur á um, verið bætt við.

Heilbr.- og félmn. þessarar d. var samþykk því að mæla með frv., eins og það er nú á þskj. 646. Tveir hv. þm. voru fjarstaddir afgreiðslu málsins í n. Annar þeirra, hv. 2. þm. Reykv. (AuA), hefur tjáð mér, að hún sé samþykk afgreiðslu n. Hinn hv. þm., sem fjarverandi var, var hv. 9. þm. Reykv. (AGl).

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. N. leggur til, eins og ég sagði áðan, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 669).

---

66. Heimild til að veita Guðjóni Á. Eyjólfssyni stýrimannsskírteini.

Á 54. fundi í Ed., 7. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa samgmrh. til að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum [181. mál] (þmfrv., A. 342).

Á 55. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 10. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, sem er um heimild til handa samgmrh. til að veita Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni sjóliðsforingja stýrimannsskírteini á íslenzkum skipum, er flutt af sjútvn. hv. d. eftir beiðni hæstv. samgmrh. Er hér um lagasetningu að ræða, sem er hliðstæð því, sem áður hefur átt sér stað, þegar eins hefur staðið á um menn, sem tekið hafa próf frá sjóliðsforingjaskólanum í Kaupmannahöfn, sem talið er að jafngildi fyllilega prófum við stýrimannaskóla Íslands. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma við frv., og hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess. Samkv. fskj. II með frv. þessu kemur fram, að skólastjóra stýrimannaskólans, herra Jónasi Sigurðssyni, hefur verið sent mál þetta til umsagnar, og upplýsir hann, að siglingafræðikunnátta sú, er Guðjón Ármann Eyjólfsson hefur öðlazt með fyrrnefndu sjóliðsforingjaprófi, jafnist fyllilega á við þá fræðslu í siglingafræði, sem stýrimannaskólinn í Reykjavík veitir.

Ég tel víst, að hv. alþm. líti svo á, að rétt sé að samþykkja frv., eins og á stendur. En í þessu sambandi þykir mér rétt að benda á, hvort ekki sé eðlilegast, að Alþingi gerði þá breytingu á siglingalöggjöfinni, sem heimili samgmrn. að veita slík réttindi, sem hér um ræðir, án þess að þess yrði þörf að flytja frv. til laga um hvern einstakling, svo sem verið hefur. Það ætti að vera nægjanlegt að leita umsagnar og meðmæla, t. d. skólastjóra stýrimannaskólans, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eða annarra skyldra aðila, þegar leitað er til ráðuneytisins með slík mál eins og þetta, sem hér um ræðir.

Ég mun svo ekki orðlengja frekar um málið að sinni, tel óþarft að vísa því til nefndar, eins og á stendur, en legg til, að málinu verði vísað til 2. umr. að þessari umræðu lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum barst sjútvn. beiðni frá hæstv. sjútvmrh. um að flytja það frv., sem nú er til 2. umr. Nefndin varð, eins og venjulegast er, við þessari beiðni með þeim fyrirvara, að einstakir nm. hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins, en það var jafnframt á þessum fundi ákveðið að senda málið til Farmanna- og fiskimannasambandsins til umsagnar. Þessi umsögn er ekki komin, og nm. hafa á engan hátt borið sig saman um afstöðu til þessa máls. Mér kemur því mjög á óvart, að það skuli tekið hér á dagskrá, og vil þess vegna mælast til þess, að hæstv. forseti taki það út af dagskrá og taki það ekki á dagskrá aftur, fyrr en nefndin er búin að athuga málið og fá þá umsögn, sem hún hefur beðið um.

Forseti (SÓÓ): Já, ég vil geta þess í sambandi við þetta, að auðvitað er það sjálfsagt mín vegna að fresta umræðunni, ef það er ósk n., að það verði gert.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá síðasta ræðumanni, að það er ekki komin þessi umsögn, sem um er að ræða, en mér finnst, að það mætti eigi að síður koma fram við 3. umr. málsins, ef einhver athugasemd kæmi, sem ég geri þó ekki ráð fyrir.

Ég sé ekki annað, þar sem þetta er 2. umr., sem nú fer fram um málið í þessari deild, og ef kæmu fram breytingar við frv., þá væri hægt að koma þeim á framfæri við 3. umr. Tel ég því ástæðulaust að fresta málinu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég ætla, að samkvæmt þingsköpum sé til þess ætlazt, að aðalumræða um mál fari fram við 2. umr., þá sé gerð rækileg grein fyrir hverju frv. í einstökum efnum, enda fer atkvgr. þá fram um hverja grein út af fyrir sig. Þess vegna er ætlazt til, að þá sé athugun á málinu lokið í nefnd. Ég held, að þetta fari ekki á milli mála. Þess vegna er það að fara aftan að siðunum, ef nú á að hespa mál í gegnum 2. umr., áður en nefnd hefur athugað það, áður en hún hefur fengið umbeðna umsögn og áður en nokkur veit, hver er afstaða hvers einstaks nefndarmanns til málsins. Þar að auki sé ég ekki nokkurn ávinning í þessu, því að ef allir eru sammála um málið og samhljóða verður álit n., þá gengur það væntanlega umræðulaust í gegnum 3. umr., svo að það kemur nákvæmlega sama út hvað tímann snertir við umr. hér í hv. deild. Ég vil því endurtaka ósk mína um, að málið sé tekið út af dagskrá.

Forseti (SÓÓ): Það virðist ekki vera samkomulag í n. um það, hvort umr. eigi að halda áfram eða hvort eigi að fresta henni, en mér þykir öllu eðlilegra, að umr. sé frestað núna.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Ed., 28. febr., var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 17. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., er flutt af hv. sjútvn. eftir beiðni samgmrh., en síðan það var til umr. hér seinast, hefur sjútvn. komið saman á fund og rætt málið frekar og sent það til umsagnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. N. barst umsögn Farmannasambandsins, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, — hún hljóðar svo:

„Stjórn FFSÍ hefur athugað frv. það, er hv. sjútvn. Ed. hefur sent oss til umsagnar, en það er um undanþágu til handa Guðjóni Ármanni Eyjólfssyni til að fá stýrimannsskírteini

á íslenzkum skipum. Stjórn FFSÍ hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að hún telji sér eigi fært að mæla með þessari undanþágu, og byggir skoðun sína á eftirfarandi atriðum:

Svo sem flestum er kunnugt, hefur sjóliðsforingjapróf frá Noregi og Danmörku verið áður viðurkennt jafngilt farmannaprófi frá stýrimannaskólanum í Reykjavík með sérstakri undanþágu frá Alþ., en síðan slíkar undanþágur voru síðast veittar, hafa aðstæður breytzt verulega. Frá því 1953 hefur með lögum frá Alþ. verið starfandi sérstök deild innan stýrimannaskólans fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins, þar sem starfandi stýrimenn á varðskipum hafa verið búnir undir vandasöm störf skipstjóra á slíkum skipum. Rík áherzla er lögð á íslenzk lög og réttarfar, enda mikilvægt atriði, þar sem mikið hefur reynt á þá kunnáttu skipstjórnarmanna á varðskipunum, eins og öllum er kunnugt. Vottorð það, sem fylgir frv. sjútvn., segir að vísu, að sjóliðsforingjapróf umsækjanda jafnist fyllilega á við próf frá stýrimannaskólanum hvað siglingafræði viðvíkur, en um kunnáttu í öðrum fögum er ekki sagt. Stjórn FFSÍ leyfir sér hins vegar að benda á það, að alls er prófað í 34 fögum við farmannapróf og eru aðeins 9 þeirra siglingafræði. Liggur því í raun og veru ekkert fyrir um samanburð á öðrum fögum, er snerta löggæzlu og íslenzk lög. Þá viljum vér benda á, að Alþ. hefur ekki áður talið, að sjóliðsforingjapróf frá Danmörku jafngilti skipstjóraprófi á varðskipum ríkisins, heldur aðeins stýrimannsprófi, enn fremur, að nú er starfandi á varðskipunum fjöldi stýrimanna, sem hafa rétt til þess samkvæmt íslenzkum lögum að þreyta skipstjórapróf á varðskipunum, þegar yfirvöldunum þóknast. Þykir oss því rétt, að hér eftir verði handhafar erlendra prófa í siglingafræði, sem óska þess að starfa á íslenzkum skipum, látnir þreyta tilsvarandi próf við sjómannaskólann. Mælum við af framangreindum ástæðum gegn frv.

Fyrir hönd stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Guðmundur Jensson."

Mér var falið það sérstaklega af nefndarinnar hálfu að leita frekari umsagnar frá skólastjóra stýrimannaskólans, en samkvæmt fylgiskjali II, sem var með frv., er bréf frá skólastjóranum eða fyrir hönd skólastjórans, ritað af Jónasi Sigurðssyni, og þar er, eins og fram kemur í þessu bréfi frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, upplýst, að Guðjón Ármann Eyjólfsson hafi öðlazt þekkingu eða menntun í siglingafræði, sem jafnist fyllilega á við það, sem stýrimannaskóli Íslands veitir.

Eins og fram kemur líka í umsögn Farmanna- og fiskimannasambandsins, hefur það tíðkazt að undanförnu, að þeim mönnum, sem hafa hlotið próf frá sjóliðsforingjaskólum bæði í Noregi og eins í Danmörku, hafa verið veitt með sérstökum lögum hverju sinni réttindi til að verða stýrimenn á skipum hér við land. Skólastjóri stýrimannaskólans sagði enn fremur í sambandi við þennan mann, sem kemur þó ekki fram í fylgiskjali því, sem fylgir frv., að hann hefði meiri menntun á öðrum sviðum en stýrimannaskóli Íslands réði yfir að veita honum og af þeim sökum teldi hann sjálfsagt, að hann öðlaðist þessi réttindi, svo sem jafnan hefur verið, þegar eins hefur staðið á um slíka menn áður.

Ég mun því mæla með því, að frv. verði samþ., en vil þó taka fram, að ég teldi eðlilegra, að það væri ákveðið í eitt skipti fyrir öll með löggjöf á breiðari grundvelli, hvaða próf það eru frá erlendum skólum, sem talin væru jafngilda þeim prófum eða lærdómi, sem stýrimannaskóli Íslands veitir, og að þeir menn, sem hefðu slíka eða hliðstæða menntun, gætu þá án þess að þreyta próf við stýrimannaskólann hér öðlazt slík réttindi. Það virðist í alla staði vera eðlilegra, að slík ákvæði í lögum væru fyrir hendi, heldur en samþykkja lagafrv. um hvern einstakling, þegar svo stendur á eins og hér um ræðir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. frsm. sjútvn. hefur gert grein fyrir þessu frv., og það er eðlilegt, að það orsaki nokkrar vangaveltur hjá nm. að fá svona umsögn frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, eins og hann hefur nú lesið upp. Mér virðist koma fram í þessari umsögn Farmannasambandsins, að það telji viðkomandi mann ekki hafa hliðstæða menntun þeirri, sem veitt er í stýrimannaskóla Íslands. Ég vil staðfesta það, sem hv. frsm. sagði, að þetta mun vera misskilningur hjá stjórn Farmannasambandsins. Ég hef rætt við skólastjóra stýrimannaskólans og auk þess forstjóra landhelgisgæzlunnar um þetta atriði, sem er mjög þýðingarmikið í þessu máli, og þeir staðfesta það báðir, að hin almenna menntun mannsins, ekki aðeins í siglingafræðinni, heldur og í öðrum námsgreinum, sé fyllilega til jafns við það, sem stýrimannaskólinn veitir. Þessa staðfestingu hef ég fengið nú á síðustu stundu, og þetta breytir nokkuð viðhorfum mínum til þessa máls. Þó að Farmannasambandið segi í þessari umsögn, að siglingafræðin sé aðeins 9 námsgreinar af þeim 34, sem stýrimannaskólinn kennir, þá staðfesta þessir embættismenn, að menntun þessa manns frá hinum erlenda skóla sé fyllilega hliðstæð þeirri, sem hægt er að fá í stýrimannaskólanum, og sú vitneskja er mikils virði.

Annað atriði er það, sem kemur fram í þessari umsögn Farmannasambandsins, að frá 1953 hafi eftir lögum frá Alþingi verið starfandi hér deild við stýrimannaskólann til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins, þar sem starfandi stýrimenn á varðskipum hafi verið búnir undir vandasöm störf skipstjóra á þessum skipum o. s. frv. Þetta er að vísu rétt, að þessi deild hefur verið starfrækt, og þó er ekki rétt að kalla þetta deild, eftir því sem skólastjóri stýrimannaskólans skýrir mér frá. Þetta eru námskeið, sem haldin eru öðru hvoru, eftir því sem talin er þörf á. Það er engin föst deild. En ég hafði misskilið þessa umsögn Farmannasambandsins þannig, að það mundi hafa verið stofnað til þessarar kennslu í stýrimannaskólanum 1953, en það er alls ekki. Þetta er í lögum um stýrimannaskólann, ég hygg frá 1936—38, að skólinn undirbýr nemendur sína til skipstjóraprófs á

varðskipum. Þetta er þess vegna ekki nýtt á árinu 1953.

En það, sem ég aftur á móti hef á móti þessari aðferð, að veita mönnum stýrimannsréttindi og skipstjóraréttindi, því að samkv. frv. á maðurinn síðar að fá skipstjóraréttindi, er það, að mér sýnist, að það sé verið að ganga gegn þeirri stefnu, sem ríkjandi er hjá okkur, að halda uppi ríkisskóla fyrir þessa menn og sá skóli fullnægi þessum þörfum, og það gerir skólinn. Hann veitir fullnægjandi menntun, og það er enginn skortur á þessum mönnum, stýrimönnum eða skipstjórum. Það er því ekki af þeim ástæðum nein aðkallandi þörf að samþykkja próf frá erlendum skólum til þessarar atvinnu. Þvert á móti, eins og kemur fram í umsögn Farmannasambandsins, þá er nóg til af þessum mönnum. Það er þetta, sem ég hef á móti málinu. Og það mun ekki vera svo í ýmsum öðrum starfsgreinum hér í landi, að menn geti komið með próf frá erlendum skólum og gengið svo inn í hvaða embætti sem er hér í landinu. Það er því ekki út í loftið, að það er í gildandi lögum, að til þess að öðlast þessi stýrimanna- og skipstjóraréttindi þurfi próf frá þessum íslenzka skóla, sem undirbýr menn í þessu skyni, og það er fyllilega eðlilegt. Að þessu leyti er ég algerlega ósammála hv. frsm., að það eigi að löggilda erlenda skóla, sem jafngildi hinum íslenzka skóla í þessum efnum. Ég tel, að það sé alls ekki rétt stefna.

Ég hygg því, að það, sem vakir fyrir Farmanna- og fiskimannasambandinu, sé það, að hér koma menn með erlent próf og eru gerðir með einni lagasetningu á Alþingi jafngildir hinum íslenzku mönnum, sem numið hafa í stýrimannaskóla Íslands, og keppa um stöðu við þá án þess að hafa stundað nám hér. Ég get vel skilið þessi viðhorf. Ég lái mönnum ekki, þó að þeir standi gegn því. Hins vegar er þetta ekki svo stórt mál, að ég ætli að fara að gera það að kappsmáli, og mér fyndist heldur harkalegt að fara að neita þessum manni um þessi réttindi, fyrst búið er að veita mönnum slík réttindi áður með löggjöf.

Það er því, eins og ég hef skýrt frá, sumt, sem mælir með því að samþykkja frv., og annað, sem mælir mjög gegn því, að það sé samþykkt. Það, sem mælir gegn því, er þetta, að menn geti komið með próf frá erlendum skólum og keppt við þá, sem fyrir eru hér heima með jafngild próf frá íslenzkum skóla. Þessa stefnu vil ég ekki innleiða. Að því leyti hef ég á móti þessu frv. Hitt, sem aftur á móti mælir með því, að frv. sé samþ., er það, að þetta hefur verið gert þrívegis áður. Það er reyndar ekki nema þrisvar sinnum, sem hið sama hefur gerzt með löggjöf frá Alþingi í 24 ár. Ég vil ekki leggja neinn stein í götu þess, að þessi maður fái hin sömu réttindi, og mun láta afgreiðslu málsins hlutlausa. Ég mun hvorki greiða atkv. með því né móti. En ég vil að síðustu endurtaka það, að ég er andvígur þeirri stefnu, að við séum að skapa einhverja reglu um það, að menn geti komið með próf frá erlendum skólum til að keppa við menn, sem lokið hafa tilskildu prófi frá íslenzkum skóla og eru fyllilega jafnfærir um þessi störf.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 342, n. 642).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur haft frv. þetta til athugunar og orðið sammála um að mæla með því, þó þannig, að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Hér er um það að ræða, að próf, sem Guðjón Ármann Eyjólfsson sjóliðsforingi hefur lokið við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn, skuli jafngilda íslenzkum prófum til skipstjórnar og gilda til þess, að hann geti verið stýrimaður á skipum hér innanlands og í utanlandssiglingum, en að öðru leyti þarf viðkomandi að uppfylla ákvæði l. nr. 66 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, þ. e. a. s., hann þarf að ljúka fullum siglingatíma til þess að fá full réttindi. Það eru a. m. k. þrjú fordæmi fyrir því, að slík próf frá hliðstæðum skólum, þ. e. a. s. frá þessum danska skóla og frá norskum skóla, sams konar, hafi verið tekin gild. Það eru Pétur Sigurðsson forstjóri landhelgisgæzlunnar, sem mun hafa lokið prófi frá þessum sama skóla, Páll Ragnarsson og Gunnar Bergsteinsson, sem hafa fengið sams konar undanþágur.

Það bar á góma í sjútvn., að ekki mundu að öllu leyti vera kennd sömu fög við þennan skóla og við íslenzka sjómannaskólann. T. d. kom sú skoðun fram, að í sjórétti mundi þessi maður varla hafa lokið sams konar prófi og tekið er við sjómannaskólann, en á öðrum sviðum mun menntun hans fyllilega jafnast á við það, sem kennt er við sjómannaskólann.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem sjútvn. Nd. afgreiddi þetta mál í dag og það er tekið til 2. umr. hér í kvöld, þá vil ég að sjálfsögðu áskilja mér rétt til að flytja brtt. við þetta frv. við 3. umr., ef ég sé ástæðu til. Ég hef nokkuð verið að kanna þetta mál í dag vegna þess ágreinings, sem kom upp á nefnd-

arfundi í dag út af þessu máli, og ég vil í framhaldi af því taka undir það, sem hv. frsm. sagði, að við þennan skóla eru kennd öll þau fög og sá maður, sem lagaheimild þessi fjallar um, hefur tekið próf í öllum þeim fögum, sem er krafizt af þeim mönnum að taka, sem þreyta próf við stýrimannaskólann í Reykjavík. En þess ber þó að gæta, að undanskilið er eitt fag, sem við stýrimannaskólann í Reykjavík kallast sjóréttur, og er það fag, sem fjallar um íslenzk lög og lagabálka, sem þeirra starfi tilheyra, hann er að sjálfsögðu ekki kenndur við Hinn konunglega sjóliðsforingjaskóla í Kaupmannahöfn. Ég hef ekki enn þá gert mér fyllilega ljóst, því að ég er enn að afla mér upplýsinga þar um, hvort ástæða sé til að flytja brtt. þess efnis, að þessum manni verði gert skylt að taka lokapróf í umræddu fagi við stýrimannaskólann í Reykjavík, en fljótt á litið virðist mér, að svo sé, og svo virtist fleirum á fundi í hv. sjútvn. í dag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 673).

---

67. Matreiðslumenn á skipum.

Á 23. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum [126. mál] (þmfrv., A. 181).

Á 35., 36. og 37. fundi í Nd., 12. og 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Nd., 17. jan., var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Jónas G. Rafnar): Herra forseti. Frv. þetta er flutt af hv. iðnn. samkv. beiðni Félags matreiðslumanna og Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands. Frv. shlj. þessu var flutt á Alþ. 1957 og 1958 og á síðasta Alþingi, en var þá ekki afgreitt. Nm. hafa óbundnar hendur um afstöðu sína til frv. Á síðasta þingi fékk n. umsagnir um frv. frá matsveina- og veitingaþjónaskólanum, Matsveinafélagi Sjómannasambands Íslands, Félagi matreiðslu- og framreiðslumanna, Skipaútgerð ríkisins og skipafélögunum. N. mun nú aftur athuga þessar umsagnir fyrir 2. umr.

Að lokinni þessari umr. óska ég eftir því, að frv. verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 28. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 2. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 181, n. 417).

Frsm. (Ragnhildur Helgadóttir): Herra forseti. Iðnn. þessarar d. flutti í vetur frv. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum. Einstakir nm. áskildu sér þá rétt til þess að hafa óbundnar hendur um afstöðu til málsins. En síðan hefur n. tekið málið til frekari athugunar og orðið á eitt sátt um að mæla með frv. með breyt., sem n. gerir till. um og prentaðar eru með nál. á þskj. 417.

Frv. um þetta sama efni hafa nokkrum sinnum áður verið flutt hér á Alþ., en ekki náð fram að ganga.

N. hafa borizt umsagnir um málið frá eftirtöldum aðilum: Matsveina- og veitingaþjónaskólanum, Félagi framreiðslumanna, Félagi bryta í Reykjavík, Matsveinafélagi Sjómannasambands Íslands, Félagi matreiðslumanna, skipaskoðunarstjóra, Eimskipafélagi Íslands, Sambandi ísl. samvinnufélaga og Skipaútgerð ríkisins.

Tilgangur þessa frv. er að tryggja það, að á öllum skipum af þeim stærðum, sem í 1. gr. frv. er tilgreint, sé skylt að hafa matreiðslumenn, sem sérstaklega hafa til þess starfs lært. Ætti það að stuðla að öryggi áhafnar og farþega og hagkvæmni í rekstri, að þeir, sem matreiðslu- og brytastörf annast, kunni sitt verk. Samkvæmt lögum um matsveina- og veitingaþjónaskólann er ætlazt til, að eins vetrar nám þar geri nemendurna færa um að gerast matsveinar og framreiðslumenn á fiskiskipum og flutningaskipum.

Í bréfi frá skólastjóra matsveina- og veitingaþjónaskólans til n. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Matsveina- og veitingaþjónaskólinn hefur haldið námskeið fyrir fiskiskipamatsveina síðan árið 1951. Aðsókn að fyrstu námskeiðunum var mjög góð, en hefur nú hin síðustu ár verið sáralítil þrátt fyrir stöðugan skort á mönnum til þessara starfa, og tel ég aðalástæðuna fyrir því vera, að menn vilja ekki eyða tíma og fé í nám, sem ekki gefur þeim nein sérréttindi til starfsins að námi loknu, enda hafa margir hætt við þátttöku í námskeiðunum, þegar þeir hafa fengið þær upplýsingar, að þeir fengju engin réttindi, þótt þeir hefðu lokið 8 mánaða matreiðslunámskeiði. Ég tel því mjög aðkallandi, að frv. til laga um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum verði sem allra fyrst samþ. af hinu háa Alþ."

Ef frv. þetta verður að lögum, má ætla, að bót verði ráðin á þessu, sem skólastjórinn bendir á.

Eins og þm. sjá, eru ásamt nál. prentaðar nokkrar brtt. frá n., en þær eru byggðar á leið-

beiningum ýmissa þeirra aðila, sem sent hafa umsagnir um málið.

Fyrst er orðalagsleiðréttíng á 1. gr. samkv. ábendingu skipaskoðunarstjóra. Að athuguðu máli þótti 2. mgr. 1. gr. óþarflega strangt ákvæði, og lagt er til, að lögin segi aðeins, að skylt sé, að þau skip, sem eru 50 rúmlestir eða stærri, verði skyld til að hafa matsveina. En í frv. óbreyttu er miðað við 25 rúmlesta lágmark.

Þá gerir n. brtt. við 4. gr. Ástæðan fyrir því er ósamkomulag, sem verið hefur milli framreiðslumanna og matreiðslumanna um efni 4. gr., eins og hún er prentuð í frv. Þar er framreiðslumönnum lögð á herðar lengri starfsskylda til að geta öðlazt réttindi en matreiðslumönnum. Á þetta hafa framreiðslumenn ekki viljað fallast. En nú hafa fulltrúar þessara stétta komið sér saman um lausn á þessum ágreiningi, og kemur hún fram í þeirri brtt. við 4. gr., sem nefndin hefur tekið upp. Þar er fellt niður skilyrðið um starfsskyldu tiltekinn tíma til að fá réttindi.

Í 5. gr. frv. er ákvæði, sem tryggja á rétt þeirra, sem eru við störf í þeim greinum, sem frv. fjallar um, til áframhaldandi starfa. Leggur n. til, að sú heimild verði rýmkuð, þannig að þeir, sem þegar hefðu öðlazt reynslu í starfi, gætu fengið rétt til þess, þótt þeir stundi það ekki í bili, þegar lögin taka gildi, ef starfstíminn hefur verið eitt ár eða meira.

Í 6. gr. er undanþáguákvæði, sem beita mætti, ef skortur yrði á mönnum til starfa, sem uppfylli þau skilyrði, sem lögin setja.

Með tilliti til þessara brtt., sem raktar hafa verið, og leiðbeininga þeirra, sem ætla má að bezt þekki þessa hluti, hefur n. að athuguðu máli talið rétt að leggja til við hv. þd., að frv. verði samþ.

Forseti (JóhH): Ég vil geta þess af því tilefni, að hv. frsm. nefndi aðila þá, sem umsagnir hafa borizt frá, að forseta Nd. barst í dag umsögn um þetta mál frá Landssambandi ísl. útvegsmanna. Umr. um þetta mál verður því frestað, þannig að n., ef henni finnst ástæða til, hafi tóm til þess að tjá sig um þá umsögn, svo og öðrum hv. þdm.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 3. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 417,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 417,2 (ný 4. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

— 417,3 (ný 5. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 444).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 70. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 71. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til iðnn. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Ed., 24. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 444, n. 560).

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir þeirri skyldu að hafa matreiðslumenn og/eða bryta á skipum yfir 800 rúmlestir, en á skipum 50—800 rúmlestir er aðeins skylt skv. frv. að hafa matsvein. Í 2. gr. frv. er nánar kveðið á um, hvernig öðlast skuli réttindi til þessara starfa. Í 3. og 4. gr. er eingöngu miðað við réttindi og skyldur varðandi farþega- og flutningaskip, og eru iðnréttindi þar áskilin hliðstæð því, sem gerist um störf iðnaðarmanna í landi. 5. og 6. gr. frv. eru varðandi undanþágur frá ákvæðum laganna og koma til móts við rök þeirra aðila, sem gert hafa athugasemdir við frv., svo sem Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Nú munu liðin ein 5 eða 6 ár frá því, að frv. svipaðs efnis var flutt fyrst hér á Alþingi, en um það var upphaflega ágreiningur milli matreiðslu- og framreiðslumanna. En sá ágreiningur hefur nú að fullu verið jafnaður, og mæla báðir aðilar nú með framgangi málsins. Fáum mun blandast hugur um, að æskilegt sé, að sem bezt þjálfaðir menn sjái um þessi störf: Í fyrsta lagi vegna þeirra, sem oft um langan tíma dveljast fjarri heimilum sínum við störfin á hafi úti. Í öðru lagi verður að telja hagkvæmara fyrir þá, sem bera kostnað af slíkum störfum, að þar komi til sem bezt þekking og þjálfun.

Frv. hefur tekið nokkrum breytingum í samræmi við fyrrnefnt samkomulag frá því, sem það var upphaflega flutt. Iðnn. hefur rætt frv. og mælir með samþykkt þess óbreytts, eins og það er á þskj. 444.

Það skal þó fúslega viðurkennt, að um tonnatölu þá, sem ákveðin er með frv., má nokkuð deila, þegar sett er löggjöf um þetta efni í fyrsta sinn. En á þessu stigi málsins skal ekki farið nánar út í þá sálma.

Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt., ef fram kunna að koma.

Jón Árnason: Herra forseti. Í sambandi við mál þetta vildi ég leyfa mér að flytja brtt. við 1. gr. frv., en hún er varðandi lágmarkstölu rúmlesta á skipum, þar sem skylt er að hafa matsveina. Sérstaklega er miðað við það í till., að tekið sé tillit til stærðar þeirra vélbáta,

sem að jafnaði stunda landróðra á vetrarvertíð. Í seinni tíð hefur rúmlestatala þessara vélbáta stækkað verulega frá því, sem áður var, og mun nú almennt, að 100 tonna vélbátar stundi landróðra á vetrarvertíð. Með tilliti til þessa vil ég leyfa mér að flytja þessa till., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Brtt. við frv. til l. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Við 1. gr. Í stað „50“ á tveimur stöðum í 2. málsgr. komi: 100“.

Að öðru leyti get ég verið samþykkur afgreiðslu þessa máls.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í mínum framsöguorðum áðan, þá má að sjálfsögðu nokkuð deila um það ákvæði frv., sem fjallar um tonnafjölda þeirra skipa, sem undir lögin heyra. Ég skal ekki fremur nú en áðan eyða tíma deildarinnar í að rökræða um þessi mál, enda má sjálfsagt endalaust um þau deila. En mér finnst brtt. þessi þann veg vaxin, að nauðsynlegt sé, að iðnn. gefist kostur á að ræða hana í sínum hóp, áður en hún tekur afstöðu til hennar.

Ég hefði því viljað mælast til þess við hv. flm. till., að hann drægi brtt. sína til baka nú við þessa umr., en gegn loforði mínu um það, að n. skuli taka afstöðu til till., áður en málið verður tekið á dagskrá fyrir 3. umr.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að mér þykir þetta eðlilegt, að nm. fái tíma til þess að athuga málið nánar, áður en það verður endanlega tekið hér til afgreiðslu, og að það liggi þá fyrir umsögn nefndarinnar fyrir 3. umr. málsins. Ég mun því verða við beiðni frsm. um það að taka till. aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—7. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 444, 648).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 648. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. málsins fór ég þess á leit við flm. þeirrar brtt., sem nú liggur fyrir um málið, að hann drægi hana til baka til 3. umr., þannig að mér gæfist kostur á að ræða þá till. við hv. nm. iðnn. Formlegur fundur hefur ekki farið fram í n., en hins vegar hef ég talað við hvern einstakan nm. og eru menn á einu máli um að mæla með því, að sú brtt., sem flutt er á þskj. 648, verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 648 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 84. fundi í Nd., 25. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 657).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 675).

---

68. Sveitarstjórnarlög.

Á 49. fundi í Ed., 30. jan., var útbýtt:

Frv. til sveitarstjórnarlaga [173. mál] (þmfrv., A. 299).

Á 50. fundi í Ed., 31. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., 2. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta frv. til sveitarstjórnarlaga, sem heilbr.- og félmn. flytur, var borið fram síðla á síðasta Alþingi af sömu nefnd samkvæmt beiðni félmrh. En þá vannst ekki tími til að afgreiða það. Það var samið af fimm manna nefnd, sem skipuð var 1958 af ráðherra, og var ráðuneytisstjórinn í félmrn. formaður hennar.

Þegar sýnt þótti, að frv. yrði ekki afgr. á síðasta Alþingi, ákvað heilbr.- og félmn. að senda það öllum sveitarstjórnum og sýslunefndum landsins til umsagnar, og skyldu svörin hafa borizt fyrir haustið, þannig að þessir aðilar, sem ætla mátti að hefðu áhuga, reynslu og þekkingu á málinu, hefðu nægan tíma til að fjalla um það. Allmargar umsagnir bárust um málið. Hefur heilbr.- og félmn. kannað þessar umsagnir rækilega sem og frv. í heild og haldið um það 14 fundi undanfarna mánuði. Varð um það samkomulag í nefndinni að gera fáeinar breytingar á frv. Er það því nú borið fram í dálítið breyttri mynd. Um þetta var haft samráð við Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóra, sem féllst á breytingarnar, flestar eða allar.

Sveitarstjórnarlög þau, sem nú eru í gildi, nr. 12 31. maí 1927, fjalla einungis um hreppa og sýslur. Hins vegar eru í gildi sérstök lög um hvern kaupstað, og er þar elzt tilskipun 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru sameinuð í einn bálk ákvæði um kaupstaði, hreppa og sýslur og þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að núgildandi lög verði afnumin. Enn fremur eru tekin í frv. ákvæði, sem fjalla um fjölda bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna, kjörtímabil, hvenær kosningar skuli fara fram, um kosningarrétt og kjörgengi, hvenær kosning skuli vera hlutbundin og hvernig varamenn taka sæti, enn fremur um kosningu innan bæjarstjórna, hreppsnefnda og sýslunefnda. Ákvæði um allt þetta eru nú í lögum um sveit-

arstjórnarkosningar, nr. 81 23. júní 1936. Þá eru tekin í lögin ákvæði um eftirlit með sveitarfélögum, sem nú eru í lögum nr. 90 14. maí 1940, og ákvæði um sveitarstjóra, sem nú eru í lögum nr. 19 frá 14. febr. 1951. Í þessu sambandi má geta þess í leiðinni, að í hv. Nd. liggur nú fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um sveitarstjóra, flutt af Gísla Guðmundssyni o. fl., á þskj. 89, og hefur heilbr.- og félmn. tekið meginatriði þess frv. upp í þetta frv. til sveitarstjórnarlaga.

Eins og menn sjá með því að fletta frv., fjallar það um mörk sveitarfélaga, þar með sameiningu og skiptingu hreppa, um hlutverk sveitarfélaga, stjórn þeirra og fjárreiður, enn fremur samsvarandi um sýslufélög. Það er skoðun nefndarinnar, að þessi frumvarpssmíð hafi tekizt eftir atvikum vel, og hún vonar, að breyt. þær, sem nefndin hefur á því gert frá fyrri gerð þess, séu allar til bóta. Það gefur að vísu að skilja, að einstakir nm. eru misjafnlega ánægðir með ýmis ákvæði þess, svo sem vænta má um svo fyrirferðarmikinn og margþættan frumvarpsbálk, og allir áskilja nefndarmenn sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem aðrir kunna að flytja. Því er t. d. ekki að leyna, að ein veigamesta breytingin, sem nefndin gerði á fyrri gerð frv., er í mínum augum mjög vafasöm, þó að ég sæi ekki ástæðu til að gera ágreining þar um, en það er ákvæði um kjördag í sveitahreppum, sem ég hefði viljað hafa hinn sama og í kaupstöðum og kauptúnahreppum, enda tel ég rökin gegn því ekki fullnægjandi. Þá vil ég einnig láta það koma fram nú, að ég hefði kosið, að ákvæði um kosningu varamanna í sveitarstjórnir við óhlutbundnar kosningar hefðu verið á annan veg, þó að ég hafi ekki heldur gert um það ágreining.

Segja má, að þetta frv. feli ekki í sér stórvægileg nýmæli. Þau eru að vísu nokkur, en öll minni háttar. Hér er því ekki á ferðinni nein bylting í sveitarstjórnarmálum, heldur er hér safnað í eina heild ákvæðum, sem nú eru í mörgum dreifðum lagafyrirmælum, og á mörgum sviðum er kveðið nánar á um ýmis atriði en lagafyrirmæli gera nú. Tilgangurinn með frv. er því fremur söfnun margra lagaákvæða í einn bálk en að gerbreytingar eigi að verða á málefnum sveitarfélaganna.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. Frv. er flutt af nefnd, og er því ekki lagt til, að því verði vísað til nefndar. Hins vegar mun nefndin, sem flytur það, athuga það á milli umræðna, ef hún telur ástæðu til og að svo miklu leyti sem hún kann að telja ástæðu til, en hún hefur þegar athugað það allrækilega, eins og ég hef áður skýrt frá.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 54. og 58. fundi í Ed., 7. og 14. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 16. febr., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 299, 335, 372).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn., sem flutti þetta frv., hefur rætt það á fundi, eftir að 1. umr. fór fram. Þá hafði borizt umsögn um það frá fulltrúaráðsfundi Sambands ísl. sveitarfélaga, sem haldinn var hér í Reykjavík fyrir skömmu. Umsögn fulltrúaráðsfundarins var jákvæð, og lagði hann til, að frv. verði samþ., en bar jafnframt fram nokkrar brtt. Heilbr.- og félmn. hefur farið gaumgæfilega yfir þessar till. Nokkrar þeirra hefur hún gert að sínum till., og koma þær fram á þskj. 372, en þar getur að líta þær brtt., sem heilbr.- og félmn. flytur við þessa umr.

Fyrstu tvær brtt. á þskj. 372 eru um það, að í stað orðsins „meðlimir" komi: þegnar. Orðið „meðlimir" þykir ófagurt orð og auk þess ekki góð íslenzka. N. kom ekki auga á annað heppilegra orð í stað þess en orðið „þegnar" til þess að tákna þá, sem réttinda njóta og skyldur bera sem einstaklingar í sveitarfélagi. Orðið „íbúi", sem kom til álita í þessu sambandi, hefur takmarkaðri merkingu og fullnægir því ekki þeirri merkingu, sem hér er um að ræða.

3. brtt. á þskj. 372 þarf ekki skýringar að öðru leyti en því, að til þess er ætlazt, að orðalag verði skýrara, ef sú till. verður samþ.

4. brtt. þarf ekki heldur skýringa við. Hér er einungis um að ræða orðalagsbreytingu, sem betur þykir fara.

5. brtt. er efnisbreyting, borin fram að tilmælum fulltrúaráðsfundar Sambands sveitarfélaganna. Í frv. er gert ráð fyrir, að heimilt sé að ákveða þóknun til sveitarstjórnarmanna fyrir störf þeirra, en brtt. kveður svo á, að þetta skuli skylt.

6. brtt. er einnig efnisbreyting og borin fram eftir tilmælum fulltrúaráðsfundarins. Hún fjallar um það, að í stað 1/10 í 31. gr. komi 1/4, en greinin fjallar um almenna sveitarfundi og hve mikinn fjölda atkvæðisbærra manna í hreppi þurfi til þess, að skylt sé að kveðja saman slíkan fund. Fulltrúaráðsfundinum þótti sem 1/10 hluti væri of lítill hluti atkvæðisbærra manna og lagði til, að þetta yrði nokkuð hækkað, og rökin fyrir því eru þau, að það kunni að vera hætta á, að þetta ákvæði yrði misnotað, ef allt of auðvelt væri að koma því við að heimta, að saman yrðu kvaddir slíkir fundir.

7. brtt. er leiðrétting á orði og þarf ekki skýringa. Sama er að segja um 8. brtt., sem er leiðrétting á tilvitnun.

9. brtt. og 10. eru einnig bornar fram eftir tilmælum fulltrúaráðsfundarins og eru báðar um það, að sama regla skuli gilda fyrir Reykjavík og aðra kaupstaði í sambandi við tímamörk við ársreikningagerð og endurskoðun.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur á þskj. 335 flutt nokkrar brtt. við þetta frv. Hann er því miður ekki viðstaddur í dag, sem æskilegt hefði verið, en heilbr.- og félmn. hefur athugað þessar brtt. á þskj. 335, og ég ætla, að það sé óhætt að segja, að hún sé nokkurn veginn einhuga um afstöðu til þeirra, a. m. k. flestra. Ég vil þó geta þess, að hv. 3. þm. Vestf. sat ekki þennan fund heilbr.- og félmn., þegar þetta mál var til umr. og afgreiðslu hjá nefndinni.

Nefndin mælir með 1. brtt. á þskj. 335. Hún

er sammála flm. um, að betur fari á, að fyrirsögn I. kafla sé „Sveitarstjórnarumdæmi".

Hins vegar voru nm. sammála um, að 2. brtt. væri óæskileg. Í frv. segir, að ríkið skiptist í sveitarfélög. Það er að dómi n. ómótmælanleg staðreynd. Til þess að um ríki sé að ræða, þarf að vera fyrir hendi fólk, land og stjórnskipulag. Ríkið skiptist í stjórnarfarslegar einingar. Hinar minnstu þeirra eru sveitarfélög. Þetta þarf ég vitanlega ekki að segja hv. þdm., því að þetta liggur í augum uppi. Þannig skiptist ríkið í sveitarfélög, og er sveitarfélag þá hugsað sem stjórnarfarsleg eining. Ef átt væri eingöngu við landfræðilega einingu, væri réttara að orða þetta svo, að ríkið skiptist í sveitir og bæi, eða að ríkið skiptist í hreppa og bæi, en ekki í sveitarfélög. Þegar maður talar um sveitarfélag, hefur maður ekki hina landfræðilegu einingu í huga, heldur hina stjórnarfarslegu.

Nefndin er einnig andvíg 3. brtt. á þskj. 335. Frv. er þannig úr garði gert, að þar er á fjölmörgum stöðum talað um sveitarfélög, þannig að átt er við hreppsfélög og bæjarfélög. Ef breyta ætti þessu í 2. gr., væri óhjákvæmilegt að plægja frv. upp og breyta ýmsum greinum þess og ég vil segja æði mörgum, til þess að ekki verði um villzt, að reglur um hreppa og bæi eigi ekki einnig við um sýslur. Ég vil í þessu sambandi einungis benda á 10. og 11. gr. frv. Í 10. gr. eru talin upp þau mál, sem sveitarfélagi er skylt að annast. Þar er um að ræða mál, sem sýslum er engan veginn skylt að annast. Sama má segja eða svipað um 11. gr. og vafalaust margar fleiri. Þar að auki er það a. m. k. mín skoðun, að það sé jafnvel rangt og a. m. k. óæskilegt að kalla sýslu sveitarfélag. Þá merkingu hefur orðið ekki í mæltu máli og ekki ástæða til að lögbjóða þá merkingu, enda vafasamt, hve haldgott það yrði. Orðið sveitarfélag kemur fyrst fyrir í prentuðu máli, svo að vitað sé, í Lærdómslistafélagsritum, síðan í Fjölni og þjóðsögum Jóns Árnasonar. Á öllum þeim stöðum er það í merkingunni hreppsfélag. Í gömlum orðabókum fyrirfinnst það ekki, hvorki hjá Birni Halldórssyni né hjá Fritzner, en í orðabók Sigfúsar Blöndals er það þýtt með „Kommune". Ég ætla, að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þessa brtt.

Þá er það 4. brtt. N. er einnig andvíg þeirri brtt., en leggur til á þskj. 372, að í stað „meðlimir" komi: þegnar, og sama er að segja um 5. brtt.

Um 6. brtt. á þskj. 335 er það að segja, að nefndin er henni andvíg af sömu ástæðu og hinni 3., enda er samband þar á milli.

Þá er það 7. brtt. Tillögumaður leggur til, að eitt af kosningarréttarskilyrðunum verði óflekkað mannorð. Í dag er þetta eitt af skilyrðum til kosningarréttar. Þetta ákvæði var einnig í frv., eins og það var borið fram hér í hv. deild á síðasta þingi, en ástæðan til, að nefndin tók það út að þessu sinni, er sú, að hér í hv. deild eru til afgreiðslu ein 12—15 frv., sem öll fela það í sér að nema á brott úr lögum ákvæði um, að óflekkað mannorð skuli vera skilyrði fyrir því, að maður megi njóta ýmissa réttinda, þ. á m. kosningarréttar til sveitarstjórna. Hins vegar heyri ég sagt, að líklegt sé talið, að þessi frv. verði ef til vill ekki afgr. á Alþingi því, sem nú situr, og jafnvel þótt svo yrði, mundi engu að síður haldast í lögum, að óflekkað mannorð yrði skilyrði til þess að njóta kosningarréttar til Alþingis, vegna þess að það ákvæði er stjórnarskrárbundið, því verður ekki breytt, nema stjórnarskránni yrði breytt. Þess vegna hefur heilbr.- og félmn. að athuguðu máli komizt að þeirri niðurstöðu, að það sé ef til vill ekki æskilegt eða heppilegt að fella þetta niður úr kosningarréttarskilyrðum að þessu sinni, og munu nefndarmenn því væntanlega greiða atkv. með 7. brtt. á þskj. 335 og mæla með henni.

Um 8. brtt. er það að segja, að nefndin flytur sjálf breytingu við 19. gr. á þskj. 372 og telur það orðalag betra en í brtt. hv. 3. þm. Norðurl. v.

9. brtt. er um, að formaður sveitarstjórnar nefnist oddviti. Nefndin er einnig andvíg þessari till. Hún telur ekki ástæðu til að leggja niður heitið bæjarstjórnarforseti, sem er orðið fast í málinu.

Þá er það 10. brtt. Hún fjallar um það, að sveitarstjórn skuli sjálf setja sér fundarsköp án þess að staðfesta þau. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ráðuneyti setji fundarsköp fyrir sveitarstjórnirnar. Nefndin telur þessa breytingu á þskj. 335 ef til vill frekar til bóta, og ég geri ráð fyrir, að nefndarmenn verði henni meðmæltir eða greiði henni atkv., en þeir hafa þó að sjálfsögðu óbundnar hendur þar um, þannig að ég get a. m. k. fullyrt, að nefndin var ekki þessu ákvæði andvíg.

Um 11. brtt. er ekkert að segja. Hún er við 40. gr. og tillögumaður leggur til, að í stað „þegn hreppsins" komi: hreppsbúa. Nefndin telur ekki ástæðu til að samþykkja þessa breytingu, vegna þess að á ýmsum öðrum stöðum í frv. er talað um þegna hrepps og yrði orðinu því ekki útrýmt úr frv., þótt þessi till. yrði samþykkt, enda telur nefndin ekki æskilegt, að svo yrði gert.

Ég held ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þessar brtt. Ég vil segja það aftur, að mér þykir leitt, að hv. 3. þm. Norðurl. v. skuli ekki vera viðstaddur til þess að mæla fyrir sínum till.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frv. þessu var útbýtt hér á Alþingi 30. jan. og tekið til 1. umr. í þessari hv. deild 2. febr. Það skal játað, að mér hafði ekki gefizt tími til að lesa þetta stóra frv., áður en 1. umr. þess fór fram hér í deildinni, en á milli umræðna hef ég litið yfir frv., án þess þó að ég hafi grandskoðað það, en við fljótan yfirlestur hef ég komið auga á nokkur atriði, sem mér finnst rétt að vekja athygli á nú við þessa umr.

Þetta frv. hefur fengið mjög góðan undirbúning, að ég ætla. Það mun vera samið af milliþn., sent til athugunar til sveitarstjórna, samræmt á vegum félmrn. að umsögnum fengnum og nú flutt af þingnefnd, og á meðan þetta mál hefur legið hér fyrir þinginu, ætla ég, að það hafi verið athugað á fulltrúaráðsfundi Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Mál, sem þannig er undirbúið, er þess eðlis,

að það er hæpið, að einstakir þingmenn fari að flytja við það brtt., a. m. k. án þess að vekja eftirtekt nefndarinnar, sem málið flytur, á þeim atriðum, sem hver þm. kynni að hafa hug á að fá breytt. Ég hef því tekið þann kost að gera ekki brtt., ekki að svo stöddu, en ætla að gera nokkrar athugasemdir við einstakar greinar frv. í ræðu nú við þessa umr., í trausti þess, að nefndin, sem málið flytur og hefur það til meðferðar, gefi þeim gaum og athugi, áður en málið verður afgr. í deildinni, um afstöðu sína til þessara efnisatriða, sem ég bendi á. Ég vil taka fram, að ég geri ekki kröfu til þess, að þessari umr. verði frestað, heldur tel ég, að þingnefndin hafi í raun og veru málið til meðferðar, á meðan það er hér í deildinni, hún geti komið við athugun þess að nýju á milli 2. og 3. umr.

Þó að mál þetta sé vel undirbúið, eins og ég hef getið um, og ég álíti það rétt, sem frsm. nefndarinnar tók fram við 1. umr., að með þessu stóra frv. væri ekki stefnt að því að gera byltingu í sveitarstjórnarmálum, heldur miklu fremur hinu, að samræma dreifð og sundurleit lagaákvæði, ber þess að gæta, að sveitarfélögin í landinu eru mörg og hafa misjafnar þarfir og misjafna aðstöðu. Það er mjög mikill munur á aðstöðu hinna fámennustu og aftur hinna stærstu. Og í annan stað er þess að gæta, að með þessu frv. á að nema úr lögum samkvæmt 110. gr. þess hvorki meira né minna en 20 lög, sem nú eru í gildi. Það er því augljóst, að í sambandi við svona lagasetningu er margs að gæta, og má segja, að seint sé svo grandskoðað, að ekki megi eitt og annað betur fara.

11. gr. þessa frv., stafliður f, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samþykki sýslunefndar þarf til þess, að ályktun hreppsnefndar sé gild um eftirtalin atriði: 1) Lántökur vegna hreppsins, sem nemi meira en álögð útsvör í hreppnum það ár. 2) Sala eða veðsetning fasteigna hreppsins svo og kaup nýrra fasteigna. 3) Ólögboðnar skuldbindingar, sem gilda eigi langan tíma. Nú synjar sýslunefnd um samþykki til ráðstöfunar, sem um ræðir í staflið þessum, og er þá hreppsnefnd rétt að bera málið á sveitarfundi, sbr. 31. gr., undir atkv. Hljóti ályktun hreppsnefndar ¾ hluta atkv., skal hún vera gild án samþykkis sýslunefndar."

Efni þessa málsliðs er ekki nýmæli. Ég ætla, að efni hans sé að mestu eða öllu í samræmi við gildandi lög. En þrátt fyrir það, þegar verið er að setja löggjöf um þetta að nýju, þá ber auðvitað að skoða þetta efnisatriði sem önnur. Mín skoðun er sú, að það eigi ekki að takmarka valdsvið löglega kjörinna hreppsnefnda til ráðstöfunar um skör fram og að eins og þessi stafliður greinarinnar er orðaður, þá sé helzt til langt gengið í þessu efni. Ég bendi sérstaklega á tölulið 2: sala eða veðsetning fasteigna hreppsins svo og kaup nýrra fasteigna. Í gildi eru lög um kauprétt á jörðum. Eitt ákvæði þeirra laga er það, að hreppsnefnd eigi í vissum tilvikum forkaupsrétt. Ég ætla, að það sé ekki tekið fram í þeim lögum, að hreppsnefnd geti ekki neytt þessa réttar, án þess að samþykki sýslunefndar komi til, en eins og þetta orðalag er um kaup nýrra fasteigna, þá hygg ég, að kaup á jörð innan hreppsins hljóti að falla undir þessa grein. Ég ætla einnig, að það sé andi þeirra laga um kauprétt á jörðum, að hreppsnefnd geti ákveðið, hvort hún notfæri sér þennan rétt eða ekki, á eigin spýtur. M. a. mun vera svo kveðið á, að hreppsnefnd verði að svara tilboði um, hvort hún notar kauprétt eða ekki, innan 15 daga, frá því að tilboðið berst, og virðist mér leiða af því, að það sé naumast ætlunin, að á þeim skamma tíma sé gert ráð fyrir, að sýslunefnd fjalli um málið. Enn fremur er það svo, að sýslunefnd er í sveitarstjórnarlögum eða skipulagi um sveitarstjórnarmál yfirleitt skoðuð sem æðra dómstig eða aðili æðra settur en hreppsnefnd. Nú er hér svo fyrir mælt, að synji sýslunefnd um samþykki til ráðstöfunar, sem um ræðir í staflið þessum, þá sé hreppsnefnd rétt að bera málið upp á sveitarfundi undir atkvæði, og hljóti ályktun hreppsnefndar ¾ hluta atkv., skal hún vera gild án samþykkis sýslunefndar. Þetta þýðir það, að þó að hreppsnefnd leiti til sýslunefndar, þá getur hún ógilt úrskurð sýslunefndar og haft hann að engu, ef málinu er síðar vísað heim til hreppsins aftur og þar fást ¾ hlutar atkv. með málinu. Ég hygg, að þetta sé ekki nýmæli, en mér finnst þessi málsmeðferð ekki að öllu leyti eðlileg eða æskileg. Mér finnst eðlilegra, að málið fái fullnaðarathugun og úrskurð af sveitarfélaginu og að til úrskurðar sýslunefndar komi aðeins í þeim tilvikum, þar sem lögleg afgreiðsla næst ekki heima fyrir.

Í 20. gr. er fjallað um kosningu í sveitarstjórnir, og í undanfarandi gr. eru ákvæði um það, hvenær sveitarstjórnarkosningar skuli vera hlutbundnar og hvenær þær megi vera óhlutbundnar. Þegar kosið er hlutbundnum kosningum, þá er kosning varamanna mjög einföld, leiðir alveg af kosningafyrirkomulaginu, en þegar kosning er óhlutbundin í sveitarfélagi, þ. e. a. s. í hreppsnefnd, þá eru miklu meiri vandkvæði á um kosningu varamanna, og mér er kunnugt um það, að á ýmsum stöðum á landinu hefur þessu atriði einmitt verið gefinn sérstakur gaumur með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er, og hve erfitt hefur reynzt að framkvæma þau ákvæði, sem að þessu lúta í gildandi lögum. Í gildandi lögum er kosning varamanna í hreppsnefndir, þegar kosning er óhlutbundin, heimiluð, en ekki lögskipuð. Það segir svo í 3. gr. laga nr. 81/1936: „Eigi er skylt að kjósa varamenn í hreppsnefndir, þar sem hreppsnefndarkosningar eru óhlutbundnar." Þetta ber að skilja svo, að það sé heimilt, en eigi skylt. En þar sem þessi heimild er notuð, — og það hefur í sumum hreppum verið gert, það er mér kunnugt um, — þá er ákvæðið um framkvæmd kosninganna að þessu leyti í gildandi lögum þannig skv. 27. gr. laga nr. 81 1936: „Ef um óhlutbundnar kosningar er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrifa tölurnar niður jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru réttkjörnir. Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning vara-

manna, og fer um hana á sama hátt.“ Þetta eru ákvæði gildandi laga.

Með þessu frv. á að gera hér breytingu á. Það á að gera það að skyldu að kjósa varamenn, þó að kosning sé óbundin. Það á ekki lengur að vera heimild, heldur skylda. Síðasti málsl. 1. málsgr. 20. gr. frv. er þannig orðaður: „Þegar kosning er óbundin, skal kjósa jafnmarga varamenn og aðalmenn eru.“ Hér er ekkert meira um þetta sagt, enginn stafur um framkvæmd kosningarinnar. Ég tel, að þannig megi ekki ganga frá þessari löggjöf, að ekki séu sett ákvæði um framkvæmd á kosningu varamanna, þegar kosning í hreppsnefnd er óbundin. Og þá sýnist mér, að það geti komið þrjár reglur til álita eða athugunar:

Ein er sú að halda þeirri reglu í lögum, sem nú er í gildandi lögum og ég gat um áðan. Hún hefur þann kost í för með sér, að þá liggur fyrir, hverjir hafi hlotið sæti aðalmanna í hreppsnefnd, áður en kosning varamanna hefst. En þessari tilhögun fylgja miklir annmarkar, og mér er kunnugt um, eins og ég sagði áðan, að eftir því hefur verið tekið í ýmsum hreppum hér í landinu. Það eru þeir annmarkar, að ef kosning varamanna getur ekki hafizt, fyrr en búið er að telja atkvæði aðalmanna, þá verður að halda öllum kjósendum í grennd við kjörstað, þangað til kosningu aðalmanna er lokið, eða þá að það séu hafðir tveir kjördagar og að kosning varamanna fari fram degi seinna en kosning aðalmanna. Nú er þetta kosningafyrirkomulag einungis í sveitahreppum, þar sem um langan veg er að fara og kjósendur oft önnum kafnir. Það hefur því leitt af þessum ákvæðum, að það hefur á ýmsum stöðum jafnvel ekki þótt gerlegt að koma við kosningu varamanna, og þar sem hreppar eru svo stórir, að kjördeildir eru fleiri en ein, þá er nær útilokað, að kosning varamanna eftir þessari reglu, sem í gildi er, geti farið fram á sama kjördegi og kosning aðalmanna.

Önnur regla, sem mér finnst koma til álita og vert að íhuga, er sú, að kosningunni yrði þannig hagað, að hver kjósandi skrifi á seðil helmingi fleiri nöfn en aðalmenn í hreppsnefnd eiga að vera og síðan sé bara atkvæðatalan látin skera úr, þeir 5, sem flest atkvæði fá, séu aðalmenn og svo fari tala varamanna eftir atkvæðatölunni þar fyrir neðan. En þá þarf jafnframt að athuga það, hvernig varamenn, sem þannig yrðu kosnir, eiga að taka sæti, þ. e. a. s. hver er varamaður hvers, hvort það verður ákveðið að kosningu lokinni, eða hvort sá, sem er varamaður og flest atkvæði hefur fengið, á að taka sæti það, sem losnar hverju sinni, hvaða aðalmaður sem á í hlut.

Þriðja reglan, sem mér finnst líka koma til athugunar og þurfi að skoða, er sú að halda aðgreindri kosningu aðalmanna og varamanna, þannig að hver kjósandi fái tvo atkvæðaseðla, gjarnan auðkennda eða með sitt hvorum lit, og kjósi aðalmenn á annan seðilinn, en varamenn á hinn, og síðan ráði atkvæðatala í hvorum flokki um kjör aðalmanna og varamanna.

Þessa bendingu vil ég gefa og legg á það áherzlu, að þessi hv. d. skilji ekki þannig við þetta mál, að ekki séu einhver skýrari ákvæði sett um frv. en nú eru að þessu leyti.

33. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Ráðningartími hans skal jafnan vera hinn sami og kjörtími bæjarstjórnar. Hafi bæjarstjóri verið ráðinn til lengri tíma, skal þó hvorum aðila heimilt að kjörtímabili loknu að segja ráðningarsamningi upp með sex mánaða fyrirvara. Nú næst eigi meiri hluti í bæjarstjórn fyrir ráðningu bæjarstjóra, svo að hann er í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur ráðh. þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.“

Mér virðist, að þessi ákvæði, eins og þau standa í frv., taki fyrst og fremst til þess, þegar bæjarstjórn er nýkosin og það fellur í hennar hlut — nýkosinnar bæjarstjórnar — að gera ráðningarsamning við bæjarstjóra og í því sambandi myndast meiri og minni hluti innan bæjarstjórnarinnar. Nú er dæmi þess, og það er ekki aðeins fræðilegt, heldur raunverulegt dæmi, sem ég ætla að víkja að, en ekki að öðru leyti að gera þau málsatvik að umræðuefni, og ég minni ekki á þetta dæmi heldur í sambandi við það, að mannaskipti hafa orðið hér í hv. d., en það liggur fyrir raunverulegt dæmi um það, að breytingar á valdaaðstöðu innan bæjarstjórnar hafa átt sér stað á miðju kjörtímabili, án þess að kosningar hafi farið fram. Og þær breytingar á meirihlutaaðstöðu hafa haft það í för með sér, að bæjarstjóra, sem ráðningarsamning hafði, hefur verið sagt lausu starfi. Mér skilst málsatvik vera þau, að starfinu hafi verið sagt lausu án saka, án þess að uppsagnarfrestur kæmi til frá hvorugum aðila og án þess að nokkur réttur fylgdi til launa um ákveðinn tíma eða skaðabóta, heldur verði þá að taka það mál upp sérstaklega og reka það fyrir dómstólum. Mér skilst, að dómsúrskurður sé fyrir hendi um það, að ef nýr meiri hluti myndist í bæjarstjórn, valdahlutfall breytist, þá geti sá nýi meiri hluti hafnað starfi bæjarstjóra, sem áður hafi verið ráðinn, en lengra nái dómsúrskurður ekki, og að í þessu efni sé ekki í lögum tryggður neinn uppsagnarfrestur frá hvorugum aðila og ekki réttur til ákveðinna bóta eða kaupgreiðslu um vissan tíma. Ég endurtek það, að ég ætla ekki að öðru leyti að draga þessi málsatvik inn í þessar umr., en mér finnst þessi grein þessa frv. vera þess eðlis, að það sé full þörf á því fyrir löggjafann að hafa hliðsjón af þessu raunhæfa dæmi, sem hefur gerzt, og koma inn í lögin eins skýrum ákvæðum og við verður komið um það, hvernig með skuli fara, ef svona málsatvik eiga sér stað, og hver sé réttur hvors aðila um sig, bæjarstjórnarmeirihlutans annars vegar og bæjarstjórans hins vegar, í slíkum tilfellum.

Í 42. gr. þessa frv. er tekið upp nýmæli, sem að ýmsu leyti horfir til bóta, þ. e. að heimilt er tveim hreppum eða fleiri, sem hafa samtals meira en 500 íbúa, að ráða einn sveitarstjóra sameiginlega. Ég er þessu út af fyrir sig meðmæltur, en vil aðeins benda á, að í þessari grein segir ekki um það, hvernig með skuli fara, ef

einhvern tíma á kjörtímabilinu, meðan ráðningarsamningur er í gildi, kemur upp ágreiningur milli þeirra sveitarfélaga, sem ráðningarsamning hafa gert í öndverðu, um það, að annað eða sum vilja halda starfi sveitarstjórans, en önnur vilja hverfa frá þeirri skipan, hvort ekki sé ástæða til, að einhver ákvæði komi inn í greinina, sem ákveða þetta.

Mér virtist við fljótan yfirlestur, að í 59. gr. væri misritað tilvitnun í lagagrein, en það segi ég aðeins nefndinni til athugunar. Þar segir: „Að lokinni afgreiðslu ársreikninga skv. 58. gr. skal senda Hagstofu Íslands eitt eintak af reikningunum í því formi, sem ákveðið hefur verið skv. 52. gr. laga þessara.“ Mér virðist það vera 53. gr., sem fjallar um form reikninganna. Þar segir: „Félagsmálaráðuneytið ákveður í samráði við Hagstofu Íslands form fyrir ársreikninga sveitarfélaga.“

Næst ætla ég að víkja fáum orðum að 61. gr. Greinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Komi í ljós, að sveitarstjórn hafi þrátt fyrir áminningar sýslumanns eða sýslunefndar, ef um hreppsfélag er að ræða, vanrækt ákvæði laga þessara um bókhald og reikningsskil eða á einhvern hátt beitt valdi sínu ranglega, skal ráðuneytið hlutast til um rannsókn og endurskoðun á bókhaldi, fjárreiðum og rekstri hlutaðeigandi sveitarfélags eins fljótt og verða má. Ráðuneytið skal leggja fyrir sveitarstjórn að laga það, sem ábótavant kann að reynast, innan hæfilegs frests, sem ráðuneytið ákveður.“

Þessa grein finnst mér að verði að lesa og skoða í samhengi við 92. gr. frv., stafl. a og b. En í upphafi 92. gr. er það ákveðið hlutverk sýslufélaga að annast eftirlit með öllum fjárreiðum allra hreppa innan sýslufélagsins, endurskoðun og úrskurðun ársreikninga þeirra svo og allra fyrirtækja, sem rekin eru á vegum hreppanna, og umsjón með því, að hreppsnefndirnar starfi yfirleitt í sveitarstjórnarmálum samkv. gildandi lögum og reglugerðum. Mér finnst, að í 61. gr. sé ekki gerður nægur munur á bæjarfélögum annars vegar, þar sem sýslunefnd er ekki millilið milli þeirra og ráðuneytis, og hreppum hins vegar, þar sem sýslunefnd er millilið milli hrepps og ráðuneytis og sýslunefnd hefur að lögum ákveðnu hlutverki að gegna í þessum efnum. Nú er þess að gæta, að sýslumaður er í senn héraðsdómari og oddviti sýslunefndar og fjárhaldsmaður sýslusjóðs. En í þessari grein er aðeins talað um „þrátt fyrir áminningar sýslumanns eða sýslunefndar“, og liggur jafnvel nærri eftir orðalagi greinarinnar, að ráðuneytið geti hlutazt til um rannsókn á fjárreiðum hreppsfélags, eins og segir, ef ráðuneytið kemst að því eftir einhverjum leiðum, að þarna sé ábótavant, án þess að sýslumaður eða sýslunefnd eigi frumkvæði að því, að slík rannsókn fari fram. Ég vil benda nefndinni á, hvort ekki sé ástæða til að skipta þessari grein í tvær málsgreinar, þar sem annars vegar séu ákvæði, sem henta bæjarfélögunum, og hins vegar ákvæði, sem séu meira sniðin við hreppana og með tilliti til sýslunefndanna heldur en orðalag þessarar greinar bendir til.

Þessu næst ætla ég að drepa á ákvæði í 78. gr. Þar er fjallað um lánasamninga, sem gerðir kunna að vera vegna sveitarfélags, — skuldaskil. Og í 2. mgr. gr. segir: „Við þessi skuldaskil skal verðmæti eigna, sem eigi verða seldar, samkv. 11. gr. laga þessara, ákveðið með mati þriggja dómkvaddra manna. Draga skal frá matsverði þann hluta, sem ríkissjóður kann að hafa lagt til eignanna.“ Ég hef ekki fengið nægja skýringu á því, hvorki í framsöguræðum fyrir þessu máli né í greinargerð, hvers vegna ber nauðsyn til að taka yfirleitt með þær eignir, sem verða ekki seldar samkv. 11. gr. En ef það er við nánari athugun talið nauðsynlegt, þá verður að gera ráð fyrir því, að þessar eignir fyrnist, þannig að matsverð verði lægra en upphaflegt kostnaðarverð, sem hlutdeild ríkissjóðs var miðuð við, og finnst mér, að það þurfi að vera skýrt í sambandi við þessa lagasetningu, að hlutur ríkissjóðs fyrnist þá eða lækki að mati í réttu hlutfalli við matsverð eignarinnar í heild, og geri ég raunar ráð fyrir, að það sé andi þessarar greinar, þótt orðalagið mætti vera skýrara.

Að lokum ætla ég að fara örfáum orðum um 95. gr. Greinin er svo hljóðandi:

„Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum. Ákvæði 16.—19. gr. laga þessara gilda, eftir því sem við á, um kosningu sýslunefndarmanna. Við kosningu til sýslunefnda er heimilt að viðhafa framboð.“

Eins og lög um sveitarstjórnarkosningar eru nú, þá er skylt í sumum sveitarfélögum að viðhafa hlutfallskosningu og í öðrum heimilt, ef viss skilyrði eru fyrir hendi. Þessari reglu er í megindráttum haldið í þessu frv. En ef sýslunefndarmaður er kosinn, þá er aðeins um kjör á einum manni og einum varamanni að ræða í hverjum hreppi. Um kosningu sýslunefndarmanna segir svo í 34. gr. gildandi laga um þetta efni: „Kosningu sýslunefndarmanna skal haga á sama hátt og hreppsnefndarkosningum.“ Þetta mun a. m. k. sums staðar á landinu, þar sem ég er kunnugur, hafa verið skilið þannig, að ef kosning í sveitarstjórn í einu sveitarfélagi er hlutbundin, þá skuli haga kosningu sýslunefndarmanns í því sveitarfélagi á sama hátt, þannig að þá komi fram í raun og veru listar, — þó að hlutfallskosning njóti sín ekki, þegar svo fáir eru kosnir, þá komi samt fram listar, sem kosið sé um. En á hinn bóginn þar sem hreppsnefndarkosning er óbundin, þá leiðir það af sjálfu sér, að kosning sýslunefndarmanns sé einnig óbundin í því sveitarfélagi. Nú segir í 95. gr. í þessu frv., að það beri að skilja greinina þannig, að það eigi að vera meginregla, að kosning sýslunefndarmanns sé óbundin, en hitt sé fremur undantekning, það sem segir í síðustu mgr.: „Við kosningu til sýslunefnda er heimilt að viðhafa framboð.“ Út af fyrir sig hef ég ekkert að athuga við þetta efnislega, en ég vil að lokum vekja athygli á því, þar sem talað er um, að heimilt sé í þessu efni, að það segir ekkert, hver á að úrskurða, hvort heimildin er notuð eða ekki. Mér skilst, að það falli ekki undir ákvæði, sem áður er í frv. um kröfu 25 kjósenda, eða slíkt. Mér finnst í fljótu bragði liggja helzt við að skilja það svo, að fráfarandi sveitarstjórn, sem

undirbýr kosninguna, eða þá kjörstjórn eigi að ákveða það á eigin spýtur, hvort þessi heimild verði notuð eða ekki notuð, en mér þykir ástæða til, að orðalag um þetta sé skýrara en nú er í frv.

Ég vænti þess, að nm., sem standa að þessu frv., a. m. k. einhverjir þeirra, hafi hlustað á þessar ábendingar, og eins og ég tók fram í upphafi máls, kaus ég að setja þessar athugasemdir fram í ræðu nú við 2. umr. Ég mun ekki á neinn hátt beita mér fyrir því, að málið tefjist af þessum sökum, en vil að lokum beina því til nefndarinnar að íhuga þessi efnisatriði, sem ég hef bent á.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., 17. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram nokkrar brtt. á þskj. 335 við þetta frv. til sveitarstjórnarlaga, sem hér liggur fyrir. Þessar brtt. eru flestar veigalitlar í sjálfu sér og skýra sig að mestu sjálfar. Ég gat því miður ekki verið við umr. hér í gær, en mér skilst nú, að hv. n. hafi að mestu tekið afstöðu til þessara brtt. og fundið þær margar eða flestar léttvægar. Það er þess vegna kannske ástæðulítið, að ég fari að fylgja þeim úr hlaði, og orðið úrhættis. En samt sem áður langar mig nú til þess að segja nokkur orð um þær, og þá um leið, úr því að ég tók til máls á annað borð í þessu máli, þá langar mig til þess að segja aðeins örfá orð almennt um það frv. til sveitarstjórnarlaga, sem hér liggur fyrir.

Eins og tekið var fram í framsögu á sínum tíma, felur frv. fyrst og fremst í sér samsteypu og samdrátt ýmissa ákvæða um sveitarstjórn, sem nú eru í mörgum lögum, svo sem í sveitarstjórnarlögum, hinum ýmsu bæjarstjórnarlögum, lögum um sveitarstjórnarkosningar o. s. frv., en jafnframt er þó hér um ýmiss konar lagabreytingar að ræða, bæði nýmæli, brottfellingu eldri ákvæða og breytingu á eldri ákvæðum. Það má nú segja, að slík samsteypa margra laga horfi til hagræðis, ef um samkynja málefni er að ræða. Það liggur t. d. í augum uppi, að það er hagkvæmara að hafa almenn bæjarstjórnarlög heldur en sérstök lög fyrir hvern kaupstað, sem hljóta þó að mestu að verða samhljóða. En lagasmíð sem þessi er mikið vandaverk, sem að mínu viti verður ekki unnið á skömmum tíma, svo að vel fari. Það er að vísu ekki annað hægt að segja en það hafi verið vandað til þessarar lagasmíðar. Þetta frv. er samið af kunnáttumönnum og mönnum, sem hafa mikla reynslu í þeim efnum, sem það fjallar um. Það hefur verið sent til umsagnar sveitarstjórnum, og fulltrúafundur sambands sveitarfélaga hefur nú nýlega um það fjallað. En það er nú samt sem áður svo, að ýmislegt er í þessu frv. og hlýtur reyndar að verða í lagabálki slíkum sem þessum, sem er álitamál og er þess eðlis, að menn geta haft um það skiptar skoðanir.

Hér hefur verið valin sú leið að semja heildarlög um sveitarstjórnarmálefni, sem ætlað er að taka til allra sveitarfélaga í landinu: hreppa, kaupstaða og sýslufélaga. Ég tel mjög vafasamt, að hér hafi rétt leið verið valin. Ég held, að heppilegra hefði verið að hafa þetta í tveimur lagabálkum, annars vegar lög um sveitarstjórn í hreppum og sýslum, hins vegar almenn bæjarstjórnarlög. Ég held, að það gildi og verði að gilda svo margar sérreglur fyrir hvort um sig, hreppa og kaupstaði, að erfitt sé að setja ein skipuleg heildarlög fyrir hvort tveggja. Og sú skipan er nú a. m. k. sums staðar á höfð, t. d. á Norðurlöndunum sumum, þó að á sumum Norðurlöndunum hafi hins vegar verið valin sú leið, sem hér er lagt til að farin sé, að setja um þetta ein lög. En úr því að þessi leið var valin, að setja þannig ein lög, ein heildarlög um öll sveitarfélög, þá hefði að mínum dómi verið heppilegra að hafa sérkafla um hvort um sig, hreppa og bæjarfélög, líkt og gert er í frv. að því er varðar sýslufélögin, í stað þess að blanda þessu saman, svo sem reynt er að gera í frv.

Af þessum sökum sýnast mér nokkrir agnúar á frv., og ég óttast, að það eigi eftir að koma í ljós í framkvæmdinni, að aðstæðurnar eru svo ólíkar, að erfitt er að beita hinum sömu fyrirmælum um þetta hvort tveggja, sem hér hefur verið nefnt, enda er það auðvitað svo, að í frv. eru mörg sérákvæði um hvort um sig.

Á þessum agnúum, sem mér virðast af þessum sökum vera á frv., verður ekki bót ráðin með brtt. við meðferð málsins hér. Til þess þyrfti að umsteypa frv. og endursemja það, en það er að sjálfsögðu ógerningur á þessu stigi. Eigi að afgreiða málið nú, verður auðvitað að byggja á grundvelli þeim, sem lagður er í frv.

Þær brtt., sem ég flyt, lúta því ekki að þeim höfuðatriðum eða þeirri höfuðstefnu frv., sem ég hef hér lítillega nefnt. Eins og ég hef áður sagt, er ekki í mínum brtt. um neinar meginbreytingar að ræða, og flestar þeirra eru aðeins orðalagsbreytingar.

1. brtt. er við fyrirsögn kaflans og er um það, að í stað orðanna „mörk sveitarfélaga" komi: sveitarstjórnarumdæmi. Í þessum I. kafla frv. er um að ræða skilgreiningu á sveitarfélögum, hver þau séu og hverjar breytingar verði á þeim gerðar og hvernig. Þar er ekki aðeins um staðarleg mörk sveitarfélaga að ræða, og þess vegna finnst mér „sveitarstjórnarumdæmi" eiga betur við. Á þessa brtt. mun n. hafa fallizt, og ég skal þess vegna ekki fara fleiri orðum um hana.

2. brtt. er við 1. gr. og er á þá lund, að í stað orðsins „ríkis" komi: land, þannig að fyrri málsgrein verði á þá lund: „Landið skiptist í sveitarfélög" o. s. frv. Mér finnst ekki hægt að tala um það, að ríkið skiptist. Ríki er réttarfræðilegt hugtak, og sveitarfélögin eru til í skjóli og innan vébanda ríkisins og eru óæðri greinar ríkisvaldsins. En mér finnst ekki hægt að tala um það, að ríkið skiptist í sveitarfélög. En þetta er kannske einhver misskilningur hjá mér, og ég skal ekki fjölyrða um það frekar, en sveitarfélög eru staðbundin umdæmi og miðuð þannig við skiptingu lands.

En um leið vildi ég aðeins benda á 2. mgr. 1. gr., þar sem segir, að „eigi skuli neinu máli, sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags,

til lykta ráðið án umsagnar sveitarstjórnarinnar". Mér virðist þessi mgr. ekki eiga heima í þessum kafla, heldur mundi hún að mínu viti eiga heima í næsta kafla, um hlutverk sveitarfélaga, og þá sennilega kannske bezt sem c-liður við 10. gr., en ég hef ekki flutt neinar brtt. um þetta.

3. brtt. mín er við 2. gr., 1. mgr., að málsgr. orðist þannig: „Sveitarfélög eru þrenns konar, hreppar, kaupstaðir og sýslur." En í 1. mgr. 2. gr. stendur: „Sveitarfélög eru tvenns konar, hreppar og kaupstaðir." Sýslufélög eru auðvitað eftir eðli sínu sveitarfélög. Þannig hefur verið litið á bæði af löggjafa og fræðimönnum. Það mætti nefna þar til ótalmörg lög, sem sanna þetta, að þannig hefur verið litið á, t. d. sveitarstjórnarlögin, sem nú eru í gildi, nr. 12 frá 1927, þar sem þau geyma bæði ákvæði um sveitir og sýslur. Fræðimenn hafa enn fremur jafnan litið svo á. Ég get t. d. bent því til stuðnings á rit Þórðar Eyjólfssonar um Alþingi og héraðsstjórn, og aðrir fræðimenn, held ég, sem um þetta hafa skrifað, hafa litið á þetta sömu augum. Í þessu frv. er einnig auðvitað byggt á því eftir sem áður, að sýslufélög séu sveitarfélög. Strax í 3. gr. þessa frv. er talað um sýslur og kaupstaði, og í frv. hefur þótt sjálfsagt að setja ákvæði um sýslufélög, sbr. IV. kafla frv., sem fjallar um sýslufélög. Þó að 2. gr. yrði óbreytt samþykkt eins og hún nú er í frv., yrði auðvitað eftir sem áður að telja hér á landi vera þrjár tegundir sveitarfélaga, þ. e. a. s. hreppa, kaupstaði og sýslufélög. Skilgreining 1. mgr. 2. gr. sýnist þess vegna engan veginn fá staðizt og stangast á við raunveruleikann. Hins vegar hefði mjög vel mátt segja í 1. mgr. 2. gr., að í þessum lögum sé orðið sveitarfélag notað um hreppa og kaupstaði, ef það hefði verið meining þeirra, sem þetta frv. hafa samið, og við því hefði náttúrlega ekkert verið hægt að segja. Ég veit að sjálfsögðu, að orðið sveitarfélag er notað í daglegu máli í þrengri merkingu og þá fyrst og fremst notað um hreppa og kaupstaði.

4. brtt. fjallar um það að fella niður 9. gr. ásamt fyrirsögn. En það var svo, að í upphaflega frv., sem lagt var hér fyrir þingið í fyrra, var talað víða um meðlimi sveitarfélags. Heilbr.- og félmn. hefur yfirleitt fellt þetta niður, sem betur fer. Þó að það komi bæði fyrir mig og aðra að nota orðið meðlimur, þá er það ekki fallegt orð, að mér finnst, og heilbr.- og félmn. hefur í staðinn sett víðast hvar: þegnar sveitarfélags. Mér finnst, að það hefði allt eins verið eðlilegt að nota þau orð, sem hafa tíðkazt um þetta til þessa, og tala um hreppsbúa og íbúa sveitarfélags, en það eru þau sömu orð sem um þetta hafa verið notuð. Í 9. gr., í meginmálinu, hefur þessu verið breytt, meðlim í þegn sveitarfélags, en það hefur láðst að breyta fyrirsögninni. Ég sé nú ekki betur en skilgreining 9. gr. sé gersamlega óþörf. Það leiðir af öðrum ákvæðum, hverjir njóta réttinda og bera skyldur í sveitarfélagi, og ég held, að það sé ekkert gagn í svona skilgreiningu. Ég veit hún er tekin upp úr erlendum lögum, nokkurn veginn orðrétt þýðing, og hún er að sjálfsögðu skaðlaus, þó að hún standi þarna, og það, sem ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á með minni brtt., var, að það væri óeðlilegt, að fyrirsögnin stæði eftir sem áður. Nú sé ég, að heilbr.- og félmn. hefur gert hér brtt. við, þannig að hún hefur breytt fyrirsögninni, fellt niður þetta „meðlimir sveitarfélags" og tekið „þegnar sveitarfélags" í staðinn, og er þá samræmi í þessu frá nefndarinnar hálfu.

5. brtt. mín var aðeins orðalagsbreyting. Þar hefur nefndin gert orðalagsbreytingu, tekið upp í staðinn fyrir „meðlimi sveitarfélags": þegnar sveitarfélags. Ég get að sjálfsögðu tekið þessa brtt. mína aftur, þó að þar væri notað annað orð en þegnar sveitarfélags, og get ég fallizt á að nota „þegnar sveitarfélags", þó að það hafi hingað til yfirleitt verið notað í annarri merkingu en gert er ráð fyrir að nota það í þessum lögum.

7. brtt. mín var við 18. gr. og varðaði skilyrði til kosningarréttar og kjörgengis. Það er eftir gildandi lögum kosningarréttar- og kjörgengisskilyrði, að maður hafi óflekkað mannorð. Það var svo eftir upphaflega frv. En félmn. hefur fellt þetta ákvæði niður, og hún hefur vafalaust gert það með tilliti til lagafrv., sem hér liggja fyrir þessu þingi. Ég skal játa, að það er mjög umdeilanlegt, hvort réttmætt er eða heppilegt að gera óflekkað mannorð að skilyrði fyrir nautn opinberra réttinda, þ. á m. kosningarréttar og kjörgengis til sveitarstjórna, og sjálfsagt má segja, að skaðlaust sé, að afbrotamenn, hvers kyns sem eru, hafi kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum. En hitt býst ég við að ýmsum þyki óviðkunnanlegt, að þvílíkir menn séu kjörgengir í sveitarstjórn, geti tekið þar sæti. Ekki er ég í neinum vafa um, að réttindasvipting er engu minna aðhald að lögum en refsingar, eins og refsiframkvæmd hér á okkar landi er háttað, og á þeim tíma sem svívirðilegar líkamsárásir og alls konar svik eru tíð afbrot, þá er umhugsunarefni, hvort rétt er að kippa þessu aðhaldi brott. Þjóðfélagið má að mínum dómi ekki ganga of langt í linkind gagnvart afbrotamönnum. En það, sem einkum réð því, að ég setti fram þessa brtt., var það, að ég held, að heppilegt sé, að sem svipaðastar reglur gildi um skilyrði kosningarréttar í sveitarstjórnarmálum sem um kosningarrétt til Alþingis. Ég held, að annað geti leitt til ruglings og mistaka. En óflekkað mannorð er skilyrði kosningarréttar til alþingiskosninga, og því verður að sjálfsögðu ekki breytt nema með stjórnarskrárbreytingu. Mér skilst, að nefndin hafi fallizt á þessa brtt. mína, og ég skal þá ekki hafa um hana fleiri orð.

9. brtt. er um heiti formanns sveitarstjórnar. 8. brtt. er aðeins orðalagsbreyting, ég skal ekki fjölyrða um hana. En 9. brtt. er um það, að formaður sveitarstjórnar nefnist oddviti. Það var áður svo, að oddviti var heitið á þessum mönnum, jafnt formönnum bæjarstjórna sem formönnum í hinum nefndunum, og þannig er mælt fyrir í hinum eldri bæjarstjórnarlögum, að þar er heitið bæjarstjórnaroddviti notað, en í hinum yngri bæjarstjórnarlögum hefur heitið forseti verið tekið upp, og er það nú almennt notað. Mér finnst heitið oddviti fallegt og alveg nægilega virðulegt handa öllum formönnum í

þessum nefndum. Mér finnst sú forsetadella, sem hér gengur yfir landið, vera orðin hlægileg. Það vilja allir heita forsetar. Sé fundur haldinn, þar sem saman koma menn úr fleiri en einu sveitarfélagi, þá þarf fundarstjóri þess fundar helzt að heita forseti, og margs konar félög geta ekki haft annað heiti á sínum formönnum en forseta. Þetta finnst mér vera farið að ganga út í nokkuð miklar öfgar, og mér finnst satt að segja, að forseti Íslands og alþingisforsetar ættu að mestu að vera í friði með forsetaheitið. En þetta er kannske mín sérvizka. Ég skal ekki ræða mikið um þá brtt.

Hinar brtt. skýra sig sjálfar, og mér skilst, að nefndin hafi fallizt á 10. brtt., sem er auðvitað sjálfsögð og í samræmi við sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga.

Ég hef ekki flutt fleiri brtt., en vil þó taka fram, að það eru nokkur fleiri atriði, sem ég hef hnotið um í þessu frv., þó að ég hafi ekki lagt í það að flytja brtt. um það, og það eru nokkuð mörg atriði í þessu frv., sem eru þannig umhugsunarverð. Ég tek til dæmis undir það, sem fram kom hjá frsm., að það hefði verið æskilegt, að kjördagur gæti verið sá sami. Ég bendi á, að það væri ekki óeðlilegt, að þessi lög geymdu einhver hæfnisskilyrði fyrir bæjarstjóra og sveitarstjóra, og ég bendi t. d. á 33. gr. um ráðningartíma bæjarstjóra, sem mér finnst naumast vera í samræmi við dómsniðurstöður frá síðastliðnu sumri. Og ég bendi nú alveg sérstaklega á ákvæði III. kafla laganna um sviptingu fjárforræðis og skipun fjárhaldsstjórnar, en þar er um að ræða mörg lögfræðileg atriði, sem geta verið álitamál.

Ekki ætla ég að telja eftir kaup sýslunefndarmanna, það sem þeim er ákveðið hér í 103. gr. frv., þar sem það er ákveðið, að þeir skuli hafa 300 kr. á dag auk ferðakostnaðar, og það er sízt of mikið handa þeim. En ég verð að segja það, að dálitið finnst mér það hjákátlegt að ætla sýslunefndarmönnum um það bil ⅙ hærra dagkaup en alþingismönnum. Það er a. m. k. spurning, hvort þingfararkaupsnefnd ætti ekki að fara að athuga það mál.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Eins og ég sagði, þá er sjálfsagt ýmislegt álitamál í þessu sambandi, og mætti náttúrlega lengi deila um ýmis atriði í sambandi við svona mál, og það verður auðvitað aldrei svo úr garði gert, að allir verði um það á einu máli. En það er, eins og ég hef þegar sagt, mikið vandaverk að ganga frá lagasmíð sem þessari, og það ætla ég nú, að mönnum hafi orðið ljóst, m. a. við nokkrar ábendingar, sem hv. 5. þm. Austf. drap hér á áðan, að þetta er ekki svo létt verk sem ætla mætti, og það eru mörg atriði, sem þarf að taka til athugunar í sambandi við setningu svona lagabálks og þegar á að fara að steypa saman ákvæðum úr mörgum lögum og draga út úr einstökum lögum ýmis ákvæði, en láta þau lög þó standa eftir. Að mínu viti er það eitt álitamálið, hvort það var ástæða til að taka ákvæðin út úr lögunum um kosningar í sveitarstjórnarmálefnum og setja þau inn í þetta frv., hvort það hefði ekki verið allt eins skýrt, eins og verið hefur, að hafa sérstök lög um sveitarstjórnarkosningar. En að þessu ráði hefur verið horfið. En þá einmitt sýnir það sig, að það geta komið til ýmis ákvæði, sem þar þurfa athugunar við.

ATKVGR.
Brtt. 335,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 335,2 felld með 8:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 335,3 felld með 7:4 atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 335,4 tekin aftur.
— 372,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 335,5 tekin aftur.
— 372,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 335,6 tekin aftur.
12. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 372,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 335,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 335,8 tekin aftur.
— 372,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 335,9 felld með 8:5 atkv.
21. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 372,5 (ný 24. gr.) samþ. með 11:1 atkv.
25.—29. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 335,10 (ný 30. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 372,6 samþ. með 14 shlj. atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
32.—39. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 335,11 tekin aftur.
— 372,7 samþ. með 16 shlj. atkv.
40. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
41.—43. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 372,8 samþ. með 14 shlj. atkv.
44. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
45.—53. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 372,9 samþ. með 15 shlj. atkv.
54. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
55.—56. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 372,10 samþ. með 14 shlj. atkv.
57. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
58.—91. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
92.—110. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 383, 385).

Frsm. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 5. þm. Austf. *gagnrýndu nokkuð við 2. umr. frv. ýmis atriði* þess og hv. 3. þm. Norðurl. v. frv. í heild. Ég ætla mér ekki sem frsm. n. þeirrar, sem málið ber fram, að svara þessari gagnrýni lið fyrir lið. Ég vil einungis geta þess, að n. hefur haft frv. til meðferðar mánuðum saman, haldið um

það fjölmarga fundi og þrautrætt flest eða öll þau atriði, sem gagnrýni hv. þm. beindist að. Segja má, að atriði þessi flest orki meira eða minna tvímælis og um þau megi deila, og voru uppi um þau ýmsar skoðanir innan heilbr.- og félmn., og sýndist jafnan sitt hverjum. Ekki varð samkomulag um að bera fram brtt. aðrar en þær, sem þegar eru fram komnar, og nm. yfirleitt eftir atvikum sætta sig við frv. í þeirri mynd, sem það nú er, með þeim breyt., sem fram koma á þskj. 385, sem nefndin ber fram við þessa umr.

Á það hefur verið bent í umr. um málið, að undirbúningur þess sé allmikill. Það var samið af nefnd kunnáttumanna, og sú nefnd hóf starf sitt með því að útbúa spurningalista um ýmis veigamikil atriði um ýmis sveitarstjórnarmál. Síðan ritaði hún bréf til allra sveitarstjórna í landinu, sendi spurningalista með bréfinu, óskaði svars við spurningunum. Svör bárust frá 161 hreppsnefnd og 7 bæjarstjórnum. Frv. var síðan lagt fyrir síðasta Alþingi. N., sem fékk frv. til meðferðar, sendi það til umsagnar öllum sveitarstjórnum og sýslunefndum. Allmörg svör bárust, þó hvergi nærri eins mörg og í fyrra skiptið. Nefndin hefur síðan snemma á þessu þingi haft frv. til athugunar, og breytti hún því í nokkrum atriðum, að verulegu leyti eftir ábendingum frá ýmsum sveitarstjórnum, sem fram hafa komið í umsögnum þeirra, og auk þess í samráði við formann nefndar þeirrar, sem samdi frv. N. hefur haldið um það fjölmarga fundi, eins og ég sagði áðan, og rætt fjölmörg atriði þess. Eftir að n. bar frv. fram hér í hv. d. fyrir nokkrum vikum, hefur fulltrúaráðsfundur sambands sveitarfélaganna haft frv. til meðferðar og gert um það ályktun. Ýmsar brtt. þess fundar hafa nú verið teknar upp í frv. við 2. umr. þess. Þrátt fyrir allan þennan undirbúning og að maður skyldi ætla allvandaðan undirbúning málsins, dylst mér þó ekki, að mörg atriði frv. geta orkað tvímælis, og má eflaust lengi um þau deila. Á það er rétt að benda, að umsagnir sveitarstjórna og sýslunefnda um sama atriði voru stundum á ýmsan veg, einn vill haga tilteknu atriði á þennan veg, annar á hinn, enda er það ekki óeðlilegt um svo margþættan lagabálk sem hér er um að ræða. Sama má segja um afstöðu einstakra nm. í heilbr.- og félmn. Ég ætla, að seint verði hægt að gera frv. þannig úr garði, að allir verði ánægðir. Reynslan mun úr því skera, ef frv. þetta verður að lögum, hversu heppileg ýmis ákvæði þess eru, og gera má ráð fyrir, að síðar kunni að koma til kasta Alþingis með breytingar í þessum efnum.

Um brtt. á þskj. 385, sem heilbr.- og félmn. flytur við þessa umr., vil ég einungis segja þetta:

Fyrstu þrjár brtt. fjalla um það að taka upp heitin borgarstjórn, borgarfulltrúar og borgarráð í Reykjavík í stað bæjarstjórn, bæjarfulltrúar og bæjarráð. Er það til samræmis við heitið borgarstjóri. Þessar brtt. eru fram komnar eftir tillögum fulltrúaráðsfundar Sambands ísl. sveitarfélaga og að ég ætla með fullu samþykki bæjarráðs Reykjavíkur. Tvær síðustu brtt. eru fram komnar eftir ábendingum hv. 5. þm. Austf. Hin fyrri er einungis leiðrétting á tilvitnun, en hin síðari fjallar um það, hverjar reglur skuli gilda, þegar kosningar sýslunefnda eru bundnar, þegar viðhaft er framboð. Að öðru leyti þurfa þessar brtt. ekki skýringa við.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. 2. umr. þessa máls fór fram á fundi hér í d. s. l. föstudag. Við þá umr. benti ég á nokkur efnisatriði frv., sem ég taldi að þyrftu athugunar við, og vék því til hv. þn., sem málið flytur, að taka þau til athugunar. Nú á fundi í dag hefur verið útbýtt brtt. við frv. frá heilbr.- og félmn. Út af fyrir sig tel ég, að þær horfi til bóta, og ég mun fylgja þeim till. við atkvgr. En þar eru ekki nema að litlu leyti tekin til greina þau atriði, sem ég gerði að umtalsefni við 2. umr. Ég hef því hug á að flytja brtt., a. m. k. um eitt atriði frv. og ef til vill fleiri. En hvort tveggja er, að betur fer á, að brtt. við svona stórt frv. liggi fyrir prentaðar, þegar atkvgr. fer fram, og hitt, að ég vildi gjarnan eiga þess kost að kynna nm., sem standa að flutningi þessa máls og hafa fjallað um það með mjög nákvæmri athugun, betur en ég hef átt kost á efni þeirrar tillögu eða tillagna, sem ég hyggst flytja. Ég vildi því beina þeim tilmælum til hæstv. forseta, hvort hann sjái sér ekki fært að fresta þessari umr. nú til morguns. Ef hæstv. forseti sér sér það ekki fært, þá teldi ég ávinning að því að fá fundarhlé fáar mínútur til þess að gera þessa till. úr garði. En hinn kostinn kysi ég þó heldur, að málið yrði ekki tekið til endanlegrar afgreiðslu hér fyrr en á fundi á morgun.

Forseti (SÓÓ): Það hefur komið fram ósk um það, að þessari umr. yrði frestað. Þar sem þetta er nú síðasta umr. í þessari hv. d. um málið, þá sé ég ekki beint ástæðu til þess að vera á móti því, að umr. verði frestað til morguns. Málið ætti ekki að vera í neinni hættu fyrir því. Og ég geri ekki ráð fyrir, að hv. heilbr.- og félmn. hafi heldur á móti frestun. Málið mun þá verða tekið á dagskrá á morgun.

Umr. frestað.

Á 64. fundi í Ed., 21. febr., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 383, 385, 392, 395).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Á þskj. 395 flyt ég brtt. við 20. gr. þessa frv. Í gildandi lögum um sveitarstjórnarkosningar er svo fyrir mælt, að eigi sé skylt að kjósa varamenn í sveitarstjórn, þar sem kosning er óbundin, en það er að sjálfsögðu heimilt, og ef sú heimild er notuð, þá eru í lögunum fyrirmæli um það, að kosning varamanna hefjist, eftir að atkvæði aðalmanna hafa verið talin. Löng reynsla er fyrir því, að það er miklum annmörkum bundið að framkvæma kosningu varamanna í strjálbýlum og stórum sveitarfélögum, þar sem kjósendur þurfa að sækja á kjörstað um langan veg, samkvæmt þeirri reglu, sem um þetta gildir nú.

Í frv., sem nú liggur fyrir, er það gert að skyldu að kjósa varamenn í allar sveitarstjórnir. En engin ákvæði eru sett um það í frv.,

hvernig kosning varamanna, þar sem kosning er óbundin, skuli fara fram. Í brtt. minni á þskj. 395 er gert ráð fyrir því, að sú regla, sem nú er í lögum, haldist og að kosning geti farið fram samkvæmt henni, þar sem það þykir henta. En með tilliti til þeirrar reynslu, sem fengin er af framkvæmd þeirrar reglu, þá er jafnframt svo kveðið á í brtt., að séu varamenn ekki kosnir sérkosningu, eftir að atkvæði hafa verið talin við kosningu aðalmanna, þá er heimilt að láta kosninguna fara þannig fram, að kjósandinn ritar á kjörseðil allt að tvöfalt fleiri nöfn en tala þeirra manna er, sem kjósa á sem aðalmenn. Rétt kjörnir aðalmenn eru þeir, sem hljóta flest atkvæði. Þeir, sem hlotið hafa flest atkvæði næst á eftir aðalmönnum, eru rétt kjörnir varamenn í þeirri röð, sem atkvæðatölur segja til um.

Ég ætla, að með þeirri reglu, sem hér er sett fram, verði kosning varamanna gerð eins einföld, skýr og fyrirhafnarlítil og kostur er.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Í 2. gr. þessa frv. segir, að sveitarfélög séu tvenns konar: hreppar og kaupstaðir. Nú er því haldið fram af mörgum, að þetta sé ekki rétt, því að sveitarfélögin séu þrenns konar: hreppar, kaupstaðir og sýslur. M. a. hélt hv. 3. þm. Norðurl. v. þessu fram hér við umr. nýlega og flutti þá till. þess efnis, að í 2. gr. skyldi standa það, sem hann taldi rétt vera, að sveitarfélög séu þrenns konar: hreppar, kaupstaðir og sýslur. Þessi brtt. hv. þm. var felld, og var ég meðal þeirra, sem greiddu atkvæði gegn henni. En það var ekki af því, að ég teldi hann hafa rangt fyrir sér. Þvert á móti er ég þeirrar skoðunar, að það sé réttara og beri að halda því almennt, að sveitarfélög séu þrenns konar. Það, sem réð því, að ég greiddi atkvæði gegn þessari brtt. samt sem áður, var, að ég taldi, að með því að setja þessa breytingu inn í 2. gr. skapaðist nokkur glundroði, því að alls staðar í þessu stóra frv. er talað um sveitarfélög í merkingunni hreppar eða kaupstaðir. Þessu hefðum við þvi orðið að breyta að mínum dómi í gegnum allt frv., ef till. hefði verið samþykkt. Samt sem áður finnst mér óheppilegt að láta þessa skilgreiningu á, hvað sveitarfélög séu, lögfestast í þessari grein laganna. Ég hef því flutt brtt. um, að þetta yrði orðað á heldur hlutlausari hátt og fram tekið, að með sveitarfélögum væri í lögum þessum átt við hreppa og kaupstaði, án þess að afstaða væri tekin til þess almennt, hvort það skyldi gilda alls staðar.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. orðaði þessa uppástungu, þegar hann ræddi þetta mál fyrir nokkru, og með því að hann tekur hana ekki upp sem brtt. af sinni hálfu nú, leyfi ég mér að gera það, því að ég tel þetta vera til bóta, að orðalagið sé haft á þann veg, sem gert er í brtt. á þskj. 392.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það má nú segja, að í sambandi við þetta frv. geti lengi verið von á einum í ræðustólinn, því að frv. er stórt og fjallar um víðtæk málefni. Það hafa verið lagðar fram nú við þessa umræðu á seinna stigi tvær brtt. eða þó raunar þrjár. Ég vil segja það um þær, að ég tel þær til bóta báðar og vil mæla með þeim sem félagsmálanefndarmaður, þó að þær hafi ekki verið ræddar í nefndinni út af fyrir sig.

Ég tel, að aðaltill. hv. 5. þm. Austf. sé mjög til bóta, því að hún bætir úr óvissu, sem hlýtur að vera um, hvernig eigi að fara með kosningu varamanna samkvæmt frv., eins og það liggur fyrir, þar sem í sveitum hefur reynzt mjög örðugt, jafnvel talið óframkvæmanlegt víða að kjósa sama dag bæði aðalmenn og varamenn á þann rökréttasta hátt, sem þar er hægt við að hafa, að varamannakosningin fari fram, þegar búið er að telja atkvæði aðalmanna og úrskurða kosningu þeirra. Sú regla, sem hv. 5. þm. Austf. leggur til, að heimilt sé að viðhafa, leysir þennan vanda fyrir sveitarstjórnirnar á alleðlilegan hátt eða á þann hátt, að ég fyrir mitt leyti sé ekki ráð til þess að finna reglu, sem geri það öllu betur. Og ég þykist vita, að þetta komi sveitarstjórnunum beinlínis vel, því að í sambandi við athugun frv. í sveitarstjórnunum og bréf sveitarstjórnanna til félmn. voru fleiri en einn bréfritari að vekja athygli á því, að þarna væri um ógreinileg ákvæði að ræða.

Að því er snertir till. hv. 9. þm. Reykv., þá finnst mér hún til bóta sem orðskýring, einmitt af nákvæmlega sömu ástæðu og hann tilgreindi.

Í gær varð mér það ljóst, að 19. gr., eins og hún er í þessu frv., sem fyrir liggur, er mjög gölluð, og mér finnst ástæða til að laga hana. Seinasta málsgrein hennar er þannig fram sett, að hún er ekki sjálfstæð eða skiljanleg. Hún hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeim, er setið hefur í sveitarstjórn, er þó eigi skylt að taka við kjöri, fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi þrem dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri."

Hér er þegnum þjóðfélagsins gefinn réttur til að skorast undan að taka þátt í sveitarstjórnarstarfi, og hefur svo verið lengi, og það er sagt, að maður geti neitað að taka sæti eða vera í kjöri, þangað til jafnlangur tími er liðinn, síðan hann átti þar síðast sæti. Viðmiðunin „jafnlangur tími" er þarna ekki skilgreind. Viðmiðunartíminn er enginn. Ég fór að athuga lögin, sem gilt hafa frá 1936, og komst að þeirri niðurstöðu, að þessi málsgr. er tekin nákvæmlega orðrétt upp úr þeim, og þess vegna hefur hún eiginlega engar grunsemdir vakið. Ég fór að kynna mér sögu þessarar málsgr. lengra til baka, og þá komst ég að því, að í frv. til sveitarstjórnarlaga, sem lagt var fyrir Alþingi 1929, hafði þetta meginatriði fallið niður með breyt., sem Alþ. gerði á frv. Við breyt. hafði viðmiðunartíminn dottið út úr mgr.

Ég vil nú leyfa mér, af því að ég tel, að það sé fráleitt að ganga fram hjá þessu, þegar auga hefur verið komið á það, að leggja hér fram skrifl. brtt. á þessa leið, við 19. gr.:

„Síðasta málsgrein greinarinnar orðist svo: Þeim, sem setið hefur í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur, er þó ekki skylt að taka við kjöri, fyrr en liðinn er jafnlangur tími og hann

átti þar samfleytt sæti síðast, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi þrem dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn, að hann skorist undan endurkjöri."

Meining löggjafans hefur verið sú að undanförnu, þótt hún hafi ekki komið betur fram en þetta í lagasetningunni, að hver maður, sem setið hefur eitt kjörtímabil, hafi rétt til að skorast undan kosningu næsta kjörtímabil. Það gæti verið um það að ræða, að hver maður ætti rétt til þess að skorast undan að sitja í sveitarstjórn jafnlangan tíma og hann hefði alls áður setið í sveitarstjórn. En það er þó ekki meining löggjafans, að því er virðist, eftir þeim athugunum, sem ég gerði á sögu málsins, enda finnst mér ekki ástæða til að gefa þann rétt, heldur gera hann þannig, að miðað sé við þann tíma, sem maðurinn hefur setið samfleytt í sveitarstjórn.

Ég vona, að hv. þdm. geti fallizt á þessa brtt. *mína, sem er leiðrétting á síðustu mgr.* 19. gr., og leiðréttingu er a. m. k. sjálfsagt að gera. Þessi till. mín er, að leiðréttingin verði á þá leið, sem ég held að sé eðlilegust.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 401) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mér finnst þessi brtt., sem lýst var hér áðan, horfa til bóta. En það, sem ég vildi aðeins vekja athygli á og er þó nokkuð seint á þessu stigi málsins, er það, að ég held, að það sé ákaflega hæpið, eins og gert er í þessu frv. og gert er í samræmi við eldri löggjöf, að gera ráð fyrir því, að það sé borgaraleg kvöð að taka sæti í sveitarstjórn, í hvaða sveitarstjórn sem er. Eins og kosningum í bæjarstjórn er orðið háttað, þar sem það er algild og ófrávíkjanleg regla, að þar sé um pólitískar listakosningar að ræða, þá er í raun og veru engin skynsemi í því að telja það borgaralega kvöð að taka sæti í bæjarstjórn, að menn verði að taka við því að vera stillt upp af hvaða flokki sem líst það að taka nafn manns til þeirra hluta. Þegar um slíkar kosningar er að ræða, þá á að mínu viti að gilda sama regla og þegar um alþingiskosningar og framboð til þeirra er að tefla, að samþykki hlutaðeigandi þurfi til þess. Ég ætla ekki að koma fram með neina brtt. um þetta hér, ég geri ráð fyrir, að það sé erfitt að fara að breyta þessu á þessu stigi, en ég vildi aðeins láta þetta sjónarmið koma fram, að ég álít, að þetta sé ákaflega óeðlilegt og svo óeðlilegt, að ég efast um, að ef reyndi á það nokkurn tíma, þá mundi það verða skýrt á þá lund, sem orðin þó hljóða upp á.

ATKVGR.

Brtt. 392 samþ. með 9:2 atkv.
— 385,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 385,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 401 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 395,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 385,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 385,4 samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 385,5 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 395,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Sþ., 22. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 406).

Á 68. og 69. fundi í Nd., 23. og 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 28. febr., var frv. enn tekið til 1. umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Áður en þetta frv. um skipun nýrra sveitarstjórnarmála fer til nefndar, vildi ég mega segja örfá orð.

Megintilgangur þessa frv. er að sameina í einn lagabálk þau málefni, er varða bæjar- og sveitarfélögin í landinu. Það er mikil nauðsyn, að svo skuli gert, og verður til hagræðis fyrir sveitarstjórnir síðar meir.

Í þessu frv. er ekki að finna veigamikil nýmæli frá því, sem er í eldri lögum, þar sem þetta er aðalatriði þess. Hins vegar finnst mér, að það hefði mátt við endurskoðun þessara laga fella niður ýmis ákvæði, sem í raun og veru eru orðin úrelt og eru miðuð við aðrar aðstæður en nú er. Ég er yfirleitt fylgismaður þeirrar stefnu, að vald sveitarfélaga sé sem mest, innan þeirra eðlilegu takmarka, sem yfirstjórnin ákveður því, og að sveitarstjórnir, sem sinna sínum málefnum, svo sem gert er ráð fyrir, bæði um fjárreiður allar og skil á þeim gjöldum, sem þær vilja inna af hendi, eigi að hafa rúmar hendur um ráðstöfun á sínum fjárreiðum. *Þess vegna finnst mér, að ákvæði* 11. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að sveitarstjórnir verði að bera sín málefni undir sýslunefndir, séu að sumu leyti orðin úrelt og óeðlileg, þar sem er talað um, að sveitarstjórnir megi ekki selja eða veðsetja fasteignir eða kaupa nýjar fasteignir, án þess að til komi samþykki sýslunefnda. Það ber oft svo við, að sveitarstjórnir verða að taka ákvörðun um slík mál, eins og t. d. að nota rétt sinn til forkaupa á jörðum, án þess að geta haft samþykki sýslunefndar fyrir því, og mun þá framkvæmdin venjulega vera sú, að sýslumenn verði að gefa sitt samþykki eða synjun í viðkomandi máli upp á væntanlega afgreiðslu sýslunefndar. Mér finnst, að þetta ákvæði út af fyrir sig hafi tiltölulega lítið gildi, þegar það er framkvæmt á þennan hátt, eins og verður að framkvæma það, og í raun og veru finnst mér, að sveitarstjórnir hafi miklu betri aðstöðu til þess að meta þetta hverju sinni heldur en sýslunefndin hefur. Þess vegna vil ég benda þeirri hv. nefnd, sem mál þetta fær til meðferðar, á þessi atriði, hvort hún hefði ekki viljað skoða það, hvort nokkur ástæða er til að hafa þessi ákvæði eins og frv. gerir ráð fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 406, n. 559, 561).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., hefur verið athugað mjög gaumgæfilega í hv. heilbr.- og félmn. þessarar hv. d., og hefur n. komið sér saman um að leggja til, að frv. verði samþykkt, en ber þó fram allmargar brtt. við frv. á þskj. 561, sem ég skal nú gera nánari grein fyrir. En áður en ég ræði um brtt., vil ég mega benda á, að mál þetta hefur fengið allgóðan undirbúning, var sett m. a. í sérstaka nefnd, þar sem ráðuneytisstjóri félmrn. var formaður. Tillögur n. voru sendar til flestra sveitarfélaga á landinu, og komu margvísleg svör við þeim fyrirspurnum, sem sendar voru út, og á grundvelli þeirra svara hefur svo mþn. komið sér saman um að leggja fram frv. til sveitarstjórnarlaga.

Ef litið er á 110. gr., sést bezt, hversu mikil þörf hefur verið á að semja heildarlöggjöf, þar sem fjölmörg lög eru felld úr gildi, ef frv. verður samþ. Og með tilvísun til þess, sem ég hef hér sagt, þótti heilbr.- og félmn. rétt að hraða svo þessu máli, að það geti orðið að lögum á þessu þingi, og miðað brtt. sínar við það, að þær kæmu ekki til þess að valda neinum ágreiningi við hv. Ed., þótt frv. yrði breytt hér, svo sem lagt er til. Hins vegar eru ýmis ákvæði í frv., sem n. hefði viljað athuga nánar, en ekki gefst tími til þess að gera róttækar breytingar á í þetta skipti, og má þá síðar að sjálfsögðu koma þeim við, ef nauðsyn þykir.

Ég skal taka það fram, að ég hef rætt við hv. formann heilbr.- og félmn. Ed. og borið undir hann þær tillögur, sem hér verða til umr., og án þess þó að hann hafi haft tækifæri til þess að halda um það fund í nefndinni, hefur hann tjáð mér, að þær mundu, þótt samþykktar yrðu hér, ekki verða til þess að torvelda afgreiðslu málsins í Ed., og ætti það þá að geta orðið að lögum.

Meginið af þeim brtt., sem hér eru bornar fram, er leiðréttingar til samræmingar á orðum o. s. frv., sem ég skal nú sýna fram á.

1. brtt. er við 2. gr. Í stað orðsins „staðarmörk" í 2. mgr. komi: takmörk. Við höfum tekið eftir því í n., að sums staðar er notað orðið staðarmörk, annars staðar mörk o. s. frv., en n. hefur komið sér saman um að samræma þetta og nota orðið takmörk og þess vænzt, að á það verði fallizt. Aðrar brtt. eru ekki við þá grein, og er hér aðeins um leiðréttingu að ræða.

2. brtt., við 3. gr., er um, að í stað orðsins „mörkum" í 2. mgr. komi: takmörkum, sem er einnig til samræmingar, eins og ég hef tekið fram hér áður.

3. brtt. er við 5. gr. frv., að upphaf 2. mgr. orðist svo: „Ef skuldir slíks hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið" o. s. frv. eins og segir í gr. Þótti þetta orðalag heppilegra, og er þess vænzt, að það verði heldur enginn ágreiningur um þessa brtt.

4. brtt. er við 6. gr., að í stað orðsins „staðarmörk" komi: takmörk. Það er, eins og ég sagði áðan, til samræmingar á því að nota alls staðar orðið takmörk í staðinn fyrir mismunandi orð um sama hugtak, svo sem gert er í frv.

5. brtt. er við 7. gr., að í stað tölunnar „150" komi: 200. En í frv., eins og það er nú, segir svo í 7. gr.: „Ráðuneytið getur skipt hreppi samkvæmt beiðni hreppsnefndar, að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 150." N. þykir þessi tala of lág, og er því lagt til, að hún sé hækkuð upp í 200, enda er gert ráð fyrir þessari tölu annars staðar í frv., þ. e. í 6. gr., ef skipta á hreppi. Þar segir svo: „Nú er kauptún eða þorp með 300 íbúa eða fleiri í hreppi og hinn hluti hreppsins telur 200 íbúa eða fleiri, og hefur þá hvort um sig, kauptúnið eða þorpið annars vegar og sá hluti hreppsins, sem kauptúnið eða þorpið er ekki í, hins vegar, rétt til þess að vera sérstakt sveitarfélag." Hér er það gert að kröfu, að 200 íbúar séu á bak við kröfu um að skipta hreppi, og þá þykir einnig eðlilegt, að hér sé sett inn talan 200 í 7. gr. til samræmis við ákvæði 6. gr.

6. brtt. er við 8. gr. Í stað orðanna „ákveður ráðuneytið, hvernig með skuli fara" komi: sker ráðuneytið úr ágreiningi. Þetta er aðeins orðabreyting og breytir ekki neinu efnislega, svo að um það ætti ekki að vera neinn ágreiningur.

7. brtt. er við 17. gr. Í stað orðanna „í hvítasunnudag" í fyrri mgr. komi: á hvítasunnudag, og verður að skoðast sem hér sé aðeins um leiðréttingu að ræða.

8. brtt. er við 18. gr., að stafliður d falli niður. En stafliður d í 18. gr. hljóðar svo: „Kosningarrétt til sveitarstjórnar hafa allir, sem hafa óflekkað mannorð." Eins og hv. þm. kannast við, hafa verið flutt frumvörp um að breyta hér ekki færri en 20 lagafyrirmælum til þess að fella niður þetta ákvæði, að það sé skilyrði, að menn hafi óflekkað mannorð. Þetta ákvæði var sett inn í frv. í Ed., og er sjálfsagt ekkert samræmi í því, þegar búið er að fella það niður úr svo mörgum lögum í landinu, að setja það sem skilyrði hér, að menn hafi óflekkað mannorð frekar til þessara réttinda en til annars, sem hin önnur lög kveða á um, enda mun Ed. nú vera að ræða og samþykkja að fella þessi ákvæði niður í hinum fjölmörgu lagabálkum, og þess vegna er lagt til, að þetta verði einnig fellt niður úr þessu frv.

9. brtt. er við 27. gr. Í stað orðsins „atkvæðisefnið" í síðustu mgr. komi: það. Er því hér aðeins um leiðréttingu á máli að ræða.

10. brtt. er við 34. gr., að upphaf 2. mgr. orðist svo: Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og nefnda hennar, en hefur o. s. frv., eins og segir frekar í gr. En 34. gr. mælir svo fyrir nú í frv.: „Hann á sæti í bæjarstjórn og nefndum hennar" — og getur það ekki verið rétt, því að enginn á sæti í bæjarstjórn nema sá, sem kjörinn er í bæjarstjórn, en bæjarstjóri þarf ekki að vera meðlimur bæjarstjórnar, og þykir því nauðsynlegt að breyta þessu ákvæði. Getur ekki heldur verið hér um neinn ágreining að ræða.

11. brtt. er við 40. gr. Í stað „innheimtulaun 4%“ í 2. mgr. komi: innheimtulaun samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar, þó eigi yfir 4%. — Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að geta þess, að upphaflega í frv., eins og það var lagt fram, var ákveðið, að innheimtulaunin skyldu vera 2—4%. Það var einnig ákveðið þar, að hækka skyldi verulega þá upphæð, sem greidd er fyrir hvern meðlim í sveitarfélaginu, mig minnir úr 8 kr. upp í 25, og það réttlætt með því, að tekjur sveitarsjóðs í framtíðinni geta orðið allverulegar frá jöfnunarsjóði, en af þeirri innheimtu fá oddvitar eða sveitarstjórar engin umboðslaun. Nú hefur hv. Ed. breytt þessu og í staðinn fyrir 2—4% sett fast 4%. Það þótti heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. of hátt og væri of mikil greiðsla, þar sem um fjölmenni væri að ræða. Hins vegar þótti eðlilegra að leggja hér til, að gjaldið væri ákveðið af sveitarstjórn, en þó aldrei yfir 4%. Getur þá sveitarstjórn ráðið því sjálf, hvort hún greiðir 2%, 3% eða 4% í hverju tilfelli. Þess er vænzt, að um þetta verði ekki heldur neinn ágreiningur.

12. brtt. er við 43. gr. Upphaf 2. mgr. orðist svo: Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar o. s. frv., og er það í samræmi við fyrri till. sama efnis um bæjarstjóra, að þeir eiga ekki sæti í hreppsnefndum, heldur á fundum hreppsnefnda og nefnda þeirra. Um það getur ekki heldur orðið neinn ágreiningur.

13. brtt. er við 46. gr., að aftan við 1. mgr. bætist: Þó eigi lengur en til 31. marz næsta árs — þ. e. sá frestur, sem gefinn er bæjar- og sveitarstjórnum til þess að ganga frá fjárhagsáætlun. Hún á að vera tilbúin innan ákveðins tíma, eins og segir í greininni, en frest megi þó gefa, en þykir rétt að ákveða, að hann verði aldrei gefinn lengur en til 31. marz ár hvert. Og bliðurinn er um það, að í stað orðanna „skal vera regla“ í síðustu mgr. komi: skal vera meginregla. Hér er einnig um að ræða leiðréttingu á máli.

14. brtt. er við 47. gr. Í stað niðurlags 1. mgr. frá og með orðunum „sé ávaxtað á tryggum stað“ komi: sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið. N. þótti rétt, að það væri tekið beint fram í l., að það fé, sem sveitarstjórar eða oddvitar eða bæjarstjórar hafa undir höndum, sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, en það sé m. a. ekki ávaxtað á þeirra eigin reikningi, heldur séu vextir, sem af því kunna að koma, eign sveitarfélagsins. Það getur ekki heldur verið neinn ágreiningur um þetta atriði.

15. brtt. er við 55. gr. 1. málsgr. orðist svo: Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. — Í frv. er það þannig, að kosið skuli til fjögurra ára í senn. Reglan mun vera sú, að a. m. k. flest bæjarfélög og sum sveitarfélög kjósa sér endurskoðendur á hverju ári, og þykir eðlilegast, að það sé tekið sem föst regla upp í lögin.

Við 92. gr. er 16. brtt. Upphaf h-liðar orðist svo: Tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, sem hver um sig hefur fengið meirihlutafylgi sýslunefndarmanna, þegar skipa skal o. s. frv. En í frv. hljóðar liðurinn þannig: „Tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra.“ Það þótti rétt að taka það beint fram í l., að tilnefningunni væri hagað þannig, að hin þrjú hreppstjóraefni hefðu meirihlutafylgi sýslunefndar. Kemur þetta til af því, að það er vitað, að sá háttur hefur verið hafður á í a. m. k. sumum sýslufélögum, að oddviti sýslunefndar hefur talið sér heimilt að tilnefna einn mann, án þess að hann hefði fylgi meiri hluta sýslunefndar, og síðan að skipa hann sem hreppstjóra í viðkomandi hreppsfélagi, og er þetta gert til þess, að enginn ágreiningur sé um það, hvernig skuli fara með þessi mál, svo að það geti ekki valdið neinum misskilningi.

17. og síðasta brtt. er við 102. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo: Hann ávaxtar innstæðufé sýslunnar á öruggan hátt og geymir skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins. — Vísa ég um það til þess, sem ég sagði um fé, sem geymt er hjá sveitarstjórum eða oddvitum. Skal það ávaxtast að sjálfsögðu á reikning sýslunnar, en ekki sérstaklega á reikning sýslumanns.

Þetta eru þær brtt., sem n. gerir, og væntir hún þess, að þær verði samþykktar hér, og einnig, að ekki verði neinn ágreiningur um þessar breytingar, þegar kemur til hv. Ed.

Mér þykir rétt að geta þess hér, að það hefur verið rætt allmikið um 20. gr. frv. í nefndinni, og kom fram nokkur vilji um að breyta henni eins og hún var upphaflega á þskj. 383, en þessari grein er breytt í Ed., eins og sést á þskj. 406. Þessi grein hljóðar um kosningafyrirkomulag sveitarstjórna. En n. þótti ekki rétt að gera þá tillögu að taka upp aftur greinina óbreytta, eins og hún er á þskj. 383, en n. er ljóst, að það gæti verið nauðsynlegt síðar meir, þegar sýnt verður, hvernig ákvæðin koma til með að verka, að taka þessa breytingu upp aftur, og má þá gera það á síðara stigi málsins eða á næstu þingum, þegar vitað er, hvernig þessi ákvæði kunna að falla saman við óskir og þarfir þeirra manna, sem eiga við að búa.

Þá vil ég einnig leyfa mér að geta þess, að það voru nokkur önnur atriði, sem voru rædd, m. a. hvernig skyldi fara með, ef sveitarstjóri eða bæjarstjóri missti meirihlutaaðstöðu á kjörtímabilinu. En það þótti ekki rétt á þessu stigi málsins að taka upp ákvæði, sem kynni að valda ágreiningi.

Þá var að síðustu rætt allmikið um þann kafla í frv., sem ákveður um fjárreiður og fjárþröng sveitarfélaga, þ. e. frá 63. gr. og allt út að 91. gr. Hér eru tekin upp ýmis nýmæli frá því, sem nú er í lögum, og þau nýmæli sum þannig, að það er engan veginn fullt samkomulag um það í n., að þau ættu að lögfestast. En þessi nýmæli kveða svo á, að hægt sé að ganga að sveitarfélögum, setja þau undir skuldaskil og nauðasamninga eða raunverulega taka þau upp til fjárskipta. M. a. lít ég svo á, að hér sé gengið allt of langt inn á þá braut að selja eignir eða leita skuldaskila hjá sveitarfélagi, því að ég tel, að sveitarfélagið sé allt annað en einstakur aðili, og þess vegna hefði frá mínu sjónarmiði þessi kafli átt að bíða þar til síðar. Um það hefur ekki orðið samkomulag. Ég vil ekki gera um það ágreining, en ég vil

taka það fram, að ég tel, að það sé nauðsynlegt að endurskoða þennan kafla eins fljótt og verða má. Ég hafði m. a. borið fram í n. brtt. um, að á eftir 89. gr. kæmi ný grein, svo hljóðandi:

„Umleitun um nauðasamninga samkvæmt 67.—77. gr. eða skuldaskil samkv. 77.—81. gr. laga þessara má því aðeins framkvæma, að ráðuneytið hafi fyrirskipað nýjar sveitarstjórnarkosningar vegna fjármálaörðugleika sveitarfélagsins og meiri hluta hinnar nýkjörnu sveitarstjórnar takist ekki að bjarga fjárhag sveitarfélagsins á annan hátt."

Um þessa brtt. náðist ekki samkomulag. Og ég tel það svo mikils virði, að lagabálkurinn í heild nái samþykkt þessa þings, að ég féllst á að falla frá því að bera till. fram á þessu stigi. En mér þykir rétt að taka fram, að ég álít, að það sé alveg nauðsynlegt að setja hér einhverjar skorður við, því að það megi ekki fara með sveitarfélög í fjármálum eins og ætlazt er til að fari á venjulegan hátt með einstaklinga, og það er af tveimur ástæðum: Annars vegar, að það mundi veikja stórkostlega möguleika sveitarfélaganna til að fá lán, þegar viðkomandi lánveitandi er þess viss, að það sé hægt að ganga að sveitarfélaginu, gera það upp sem hvert annað þrotabú eða annaðhvort þvinga það eða leyfa því að gera nauðasamninga, þá mundi það rýra stórkostlega möguleika fyrir sveitarfélögin að halda sínu lánstrausti. En hin ástæðan er sú, að það er ekki hægt að ganga að sveitarfélögunum með allar þeirra eignir eins og hægt er að ganga að einstaklingum. Það er ekki hægt að ganga að vatnsveitum, rafmagnsveitum, barnaskólum, höfnum og ýmsum öðrum eignum, sem eru mikils virði og gæti verið skuldakröfuhafa mikils virði að eignast, ef selja mætti þær til tryggingar greiðslu á skuldum. Þetta er ekki hægt að gera með sveitarfélög. Þess vegna sýnist mér, að það eigi að reyna að finna einhverjar aðrar leiðir en taka sveitarfélög undir gjaldþrotaskipti, eins og gert er ráð fyrir í þessum lögum.

Ég vildi láta þetta koma fram, og komi ég til þess að sitja hér áfram á þingi, þá geymi ég mér allan rétt til þess að mega bera fram breytingar á þessum kafla. En eins og ég tók fram áðan, þá tel ég svo mikið unnið við það, að frv. nái nú fram að ganga, m. a. vegna þeirrar miklu vinnu, sem búið er að leggja í þetta frv., að það sé varla verjandi að láta það nú ekki verða að lögum á þessu þingi, þó að ýmsir ágallar séu á því frá mínu sjónarmiði og kannske annarra, sem um það kunna að fjalla.

Nefndin leggur því til einróma, að málið verði afgreitt með þeim brtt., sem bornar eru fram á þskj. 561, og væntir þess, að það nái fram að ganga, áður en þingi er slitið.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er ein brtt. á þskj. 561, sem ég vildi leyfa mér að gera aths. við, en það er 15. till., þar sem gert er ráð fyrir að breyta kosningu endurskoðenda. Í þessu frv. er yfirleitt gert ráð fyrir, að allar kosningar gildi til fjögurra ára, þ. e. eins og kjörtímabil sveitarstjórnar er, og var svo einnig með endurskoðendur. Ég sé ekki ástæðu til, að það þurfi að hafa þessa kosningu frábrugðna öðrum kosningum, sem fram fara hjá sveitarstjórnum, og ég álít, að það geti verið til þess að skapa meiri festu í störf þessara manna eins og annarra þeirra manna, er þarna starfa, að láta þá starfa heilt kjörtímabil. Ég lít svo á, að það sé einmitt skoðun þeirra, sem að málinu unnu í upphafi, að það ætti að skapa þessa festu með því að gera ráð fyrir, að starfsmenn allir væru yfirleitt ráðnir heilt kjörtímabil. Þess vegna finnst mér, að þessi breyting sé til hins verra. Og ég vildi leyfa mér að mælast til þess við hv. n., að hún félli frá þessari brtt., því að ég sé ekki, að hún sé á neinn hátt til bóta, því að það er ekki frekar ástæða til að ætla, að lélegir menn veldust í endurskoðun, heldur en í önnur störf, sem þó er ætlazt til að þeir sinni í fjögur ár. Af þessari ástæðu leyfi ég mér að fara fram á það við n., að hún taki þessa tillögu til baka.

Ég hefði gjarnan viljað, að n. hefði gert hér fleiri brtt., eins og t. d. við 11. gr., þar sem gert er ráð fyrir valdsviði sýslunefnda gagnvart hreppsnefndum. Ég benti á það við 1. umr. málsins, að þetta væri orðið úrelt fyrirkomulag, sem við notuðum yfirleitt ekki í daglegum störfum og ættum þess vegna ekki að halda í. En þrátt fyrir það, þó að þessar breytingar hafi ekki verið gerðar, þá tel ég málið mjög til bóta frá því, sem er, og vil, að það nái fram að ganga, þó að ég hefði talið æskilegra, að þessi breyting hefði einnig verið á gerð.

Frsm. (Gísli Jónsson): Út af ræðu hv. þm. vil ég taka það fram, að þetta var mjög rætt í n., og n. sá ekki ástæðu til annars en að þetta væri sett inn vegna þeirrar venju, sem þegar hefur skapazt hjá fjöldamörgum sveitarfélögum, að þau kjósa endurskoðanda til aðeins eins árs í senn. Ég sé ekki heldur, að það sé neitt athugavert, þó að það standi í l., því að ef sveitarstjórnir hefðu fengið svo ágæta menn, að þær vildu ekki missa þá, þá hafa þær að sjálfsögðu alla möguleika til þess að endurkjósa þá á hverju ári, svo að ég sé ekki, að það þurfi að breyta neinu um það. En annars var þetta mjög rætt í n., og vegna þeirra umr. og þess, sem þar fram kom, sé ég ekki ástæðu til þess að tefja málið með því að taka það aftur í n. og ræða þar þessa till. á ný.

Sama er um ábendingar hans í sambandi við 11. gr. Það var mjög rætt í n., þetta atriði, sem kom fram hjá honum við 1. umr., og n. gat ekki fallizt á annað en að halda þessu eins og það er í frv. Ég ræddi þessi atriði og alveg sérstaklega atriði 11. gr. mjög við ráðuneytisstjórann, sem hélt því mjög fast fram, að hann óskaði eftir, að 11. gr. væri haldið þannig óbreyttri og það væri ekki fallið frá þeirri skyldu að leita álits sýslunefndar um þetta atriði, áður en gengið væri frá því.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths., sem ég vildi hér gera, og það er út af 16. brtt. hv. n. Hún er ekki til bóta og stenzt raunverulega ekki. Sú regla hefur verið viðhöfð, þegar tilnefndir eru hreppstjórar í sýslunefndum, að þeir eru skoðaðir rétt kjörnir, sem flest fá atkv., og ástæðulaust að vera

að breyta þeirri reglu. En að till. stenzt ekki, byggist á því, að það er alveg eins í sýslunefndum og bæjarstjórnum og hreppsnefndum heimilað að hafa hlutfallskosningu, og ef hlutfallskosningar eru hafðar við um val hreppstjóraefna, þá leiðir það af sjálfu sér, að ef minni hl. kemur að einum manni, þá hefur hann ekki meiri hluta atkv. allra sýslunefndarmanna. Ég vil þess vegna fara fram á það við hv. n., að hún taki þessa till. aftur, því að hún er alveg óþörf, því að um þetta gilda og eiga að gilda sömu reglur sem um allar kosningar í sveitar- og bæjarstjórnum og í sýslunefndum, enda er það alltaf varasamt fyrir þingnefndir að breyta til um frv., sem hafa verið jafnþrautundirbúin og þetta frv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta neinar kappræður um þetta mál. En ég vil segja það í fyrsta lagi, að það er svo um suma aðra starfsmenn, sem kosnir eru til fjögurra ára, að það er náttúrlega möguleiki til þess að endurkjósa þá. Hins vegar verður framkvæmdin sú, ef endurskoðendur eru kosnir aðeins til eins árs í senn, þá endurskoða þeir þá reikninga, sem þá liggja fyrir, og er ekki litið á þá sem endurskoðendur á milli þátta. Ef þeir hins vegar eru kosnir til fjögurra ára, eru þeir alltaf til kvaddir, og þeir ættu hægara með að hafa áhrif í sínu starfi, ef þeir væru kosnir allt kjörtímabilið. Og mér finnst óeðlilegt, að þeir séu teknir út úr þeim ramma, sem yfirleitt miðar hér við það, að þessi störf séu öll til fjögurra ára, og er það auðvitað út frá því, að meiri festa skapist um hreppsmálin með þeim hætti. Þess vegna vil ég enn á ný biðja hv. n. að athuga þetta mál, því að þetta er sízt til bóta, en gæti hins vegar orðið til hins verra, því að það hvílir vissulega meiri ábyrgð á endurskoðanda, sem er kosinn til fjögurra ára í senn, heldur en þeim, sem er kosinn til þess að afgreiða eina reikninga.

Út af 11. gr. vil ég segja það, að það er jafnrétt, sem ég benti hér á við 1. umr. þessa máls, að þessi ákvæði, álit sýslunefnda, sem þarna er gert ráð fyrir að þurfi að leita eða fá samþykki til, þau eru jafnúrelt og þýðingarlaus, þó að ráðuneytisstjóri eða einhver annar hafi lagt sína blessun yfir þau. Ég vil segja það, að þegar er verið að setja nýja löggjöf, á hún að miðast við þær aðstæður, sem nú eru fyrir hendi, en ekki við þá framkvæmd, sem eðlileg var, þegar þau lög voru sett, sem við erum nú að afnema.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég get ekki verið sammála hv. 3. þm. Vesturl. um það, að það sé til hagræðis fyrir sveitarfélögin að binda kosningu endurskoðenda við fjögur ár í stað þess að binda hana við eitt ár, eins og brtt. gerir ráð fyrir. Það er meginregla, ég held yfirleitt hjá öllum sveitarfélögum, a. m. k. hinum stærri sveitarfélögum, að þau kjósa endurskoðendur til eins árs í senn. Þeir endurskoðendur hafa sitt kjörtímabil aðstöðu og þeim ber að fylgjast með reikningshaldi sveitarfélagsins, ekki aðeins þann tíma, sem það er lagt fyrir þá til endurskoðunar, heldur einnig það ár, sem þeir eru kjörnir endurskoðendur. Ef kosningin væri bundin við fjögur ár, gæti skapazt sú aðstaða, þar sem þetta er undantekningarlaust unnið í hjáverkum, að ástæður hins kjörna endurskoðanda hefðu breytzt þannig, að hann ætti erfitt með að gegna sínum skyldum, og væri frekar hætta á, að hann vanrækti þær, heldur en ef hann væri aðeins kosinn til eins árs, eins og nú er almennast. Ég tel því þá breyt., sem n. hefur gert í þessu efni, vera sjálfsagða og byggi mína afstöðu á þeirri reynslu, sem ég hef í þessu, að það getur að mínu áliti verið varhugavert að binda endurskoðendur til 4 ára, eins og hv. 3. þm. Vesturl. hefur bent á.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég hafði haldið, að hæstv. forseti hefði nú eins og venjulega hlé kl. 4, en ég skal ekkert skorast undan því að ræða þessi mál hér, þó að það verði til kl. 7 í dag. Hins vegar tel ég það mjög óheppilegt gagnvart þeim mönnum, sem sitja hér allar stundir og ráðstafa þeim tíma, sem talið er eftir venjunni að sé hægt að ráðstafa til annarra starfa, m. a. til viðtala við ýmsa menn, að bregða út af þeirri venju að fresta fundi milli 4 og 5. Svo skal ég ekki ræða það nánar.

Hv. 2. þm. Norðurl. v. (JPálm) gat þess, að 16. brtt. n. fengi ekki staðizt, því að það væri venja að skipa manninn hreppstjóra, sem hefði flest atkv. (**JPálm:** Það sagði ég ekki.) Hvað, hef ég tekið rangt eftir? (**JPálm:** Ja, þeir væru tilnefndir, þeir þrír menn, sem flest fá atkv.) Tilnefndir þeir þrír menn, sem flest fá atkv. Ég þekki þau dæmi, að mörgum sinnum hefur oddviti sýslunefndar alveg einn tilnefnt mann sem hreppstjóra og talið sér heimilt að tilnefna hann sem einn af þremur og veitt honum hreppstjóraembættið, þótt enginn annar hafi stutt það. Og það tel ég að eigi ekki að þola. En þetta er mér kunnugt um. Og það er þess vegna, sem þessi tillaga er fram komin, að fyrirbyggja slíkt einræði í skipun hreppstjóra. Það er hins vegar algerlega rangt hjá hv. þm., að till. fái ekki staðizt. Hér segir í 92. gr.: „Hlutverk sýslufélaga er að annast . . . tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra, en sýslumaður skipar einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra." Hér er honum ekki lagt það á hendur að skipa þann manninn, sem mest hefur fylgi og mestan trúnaðinn hefur, síður en svo. Honum er ekki einu sinni markaður bás til þess að verða að taka einhvern af þeim þremur mönnum, sem þó hefði fengið meiri hluta í sýslunefndinni, heldur gæti hann vel, eftir því sem lögin eru, útnefnt sem hreppstjóra þann manninn, sem ekkert fylgi hefur nema frá honum sjálfum, eins og hefur verið gert og ég bent á. Ákvæðið mundi því hljóða þannig, ef okkar till. er samþykkt: „Hlutverk sýslufélaga er að annast . . . tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, sem hver um sig hefur fengið meirihlutafylgi sýslunefndarmanna." Eða m. ö. o.: það er ekki hægt fyrir sýslumann að útnefna mann til þess að vera hreppstjóri, nema viðkomandi maður hafi fengið meiri hluta atkv. þessara manna. Ef á að taka þrjá menn til út-

nefningar, geta þeir allir fengið meiri hluta atkv. til útnefningar. Síðan fer fram um þá kosning. Ef þetta yrði samþykkt, er ætlazt til þess, að útnefningin sé þannig, að meiri hluti sýslunefndarmanna sé sammála um, að einhver af þessum þremur mönnum verði hreppstjóri. Ef sá háttur er tekinn upp að láta þann, sem hefur flest atkv. í sýslunefnd, verða hreppstjóra, þá er það vel hægt fyrir því, en það segir ekkert um það í l., svo að ég get ekki fallizt á að taka till. aftur og tel ekki nauðsynlegt að fresta málinu, til þess að n. ræði sérstaklega þetta atriði. Það er hins vegar opið hv. þm. og hverjum öðrum að gera brtt. við þessa till., og þá vitanlega kemur það til atkv. hér í þingi, og hefur n. sjálfsagt ekkert á móti því.

Það sama er um aths. frá hv. 3. þm. Vesturl., að við höfum margrætt þetta atriði í n. Við sjáum því ekki ástæðu til þess að taka þessi atriði aftur til umr. í n., það yrði til þess að tefja málið, ég veit, að það mundi ekki breyta neinu um það. Það er hins vegar opið fyrir hann að bera fram brtt. á þessu sviði og sjá svo, hvort meiri hl. Alþingis fylgir því.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að ræða málið nánar, nema frekari ástæða gefist til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 406, n. 559, 561, 581).

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 561,1 samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 561,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 561,3 samþ. með 26 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 561,4 samþ. með 25 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 561,5 samþ. með 22:2 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 561,6 samþ. með 24 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
15.—16. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 561,7 samþ. án atkvgr.
17. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 561,8 samþ. með 24 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 561,9 samþ. með 22 shlj. atkv.
27. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
31.—33. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 561,10 samþ. með 26 shlj. atkv.
34. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
35.—39. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 561,11 tekin aftur.
40.—42. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 561,12 samþ. með 24 shlj. atkv.
43. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
44. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
45. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 561,13 samþ. með 25 shlj. atkv.
46. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 561,14 samþ. með 25 shlj. atkv.
47. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
48.—54. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 561,15 samþ. með 21:2 atkv.
55. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
56.—91. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur athugað till. á þskj. 581, og hún hefur orðið sammála um að taka aftur till. sína á þskj. 561, 16. brtt., við 92. gr., og leggur til, að brtt. á þskj. 581 verði samþ.

Brtt. 561,16 tekin aftur.
— 581 samþ. með 17:4 atkv.
92. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
93.—101. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 561,17 samþ. með 21 shlj. atkv.
102. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
103.—109. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
110. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 618, 619).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál tók ég aftur till. nr. 11 í brtt. n., við 40. gr., og ber nú fram aftur fyrir hönd heilbr.- og félmn. brtt. við 40. gr. á þskj. 619, svo hljóðandi: „Aftan við greinina bætist: nema sveitarstjórn ákveði annað. — Mundi þá 2. málsgr. 40. gr. hljóða þannig: „Auk launa þeirra, sem ræðir um í 1. málsgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að innheimta hjá gjaldendum hreppsins, nema sveitarstjórn ákveði annað.“ Með þessu er það ákveðið, að aðalreglan skuli vera 4%, hins vegar sé heimilt sveitarstjórn að ákveða lægra innheimtugjald eða hærra, eftir því sem henni þykir við eiga á hverjum tíma, og er með þessari breyt. gefið meira vald í hendur sveitarstjórnanna að ákveða um þetta atriði, og er þetta í samræmi við ósk, sem komið hefur fram frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Væntir n. þess, að brtt. verði samþ. og málið afgr. þannig.

ATKVGR.
Brtt. 619 samþ. með 24 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 644).

Á 84. fundi í Ed., 25. marz, var frv. tekið til einnar umr.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Þessi hv. deild og þó sérstaklega heilbr.- og félmn. hennar lagði mikla vinnu í það að endurskoða frv. til sveitarstjórnarlaga á sínum tíma, athugaði bendingar, sem komu frá þeim, sem frv. hafði verið sent til umsagnar, og breytti frv. á ýmsa lund á þann hátt, sem ég vil halda fram að hafi verið til bóta. En þrátt fyrir þessa endurskoðun okkar hefur nú hv. Nd. gert sínar brtt. við frv., og kemur þar að mínu viti ekki aðeins til greina, að betur sjá augu en auga, heldur líka hitt, að sitt sýnist hverjum, eins og gengur. Til að flýta fyrir málinu, en málið má telja þarft og nauðsynlegt, að það gangi fram, þá boðaði formaður heilbr.- og félmn., hv. 5. landsk., til fundar í n. í morgun til þess að athuga brtt. þær, sem samþykktar voru í Nd., og bera þær saman við frv., eins og það áður var. Á fundinum mættu þrír úr n., tveir voru fjarstaddir. Þessir þrír voru formaðurinn, hv. 3. þm. Vestf. og ég. Og mér var falið að gera grein fyrir þeim niðurstöðum, sem urðu á þessum fundi okkar. Nú hefur fjórði nefndarmaðurinn, hv. 9. þm. Reykv., kynnt sér þessar niðurstöður okkar og gefið mér heimild til að lýsa því yfir, að hann er samþykkur niðurstöðum þeim, sem urðu á fundinum í morgun.

Ég vil nú í stuttu máli fara yfir breytingar, sem orðið hafa, frá því að við skildum við frv. eða sendum það til Nd. Ef menn hafa frv. fyrir framan sig, þá mun vera auðveldara að átta sig á því fyrir menn, hverjar breytingarnar eru, um leið og ég les þær.

Gerð hefur verið breyting á 2. gr. og tekið þar upp „takmörk" í stað orðsins „staðarmörk", en áður var í þessu sambandi: „Staðarmörk sveitarfélaga skulu vera hin sömu og nú eru, en ráðuneytið getur breytt þeim" o. s. frv. Orðið staðarmark er ekki sérstaklega algengt orð, en það skýrir sig mjög vel sjálft. Þar er átt við merkjalínur milli sveitarfélaga. Hv. Nd. hefur ekki fallið vel þetta orð, fellt það niður og tekið upp í staðinn „takmörk" og breytt á öðrum stöðum orðunum staðarmörk og mörk, sem sums staðar var notað í þeirri styttingu, í takmörk. Nú litum við svo á í nefndinni, að orðið takmörk væri tæplega eins heppilegt og staðarmörk. Orðið takmörk er margrætt nokkuð og táknar ekki eins skilmerkilega það, sem hér er átt við. Takmörk eru ekki aðeins endamörk, heldur líka eru takmörk t. d. það, sem sótt er til, haft er að stefnumörkum. En þrátt fyrir þetta, þó að við teljum þessa breytingu heldur til hins verra, þá teljum við ekki rétt að ómaka frv. til Nd. aftur fyrir ágreining út af því. Það mun ekki valda misskilningi, hvað við er átt, þó að orðið sé misheppnað hjá þeim, sem hafa sett það inn.

Þá er það önnur breytingin, í 3. gr. Hún er alveg í samræmi við þetta.

Við 5. gr. er líka breyting. Upphaf 2. málsgr. orðist svo, segir þar: „Ef skuldir hrepps eru svo miklar, að þær torveldi sameiningu hreppanna, má ráðuneytið" o. s. frv., þar sem áður stóð: „Ef skuldir hrepps eru svo miklar, að til vandræða horfi, má ráðuneytið". Hér er engin nauðsyn fyrir breyt., en hún er frekar til bóta að mínu áliti og okkar í nefndinni.

4. breytingin er snertandi staðarmörk, en 5. breytingin er við 7. gr. Þar segir, eins og nú er komið: „Ráðuneytið getur skipt hreppi samkvæmt beiðni hreppsnefndar, að fengnum meðmælum sýslunefndar, enda verði íbúatala hvors hrepps, eftir að skipt hefur verið, eigi lægri en 200." En í frv., eins og það fór frá okkur, segir: „eigi lægri en 150". Þarna er dálítil efnisbreyting. Þeir, sem fengu frv. til umsagnar, voru ekki á einu máli um, hvaða tölur skyldi hafa þarna. Við í heilbr.- og félmn. hölluðumst að því að taka töluna 150, en við viljum ekki leggja til, að um þetta verði ágreiningur milli þingdeildanna og málið verði tafið vegna þessarar breytingar. Telja má rétt, að sú stefna yrði framvegis uppi, að því er snertir stærð sveitarfélaga, að frekar yrðu sveitarfélög sameinuð og þar með stækkuð heldur en sveitarfélögum skipt og þau yrðu minnkuð. Aðstaða sveitarstjórnarstarfa hefur svo stórkostlega bætzt í landinu fyrir betri samgöngur og síma o. s. frv., að lítil ástæða er þess vegna til að hafa sveitarfélögin smá. Menn geta náð saman til samstarfs í stórum sveitarfélögum með miklu léttara móti en áður var í litlum félögum meira að segja.

Þá er það 6. brtt. Hún er við 8. gr. Í stað orðanna „ákveður ráðuneytið, hvernig með skuli fara" komi: sker ráðuneytið úr ágreiningi. — En þar er átt við þetta: Ef ekki fæst samkomulag um fjárreiður hreppa, þegar þeir eru sameinaðir eða þeim er skipt samkvæmt 4., 6. og 7. gr. þessa frv., ákveður ráðuneytið, hvernig með skuli fara. Eins og ljóst liggur fyrir, hefði ekki verið nein nauðsyn þessarar breytingar. Hins vegar er orðalagið eins og Nd. vill hafa það alls ekki verra.

Þá er 7. breyt. Hún er við 17. gr., og hún er aðeins prentvilluleiðrétting, að í staðinn fyrir „í hvítasunnudag" komi: á hvítasunnudag, og þurfti nú varla að vera svo hátíðleg leiðrétting, að hún væri sett inn á þskj. Vitanlega hefur enginn á móti henni.

Þá er 8. brtt. Hún er við 18. gr., um það, að stafliður d falli niður, en það er um, að kosningarréttur miðist við það, að menn hafi óflekkað mannorð. Þessi breyting hefur verið gerð í Nd. til samræmis við aðrar þær breytingar í lögum, að því er hliðstætt ákvæði varðar, sem hafa verið upp teknar. Við í heilbr.- og félmn. höfðum á sínum tíma gert ráð fyrir því, að þetta félli niður, en vegna þess að fulltrúaráð sveitarfélaganna, sem hélt fund sinn, meðan málið var í athugun, óskaði eftir því, að þessi liður væri ekki niður felldur, þá létum við hann standa. En við sjáum enga ástæðu til þess að fara að breyta frv. hér aftur, þegar Nd. hefur samþykkt það með þessari breytingu, því að það getur ekki valdið svo miklum ágreiningi meðal sveitarfélagsmanna, þó að þetta ákvæði gildi gagnvart þeirra kjöri, að ekki þurfi óflekkað mannorð, að það sé nokkur ástæða til að fara í stríð út af því, enda mundi það liggja fyrir fljótlega, að þessu yrði breytt, þegar fullkomlega yrði búið að samræma alla löggjöf á þennan hátt.

Þá er 9. liðurinn. Hann er við 27. gr., að í stað orðsins „atkvæðisefnið" í síðustu málsgr.

komi fornafnið „það". Þetta er leiðrétting, sem við teljum ekki sérstaklega til bóta, en í greininni var þetta svona, þegar það fór frá okkur: „Á sveitarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Ef jafnmörg atkv. eru með málinu og móti því, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, þá ræður hlutkesti." Af því að viðbótarsetningin: „nema við kosningar, þá ræður hlutkesti" fylgir, tel ég, að orðið „það" eigi lakar við heldur en orðið „atkvæðisefni", því að það miðast við málefni, og kosning verður síður flokkuð undir málefni, en atkvæðisefni er hún alltaf.

Þá er það 12. liðurinn í brtt., við 43. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo: „Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar." (**Gripið fram í:** 10. liður.) Það er 12. liður hér í því skjali, sem ég hef fyrir framan mig, en það hafa verið teknar aftur sumar till., og það veldur því, að það ber ekki saman, ef talið er. — „Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar" o. s. frv. 43. gr., þannig hljóðaði hún: „Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar". Það er áreiðanlega til bóta að segja, að sveitarstjóri eigi sæti á fundum, en ekki sæti í hreppsnefnd. Í raun og veru á hann ekki sæti í hreppsnefndinni, en hann á að eiga sæti á fundum hennar. Hins vegar hefur hv. Nd. láðst að laga málsliðinn til enda, svo að honum fylgir óþarfur hali, því að málsliðurinn hljóðar þá þannig, eins og nú er komið: „Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar." Eðlilegra hefði verið: *hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt.* — Ég nefni þetta af því, að það lítur út fyrir, að þetta og fleira af breytingunum eigi að vera hrein málfegrunaratriði.

Sama breyting er gerð á atriði, sem snertir bæjarstjóra: „Bæjarstjóri á sæti á fundum", en ekki „í sveitarstjórn", eins og í frv. stóð upphaflega. Nú á hann sæti á fundum eins og sveitarstjórinn, og það er til bóta.

Þá er það breyting við 46. gr. Þar segir: „Ráðuneytið getur veitt bæjarstjórnum og sýslunefndir **hreppsnefndum undanþágu frá** því að gera áætlanir um tekjur og gjöld fyrir áramót, **þegar brýnar ástæður eru fyrir hendi.**" Nd. vill takmarka réttinn til undanþágunnar, tímatakmarka hann þannig að bæta við: „þó eigi lengur en til 31. marz næsta ár." Við sjáum ekki, að við þetta sé neitt að athuga. Undir flestum eða öllum kringumstæðum ættu sveitarstjórnir að geta gert áætlun sína fyrir 31. marz, þó að hins vegar geti verið óþægilegt undir ýmsum kringumstæðum að ganga frá áætlun fyrir árslok á undan.

Svo er b-liður við 46. gr. Það er síðasta málsgr. samkvæmt frv., eins og það fór frá okkur: „Fjárhagsáætlun samkvæmt gr. þessari skal vera regla um upphæð gjalda í sveitarfélaginu og fjárstjórn þar á reikningsárinu." Breytingin hjá Nd. er á þá leið, að í stað orðanna „skal vera regla" í síðustu málsgr. komi: skal vera meginregla. Það er nokkur blæmunur á því, hvort sagt er, að eitthvað skuli vera regla eða meginregla. Með orðinu meginregla er gefið í skyn, að frávik kunni að geta átt sér stað í einhverjum efnum. Við teljum þess vegna, að með þessu orði og þessari orðabreytingu sé frekar linað á, þannig að það sé gefið undir fótinn með frávik. Það teljum við ekki vera til bóta, þó að hins vegar sé vitað mál, að ekki sé hægt að fylgja áætlun alveg bókstaflega. En þá þarf sérstakar samþykktir sveitarstjórnar til, þegar frávik eru gerð, en við teljum óþarft að lina á um það, að sem minnst eigi frá að víkja. En ekki er ástæða til að gera um þetta svo mikinn ágreining að tefja frv. þess vegna.

Þá er það breyting við 47. gr., sem er afar meinlaus, að í stað niðurlags í 1. málsgr., frá og með orðunum „sé ávaxtað á tryggum stað" komi: sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað, eftir því sem við verður komið. — Þetta er um það, að sveitarstjórn eigi að gæta þess, að fé það, sem hún hefur í vörzlum, sé vel geymt, en Nd. bætti inn í: „sé ávaxtað og varðveitt á tryggum stað". Þetta er nú svo sem ekki nauðsynjabreyting, því að hitt liggur í hlutarins eðli, en þó alls ekki breyting til hins lakara.

Þá er 55. gr., að í 1. málslið 1. málsgr. verði orðalagið þannig: „Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum." Breytingin er í því fólgin, að í frv. er gert ráð fyrir, að endurskoðendur séu kosnir til fjögra ára. Nú vill Nd., að endurskoðendur séu kosnir til eins árs í senn, að loknum hverjum *sveitarstjórnarkosningum, og þá* vitanlega endurtekin kosning á kjörtímabilinu. Ekki teljum við þetta þurfa að vera ágreiningsefni milli deildanna.

Þá er það breyt., sem Nd. hefur gert skv. till. á þskj. 581. Hún er við 92. gr., h-lið hennar, en h-liðurinn var þannig orðaður, eins og við gengum frá frv., — fyrst segir: „Hlutverk sýslufélaga er að annast" — og svo kemur upptalning og h-liðurinn er á þessa leið: „Tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra, en sýslumaður skipar einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra." Nd. hefur breytt þessum lið á þá leið: „Tilnefningu þriggja hreppstjóraefna, þegar skipa skal hreppstjóra. Eru þeir tilnefndir, sem flest atkvæði fá, enda sé hlutfallskosning heimil. Sýslumaður skipar síðan einn hinna tilnefndu manna sem hreppstjóra." Efnisbreytingin er sú ein, að bent er á, að heimil sé hlutfallskosning, og þó að sú ábending geti varla talizt nauðsynleg, þá lítum við, sem höfum athugað þetta í félmn., svo á, að ekki geti þetta verið mikið ágreiningsefni.

Þá er breyt. á 102. gr., 2. málsl. 1. mgr. — 1. mgr. hljóðaði þannig í frv., þegar við samþ. það: „Oddviti sýslunefndar er féhirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga og annast öll bréfaskipti á vegum hennar. Hann geymir innstæðufé sýslunnar og skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins." Nd. hefur gert breyt. á síðari málsl., þannig: „Hann ávaxtar innstæðufé sýslunnar á öruggan hátt og geymir skuldabréf og annast um aðrar eignir sýslufélagsins." Hér er tekið upp ákvæðið um að ávaxta og að geyma á öruggan hátt. Það segir sig sjálft, að slíkt á að vera, og því er ekkert við það að athuga,

þótt það sé tekið fram, að svo skuli vera, án þess að til þess ætti þó að vera mikil þörf.

Þá er ein breyt. við 40. gr. Hún er hér á sérstöku þskj., 619, en af því að hún er á sérstöku þskj., tek ég hana síðast. Greinin er í frv. af okkar hálfu á þessa leið: „Laun oddvita skulu vera 25 kr. fyrir hvern þegn hreppsins á ári og sé miðað við íbúaskrá 1. des. næsta ár á undan. Þá skal og oddviti njóta sams konar launahækkana og starfsmenn hljóta hjá ríkinu eða ríkisstofnunum. Auk launa þeirra, sem um ræðir í 1. mgr., skal greiða oddvita innheimtulaun, 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, sem honum ber að innheimta hjá gjaldendum hreppsins.“ Aftan við gr. hefur svo verið bætt í Nd.: „nema sveitarstjórn ákveði annað“. Þ. e. a. s. innheimtulaunin eiga að vera 4% af innheimtum útsvörum og öðrum sveitargjöldum, nema sveitarstjórn ákveði annað. Fulltrúaráðsfundur sveitarfélaganna síðasti fjallaði um þetta atriði. Hann óskaði eftir því, að innheimtulaunin yrðu ákveðin 4%, og taldi, að það væri nauðsynlegt, vegna þess að í fámennum hreppum sérstaklega, þar sem stutt er milli manna og kunnugleiki mikill og má segja, að allir horfi hver framan í annan, þar mundu oddvitar veigra sér við því að taka innheimtulaun og sízt af öllu 4% eða hámark, vegna þess að þeir væru vitandi það, að grönnum sínum kynni að þykja það nærgöngult, en hins vegar er fyrirhöfnin í þessum litlu hreppum hlutfallslega engu minni en í stærri hreppunum. Þeir mundu hika við það að leggja það til á sveitarfundum eða hreppsnefndarfundum, að sér væri þetta hámark greitt. Heilbr.- og félmn. tók þessa ósk til greina hjá fulltrúaráðinu. Nd. vildi nú upphaflega breyta þessu og láta ákvæðið vera, að heimilt væri aðeins að taka mest 4%, en við athugun og umr., t. d. við forstjóra sveitarfélagasambandsins, þá féll n. frá því, en samþ. að bæta við: „nema sveitarstjórn ákveði annað“. Og þó að það sé að vísu ofur lítið til þess að draga úr, að náist það, sem fulltrúaráðsfundurinn óskaði eftir, þá sjáum við ekki ástæðu til þess að leggja til, að frv. verði nú breytt með tilliti til þessarar breyt.

Þá þykist ég hafa farið yfir breytingarnar allar, og niðurstaðan er þá þessi: Við teljum breyt. yfirleitt ekki nauðsynlegar. Við teljum sumar þeirra í lagfæringarátt, sérstaklega að því er orðalag snertir, en aðrar ekki og frekar til ólagfæringar, eins og að taka upp í staðinn fyrir „staðarmörk“: takmörk, en það teljum við þó ekki orka því, að rétt sé að tefja þetta mál, og leggjum því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég þarf að segja.

Mig undrar það mest, hvað það hefur verið hægt að búa til margar brtt. við frv. um lítið efni þarna í Nd., því að ég held, að þær séu 17 a. m. k. Ein er um það t. d., að í staðinn fyrir „í hvítasunnudag“ komi: á hvítasunnudag. Önnur er um það, að í staðinn fyrir „reglur“ komi: meginreglur, og 3—4 eru um það, að komi „takmörk“ í staðinn fyrir „staðarmörk“, og allt er eftir þessu. En erindi mitt hingað var aðeins að spyrja hv. frsm. eða óska skýringar hans á einu atriði, þ. e. breyt. á 55. gr. Þar stendur: „Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum.“ Ég verð nú að biðja afsökunar á því, að manni verður á að brosa að þessu: „Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum.“ Hvernig á að skilja þetta? (**KK:** Má ég skjóta inn í?) Já. (**KK:** Ja, það er áreiðanlegt, að það á að kjósa að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum.) Já, en þegar á að kjósa til eins árs í senn, kemur það ekki af sjálfu sér? (**KK:** Þeir verða að fara með umboðið eitt ár, þeir sem höfðu það.) Og í fyrsta skipti að loknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum?

Umr. frestað.

Á 85. fundi í Ed., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Á skammri stund skipast veður í lofti. Ég stóð hér áðan og lýsti því yfir fyrir hönd heilbr.- og félmn., að hún mælti með því, að frv. til sveitarstjórnarlaga, sem hér liggur fyrir, yrði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Nd.

Þegar heilbr.- og félmn. tók þessa afstöðu, gerði hún það að vísu nokkuð nauðug, eins og heyra mátti á orðum mínum, vegna þess að hún var ekki ánægð með breytingarnar. En hins vegar var útlitið þannig þá um veðrið, að mestar líkur voru til þess, að ef frv. yrði breytt, þá gæti það dagað uppi og breytingarnar orðið til þess, að þessi löggjöf gæti ekki komizt á á þessu þingi, en það vildi heilbr.- og félmn. ekki stofna til að yrði. Nú hefur aftur á móti glaðnað þannig til, að telja má tryggt, að þó að Ed. geri breytingar á frv., þá verði það ekki til þess, að það dagi uppi, — það má telja tryggt, — og þess vegna hefur n. tekið málið á ný til athugunar, og ég er hér kominn til þess að lýsa till. til breytinga. En það vil ég taka fram, að þessar brtt. eru miðaðar við það, að líklegt sé, að Nd. hljóti að fallast á þær. Þær eru miðaðar við það að afnema verstu gallana, sem komið hafa inn í frv. með brtt. í Nd., en ganga þó ekki lengra en það, að við teljum ekki líkur til þess, að það muni tefja málið, að þeir, sem voru höfundar brtt. í Nd., fari að gera veður á móti þeim.

Og þá ætla ég að leyfa mér að lesa hér upp þessar brtt., um leið og ég svo bið hæstv. forseta fyrir að leita þeim afbrigða, því að þær eru seint fram komnar og þar að auki skriflegar.

Það er þá fyrst breyting við 2. gr., að í stað orðsins „takmörk“ í 2. málsgr. komi: staðarmörk. En ég gerði grein fyrir því áðan, að þessi breyting, sem er nú lagt til að verði afnumin, að „takmörk“ voru tekin inn í frv. í staðinn fyrir orðið „staðarmörk“, hún var að áliti n. mjög til hins lakara, þó að það stofnaði því ekki í tvísýnu, að menn skildu, við hvað var átt. — Og af þessari brtt. leiðir 2. brtt., við 3.

gr., að í stað orðsins „takmörkum" þar í 2. málsgr. komi: mörkum, — og enn fremur 3. brtt., við 6. gr., í stað orðsins „takmörk" í 2. málsgr. þar komi: staðarmörk.

Þessar till. þrjár, sem ég hef nú lýst, eru samstilltar og um það, að tekið verði upp sama orð og haft var í frv. upphaflega.

Þá er það 4. brtt. „Við 43. gr. Fyrri málsl. 2. málsgr. orðist þannig: Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt." Okkur þótti rétt, úr því að farið var af stað á annað borð, að klippa þar ólánshala aftan af, sem til varð og skilinn eftir, þegar Nd. setti annað höfuð á málsgr.

Svo er það 5. brtt., við 55. gr. Hv. 4. þm. Vestf. vakti athygli á þessari grein, eins og hún er orðuð frá hv. Nd. Og hann sýndi fram á það, að í henni er enn framsetningarendileysa, sem að vísu getur verið eins og felumynd. Þessi vitleysa getur verið eins og felumynd og ekki víst, að hún yrði til skaða, en hverjum þeim, sem kæmi auga á þá felumynd, mundi lítast svo, að hér væri ekki skynsamlega frá gengið, heldur furðuleg framsetningarvitleysa af hendi hv. Alþingis. Og brtt. okkar er á þessa leið: „1. málsl. fyrri málsgr. orðist þannig: Sveitarstjórn kýs endurskoðendur til eins árs í senn." Þá göngum við inn á það að breyta kjörtímabili úr 4 árum í eitt ár, eins og Nd. vildi hafa það, en setjum þetta fram á ljósan og ég hygg óaðfinnanlegan hátt. Ég vona, að hv. 4. þm. Vestf. hafi ekki við þessa framsetningu að athuga. Og að þessum breytingum samþykktum, 5 talsins, leggjum við nú til, félagsmálanefndarmenn, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 667) leyfð og samþ. með 12 shlj atkv.

Brtt. 667,1 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 667,2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 667,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 667,4 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 667,5 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 56. fundi í Sþ., 27. marz, var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 670).

Á 85. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. Ed. hefur breytt nokkuð frv. og hefur borið fram í þeirri d. breytingar á þskj. 667, sem samþ. voru þar. Af þeim ástæðum er málið sent aftur til þessarar hv. deildar.

Það hefur ekki gefizt tími til þess að ræða málið í nefndinni. En ég hef leitað álits allra nm., að undanteknum einum, þ. e. fjögurra nm. af fimm, og eru þeir allir samþykkir því, að málið verði afgreitt svo sem það hefur komið frá Ed., og vænti ég, að það verði afgreitt þannig héðan frá þessari deild.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Mér sýnist, að hv. Ed. hafi gert breytingu á 55. gr. laganna, sem geti orkað nokkuð tvímælis. Sá háttur mun nú vera á, að endurskoðendur séu kosnir til fjögurra ára í senn, en Ed. hefur breytt þessu ákvæði þannig, að endurskoðendur skuli kosnir til eins árs í senn, og fellt niður ákvæði, sem stóð í greininni, eins og hún var afgr. hér frá hv. Nd. Nú sýnist mér, að þetta geti orkað nokkuð tvímælis, og vil þess vegna fá um þetta skýringu frá hv. formanni heilbr.- og félmn., sem mun hafa kynnt sér þetta mál manna mest hér í þinginu. Hvernig á nú að fara að, þar sem búið er að kjósa endurskoðendur til fjögurra ára, en svo kemur lagaákvæði um það, að þeir skuli kosnir til eins árs? Á þá umboð núverandi endurskoðenda að falla niður og kosning að fara fram að nýju vegna þess? Hvaða áhrif hefur þetta á kosningu þeirra endurskoðenda, sem nú eru? Mér skilst, að þarna hafi verið fellt niður ákvæði, sem var nauðsynlegt, sem var þess efnis, að þessi breyting á kjörtímanum skyldi koma fyrst til framkvæmda eftir næstu sveitar- og bæjarstjórnarkosningar, en það ákvæði hefur Ed. fellt niður.

Ég vildi þess vegna spyrja hv. formann heilbr.- og félmn. að því, hvernig hann skilur þessa breytingu og hvort hún muni hafa það í för með sér, að það þurfi að fara fram kosning á endurskoðendum nú fyrir næstu bæjar- og sveitarstjórnarkosningar, eða hvort það kjörtímabil eigi að gilda, sem þeir hafa verið kosnir til, þ. e. a. s. í 4 ár.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Eins og ég sagði áðan, hefur málið ekki verið rætt í heilbr.- og félmn., eftir að þessi breyting var gerð. Skoðun heilbr.- og félmn. þessarar hv. d. var sú, að þar sem búið væri að kjósa til fjögurra ára, þá héldist það út kjörtímabilið. Það á að kjósa 1962, svo að það er ekki nema eitt ár eftir. En sjálfsagt er það á valdi hreppsnefndanna eða sveitarstjórnanna, eftir að búið er að samþykkja þessi lög, hvort þær láta fara fram kosningu þeirra manna, og þar sem óbreyttur væri meiri hl., er gert ráð fyrir að sjálfsögðu, að það breyti ekki neinu. Hins vegar geri ég ráð fyrir því, að sveitarstjórnirnar hafi heimild til þess að kjósa á næsta ári, síðasta árinu, ef þessi lög verða samþykkt þannig, að nýju, og þá falli niður að sjálfsögðu umboð þeirra manna, sem höfðu verið kosnir allan tímann. Þetta er mikið til á valdi sveitarstjórnanna sjálfra, hvort þær nota þetta þannig eða breyta þannig um, og sé ég ekki ástæðu til, að það þurfi að breyta málinu þess vegna.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 694).

69. Launajöfnuður kvenna og karla.

Á 7. fundi í Ed., 20. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla [59. mál] (þmfrv., A. 64).

Á 8. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Ed., 25. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 64, er ætlunin að stíga mjög stórt skref í áttina til fulls launajafnaðar milli karla og kvenna.

Baráttan fyrir jöfnum launum kvenna og karla er ekki einvörðungu kjarabarátta af hálfu kvenna, heldur engu að síður barátta fyrir fullkomlega jöfnum mannréttindum. Þegar lokasigur hefur unnizt í þessari baráttu er jafnréttisbaráttunni lokið, því að á öðrum sviðum mannréttinda hafa konur fyrir löngu öðlazt sama rétt og karlar.

Verkalýðshreyfingin og kvenréttindafélögin hafa látið þetta mál mikið til sín taka og gert um það margar ályktanir. Má þar til nefna ályktun síðasta Alþýðusambandsþings, er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„26. þing ASÍ telur, að lokatakmarkið í launakröfum kvenna sé algert launajafnrétti við karla. Beinir þingið því til allra þeirra sambandsfélaga, sem með launamál kvenna fara, að þau beiti sér fyrir því sem áfanga að þessu marki, að kvennakaup hækki, svo að bilið milli þess og kaups karla minnki, og heitir á væntanlega sambandsstjórn að styðja það mál af fremsta megni."

Í þessari ályktun kemur afstaða verkalýðshreyfingarinnar skýrt fram, og á því er enginn vafi, að í hennar röðum ríkir áhugi og full eining um að sjá þessu máli borgið.

Ástæðurnar fyrir mismun á launum karla og kvenna eru oftast taldar þær, að karlmenn séu þrekmeiri en konur og hæfari og afkastameiri til flestra starfa heldur en þær og þeim beri því eðlilega hærra kaup. Þetta eru þó ekki mikilvæg rök, þegar málið er athugað nánar.

Í fyrsta lagi er þess að gæta, að sérlega erfið störf, sem karlmenn einir vinna, eru yfirleitt greidd með hærra kaupi en almennu karlmannakaupi í viðkomandi starfsgrein. Á því síður að vera því nokkuð til fyrirstöðu, að konur fái sama kaup og karlar í almennri vinnu.

Í öðru lagi er vitað, að ýmis störf henta konum ýmist jafnvel eða betur en karlmönnum, en samt fá konurnar lægra kaup fyrir þau störf.

Í þriðja lagi er launamismunurinn meiri en svo, að hann verði réttlættur með mismun á afköstum og hæfni. Í heild mun afkastamismunur karla og kvenna við sömu störf vera minni en afkastamismunur innbyrðis milli einstaklinga af sama kyni, sem allir hafa þó sömu laun, nema þegar um þau undantekningartilfelli er að ræða, að unnin sé ákvæðisvinna.

Rökin fyrir launamismun hafa því að minum dómi ekki við mikið að styðjast.

Sterkustu rökin fyrir launajafnrétti eru hins vegar þau, að það er jafnkostnaðarsamt fyrir konur sem karla að lifa í þessu landi. Konur geta ekki búið við sömu lífskjör og karlar nema hafa sömu laun. Þær njóta engra lögbundinna forréttinda um útgjöld eða framfærslu.

Með þessu frv. er stefnt að því, að lágmarkskaup kvenna og karla fyrir sömu störf verði hin sömu. Launajafnréttið er viðurkennt við opinber störf, þótt misbrestur sé talinn vera á því í framkvæmd. En úr því að launajöfnuður er viðurkenndur við hin æðri embætti og önnur vel launuð störf, hversu miklu ríkari ástæður eru þá ekki fyrir hendi til þess að viðurkenna launajöfnuð við lægst launuðu störfin í þjóðfélaginu, en það eru einmitt þau störf, sem þetta frv. nær fyrst og fremst til?

Svo sem kunnugt er, hefur Ísland fullgilt hina svonefndu jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar á hvert aðildarríki að stuðla að því, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks. Samþykktin er öllu fremur almenn stefnuyfirlýsing en að hún leggi aðildarríkjunum beinar skyldur á herðar. Hún nær líka skammt að því leyti, að hún miðar einvörðungu að launajöfnuði fyrir jafnverðmæt störf. Launajöfnuður á þeim grundvelli einum yrði ófullkominn og mjög örðugur í framkvæmd, þar sem sífellt þyrfti að vera að framkvæma mat á verðmæti hinna margbreytilegustu starfa, sem konur og karlar inna af höndum. Væru slíkar matsgerðir án efa mikið vandaverk og sennilegt, að um gildi þeirra og áreiðanleik risu miklar deilur.

Þetta frv. grundvallast því á reglunni um sömu laun fyrir sams konar störf, en hafnað að leysa málið á hinum flókna og ófullnægjandi grundvelli reglunnar um sömu laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf.

Á Alþingi því, er sat veturinn 1957—1958, var samþykkt þáltill. um launajafnréttismálið. Ályktaði Alþingi að fela ríkisstj. að skipa 5 manna nefnd til að athuga, að hve miklu leyti konum og körlum séu raunverulega greidd sömu laun fyrir jafnverðmæta vinnu. Enn fremur skyldi nefndin gera till. um ráðstafanir til að tryggja fullkomið launajafnrétti. Á grundvelli þessarar till. var svo n. skipuð af þáv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni. Síðan hefur verið hljótt um þessa nefnd, og er þó ærið langur tími liðinn, síðan hún tók til starfa. Mun nefndin nokkuð hafa kannað launagreiðslur, en hins vegar engar till. gert um, hvernig tryggja ætti fullkomið launajafnrétti, og þeirra ekki að vænta á næstunni, svo að vitað sé.

En það er einmitt þetta verkefni, sem n. hefur vanrækt, sem reynt er að leysa með þessu lagafrv. Markmið frv. er að tryggja fullt launajafnrétti, og það er gert með því, eins og frv. ber með sér, að lögbjóða árlega hækkun á launum kvenna í öllum fjölmennustu atvinnugreinum þjóðarinnar á næstu 6 árum, unz fullum launajöfnuði verði náð 1. jan. 1967.

Það má telja augljóst mál, að launajöfnuður verði ekki tryggður á annan hátt hér á landi en með löggjöf. Sú leið að leysa þetta með frjálsum samningum verkalýðsfélaga og vinnu-

veitenda er naumast fyrir hendi. Kemur það til af því, að verkakvennafélögin hafa ekki bolmagn til að knýja fram kröfuna um launajafnrétti. Það á m. a. rætur sínar að rekja til þess, að konur geta ekki sinnt málefnum stéttarfélags síns á sama hátt og karlar, þar sem þær eru svo bundnar við húsmóðurstörfin og önnur heimaverkefni. Konur hafa líka minni áhuga á kjaramálum almennt en karlar, þar sem þær reikna flestar með að taka ekki þátt í atvinnulífinu nema um nokkurra ára skeið, en að því loknu helga sig algerlega húsmóðurstörfunum. Hér við bætist svo það, að heildarsamtök verkalýðsins hér á landi fara ekki með samningsrétt fyrir meðlimi sína, heldur er það hvert og eitt verkalýðsfélag. En þetta fyrirkomulag á sinn þátt í því að torvelda það, að unnt sé að leysa launajafnréttismálið með samningum. Lausn á þessu máli verður því ekki komið fram á annan veg en með lagasetningu, enda er það sú aðferð, sem mest er lagt upp úr í jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Frv. þetta nær til allra þeirra starfa, sem almennast er að konur vinni við hlið karla, þ. e. a. s. til almennrar verkakvennavinnu, til verksmiðjuvinnu og til starfa í skrifstofum og verzlunum.

Sjálfsagt mætti við nánari athugun tína til einhverjar fámennar starfsgreinar, sem frv. þetta tekur ekki til. Kynnu menn þá að spyrja, hvort konur í þeim starfsgreinum ættu ekki einnig rétt á launajöfnuði, og vissulega ætti það svo að vera. Þessu er þó sleppt í frv. til að gera lögin ekki of erfið í framkvæmd og flókin, enda mundi frv., ef að lögum yrði, að sjálfsögðu bæta mjög samningsaðstöðu allra kvenna, hvort sem þær vinna störf sín yfirleitt við hlið karla eða ekki, eða m. ö. o. hvort sem taxti er til fyrir hliðstæð störf karlmanna eða ekki. Lögin mundu því í reynd hafa áhrif í launajafnréttisátt fyrri allar konur, enda er það einn megintilgangur frv.

Í 1. gr. frv. segir, að á árunum 1962—67 skuli laun kvenna fyrir sömu störf hækka til jafns við laun karla í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu, og er hér fyrst og fremst átt við þau störf, er falla undir kjarasamninga verkakvennafélaganna, félaga verksmiðjufólks og félaga verzlunar- og skrifstofufólks. Með orðinu „störf“ í þessari grein er átt við störf í víðtækri merkingu. Það er t. d. ekki meiningin að flokka þá vinnu, sem fellur undir almenna verkakvennavinnu, í margar tegundir starfa, svo sem fiskvinnu, sláturhúsavinnu, vinnu við þvott o. s. frv., og athuga svo, hvað af þessum störfum karlmenn vinni einnig, og hækka launin fyrir þau störf, en ekki hin. Meining okkar, sem að þessu frv. stöndum, er sú, að við ákvörðun um hækkun eigi yfirleitt ekki að sundurliða störfin frekar en gert er í kjarasamningum verkalýðsfélaganna. Almenn verkakvennavinna og almenn karlmannavinna er í heild sama starfið, af því að flestir þættir þessarar vinnu eru bæði unnir af konum og körlum.

Það, sem á að skera úr um, hvort um sama starf hjá konu og karli sé að ræða, þegar athuga skal um, hvort kona á rétt á launajafnaðarhækkun, er ekki það, hvort karlmenn inni þetta starf sjaldan eða aldrei af höndum, heldur hitt, hvort til sé kauptaxti hjá karlmönnum yfir þetta starf, ef þeir yrðu látnir vinna það, og ef slíkur kauptaxti er til, þá á konan að fá hækkun. Það má því reikna með, að í þeim starfsgreinum, sem frv. þetta tekur til, yrðu það mjög fá tilfelli, þar sem réttur til hækkunar væri ekki fyrir hendi, vegna þess að ekki væri um sömu störf að ræða.

Á því er ekki vafi, að það er farsælast fyrir alla aðila, að launajöfnuðurinn nái fram að ganga smátt og smátt á nokkrum árum. En hversu mörg ár það eiga að vera, getur verið matsatriði. Í Svíþjóð hafa t. d. nýlega tekizt heildarsamningar milli verkalýðssamtakanna og vinnuveitendanna um, að launajöfnuður skuli ganga í gildi á næstu 5 árum. Hér er lagt til, að það verði á næstu 6 árum. Væri fullur launajöfnuður lögboðinn þegar í stað í einum áfanga, mundi það geta valdið mjög mikilli röskun í atvinnulífinu. Afleiðingin af því gæti orðið atvinnuleysi meðal kvenna. Eðlilegast er, að atvinnuvegirnir fái nokkurt ráðrúm til að samlagast hinum nýju viðhorfum í kjaramálum kvenna. Til þess ættu 6 ár að vera nægur tími.

Ef frv. þetta yrði lögfest, væri sigur unninn í hagsmuna- og réttlætismáli. Ávinningurinn félli þó ekki eingöngu í skaut hinum fjölmenna hópi kvenna, sem stundar störf utan heimilis. Það yrði einnig ávinningur fyrir þjóðarheildina að fá stærri hóp kvenna til að taka þátt í uppbyggingar- og framleiðslustörfunum en áður. Slíkt er mikil nauðsyn fyrir fámenna þjóð í víðáttumiklu landi, þar sem mörg verkefni bíða óleyst.

Í þeim starfsgreinum, sem frv. þetta nær til, er launamismunurinn svofelldur nú í dag:

Verkakona hefur í almennri dagvinnu kr. 16.14 í kaup á klst., verkamaður kr. 20.67, mismunur er kr. 4.53 á klst., sem samsvarar 906 kr. á mánuði. Iðnverkakona, sem komin er á fullan Iðjutaxta, hefur í kaup kr. 3319.75 á mánuði, en karlmaður á samsvarandi taxta hefur kr. 4341.75, mismunur er 1022 kr. á mánuði. Afgreiðslustúlka í búð, sem komin er á fullan taxta, hefur í laun 3334 kr. á mánuði, en afgreiðslumaður á samsvarandi taxta hefur 4538 kr., mismunurinn er 1204 kr. yfir mánuðinn. Hjá skrifstofufólki er launamismunur hins vegar nokkru minni.

Næði frv. þetta samþykki, mundu hækkanir skv. því verða þannig 1. jan. 1962 að óbreyttum samningum, miðað við framangreind tilfelli:

Laun verkakonu mundu hækka um 76 aura á klst. eða 150 kr. á mánuði, miðað við fulla 8 klst. vinnu. Laun iðnverkakonu hækkuðu um 170 kr. á mánuði og laun afgreiðslustúlku í búð um 200 kr. á mánuði. Síðan mundu hækkanir halda áfram um hver áramót, unz fullum jöfnuði væri náð 1. jan. 1967.

Launajafnréttismálið hefur áður komið til kasta Alþingis. Auk þál., sem áður er greint frá, fluttu 4 þm. Alþfl. frv. í Nd. á Alþingi 1953 um sömu laun kvenna og karla við öll embætti og sýslanir hjá ríkinu og sveitarfélögunum, við

öll skrifstofu- og afgreiðslustörf og við vinnu í hraðfrystihúsum og við iðju og iðnað. Frv. þetta náði ekki fram að ganga. Síðan hefur margt breytzt, og nú á launajafnréttishugsjónin sér marga formælendur og marga fylgismenn. Við, sem flytjum þetta frv., treystum því á, að það eigi greiða leið í gegnum þingsalina.

Að lokum legg ég svo til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. 1. flm. þessa frv. gat hér um, gerir jafnlaunasamþykktin, sem fullgilt var af Íslands hálfu með þál. árið 1957, ráð fyrir löggjafarleiðinni sem einni af meginleiðunum að því takmarki, að fullt launajafnrétti milli karla og kvenna komist á. Að sjálfsögðu kemur til álita, hvort unnt sé, ef löggjafarleiðin er farin, að ná markinu í einu átaki eða hvort árangursríkara sé að lögfesta, að því skuli náð í mörgum áföngum, og þá, hve margir þeir skuli vera og hvað langan tíma skuli taka að ná hverjum fyrir sig. Slíkt mat á löggjafarleiðinni hlýtur að mínu áliti að byggjast fyrst og fremst á því, hverjar horfur og aðstæður eru varðandi hina meginleiðina að jafnréttistakmarkinu, þ. e. a. s. samningaleiðina.

Flutningur þessa frv., sem hér er til umr. nú, eins og það er úr garði gert, hlýtur óhjákvæmilega að verða skoðaður og metinn, af verkalýðshreyfingunni a. m. k., í ljósi þess, hvaða takmarki hún hefur sett sér að ná nú í nánustu framtíð og hverjar horfur hún telur á að ná því af eigin rammleik.

Um þessar mundir standa mál þannig, að öll verkalýðsfélög í landinu og þar á meðal þau, sem eru samningsaðilar um launakjör kvenna, hafa óbundna samninga og eru nú þessa dagana og þessar vikurnar sem óðast að tygja sig til baráttu og til samninga um hækkuð launakjör til jafnvægis við þá stórfelldu launaskerðingu, sem vinnandi karlar og konur hafa mátt þola undanfarin tvö ár af þeim stjórnarvöldum, sem nú ráða í landinu, og hv. flm. þessa frv. allir með tölu hafa staðið dyggilega að og ráðið úrslitum um að unnt væri að framkvæma.

Það er óhætt að fullyrða, að enginn hópur launamanna hefur verið beittur stórfelldari harðræðum með efnahagsaðgerðum núv. stjórnarflokka heldur en konur á lágum launum. Þorri þeirra býr við smánarlegustu laun, sem þekkjast í landinu. Aðeins lítill hluti þeirra nýtur fjölskyldubóta eða annarra svokallaðra sárabóta, sem ýmsum öðrum hafa þó verið veittar. Þær njóta fæstar hverjar nokkurrar teljandi lækkunar á sköttum, en mega hins vegar þola allar skattabyrðar og verðhækkanir að sínum hluta og þó tiltölulega meiri en aðrir launþegar.

Það er m. a. gegn þessum órétti, sem verkalýðshreyfingin í landinu er nú að rísa. Verkalýðsfélögin eru að undirbúa kröfur í sambandi við nýja samninga við atvinnurekendur, og eru að minnsta kosti sumir hv. flm. þessa frv. vel kunnugir þeim undirbúningi. En meðal þeirra réttlætiskrafa, sem verkalýðsfélögin munu nú innan skamms bera fram til leiðréttinga á kjörum sínum, er hækkun kvennakaups í 90% af kaupi karla og hækkun þess í fullt karlakaup í sumum greinum. Fyrir tilhlutan almennrar ráðstefnu verkakvennafélaganna hafa þessar kröfur nú verið mótaðar einróma af sameiginlegri nefnd, sem kosin hefur verið af öllum verkakvennafélögunum. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur ágreiningslaust, og þar á meðal með atkv. hv. 2. flm. þessa frv., hvatt félögin til þess að gera nú þessar kröfur að samningsgrundvelli við þá samningagerð, sem nú stendur fyrir dyrum.

Öllum, sem til þekkja, má því vera ljóst, að á næstu vikum eða mánuðum fara fram úrslitaátök milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaganna um þá hógværu kröfu, að launamismunur karla og kvenna í mikilvægustu starfsgreinum verði minnkaður um rífan helming almennt og verði afnuminn í sumum greinum, og telja verður sterkar líkur á, að þetta nái fram að ganga, svo eindreginn sem vilji verkalýðssamtakanna er í þessum málum nú orðið. Það má því segja, að við séum einmitt nú staddir á tímamótum í þeirri mannréttindabaráttu, sem lengi hefur verið háð um launajafnrétti karla og kvenna, og vissulega væri það mikils um vert, ef löggjafarvaldið kæmi til skjalanna einmitt á slíkum tímamótum og styddi myndarlega að því, að sem stærstum áfanga yrði náð í jafnréttisátt og það með sem friðsamlegustum hætti. Til slíkra afskipta standa líka öll lög og reglur eftir fullgildingu jafnlaunasamþykktarinnar af hálfu Íslands.

Þegar allar aðstæður eru á þann veg, sem ég hef nú lýst stuttlega, tel ég, að það sæti undrun, að fram skuli borið lagafrumvarp, sem felur ekki í sér neina breytingu frá núverandi ástandi fyrr en að liðnu meira en einu ári og þá ekki meiri en sem nemur minna en þriðjungi þess, sem verkalýðsfélögin telja nú lágmark þess, sem þau þurfi að ná þegar í stað.

Ég hygg, að allir skilji, að með flutningi slíks frumvarpsákvæðis, ef eitthvert mark yrði á því tekið, og þó frekast ef það yrði lögfest, væri af hálfu löggjafarvaldsins verið að kveða upp dóm um þær réttlætiskröfur, sem nú eru bornar fram af verkalýðshreyfingunni, dóm um það, að ekki sé frambærilegt, framkvæmanlegt né sanngjarnt að gera nú neitt stórt átak í þessum málum, heldur slá öllu á frest í meira en ár, en gera þó lítið að þeim tíma liðnum.

Ég þykist vita, að hv. flm. krossi sig bæði í bak og fyrir og bendi á, að frv. banni ekki á nokkurn hátt, að lengra sé farið í frjálsum samningum við atvinnurekendur. En í grg. frv. opinbera þeir þó sjálfir og hv. 1. flm. í sinni ræðu, að þeir skynja þetta eðli frv. eins vel og aðrir, en í grg. segir m. a.:

„Það er farsælast fyrir alla aðila, að launajöfnuðurinn nái fram að ganga smátt og smátt á nokkrum árum. Væri launajöfnuður lögboðinn þegar í stað í einum áfanga, mundi það geta valdið mjög mikilli röskun í atvinnulífinu. Eðlilegast er, að atvinnuvegirnir fái nokkurt ráðrúm til að samlagast hinum nýju viðhorfum í kjaramálum kvenna."

Ég hygg, að flestir skilji, að með þessum orðum og með þeim málflutningi, sem hafður hefur verið hér í frammi af hálfu 1. flm., er

verið að leggja dóm á kröfur verkalýðssamtakanna núna og reyna að gera þær tortryggilegar og spilla fyrir því, að þær nái fram að ganga.

Þetta frv. er ekki stjórnarfrv., og það út af fyrir sig er athyglisvert. Það er ekki, svo að vitað sé, samkomulagsmál milli stjórnarflokkanna, heldur borið fram af öðrum stjórnarflokknum, og það hlýtur því að skoðast sem mat hans á því, hvað hæfilegt sé að ganga langt, bæði nú og síðar. Og þeirra mat er það, að því er bezt verður séð, að ekki sé tímabært að aðhafast neitt fyrr en að liðnu meira en ári, þ. e. a. s. nokkru eftir að sæmilega öruggt mætti telja, að núv. ríkisstj. hefði með öllu geispað golunni. Með lögfestingu þessa frv. í núverandi formi væri svo Alþingi að staðfesta þetta mat hv. flutningsmanna.

Ég fyrir mitt leyti uni ekki slíku mati á réttlætiskröfum verkalýðssamtakanna um launajafnrétti. Ég er sannfærður um, að ef rétt er á haldið, er auðvelt að veita konum þegar í stað þær réttarbætur, sem félögin eru nú að setja fram, og þó að meiri væru, án þess að atvinnulíf þjóðarinnar fari úr nokkrum skorðum, eins og hv. flm. vilja láta liggja að. Mjög mörg rök hníga að þeirri skoðun minni og skulu þó fá ein talin.

Lítum t. d. til hraðfrystihúsanna, en þar starfar einn stærsti hópur vinnandi kvenna. Mikill hluti þeirra ber úr býtum kr. 16.14 á klst., á sama tíma og kynsystur þeirra í Noregi bera minnst frá borði kr. 18.53, eða 5736 kr. meira á ári, en almennast sem lágmark er kvennakaup í frystihúsum í Noregi 19.39, þ. e. a. s. lágmarkstaxti í ákvæðisvinnu, sem er langalgengast þar, þ. e. mjög nálægt núverandi karlakaupi á Íslandi. En mismunurinn, sé miðað við þann taxta, nemur 7800 kr. á ári, miðað við 8 klst. vinnu, og er kaupið þá 20% hærra þar en á Íslandi. Stærri fiskiðjuver á Íslandi greiða ekki undir 1—1½ millj. kr. lægri vinnulaun á ári en sambærileg fyrirtæki í Noregi, en kaupa hráefni sitt jafnframt aldrei undir hálfri annarri krónu lægra verði á hvert kg af fiski, en það er sá allægsti verðmunur á ferskum fiski, sem til er þar og hér. Ef lagður er saman launamismunur verkafólks annars vegar og hins vegar verðmunur á hráefni, kemur í ljós, að sá munur á rekstraraðstöðu mundi nema 3—4 millj. kr. á ári fyrir frystihús, sem svaraði til þess að ynni úr afla fjögurra togara. Ef þessi munur væri umreiknaður í kaupi til starfsfólks, næmi hann aldrei undir 15—20 þús. kr. á ári á hvern mann, en það mundi svara til 30—40% hækkunar á kaupi karla og 40—50% hækkunar á kaupi kvenna á Íslandi frá því, sem það nú er. Og nú skyldu menn ekki halda, að verkalýðssamtökin, hvorki í Noregi né annars staðar á Norðurlöndum, væru ánægð með þau kjör, sem þau búa nú við. Verkalýðshreyfingin í Danmörku er nú að leggja fram kröfur sínar og jafnframt meiri kauphækkunarkröfur en hafa verið nefndar í sambandi við launamál á Íslandi nú. Það er þeirra krafa að ná þegar í stað fullu launajafnrétti á milli karla og kvenna. En það er svo aftur mál fyrir sig, sem ég ætla ekki hér að ræða ýtarlegar, hvaða breytingar eru nauðsynlegar á því viðreisnarefnahagskerfi, sem við nú búum við, og á rekstri viðkomandi fyrirtækja, til þess að slík hækkun kaupgjalds blessist. En ekki verður talið líklegt, að þær breytingar verði gerðar, fyrr en viðkomandi aðilar standa frammi fyrir þeim sem óhjákvæmilegri lausn á þeim vanda að búa verkafólkinu þau lífskjör, sem það sættir sig við, og því fyrr sem það verður, því betra.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns, tel ég, að komið geti til greina sú leið í launajafnréttismálum að lögfesta jafnréttið í áföngum, — jafnvel í áföngum. En ég tel mig hafa sýnt fram á, að þetta frv. er í sinni núverandi mynd svo meingallað, að ekki komi til mála að lögfesta það, eins og það er að heiman búið, og að það spilli fremur, eins og nú er ástatt, fyrir því átaki, sem nú stendur fyrir dyrum, heldur en létti það. Öll frekari bið á fullu launajafnrétti í ýmsum greinum, t. d. í fiskiðnaðinum og víðar, er með öllu ástæðulaus og óréttlát, en að öðru leyti er hin sameiginlega krafa allra verkakvennafélaganna í landinu um tafarlaust afnám rífs helmings núverandi launamismunar það lágmark, sem miða yrði við allar raunhæfar aðgerðir. Yrði þessu frv. breytt í þá átt, mundi það geta haft verulega þýðingu. Það mundi þá geta komið í veg fyrir fyrirsjáanlegar deilur og verða eðlilegt framhald af fullgildingu jafnlaunasamþykktarinnar.

Ég vonast fastlega eftir því, að hv. n., sem nú fær málið til athugunar, hagi afgreiðslu þess í samræmi við þetta og allar aðstæður, eins og þær nú eru.

Auður Auðuns: Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um mál, sem þráfaldlega hefur verið ofarlega á baugi hjá kvennasamtökum í landinu. Ósamræmi í launagreiðslum til karla annars vegar, kvenna hins vegar, er staðreynd, sem öllum er kunn, og ég held, að okkur geti flestum borið saman um, að jöfnuður eða úrbætur í þessum efnum séu réttlætismál, þó að menn geti nokkuð greint á um leiðir til leiðréttingar.

Ég sagði áðan, að þetta væri mál, sem oft hefði verið rætt í kvennasamtökum, og eðlilegast kannske, að það beri oftast þar á góma. Mér þykir það trúlegt, að þar muni Kvenréttindafélag Íslands fyrst hafa orðið til þess að taka málið til umræðu. Þar hefur það þráfaldlega verið á dagskrá og verið rætt, bæði á félagsfundum og í nefndum, og ýmsar ályktanir um það gerðar.

Það er vikið að því í aths. við frv., að þetta mál sé til athugunar hjá n., sem skipuð var af félmrh. vinstri stjórnarinnar á sínum tíma. Það er látið að því liggja í aths., að það muni sækjast býsna seint störfin hjá þessari n., og eftir tímalengdinni að dæma, væri kannske ekki úr vegi að álykta það. Ég skal ekki leggja á það dóm. Hitt vil ég nefna, að mér þykir ótrúlegt, að fulltrúi Kvenréttindafélagsins, því að félaginu var á sínum tíma gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í n. og tilnefndi formann sinn, — mér þykir ótrúlegt, að á henni hafi staðið með það, að nefndin skilaði af sér eða tæki hressilega á málinu. Mér er kunnugt um, að félagið bíður raunar eftir því, að þessi n. skili af sér

störfum, bíður með það að ræða málið rækilegar. Það mun koma í ljós sjálfsagt, hvort von er á einhverjum till. frá þessari n. á næstunni eða ekki.

Frv. fer væntanlega til 2. umr. og heilbr.- og félmn. hv. d. Ég býst við, að við, sem sæti eigum í þeirri n., munum öll verða sammála um það, að frv. verði vísað til umsagnar kvennasamtakanna, sem mest hafa barizt fyrir þessu máli og oftast hafa rætt það, svo að fyrir liggi till. þeirra samtaka, till. kvennanna sjálfra og þeirra umsögn og þá hugsanlegar aths. við frv., eins og það nú liggur fyrir, en frv. sjálft sé ég ekki ástæðu til að ræða efnislega nú við 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Er ekki hv. 5. þm. Norðurl. e. viðstaddur? (**Forseti:** Ég held, að hann sé hér í nágrenninu, svo að hann heyri.) Hv. 5. þm. Norðurl. e. (BjörnJ) hélt hér nokkra ræðu um þetta frv. og fann því æðimikið til foráttu. Þótti mér það leitt að heyra, því að ég hafði nú satt að segja vænzt þess frá honum, að hann mundi styðja þetta mál, þar sem hann er forustumaður hjá verkalýðshreyfingunni. En það, sem hann var sérstaklega að gagnrýna, var það, að þarna væri farið miklu hægar í sakirnar en verkalýðshreyfingin ætlaði sér og launajöfnuðurinn mundi því væntanlega komast á miklu síðar, vegna þess að frv. væri til þess að tefja málið, en ekki hið gagnstæða.

Þetta var í raun og veru algert vindhögg og alger misskilningur hjá þessum hv. þm., því að í 5. gr. þessa frv. stendur það skýrt og skorinort, að lög þessi skerði ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuði skuli náð á skemmri tíma en lögin mæla fyrir um, þannig að það, sem er meiningin með lögunum, er, að það verði í síðasta lagi á þessum tíma, sem launajöfnuðurinn næst. Ef verkalýðshreyfingin treystir sér til þess að fá launajöfnuðinn fram fyrr, þá er ekkert því til fyrirstöðu, og það á ekki að stranda á nokkurn hátt á þessu frv. Hitt er svo annað mál, sem þessi hv. þm. kom reyndar ekki inn á og sást yfir, að hluti af þessu fólki er alls ekki í Alþýðusambandi Íslands eða verkalýðssamtökunum, sem þessi hv. þm. kallar. Það er í Landssambandi verzlunarmanna, og það er álit manna, að það muni einmitt stranda á hv. flokksbræðrum þessa þm. um að fá þetta landssamband inn í Alþýðusambandið, þó að það sé ekki fullreynt um það enn, þannig að allur þessi hópur getur ekki fylgt kröfum Alþýðusambands Íslands.

Hitt er svo annað mál, og það vita allir, bæði verkakonur og aðrir, sem hafa haft áhuga á þessu máli, að verkalýðssamtökin eru lengi búin að setja fram kröfuna um fullt launajafnrétti eða um það að brúa bilið eða minnka bilið mikið frá því, sem er. Það hefur bara því miður ekki tekizt. Við verðum að horfa á þá staðreynd. Ég hygg, að á síðasta áratug og jafnvel lengur hafi verkakonur í hverjum einustu samningum sett fram kröfur um það að minnka bilið. Það hefur að vísu tekizt lítils háttar, en alls ekki nógu vel og alls ekki eins ört og þetta frv. gerir ráð fyrir — ekki nálægt því. Ég vil nefna sem dæmi, að í tíð vinstri stjórnarinnar, þegar verið var að breyta lögunum um útflutningssjóð vorið 1958, þá var breytt með lögum launaákvæðum, og breyt. var sú, að laun karla voru hækkuð um 5%, laun kvenna voru hækkuð um 5—7%, þannig að sú hækkun, sem konur fengu umfram karla, var 1—2%. Þetta var nú öll rausnin. Í þessu frv. er gengið miklu lengra.

Ég ætla ekki að fara að deila við þennan hv. þm. um efnahagsmál yfirleitt og um það, hvaða áhrif efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafi haft á afkomu kvenna, því að vitanlega vita það allir, að krafan um launajafnrétti er miklu, miklu eldri en efnahagsráðstafanir núv. ríkisstj. — Það veit vitanlega hvorki ég né þessi hv. þm., hvað þessi ríkisstj. lifir lengi, en að það geti haft nokkur áhrif á það tímabil, sem eðlilegt sé, að launajöfnuður nái fram að ganga á, hvort ein ríkisstj. situr lengur eða skemur, það skiptir þar engu máli, og má ekki blanda því hér saman við.

Þessi hv. þm. var eiginlega nokkuð óánægður yfir því, að úr því að verið væri að fara lagaleiðina eða löggjafarleiðina í þessu, þá skyldi þetta ekki vera gert í einum áfanga. Ég get nú vísað til þeirra raka, sem ég hafði um þetta í minni framsöguræðu, en ég vildi líka benda á það til viðbótar, að í fyrsta lagi gæti það nú vel farið svo, ef það væri sett í lögin, að launajafnréttið ætti að fást fram í einum áfanga, að slíkt frv. færi ekki í gegnum þingið. Það væri miklu líklegra, að það væri hægt að koma fram frv., þar sem þetta væri gert í nokkrum áföngum. Þannig verður maður auðvitað að líta á hlutina frá raunsæju sjónarmiði.

En það er annað: Jafnvel þó að hægt væri að fá því framgengt, að launajöfnuðurinn yrði lögfestur í einum áfanga, þá gæti það haft slæm áhrif á kjarabaráttu verkalýðsins í heild, á kjarabaráttu karlmanna, því að þá kæmu vinnuveitendur og yrðu þá hálfu örðugri viðfangs en áður um að hækka kaupið hjá karlmönnum, þegar allar konur væru komnar á sama taxta líka. Það er líka atriði, sem verður að hafa í huga.

Hitt kemur manni svo anzi mikið á óvart, að einmitt þessi hv. þm. skuli vera svona óánægður yfir því, hve frv. þetta gengur skammt, því að nú var það flokksbróðir þessa hv. þm., sem skipaði hina svonefndu launajafnaðarnefnd. Ég hygg, að það hafi verið vorið 1958, og það er sem sagt komið nokkuð á þriðja ár, síðan sú n. tók til starfa. Þessi n. hefur undir forustu flokksbróður þessa hv. þm., — og ég hygg, að hans flokkur eigi allmikil ítök í þeirri n., — hún hefur sofið á málinu og hún hefur ekki gert neitt. Ég tel það alveg óverjandi afstöðu hjá n., sem er skipuð til þess að undirbúa till. um fullkomið launajafnrétti, að láta ekkert heyra frá sér á þriðja ár. Þess vegna á maður í raun og veru dálítið erfitt með að taka þennan hv. þm. mjög alvarlega, úr því að hann hefur getað horft á það, að þessi n. svæfi á málinu, en svo þegar því loksins er hreyft, þá finnst honum allt of lítið að gert.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hygg nú, að þessari síðari ræðu hv. 1. flm. sé eiginlega

fullsvarað með einni spurningu: Hvernig stendur á því, að engin ákvæði eru um það í frv., að launamismuninn skuli minnka nú á næsta ári, á árinu 1961? Hvers vegna þarf það að bíða í eitt ár og tvo eða þrjá mánuði, að nokkuð sé gert í þessu máli af hendi löggjafans? Hvaða ástæður liggja til þess?

Ég vil benda hv. flm. á það, að árið 1953 var a. m. k. 2. hv. flm. þessa frv. ekki svo svartsýnn á getu íslenzkra atvinnuvega sem hann virðist vera nú í þessu efni, þ. e. a. s. hv. varaforseti d., sem nú stýrir fundi. Þá var hann 2. flm. ásamt núv. forseta Alþýðusambands Íslands að frv., sem gerði ráð fyrir því, að fullu launajafnrétti yrði náð þá þegar. Nú hefur að vísu mikið vatn runnið til sjávar síðan 1953, það eru sjö ár síðan, en ég hygg þó, að það geti engra manna dómur verið, að við stöndum verr að vígi í þessu efni nú en þá. Það eru þess vegna einhverjar aðrar ástæður, sem liggja til hógværðar hv. flutningsmanna nú í þessu efni, heldur en þær, að þeir hafi alltaf talið, að atvinnuvegirnir þyldu ekki slíka breytingu.

Hitt er svo alveg misskilningur hjá flm., að ég hafi sérstaklega mótmælt því, að frv. gerði ekki ráð fyrir því, að fullt launajafnrétti næðist í einum áfanga. Ég sagði einmitt, að það kæmi til greina að ná þessu marki í áföngum, en hins vegar það, sem ég átaldi sérstaklega í frv. og geri enn, er, að einmitt á þeim tíma, þegar verkalýðsfélögin og verkakvennafélögin eru að búast til úrslitabaráttu í málinu, þá skuli ekki vera vikið að því einu orði í frv. sem þessu, og þetta veit ég að hv. flm. skilur eins vel og ég og aðrir.

Það er líka alveg úr lausu lofti gripið hjá hv. ræðumanni, að ég beri einhverja ábyrgð á störfum jafnlaunanefndar. Ég á hvorki sæti í henni né hef haft neitt með hennar störf að gera og tel mig ekki þess umkominn að lasta hennar störf, gagnrýna þau né hæla þeim. Það má vel vera, að hún hafi unnið verr en skyldi. En það afsakar á engan hátt, hvernig þetta frv. er úr garði gert, og afsannar ekkert um það, sem ég hef sagt í því efni.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil ekki kannast við það, að ég hafi í mínum ræðum hér verið neitt sérstaklega svartsýnn á getu atvinnuveganna. Þvert á móti vil ég minna á, að það var einmitt flokksbróðir þessa hv. þm., sem hér talaði á undan mér, sem talaði í útvarpsumræðunum í gær, sem var mjög svartsýnn á getu aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, sjávarútvegsins. En ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma.

Ég vildi aðeins svara þeirri spurningu, hvers vegna fyrsta hækkun væri í frv. bundin við 1. jan. 1962.

Mér þótti eðlilegt, þegar ég samdi þetta frv., að þar sem hækkun ætti sér stað einu sinni á ári, þá væri það um áramót. Þetta þing getur náttúrlega staðið nokkuð fram á næsta ár, og þó að þetta frv. fari í gegnum þingið, sem vissulega er að vænta, þá er náttúrlega síður en svo nokkur trygging fyrir því, að það verði nú fyrir áramótin. Það gæti alveg eins orðið í febrúar, marz eða apríl. Það veit maður ekkert um. Ég skal fúslega játa það, að ef stuðningsmönnum frv. þætti óheppilegt, að þetta væri endilega bundið við áramót, heldur vildu hafa það einhvern annan dag ársins, þá sé ég því ekkert sérstaklega til fyrirstöðu. Ég verð að telja, að þetta sé alveg aukaatriði.

Mér þykir sem hv. 5. þm. Norðurl. e., sem hér talaði á undan, blandi þessu of mikið saman við þá kjarabaráttu, sem fram undan er nú í augnablikinu. Með þessu frv. er verið að leggja áætlun langt fram í tímann, og maður má ekki láta ástand dagsins í dag trufla sig of mikið í sambandi við þær áætlanir, sem lagðar eru.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 24. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 615, 637 og 639, 620, 638).

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Mál það, sem þetta frv. fjallar um, jafnrétti kvenna og karla um launakjör, er ekki nýtt af nálinni hér á hv. Alþ. Frumvörp hafa verið flutt varðandi það efni, og þegar hefur allmikið áunnizt. Þegar ég segi, að allmikið hafi áunnizt, hef ég þar fyrst og fremst í huga ákvæði laga um launajafnrétti kvenna og karla í þjónustu ríkisins. Frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var á sínum tíma samið af hæstv. núv. fjmrh., Gunnari Thoroddsen, að beiðni ríkisstj. Hann skilaði um það frumvarpi til stjórnarinnar árið 1951, en stjórnin lagði það fyrir Alþingi 1953, mjög lítið breytt. Tillögur Gunnars Thoroddsens um launajafnrétti kvenna og karla og grg. fyrir þeim, sem hvort tveggja var lagt fyrir þingið óbreytt, voru á þessa leið:

„Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.“

Þetta ákvæði er í niðurlagi 3. gr. l. um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Í grg. með frv. sagði um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í lok 3. gr. eru settar tvær meginreglur um jafnrétti kvenna og karla um opinber störf:

1. Konur og karlar skulu hafa jafnan rétt til opinberra starfa. Með lögum nr. 37 frá 1911 var svo ákveðið: „Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlar, enda hafa þær í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlar.“ Með ákvæði þessa frv. er jafnréttisreglan látin ná til allra opinberra starfsmanna. Ef ákvæði kynnu að finnast í einstökum lögum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum í þá átt, að karlar einir eða konur einar hafi rétt til einhvers opinbers starfs eða forgangsrétt, munu slík ákvæði falla úr gildi með lögfestingu þessa frv. Slík ákvæði munu þó tæpast til í íslenzkri löggjöf, nema ef skilja ber 3. gr. l. nr. 76 20. des. 1944, um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, þannig, að skipa megi konur einar til þess að veita skólanum forstöðu.

2. Konur og karlar skulu hafa rétt til sömu launa fyrir sams konar störf. Meginsjónarmið við ákvörðun launa á að vera hæfileikar og þekking, en ekki kyn. Hér er því slegið föstu jafnrétti kvenna og karla um launakjör.“

Þetta var úr grg. frv. Í framsöguræðu sagði þáv. fjmrh. um þetta atriði frv. orðrétt svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar er og ákveðið, að konur og karlar hafi jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf. Er þetta í sjálfu sér mjög þýðingarmikið atriði.“

Með frv. þessu og l. frá 1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, er stefnan mörkuð svo ljóst sem verða má um ríkisstarfsmenn og þar með brautin rudd í löggjöfinni fyrir launajafnrétti kvenna og karla einnig í öðrum starfsgreinum.

Á þingi, er sat 1953—54, fluttu 9 af þm. Sjálfstfl., — þrír þeirra eiga nú sæti í þessari hv. þd., — þáltill. um staðfestingu jafnlaunasamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf. Þáltill. var breytt nokkuð í meðförum þingsins, og samþykkt var ályktun um að skora á ríkisstj. að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að jafnlaunasamþykktin gæti orðið staðfest á Íslandi.

Á Alþingi 1956—57 var samþ. þáltill. þáv. ríkisstj. um heimild til að fullgilda jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og jafnframt var samþykkt viðbótartillaga frá einum þm. Reykv., Ragnhildi Helgadóttur, um að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir hið fyrsta til, að samþykktin komist í framkvæmd hér á landi.

Samkv. þáltill., sem samþykkt var vorið 1958, skipaði þáv. félmrh. fimm manna nefnd í maí sama ár til þess að athuga, að hve miklu leyti konum og körlum væru greidd sömu laun fyrir jafnverðmæt störf, og gera tillögur um ráðstafanir til að tryggja fullkomið launajafnrétti. Eins og vikið er að í grg. með frv. því, sem hér liggur fyrir, mun sú nefnd enn ekki hafa skilað tillögum eða boðað, að þeirra væri að vænta á næstunni, svo að vitað sé.

Með fullgildingu á jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar gangast aðildarríkin undir það að vinna að launajafnrétti karla og kvenna. Um það segir svo í 2. gr. samþykktarinnar, sem hljóðar þannig orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Með þeim ráðum, er hæfa þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta, skal hvert aðildarríki stuðla að því og tryggja það, að svo miklu leyti sem það samrýmist þessum aðferðum, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks.

2. Þessari reglu skal komið til framkvæmda með: a) landslögum eða reglugerðum, b) ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum til ákvörðunar á launum, c) heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna eða d) með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega.“

Það er alkunna, að samningaleiðin er sú aðferð, sem tíðkanleg er hér á landi við ákvörðun vinnulauna. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er hins vegar lagt til, að lögboðin verði hækkun í áföngum á kaupi kvenna í tilteknum fjölmennum starfsgreinum, unz fullum launajöfnuði karla og kvenna sé náð. Því skal ekki neitað, að margur mundi telja æskilegra að fara samningaleiðina. En þegar það er haft í huga, hve seint hefur miðað í átt til launajafnaðar með frjálsum samningum og það síðustu árin, þegar kröfurnar um jöfnuð hafa verið hvað háværastar, — þannig hefur á 6 síðustu árum hlutfall kvennakaups í almennri verkakvennavinnu miðað við karlmannakaup aðeins þokazt úr 76 upp í 78%, — þá virðist svo langt í land, að leita verði annarra leiða, og kemur þá tæpast önnur leið til greina en lagasetning, eins og hér er lagt til.

Í jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er miðað við jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf. Eins og vikið er að í grg. með frv., eru fyrirsjáanlegir miklir erfiðleikar við framkvæmd á mati því, sem jafnlaunasamþykktin gerir ráð fyrir á verðmæti hinna ýmsu starfa. Verður því að telja, að sú leið sé bæði auðfarnari og heppilegri að miða við sömu laun fyrir sams konar störf.

Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. til meðferðar og hefur sent það ýmsum aðilum til umsagnar og umsagnir borizt frá þeim flestum. Samtök vinnuveitenda, nánar tiltekið Félag ísl. iðnrekenda, Félag íslenzkra stórkaupmanna, Kaupmannasamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Vinnuveitendasamband Íslands og Verzlunarráð Íslands, hafa öll í sameiginlegu bréfi tjáð sig andvíg frv., og miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur einnig lagt gegn frv. Aðrir, sem svarað hafa, eru frv. meðmæltir. Þeir eru: Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Iðja, félag verksmiðjufólks, Landssamband verzlunarmanna. Verkakvennafélagið Framsókn fékk einnig frv. til umsagnar. Það hefur á einhvern hátt misfarizt fundarsamþykkt frá félaginu, áskorun um að samþykkja frv., en formaður félagsins mun hins vegar hafa tjáð formanni heilbr.- og félmn. um þá samþykkt. Aðrir aðilar, sem sent hafa áskorun um að samþykkja frv., eru Verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði, Kvenfélag Alþfl. í Reykjavík, Bandalag kvenna í Reykjavík og 35 kvenfulltrúar á 27. þingi Alþýðusambands Íslands. — Þetta eru þær umsagnir og áskoranir, sem mér er kunnugt um.

Efni þessa frv. er í stuttu máli það: 1) að farið skuli löggjafarleiðina til jöfnunar á launakjörum kvenna og karla í tilteknum starfsgreinum, 2) að greiða skuli sömu laun fyrir sömu störf, en ekki miðað við mat á því, hvað séu jafnverðmæt störf, og 3) að launajöfnuði skuli náð í áföngum á sex árum héðan í frá. Að öðru leyti vísa ég til frv. sjálfs og grg. þeirrar, sem því fylgir.

Heilbr.- og félmn. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. n., við þrjú, sem stöndum að nál. á þskj. 615, leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en Karl Kristjánsson og Alfreð Gíslason hafa skilað sérálitum og brtt., en Alfreð Gíslason var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Eitt af því, sem konurnar hafa haft út á okkur karlmennina að setja, er það, hvað við höfum verið seinir til að viðurkenna, að þær væru í öllum efnum jafnrétthár og við. Og þegar maður hugsar nú um þetta og gerir sér grein fyrir því, hvað maður metur konurnar mikils og mennirnir hafa alltaf metið konurnar mikils, þá má þetta teljast býsna undarlegt, og víst er nú svo komið skilningi nútímamannsins, að hann ætti að hætta því að láta konurnar þurfa að berjast til jafnréttis á móti sér. Konurnar hafa verið áhugasamar um þetta eins og fleira. Okkur hefur oft þótt vænt um áhuga þeirra, en mörgum hefur samt stundum mislíkað þessi áhugi. Enn eru þær áhugasamar, eins og hér getur að líta á pöllum Alþingis, og hafi þær heiður fyrir það.

Baráttan fyrir launajafnréttinu er nú að komast á lokastig, og það þýðir ekki fyrir neina karlmenn að tregðast við að viðurkenna það. Þetta er hagsmunamál kvenna, en það er líka mannréttindamál þeirra. Ísland hefur gerzt aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni og fullgilt jafnlaunasamþykkt hennar og þar með skuldbundið sig til að styðja að því, að launajafnrétti komist á. Lög hafa verið sett um launajafnrétti hjá starfsmannaliði ríkisins, eins og sagt var frá hér áðan. Bæjar- og sveitarfélög munu yfirleitt greiða konum sem körlum sömu laun fyrir sömu störf. Allvíða hafa konur gert samninga um sama kaup og karlmenn í sérstökum starfsgreinum, t. d. við suma fiskvinnu. Þá frétti ég nú í þingskjali, að konur á Skagaströnd hafi gert samning um sömu laun fyrir sig og karlmenn fá. Eftir er því aðeins fyrir Íslendinga að stíga sporið heilt, svo að allar konur, sem selja vinnu sína, njóti sama réttar.

Ég gat ekki orðið meiri hl. heilbr.- og félmn. samferða í þessu máli, eins og hv. frsm. meiri hl. n. gat um hér áðan. Ágreiningur minn byggðist á því, að ég taldi, að það ætti ekki með fram komnu frv. að stíga sporið heilt og hiklaust. Ég álít, eins og nú er komið, þá sé verið að skapa misrétti milli kvenna með því að draga það að leiða í lög launajafnrétti fyrir allar konur á móti karlmönnum.

1. gr. frv., sem inniheldur aðalefni þess, er um það, að á 6 árum skuli laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: „Almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.“ Þessi grein gerir ráð fyrir því, að jafnréttið skuli skammtað í sex sneiðum, einni sneið á ári. Mér finnst enn þá vera sú undarlega, gamla tregða karlmannanna hjá þeim, sem flytja þetta frv., til að viðurkenna rétt konunnar, þó að ég efist hins vegar ekki um það, að í ýmsum efnum meta þessir menn þær mikils. Og annað finnst mér að þessari grein, og það er það, að hún er ekki yfirtæk um starfsgreinarnar. Eftir verða ýmsar konur, sem tilheyra ekki þeim starfsgreinum, sem þarna eru teknar upp. Það er gamla sjónarmiðið að skeyta ekki um einstæðinginn eða þann, sem er ekki þannig settur, að hann gangi eftir rétti sínum eða gengið verði eftir rétti hans með samtökum af annarra hálfu. Ég kann ekki við þetta. Mér finnst þetta frv. því vera allt of smámunalegt til þess að bjóða konum dagsins í dag upp á það.

Fleira í frv. er athugavert. Það er gert ráð fyrir því, að heilmikla vafninga þurfi til þess að fá launahækkunina, og það eru gerðar ráðstafanir til þess í frv., 3. gr. þess, að stofnuð sé ný nefnd ríkislaunuð. Út af fyrir sig er það snurða á þræði þeirra, sem fara nú með stjórn landsins, að ætla að fara að stofna nýja nefnd, því að þeir hafa lýst því yfir, að þeir ætli að fækka nefndum, en ekki fjölga, ekki stofna nýjar nefndir, heldur leggja niður gamlar nefndir og vera endurbótamenn í þeim efnum. En syndin virðist liggja við þeirra dyr eins og annarra. Til þessarar nefndar á að þurfa að sækja um leyfi til þess að fá hækkun þá, sem 1. og 2. gr. þó ákveða, fá sjöttunginn, eða a. m. k. þarf að fá staðfestingu á því, að sneiðin sé rétt skorin, ef fólkið hefur aflað sér hennar sjálft með samningi. Mér virðist þessi nefnd algerlega óþörf. Ég sé ekki betur en að ef þetta frv. verður að lögum, þá seinki það málefnum kvenna í þessum efnum.

Eins og hv. frsm. meiri hl. las upp eða gerði grein fyrir, hafa samtök vinnuveitenda mælt á móti þessu frv. af þeirri ástæðu, að þau eru mótfallin launajafnréttinu. Mundu þau samtök vera líkleg til þess að fara að semja um það að hækka laun kvennanna meira en lögboðið væri, ef þetta frv. yrði að lögum? Ég tel það alls ekki líklegt. Ég tel það einmitt gefinn hlut, að verði þetta frv. samþ., þá muni hækkunin falla í þann farveg, sem það markar, þá muni ekki koma frétt utan af landi um það, að stéttarsamtök kvennanna hafi fengið samninga upp á jöfn laun og karlmenn, eins og sú frétt, sem ég a. m. k. heyrði fyrst áðan frá Skagaströnd. Ég held þess vegna, að það sé algert víxlspor að samþykkja svona frv. Ég held, að það sé ógreiði, sem flm. eru að gera þessu málefni kvennanna, sem þær eru alveg að sigra í. Ísland hefur skuldbundið sig til þess að láta þær hafa réttindin.

Ég tel skv. framansögðu, að þetta frv. eigi ekki að samþykkja, og ég hef lagt hér fram á þskj. 638 brtt. við frv., sem eru á þá leið, að ég hygg, að konur hljóti vel við að una og sé karlmönnunum sómi að samþykkja. Ég legg til, að 1. gr. verði breytt þannig: „Konur skulu hafa sömu laun og karlar fyrir sömu störf.“ Allar konur. Ég vil ekki, að til sé nein Sigurlína, sbr. sögu Kiljans, Sölku Völku. Ekkert olnbogabarn í þessum efnum, engin kona út undan, hvaða störf sem hún vinnur til móts við karlmenn og hvort sem hún er í stéttarsamtökum eða ekki.

Ég legg svo til, að öðru leyti, að 2., 3., 4. og 5. gr. frv. falli niður. Þær eru óþarfar. Þær mæla fyrir um vafninga og vafstur, sem ekkert gildi hefur. Og svo legg ég til, að 6. gr. verði breytt, — hún verður þá 2. gr., — á þá leið: „Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1961.“

Ég vil sem sé engin sex ár láta ganga í það að veita konunum þennan rétt, sem nú má telja

orðinn sjálfsagðan. Ég vil, að þær fái þennan rétt á miðju þessu ári, og ég vænti þess, að karlmennirnir í þessari hv. d. telji sér skylt vegna kynna sinna af góðum konum að samþykkja þetta frv., og þá efast ég ekki heldur um, að fulltrúi þeirra, konan í hv. d., verður ekki mótfallin því.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Baráttan fyrir launajöfnuði kvenna og karla hefur staðið lengi, og má segja, að hún hafi verið hörð. Í þessari baráttu hafa ýmsir góðir aðilar tekið þátt. En ég held, að það sé ekki ofmælt, að þar hafi frá fyrstu tíð og til þessa dags verkalýðshreyfingin farið í fararbroddi. Það hefur á undanförnum árum nokkuð þokazt áfram í þessu máli. Nægir að minna á, að samkv. lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna skulu konur, sem eru opinberir starfsmenn, hafa sömu laun og karlar.

Verkalýðshreyfingin hefur í sinni baráttu lagt mikla áherzlu á þetta launajafnrétti og vaxandi áherzlu á síðustu árum. Hér á Alþ. hefur þetta mál verið til umr. af og til, a. m. k. síðustu 12 árin. Það var á þinginu 1948, sem Hannibal Valdimarsson flutti hér í þessari hv. d. frv. til laga um réttindi kvenna. Það var að ýmsu leyti víðtækara en það mál, sem nú er til umr., en fól það þó einnig í sér. Þetta frv. var svæft í nefnd. Árið 1953 var flutt frv. um launajafnrétti kvenna. Flm. voru þeir Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson. Þetta frv. var shlj. því frv., sem nú liggur fyrir hv. Nd. og ekki hefur fengizt afgreiðsla á í allan vetur. Það er einnig shlj. þeim brtt., sem ég flyt nú að þessu sinni hér í hv. d. Málið fékk ekki framgang 1953 frekar en 1948, og enn flutti Hannibal Valdimarsson frv. sams konar á þingi 1954, og fór enn á sömu leið.

Í byrjun þessa þings, sem nú stendur yfir, komu fram tvö frumvörp um sömu laun kvenna og karla og um launajöfnuð kvenna og karla. Annað var flutt í hv. Ed., en hitt í hv. Nd. Frv., sem hér er til umr. nú, hefur legið hjá heilbr.- og félmn. í allan vetur og ekki verið við því hreyft þar til í gærmorgun, er snögglega var boðað til fundar, sem ég því miður gat ekki mætt á, enda vissi ég ekkert um, hvað á dagskrá yrði. En þá var þetta frv. afgreitt af n. á þann veg, sem þegar hefur verið gerð grein fyrir af hv. ræðumönnum hér á undan mér.

Þetta frv. á þskj. 64 heitir frv. til laga um launajöfnuð kvenna og karla og er flutt af hv. þrem þm. Alþfl. hér í þessari hv. d. Þegar frv. er athugað, kemur fljótlega í ljós, að á því eru því miður ýmsir agnúar, og það, sem verra er, nokkuð stórir agnúar. Ég vil nú stuttlega gera grein fyrir þeim.

Það hefst strax með 1. gr. Þar segir: „Á árunum 1962—1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla við sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu.“ Hér er tvennt að mínum dómi mjög veigamikið og varasamt. Í fyrsta lagi á það að taka 6 ár frá deginum í dag, þar til þessu sanngirnismáli verður fullnægt. Það á ekki að vinda sér að því að koma á þessum launajöfnuði. Það á alls ekki að byrja á því á árinu 1961. Síðan á launajöfnuðurinn að komast á á næstu fimm árum þar á eftir.

Við erum öll sammála um, að hér er um réttlætismál að ræða. En hvers vegna þá að láta það taka svona langan tíma, 6 ár, að framkvæma það réttlætismál? Er það gert fyrir konurnar, sem árum saman hafa liðið þetta óréttlæti? Það dettur víst engum í hug að halda því fram. Fyrir hverja er þetta þá gert? Auðvitað er það gert fyrir atvinnurekendur til þess að hlífa þeim. Það verður að taka langan tíma að afgreiða sanngirnismál, það verður að taka langan tíma að leiðrétta ranglæti, af tilliti til þeirra, sem ranglætið hafa raunverulega framið.

Það er annað í þessari grein, sem líka er athugunarvert og líklega engu betra. Í greininni er gert ráð fyrir, að konur í vissum starfsgreinum fái með tíð og tíma launajafnrétti á við karla, en það er um leið gert ráð fyrir því, að allar konur fái það ekki. Það er gert ráð fyrir því, að vissar starfsgreinar, sem konur vinna í, fái þetta launajafnrétti aldrei. Þetta gera hv. flm. sér fyllilega ljóst, og þeir gera það að umtalsefni í grg. Hvernig afsaka þeir þetta? Þeir segja svo, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Frv. þetta nær til allra þeirra starfa, sem almennast er að konur vinni við hlið karla. Sjálfsagt mætti við nánari athugun tína til einhverjar fámennar starfsgreinar, sem frv. þetta tekur ekki til. Kynnu menn þá að spyrja, hvort konur í þeim starfsgreinum ættu ekki einnig rétt á launajöfnuði. Vissulega ætti það svo að vera. Þessu er þó sleppt í frv.“ — segir í grg. — „til að gera lögin ekki of erfið í framkvæmd, of flókin, enda mundi frv., ef að lögum yrði, að sjálfsögðu bæta mjög samningsaðstöðu allra kvenna, hvort sem þær vinna störf sín yfirleitt við hlið karla eða ekki, eða m. ö. o., hvort sem taxti er til fyrir hliðstæð störf karlmanna eða ekki.“

Þetta er þá afsökun hv. flm. í þessu efni, að þeim vex það í augum að gera lögin og framkvæmd þeirra erfið og flókin, og þess vegna sleppa þeir að fullnægja réttlætinu.

Í 3. gr. eru ákvæði, sem einnig eru mjög athyglisverð og ég held mjög varasöm. Þar er gert ráð fyrir, að sú árlega launahækkun, sem konur eiga að fá, skuli ákveðin af þriggja manna nefnd, launajafnaðarnefnd. Skal einn maður þeirrar nefndar skipaður af félagsdómi og vera formaður, annar skipaður af Alþýðusambandi Íslands og hinn þriðji skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands. Ákvarðanir þessarar nefndar eru samkvæmt frv. fullnaðarákvarðanir og verður ekki áfrýjað.

Hér er þá fyrst og fremst verið að setja á laggirnar eina nefndina enn þá, það er verið að bæta við nefndafarganið með þeirri skrifinnsku og þeim kostnaði, sem því fylgir. Þessi nefnd á að gera það eitt, sem lögin bjóða, að ákveða árlega launahækkun í samræmi við ákvæði laganna. Annað á hún raunverulega

ekki að gera. Þessi nefnd virðist mér við fyrsta tillit vera óþörf, og nánar að gætt held ég, að fyrirkomulagið sé varhugavert og ósanngjarnt, sérstaklega í garð launþegasamtakanna. Í þessari nefnd á að vísu að vera einn fulltrúi frá launþegasamtökunum. Það segir það, að launþegasamtökin eru þar algerlega í minni hluta. Þessi nefnd á að taka einhliða ákvarðanir, bindandi ákvarðanir um launamál verkalýðs og annarra launþega, ákvarðanir, sem verður ekki áfrýjað til neins æðri dómstóls. Með þessu er sjálfsákvörðunarréttur launþegasamtakanna um sín kjaramál stórlega skertur að mínum dómi. Þetta er atriði, sem mjög óprýðir þetta frv. og gerir ásamt öðru það að verkum, að það má ekki samþykkjast hér á hinu háa Alþingi, eins og það er nú úr garði gert.

Það er sitt hvað fleira athugavert við þetta frv., þótt smærra sé. Ég skal benda á, að í 4. gr. er stéttarfélögunum, þ. e. a. s. launþegafélögunum, gert að skyldu að sækja um launahækkanir til þessarar háu launajafnaðarnefndar ár hvert í nóvembermánuði. Ja, það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en svo, að ef eitthvert stéttarfélag sækir ekki um þetta fyrir nóvemberlok, þá eigi viðkomandi félag á hættu að fá ekki lögboðna launahækkun árið eftir. Þannig má skilja þetta. Hitt veit enginn, hvernig þessi háa nefnd með alræðisvaldi mundi úrskurða það, ef umsókn bærist ekki eða kæmi of seint.

Ég skal nú láta að mestu útrætt um þessa hlið málsins, þessa stóru ágalla, sem eru á frv.

Í 5. gr. segir svo, að lög þessi skerði ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til að semja um það við vinnuveitendur, að launajöfnuði skuli náð á skemmri tíma en lögin mæla fyrir um. Hv. flm. eru sjálfsagt ákaflega upp með sér af þessu ákvæði. Hvílíkt frjálslyndi, hvílík friðindi eru ekki þarna veitt! Hitt er svo annað mál, hvernig þetta ákvæði verkar í framkvæmdinni, að hve miklu liði launþegasamtökunum kemur þetta ákvæði, þegar frv. er orðið að lögum í því formi, sem það hér birtist. Verður ekki reynslan sú, að atvinnurekendur verði eftir samþykkt þessa frv. hálfu erfiðari til samninga um hækkun kvennakaups, eftir að þetta er orðið að lögum? Er þeim ekki gefið vopn í hönd með þessum lögum, vopn, sem þeir munu beita til þess að standa á móti launajafnréttinu, meðan unnt er? Ég held það. Og ég held, að atvinnurekendum verði þetta gott vopn í hendi.

Verkalýðshreyfingin, eins og ég tók fram áðan, hefur barizt lengi fyrir launajafnrétti kvenna og karla, og henni hefur orðið ágengt, ekki hvað sízt nú upp á síðkastið. Á síðustu missirum og jafnvel síðasta missirið hefur þokazt mjög langt áleiðis, og ef ekkert yrði til að spilla, eins og óheppileg lög, þá eru miklar líkur fyrir því, að launajafnréttið eigi ekki langt í land. A. m. k. á einum stað á landinu, á Skagaströnd, hafa verkakonur fengið þetta launajafnrétti, og víðar á landinu, eins og t. d. í Vestmannaeyjum og víðar, hefur þokazt nokkuð áleiðis einmitt nú á allra síðustu mánuðum. Þetta er mjög athyglisvert. Þróunin er ör í rétta átt einmitt síðustu mánuðina. Óheppileg löggjöf gæti orðið til þess að spilla þeirri þróun og tefja fyrir. Verkalýðsfélögin og þar með verkakvennafélögin hafa sjálf sett sér fyrir alllöngu það takmark að berjast nú á þessu ári fyrir hækkun kvennakaups, þannig að það verði a. m. k. 90% miðað við karlmannskaupið. Þetta er mark, sem verkalýðshreyfingin hefur sett sér að ná innan skamms, ekki á sex árum, heldur á þessu ári, ef í það færi. (Gripið fram í.) Ég sagði, að verkalýðshreyfingin hefði sett sér það mark, það er kannske rangt. Nú mun það víða vera svo, að verkakvennakaup er 78% af karlmannskaupinu. Ef verkalýðshreyfingunni tækist að hækka það upp í 90%, þá er ekki langt í land. Og það er augljóst, hver stefna verkalýðshreyfingarinnar er í þessu máli. Hún er sú að ná þessu, ekki í fimm eða sex áföngum, heldur í tveim áföngum. Þetta frv., orðið að lögum, gæti því orðið ágætt vopn atvinnurekendum til þess að tefja baráttu verkalýðshreyfingarinnar og til þess að seinka fyrir því, að þessu réttlætismáli verði komið í framkvæmd.

Sannleikurinn er sá, að hver einasta grein í þessu frv. er varhugaverð. Þess vegna hef ég á þskj. 620 borið fram brtt. Þar er gert ráð fyrir, að greinum 1, 2, 3 og 4 í frv. verði breytt til samræmis við ákvæði frv. sömu tegundar, sem nú liggur fyrir hv. Nd., en það frv. er aftur samhljóða frv., sem flutt var á Alþingi 1953 af þeim Hannibal Valdimarssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Emil Jónssyni og Eggert G. Þorsteinssyni. Með þessum brtt. á þskj. 620 hygg ég, að komizt verði fyrir ágallana í frv., sem hér er til umræðu. Verði þær brtt. samþykktar, þá fá konur launajafnrétti á við karla, ekki að sex árum liðnum, heldur þegar í stað, og það verður ekki aðeins nokkur hluti starfandi kvenna, sem fær þetta sjálfsagða launajafnrétti, heldur allar konur.

Ég hef svo ekki þessi orð fleiri að sinni, en skora á alla hv. þdm. að athuga þetta mál vel, og ekki hvað sízt skora ég á þá, sem eru í Alþfl. og sæti eiga í þessari deild, að athuga nú sinn gang betur, áður en þeir sleppa því lausu, sem hér sýnist vera tilætlunin að koma fram.

Eggert G. Þorsteinsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls flutti 1. flm. frv. ýtarlega framsöguræðu um málið í heild, og aftur nú við upphaf þessarar umræðu hefur frsm. hv. heilbr.- og félmn. einnig gert mjög glögga grein fyrir frv. og tilgangi þess. Það er því að bera í bakkafullan lækinn að fara nánar út í einstök atriði frv., umfram það, sem tilefni hefur gefizt til af ræðum tveggja síðustu hv. þdm.

Ég sé ekki betur en þetta frv. hafi þegar unnið sinn fyrsta sigur með því að leiða af sér þskj. 638, frá Karli Kristjánssyni. Ýmsu hefði verið spáð um flokk hans í þessu máli, og ýmiss konar reynslu hafa verkalýðssamtökin af undirtektum hv. framsóknarmanna undir þeirra mál hér á Alþingi, en ég held, að enginn hefði þorað að spá því, að það ætti fyrir þessum hv.

þm. að liggja að flytja þær brtt., sem hann hefur nú þegar gert á þskj. 638.

Ég læt þetta nægja um þetta atriði, en vísa að öðru leyti til þess, að búið er að rekja þá sögu málsins, sem átt hefur sér stað hér í þingsölunum frá 1948 til dagsins í dag, og ekki hefur heyrzt eitt einasta kvak úr þingflokki Framsfl. þessu máli til stuðnings fyrr eða síðar. Svo er nú hlaupið til, þegar í stjórnarandstöðu er komið, og tekið að sér það hlutverk, sem öðrum hefur verið ætlað hingað til, þ. e. a. s. yfirboðshlutverkið.

Mér fannst það vera í rökréttu framhaldi af þessu, þegar ræðumaður komst þannig að orði, að hann sagði, að það teldist býsna undarlegt, hvað við karlmennirnir værum oft seinir í réttindamálum kvenna. Ég held, að þetta sé alveg réttilega að orði komizt, sér í lagi hvað Framsfl. áhrærir. Það er allt of smátt, sagði ræðumaður, að bjóða upp á það, sem í þessu frv. er gert, og það er til niðurlægingar og karlmönnunum til háðungar að bjóða kvenfólkinu upp á slíkt frv., sem hér er flutt.

Ég verð nú að segja, að eftir þá reynslu, sem fengin er af undirtektum undir þessi mál hér á s. l. 10 eða 12 árum, þá er áreiðanlega enginn maður í verkalýðssamtökunum, hvað svo sem menn segja annars hér, í neinum vafa um, að hér er stórkostlegt skref fram á við, og ef einhver er í vafa um það, þá bið ég þann hinn sama að lesa yfir meðmælendalistann úr fulltrúahópi verkakvennanna sjálfra frá síðasta Alþýðusambandsþingi. Þær telja það áreiðanlega spor í rétta átt og væru annars ekki að mæla með því. Ég held, að sá meðmælendalisti, sem hér liggur fyrir, verði ekki heldur flokkaður í sérstaka pólitíska flokka, og ég held, að það væri rétt, að a. m. k. þeir fulltrúar Alþb., sem hér eiga eftir að tala, renndu augunum yfir þann lista, áður en þeir halda lengra í svigurmælum og andstöðu sinni við frv.

Báðir hv. síðustu ræðumenn lögðu á það megináherzlu, að frv. þetta gæti hindrað það, að frekari samningar næðust, þ. e. a. s. að launajafnréttinu yrði komið á á skemmri tíma en sex árum, sem frv. gerir ráð fyrir. Fyrir þetta er algerlega girt, eins og hv. síðasti ræðumaður var nauðbeygður til að lesa hér upp, í 5. gr. frv. Frv. er að meginefni um það, sem hefur áður verið margskýrt, að í síðasta lagi komi þetta launajafnrétti eftir sex ár, á sjötta ári, en hindri ekki á nokkurn hátt, að félög geti samið um launajafnrétti á skemmri tíma. Það er hálmstrá, sem gripið er til vegna þess eins, að þeir telja, að samþykkt þessa frv. gæti orðið fjöður í hatti þeirrar ríkisstj., sem þeir annars hafa ekki neitt sérstakt álit á.

Það er ógreiði við konur að samþykkja þetta frv., sögðu þeir báðir, og bentu þá m. a. á það, að á Skagaströnd, — og síðan var bent á Tálknafjörð, — hefðu náðst samningar um launajafnrétti, sem er allviðtækara en þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég verð nú að segja það með fullri virðingu fyrir þessum tveimur stöðum, — og nota þá tækifærið til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að þessi félög skuli vera komin svo langt, — að þá er þó allverulegur hluti verkakvenna, sem enn þá hefur ekki náð þessu marki, þrátt fyrir þær 10—12 ára tilraunir, sem búið er að gera hér á Alþingi þessu máli til stuðnings. Og þegar litið er til baka, 12 ár aftur í tímann, án þess að nokkuð hafi markað í áttina, þá verður erfitt að skilja það frá sama ræðumanni, að það sé allt að því glæpur að tala um, að þetta eigi að gerast á næstu sex árum.

Ég vil spyrja þessa sömu menn: Hvað gerir verkalýðsfélag, sem nær ekki fyllilega fram sínum upphaflegu kröfum? Það semur einhvers staðar aðeins fyrir neðan, mismunandi mikið hverju sinni.

Það, sem hér hefur gerzt, er það, að við flm. þessa frv., þó að sumir okkar — eða a. m. k. ég — hafi staðið að frv. áður, sem gengið hefur lengra, þá viljum við kanna það, hvort ekki fæst nú samkomulag um að tiltaka ákveðinn tíma til þess að ná þessum lögum fram, vegna þeirrar 10 eða 12 ára reynslu, sem við höfum af því að koma engu áfram, að komast ekkert í áttina hér innan veggja Alþingis. Það hefur hingað til ekki verið talinn glæpur af verkalýðsfélögum, nema síður væri, að semja ekki ávallt upp á þær hámarkskröfur, sem fram hafa verið lagðar hverju sinni. A. m. k. hafa foringjar verkalýðssamtakanna iðulega státað af því að hafa náð svo og svo góðum samningum, sem þeir hafa vissulega gert, án þess að hafa fengið kröfur sínar að fullu fram. Það sama er að gerast hér.

Hv. þm. Alfreð Gíslason sagði, að þetta frv., ef að lögum yrði, yrði gott vopn í höndum atvinnurekenda, því að þeir gætu skýlt sér á bak við það um frekari launahækkanir. Ég hef að vísu átt nokkur samskipti við atvinnurekendur í gegnum samningaumleitanir í mínu stéttarfélagi, en ég hef aldrei kynnzt því í þeirra hópi og tel, að það sé ómaklega mælt, að þeir hafi ekki haft vit á því um dagana að taka þau vopn og nota þau, sem þeir hafa átt kost á. A. m. k. hefur mér fundizt það, að þeir kynnu vel að nota þau vopn, sem þeir hafa átt kost á, gegn okkur, sem í verkalýðssamtökunum höfum unnið, og þeir hafa sannarlega oft notað þessi vopn þannig, að ýmislegt væri hægt af þeim að læra í því efni. Það er þess vegna mjög einkennilegt, ef öllum atvinnurekendasamtökunum ber saman um það að hafna því og mæla eindregið gegn því að fá slíkt vopn í hendurnar sem þetta frv., eins og þau hafa gert í umsögnum sínum um það. Og það eru ekki bara þessir vondu íhaldsmenn í Vinnuveitendasambandinu, sem mæla eindregið gegn samþykkt frv., það eru okkar ágætu samvinnusamtök, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur verið talinn allmikill áhrifamaður í og eru einn af alstærstu vinnuveitendum þessa lands. Því yrði áreiðanlega fagnað jafnt innan Alþingis sem utan, ef samvinnusamtökin gengju á undan og semdu nú þegar, eins og brtt. hans hljóða um, við allt kvenfólk, sem hjá þeim vinnur, innan dyra og utan, um fullkomið launajafnrétti. Og ég vildi gjarnan næst heyra sögur af mínum ágæta vini, Karli Kristjánssyni, þegar hann fer að berjast fyrir því innan Vinnumálasambands SÍS að koma þessu launajafnrétti á. Þá skal ég

trúa því, að hann hafi eitthvað meint með þeim brtt., sem hann hefur hér lagt fram.

Þær brtt., sem fram hafa komið við frv., markast einvörðungu af yfirboðskennd, ef þær eru þá ekki af öðrum verri toga spunnar, því að þeir telja, eins og ég áðan sagði, að samþykkt frv. gæti orðið fjöður í hatti núv. stjórnarliðs eða ríkisstj., og er hvorug kenndin góð og hvorug þessum mönnum til sóma. Ég held, að það fari vel á því, að þessir aðilar eigi á sinn hátt samstöðu með vinnuveitendum í afstöðu gagnvart frv. En þeir geta ekki sannfært neinn um það, að atvinnurekendur vilji ekki slíkt vopn, eins og þeir telja að þetta frv. verði.

Ég held, að meðmæli verkakvennafulltrúanna á Alþýðusambandsþingi og þeirra verkakvennafélaga, sem hér hafa sagt álit sitt á frv., séu ljósasti votturinn um, að hér er stórum áfanga náð, ef frv. þetta verður að lögum, og ég met a. m. k. rök þessara kvenna, sem sjálfar vita, hvar skórinn kreppir að, meira en yfirboðshjal hér innan veggja Alþingis, sem er til þess eins fallið að taka undir andstöðuhróp vinnuveitenda.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa yfir ánægju yfir afstöðu meiri hl. hv. félmn. til þessa frv. Ég vil líka lýsa yfir ánægju yfir afstöðu minni hl., því að fulltrúar minni hl. eru ekki í sjálfu sér andvígir málefninu, heldur telja þeir aðeins, að þetta gangi of skammt. Og þetta er sérstaklega ánægjulegt fyrir þá sök, að maður hefði, eftir því sem áður hefur skeð í þessum málum, jafnvel getað búizt við hinu gagnstæða, því að mér er ekki kunnugt um það, að þeir flokkar, sem minnihlutamennirnir tilheyra, hafi nokkru sinni borið fram hér á Alþ. frv. til l. um launajöfnuð karla eða kvenna.

Það kom fram í ræðum hv. minnihlutafulltrúa ýmiss konar misskilningur, sem ég vil leyfa mér að gera hér að umtalsefni og leiðrétta. Ég ætla þá fyrst að snúa mér að nál. hv. 1. minni hl. heilbr.- og félmn., hv. alþm. Karls Kristjánssonar. Að vísu skal ég játa, að ég veitti því athygli, þegar hann var að tala, ég tók ekki eftir því, að hann minntist nokkurn tíma á Framsfl. eða á stefnu hans eða Framsóknarstefnuna í sambandi við þetta mál, heldur virtist afstaða hans til þessa máls aðallega byggjast á ást til kvenþjóðarinnar, og þætti mér það vel, ef afstaða hans í stórmálum byggðist frekar á þessu framvegis en á Framsóknarstefnunni.

Hið fyrsta, sem getur í þessu nál. á þskj. 637, er: Hvers vegna ekki jöfn laun kvenna og karla fyrir sömu störf í öllum starfsgreinum? Þetta komu reyndar báðir þeir hv. þm., sem skipa minni hl. n., inn á. Hvers vegna er eitthvað fólk skilið út undan? Og inn á þetta er líka komið í umsögn Alþýðusambands Íslands um þetta frv. Ég vil leyfa mér að lesa hér örfáar setningar úr þessari umsögn Alþýðusambandsins, með leyfi forseta. Hún hljóðar svo:

„Ákvæði 1. gr. um launajöfnuð á árunum 1962—1967 mundu aðeins ná til þeirra kvenna, sem vinna eftir samningum almennu verkakvennafélaganna, eftir samningum Iðju, eftir samningum verzlunarfólks. En hvað um konur, er vinna í sjúkrahúsum, í prentsmiðjum, við bókband o. s. frv.?“

Það er að vísu rétt, að það kunna að vera til einhverjar þær starfsstéttir kvenna, sem yrðu utan við þetta frv. En ég held, að þegar málið er athugað betur, þá séu það ákaflega fá tilfelli og reyndar erfitt að gera sér grein fyrir því, að sá möguleiki sé meira en fræðilegur. Ef við tökum það kvenfólk, sem er í alþýðusamtökunum og ekki mundi ná undir þetta frv., við skulum segja konur, sem vinna í sjúkrahúsum, — það væri reyndar hálfgert öfugmæli að setja þær hér inn í frv., því að frv. byggist á sömu launum fyrir sömu störf. Það vinna engir karlmenn sömu störf og t. d. gangastúlkur í sjúkrahúsum eða stúlkur, sem eru í eldhúsi í sjúkrahúsum eða í þvottahúsum eða eitthvað slíkt. Það vinna engir karlmenn þessi störf, þannig að það væri enginn grundvöllur fyrir því að láta þær hafa sama kaup. Á sama hátt má segja t. d. um aðstoðarstúlkur í prentsmiðjum. Það vinna engir karlmenn þessi störf, svo að ég viti. Við getum tekið fleiri konur, sem eru í Alþýðusambandinu, eins og nuddkonur. Ég veit ekki til þess, að neinir karlmenn nuddi. Eða flugfreyjur. Það eru engir karlmenn til, sem vinna flugfreyjustörf. Það væri tilgangslaust að taka þetta upp í frv., vegna þess að þarna er um störf að ræða, sem karlmenn vinna yfirleitt aldrei. Hitt er svo annað mál, að auðvitað mundi samþykkt þessa frv. hafa óbein áhrif, sterk, óbein áhrif í þá átt að létta samningsaðstöðu þessa kvenfólks, sem vinnur störf, sem karlmenn vinna ekki, en hefur lág laun. Og mér finnst nú, að þegar annar fulltrúi minni hlutans, hv. þm. Alfreð Gíslason, var að prédika um þetta óréttlæti og að þetta mundi vera erfitt, þá sé hann raunverulega að bera fram vantraust á forustu verkalýðssamtakanna hér, og ég hefði álitið, að það vantraust ætti sízt að koma úr þeirri átt. Alveg sama má segja um það, þegar er verið að tala um, að samþykkt þessa frv. mundi leiða til þess, að vinnuveitendur neituðu verkakonum um allar frekari hækkanir eða allar hækkanir til að brúa bilið milli karla og kvenna umfram það, sem segir í þessum lögum, að þá er það í sjálfu sér líka vantraust á verkalýðssamtökin, ef verkalýðssamtökin hafa það í hyggju að brúa þetta bil á skemmri tíma. Og eins og margoft hefur verið tekið fram, þá hamlar þetta frv. ekkert gegn því, það er bara verið að tryggja lágmarksávinning fyrir konurnar, það lágmark, að þær fái launajöfnuðinn á sex árum, en á engan hátt með frv. komið í veg fyrir það, að þær geti fengið hann á skemmri tíma.

Svo að ég haldi mér aftur við nál. á þskj. 637, þar segir svo: „Sett skal samkv. frv. ríkislaunuð nefnd manna, er stéttarfélög kvenna skulu sækja um þessar launahækkanir til, eða a. m. k. verða stéttarfélögin að fá árlega hjá nefndinni staðfesta hækkunina, og fleira er í frv. af fyrirmælum, sem hafa í för með sér skriffinnsku í sex ár og hlaup aftur og fram.“ Þessi hv. þm. kom líka, og báðir fulltrúar minni hl. inn á það, að hér væri að óþörfu verið að stofna til skriffinnsku og það væri stefna ríkis-

stj. að fækka nefndum, en væntanlega ekki að stofna nýjar. En til þess nú að geta komið nokkuð til móts við óskir þessara hv. manna í þessu efni, þá vil ég benda á, að þegar þessi nefnd verður skipuð, þá er alveg óhætt að leggja niður aðra nefnd, og það er jafnlaunanefnd, sem skipuð var vorið 1958 af þáv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni. Sú nefnd átti að rannsaka mismun á launakjörum karla og kvenna og undirbúa tillögur, og mér er ekki kunnugt um það, að sú nefnd hafi sent frá sér neinar tillögur um það efni enn í dag, þannig að þarna mætti skera niður aðra nefnd á móti.

Þá segir enn fremur í þessu sama nál. á þskj. 637: „Launajafnréttið er að ryðja sér til rúms, og ekki þýðir fyrir neinn að þrjózkast á móti því. Íslendingar hafa þegar skuldbundið sig til að koma því á hjá sér.“ Þetta er ekki rétt. Hér mun hv. þm. eiga við aðild Íslands að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, en í þessari samþykkt skuldbinda Íslendingar sig aðeins til þess að stuðla að því, og í raun og veru er þetta miklu fremur stefnuyfirlýsing en skuldbinding. Það má alltaf segja, að verið sé að vinna að þessu og undirbúa það. Það eru engar tímaákvarðanir eða neitt slíkt. Og það er líka annað, að skuldbindingin nær ekki nema til þess að koma á jöfnum launum fyrir jafnverðmæt störf, en það er miklu þrengra en gert er ráð fyrir í þessu frv., þannig að við gætum 10—20—30 ár verið aðilar að þessari samþykkt án þess að gera neitt, svo að það er ofsagt þarna í nál., að við höfum þegar skuldbundið okkur til þess að koma á launajafnrétti eins og hér er gert ráð fyrir í frv.

Þá ætla ég að leyfa mér að koma inn á nál. hv. 2. minni hl., hv. þm. Alfreðs Gíslasonar. Það nál. er í höfuðatriðum byggt á umsögn A. S. Í. um þetta mál, þannig að ég get alveg eins vitnað til þeirrar umsagnar. Reyndar telja báðir hv. þm. í minni hl., að það gangi of skammt að ná þessu launajafnrétti í sex áföngum og að það væri miklu eðlilegra og réttlátara að gera þetta í einum áfanga. Ég vil benda á, að jafnvel verkalýðssamtökin sjálf hafa það ekki á stefnuskrá sinni, — þau hafa auðvitað fullt launajafnrétti á stefnuskrá sinni, en þau hafa það ekki á stefnuskrá sinni að gera þetta í einum áfanga. Þau telja það óframkvæmanlegt með samningum a. m. k. Þau hafa markað sér þá stefnu að ná í næsta áfanga 90%, að konur fái 90% af launum á móts við laun karla. Nú þekkja allir, hvað það getur verið mikill munur á því að setja fram kröfur við vinnuveitendur og svo hinu, sem maður fær í sinn hlut, þegar staðið er upp frá samningum, þannig að það er auðvitað ólíklegt, að verkalýðssamtökin mundu ná 90%, þó að það væri vissulega gott, ef svo yrði. Það má t. d. benda á vinnudeiluna í Vestmannaeyjum. Að vísu liggja nú ekki fyrir glöggar skýrslur um þá samninga, sem þar voru gerðir, en mér skilst, að verkakonur þar hafi ekki náð umfram karlmenn nema svona um það bil einum þriðja af þessum mismun, sem þurfti að ná, til þess að þær fengju 90% á móts við karlmenn. Og það verður að hafa það í huga líka, að verkakonur voru marga daga í verkfalli og höfðu mjög sterka aðstöðu, þar sem öll önnur verkalýðsfélög í bænum voru í samúðarverkfalli með þeim. Það verður líka að meta það, þegar horft er fram í tímann, til jafnlaunabaráttu verkakvenna og annarra kvenna, hvað það mundi kunna að kosta miklar fórnir að þurfa að ná þessu að mestu leyti með kjarabaráttu.

Það má þess vegna segja, að ef engin frumvörp hefðu komið hér fram á hv. Alþ., þá væri líklegt, að það tæki mörg ár að ná þessu launajafnrétti, og jafnvel þó að eitthvað mundi þokast áleiðis í næstu samningum milli stéttarfélaganna, þá veit enginn, hvað mundu líða mörg ár aftur, þangað til aftur næðist einhver áfangi í þessu máli.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, að frá því 1955 eða ef við lítum síðastliðin sex ár aftur í tímann, þá voru laun verkakvenna 76% af launum karla. Almennu launin hafa síðan hækkað upp í 78% af launum karla. Það var fyrir aðgerðir löggjafans, það var ekki vegna samninga. Verkakvennafélögin hafa ekki brúað þetta bil á neinn hátt með samningum. Nú er gert ráð fyrir í þessu frv., að á næstu sex árum hækki þetta úr 78% í 100%, þ. e. a. s. næstu 6 ár, ef þetta frv. verður samþykkt, þá næst ellefu sinnum meiri árangur í jafnlaunaþróttunni en á s. l. 6 árum. Er það ekki fagnaðarefni, að svo skuli líta út fyrir? Það má líka benda á aðrar þjóðir. Þær hafa ekki séð sér fært að koma á fullkomnu launajafnrétti á örskömmum tíma. T. d. í Svíþjóð mun hafa verið samið um að gera þetta á næstu fimm árum, og eru þó Svíar áreiðanlega miklu ríkari þjóð en við. Það getur líka haft sína annmarka að gera þetta of snöggt. Það mundi geta valdið mikilli röskun á vinnumarkaðinum, og það mundi geta valdið atvinnuleysi hjá konum. Það mundi líka geta valdið því, að það yrði erfiðara fyrir verkalýðssamtökin að berjast fyrir almennum kjarabótum öllum til handa, þegar þetta væri komið, þannig að það eru ýmis fleiri atriði á að líta.

Í þessari umsögn Alþýðusambandsins segir enn fremur svo, með leyfi forseta: „Út af 3. gr. frv. vil ég taka fram, að verkalýðsfélögunum er áreiðanlega næsta óljúft að láta ákvarðanir um kaupgjaldsmál sín í hendur nefndar, sem verkalýðsfélögin ættu í aðeins einn fulltrúa af þremur. Samkv. 4. gr. eiga stéttarfélög, sem semja um kaup og kjör, að sækja um launahækkanir til þessarar nefndar. Samkv. sömu grein hafa samningar, sem félögin gera við atvinnurekendur, ekki gildi, fyrr en þeir hafa hlotið staðfestingu af þessari margnefndu nefnd. Með þessu er samningaðstaða verkalýðsfélaganna öll torvelduð og samningsrétturinn beint skertur“.

Hér er um ákaflega mikinn misskilning að ræða í öllu þessu, sem ég las úr í þessari umsögn. Ákvörðunin eða reglurnar um hækkunina eru ekki settar af nefndinni. Reglurnar um hækkunina og rétturinn til hækkunarinnar er byggður á lögunum. Hins vegar gæti auðvitað átt sér stað, að það yrði deila um, hvernig ætti að skilja þessi lög, og í stað þess að þurfa að fara fyrir dómstóla með slík mál, — slík mál gætu tekið marga mánuði eða jafnvel missiri,

— þá kemur þessi nefnd, og úrskurðarvald hennar kemur í staðinn fyrir dómstólana. Þetta er alveg á sama hátt og þegar deilt er nú í dag um skilning á ákvæðum kjarasamnings. Ef deilt er um skilning, þá fellur mál fyrir félagsdóm. Það er það, sem verið er að gera þarna, að deila um skilning á þessum lögum fer ekki fyrir dómstólana, heldur fyrir þessa nefnd.

Þá er það hitt atriðið, að það þurfi að sækja um til n. og að hún þurfi að staðfesta samningana, til þess að þeir haldi gildi sínu. Það er alveg skýrt tekið fram í skýringum við frv., hvernig á þessu stendur. Til þess að gera þetta þægilegra í framkvæmd og greiðara fyrir báða aðila, þá er verkalýðsfélögunum og vinnuveitendum heimilað að semja um þessa lögboðnu hækkun, í staðinn fyrir að þurfa að sækja um þetta beinlínis til nefndarinnar. En til þess að tryggja það, að verkalýðsfélögin fái sem lágmark það, sem lögin veita þeim, verður n. að staðfesta það. Nefndin þarf ekki að staðfesta þennan samning nema til þess að gæta þess eins, að viðkomandi stéttarfélag verkakvenna hafi fengið sinn sjötta hluta, en það verði ekki samið um minna. Það er ekki til neins annars. Og ástæðan til þess, að það þarf að hafa þessa nefnd og það þarf að leita til hennar, er sú, að hækkunin er ekki algerlega bundin við taxtana, sem standa í samningum, heldur segir: „Sömu laun fyrir sömu störf.“ Þó að ég að vísu áliti, að þar sé um hreinar undantekningar að ræða, þá getur í sumum tilfellum verið þannig, að störf, sem eru launuð með almennu verkakvennakaupi, einhver lítill hluti þeirra yrði kannske talinn til starfa, sem karlmenn ynnu ekki, og þá þarf að vera einhver aðili, sem sker úr þessu, þannig að þessi nefnd skerðir ekki á nokkurn hátt rétt verkakvennafélaganna, heldur er hún alveg nauðsynlegur aðili. Það er nauðsynlegt, að ríkið setji á fót einhverja slíka stofnun, einhvern aðila til þess að framkvæma lögin á einfaldan og greiðan hátt.

Ég held, að það sé þá ekki öllu fleira, sem ég vildi sérstaklega taka fram. Það má auðvitað miklu fleira um þetta mál segja, en ég ætla að láta þetta nægja að sinni.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ) er nú farinn héðan af fundi, því miður, en ég vildi víkja aðeins að nokkrum atriðum, sem fram komu í ræðu hans. En þar sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 9. landsk., hefur nú tekið undir sumt af því, sem hinn sagði, þá kemur þetta kannske ekki að sök.

Þeir hafa báðir lagt áherzlu á það, að framsóknarmönnum færist ekki að vera með yfirboð í þessu máli, því að þeir hefðu ekki verið svo hollir launastéttunum að undanförnu. Var hv. 10. þm. Reykv. mjög hávær um þetta atriði, er hann var að svara hv. 1. þm. Norðurl. e. Það er ekki gaman að lifa, ef allt er kallað yfirboð, hvað sem menn flytja, og ég veit ekki, hvaða tillögur menn mega eiginlega voga sér að koma með á Alþingi til þess að vera öruggir um, að það verði ekki yfirboð. Ég held nefnilega, að hv. þm. Alþfl. hafi hagað sér þannig í launamálum nú á undanförnum missirum, að það geti ekki nokkur maður verið öruggur um það, að hann sé ekki með yfirboð yfir þá. En til þess að víkja frekar að þessu, ætla ég nú samt að minna þessa hv. þm. á það, að framsóknarmenn hafa ekki verið með öllu skeytingarlausir um þessi mál þrátt fyrir fullyrðingar hv. síðasta ræðumanns og hv. þm. Eggerts Þorsteinssonar. Ég ætla að minna þá á það, að 1954 voru sett lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, lög nr. 38 frá 14. apríl það ár. Forgöngu um þessa lagasetningu hafði þáv. fjmrh., Eysteinn Jónsson. En með þessum lögum voru í fyrsta sinn sett þau ákvæði, að jafnrétti skyldi vera milli kvenna og karla, og hljóðar þessi grein þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf.“ Var það Alþfl., sem beitti sér fyrir þessum lögum? Ónei, það voru framsóknarmenn. Og í skjóli þessara laga er svo sú venja komin á hjá öðrum opinberum stofnunum, að þetta gildir þar líka. Ég held, að það hafi því verið alveg unnið fyrir gýg hjá þessum hv. þm. að saka framsóknarmenn um skeytingarleysi eða áhugaleysi í þessum málum.

Höfuðágreiningurinn virðist mér vera sá um þetta frv., hvort það jafnrétti, sem nú er talað um í þessu frv. hv. Alþfl.-manna, á að koma á sex árum eða hvort það á að koma strax. Og hv. 9. landsk. sagði hér áðan, að það væri ekkert um það sagt í skuldbindingum okkar um aðild að Alþjóðavinnumálastofnuninni, hvenær við ætluðum að ná þessu jafnrétti, sem við höfum þar skuldbundið okkur til að koma á. Ja, það er þokkaleg afsökun þetta. Við höfum skuldbundið okkur til að koma á jafnrétti í launum kvenna og karla með aðild okkar að Alþjóðavinnumálastofnuninni, en af því að það er ekki nefndur neinn mánaðardagur þar, þá má þetta bíða áratugi. Ég held, að hann hafi nefnt eitthvað 30 ár sem dæmi, hvað það mætti bíða. Auðvitað er meiningin með því ákvæði engin önnur en sú að koma því á sem fyrst, og það er ótvírætt skuldbinding að gera það.

Ég vil segja, að þetta frv. er nánast frv. um það að seinka jafnrétti. (**JÞ:** Hvað hafa framsóknarmenn gert til að standa við þá skuldbindingu?) Við fylgjum henni t. d. í þeim till., sem nú eru lagðar fram í dag, að þetta skuli koma strax, en hv. 9. landsk. leggur til, að það skuli bíða í sex ár. Þetta er hans framlag. Hann kemst því ekki undan því, að ágreiningurinn um þetta frv. er um þetta, hvort það eigi að bíða í sex ár með að láta konurnar fá þennan rétt eða hvort þær eigi að fá hann strax. Hann finnur engan stuðning í aðild Íslendinga að Alþjóðavinnumálastofnuninni við það að láta það bíða svona lengi.

En hvað er í veginum með þessa menn? Af hverju geta þeir ekki verið okkur sammála um, að konurnar fái þetta strax? Hvað veldur því? Ætli það sé ekki það, að þeir styðja ríkisstj., sem hefur það að stefnu sinni, að kaup skuli ekki hækka? Ætli það sé ekki sú skuldbinding? (**JÞ:** Hvað gerði vinstri stjórnin í í þessum launajafnaðarmálum?) Alþfl. var nú í henni, held ég. (**JÞ:** Já, Framsfl. réð miklu þar.) Nei, það verður erfitt fyrir þá að komast

fram hjá þessari staðreynd, að þeir eru að reyna að hindra þetta jafnrétti eins lengi og þeir treysta sér til.

Ég man eftir því, þegar ég var lítill strákur og var smali, að þá voru stundum bakaðar flatkökur, og þegar við fórum að sækja kindurnar, þá fengum við fjórða part í nesti. Oft fékk ég það og þótti gott, því að þá var ekki um mikið ríkidæmi að ræða á þeim stað. En að rausnast til þess að láta af hendi sjötta part úr köku, það hefði ég ekki haldið að þekktist, en það er nú það, sem þeir eru að gera, verkalýðsforingjar Alþfl., með frv. sínu. Sjötta parti af réttlætinu ætla þeir að úthluta konunum á ári næstu sex ár.

Hv. síðasti ræðumaður var að verja ákvæði frv. um nefndina og allt það stúss í kringum hana um að meta og dæma um það, hvort konurnar mættu nú fá þetta og þetta, þennan sjötta part. Ég skil ekki annað en það sé hægt að hafa þetta eins einfalt og hv. 1. þm. Norðurl. e. leggur til og sleppa allri nefnd og öllu mati, því að ef það er ákveðið með lögum, að konur skuli hafa sömu laun og karlmenn, alls staðar á landinu og hvað sem þær gera, — sömu laun og karlmenn, sem vinna við sömu störf, hvað á þá að gera með allar þessar umbúðir? (**Gripið fram í:** Setja lög um Rauðasand. — **Forseti:** Ekki samtal.)

Ég held, að í framkvæmdinni yrði þetta þannig, að þegar verkalýðsfélög og atvinnurekendur fara að semja um kaupgjaldsmálin, þá verði einn launataxti og hvorki minnzt á karlmenn né konur. Það verður ákveðinn launataxti fyrir hvert verk, og hitt skiptir engu máli, hvort það er karl eða kona, sem vinnur það. Þannig hélt ég að það yrði framkvæmt. Og ég vil biðja hv. frestunarmennina að sýna mér fram á það, hvers vegna það geti ekki orðið þannig í framkvæmdinni. Um hvert einasta verk, sem á að vinna, verður bara einn launataxti, skiptir engu máli, hvort það eru konur eða karlar, sem vinna. Og þá þarf heldur enga nefnd, ekkert stúss, ekkert mat, ekkert af þessu tagi.

Ég veit ekki, hvort ég hef skilið alveg rétt hv. frsm. meiri hl. n., hv. 2. þm. Reykv., en ég skildi hann svo, að hann væri líka andvígur því, að konurnar fengju þetta jafnrétti strax, fengju þetta réttlæti strax, og ef þetta er ekki misskilningur hjá mér, þá óska ég eftir að fá leiðréttingu á því. En ég skildi frsm. þannig í ræðu sinni. (**AuA:** Það stendur ofur einfaldlega í nál., að við leggjum til, að það verði samþykkt óbreytt.) Já, það er nefnilega það, því er nú miður. Ég bjóst nefnilega ekki við því, af því að það er kona, sem er hv. 2. þm. Reykv. Þá vitum við það.

Ég skal ekki orðlengja frekar um þetta, því að ég vil ekki tefja þetta mál. Ég vil, að það komist gegn á þessu þingi, þótt seint sé. En ef hv. ræðumenn Alþfl. kynnu að kveðja sér hljóðs aftur og halda áfram söng sínum um afstöðu framsóknarmanna til þessara mála, þá getur farið svo, að ég verði að kveðja mér hljóðs að nýju og sýna þeim fram á, hvernig þeir hafa nú á undanförnum missirum staðið að launamálum jafnt kvenna sem karla með öllum þeim kjaraskerðingum, sem nú hafa yfir þetta fólk dunið. Hverjir voru það, sem afnámu með lögum vísitölu á kaupgjald? Hverjir voru það, sem felldu niður 10 stig 1959? Hverjir voru það, sem bönnuðu verkfall með brbl. í fyrrasumar? Það var Alþfl., sem stóð að öllu saman, svo að ég held, að honum farist ekki að vera með harða dóma í garð annarra.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef við 1. umr. þessa máls sagt skoðun mína á því í höfuðatriðum, en tel þó ástæðu til að víkja örfáum orðum að málinu aftur og sérstaklega nokkrum atriðum þess og raunar nokkru af því, sem fram hefur komið í umr. nú í dag.

Hv. 10. þm. Reykv. talaði hér áðan og kvaðst undrast það, að hv. 1. þm. Norðurl. e. væri nú svo skeleggur málsvari launajafnréttis sem ræða hans bar vott um, því að ekki væri fortíð þessa þm. og hans flokks á þann veg, að því hefði verið spáð hér fyrir tiltölulega stuttu. Ég ætla ekki að fara að svara fyrir hv. 1. þm. Norðurl. e., því að þess gerist vissulega ekki þörf. En einhvern tíma hefðu það þótt tíðindi hér á landi, að Alþfl. væri svo komið, að það væri bændaforingi norðan úr landi, sem gengi lengra til þess að bera fram réttlætismál verkalýðsstéttarinnar hér á hv. Alþ. heldur en Alþfl. og legði jafnvel til, að því fólki, sem hjá bændum vinnur, yrði tryggður réttur, sem Alþfl. vill nú meina því að njóta. Það mun líka vera alrangt hjá þessum sama hv. þm., án þess að ég ætli að fara að verja Framsfl., að hann hafi aldrei stutt að launajafnrétti hér á Alþ. Ég veit það með vissu, að 1948, þegar Hannibal Valdimarsson flutti frv. sitt um launajafnrétti, þá skilaði þáv. þm. N-M., Páll Zóphóníasson, nál., þar sem hann mælti með samþykkt frv. Og 1959, þegar við Alþb.-menn lögðum til, að verkakvennakaupinu, lægsta kaupgjaldinu í landinu, yrði hlíft við þeirri árás, sem Alþfl. þá stóð fyrir á öll laun í landinu, jafnt þau lægstu sem þau hæstu, þá stóð Framsfl. með okkur í því, en samþykkt á þeim tíll., sem við þá bárum fram, hefði leitt það af sér, að hlutfall kvenna í launum á móti körlum væri nú 90% í staðinn fyrir 78%, eða nákvæmlega það sama sem öll verkakvennafélög landsins gera nú að sinni lágmarkskröfu. Þetta var viðkomandi sagnfræðinni.

Ég ætla svo ekki að gera að sérstöku umræðuefni þá sagnfræði hv. 2. þm. Reykv., að eiginlega hefði það verið Sjálfstfl., sem alltaf hefði borið hitann og þungann af því að berjast fyrir launajafnrétti í landinu, því að svo fáránleg sem sagnfræði hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ) var, þá sló þessi hv. þm. þó öll hans met.

Hv. 10. þm. Reykv. sagði áðan, að það væri áreiðanlega enginn í verkalýðshreyfingunni, sem væri í nokkrum efa um gagnsemi þessa frv. og hvað það væri ágætt, og nefndi í því sambandi, að konurnar á Alþýðusambandsþinginu síðasta hefðu eingöngu mælt með þessu máli. Ég veit ekki, hvort það er virkilega meining hv. þm., að t. d. lögleg stjórn A. S. Í., sem kosin er af yfirgnæfandi meiri hluta á síðasta þingi þess, sé ekki í verkalýðshreyfingunni, hún standi utan við verkalýðshreyfinguna. Orð hans voru nákvæmlega þau, að enginn í verka-

lýðshreyfingunni gæti mælt gegn þessu frv. (Gripið fram í.) En svo vildi ég víkja aðeins nánar að því, hvernig þessi meðmæli, sem hér hafa verið talin fram frá verkakonum á Alþýðusambandsþingi, eru til komin. Ég hef ekki alveg nákvæma tölu á, hvað margar konur undirrituðu þetta skjal. Það er sjálfsagt hægt að fá það upplýst. (**Gripið fram í:** 35.) 35, það mun þá hafa verið réttur helmingur af þeim konum, sem á Alþýðusambandsþinginu sátu, þær voru liðlega 70, svo að eitthvað hefur skort á, að meðmæli þessara kvenna væru einróma. En líka kemur það til í þessu sambandi, að það var áreiðanlega svo, að mikill hluti af þeim konum, sem skrifuðu undir þetta, höfðu alls ekki kynnt sér frv. Þeim var sagt, að þetta væri frv., sem Alþfl. flytti um launajafnrétti. Það var allt, sem þær vissu. En eftir að hið sanna kom í ljós, þá voru það mjög margar, sem sáu eftir því að hafa léð nafn sitt á þetta plagg. (**Gripið fram í:** Vill ekki þm. lesa plöggin aftur?) Það er sjálfsagt hægt að gera það í góðu tómi, en ég tel það ekki vera réttan vettvang hér á hv. Alþ. að telja það upp. En ég skal lofa hv. þm. því, að í góðu tómi skal ég sýna honum fram á þetta. En a. m. k. getur hann aldrei gengið fram hjá hinu, að það tókst ekki þrátt fyrir harðar tilraunir Alþfl.-manna og sjálfstæðismanna á Alþýðusambandsþinginu að fá nema tæpan helming af þeim konum, sem sátu þingið, til þess að mæla með samþykkt frv. Og það segir vissulega sína sögu.

Hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson sagði, að þrátt fyrir 12 ára starf og tillögur og málflutning hér á Alþ. hefði enginn árangur orðið í launajafnréttisáttina og það væri vissulega nokkuð annað en nú væru horfur á. Ég held, að þetta sé algerlega rangt metið hjá hv. þm. Ég held einmitt, að nú sé komið að uppskerutímanum fyrir það starf, sem núv. forseti Alþýðusambandsins, Hannibal Valdimarsson, og aðrir hafa lagt af mörkum, bæði hér á þingi og annars staðar, í þessu máli og nú hefur skapað það almenningsálit í landinu, að sigurinn er á næsta leiti, fullur sigur. Hann sagði einnig, að það væri síður verkalýðsfélaga — þau næðu ekki fram öllum sínum kröfum — að reyna að semja um eitthvað, sem gengi í svipaða átt, þó að einhverju yrði að slá af, það væri þekkt bardagaaðferð hjá verkalýðshreyfingunni, og með þetta fordæmi í huga hefði Alþfl. farið þá leið nú að reyna að semja málið áfram, ná því í áföngum, ná einhverju, þegar ekki væri hægt að ná öllu, og hann hefði farið þá leið að reyna að leita eftir samkomulagi hér á Alþingi um það, að þetta mál gæti náð fram í þeim áföngum, sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vil nú benda hv. þm. á það, að nú hafa tveir flokkar í þinginu, sem hafa samtals fylgi 27 þm. af 60, lýst sig eindregið fylgjandi því, að fullkomnu launajafnrétti verði komið nú þegar á. Þarna er útrétt hönd af hálfu þessara tveggja flokka til Alþfl. um það að standa nú saman um að hrinda þessu áhugamáli, sem hann hefur barizt fyrir og a. m. k. þykist enn vilja berjast fyrir, að öllu leyti í höfn. Það stendur þess vegna ekki á þessum flokkum að gera slíkt samkomulag. Það stendur á Alþfl. og engum öðrum. (Gripið fram í.) Jú, vafalaust. Ég held, að ef það er íhugað, hvaða áhrif þetta frv. hefur fyrir framtíðina, þá verði menn að gera sér grein fyrir því, hvað þróunin er ör nú um þessar mundir í þessum málum, og það gægist líka fram í öllum málflutningi hv. flm. og þeirra samherja, að þeir — ja, ég vil ekki segja óttast, þeir kannske vona það, að þróunin verði örari en frv. gerir ráð fyrir. En til hvers gagns er þá frv., ef þróunin verður örari en það gerir ráð fyrir? Verkar það þá ekki sem hemill á hana? Þessi skoðun kemur líka greinilega fram í því, að þeir leggja mikinn þunga á þann varnagla, sem sleginn er í frv. þrátt fyrir allt um það, að það sé þó heimilt að semja um meira en það ákvæði, sem frv. gerir ráð fyrir.

Það kom nú ekki margt nýtt fram í ræðu hv. 9. landsk. þm. (JÞ), sem ástæða er að gera sérstaklega að umtalsefni, því að fullyrðingar eins og þær, að þessum þm. sé ekki kunnugt um það, að þeir flokkar, sem nú standa að brtt., hafi nokkurn tíma flutt frv. í líka átt á Alþ., eru vitanlega fyrir neðan það, sem tekur því að vera að elta ólar við. En hann ræddi sérstaklega um það, þegar hann var að afsaka það, að frv. næði ekki til ýmissa starfsgreina kvenna, eins og t. d. þeirra kvenna, sem starfa í sjúkrahúsum, aðstoðarfólks í prentsmiðjum, — hann hefði getað bætt við konum, sem vinna í landbúnaði, nuddkonum og öðru því um líku, — að það hefði bókstaflega verið óframkvæmanlegt að gera þetta, vegna þess að í sumum tilfellunum væri enginn sérstakur félagsskapur, í öðrum tilfellunum væri ekkert kaup karla, sem við væri að miða, vegna þess að konur einar ynnu þessi störf. Ég held nú, að það hefði verið ákaflega auðvelt fyrir hv. flm. að setja ákvæði inn í frv., sem hefðu falið það í sér, að ætíð skyldu þó laun kvenna miðuð við það, að þau væru ekki lægri en lægstu laun verkamanna. Með því hefði verið auðvelt að höggva á þann Gordions-hnút. Hitt er svo aftur rétt, að frv. er þannig úr garði gert á margan hátt, að það gerir framkvæmdir erfiðari en efni standa til.

En í sambandi við þetta verður ekki gengið fram hjá því, að vissulega hefur verið mest ástæða til þess að beita löggjafarvaldinu einmitt til þess að rétta hlut þess fólks, sem vegna aðstöðu sinnar getur ekki haft með sér fastan félagsskap, stéttafélög. Það er meiri ástæða til þess að taka það út úr og fara löggjafarleiðina til þess að tryggja því launajafnrétti heldur en það fólk, sem hefur sín samtök að vopni, og nýtur þess vegna að vera skjólstæðingar þeirra. En í þess stað velja flm. þá leiðina að skilja þetta fólk algerlega út úr, það fólk, sem sízt skyldi.

Þessi sami hv. þm. sagði, að svo mikið væri yfirboð okkar stjórnarandstæðinga í þessu máli, að við vildum ganga lengra en verkalýðsfélögin, þau hefðu ekki sett fram kröfur nema um 90%, og vitanlega færi það svo, að þau mundu slá af þessari kröfu, eins og jafnan gerðist í samningum. Ég skal ekkert um það segja, en hitt veit ég, að þessi krafa á alla verkalýðshreyfinguna á Íslandi að baki sér og verkalýðshreyfingin setur fram miklu fleiri kröfur

en þessa og þetta verður áreiðanlega sú síðasta krafa, sem slakað verður á í þeim samningum, sem nú eru fram undan, það verður áreiðanlega sú síðasta.

Nei, ég hef ekki fallið frá þeirri skoðun minni, sem ég gerði hér grein fyrir við 1. umr. málsins, að ég tel þetta frv. vera meingallað í sinni núv. mynd, og ef það yrði samþykkt, þá mundi það a. m. k. nú á þessu ári og jafnvel á næstu tveimur árum verða til þess að tefja fyrir því, að launajafnréttismálið næði fram að ganga, ef ekki næðust þeir áfangar, sem menn vonast eftir og hafa ástæðu til að vonast eftir. Ég vil þó í lengstu lög a. m. k. reyna að trúa því, að tilgangurinn með flutningi frv. í sinni núverandi mynd sé ekki sá að skaða þetta mikla mannréttindamál. Ég vil í lengstu lög trúa því. Og ég vil í lengstu lög reyna að trúa því, að flm. vilji vel í þessu máli, þó að svo óhöndulega hafi tekizt til sem raun ber vitni um. Og ég vil líka vona það, að þeir geti við nánari athugun á málinu fallizt á að gera á því a. m. k. allra nauðsynlegustu breytingar í þá átt, sem hv. minni hl. heilbr.- og félmn. leggur til að verði gerðar. Og ég hef líka ríkar ástæður til þess að ætla, að undir niðri sé þetta vel meint, því að það háttar þannig málum, að Alþfl. hefur alveg sérstakar ástæður til þess vegna þeirra atburða, sem hafa orðið og hann hefur staðið að á síðustu árum, að reyna að bæta eitthvað fyrir verk sín og sýna, þótt ekki væri í nema einu máli, að hann væri ekki öllum heillum horfinn. En ef slíkt er meining þeirra, þá verða þeir líka að láta sér skiljast, að þetta frv., eins og það er úr garði gert, er ekki til þess fallið að vera nein bót á þau sár, sem Alþfl. hefur veitt launafólki og sérstaklega láglaunafólki í landinu s. l. 2½ ár. Það er að vísu rétt, eins og ég hef sagt, að ef litið er á þróunina á allra síðustu árum og nokkur ár aftur í tímann, þá hefur hún ekki beint tölulega séð orðið örari en svo, að miðað við það væri e. t. v. hægt að sætta sig við einhverja lausn, sem væri svipuð og hér er lögð til. En það er bara að skoða aðra hlið á málinu að gera það, eins og ég hef bent á. Það er ekki hægt að meta frv. út frá því sjónarmiði, heldur út frá því, hvernig málin standa í dag.

Ég verð að draga í efa, að flm. hafi kynnt sér það fyllilega, hvaða afstöðu t. d. verkakonur hafa nú í launamálum. Það er engu líkara en það hafi farið algerlega fyrir ofan garð og neðan hjá þeim, og ætla ég þó, að þeir þurfi ekki nema hér upp á þingpallana til þess að fá um það glögg dæmi, hvernig verkakonur hugsa um sín launakjör núna. Ég er hér með í höndunum kröfur verkakvennafélagsins Framsóknar, sem þær gera nú til breytingar á sínum kjarasamningum, og þær fara fram á það, að verkakonur fái í vikulaun í ýmsum starfsgreinum, þ. á m. flestallri fiskvinnu, 1190 kr., eða sama og kröfur verkamannafélagsins Dagsbrúnar eru núna. Þær fara fram á það, að laun í annarri fastavinnu verði 1071 kr., í verkakvennavinnu, og tímakaup í sams konar vinnu kr. 25.35. Þetta eru kröfur, sem eru ekki undir 50% hækkun frá því, sem nú er. Það er vissulega ekkert lágt ris á kröfum verkakvennanna í landinu núna, og þær eru áreiðanlega við því búnar að berjast frekar fyrir þessum kröfum, þrátt fyrir það, þó að sumir talsmenn Alþfl. tali um það eins og verið sé að eyðileggja þjóðfélagið, ef gerðar eru einhverjar kaupkröfur. Þær eru áreiðanlega ekki á þeirri skoðun, flokkssystur hv. 9. þm. Reykv. En svo að ég víki aðeins að þeim ástæðum, sem gera það að verkum, að ég vil í lengstu lög trúa því, að Alþfl. meini vel í þessu máli, þá vil ég minna á það, að skömmu eftir að Alþfl.-stjórnin var mynduð seinast á árinu 1958, eða skömmu eftir áramótin, lækkaði Alþfl. alveg óumdeilanlega samkv. sínum eigin útreikningum allt kaupgjald um 5.4%. Það er alveg óumdeilanlegt, að raunveruleg lækkun á kaupgjaldi var það. En bruttókaupgjald lækkuðu þeir um 13.6%. Eins og ég áður sagði, bar Alþb. þá till. fram í sambandi við þessar efnahagsaðgerðir Alþfl.-stjórnarinnar, að lægsta kaupinu yrði þyrmt, það yrði ekkert látið lækka, og ég endurtek, að það hefði þýtt, að við stæðum nú ekki í þeim sporum, að kaup verkakvenna væri aðeins 78% af launum karla, heldur 90%, þ. e. a. s. að þá var alveg einstakt tækifæri, sem sennilega býðst aldrei aftur, til þess að stíga stórt skref í þessa átt, og það tækifæri var einmitt í hendi Alþfl. eins þá, því að það, sem var að gerast í febrúar eða marzmánuði 1959, þegar þessi efnahagslög voru sett, var það, að það var verið að létta stórkostlegum kaupgjaldsbyrðum af atvinnuvegunum, og þó að lægsta kaupinu hefði verið þyrmt, þá hefði það ekki haft í för með sér nein ný útgjöld fyrir atvinnuvegina frá því, sem þá var. Þó að þetta tækifæri væri síður en svo kærkomið frá hendi verkalýðshreyfingarinnar, skoðað frá hennar sjónarmiði, þá er þó ekki hægt að deila um, að það hefur aldrei verið slíkt tækifæri í hendi eins flokks til þess að leiðrétta áratuga ranglæti eins og þarna var. En ég man ekki betur en allar hendur Alþfl.-mannanna, þ. á m. þeirra tveggja flm., sem þá sátu á þingi, væru eins og vel smurðar vélar á lofti til þess að fella þessa tillögu okkar Alþb.-manna.

Nei, það væri vissulega engin furða, þó að samvizka þessara manna vaknaði. Sagan er þó ekki öll sögð með þessu. Ári seinna stóð Alþfl. aftur að enn þá freklegri kjaraskerðingu en hann hafði gert, meðan hann fór einn að nafninu til með stjórn landsins, og enn var kaupgjald raunverulega lækkað um 15—20% með lagasetningu. Þar hefði Alþfl. vissulega haft annað tækifæri til þess með einhverjum hætti að þyrma lægsta kaupinu. En hann var algerlega sama sinnis þá og í ársbyrjun 1959, allt skyldi lækkað í sama hlutfalli, verkakonurnar skyldu taka sinn skerf af kjaraskerðingunni, það skyldi engin miskunn verða sýnd. Það er vissulega vel, ef hugarfarið hjá þessum mönnum hefur nú gerbreytzt á einu ári og ef þessir menn eru nú allt í einu orðnir svo heitir baráttumenn fyrir launajafnrétti eins og þeir vilja vera láta. En þeir eiga enn þá eftir að ganga undir þá prófraun, sem tillögur okkar Alþb.-manna og Framsfl. í þessu máli leggja á þá. Og það er sú prófraun, sem hlýtur að skera úr um heilindin. En ef þeir standast hana ekki,

hljóta aðrar skýringar en hugarfarsbreytingin frá 1959 og 1960 að vera nærtækari á því, hvers vegna þeir flytja þetta frv.

Ég hef sagt áður, og það hefur komið hér fram í umr. hjá öðrum, að ég geri í raun og veru lítið úr öllum ágöllum þessa frv., þó að þeir séu nokkuð margir og sumir þeirra varhugaverðir, öðrum en þeim, að með þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að verkakonur og aðrar starfandi konur fái leiðréttingu á sínum málum fyrr en að liðnu þessu ári og þá aðeins um sjötta partinn af þeim launamismun, sem nú er gildandi. Þetta álít ég höfuðágallann á frv. og það, sem er langsamlega hættulegast. Því á sem sagt að slá föstu, á meðan úrslitaátökin fara fram í landinu um það, hvort eigi að stíga verulegt spor í átt til launajafnréttis, þá má ekkert aðhafast af hendi löggjafans, og eftir árið eiga þær aðeins að öllum ástæðum óbreyttum að fá 76 aura hækkun á klst. Menn skyldu nú bera þetta saman við kröfur verkakvennafélagsins Framsóknar, sem fer fram á 50% hækkun á sínu kaupi. Og að þetta frv. geti við þær aðstæður, sem nú eru, skoðazt sem nokkur stuðningur við kröfur verkalýðshreyfingarinnar, það er vitanlega fjarri öllum sanni.

Það hefur verið bent á það hér áður, að a. m. k. eitt verkalýðsfélag hefur þegar náð jafnréttinu algerlega, 100%. Annað félag veit ég um, sem hefur náð samningum um 94% af kaupi karla, og nú fyrir örstuttu hefur verkakvennafélagið í Vestmannaeyjum gert bráðabirgðasamning, sem allir vita þó, að það mun ekki una lengur en til 15. maí n. k., um að fá þá hækkun, sem samkv. frv. á að koma í framkvæmd í ársbyrjun 1962 og gilda a. m. k. þangað til í ársbyrjun 1963. Ég hygg, að þau verði ekki fá, verkakvennafélögin í landinu, sem mundu vera orðin langeygð eftir slíkri leiðréttingu á tveimur árum, að fá það, sem er vitað að atvinnurekendur eru þegar með á borðinu gagnvart hverju einasta verkakvennafélagi í landinu og mundu áreiðanlega fúslega semja um núna, ef ekki væru aðrar eða stærri kröfur.

Ég tel það svo enga afsökun í þessu máli, sem fram hefur verið fært, að það sé ekki algerlega bannað í frv. að semja um, að lengra spor sé stigið í átt til launajafnréttis en frv. gerir ráð fyrir. Það hefði líka fyrr mátt vera en það hefði verið bannað með lögum að gera samninga milli verkakvenna og atvinnurekenda um slíkt. En hitt er ég alveg sannfærður um, að ef hv. flm. vilja um það hugsa, og reyndar hver einasti skyniborinn maður, sem vill um málið hugsa, hlýtur að gera sér ljóst, að með þessu frv. er atvinnurekendum fengið mjög sterkt vopn í hendur á móti kröfum verkakvenna í þeim átökum, sem nú eru framundan hjá þeim, og það er áreiðanlega ástæðan til þess, að Sjálfstfl. hefur fengizt til þess að hleypa þessu frv. hér í gegn, og engin önnur. (Gripið fram í.) Þeir vilja það áreiðanlega. Ég fæst ekki um það, þó að hv. þm. hlæi hrossahlátri. Ég veit, að hann er það reyndur í verkalýðsmálum, að hann skilur vel, að þeirri röksemd verður miskunnarlaust beitt af hendi atvinnurekenda, að þetta mál sé nú komið í hendur löggjafarvaldsins og í því sé ekkert meira að gera. Það munu þeir gera miskunnarlaust. Þetta þýðir þó ekki það, að ég sé að halda því fram, að þetta frv. komi í veg fyrir, að konur nái lengra í jafnréttisáttina á næstu árum en frv. gerir ráð fyrir. En hitt er ég alveg sannfærður um, að það mun eiga eftir að sannast, að þetta frv. hefur þau áhrif, að öll átök, sem um þetta fara fram í landinu, verða kostnaðarsamari, bæði fyrir verkakonurnar, fyrir atvinnurekendurna og fyrir allt þjóðfélagið.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þeir eru nú orðnir margir og áhugasamir, fyrirsvarsmenn kvenna hér á þingi við þessar umr., og virðist hafa komið nokkuð skyndilega yfir suma. Hv. flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir, hafa þegar svarað ýmsum aths., sem fram hafa komið gegn frv., en það eru samt örfá atriði, sem ég vildi minnast á.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði m. a., að verkalýðssamtökin hefðu verið í fararbroddi í jafnlaunabaráttu kvenna. Ég skal ekki rengja hann um það, að þessi samtök, sem konurnar líka standa að, hafi reynt að þoka þeim málum áleiðis, enda borið skylda til. En eftirtekjan hefur þó ekki orðið meiri en svo, að það hefur verið upplýst hér í umr., að á sex árum hefur tímakaup í almennri verkakvennavinnu ekki hækkað nema um 2%.

Þessi hv. þm. sagði, að þetta frv. væri flutt í þágu atvinnurekenda. Ég læt hv. þm. um það, hve hátíðlega þeir taka slíkar fullyrðingar.

Þá minntist hann á frumvörp, sem hv. 4. landsk., Hannibal Valdimarsson, hefði flutt á þingi, það fyrsta 1948. Í sambandi við það vil ég minna á, að vinstri stjórnin beitti sér fyrir samþykkt þáltill. um heimild til að fullgilda jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og það var a. m. k. látið í veðri vaka af hv. þáv. félmrh., Hannibal Valdimarssyni, að þarna hefði verið unninn stórsigur í jafnlaunabaráttu kvenna. En þessi hv. þáv. ráðh. hafði alveg óvenjulega góða aðstöðu til þess að þoka þessum málum áfram. Hann var félmrh. í þeirri ríkisstj., sem þá sat, vinstri stjórninni, og forseti Alþýðusambandsins. Og ég held, að það verði ekki um það deilt, að betri aðstöðu getur enginn haft. En það er hryggilegt til þess að vita, að meðan hann hafði þessa aðstöðu, kom ekki frá honum neitt frv. um launajafnrétti. Þetta finnst mér segja sína sögu og þetta finnst mér að eigi að koma fram nú, þegar hv. flokksbræður hans brigzla fylgjendum þessa frv., sem hér liggur fyrir, um það, að þeir séu að bregðast konum. Ja, hver hefur brugðizt?

Hv. 4. þm. Vestf. talaði hér einnig. Það var hálfgerð illska í hv. þm. Hann fór að rifja það upp frá bernsku sinni, að hann hefði fengið fjórða part úr köku í nesti í smalamennskuna, sætt sig vel við það, en nú ætti að fara að skammta sjötta part, og það þótti honum ekki gott. Ég veit ekki, hvort ég á að skilja hv. þm. svo, að hann mundi sætta sig við launajöfnun í 4 áföngum í stað 6, mér lá nærri að taka það þannig. Hann fáraðist yfir því, að aðildin að jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem væri búin að skuldbinda okkur til þess að koma á launajafnrétti karla og

kvenna, skyldi ekki vera virt meira en svo, að þetta skuli ekki vera orðið. Var hann ekki sömu skoðunar, meðan hann var einn af stuðningsmönnum hv. vinstri stjórnar? Það hefði ekki verið úr vegi, að hann hefði hnippt í hv. félmrh. þeirrar stjórnar til þess að kippa málunum í lag. Hv. þm. vildi þakka Framsfl. lögin um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, en hæstv. fjmrh. hefur upplýst aðdraganda að þeirri lagasetningu, svo að lítið er úr þeirri forustu orðið.

Hv. 5. þm. Norðurl. e., mig minnir, að hann hafi hafið mál sitt á því að segja, að það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, að framsóknarmaður norðan úr landi væri kominn langt til vinstri við Alþfl. í kjaramálum verkalýðsins. Átti hann þar við tillögur þær, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. flytur við frv. Ef svo væri, að þetta væri satt, þá þættu það ekki lengur nokkur tíðindi, eftir að Framsfl. er nú kominn langt til vinstri við sjálfa Alþýðubandalagsmennina í flestum efnum, síðan hann komst í stjórnarandstöðu.

Þessi hv. þm. sagði, að fyrst hefði tekið í hnúkana, þegar ég hefði viljað eigna Sjálfstfl. eitthvert forustuhlutverk í jafnlaunabaráttu kvenna. Ég stend við hvert orð af því, sem ég sagði í minni framsöguræðu, og ég skora á hann að hrekja það, sem hann telur að þar hafi verið ranghermt.

Því hefur verið beint sérstaklega til mín, hver afstaða mín væri til þeirra brtt., sem hér liggja fyrir. Ég endurtek það, sem ég skaut að hv. þm., sem spurði, að í nál. meiri hl. heilbr.- og félmn., sem ég stend að, er lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt, og er þá þar með þeirri spurningu svarað.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er ekki alveg laust við það, að ég kenni í brjósti um hv. Alþýðuflokksmenn fyrir aðstöðu þeirra hér. Það liggur ljóst fyrir af því, sem þeir hafa sagt, að þeir héldu, að þeir hefðu gullpening, en hafa nú komizt að því, að það er bara koparskildingur.

Báðir þessir hv. þm., hv. 10. þm. Reykv. og hv. 9. landsk., hafa viljað draga úr gildi tillagna minna með því að segja, að Framsfl. hafi ekki áður verið góður stuðningsflokkur launajafnréttismálsins. Ég held, að það bætist nú við raunir þeirra, að það sannist á þeim, að þeir séu ekki vel að sér í sögu þessara mála. Ég skal nefna þrjú atriði, sem hér hafa ekki verið talin, en þessu hefur annars að nokkru verið áður svarað.

1948 flutti Hannibal Valdimarsson, sem þá var að vísu Alþýðuflokksmaður, frv. um sama rétt kvenna og karla. Málefni þetta fór til nefndar, eins og jafnan er hér, heilbr.- og félmn. Einn maður studdi mál Hannibals í n., það var fulltrúi Framsfl., Páll Zóphóníasson. (**Gripið fram í:** Stóð flokkurinn að baki honum þá?) Efast hv. þm. um það, að hann hafi verið í sambandi við sinn flokk? (**Gripið fram í:** Já, ég geri það nú.) Það er hálmstrá að grípa til þess og hefur ekkert gildi í sögunni, nema einhverjar sannanir liggi fyrir um það. (Gripið fram í.)

Við skulum halda áfram. Vinstri stjórnin beitti sér fyrir því í sambandi við efnahagslöggjöf sína 1958, að laun væru hækkuð um 5% og að konur fengju sömu hækkun í krónutölu og karlar. Framsfl. stóð að þessu, hann hafði forsæti í vinstri stjórninni.

Þegar stjórn Emils Jónssonar bar fram frv. til niðurfærslu verðlags og launa 1959, studdu framsóknarmenn till. Hannibals Valdimarssonar og Karls Guðjónssonar um að láta lækkunina ekki ná til kvennakaups. Ef till. hefði þá verið samþykkt, hefði kvennakaupið orðið 90% af kaupi karla.

Ég held, að þessi þrjú atriði séu nægileg sönnun þess, að það er markleysa ein, sem hv. Alþýðuflokksmenn hafa sagt hér í umræðunum um, að Framsókn farist ekki að flytja skeleggari till. en þeir gera. Sannleikurinn er, að tímarnir hafa ákaflega mikið verið að breytast, og sagan út af fyrir sig hefur ekki 100% gildi um afstöðu manna. Tímarnir breytast svo ört, að það, sem var rangt fyrir 10 árum t. d., getur í sumum tilfellum verið rétt í dag. Ég er ekki að segja, að það eigi við þetta mál, en ég segi þetta almennt. Og það er nú svo komið, eins og ég sagði í dag, að launajafnréttismálið er orðinn sjálfsagður hlutur, það er komið á það stig. En það virðist í þessu efni eins og sumum öðrum, að Alþýðuflokksmenn gangi öfugt við strauminn. Það er eins og þá sé að daga uppi í ýmsum málum. Mér virðist í þessu máli, að það sé mikil hætta á því, ef þeir nota sér ekki það tækifæri, sem ég hef gefið þeim hér með tillögum mínum, að þeir gerist nátttröll í málinu.

Hv. 10. þm. Reykv. skaut því til mín að berjast fyrir því, að Vinnumálasamband SÍS gerði samninga upp á jöfn laun kvenna og karla. Ég býst nú við, að hv. þm. viti, að fyrirtæki eins og Samband íslenzkra samvinnufélaga, stórt fyrirtæki í harðri samkeppni við önnur fyrirtæki, hefur ekki góða aðstöðu til þess að taka sig út úr, einmitt vegna samkeppninnar. En ég vil fullyrða það, að verði till. mín samþykkt, þá mun ekki standa yfirleitt á samvinnumönnum að fylgja lögunum.

Hv. 10. þm. Reykv. sagði það í afsökunartón, og ég vil vekja athygli á því, að þeir flm. hefðu viljað kanna, hvort ekki væri hægt að koma þessu jafnréttismáli eitthvað áleiðis. M. ö. o.: þeir voru að þreifa fyrir sér að hans sögn, hvað væri hægt að komast. Ég held þess vegna, ef það hefði legið til grundvallar, að þá hefðu þeir átt að taka fagnandi á móti till. okkar hinna, sem við höfum flutt hér og lýst, og ef þeir gera það ekki, þá er það sönnun þess, að þeir hafa ekki verið að þreifa fyrir sér, heldur hafa þeir ætlað að setja í fastar skorður jafnréttislaunamálið, þannig skorður, að þeir mundu með því koma í veg fyrir, að það gengi hratt áfram.

Það eru barnaleg rök, að í frv. standi, að það skuli ekki skerða rétt kvenna til þess að semja um hraðara launajafnrétti, því að það segir sig alveg sjálft, að þegar búið er að setja löggjöfina og áfangana, þá munu vinnuveitendur telja sig fylgja lögum, vera að öllu leyti löglega og þegnlega með því að semja upp á fyrirmæli laganna og hafna og synja öllum kröfum

með skírskotun til þess, að löggjafinn hafi ekki ætlazt til meira en sjötta parts á ári.

Hv. 9. landsk. var ofur lítið að gera tilraun til að afsaka það, að upptalningin um þau stéttasamtök og þær starfsgreinar, sem eiga að njóta laganna, væri ekki tæmandi, og hann benti á það, að aldrei væri hægt að gera ráð fyrir því t. d., að rétt væri í þessu sambandi að telja upp flugfreyjur eða gangastúlkur á sjúkrahúsum, því að þar væri ekki um karlmannsvinnu sambærilega að ræða, þar væru stúlkur einar að verki. Þetta er engin afsökun, þó að upptalningin sé örðug til að vera tæmandi. Galdurinn er bara að taka fram, að rétturinn nái til allra kvenna, sem vinna sambærileg störf og karlmenn, alveg eins og ég hef gert í brtt. minni. Það er ómynd og óviðfelldið mjög að tryggja ekki öllum jafnan rétt, þegar að því er komið að framkvæma nokkurn veginn til fulls þetta jafnlaunaréttindamál, því þó að hv. 9. landsk. segi, að það muni verða að þessu óbeint gagn fyrir þær konur, sem utan við standa, þá er engin ástæða til þess að setja þær í nokkra erfiðleika og láta þær búa við þá aðstöðu að hafa bara óbeinan rétt.

Hvernig sem á þetta mál er litið, þá ber allt að sama brunni. Ef hv. flm. frv. hafa í raun og veru viljað fara svo langt sem hægt er að fara í málinu, þá eiga þeir að þiggja það tilboð, sem þeir hafa frá Framsfl. og Alþb. um að komast miklu lengra en þeir hafa stungið upp á og koma málinu alveg í höfn. Þiggi Alþfl. ekki þetta tilboð okkar, þá er hann sannarlega grunsamlegur. Noti hann aðstöðuna, sem hann hefur í stjórnarsamstarfinu, til þess að fella tillögur okkar, hvað sýnir hann þá? Hann kemst ekki undan því, að nú er dómsdagur yfir honum í þessu máli. En það er bót í máli, að hann hefur dóminn sjálfur í hendi sinni. Hann kveður hann sjálfur upp með afstöðu sinni til þeirra tillagna, sem við hinir höfum flutt.

Fjmrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru tvö atriði sem fram hafa komið í þessum umræðum frá tveim þm. Framsfl., hv. 4. þm. Vestf. og 1. þm. Norðurl. e., sem ég vildi aðeins leiðrétta.

Hið fyrra er í sambandi við aðdraganda og undirbúning að lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hv. 4. þm. Vestf. lét orð falla eitthvað á þá leið, að þau lög væru til komin og m. a. ákvæði þeirra um launajafnrétti kvenna og karla væru komin til fyrir baráttu og forgöngu Framsfl. Ég vildi aðeins drepa hér á aðdragandann að þessu máli. Hann er sá, að fyrir allmörgum árum flutti ég till. til þál. á Alþingi um það að fela ríkisstj. að undirbúa lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, en slík allsherjarlög voru þá ekki til. Þáv. dómsmrh., sem var Finnur Jónsson, sneri sér síðan til mín, líklega vegna þess, að ég hafði þá á hendi kennslu við lagadeild háskólans, og fór þess á leit, að ég semdi þetta frv. Það varð að ráði, og eftir að ég hafði unnið að frv. um alllangt skeið og aflað gagna um málið og á síðasta stigi haft samráð um frv. við dr. Einar Arnórsson hæstaréttardómara, þá var frv. skilað í hendur þess dómsmrh., sem þá var, sem var Bjarni Benediktsson. Það voru sem sé dómsmrh., sem höfðu með þessi mál að gera þá. Í dómsmrn. var frv. síðan afgreitt og að sjálfsögðu í samráði við fjmrn. og fjmrh., sem þá var Eysteinn Jónsson, vegna þess, hve slík löggjöf snertir hag ríkissjóðs mikið. Þegar svo kom til flutnings frv., þótti formlega réttara, að fjmrh. flytti það f. h. ríkisstj., heldur en dómsmrh., þó að allur aðdragandi og undirbúningur og athugun málsins hefði fyrst og fremst verið í höndum dómsmrn. Ég vildi aðeins, að þetta kæmi hér fram, til þess að saga málsins sé rétt skráð í þingtíðindum, en ekki ranglega.

Hitt atriðið er það, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e., að 1948, þegar Hannibal Valdimarsson flutti frv. sitt um réttindi kvenna, þá hefði fulltrúi Framsfl. í þeirri nefnd, sem fékk málið til meðferðar, Páll Zóphóníasson, veitt honum og málinu stuðning. Hér er um mjög hrapallegt rangminni að ræða hjá hv. þm., því að málinu var á annan veg farið. Nefndin klofnaði um þetta frv., og meiri hl. hennar lagði til, að því yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en minni hl. vildi samþykkja frv. Frv. var samkvæmt tillögu meiri hl. heilbr.- og félmn. vísað frá með svofelldri rökstuddri dagskrá, með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti rannsaka, að hve miklu leyti kvenfólk nýtur ekki sömu réttinda nú og karlmenn, og að þeirri rannsókn lokinni leggi fyrir Alþingi frv. til laga eða breytinga á eldri lögum, eftir því sem þurfa þykir, til þess að skapa sem fullkomnast lagalegt jafnrétti milli kvenna og karla í þjóðfélaginu, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Við athugun frv. virtist mönnum, að það væri ekki nægilega undirbúið, og sum ákvæði þess ollu töluverðum ágreiningi, hvernig ætti að skilja og túlka, eins og það ákvæði, að konur skyldu njóta algers jafnréttis við karla innan vébanda fjölskyldulífsins. Menn voru ekki alveg á einu máli um, hvernig ætti að túlka þetta í framkvæmd.

Í minni hl. n., sem vildi samþykkja frv., voru þeir Hannibal Valdimarsson og Brynjólfur Bjarnason, en í meiri hl., sem vildi vísa málinu frá, voru þeir Páll Zóphóníasson, Gísli Jónsson og Lárus Jóhannesson, og var Páll Zóphóníasson frsm. þeirra, sem vildu vísa því frá, svo að ég skil ekki, hvernig þessi misskilningur hefur komizt inn í höfuð hv. þm.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. leiðrétti það, sem ég hafði sagt, að Páll Zóphóníasson hefði 1948 staðið með Hannibal Valdimarssyni endanlega að till. úr félmn. Ég þakka honum fyrir þessa leiðréttingu. Hitt er óhrakið þrátt fyrir það, að Páll Zóphóníasson mælti mjög fyrir launajafnrétti við umr. þessa máls, bæði í n. og í þingsalnum. Hann segir í þingtíðindum frá 1948:

„Hvað mig snertir er ég ákveðið með því, að konur og karlar hafi sömu réttindi og skyldur, og tel, að að því beri að stefna ákveðið. En ég tel ekki mögulegt að leysa þetta mál með einu frv. eins og þessu, þar sem þessu er þannig

varið nú, að stundum eru konur réttlægri, en stundum rétthærri.“ Og enn segir hann: „Vegna þess, að frv. nær ekki því marki, sem því er ætlað, legg ég til, að því verði vísað til stj. með ákveðnum fyrirmælum um, að málið í heild verði rannsakað og athugað, hvað þurfi að gera, til þess að jafnrétti skapist.“

Af þessum orðum hans, sem ég las hér upp úr þingtíðindunum, stendur það þó óhaggað, að hann sem framsóknarmaður studdi þessa hugmynd sterklega, og ef hann hefði setið hér á Alþ. nú, þá veit ég, að ekki hefði staðið á honum að styðja þá till., sem ég hef lagt fram, því að hún er algerlega í hans anda, eins og þau orð sanna, sem ég hef lesið upp úr ræðu hans í þingtíðindunum frá 1948.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð. — Hæstv. fjmrh. vildi fara að leiðrétta, að mér skildist, það sem ég sagði, að 1954 hefði þáverandi fjmrh., Eysteinn Jónsson, beitt sér fyrir jafnrétti kvenna og karla með setningu laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Ég held, að ég muni það alveg rétt, hvernig ég orðaði þetta: Hann beitti sér fyrir því, að sú löggjöf kæmist á. — Það var þetta, sem ég sagði. Nú hefur hæstv. ráðh. staðfest það. (Gripið fram í.) Ég sagði meira um ýmislegt annað, en ég sagði þetta um þetta atriði og nú hefur hæstv. ráðh. staðfest það, að frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var flutt af Eysteini Jónssyni fjmrh., sem þá var, og það kalla ég sannarlega að beita sér fyrir máli. Eða vill hæstv. núverandi fjmrh. ekki telja, að hann hafi beitt sér fyrir málunum, sem hann hefur flutt? Þó að hann hafi nefnt hér ýmsa menn, sem hafi komið við sögu þessa máls áður, allt fram til 1954, þá er ég ekki að rengja neitt af því. En af hverju flutti enginn ráðh. þetta mál, fyrr en Eysteinn Jónsson gerði það?

Hitt atriðið, sem ég ætla aðeins að drepa á, er það, sem hv. 2. þm. Reykv. (AuA) sagði, að ég hefði verið hér illur áðan. Ég vil nú segja það, að margur hefur orðið illur af minna en að horfa upp á það, að eina konan hér í hv. Ed. skuli vera á móti því, að konur í landinu fái jafnrétti strax, heldur ætlar hún að treina það í 6 ár. Og ég ætla, að ég þurfi ekki að afsaka það, sem ég sagði. Hún talar um, að ég hafi ekki hnippt í hæstv. félmrh. í vinstri stjórninni. Gerði hún það? En nú er ég að hnippa í hana að standa nú með konunum. Nú kemur í ljós, hvaða árangur það ber. (**AuA:** Það er það, sem ég geri.)

ATKVGR.

Brtt. 638,1 felld með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BjörnJ, HermJ, KK, PÞ, SE, AGl.

nei: BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, AuA, SÓÓ.

3 þm. (FRV, KJJ, ÓlJ) fjarstaddir.

Brtt. 620,1 felld með 10:7 atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 638,2—6 teknar aftur.

— 620,2 felld með 10:7 atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, MJ, SÓÓ.

PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ, KK greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓlJ, FRV, KJJ) fjarstaddir.

Brtt. 620,3—5 teknar aftur.

3.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, GTh, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, SÓÓ.

HermJ, KK, PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ greiddu ekki atkv.

3 þm. (FRV, KJJ, ÓlJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja þessar umr., sem hér hafa orðið um þetta mál, enda er nú komið að því, að eðlilegt væri, að matarhlé væri tekið, og ég hef ekki heldur neina sérstaka tilhneigingu til þess að tefja þetta mál. Það er sýnilegt, að það á a. m. k. í aðalatriðum að ganga fram og þeir, sem valdið hafa hér í hv. þd., eru ákveðnir í því að beita því til þess að hindra það, að gerðar verði á frv. þær gagngerðu breytingar, sem nauðsynlegt væri á því að gera. Ég vil samt við þessa síðustu umr. málsins hér í hv. deild freista þess að sníða af því þann agnúa, sem ég lýsti hér í minni fyrri ræðu og tel vera höfuðágallann á þessu frv., sem sé þann, að það gerir ekki ráð fyrir því að létta neitt fyrir í þeim átökum og þeirri baráttu, sem nú er að fara fram í landinu um launajafnréttismálið, og ætlar konum í öllum starfsgreinum ekki að fá neina leiðréttingu sinna mála fyrr en í byrjun næsta árs og þá aðeins mjög lítilfjörlega, þannig að frv. mundi ekki hafa í för með sér, að létt væri á nokkurn hátt undir með þessari jafnréttiskröfu yfir þetta tímabil, næstu tvö árin a. m. k. En ég teldi, að málið horfði þó töluvert öðruvísi við, ef gert væri myndarlegt átak nú þegar í þessa átt, jafnvel þó að það tæki nokkur ár að koma á fullum launajöfnuði, t. d. ef hv. Alþingi vildi fallast á að lögfesta það, að nú skyldi ganga í gildi sem lög sú lágmarkskrafa, sem verkakvennafélögin í landinu öll hafa sett fram, um það, að þeirra hlutur verði nú á þessu ári 90% af launum karla. Ég vil leyfa mér að bera fram um þetta efni skriflega brtt. og sleppa þá öllum öðrum ágreiningi, sem um málið hefur orðið. Tillagan er skrifleg og of seint fram komin, en ég vil vænta þess, að hæstv. forseti leiti nauðsynlegra afbrigða fyrir því, að hún komi fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 654) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Alfreð Gíslason læknir): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv., frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., talaði hér áðan. Hv. þm. gat þess, að í ráðherratíð Hannibals Valdimarssonar hefði þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf verið samþ. hér á þingi fyrir hans atbeina. Síðan ásakaði hv. þm. þennan fyrrv. ráðherra fyrir að hafa ekki gert meira á þeim tíma, sem hann var ráðherra. Hv. þm. benti á, að Hannibal Valdimarsson hefði þá, sem ráðherra og forseti Alþýðusambands Íslands, haft sérstaklega góða aðstöðu til að koma málinu fram, launajafnréttinu, og vildi telja, að það hefði verið heppilegra, að hann hefði sýnt sama áhuga þá á málinu og fyrr og síðar. Í þessu sambandi vil ég benda á, að samkvæmt þessum sáttmála, sem samþ. var hér á þingi á miðju ári 1957, var ekki auðvelt aðgerða um lagasetningu á þessu sviði fyrst um sinn, því að í lok 6. gr. sáttmálans segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Síðan gengur þessi samþykkt í gildi að því er snertir hvert aðildarríki 12 mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð". Sáttmálinn gekk sem sagt ekki í gildi og gat ekki gengið í gildi fyrr en á árinu 1958. Tækifærið þá til þess að koma fram lagasetningu gafst ekki fyrr en haustið 1958, eftir að Alþingi kom saman. Hvað gerðist á því þingi öndverðu, vita allir, sem hér eru staddir. Það urðu stjórnarskipti. Ríkisstj. Hermanns Jónassonar sagði af sér, en við tók ríkisstj. Emils Jónssonar. Það var því ekki möguleiki til að hreyfa þessu máli fyrr en á þessu þingi, einhvern tíma á þessu þingi, og tækifærið gafst ríkisstjórn Emils Jónssonar. En hvernig notaði hún það? Hún hreyfði ekki málinu, þótt þá væri kominn tími til þess og auðvelt að gera það í fullu samræmi við þennan sáttmála. En þessi ríkisstj. hreyfði hvorki legg né lið. Hún vílaði ekki einu sinni fyrir sér að fella till. um að undanþiggja konur frá kauplækkun á öndverðu árinu 1959. Hér á hinu háa Alþingi kom fram till. um það, að konur, vegna þess að þær hafa lægra kaup en karlmenn, skyldu ekki lækka í launum til jafns við karlmenn, þegar launalækkunarfrv. ríkisstj. Emils Jónssonar var á ferðinni. En ríkisstj. Emils Jónssonar, með tilstyrk Sjálfstfl. og Alþfl., felldi þá till. Laun kvenna skyldu skert engu síður en karla með þeirri löggjöf ríkisstj., og það var í engu hlíft við það. — Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér, vegna þess að sú árás, sem hv. 2. þm. Reykv. hóf á hendur hv. 4. landsk. þm., er með öllu ómakleg.

Hv. 10. þm. Reykv. (EggÞ) flutti hér ræðu í dag. Þar leitaðist hann við að afsaka sjálfan sig. 1953 flutti hann ásamt öðrum frv. um sömu laun kvenna og karla, frv., sem var langtum ótvíræðara, skorinorðara og gekk lengra en það frv., sem nú er hér til umr. Ég flutti á sérstöku þskj. brtt., sem voru orði til orðs teknar upp úr þessu frv., sem hv. þm. var meðflm. að 1953. Hann reyndi nú í dag að afsaka, hvers vegna hann gæti ekki stutt þessar brtt., sínar gömlu till. frá 1953, með því að það væri betra hálfur skaði en allur, það væri betra að fá fram það, sem felst í þessu frv., sem liggur fyrir, heldur en fá ekki neitt. Þess vegna styddi hann það og þess vegna bjóst hann til að greiða atkv. gegn sínum fyrri till. Þetta gæti í sjálfu sér verið frambærileg afsökun, það játa ég. En hún er alls ekki frambærileg eins og aðstæður eru nú, vegna þess að ef þessi hv. þm. hefði viljað standa við sínar gömlu till. nú, þá átti hann kost á því að styðja þær og sennilega kost á því að fá sína samflokksmenn í d. til að styðja þær líka. En ef Alþfl.-menn hér í þessari hv. d. hefðu stutt þessar gömlu till. hv. þm., þá hefðu þær náð fram að ganga. Það er áreiðanlegt, að þessi afsökun hv. þm. var því tylliástæða. Sú raunverulega ástæða er hlutdeild Alþfl. að þessari ríkisstj. og bann Sjálfstfl.-manna við því, að brtt. næðu fram að ganga. Nú gefst hv. Alþfl.-mönnum hér í þessari hv. d. enn tækifæri til að sýna hug sinn til þessa máls og hug sinn til baráttu verkalýðshreyfingarinnar með því að styðja fram komna tillögu, sem nýlega hefur verið gerð grein fyrir. 90% er það mark, sem verkalýðshreyfingin hefur sett sér í þessu baráttumáli, hækkun kvennakaups upp í 90%. Þetta er sums staðar fengið og vel það og líkur fyrir, að þetta muni fást með einbeittri og öruggri baráttu innan skamms. Ætla nú hv. Alþfl.-menn hér í þessari d. að bregða fæti fyrir þetta og greiða atkv. gegn þessari hugmynd? Það fáum við nú brátt að sjá.

Frsm. meiri hl. (Auður Auðuns): Herra forseti. Ég hafði nú reyndar ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr., en get þó ekki stillt mig um að víkja aðeins að einu atriði í ræðu hv. síðasta þm. Ég hef sjaldan heyrt af öðrum eins vanefnum reynt að bera í bætifláka fyrir neinn og þegar hv. þm. var að afsaka fyrrv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, fyrir það, að hann skyldi hafa látið undir höfuð leggjast að ýta jafnlaunamálinu áleiðis í ráðherratíð sinni. Hv. þm. vitnaði til greinar í jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, þar sem hann segir, að hún gangi í gildi að því er snertir hvert aðildarríki 12 mánuðum eftir að fullgilding þessi hefur verið skráð. Út úr þessu fær hann það, að það hafi verið beinlínis bannað eða ekki hægt, sagði hann, að flytja til að mynda frv., eins og ég vék að í minni ræðu, frv. um launajafnrétti. Það sjá allir, hvað aumlegt yfirklór þessi tilraun til skýringar á jafnlaunasamþykktinni er. Ég vil líka benda á viðbótina við heimildina til þess að fullgilda jafnlaunasamþykktina, sem er á þessa leið: „Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstj. að gera hið fyrsta ráðstafanir til, að samþykktin komist í framkvæmd hér á landi." Hér er ríkisstj. — og þar hlaut félmrh. að hafa forgöngu um — falið að gera ráðstafanir hið allra fyrsta, til þess að samþykktin komist í framkvæmd hér á landi. Það sýndi sig, að það var ekki vanþörf á því að bæta þessu við þáltill., enda sjálfsagt einhverjir haft grun um, að það mundi ekki vera of mikið aðhafzt, eftir að búið var á pappírnum að fullgilda hana. En að ætla að skýra þetta ákvæði jafnlaunasamþykktarinnar á þann veg, að aðildarríkin megi ekkert

hafast að fyrr en 12 mánuðum eftir að þau fullgilda samþykktina, það er svo fráleitt, að ég er satt að segja undrandi á hv. þm. að vera að halda slíkri firru fram.

ATKVGR.

Brtt. 654,1 felld með 10:7 atkv.

— 654,2 felld með 10:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ, KK.

nei: MJ, ÓB, AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, SÓÓ.

3 þm. (KJJ, ÓlJ, FRV) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AuA, BGuðm, EggÞ, FS, GTh, JÁ, JÞ, MJ, ÓB, SÓÓ.

PÞ, SE, AGl, ÁB, BjörnJ, HermJ, KK greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓlJ, FRV, KJJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir hlýða, um leið og þetta mál er lagt fyrir þessa hv. d., að fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum, en nú fyrir stundu síðan hefur það verið afgr. við 3. og síðustu umr. í hv. Ed.

Þetta frv. fjallar um launajöfnuð kvenna og karla, þ. e. a. s. eitt það réttindamál íslenzkra kvenna, sem nú ber hæst í réttindamálabaráttu þeirra. En í afstöðu sinni til réttindamála kvenna hafa Íslendingar verið tiltölulega frjálslyndari en ýmsir af nábúum þeirra meira að segja, eða Norðurlandabúarnir, og ég vil segja mjög frjálslyndir. Ég skal nefna um þetta nokkur dæmi.

Skömmu eftir að Alþingi var endurreist, eða á fyrsta þinginu eftir að það var endurreist, 1847, var strax borið fram frv. um jafnan erfðarétt fyrir konur sem karla, en það var þá hvergi í gildi á Norðurlöndum nema í Svíþjóð og hafði verið samþykkt þar stuttu áður. Þetta var samþykkt 1850 og hefur verið í gildi síðan, eins og menn vita. En það var þá, þegar samþykkt var, hvergi í gildi á Norðurlöndum nema í Svíþjóð og á Íslandi, en Svíþjóð hefur alla tíð verið forgangsland um þessi mál og látið sér annt um ýmis réttindamál kvenna. 1911 var konum veittur aðgangur að opinberum embættum á Íslandi og það nokkuð löngu áður en slíkt var gert nokkurs staðar á hinum Norðurlöndunum. Svíþjóð var einnig í þessu tilfelli mjög framarlega og kom næst á eftir, en þó ekki fyrr en tíu árum síðar eða 1921. Kosningarrétt og kjörgengi hlutu konur í þrem áföngum. Í fyrsta lagi takmarkaðan kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum 1882, en jafnan rétt í þeim málum 1905, en kosningarrétt til Alþ. fengu þær 1915, 19. júní, eins og kunnugt er, því að sá dagur hefur síðan verið talinn þeirra sérstaki hátíðisdagur. Íslendingar voru einnig hér mjög framarlega. Þótt ekki væru þeir þar alveg fyrstir, þá voru þeir þó, vil ég segja, í fremstu röð.

Það mál, sem síðan hefur borið einna hæst í réttindabaráttu kvenna, eftir að þessi mál um kosningarrétt og kjörgengi voru leyst á þann hátt, sem ég lýsti, hafa verið launajafnréttismál þeirra. Fyrst þokar þar verulega í áttina 1954, þegar ákveðið er í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, að konur skuli hafa jafnan rétt til starfa og karlar og að laun skuli greidd þeim hin sömu og karlmönnum fyrir sömu vinnu, eins og það er orðað í lögunum. Næsti áfanginn í þessari baráttu er svo sá, að 1956 var á Alþ. samþykkt alþjóðasamþykkt, sem gerð hafði verið af Alþjóðavinnumálastofnuninni 5 árum áður, eða 1951, sem er nokkurs konar viljayfirlýsing um það, að ríkisstjórnir þeirra landa, sem aðild eiga að þessari samþykkt, skuli vinna að því, að fullu launajafnrétti sé komið á fyrir konur og karla. Eins og segir í 2. gr. samþykktarinnar, með leyfi hæstv. forseta, þá er þetta orðað svona:

„Með þeim ráðum, sem hæfa þeim aðferðum, sem hafðar eru við ákvörðun launataxta, skal hvert aðildarríki stuðla að því að tryggja það, að svo miklu leyti sem það samrýmist þessum aðferðum, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks. Þessari reglu skal komið til framkvæmda með: 1) landslögum eða reglugerðum, 2) ráðstöfunum, sem komið er á eða viðurkenndar eru með lögum, til ákvörðunar á launum, 3) heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna eða 4) þessum mismunandi aðferðum sameiginlega".

Hér er sem sagt gert ráð fyrir því, að unnið verði að framgangi þessa máls með einhverjum af þessum fjórum aðferðum, sem þarna eru nefndar, og þó aðallega tveimur, þ. e. a. s. með lagasetningu eða samningum eða hvoru tveggja. Þessi aðild Íslands að alþjóðasamningnum var, eins og ég sagði, samþ. á árinu 1956, og þar með hafði Alþingi Íslendinga gefið yfirlýsingu um, að það og náttúrlega þá ríkisstj. skyldi vinna að framgangi þessa máls. En í raun og veru var samþykkt samþykktarinnar ekki annað á því stigi en viljayfirlýsing um það, sem Alþingi vildi að væri gert.

Nú hafa liðið ár og dagar, án þess að nokkuð hafi verið framkvæmt af því, sem í reglugerðinni segir, og málið stendur því af hálfu hins opinbera í dag á svipuðu eða sama stigi og það stóð fyrir fimm árum, þegar alþjóðasamþykktin var lögtekin hér á Alþingi. Það hefur að vísu, bæði af mér og öðrum, verið borið fram frv. um, að þessi viljayfirlýsing Alþingis 1956 yrði gerð að veruleika, en það hefur aldrei náð fram að ganga. Gildir einu, hvaða ríkisstjórnir hafa setið, andstaðan á móti samþykkt frv. eða m. ö. o. andstaðan gegn því, að viljayfirlýsing alþjóðasamþykktarinnar yrði gerð að veruleika, hefur verið svo mikil, að enginn jákvæður árangur hefur náðst. Og þar sem liðin eru nú fimm ár, síðan þessi alþjóðasamþykkt var lögtekin hér á Alþingi, er nú með þessu frv., sem hér liggur fyrir, gerð enn ein tilraun til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Í því frv., sem hér liggur fyrir, er gert ráð

fyrir því, að á árunum 1962—67 skuli laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, í verksmiðjuvinnu og í verzlunar- og skrifstofuvinnu. Hér er sporið stigið alveg eins og gert er ráð fyrir í alþjóðasamþykktinni, en það er aðeins gefinn lengri tími en áður hefur verið ætlaður til framkvæmdanna. Í staðinn fyrir að gera þetta allt í einu, er hér lagt til, að meginreglunni verði slegið fastri og að alþjóðasamþykktin komi til framkvæmda, en að hún komi til framkvæmda í jöfnum skrefum á þeim árum, sem frv. gerir ráð fyrir. Þó er rétt að taka fram, að frv. gerir einnig ráð fyrir því, að ef einhver stéttarfélög, sem hér eiga hlut að máli, komist lengra í samningum en lögin geri ráð fyrir, þá skerði þessi lög ekki á neinn hátt rétt stéttarfélaganna til þess að semja um, að þetta gerist á skemmri tíma eða með meiri hraða en frv. gerir ráð fyrir. Ég tel, að með þessu sé stórt spor stigið í þá átt, að nú verði ákveðið í eitt skipti fyrir öll, að þetta skuli gert, en aðferðin aðeins höfð þannig, að meiri líkur eru til þess, að samkomulag geti náðst um að fá þetta réttindaákvæði samþykkt, heldur en áður var. Ég hef ástæðu til þess að ætla, að andstaðan gegn þessum ráðstöfunum áður hafi helzt verið talin sú, að þetta þætti of stórt stökk í einu, og þess vegna hafi ekki fengizt fyrir því neinn meiri hluti á Alþingi. Hins vegar hefur nú það skeð, að tekizt hefur samkomulag á milli Sjálfstfl. og Alþfl. um að hrinda málinu í framkvæmd og lögfesta þetta frv. á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í sjálfu frv.

Ég er ekki í vafa um, að þetta er mikið og stórt spor í launajafnréttismáli kvenna, og m. a. hefur það sýnt sig, að sá flokkurinn, sem undanfarin ár hefur staðið fastast á móti afgreiðslu málsins, hefur snúizt svo hart við framkomu og væntanlega afgreiðslu þessa frv., að honum þykir nú ekki nóg að gert, heldur vill hann láta lögfesta þetta þegar í stað, enda þótt ekkert hafi mátt gera áður. Og að ekkert hafi mátt gera áður, sannar það bezt, að síðan alþjóðasamþykktin var lögleidd hér á Alþ., hefur ekki tekizt að fá málinu þokað einn þumlung áfram á Alþ., og það lítið þokazt hefur, hefur náðst með samtökum verkakvennafélaganna sjálfra, sem þó er ekki meira en að ég ætla um 2% af 24, sem þessi mismunur var um það bil, þegar jafnlaunasamþykktin gekk í gildi. Hér er reynd ný leið, og ég held, að þetta sé farsæl leið, og mér þykir gott að hafa fylgd þeirra manna við framgang þessa máls, sem jafnan áður hafa verið taldir fremstir í réttindabaráttu kvenna, þ. e. Svíanna. Í Svíþjóð hefur náðst um það samkomulag, að ég ætla, en ekki með lögum, heldur með samkomulagi á milli alþýðusambandsins sænska og vinnuveitendafélagsins sænska, að þetta launajafnrétti verði konum veitt þar í landi á fimm árum. Erum við þess vegna alveg í sama bát og þeir. Maður skyldi þó ætla, að Svíar, þessi ríka þjóð, sem hefur mikla möguleika, gætu farið hraðar þarna í sakirnar en við, en þeim hefur þótt henta, og þeir hafa komið sér saman um það þar, alþýðusamband þeirra Svíanna og vinnuveitendafélagið þar, að gera þetta í áföngum, eins og við ætlum að gera, á fimm árum.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál. Ég tel, að með þessu frv. sé mjög merkum áfanga náð og ég vil segja lokasigri náð í þessari baráttu. Þó að framkvæmdin komi ekki öll í einu, þá held ég líka, að framkvæmdin verði farsælli á þennan hátt heldur en þó að allur launamismunurinn væri jafnaður út í einu, sem kynni kannske að kosta erfiðleika og jafnvel baráttu við vinnuveitendasamtökin í landinu, sem ég ætla að ekki þurfi að koma til, þó að þetta frv. verði samþ.

Ég tel sjálfsagt, herra forseti, að þessu máli verði vísað til n. og þá að eðlilegum hætti til heilbr.- og félmn. En þar sem mér er kunnugt um, að hún hefur haft nokkurt samstarf við efrideildarnefndina, vildi ég mega vænta þess, að hún gæti afgreitt málið fljótlega, enda naumur tími til þingloka.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er eitt af þeim málum, sem var fyrst flutt á þessu þingi. Samt hefur málsmeðferðin verið slík, að það hefur legið í salti í hv. Ed. allt þangað til í dag eða í gær, að það er rokið til og kallaður saman fundur í hv. heilbr.- og félmn. Ed. í þeim tilgangi að afgreiða málið nú á allra seinustu dögum þingsins. Það væri ekki nema gott um það að segja, ef þetta væri gert af raunverulegum velvilja og áhuga fyrir því að koma á launajöfnuði kvenna og karla. En ég hygg, að þegar betur er skoðað niður í kjölinn, þá komi í ljós, að það er raunverulega annað, sem býr hér á bak við.

Það, sem býr hér á bak við, og það, sem ýtir svo mjög á eftir hv. stjórnarflokkum að fá þetta mál afgreitt, er, að kvennasamtökin í landinu hafa sjálf hafizt handa um að koma þessu máli áleiðis á þeim grundvelli, sem eðlilegastur er í kaupgjaldsmálum, með frjálsum samningum milli launþega og atvinnurekenda. Kvennasamtökin eða launþegasamtökin hafa sett fram þá kröfu almennt, að nú þegar verði komið þeirri breytingu á í þessum efnum, að í stað þess að konur hafa nú víða ekki nema 78% af launum karla, þá verði því strax komið í það horf, að konur fái 90% af launum karla. Þetta skilst mér að sé sú krafa, sem kvennasamtökin hafa víða borið fram í sambandi við endurskoðun kaupsamninga, sem nú er í vændum, að strax fáist þessi hækkun fram og að sjálfsögðu með það fyrir augum, að fullur jöfnuður náist síðar. Á öðrum stöðum hafa verið settar fram kröfur um það, að launajöfnuðinum væri náð nú þegar, og a. m. k. á einum stað úti á landi, á Skagaströnd, hefur náðst samkomulag um fullt launajafnrétti á milli karla og kvenna. Og það er þegar atvinnurekendur sjá framan í þetta og þegar þeir sjá framan í það, að á einum stað úti á landi eru konur þegar búnar að ná slíkum samningum, sem þeir rísa upp og eiga meginþátt í því, að nú á seinustu dögum þingsins er farið í það að reyna að afgreiða þetta frv., sem hefur ekki neinn annan tilgang en að draga úr þeim hraða, sem kominn

var á málið í þá átt, að konur fengju sem fyrst fullt launajafnrétti við karlmenn.

Tilgangurinn með því að vekja nú þetta mál upp seinustu þingdagana er að koma í veg fyrir, að sú eðlilega þróun gangi fram sem allra fyrst, að konur fái fullt launajafnrétti, ekki eftir 6 ár, heldur nú þegar á þessu ári eða jafnvel næsta árið þar á eftir. Þá er það, sem atvinnurekendur taka það upp að fá þessu máli framgengt. Tilgangur þeirra er vitanlega enginn annar en sá að reyna að stöðva það, að þetta launajafnréttismál nái sem fyrst fram að ganga, og það er þess vegna ekki neinn áhugi á málefnum kvenna, sem veldur því, að rokið er í það nú seinustu þingdagana að afgreiða þetta mál. Það er áhugamál atvinnurekenda til að reyna að draga úr eðlilegum hraða í framgangi þessa máls, enda er vitanlegt, að þetta mál er ekki upphaflega runnið undan rifjum launþega í þeim flokki, sem að því stendur. Mér væri nær að halda, að sá maður í Alþfl., sem hafi ekki átt hvað minnstan þátt í því, að þetta mál var flutt á sínum tíma með það fyrir augum að reyna að draga úr hraða þess, hafi verið fyrrv. varaformaður í Félagi ísl. iðnrekenda, sem hefur haft mikil áhrif innan Alþfl., eins og kunnugt er. Ég veit, að hv. þm. vita, hvaða maður það er, ég þarf ekki að nefna hann sérstaklega hér, en hann hefur verið mikill áhrifamaður í Alþfl., og mér skilst það eftir þeim heimildum, sem ég hef, að hann hafi verið mikill hvatamaður að því, að Alþfl. flutti þetta frv. í Ed., en ekki það, að það hafi verið launþegar eða konur í Alþfl., sem hafi sérstaklega gengizt fyrir því, því að ég hygg, að það sé áhugamál kvenna í Alþfl. eins og öðrum flokkum að fá þetta mál fram strax, en þurfa ekki að bíða í sex ár eftir því að fá fullar réttarbætur.

Rétta stefnan í þessum málum er að sjálfsögðu sú og sú æskilegasta stefna, að samningar milli launþega og atvinnurekenda fari fram án afskipta löggjafarvaldsins, og Alþingi á ekki að grípa inn í, nema alveg sérstök ástæða sé til, og ég álít, að undir þessum kringumstæðum eigi Alþingi ekki að grípa inn í, nema því aðeins að það sé fullreynt með samningum milli atvinnurekenda og launþega, að launþegar fái ekki framgengt sínum eðlilegu kröfum. En ef Alþingi grípur inn í undir þeim kringumstæðum, á að sjálfsögðu að stefna að því að láta þá launþega, sem hafa staðið höllum fæti, ná fullum rétti, og eigi þess vegna Alþingi að hafa einhver afskipti af þessum málum, sem eðlileg eru, þá eru þau að sjálfsögðu þau að veita viðkomandi launþegum full réttindi. Og þar sem Alþingi hefur áður samþykkt aðild Íslands að jafnlaunasamningnum, getur það ekki haft önnur afskipti af þessum málum, ef það er að skipta sér af þeim á annað borð, heldur en að gera það, sem í jafnlaunasamningnum stendur, og það er að veita konum full réttindi á við karlmenn í þessum efnum. Þess vegna, ef Alþingi á að taka þetta mál úr höndum viðkomandi stéttasamtaka, þá er ekki aðeins eðlilegt, þá er ekki rétt, að það sé gert á neinn annan hátt en þann, að farið sé fullkomlega eftir ákvæðum jafnlaunasamningsins og konum tryggður strax sami réttur og réttindi í þessum efnum og karlmenn njóta nú, þ. e. a. s. komið sé á fullkomnu launajafnrétti. Þess vegna hljóta, eins og hefur líka komið fram í hv. Ed., að vera þau eðlilegu viðbrögð í þessum efnum að tryggja það, að jafnlaunarétturinn komist strax á. Hitt, að binda þetta við 6 ára tíma, eins og hér er gert, er vitanlega ekki gert í neinum öðrum tilgangi en þeim að hjálpa atvinnurekendum til þess að draga úr eðlilegri þróun þessara mála.

Konur hafa nú tekið upp baráttu fyrir því að fá nú þegar a. m. k. 90% af launum karla, í staðinn fyrir að þær hafa ekki nema 78%, og það verður ekki annað sagt en þetta sé mjög lítil eða lágmarkskrafa af þeirra hálfu. En ef þetta frv. kæmist fram og yrði reynt að framfylgja því, þá væri það miklu minna, sem konur fengju með því, heldur en þær hafa nú farið fram á sem lágmarkskröfu fyrir sig. Ef þetta frv. á þess vegna að koma til framkvæmda, verður það eingöngu til þess að koma í veg fyrir það, að konur fái þeim lágmarkskröfum fullnægt, sem þær hafa nú borið fram, og ég get ekki trúað því, eins og þær eru lengi búnar að búa við órétt í þessum efnum, að þær sætti sig við það, og þess vegna hljóta þær að halda áfram baráttunni fyrir þeirri lágmarkskröfu, sem þær hafa sett fram, og sætta sig ekki við það, sem þeim er hér boðið. En það kom alveg greinilega fram í þeirri ræðu, sem hæstv. félmrh. flutti hér áðan, að tilgangur stjórnarinnar með því að knýja þetta mál hér fram nú seinustu þingdagana er að fá þeim vilja atvinnurekenda framgengt, að konur fái ekki meiri uppbætur en gert er ráð fyrir í þessu frv., sem er miklu minna en það litla lágmark, sem þær hafa borið fram í sambandi við þá samninga, sem nú standa fyrir dyrum.

Ég verð að segja, að það kemur mér ekki á óvart, þó að Sjálfstfl. hafi tekið þessa afstöðu. Það kemur mér ekki á óvart, því að hans afstaða hefur alltaf verið þannig að reyna að draga úr eðlilegum umbótum hjá þeim launþegum, sem lakast hafa verið settir, eða langoftast hefur það verið hans afstaða. En ég verð að segja það, að mig furðar mjög á því, að Alþfl. skuli nú einnig vera kominn í þennan félagsskap. Og ég held, að það megi fullyrða, að á þeim tíma, sem þeir voru hér forsvarsmenn fyrir Alþfl., Jón Baldvinsson, Héðinn Valdimarsson og Sigurjón Á. Ólafsson, hefði afstaða Alþfl. ekki verið með þessum hætti. Ég vil þess vegna vænta þess, að hæstv. félmrh. og hans flokkur endurskoði nú afstöðu sína, og ef þeir vilja taka þetta mál úr höndum launþegasamtaka kvenna og atvinnurekenda, þar sem konur hljóta tvímælalaust að vinna sinn sigur mjög fljótlega, þá eiga þeir að koma til samstarfs við okkur stjórnarandstæðinga hér í þessu máli og sjá um, að það verði ekki önnur löggjöf sett um það hér á þessu þingi en sú, að konum verði strax tryggt fullt launajafnrétti á við karlmenn.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Eins og tekið var fram af síðasta ræðumanni, hv. 7.

þm. Reykv., var það frv., sem hér er nú til umr., borið fram snemma á þessu þingi, og fór 1. umr. fram skömmu eftir að þskj. var útbýtt, og var því vísað til hv. heilbr.- og félmn. d. Nú hefðu menn getað búizt við, að hinir miklu áhugamenn, sem standa að flutningi frv., hefðu, þar sem þeir höfðu nú stjórnarmeirihluta á bak við sig, öruggan meiri hl. í þd., fylgt málinu eftir af fræknleik og sýnt áhuga sinn og afgreitt málið skömmu síðar út úr n. og d. og þetta frv. hefði því borið hér að í hv. Nd. til framhalds- og lokaafgreiðslu á öndverðu þingi, en ekki alveg á síðustu dögum þingsins. Ekki fór nú þetta samt á þann veg. Nei, málið fékk að liggja í n. allt það sem eftir var af árinu 1960, alla jólaföstuna og jólahléið, sem gert var á störfum þingsins, og janúarmánuð og febrúarmánuð og langt fram í marzmánuð. En þá gerðist það, að hv. heilbr.- og félmn. Nd hafði loksins gefizt upp á því að liggja á frv. um launajafnrétti kvenna og karla, og fyrir nokkrum dögum klauf ég þá nefnd, uppgefinn á biðinni þar, og gaf út nál. um afgreiðslu þess máls, frv., sem hér hefur legið fyrir þinginu einnig frá því snemma hausts 1960 og hefur fengið að hvíla í hv. heilbr.- og félmn Nd. Þar voru stuðningsmenn áhugamannanna miklu úr Ed. og áttu kost á því að afgreiða þar frv. um fullkomið launajafnrétti kvenna og karla, og áhugi þeirra var þessi. Þar fékk það mál að liggja allan þingtímann, og ekki hafa þeir í hv. meiri hl. þeirrar n. komið því enn þá í verk að segja þingheimi álit sitt á því, hvort þeir vilji fylgja því frv. eða ekki. Það bíður líklega fram á síðasta dag þingsins. En e. t. v. hefur þetta, að út var gefið nál. í Nd. um launajafnrétti kvenna og karla, orðið til þess, að áhugamennirnir í Ed. brugðu blundi og tóku málið til umræðu í n., þegar rétt var komið að þinglokum.

Það gerðist í gær eða í fyrradag, að útbýtt var hér á borð þingmanna nál. frá heilbr.- og félmn. Ed., þar sem meiri hl. hennar — en sú nefnd hafði klofnað — tjáði sig hafa áhuga á því, að frv. til laga um launajöfnuð kvenna og karla yrði samþykkt. Þetta nál. er ósköp stutt og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur rætt frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en minni hl., Karl Kristjánsson, er andvígur frv. í þeirri mynd, sem það er, og vill gera á því breytingar. Einn nm., Alfreð Gíslason læknir, var fjarverandi, er málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 23. marz 1961.
Friðjón Skarphéðinsson, form.
Auður Auðuns, frsm.
Kjartan J. Jóhannsson,
fundaskr."

Það er sem sé 23. marz 1961, sem áhugamennirnir í Ed. komu því í verk að skila frá sér þessu nál. upp á 4 línur. Til þess þurfti fjóra mánuði. Og málið, sem þeir hafa þennan áhuga á að koma fram á seinustu starfsdögum þingsins, er ekki um launajafnrétti kvenna og karla, enda heitir það það ekki, þó að það hafi verið beitt áróðri utan þings í þá átt að telja fólki og þá einkum konum trú um, að þarna væri verið að lögfesta hugsjón þeirra um jöfn laun kvenna og karla. Hér er um það að ræða að gera 6 ára áætlun, — Rússar höfðu víst 5 ára áætlun, þegar þeir voru að koma fram sínum skipulagningarmálum, og framlengdu svo og gerðu aðra 5 ára áætlun og þar fram eftir götunum. Það getur vel verið, að í framhaldi af þessari 6 ára áætlun um réttlætismál kvenna komi svo önnur 6 ára framhaldsáætlun næst, ef ekki hefði allt verið uppfyllt, öllu komið í höfn, sem þessi 6 ára áætlun fjallar um, og kæmi mér það ekki á óvart, að svo yrði. En hér er sem sé haft á orði, að nú skuli konur fá úr hendi núv. hæstv. ríkisstj. 1/6 af réttlætinu — útvigt eftir gömlum hætti — á ári, þó ekki neitt á árinu 1961, — það verður að hafa einhvern aðdraganda, svo að þær þoli þetta, konurnar. En 1/6 af réttlætinu skulu þær fá á árinu 1962 og svo annan sjötta part 1963 og þannig fram á árið 1967, þá eiga þær að fá sjötta sjötta partinn af réttlætinu úr hendi einhverrar ríkisstjórnar, sem þá verður við völd á Íslandi. Þetta verður að ganga svona hægt og rólega fyrir sig, því að annars fer þjóðfélagið úr skorðum. Það sporðreistist allt saman, ef konur fengju réttlæti í einum skammti, þær næðu fullu launajafnrétti við karlmenn á árinu 1961, það sér hver maður og skilur, að það þolir íslenzkt þjóðfélag ekki. Það verður því í hæsta lagi að láta þær hafa 1/6 part af réttlætinu, eftir að árið 1961 er liðið og eitthvað komið fram á árið 1962. Þá er hættandi á það. Og konur eiga auðvitað að vera ákaflega þakklátar fyrir þennan ríflega skerf af réttlæti, sem þær eiga að fá frá hv. Alþingi Íslendinga, og sérstaklega ættu náttúrlega konurnar á Alþingi, þessar tvær, sem hér eru, að tjá þakklætið fyrir hönd sinna kynsystra, og þær eru byrjaðar að gera það. Ég sá aðra þeirra og heyrði gera það í hv. Ed. í dag. Hún var frsm. fyrir þessu frv. og mælti fyrir samþykki þess af miklum þakklætishug. Þetta var alveg stórkostlegt, að kvenfólkið skyldi eiga að fá 1/6 part af réttlæti á árinu 1962.

Eru það þá allar konur á Íslandi, sem eiga að fá útvigtina sína, sjötta part af réttlæti 1962? Onei, nei, nei. Nei, það væri of mikið, það væri allt of mikið. Það eru nokkrar konur á Íslandi, sem eru búnar að fá þennan skammt af réttlæti og það fullkomnu réttlæti í launamálum, og þar á meðal eru þær konur, sem hér eiga sæti á þingi, eru báðar lögfræðingar, þær hafa fengið sinn fulla skammt, og maður hefði þess vegna búizt við því, að þær styddu að því, að kynsystur þeirra fengju það líka. Nei, þar þarf að fara ósköp varlega að. En nú er það svo, að það mundi öllum þykja hjákátlegt, ef það væri ætlazt til þess á Íslandi, að kona, sem er lögfræðingur, ynni eftir öðrum og lægri skala en lögfræðingarnir stéttarbræður þeirra, karlmennirnir í lögfræðingastétt. Það þætti hjákátlegt og það væri álitið ranglæti. Mér er nær að halda, að þessar ágætu konur, sem nú eru orðnar lögfræðingar á Íslandi, hefðu ekki talið það góða latínu, ef það hefði á þeim tíma, þegar þær voru að öðlast þessi réttindi, komið fram frv. til l. á Alþingi um það, að það yrði að fara ósköp varlega að því, að kvenlögfræðingar

fengju að vinna eftir sama lögfræðingaskala og karlmennirnir, því að annars færi þjóðfélagið upp á rönd, það sporðreistist. Það yrði að gera þetta ósköp varlega á 6—7 ára tímabili, og þá fyrst væri það gert í því formi og með þeirri varúð, að þjóðfélagið færi ekki úr skorðum. En þetta var víst gert í einu skrefi.

Það eru fleiri konur, sem hafa fengið fullkomið launajafnrétti við karlmenn á Íslandi. Það eru t. d. þær konur, sem gegna kennarastörfum. Allar kennslukonur hafa sömu laun og stéttarbræður þeirra, karlmennirnir í kennarastétt, og þykir nú orðið öllum sjálfsagður hlutur. Og það var ekki gert í neinum sjöttupörtum, í neinum sjöttungaskömmtum að ákveða kennslukonum í landinu launajafnrétti á við karla, enda voru engar konur á þingi þá til þess að mæla fyrir þeirra sjöttupartaskömmtun í launajafnrétti, eins og nú geta verið hér til forsvars fyrir sínar kynsystur um að láta þær aðrar fá það í sjöttupörtum.

Fleiri stéttir hafa öðlazt launajafnrétti án tillits til kynja, og svo er komið nú, að allar konur, sem eru í þjónustu ríkisins, eiga að hafa sömu laun og karlar. Það eru lög fyrir því. Það var ákveðið með einni löggjöf, sem ákvað, að þetta skyldi gerast frá og með gildistöku laganna, að allt launamisrétti kvenna, sem væru í þjónustu ríkisins, skyldi hverfa. Menn voru ekki búnir að finna upp aðferðina við að innleiða réttlætið í sjöttu pörtum þá. Hæstv. núv. fjmrh. skýrði frá því í hv. Ed. í dag, að hann hefði verið starfsmaður þáv. ríkisstj. við það að semja frumvarpið um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. En síðan, þegar hann var búinn að vinna að því og þeir höfðu athugað þetta í stjórnarráðinu, bæði í dómsmrn. og í fjmrn. af þáv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, þá fannst þeim vera framkvæmanlegt að gera þetta bara í einu lagi, að ákveða, að allar konur í þjónustu íslenzka ríkisins skyldu fá sömu laun og karlmenn, án þess að það væri gert í sjöttu pörtum. Og hæstv. núv. fjmrh. hafði talið þetta fært og lagt þetta til, þegar hann var vinnumaður ríkisstj. við að semja frv. Og það var eins með báða hina ágætu ráðh., þáv. hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktsson, og þáv. hæstv. fjmrh., Eystein Jónsson, að þeir töldu báðir fært að innleiða launajafnrétti kvenna og karla í þjónustu ríkisins á einu og sama ári, á því sama ári sem lögin tóku gildi, á þeim sama degi sem lögin tóku gildi, en ekki á sex árum, smátt og smátt. En nú eru þeir sjálfsagt orðnir sannfærðir um það, að þetta hafi verið allt of stórt skref, sumir af þessum herrum, og þetta verði að gerast með miklu meiri varúð, nú megi konur ekki fá fullkomið launajafnrétti, að svo miklu leyti sem það sé ekki komið í gildi enn, nema á 6—7 árum, eftir árið 1961 í sjöttu pörtum fram á árið 1967. Varfærni þessara manna hefur aukizt sýnilega með aldrinum, og má vera, að það sé þá eitthvað á kostnað réttlætistilfinningarinnar, — hlýtur að vera það. En það var þó svona, hæstv. fjmrh. þáv., Eysteinn Jónsson, lét sig hafa það að bera fram frv. fyrir hönd þeirrar ríkisstj. og fékk það samþykkt, svo að þeim áfanga í launajafnaðarmálum kvenna varð framgengt með lagasetningu án þess að viðhafa þá sjöttungareglu, sem nú er upp fundin.

Hins vegar verður að játa það, að þrátt fyrir skýlaus ákvæði laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna hefur íhaldssemi ríkisvaldsins dugað til þess, að launajafnrétti kvenna í opinberri þjónustu hefur ekki náð fram að ganga á viðhlítandi hátt fram til dagsins í dag. Þar hefur verið til þess að sniðganga lögin og gera þau að engu í flestum tilfellum notuð uppbygging launalaganna um skiptingu fólks í launaflokka og hinar óskráðu reglur ráðuneyta um að færa fólk á milli launaflokka notaðar til þess að láta kvenfólkið sitja eftir í lægstu launaflokkunum, en ýta karlmönnunum í flestöll hæst launuð embætti ríkisins, og þar sitja konurnar þrátt fyrir lagastafinn um, að þær eigi að hafa sömu laun og karlar í þjónustu ríkisins. Þær eru í 12., 13., 14., 15. og 16. launaflokki, — ég man ekki, hvort þeir eru svo margir, en það er sem sé í lægstu launaflokkunum, sem þær eru í hundraðatali, en aðeins 4 eða 5 konur í efstu launaflokkum hjá ríkinu. (**GíslJ:** Hafði Eysteinn þetta í pokahorninu?) Hvað segir nú hv. áhugamaður í launajafnaðarmálum, 1. þm. Vestf.? (**GíslJ:** Hafði Eysteinn þetta í pokahorninu, þegar hann samdi frv.?) Ja, ætli það hafi ekki verið vinnumaður hans, núv. hæstv. fjmrh., sem samdi svikamylluna? Hann var að státa af því í dag, að hann hafi samið þetta, þennan grip, þennan jafnréttisgrip. Ætli það hafi ekki verið hann, sem hafi haft undirhyggju til þess að hafa þarna gat á pokanum? Það verður að ætla það. Það verður einmitt að ætla það. Og ekki vil ég alveg sverja fyrir það, að svo kunni að vera. En svo mikið er víst, þetta er staðreynd, að launajafnrétti kvenna, þrátt fyrir lagastafinn í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, er meira bókstafur en raunveruleiki vegna þess, hvernig farið er í kringum þessi réttindi kvenfólksins með tilfærslunni milli launaflokka. Það er því alveg áreiðanlegt, að lagafrv., sem ætti að tryggja launajafnrétti kvenna, það þarf að vera samið á þann veg, að þar séu engin göt, sem íhaldssamt ríkisvald geti smogið í gegnum, til þess að viðhalda ranglæti launamisréttisins, eins og gert hefur verið fram til þessa þrátt fyrir lög.

En þetta frv., sem hér er til umr., er eins og stórriðið net. Þar er sýnilega beinlínis ætlazt til þess, að það nái til sem allra fæstra kvenna. Og alveg hárrétt er það, sem hér var sagt áðan, að það verður ekki annað séð en þetta frv. sé fram borið á þeim tíma, þegar sjáanlegt var, að verkalýðssamtökin voru að hefja stórsókn í launajafnréttismálum kvenna, og því borið fram til þess að minnka slagkraft þeirrar sóknar, koma í veg fyrir, að hún heppnist, hægja þar ferðina, útiloka eiginlega alveg nokkra sókn á árinu 1961. Það skal ákveðið með lögum: Þetta skal nú byrja að þokast í áttina eftir árið 1961, þegar stórsókn verkalýðsfélaganna er sennilega liðin hjá í launamálum, þá má byrja og þá skuluð þið fá ⅛, það er alveg mátulegt. Þetta eru upphafsorð þessa frv.: „Á árunum 1962—1967 skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla“ — á þessu tímabili. Það

er alveg ótvírætt 1962—67. En orðalagið: „skulu hækka til jafns við laun karla", hvað þýðir það? Það er ekki alveg fortakslaust. Þar er hægt að misskilja. Eiga kannske laun kvenna á þessum árum bara að hækka um sama hundraðshluta og kaup karla? Væri ekki hægt að segja, að það væri, að kvennakaupið hefði hækkað til jafns við laun karla, hækkað eins mikið? Jú, það væri kannske hægt að teygja það þannig, að það ætti að hækka í krónutölu eins mikið og laun karla. Ekki er það skýrt. En svona lög þurfa sannarlega að vera skýr, ef þau eiga ekki að verða höfð að engu. En hitt er skýrt og skiljanlegt hverjum manni, upphafsorð frv., að launajafnréttið á ekki að komast á fyrr en á árinu 1967.

Svo að maður haldi sér áfram við 1. gr. frv., upphafsgr. frv., — og það er venja einmitt í frv., að 1. gr. gefi meginramma efnisins í heild, sem í frv. felst, — þá er framhaldið ekki betra. Þessi launahækkun, sem fram á að fara á árunum 1962—67, skal vera „til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum". Það á ekki að lenda til allra kvenna. Það á að vera til kvenna í nokkrum starfsgreinum. Og nú mundu menn sjálfsagt búast við, að nú kæmi löng upptalning á öllum mögulegum stéttum, sem konur starfa í, og þær ættu allar að fá launahækkanir samkv. þessari 1. gr. frv. Nei, það er engin löng upptalning þarna. Þess var ekki þörf. Það er eiginlega samkv. þrennum stéttarfélagasamningum, sem kaup á að hækka samkv. 1. gr. þessa jafnréttisfrv., þrennum tegundum samninga. Það er samkv. samningunum, sem almennu verkakvennafélögin hafa, samkv. samningunum, sem Iðja, félag verksmiðjufólks, hefur, og samkv. Verzlunarmannafélagssamningunum. En allt annað kvenfólk, sem vinnur eftir öðrum samningum en samningum almennra verkakvennafélaga, Iðju og Verzlunarmannafélagsins, skal ekkert launajafnrétti fá í sjöttu pörtum, ekkert fá á þessu tímabili samkv. lögunum. Svona er þetta takmarkað. Fyrir þetta var hv. þm., konan í Ed., að þakka í dag og var afskaplega hreykin fyrir hönd sinna kynsystra yfir því, að þessi áfangi skyldi nú nást fyrir nokkrar af kynsystrum hennar. Sjálf hefur hún launajafnrétti á við karlmenn. Sú afstaða konu minnir mig á söguna heimsfrægu um móður Sankti-Péturs. Hún var komin í himnaríki, hafði komizt þangað. Og svo átti hún að vera í valdaaðstöðu þarna á himnum við það að lóðsa aðrar konur þangað. En hún stóð víst þannig í þeirri stöðu, að hún torveldaði þeim heldur leiðina þangað upp og kom í veg fyrir, að þær kæmu, og hratt þeim niður aftur. Hún kærði sig ekkert um, að þær yrðu allt of margar þar í himnaríki. Þær skyldu ekki allar fá hennar aðstöðu. Nei, nei, þær gátu beðið, hinar. Ég veit ekki, hvort hún ætlaði þeim að komast upp í himnaríki í sex áföngum, en það má vera, að það hafi verið hennar hugsunarháttur, að það færi ekki vel þarna í himnaríki, raskaðist þar jafnvægið, ef þær kæmust í einum spretti upp í himnaríki eins og móðir Sankti-Péturs. Og henni tókst að hrinda þeim mörgum niður, halda þeim frá himnaríkinu. Og hér er sannarlega verið að halda ýmsum konum frá himnaríki launajafnréttisins. Það vantar ekki. Og það eru konur með í leiknum.

Ég held, að hann mætti verða smár, áfanginn, sem verkakvennafélögin ná í launajafnréttisbaráttu sinni á árinu 1961 og á næstu árum, fram til ársins 1967, ef þeir áfangar ættu ekki að vera búnir að skila launajafnrétti í höfn fyrr en þetta frv. ætlast til, og það ætlast nú eingöngu til þess, eins og ég hef greint frá, að því er snertir konur, sem vinna samkvæmt þrennum tegundum samninga stéttarfélaganna. Hinar eiga allar að vera utan þeirra miklu réttinda, sem þetta frv. veitir.

Það var gerð hver tilraunin á fætur annarri í dag í hv. Ed. til þess að fá þetta frv. lagað. En þeim tilraunum var öllum hrundið. Það var borin fram till. af einum þm. Framsfl. um það, að í staðinn fyrir, að launajafnréttið samkvæmt 1. gr. skuli komast á á árunum 1962—67, skyldi launajafnrétti ganga í gildi 1. júlí 1961, á miðju næsta sumri. Nú skyldi maður halda, að áhugamennirnir fyrir launajafnrétti kvenna hefðu orðið glaðir. Þeir voru búnir að fá framsóknarmann, fulltrúa fyrir Framsfl. í Ed., til þess að standa að till. um launajafnrétti kvenna og karla, fortakslaust, ekki bara samkvæmt þessum þrennum samningum, sem 1. gr. fjallar um, allra kvenna í landinu. Ég heyrði, að í hliðarherbergi var verið að gamna sér við þennan þm. um það, hvort hann vildi ekki vera með sérstaka till. um það, að kaupakonur fengju launajafnrétti frá 1. júlí 1961, — kaupakonur í sveitum. Hann sagði auðvitað, hv. þm., að þær væru innifaldar í þessari till. sinni, þær ættu að fá launajafnrétti eins og allar konur frá 1. júlí 1961. Það kom í ljós við atkvgr., að þm. Alþb. greiddu þessari till. hv. þm. Karls Kristjánssonar atkv. Ef hv. þm. Alþfl. hefðu bætzt við og konan fyrir hönd kynsystra sinna, þá hefði verið þarna orðinn sterkur meiri hl í Ed. fyrir því að koma launajafnréttismáli kvenna fram á miðju sumri þessa árs. Þetta var gullið tækifæri fyrir áhugamenn í þessu máli, — og sjálfsagt hafa þeir notað sér þennan möguleika? Onei, þeir gerðu það ekki, ekki einu sinni konan, létu tækifærið fram hjá sér fara núna. Þetta má ekki gerast í einu, og það má ekki ná til allra kvenna. Þjóðfélagið þolir það ekki, það fer alveg upp á rönd við svo stórkostlega byltingu. Þetta verður að gerast smátt og smátt. Það er hámarkið, að sjötti parturinn af réttlætinu verði að lögum á Íslandi á næstu sex árum, á ári hverju í næstu sex ár. Og blessaðir verið þið, ekkert má breytast í þessa átt á árinu 1961, ekki neitt.

Hlýtur það nú ekki að hvarfla að einhverjum um þennan hóp áhugamanna, sem flytja frv. um launajöfnuð kvenna og karla, hv. þm. Jón Þorsteinsson, hv. þm. Eggert G. Þorsteinsson, hv. þm., fyrrv. ráðh., Friðjón Skarphéðinsson, að það sé nú eitthvað skrýtið við áhugann þeirra fyrir réttlætinu og réttlætistilfinningu þeirra, að þeir, sem ætluðu að þoka þessum málum svona langt áleiðis og hafa sjálfsagt í haust, þegar þeir voru að semja frv., ekki talið neinar vonir standa til þess, að hægt væri að komast lengra með þetta góða mál, og þess vegna haft það í svona hófsamlegu formi, að þegar þeir

svo, góðu heilli, verða þess varir, sjá það svart á hvítu, að málið á fylgi mikils meiri hl. þd., ef það verði tekið dýpra í árinni, ef menn vilja unna konum launajafnréttis á miðju árinu 1961, að þeir skuli þá ekki grípa þetta tækifæri, áhugamennirnir, rjúka upp í ræðustólinn og lýsa því yfir, báðir Þorsteinssynirnir t. d. og Friðjón Skarphéðinsson þá á eftir þeim: Þetta er meira en við gátum búizt við, við mælum með þessari till.? — Onei, þeir ruku ekkert upp í ræðustólinn til að mæla með till. Ég held, að konan hafi verið send upp í ræðustólinn næst til þess að mæla gegn till., — konan, sem hefur launajafnrétti á við karlmenn í sinni stétt.

Þeir áttu fleiri góðra kosta völ, áhugamennirnir fyrir launajafnrétti kvenna í hv. Ed. Alþingis í dag. Þar voru bornar fram brtt. við allar gr. frv. á þann hátt, sem nú skal greina.

Þar var lagt til, að 1. gr. frv., sem er um þessa takmörkuðu áætlun, 6 ára áætlun um launajafnrétti, skyldi hljóða svona: „Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skulu konum greidd sömu laun og körlum.“ Var þetta ekki góð till. fyrir áhugamenn í launajafnrétti? Nei, alveg óhafandi, ekki lítandi við henni, hvorki af áhugamönnum Alþfl. né oddvita kvenþjóðarinnar í hv. Ed. Þar vantaði enga hönd á loft úr þingliði hæstv. ríkisstj. til þess að fella þessa till. Var þar sama, hvort um var að ræða karla eða konur. Þar skarst enginn úr leik, ekki einn einasti, ekki ein einasta.

Þá gafst þeim líka, hv. áhugamönnum launajafnréttis kvenna, kostur á að setja undir leka löggjafarinnar um launajafnrétti kvenna í opinberri þjónustu með því að samþ. brtt. á þessa leið: „Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.“ Ef þessi till. hefði verið samþ., hefði ekki verið hægt lengur með neinu móti að sniðganga réttindi kvenna í launamálum samkvæmt lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, því að það er í þessu, sem konurnar eru brögðum beittar og sviknar, það er samkvæmt reglunum um færslu milli launaflokka. En ef það hefði verið lögfest á Alþingi, að um færslu milli launaflokka giltu sömu reglur fyrir konur sem karla, þá hefði ekki verið hægt lengur að ganga fram hjá því og konur hefðu orðið að njóta launajafnréttis í framkvæmd hjá ríkinu, eins og lögin ætluðust til auðvitað upphaflega, en eru þó það götótt, að ríkisvaldið hefur talið sér fært að sniðganga þetta fram til þessa.

Þá var einnig borin fram till. um það í hv. Ed. í dag, að verzlunarfólkið, fólk við skrifstofustörf og afgreiðslustörf í verzlunum, skyldi fá fullkomið launajafnrétti. Og það hefði mátt ætla, að sú till. fyndi náð fyrir augum hv. áhugamanna, því að í 1. gr. átti einmitt fólk, sem ynni samkvæmt samningum verzlunar- og skrifstofufólks, að fá launajafnrétti, vel að merkja samkvæmt sex ára áætluninni. En brtt., sem þarna var flutt, átti auðvitað við hitt, að allt verzlunar- og skrifstofufólk fengi launajafnrétti nú við gildistöku laganna, ekki í sjöttu pörtum, því að till. var svo hljóðandi: „Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af körlum eða konum.“ Ég hygg, að ef þessi brtt. hefði verið samþ., þá hefði ekki verið auðveldur leikur að viðhalda því eindæma ranglæti, sem framið er á konum í verzlunarstétt, því að þar er launamisréttið, launaranglætið svívirðilegast, sem þekkist í þjóðfélaginu. Þar er þó um störf að ræða, sem ætla mætti að konur gætu unnið þjóðfélagi sínu alveg eins mikið gagn í og karlmenn í sömu störfum, í skrifstofustörfum og afgreiðslustörfum í verzlunum. Þetta er því fáránlegra, launamisréttið hjá kvenþjóðinni í verzlunarstétt, þegar þess er gætt, að konur njóta sérfræðimenntunar í verzlunarstörfum í Verzlunarskóla Íslands og Samvinnuskólanum, ljúka þar sömu prófum og skólabræður þeirra, piltarnir. Mér vitanlega standa þær sig ekki lakar við námið, hvorki það bóklega né það verklega. Það kemur meira að segja oft fyrir, að stúlkur eru þar dúxar, stúlkurnar eru með hæstu prófin, eins og raunar er reynsla okkar gamalla skólamanna í flestum skólum, að þær eru sízt eftirbátar piltanna við námið oft og tíðum, líklega í fleiri tilfellum skara þær fram úr. En þegar þær koma út úr þessum skóla, sérfræðingaskóla verzlunarstéttarinnar, og hafa sitt skírteini í lagi eins og piltarnir og fá starf í verzlun eða á skrifstofu, ganga þær undir launasamning Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og þá skyldi maður ætla, að þessir útskrifuðu sérfræðingar hefðu sama kaup án tillits til kynja. En það er ekki, það er ekki því miður. Stúlkan er þar venjulega sett á lægri laun en starfsmaður verzlunarinnar, sem aldrei hefur í Verzlunarskóla Íslands komið. Hann er settur á karlmannskaup, hún á kvenmannskaup, og kvenmannskaup sérfræðingsins úr Verzlunarskóla Íslands er skv. venjum lægra en jafnvel kaup ófaglærðs karlmanns. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta er rétt. Lífið mælir á móti þessum, sem er að grípa hér fram í og er að spila sig sem þm., en er ekki. Það þýðir ekkert fyrir neinn, hvorki utan þings né innan, að ljúga gegn reynslunni, sem við höfum í þessum málum. Þeir skipta tugum, kannske skipta þeir hundruðum, ófaglærðir verzlunarmenn hér í Reykjavík, sem hafa hærra kaup en útskrifaðar stúlkur úr Verzlunarskóla Íslands.

Ranglætið, sem konum í verzlunarstétt er sýnt, er smánarblettur á þjóðfélaginu, og væri meir en tími til kominn, að hann væri þurrkaður út í einu vetfangi, ekki í sjöttu pörtum, þó að flokkur hins vinnandi fólks, Alþfl., telji það nú við hæfi að afmá þetta að einum sjötta hluta að árinu 1961 liðnu og ekkert fyrr.

Þá var einnig fyrir hv. Ed. brtt., sem snerti launakjör þess fólks, sem Alþfl. var stofnaður til að berjast fyrir, fólksins, sem vinnur í þjónustu atvinnulífsins, verkakvennanna, sem vinna í fiskiðnaðinum, vinna í verksmiðjum og taka almennan þátt í framleiðslustörfum þjóðarinnar. Og þá skyldi maður nú ætla, að flm. frv., Alþýðuflokksmennirnir Jón Þorsteinsson, Eggert G. Þorsteinsson og Friðjón Skarphéðinsson, hefðu fundið, að nú væri komið að hjartanu, þessa till. gætu þeir þó ekki drepið sóma síns vegna, þessari till. yrðu þeir þó að bjarga. En

till. var á þá leið, að öll störf í hraðfrystihúsum, *verksmiðjum og við iðju og iðnað skyldu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem þau væru unnin af konum eða körlum, og til þess að tryggja enn betur, að réttur þessa fólks yrði ekki borinn fyrir borð, þegar lögin væru komin til skjalanna, skyldu öll sérákvæði í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laganna.* Ef þessi brtt. hefði verið samþ., þá hefðu sem sé öll samningsákvæði í samningum Iðju, — og þar er kvennakaupið lágt, um það verður ekki deilt, — öll samningsákvæði í verkakvennafélögunum, *öllum verkakvennafélögum landsins, fallið burt* og um allt þetta kvenfólk gilda þau kaupgjaldsákvæði, sem í samningunum standa nú um kaup karla. Þetta hefði orðið við samþykkt þessarar till. Og var hún þá ekki samþykkt? Var ekki hægt að fá áhugaliðið í d. til þess að fallast á *þessa till.*? *Það hefði ekki þurft einu sinni alla* Alþfl.-mennina og ekki heldur konuna í d. í viðbót við Alþfl., en það hefði orðið sterkur meiri hl., ef þetta lið hefði fylgzt að, þó að allir aðrir þm. Sjálfstfl. hefðu fengið að vera „stikkfrí" við að þjóna réttlætinu í þetta eina skipti. Þeir *hefðu getað fengið það.* Það var *hægt* að samþykkja þetta, ef Alþfl. og konan stóðu með því, eða Alþfl. án konunnar meira að segja, svo að allur Sjálfstfl. hefði getað verið hreinn af þessum óskunda að innleiða launajafnrétti við öll störf í hraðfrystihúsum og verksmiðjum við *iðju og iðnað. Nei, það hvarflaði hvorki* að konunni né neinum Alþfl.-manni í hv. d. að vera með þessu. Þetta var alveg ótækt, það var ekki hægt að samþykkja.

Allar till. Alþb. í Ed. fóru í eina og sömu gröfina. Þær voru að vísu að sjálfsögðu komnar *það sjálfkrafa, þegar ekki fékkst breyt.* á 1. gr. í frv. um launajöfnuð kvenna og karla, því að þegar þingheimur hafði ákveðið að hafa hana óbreytta, þá var ekki hægt samræmis vegna að skeyta svona till. um launajafnrétti frá gildistöku laganna aftan við hana. *En ekki er hv. þm Ed. til neins að bera* það fyrir sig, því að þeir áttu þess sannarlega kost að breyta 1. gr. frv. og þar með þeim öllum, gerbreyta frv. í réttlætisátt. Það sýndi sig, að björtustu vonir þeirra, sem sjálfsagt hafa verið við það miðaðar að koma frv. sínu um launa*jöfnuð kvenna og karla fram, — þeir sáu* það, að björtustu vonir þeirra gátu rætzt og miklu meira, þeir áttu þess kost, því var haldið fast að þeim af þm. tveggja flokka, beggja stjórnarandstöðuflokkanna, að stíga sporið heilt, vera ekki að parta réttlætið niður í sex hluta, þiggja það að fylgja í einu eða öðru formi till. um fullkomið launajafnrétti, annaðhvort strax frá gildistökudegi laganna ellegar þá 1. júlí 1961. Engar fortölur dugðu. Það voru haldnar ágætar ræður í hv. Ed. í dag til að sýna fram á, að ef menn á annað borð viðurkenndu, að launajafnrétti ætti að ríkja milli kvenna og karla, þá væri auðvitað hjákátlegt að ganga ekki inn á það strax, heldur fara að parta réttlætið niður í sjöttu hluta, — það væri hjákátlegt, ef menn væru komnir á þá skoðun, að launajafnrétti kvenna og karla ætti rétt á sér, þá ættu menn að samþykkja það. En það hristu Sjálfstfl. og Alþfl. ásamt konunni alveg af sér. (**Forseti:** Ég vil biðja hv. ræðumann um að kenna þm. við kjördæmi þeirra og ávarpa þá ekki á annan hátt, eins og þingsköp mæla fyrir um.) Já, en ég get það ekki, þegar ég nefni hóp manna, heila flokka, þá get ég ekki kennt þá alla við — — (**Forseti:** Þm. hefur brotið þetta með einstaklinga hvað eftir annað.) Þegar ég nefni einstaka þm., a. m. k. hér í d., þar sem ég hef skrá yfir þá, þá skal ég reyna að gera það, en ég er ekki viss um, að ég muni alltaf, í hvaða röð þeir eru í kjördæmi, ef þeir eiga sæti í hv. Ed., en til þeirra hef ég nú vitnað í þessari ræðu minni, af því að þeir hafa mjög komið við sögu þessa máls í dag, þessa frv.

Það var gerð enn ein tilraun í hv. Ed. í dag til þess að fá breyt. á frv. í lagfæringarátt, þegar allar þær till., sem ég nú hef nefnt, höfðu farið í eina gröf. Það var till. um það, að nú skyldi löggjafinn viðurkenna, að kaup kvenna yrði 90% af kaupi karla, eins og verkakvennafélögin hafa farið fram á sem lágmarkskröfu, og síðan skyldi það, sem þá væri eftir, nærri 10%, jafnast á sex árum, komið til móts við þessa sjöttu parta skiptingu réttlætisins. En þetta fann ekki heldur náð fyrir augum hv. þm. Þessi till. var felld eins og hinar. Launajafnrétti skyldi vera í áföngum, sjöttu pörtum. Ef átti að byrja á því, að kaup kvenna væri lögfest 90% af kaupi karla, var það óaðgengilegt fyrir áhugamennina.

Ber nú allt þetta, sem nú hefur verið sagt frá afgreiðslu hv. Ed. á þessu frv., ekki vott um linan áhuga? Ég verð að segja það, að mér finnst þetta allt saman bera vott um heldur linan áhuga í því að koma launajafnrétti kvenna í höfn, að spyrnast eins og þrá sauðkind á móti öllum till., sem bornar voru fram til endurbóta á frv., og hafa samtök um þetta. (Gripið fram í.) Ég var ekki einn í ríkisstj. Ætli skýringin sé ekki, að Alþfl. var í þeirri ríkisstj.? Ætli hún sé ekki sú? Ætli það sé ekki tilfellið? Væri það óhugsanlegt, ef maður lítur yfir sögu flokksins t. d. í launamálum nú seinustu tvö árin? (**Sjútvmrh.:** Vill þm. halda því fram?) Vill hæstv. ráðh. halda því fram, að hann hafi haft áhuga á því að koma launajafnréttinu á í einum áfanga? (**Sjútvmrh.:** Vissulega.) Vissulega. Og imprаði ekki á því við sína meðráðh. á nokkurn hátt. (**Sjútvmrh.:** Ég var ekki ráðh. í þeirri stjórn.) Nei, og þó, hann var það um tíma, hann var um tíma í stjórninni, sat þar sem ráðh. og kom ekki fram með það. Ég skal rækilega koma að þessu máli síðar, en ég er nú að rekja fyrst og fremst efni þessa frv. og meðferðina á því í dag. Það má vel vera, að hv. alþm. í stjórnarliðinu, hv. sjálfstæðismenn og hv. Alþfl.-menn, langi til að koma þeim stimpli á mig, að ég hafi verið dragbíturinn í þessum málum alla tíð og að það sé ekki komið fram vegna áhugaleysis míns á málinu. (**Sjútvmrh.:** Ekki að ástæðulausu.) Já, það er einmitt það, mér datt í hug, að þeir menn, sem hafa alltaf stimpazt á móti þessu máli og hafa orðið berir að

því að fjandskapast við það á þessum degi, að þeir vildu koma því á mig einmitt, að allri ólukkunni valdi ég, ég hafi á fyrstu árunum á 52 þm. þingi og nú á 60 manna þingi ráðið því, að launajafnrétti kvenna kæmist ekki fram. Þetta væri alveg eftir málflutningi þessara manna og sannleiksást. Þetta vil ég taka sem vitnisburð um sannleiksást þeirra í fleiri málum en þessu.

Í 2. gr. þessa frv. segir, að hinn 1. jan. 1962 skuli laun kvenna í starfsgreinum samkvæmt 1. gr, þ. e. a. s. starfsgreinunum, sem þar eru taldar upp og eru ekki ýkja margar, hækka um ⅛ hluta launamismunarins og síðan árlega hinn 1. jan. ár hvert fram til ársins 1967, og hækkunin á að vera sú, sem nemur launamismuninum, eins og hann er í upphafi hvers árs, deildum með fjölda þeirra hækkana, sem eftir er að veita hverju sinni. Fullum launajafnaði skal svo náð 1. jan. 1967. Þannig á framkvæmdin að vera á því launajafnrétti, sem stefnt er að samkvæmt ákvæðum 1. gr. En það er fyllilega játað í grg. þessa frv., játað af hv. flm. þess, að frv. nær ekki til nema takmarkaðs hóps kvenna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Frv. þetta nær til allra þeirra starfa, sem almennast er að konur vinni við hlið karla.“ Ekki til annarra. Til þeirra starfa, sem almennast er að konur vinni við hlið karla. Síðan segir: „Sjálfsagt mætti við nánari athugun tína til einhverjar fámennar starfsgreinar, sem frv. þetta tekur ekki til.“ Það er meir en auðvelt, og það yrðu ekki aðeins fámennar starfsgreinar, það yrðu margar allfjölmennar starfsgreinar, sem þar væri auðvelt að nefna. Þá segja flm.: „Kynnu menn þá að spyrja, hvort konur í þeim starfsgreinum ættu ekki einnig rétt á launajöfnuði. Vissulega ætti það svo að vera,“ segja þeir. „Vissulega ætti það svo að vera,“ en þeir játa með þessu orðalagi, að þær séu ekki teknar með í þessu frv., en það ætti að vera þannig, að launajöfnuðurinn næði til þeirra einnig. Þá segja hv. flm., með leyfi hæstv. forseta: „Þessu er þó sleppt í frv. til að gera lögin ekki of erfið í framkvæmd og flókin, enda mundi frv., ef að lögum yrði, að sjálfsögðu bæta mjög samningsaðstöðu allra kvenna, hvort sem þær vinna störf sín yfirleitt við hlið karla eða ekki, eða m. ö. o. hvort sem taxti er til fyrir hliðstæð störf karlmanna eða ekki. Lögin mundu því í reynd hafa áhrif í launajafnréttisátt fyrir allar konur, enda er það einn megintilgangur frv.“ Þarna er með skýrum orðum játað og viðurkennt, að launajafnréttisfrv., sem hér er um að ræða, nái ekki nema til takmarkaðs hóps kvenna, þeirra sem almennast sé eða algengast sé, að vinni að framleiðslustörfunum við hlið karla, en það er játað, að vissulega ætti það að ná til allra kvenna. Og skýring er gefin á því, hvers vegna það sé ekki látið ná til þeirra. Það er upp á það, að frv. verði ekki of flókið. „Þessu er þó sleppt í frv. til þess að gera lögin ekki of erfið í framkvæmd og flókin.“

Og svo er því haldið fram, að frv. þetta, ef að lögum yrði, mundi bæta mjög alla samningsaðstöðu kvenna. Er það nú rétt? Halda menn, að þetta frv., þegar það er orðið að lögum, bæti samningsaðstöðu kvenna? Við skulum líta svolítið á það.

Ég held því fram, að það sé kannske einna verst við þetta frv., ef það verður að lögum, að þá spilli það mjög fyrir samningsaðstöðu kvenna. Hvað halda menn til dæmis að Vinnuveitendasamband Íslands segi, þegar verkakonur koma og knýja á um að fá sínar launakröfur fram nú á árinu 1961, þannig að laun kvenna verði 90% af kaupi karla? Hvað halda menn þeir segi? Það er sjálfsagt. Alþingi er búið að samþykkja frv. um launajöfnuð kvenna, og við verðum að jafna launin, þannig að laun kvenna nálgist launajafnréttið. Ætli þeir segi það? Það má vera. Þá yrði flm. frv. að sinni spá. En ég er miklu hræddari um, að fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands og atvinnurekendur yfirleitt, sem eru viðsemjendur verkakvennafélaganna, segi sem svo: Alþfl., flokkur verkafólksins, sem var stofnaður til þess að bæta hag þess og kjör, hefur borið fram frv. á Alþ. um launajöfnuð kvenna og mótað það alveg sjálfur. Og hann hefur fengið það gert að lögum. Og honum hefur fundizt við hæfi, að það yrði engin breyting á þessum málum á árinu 1961. Það er nú orðið lögfest, að það eigi að hreyfa þessum málum smátt og smátt á árunum 1962—67 — ekkert í ár. Blessaðar verið þið ekki að því að fara út fyrir ramma þessara laga, sem verkalýðsflokkurinn í landinu hefur fengið Alþingi til þess að fallast á. Þar er bókstaflega ekki gert ráð fyrir neinni kaupbreytingu á árinu 1961, verið þið ekki að þessu. — Væri þetta til þess að auðvelda samningsaðstöðu kvenna? Ég held, að það mundi liggja beint við, að atvinnurekendur beittu þessum rökum, og ég hef þegar orðið var við, að þeir hafa beitt þeim. Ég hef verið á viðræðufundum með atvinnurekendum nú, sem vitna til þess, að það liggi frv. fyrir Alþingi Íslendinga, þar sem gert sé einmitt ráð fyrir því, að launamismunur kvenna hverfi á árunum 1962—67, ekkert á árinu 1961, — og svo eruð þið að heimta stóra kauphækkun núna, konurnar, á árinu 1961, sem er alveg utan við ramma laganna. — Nei, það verður óspart vitnað til þess, að nú sé málið á því stigi, að löggjafinn hafi tekið þetta mál á sína arma og nú sé alveg óþarft að vera að heyja neinar vinnudeilur, hvorki við samningaborðið né með verkföllum, um laun kvennanna, þetta komi í sjöttu pörtum, eftir að árið 1961 sé liðið, á árunum 1962—67, og þið skuluð bara vera rólegar. — Þetta torveldar ekki aðeins alla samningsaðstöðu verkakvennafélaganna í landinu, það nálgast það að gera það ómögulegt, að þær geti tekið þátt með fullum krafti, nokkrum slagkrafti í þeirri launabaráttu, sem nú er hafin og stendur á árinu 1961. Og það má mikið vera, ef frv. er ekki einmitt flutt til þess, að hægt sé að segja við þessar konur: Verið þið ekki með neinar kröfur um kaupbreytingar á árinu 1961, þetta kemur eftir að það ár er liðið, smátt og smátt, þannig að þið þurfið ekki að heyja neina launabaráttu fyrir því, bara að bíða þessi 6 ár eftir 1961, og þá eruð þið búnar að ná því. — Þetta eiga þær að láta sér nægja.

Meðan litlu miðaði í réttlætisátt með laun kvenfólksins í landinu, og það hefur löngum miðað hægt, — það er bezt að játa það, — þá kom ekkert slíkt frv., engin slík áætlun um að ná launajafnrétti fram. En þegar allt í einu var vitað, að kvenfólkið væri að hefja stórsókn í sínum launamálum, þá kom þessi 6 ára áætlun fram á Alþingi. Hún ber á sér öll þau einkenni, að það sé ekki ætlunin að flýta launabaráttu kvenna, heldur seinka henni, því að það er enginn vafi á því, að verkakvennasamtökin hafa gert allt aðrar áætlanir um sína baráttu á þessu ári og þeim næstu heldur en að fá ekkert á árinu 1961 og síðan sjötta part á hverju ári næstu sex ár. Þau ætluðu sér að fá á árinu 1961 helminginn af því, sem nú skortir á, að konur hafi sömu laun og karlmenn. Kaup kvenna er núna kr. 16.14 á klst. við hin almennustu kvennastörf og kaup karlmannanna kr. 20.67 við hin algengustu verkamannastörf, og er kaup kvenfólksins þannig 78.08% af kaupi karla, þegar miðað er við hin algengustu störf hjá konum og körlum. Nú eru kröfur þeirra um það, að kaupið hækki úr 78.08% í 90% af kaupi karla. Og síðan ætluðu þær sér auðvitað að taka þau 10%, sem þá væru eftir, í öðrum áfanga og hafa þannig náð sínu takmarki. Og til þessa hafa konurnar stuðning verkalýðshreyfingarinnar í heild, því að á þetta er litið svo í verkalýðshreyfingunni, að launajafnréttismál kvenna sé ekkert sérmál þeirra, heldur sé þetta almennt mannréttindamál, sem karlmönnum sé jafnskylt að styðja og konunum sjálfum.

En yrði þetta nú ekki alveg ægileg ofurbyrði á þjóðfélagið, á atvinnulífið skulum við segja fyrst og fremst, ef konurnar fengju þessum kröfum sínum framgengt? Það vil ég athuga lítillega. Ekki væri nú gott að sliga okkar elskulega þjóðfélag, okkar ágæta þjóðfélag, þó að það væri gert fyrir konurnar.

Ég hygg, að það láti nærri, að í þjónustu framleiðsluatvinnuveganna séu konur kannske þriðji partur af því vinnuafli, sem fram er lagt í þjónustu þeirra. Ég hygg, að karlmennirnir séu þar enn þá í yfirgnæfandi meiri hluta, og hef komizt að þeirri niðurstöðu við athugun á þessu máli, að um það bil ⅔ hlutar af þeirri vinnu, sem lögð er fram í þjónustu framleiðsluatvinnuveganna, sé lögð fram af körlum. Ef þetta væri nálægt því rétta, mundi það þýða, að 15% kauphækkun til handa konum væri ekki meiri byrði á atvinnulífið en sem svaraði 5% hækkun á karlmannskaupinu. Allir mundu nú held ég fallast á það, að það ylli ekki neinni byltingu, sligaði ekki atvinnulífið, þó að karlmannskaup hækkaði t. d. um 5%. En 15% hækkun á kvennakaupinu, það er ekki að krónutölu meiri fúlga úr vasa atvinnurekenda en sem svarar eitthvað um það bil 5% af kaupi karla. Meira að segja hygg ég, að þessar tölur þurfi að lækka verulega, ef maður á að komast nálægt því rétta, því að það er þó orðið svo, að um það bil ¼ hluti af þeirri vinnu, sem konur leggja nú fram í þjónustu sjávarútvegsins og fiskiðnaðarins, er nú goldinn karlmannskaupi. Í samningum flestra verkakvennafélaga í landinu stendur, að öll vinna við fiskflökun skuli goldin karlmannskaupi, hvort sem hún er unnin af körlum eða konum. Og það er svo í mörgum frystihúsum landsins, að konur vinna að flökuninni ekki aðeins ásamt körlum, sums staðar nálega algerlega einar. Þannig er það á mörgum stöðum á landinu. Á öðrum stöðum á landinu er það þannig, að á sumrin, þegar karlmenn flykkjast á síldveiðiflotann, taka konurnar nálega að öllu leyti við flökuninni yfir sumarmánuðina. En árið um kring annast þær hana nálega eingöngu á ýmsum stöðum á landinu. Og við alla þessa vinnu hafa þær karlmannskaup. Að því er þá vinnu snertir yrði því engin breyting. Það er einnig víða ákveðið í samningum, að við alla skreiðarvinnu, alla vinnu við skreið, þvott og blóðhreinsun á fiski og upphengingu skreiðar á hjalla, og það er þó nokkuð mikil vinna, hafi konur karlmannskaup. Og við fiskþvott og vinnu við saltfisk er konum á ýmsum stöðum nú þegar goldið karlmannskaup.

Þannig virðist, að um það bil ¼ hluti — 20—25% — af vinnu kvenna í sambandi við fiskiðnaðinn er nú goldinn karlmannskaupi og þykir sjálfsagður hlutur, þegar þetta er komið í framkvæmd. Og enginn vafi er á því, að þegar sigur vinnst í þessu máli, launajafnrétti kvenna nær fram að ganga, þá líta allir á það sem sjálfsagðan hlut og eru undrandi á því, að þetta skuli ekki hafa gerzt miklu fyrr. Þannig hefur það verið með öll réttindi kvenna, sem þær hafa sótt í hendur þjóðfélagsins á undanförnum áratugum. Það var barizt á móti þessum réttarbótum eins lengi og unnt var, oft áratugum saman gegn þessu réttindaákvæðinu og svo því næsta, en þegar sigur hafði unnizt, þá töldu allir þetta sjálfsagt mál. Nú er barizt um launajafnrétti kvenna, og ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um, að það fer alveg á sömu leið, að þegar sigurinn hefur unnizt, þá munu allir vilja halda því fram, að þeir hafi barizt fyrir þessu, þeir hafi tekið þátt í því sannarlega að koma þessu á og það hafi verið alveg sjálfsagður hlutur. Það verður þá ekkert á það minnzt, hvernig menn börðust á móti því eins lengi og þeir gátu og þorðu. Og það verður heldur ekkert minnzt á það, hverjir óku sér undan því og vildu að síðustu innleiða það í sjöttu pörtum. Menn þykjast allir eftir nokkur ár hafa verið eldheitir fylgjendur þessa máls og kannske, eins og örlað hefur hér á í kvöld, helzt reynt að koma óorði á þá menn, sem endrum og eins hafa reynt að þoka þessu máli áfram, segja, að aðallega hafi öll bölvunin stafað af þeim, þeir hafi verið verstur þrándur í götu þessa máls og ættu helzt ekkert um þessi mál að tala. Það má vel vera, að þetta verði svona.

Ef kaup kvenna hækkaði á árinu 1961 þannig, að það yrði 90% af kaupi karla, þá þyrfti kaupið að hækka, miðað við núverandi karlmannskaup, á fimmtu krónu á tímann. En hver verður hækkunin á kaupi kvenna á næstu árum samkvæmt þessu frv., sem hér liggur fyrir? Jú, hv. flm gera grein fyrir því í grg. Þeir segja þar, það er sjálfsagt alveg rétt reiknað hjá þeim, með leyfi hæstv. forseta: „Launamismun-

ur í almennri verkamannavinnu og almennri verkakvennavinnu er nú kr. 4.53 á klst. Að óbreyttum samningum ættu laun kvenna að hækka samkv. 2. gr. þessa frv. um" — hvað haldið þið mikið? — „76 aura á klst." — þ. e. a. s. ekki á árinu 1961, nei, heldur í fyrsta skipti á árinu 1962. Þetta eru þeirra eigin útreikningar á því, hvernig launabreytingin yrði samkv. svikalausri framkvæmd þessa frv. Það yrði sem sagt engin lagfæring á kaupi kvenna á árinu 1961, en 76 aurar á tímann einhvern tíma á árinu 1962 og svo áfram á næstu 6 árum fram á árið 1967.

Er þetta nú ekki í samræmi við óskir verkakvennafélaganna? Er nú ekki líklegt, að hv. Alþfl. hafi haft samráð við verkakvennafélögin, a. m. k. þau af þeim, sem eru undir stjórn Alþfl.-kvenna, og miðað grundvöll frv. við þeirra kröfur? Það var í hv. Ed. í dag lesið upp úr framlögðu launafrumvarpi verkakvennafélagsins Framsóknar í Reykjavík og skýrt frá því, hvað þær fara fram á. Þær hafa lagt fram kröfur sínar um kjarabætur fyrir nokkrum vikum, afhent þær Vinnuveitendasambandi Íslands og haft við Vinnuveitendasambandið einn eða tvo viðræðufundi um sín kjaramál. Og það, sem þær m. a. fara fram á, er það, að vikukaup þeirra verði rúmar 1100 kr. Það er gífurleg hækkun frá núverandi kjarasamningum verkakvennafélagsins Framsóknar. Það lætur nærri, að þetta þýði um það bil 50% hækkun á núgildandi kjarasamningi félagsins. Að vísu yrði svo félagið að eiga það undir sjálfu sér og samtökum kvenna, hvað yrði um áframhaldið á því að útmá launamisréttið, eftir að þessum stóra áfanga væri náð, sem það ætlar nú að berjast fyrir. En það er ekki þarna að ræða um neina aura — neina 76 aura — það er alveg greinilegt, þær hafa sett markið hærra. Það hefur sennilega ekki verið haft mikið samráð við verkakvennafélagið Framsókn um þetta launajafnréttismál verkakvennanna, þegar það var samið, því að svo mikið er ósamræmið á milli ákvæða frv. og þess, sem konurnar hafa borið fram sem sínar eigin kröfur.

Það hefur stundum verið talað um það, að baráttan hafi gengið grátlega seint í þá áttina að færa konum launajafnrétti með aðferðum verkalýðshreyfingarinnar, og það játa ég að er rétt, það hefur stundum gengið erfiðlega að þoka þeirra málum fram. Þessi mál hafa verkakvennafélögin haft með höndum, og í vaxandi mæli, eftir því sem árin liðu, hafa þær fengið stuðning verkamannafélaganna í þeirri baráttu. En samt er alveg ástæðulaust að gera lítið úr því, sem áunnizt hefur í þessum málum, frá því að verkakvennafélögin hófu sína baráttu. Verkakvennafélagið Framsókn hefur hvað eftir annað í afmælisritum sínum rifjað það upp, hver voru launakjör kvenna, þegar það félag var stofnað, en það félag var stofnað í byrjun fyrri heimsstyrjaldarinnar 1914. Hvað var kaup kvenna þá? Hvað var kaup kvenna þá, þegar verkakvennafélagið Framsókn var stofnað? Fyrir því hef ég hér heimildir, að á fyrstu árum aldarinnar var konum borgað, þegar þær unnu í tímavinnu, hvaða vinnu sem þær unnu, hvort sem þær unnu við almenna fiskvinnu eða uppskipunarvinnu, kola- og saltvinnu, þá fengu þær eina krónu á dag, og í afmælisriti verkakvennafélagsins Framsóknar segir þá, að vinnudagurinn hafi oft verið 16 stundir, algengast 12—14 stundir, en oft verið unnið samfellt í 16 stundir, og fyrir þessa vinnu fengu þær eina krónu á dag. Þegar verkakvennafélagið Framsókn hóf svo sína baráttu og bar í fyrsta sinn fram kröfur um kaupgjaldssamninga fyrir sínar félagskonur, var kaupið hjá konunum 12 aurar á tímann. Og þá er fróðlegt að vita, hvað kaup karla var á sama tíma, og þær greina líka frá því og segja, að þá, þegar kvennakaupið var 12 aurar, þá hafi karlmannskaupið í almennri verkamannavinnu verið 25 aurar á tímann, þ. e. a. s. kaup kvenna náði þá ekki að vera 50% af kaupi karla. (**Gripið fram í:** 60%.) 12 aurar af 25. Er það 60%? Nú þykir mér kaupmaður reikna skrýtilega. Nei, það voru 12 aurar á móti 25 aurum, og held ég, að sjái hver maður, þótt ekki sé verzlunarskólalærður, að það er innan við helminginn, innan við 50%. Við segjum, að það hafi gengið grátlega seint að leiðrétta þetta ranglæti. En samt er þó kaup kvennanna nú almennt 78.08% af kaupi karla og þó viss hluti, verulegur hluti af kaupi kvennanna goldinn með hærri kaupgjaldsákvæðum, um 80% og yfir 80% tveir næstu liðirnir og um fjórði partur af vinnu kvenna í þjónustu atvinnulífsins á sama kaupi og karlmenn hafa. Það má því kannske segja, að kaup kvenna nú á móts við kaup karla, ef tekið er tillit til þeirrar vinnu, sem konur vinna fyrir hærri kaupgjaldsliði og á karlmannskaupi, að það geti varla verið að meðaltali minna en líklega um 85% á móts við kaup karla. Þetta hefur þó mjakazt svona og þokazt við baráttu stéttarfélaganna, að kaupið hefur, frá því að verkakvennafélögin hófu baráttuna, breytzt úr 48 eða 49% og upp í líklega 83—85% að meðaltali móts við kaup karla. En sé miðað við dagvinnukaupið eingöngu, kvenna og karla, þá er það, eins og ég áðan sagði, 78.08%. (**Gripið fram í:** Það eru 30% á 57 árum.) Já, það er allt of lítið, Pétur. Það verð ég að segja. Og þess vegna er tími til þess kominn, að góðir drengir leiðrétti það misrétti, sem konurnar eiga enn þá við að búa. (**Gripið fram í:** Nú á að taka 22% á fimm árum.) Það er of lítið. Einmitt af því, hvað baráttan hefur gengið treglega á undanförnum áratugum, er ástæða til þess að taka nú endasprettinn og hjálpa konunum til þess að fá viðurkennt launajafnrétti, og það væri sómi Alþingis að leggja þar hönd að verki á myndarlegan hátt, þannig að launajafnréttið næðist á þessu ári.

Það eru í ritum verkakvennafélagsins Framsóknar margar átakanlegar frásagnir af því, hvernig lífskjör verkakvennanna voru á þessum árum, þegar kaupið var innan við 50% af kaupi karla og hvort tveggja kaupið svo lágt, að menn eiga nú erfitt með að trúa, 12 aurar og 25 aurar á klukkustund, og verkakonan, sem ræddi þetta mál, sagði: „Það voru áraskipti að því, eins og hvernig aflabrögðin voru, hvað sulturinn var mikill á heimilunum."

En við þurfum ekki að leita lengra aftur í tímann en til ársins 1934, þegar verkakvennafélagið Framsókn er 20 ára, þá eru þær strax búnar að setja sér það sem takmark að ná fram launajafnrétti. Grein frú Jóhönnu Egilsdóttur í afmælisriti verkakvennafélagsins Framsóknar á 30 ára afmæli félagsins endar á þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta: „Verkakonur eiga mikið starf að þakka brautryðjendum félagsins, en beztu þakkir þeim til handa koma fram í áframhaldandi starfi á réttum félagsgrundvelli með takmarkinu: sömu laun fyrir sömu vinnu."

Þetta er því gamalt baráttumál verkakvennafélaganna í landinu, að ná því takmarki, að konur fái greitt sama kaup og karlmenn fyrir sömu störf. Og þegar Alþfl. hafði aðstöðu til að koma fram frv. til laga um aukið launajafnrétti, þá hefði hann þurft að vera minnugur þessara kjörorða kvennanna um áratugi, að greidd yrðu sömu laun fyrir sömu störf, hvort sem þau væru unnin af konum eða körlum, og það var sízt of snemmt, þó að þessu máli yrði komið í höfn á árinu 1961. Og þess var nú kostur, það þýðir ekkert að fara undan í flæmingi með það, það hefur komið í ljós á Alþingi Íslendinga á þessum degi, að það var sterkur þingmeirihlutavilji til fyrir því að binda nú endi á launajafnréttisbaráttu kvenna með því að lögfesta sömu laun til handa konum sem körlum við sérhver störf, annaðhvort frá gildistöku þessara laga, og það hefði þá getað orðið nú eftir nokkra daga, eða þá 1. júlí í sumar, ef hitt hefði þótt of hastarlegt, ef það hefði þótt of hastarlegt að vakna upp nú eftir helgina við það, að launajafnrétti kvenna væri orðið að veruleika.

Ef Alþingi Íslendinga hefði viljað fallast á þær till., sem fram voru bornar í hv. Ed. í dag um algert launajafnrétti kynjanna, þá er það sýnt, að það var sterkur þingmeirihluti fyrir því í Ed., og það væri einnig sterkur þingmeirihluti fyrir þeim hér í hv. Nd. Þegar við lítum yfir þingstyrk Alþb., Framsóknar og Alþfl. nú á Alþingi og teljum þetta saman, þá hafa þessir 3 flokkar sterkari þingmeirihluta en núverandi stjórnarflokkar, en að meðtöldum konunum tveimur, blessuðum, þá munu þeir hafa 37 manns á þingi af 60. Ef maður gerði ráð fyrir því, að Sjálfstfl. vildi vera í samræmi við alla sína fortíð og vera á móti slíku máli, gæfi bara konurnar frían, því að annað væri ekki sæmandi, þá gætu þeir ekki verið nema 23 í mesta lagi. (**Gripið fram í:** Unnu ekki þessir flokkar saman fyrir stuttu?) Það, sem skiptir máli nú, er það, hvað þið viljið gera í dag, og þar virðist viljinn vera næsta lítill til þess að gera neitt meira í þessu réttlætismáli en að standa að þessu frv., sem hér liggur fyrir og tekur lítið myndarlega á þessu máli, hvort sem litið er á það sem jafnréttismál eða almennt mannréttindamál eða réttlætismál.

Í 3. gr. þessa frv. eru ákvæði, sem mér eru í raun og veru enn þá ógeðfelldari en hin kákkenndu ákvæði 1. og 2. gr. Þar segir, að hin árlega launahækkun skuli vera ákveðin af þriggja manna nefnd, og hún á að heita launajafnaðarnefnd. Hún á að vera skipuð einum manni af félagsdómi, þ. e. a. s. félagsdómur á að skipa einn mann í n. og hann á að vera formaður hennar, annan mann í n. á Alþýðusamband Íslands að skipa, og hinn þriðji skal verða skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands. Alþýðusamtökin eiga þannig að eiga einn mann af þremur í þessari svokölluðu launajafnaðarnefnd. Ég sé, að Kvenréttindafélag Íslands hefur farið fram á, að það verði a. m. k. um það séð, að það yrði einn kvenmaður í þessari nefnd, en um það er nú ekkert í frv., að ein kona verði í launajafnaðarnefndinni, þar sem hún eigi að fjalla um framkvæmdina á því að þoka launamálum kvenna í jafnréttisáttina á næstu 6 árum. Þessir sömu aðilar, félagsdómur, Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið, eiga síðan hver um sig að skipa hver sinn varamann. Þessi nefnd er skipuð til þriggja ára í senn. N. á að hafa allmikið vald. Ákvarðanir nefndarinnar eru fullnaðarákvarðanir, sem verða ekki bornar undir dómstóla. Þetta er því eins konar dómstóll, þriggja manna dómstóll, sem á að dæma, úrskurða óumbreytanlega um launakjör kvenna, að svo miklu leyti sem þau féllu undir þetta frv. Meiri hluti atkv. ræður úrslitum í nefndinni, og kostnaður af störfum n. greiðist úr ríkissjóði. Það verður launuð nefnd.

Ég verð að segja það, að ekki finnst mér það geðsleg tilhugsun, að launamál verkalýðsstéttarinnar, verkalýðsfélaganna, sem samkvæmt vinnulöggjöfinni eiga að heita að hafi frjálsan og ótakmarkaðan samningsrétt um launamál, skuli að vissum þætti eiga að fara í hendur þriggja manna nefndar eða dómstóls, þar sem alþýðusamtökin eigi einn mann af þremur og meiri hl. atkv. á að ráða úrslitum, dómsorði, sem verði ekki áfrýjað til neins annars dómstóls, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands mundi verða íhaldssamur aðili í þessari nefnd, ganga eins skammt og hann frekast gæti, og ekkert veit maður um það, hver yrði afstaða þess fulltrúa, sem félagsdómur skipaði í nefndina. Það er því algerlega allt í óvissu um það, hvort þessi n. eða dómstóll yrði vinsamlegur eða óvinsamlegur aðili gagnvart launajafnréttismálum kvenna, og eiginlega minni líkur til þess, að þar yrði um vinsamlegan aðila að ræða. Ég hygg, að það fari fleiri eins og mér, að þeim þyki hart að eiga að bera launamál kvenna undir slíkan dómstól, þar sem aðeins sitji einn fulltrúi frá verkalýðshreyfingunni. Ég sé ekki heldur, að nokkur minnsta þörf hafi verið á því að búa til þessa n. Félagsdómur á að dæma um öll ágreiningsatriði viðvíkjandi kaup- og kjaramálum, úrskurða um öll ágreiningsmál milli launþegasamtakanna og vinnuveitendasamtakanna. 1. gr. þessa frv. ætti að mæla nægilega skýrt um það, að kaupgjaldið ætti að hækka á árunum 1962—67 árlega, þannig að launajafnrétti hafi náðst 1967, og skyldi ekki félagsdómur hafa verið fær um það, án þess að ný nefnd væri stofnuð, að úrskurða hið rétta um framkvæmd þess, sem felast á í 1. gr.? Ég hefði haldið það, að honum hefði verið eins vel trúandi til þess og nefnd, sem fengi þarna

við hliðina á fulltrúa félagsdómsins fulltrúa frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Það er nú kannske aldrei of mikið af nefndunum, og það er sýnilega hér talin þörf á því að bæta einni við til þess að úrskurða endanlega um framkvæmdina í launamálum kvenna.

4. gr. frv. er um það, hvernig stéttarfélögin eigi að haga sér gagnvart þessari n. eða þessum dómstóli, og virðist það benda til þess, að engin leið eigi að vera fram hjá launajafnaðarnefndinni, því að þar er mælt svo fyrir, að þau stéttarfélög, sem semja um kaup og kjör fyrir konur í þeim starfsgreinum, sem falla undir 1. gr., þ. e. a. s. konur, sem vinna samkvæmt almennum verkakvennafélagstöxtum eða samkvæmt samningum Iðju eða samningum verzlunarfólks, skuli í nóvembermánuði á hverju ári, í fyrsta sinn árið 1961, sækja um launahækkanir til nefndarinnar, senda náðarsamlega umsókn og láta fylgja með eintök af viðkomandi kjarasamningum sínum. N. á síðan að taka ákvörðun um launahækkun í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. og birta taxtann, úrskurðaða taxtann. Þau félög, sem senda umsókn í nóvembermánuði, eiga að fá úrskurð frá þessum dómstóli um, hvað kaupið megi hækka. Fyrsta árið á það að hækka um 76 aura á tímann, segja flm. hérna, 76 aura á tímann, þó væntanlega í dagvinnu, og ég hefði nú viljað gera ráð fyrir, að þá ætti kaupið að hækka eitthvað meira samkvæmt hinum hærri liðum, samkvæmt hreingerningataxtanum, samkvæmt millitaxtanum um aðra erfiða eða óhreinlega vinnu, en sjálfsagt á hún ekkert að úrskurða um hækkun á þeim liðum, sem nú þegar eru goldnir karlmannskaupi. En mér dylst það ekki, að bæði verða það margir samningar, sem launajafnaðarnefndin fær til að fjalla um, og einnig þarf hún að úrskurða um fleira en lágmarkskaupið í dagvinnunni. Hún verður að úrskurða um, hvað eigi að hækka allir kaupgjaldsliðir í samningum verkakvenna, meðlimanna í Iðju og hjá því fólki, sem vinnur samkvæmt samningum verzlunar- og skrifstofufólks í Reykjavík og annars staðar á landinu. Allar aðrar stéttir mundi nefndin vafalaust láta sér óviðkomandi og ekki fella neina úrskurði um, hvað kaupið ætti þar að vera.

Í 5. gr. frv. er það tekið fram, að þessi lög skerði ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til að semja um kaupið. En þó eru það niðurlagsorð 4. gr., næstu greinar á undan, að samningar, sem stéttarfélögin geri, fái ekki gildi, nema launajafnaðarnefnd staðfesti þá. Samningar, sem stéttarfélögin gera, eru þá ekki gildir, þó að þeir séu búnir að fá undirskrift bæði vinnuveitenda og viðkomandi félags, nema launajafnaðarnefndin staðfesti þá. Þeim er heimilt að semja um hækkunina við vinnuveitendur, „enda staðfesti nefndin slíka samninga," segir í greininni. Mér finnst það hálfgert öfugmæli eftir niðurlag 4. gr., þegar svo kemur, að samningsfrelsið sé ekki á nokkurn hátt skert, þó að það sé óvefengjanleg niðurstaða 4. gr., að engir samningar, sem verkakvennafélögin geri við vinnuveitendur, hafi gildi, nema þeir hafi fengið staðfestingu launajafnaðarnefndar. Það kalla ég skerðingu á samningsfrelsinu, það verð ég að segja.

Í umr. í hv. Ed. í dag gat frsm. nokkurra þeirra höfuðatburða, sem gerzt hefðu í baráttunni fyrir launajöfnuði kvenna á undanförnum árum, og taldi, að þar bæri nú hæst og væri nú aðalatriðið það, að á árinu 1954, hygg ég, hafi sjálfstæðismenn á Alþ. borið fram till. til þál. um að fela ríkisstj. að athuga, með hvaða hætti væri hægt að fullgilda jafnlaunasamþykktina, þ. e. a. s. alþjóðasamþykktina nr. 100. Já, það má nú segja, að þetta var stórkostlegur atburður, þegar sjálfstæðismenn, ég held 6 þm. úr þingliði Sjálfstfl., fluttu þáltill. um þetta efni, að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna yrði staðfest að því er Ísland varðar. Í þessari till. var því haldið fram, að staðfesting jafnlaunasamþykktarinnar væri mjög þýðingarmikið atriði fyrir alla framkvæmd launajafnréttismálsins. Eftir að hún hefði fengið samþykki, væri auðgert að koma launajafnréttinu á. Um það sögðu hv. flm. í grg., sem fylgdi till., m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Á grundvelli samþykktarinnar verði síðan unnið að því með góðri samvinnu verkalýðssamtaka, opinberra starfsmanna, vinnuveitendasamtakanna og ríkis og bæja að koma algeru jafnrétti karla og kvenna í launamálum í framkvæmd."

Þegar búið væri að samþykkja jafnlaunasamþykktina, var enginn vandi annar en að láta þessa aðila, verkalýðssamtökin, opinbera starfsmenn, vinnuveitendasamtökin og ríki og bæi koma launajafnrétti karla og kvenna á. Af hverju var þessu haldið fram? Það var af því, að fyrir þessu sama þingi lá frv. til laga um sömu laun kvenna og karla. Þm. Sjálfstfl. vildu komast hjá því að greiða atkv. um þetta frv. Áhuginn var ekki meiri fyrir málinu þá í þeirra röðum, og til þess að komast hjá því, gripu þeir í þetta hálmstrá: Það er eiginlega ekki tímabært að gera neitt í þessum launajafnréttismálum kvenna, fyrr en búið er að fullgilda jafnlaunasamþykktina fyrir hönd Íslands. Þess vegna viljum við skora á ríkisstjórn Íslands að gera það. Síðan bentu þeir á, að þá ætti eftir það að vera auðgert að koma málinu í höfn. Þetta var nokkuð vel upphugsuð brella til þess að villa á sér heimildir. Með þessu móti komu hv. þm. Sjálfstfl. á þessu þingi sér hjá að taka afstöðu til lagafrv. míns um launajafnrétti. Þeir gerðu fullgildingu jafnlaunasamþykktarinnar að aðalatriði um lausn málsins, settu síðan n., er þeir höfðu fengið till. samþykkta, til þess að athuga, hvort það væru nokkrir möguleikar fyrir hendi til þess, að Ísland gæti fullgilt hana. Jú, jú, n. starfaði og komst að þeirri vísdómslegu niðurstöðu, að það væri algerlega ótímabært fyrir Ísland að fullgilda jafnlaunasamþykktina. Þar með var sem sé lokað þessari aðalleið, sem átti að greiða götu launajafnréttismálsins, — engin leið fram undan. Samþykkt eða fullgilding á jafnlaunasamþykktinni var alveg nauðsynleg sem fyrsti áfangi í málinu og n. látin komast að þeirri

niðurstöðu og skila nál. til ríkisstj. um, að það væri algerlega ógerlegt af Íslands hendi að fullgilda hana. Þar var málið komið alveg í sjálfheldu.

En á árinu 1956 var þrátt fyrir þetta nál. málið tekið upp af þáverandi ríkisstj. og borin fram till. til þál. á Alþ. um það, að Alþ. skyldi staðfesta jafnlaunasamþykktina fyrir hönd Íslands. Till. var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að veita ríkisstj. heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 100, um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf, sem gerð var á 34. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1951, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari."

Ég man það, að í umr. um þessa till. kvöddu nokkrir þm. Sjálfstfl. sér hljóðs og vitnuðu til þess, að n. hefði áður verið skipuð til þess að athuga það, hvort Ísland gæti orðið aðili að jafnlaunasamþykktinni, og nál. lægi í ráðuneytinu um það, að Ísland gæti það ekki. Svo kom auðvitað fram till. um það, að þessi þáltill. yrði send til Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands til umsagnar. Það komu umsagnir frá báðum þessum aðilum. Alþýðusambandið mælti fastlega með því, að jafnlaunasamþykktin yrði fullgilt fyrir hönd Íslands, en Vinnuveitendasamband Íslands andmælti fastlega samþykkt hennar, mælti gegn því, að Alþ. fullgilti hana, og reyndist þannig þá eins og alltaf fyrr og síðar að vera andstæðingur þess, að jöfn laun kvenna og karla næðu fram að ganga hér á landi. En þrátt fyrir andmæli Vinnuveitendasambandsins gegn fullgildingunni gerðist það, að Alþ. fór í það sinn að ráðum Alþýðusambandsins og fullgilti alþjóðasamþykktina um jöfn laun kvenna og karla fyrir Íslands hönd á árinu 1957. En samkvæmt ákvæðum í jafnlaunasamþykktinni sjálfri tók hún ekki gildi hér á landi fyrr en á árinu 1958. Þá fyrst var Ísland orðið skuldbundið samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar, þ. e. a. s. ríkisvaldið á Íslandi, „að vinna að því," eins og þar stendur, „að sömu laun fyrir jafnverðmæt störf taki til alls starfsfólks". Það er því ekkert um það að villast, að með jafnlaunasamþykktinni voru stjórnarvöld á Íslandi orðin skuldbundin um það að vinna að því, að reglan um jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf næði til alls starfsfólks, ekki aðeins í ríkisins þjónustu, heldur allra starfsmanna í landinu.

Í alþjóðasamþykktinni eru einnig fyrirmæli um það, hvernig eigi að koma launajafnréttinu í framkvæmd. Þar segir, að þetta megi gera með landslögum eða reglugerðum, það megi gera það með ráðstöfunum, sem komið sé á eða viðurkenndar séu með lögum til ákvörðunar á launum, og það megi í þriðja lagi gera það með heildarsamningum milli vinnuveitenda og verkamanna — eða með þessum mismunandi aðferðum sameiginlega, eins og henti bezt í hverju landi um sig. Ég minnist þess einnig, að þegar jafnlaunasamþykktin var til meðferðar hér á Alþingi, bárust fyrirspurnir um það, hvort hin Norðurlöndin væru búin að fullgilda samþykktina, og það var upplýst, að svo væri ekki. Ekkert þeirra hafði þá fullgilt jafnlaunasamþykktina. Hún var sem sé fullgilt hér á landi fyrst á Norðurlöndunum. En það stóð ekki lengi, þótt menn væru hér hikandi út af því, hvort þetta væri þá rétt braut, úr því að Norðmenn og Danir og Svíar væru ekki búnir að fullgilda hana, því að norska stórþingið fullgilti jafnlaunasamþykktina á næsta þingi sínu. Þá voru það Ísland og Noregur, sem höfðu skuldbundið ríkisstjórnir sínar til þess að stuðla að því, að reglan um jöfn laun karla og kvenna tæki til alls starfsfólks. Í ríkisþingi Dana var jafnlaunasamþykktin tekin til meðferðar árið þar á eftir og einnig fullgilt fyrir Danmerkur hönd. Það reyndist því alveg ástæðulaus beygur, sem var í þeim þingmönnum, sem töldu, að Ísland væri þarna að fara út á einhverjar villigötur. Norðurlöndin, næstu grannar okkar, Noregur og Danmörk, fullgiltu jafnlaunasamþykktina á næstu tveimur árum, fyrst Noregur, svo Danmörk. Í Finnlandi skilaði nefnd störfum nú á síðari hluta ársins 1960 og lagði til við finnska þingið, að jafnlaunasamþykktin yrði einnig fullgilt að því er snerti Finna. Ég hef ekki haft fregnir af því, hvort finnska þingið hefur gengið frá því máli á þessu þingi, en tillögur lágu fyrir því þingi nú í haust um það. Það er rétt, sem hæstv. félmrh. gat hér um áðan, að Svíar hafa farið aðra leið í þessu máli. Sænska alþýðusambandið tók upp samninga við samband sænskra vinnuveitenda, og tókst að gera rammasamning á árinu 1960 um það, að alþýðusambandið sænska og sænska vinnuveitendasambandið ynnu að því á næstu fimm árum að koma launajafnrétti kvenna, sem starfa samkv. stéttarfélagasamningum, á á næstu fimm árum. Ég hygg því, að þeir eigi að hafa lokið þessu samræmingarstarfi sínu fyrir árslok 1965. Ég hefði nú vænzt þess, úr því að þessi sænska aðferð var tekin upp hér, að þá hefðu menn verið svo stórhuga á Íslandi að skila þessu máli í höfn á árinu 1965, eins og Svíar. Nei, við skulum verða eftirbátar Svía í þessu. Það skal verða lögfest. Við skulum ekki ljúka þessu fyrr en einhvern tíma á árinu 1967.

Í Danmörku og í Noregi stendur fyrir dyrum, eins og hér á landi, endurnýjun vinnusamninga einmitt á þessu vori. Samtökin hafa nú lagt fram sínar meginkröfur, og danska verkamannasambandið hefur þegar lagt fram kröfuna um það, að launajafnrétti kvenna og karla í Danmörku skuli vera takmarkið í þessum samningum. Og Norðmennirnir stefna að því sama á þeim grundvelli að ná þessu fram með samningum milli stéttasamtakanna og vinnuveitendasamtakanna. Það er dálítið sérkennilegt, að um þetta var ekkert samráð haft milli íslenzku stéttarfélaganna og þeirra norsku og dönsku, en öll samtökin, hver í sínu landi, hafa tekið um það ákvarðanir á sínum þingum nokkurn veginn samtímis að hefja stórsókn í launajafnréttismálinu, einmitt eftir að jafnlaunasamþykktin hafði verið fullgilt í öllum þessum löndum. Og ég hefði haldið, að engin leið til þess að flýta góðum árangri af launajafnréttis-

baráttunni á grundvelli samninga verkalýðsfélaga og atvinnurekenda væri til önnur en sú að löggilda algert launajafnrétti í einum áfanga. Það var leiðin, sem ein gat skilað betri árangri. En lagasetning eins og þessi, að ætla að ná því, sem þarna er óunnið, með smááföngum fram til ársins 1967, það er sannarlega leið, sem er valin til þess að tefja, en ekki að flýta fyrir framgangi málsins.

Í árslok 1958 var kaup kvenna samkvæmt stéttarfélagasamningum, sem þá voru í gildi, orðið kr. 18.62 á klst. En þegar ríkisstj. Emils Jónssonar bar fram frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa í ársbyrjun 1959, varð kaup kvenna fyrir barðinu á þessum lögum eins og annað kaupgjald í landinu og var þannig fært niður úr kr. 18.62 í kr. 16.14. Kaup kvenna var með þessari lagasetningu Alþfl. lækkað frá gildandi löglegum samningum, gerðum milli frjáls stéttarfélags og vinnuveitenda, um kr. 2.48 á hverri klst. Að krónutölu var lækkunin, sem lenti á kaupi verkamanna, að vísu nokkru meiri. Kaup verkamanna lækkaði með þessari löggjöf úr kr. 23.86 niður í kr. 20.67, eða um kr. 3.19 á hverja klst. En þetta er hlutfallslega sama lækkun. Konurnar urðu fyrir kauplækkun, sem var að hundraðstölu alveg jafnmikil og kaup verkamannanna. Eftir þessa lækkun var kaup kvennanna kr. 4.53 lægra á hverri klst. heldur en almennt kaup verkamanna, og hefur svo verið síðan.

Þarna var með lagasetningu verið að lækka kaupgjald hins vinnandi fólks í landinu, kaupgjald allra launastétta, enginn var undanskilinn, og þar með verið að létta kaupgjaldsbyrðar atvinnulífsins með lagaboði. Það var ekki óeðlilegt, að einhverjum dytti nú í hug: Væri ekki fullnægjandi fyrir atvinnulífið í landinu að fá þá kaupgjaldslækkun, sem þarna var fyrirhuguð, þó þannig, að ekki yrði skorið niður allra lægsta kaupið í landinu, kaup verkakvennanna? Var nú ekki hugsanlegt, að atvinnulífið risi undir því kaupgjaldi, sem þá var orðið ákveðið með lögum, þegar karlmannskaup allt var lækkað og laun allra opinberra starfsmanna hlutfallslega, a. m. k. niður að lægstu launaflokkum, en kaup kvenna væri látið standa óbreytt, engu við það bætt, en látið standa óbreytt? Þetta datt mönnum vissulega í hug, og þessi hugsun var mótuð í brtt., sem við Karl Guðjónsson alþm. fluttum við frv. Emils Jónssonar um niðurfærslu verðlags og launa. Ef þessi till. hefði verið samþ., hefði kaup kvennanna verið áframhaldandi kr. 18.62 á klst. við almenna vinnu og hlutfallslega hærra á hinum hærri kaupgjaldsliðum samkvæmt samningum félagsins. Það þýðir, að þá hefði kaup kvenna við eina handaupprettingu á Alþingi, án þess að atvinnulífinu væri íþyngt á nokkurn hátt frá því, sem atvinnurekendurnir höfðu skuldbundið sig sjálfir við frjálsa samninga, verið 90.08% af kaupi karla, eða fyllilega það að hlutfalli til við kaup karla, sem verkakvennasamtökin í landinu búa sig nú undir að berjast fyrir og reyna að knýja í gegn, annaðhvort við samningaborðið eða jafnvel með verkfallsfórnum. Verkakvennafélögin vilja nú berjast fyrir því, að kaup kvenna verði 90% af kaupi karla. En með einni handaupprettingu hér á Alþingi hefði þingheimur getað tryggt það, að kaup kvenna yrði í ársbyrjun 1959 90.08% af kaupi karla. Og það var auðvitað ekkert auðveldara en að gera þetta. Það vantaði ekkert þarna nema viljann. En það er líka mikið, sem vantar, þegar hann vantar.

Ef till. hefði verið samþykkt, hefði mismunurinn á kaupi kvenna og karla frá því þá og þangað til nú aðeins verið kr. 2.05 á klst. í stað kr. 4.53, sem munurinn er nú og hefur verið allan þennan tíma síðan. En hinir hærri kaupgjaldsliðir verkakvennafélaganna hefðu, eftir að till. var samþykkt, nálgazt það að vera eins háir og karlmannskaupið. En íhaldsöflin voru söm við sig þá og nú og alltaf. Launajafnréttið skyldi ekki nálgast sína framkvæmd með þessum auðvelda og sjálfsagða hætti. Þau spyrntu öllum klaufum öfugum við eins og fyrri daginn og tókst það. Till. var felld. Launamisréttið hélt áfram óbreytt. Kvennakaupið var skorið niður að sömu hundraðstölu og kaup karla. Því var ekki hlíft. Það, sem hefði þó þá þurft, til þess að þessi till. hefði fengizt samþykkt, var ekki annað en það, að sú kona, sem átti þá sæti á þingi, hefði greitt atkv. með till., brotið af sér flokkshandjárn og sagt: Ég læt ekki bjóða mér það að standa á móti því, að kaup lægst launuðu kvennanna í landinu verði skorið niður með þessari löggjöf, því má hlífa, — og ef þáverandi varaforseti Alþýðusambands Íslands, sem hafði úrslitaatkvæði um þetta mál í Ed., hefði þá barið í borðið og sagt: Ég læt ekki, í þeirri aðstöðu sem ég er, bjóða mér það að níðast á verkakonunum með því að fella svona till., sem minnkar þó bilið á milli kaups kvenna og karla á þann hátt, að það verður 90% af karlakaupinu með því að samþykkja hana. — En það var ekki um neitt slíkt að ræða. Konan lét bjóða sér þetta, og þáv. varaforseti Alþýðusambandsins, Eggert G. Þorsteinsson, nú hv. 10. þm. Reykv., lét líka bjóða sér það, og þau samþykktu það, eins og aðrir þm. stjórnarflokksins, sem þá var Alþfl., og stuðningsflokks hans, Sjálfstfl., og launamisréttinu varð ekki haggað, það var jafnt eftir sem áður. Till. var drepin með úrslitaatkv. þessara manna, sem nú segjast vera orðnir miklir áhugamenn fyrir því, að bundinn sé endir á launamisrétti kvenna og karla á þann hátt, að þetta sé lagað að liðnu þessu ári, á árabilinu 1962—1967.

Ég hef áður minnzt á, að það lá fyrir hv. Alþingi á árinu 1953 frv. til laga um sömu laun kvenna og karla, alls ekki í áföngum, heldur algerlega, að kaupið yrði það sama hjá konum og körlum strax við gildistöku laganna. Þetta frv. var flutt af mér. En þá voru einnig meðflm. mínir þáv. samflokksmenn mínir, núv. hæstv. menntmrh. (GÞG), núverandi hæstv. félmrh. (EmJ) og núv. hv. 10 þm. Reykv. (EggÞ). Þessir ágætu menn voru þá á þeim buxunum, að það væri ekki aðeins réttlátt, heldur líka framkvæmanlegt, að konur fengju fullkomið launajafnrétti á við karlmenn. Frv. hét ekki um launajöfnuð kvenna og karla, heldur

frv. til laga um sömu laun kvenna og karla. Ég vona, að mér reiknist það ekki til syndar af hæstv. forseta, þó að ég leyfi mér að minna á, hvernig þetta frv. var. Það er ekkert langt lesmál, það tekur aðeins eina mínútu eða svo að lesa það, og það vil ég gera, með leyfi hæstv. forseta. Það frv. var svona:

„Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu og sveitarfélögum skulu konum greidd sömu laun og körlum. Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla. Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum. Öll störf í hraðfrystihúsum og við iðju og iðnað skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku þessara laga.“ Og lokagreinin var svona: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1954.“ Ekkert um það, að það ætti að taka gildi á næstu 6 eða 7 árum. Það átti að taka gildi á einum degi, 1. janúar 1954.

Þetta lögðu þeir til ásamt mér, hæstv. núv. menntmrh., hæstv. núv. félmrh. og hv. 10. þm. Reykv. Hvað veldur því, að þeir hafa farið úr þessum góðu buxum, þessum góðu jafnréttisbuxum, og standa nú gegn þessu máli, þessir hæstv. ráðherrar, sem hafa nú að baki sér tvo þingflokka, sem mynda meiri hluta á hv. Alþingi, og hafa nú í dag fengið yfirlýsingar beggja stjórnarandstöðuflokkanna um það, að þeir fylgi þessu máli? Þá áttu þeir, þegar svona áraði fyrir launajafnrétti kvenna, að vera í jafnréttisbuxunum áfram og sýna það. En nei, nú eru þeir búnir að klæða sig úr þeim.

Er kannske þjóðfélagið verr á vegi statt nú til þess að framkvæma þessa lagfæringu á launakjörum kvenna en þá? Ég hygg ekki. Tímarit Landsbanka Íslands sagði frá því í síðasta hefti, sem út kom nú fyrir nokkrum vikum, að á síðustu fimm árum, árunum 1955, 1956, 1957, 1958 og 1959, hafi framleiðslutekjur þjóðarinnar vaxið að meðaltali á ári hverju um 6.3% eða samtals á þessu fimm ára tímabili um 35.5%, um meira en þriðjung. Og þegar svona árar hjá þjóðfélaginu þá var sannarlega eðlilegt, að það væri viðurkennt af Alþingi Íslendinga, að nú hefði þjóðfélagið efni á því að framkvæma þetta réttlætisverk, að lögfesta í einum áfanga, eins og lagt var til 1954, 1. janúar, launajafnrétti algert hjá konum og körlum.

Í dag reyndi á heilindi hv. 10. þm. Reykv., fyrrv. varaforseta Alþýðusambands Íslands, Eggerts G. Þorsteinssonar, í þessu máli, og hann brást, hann brást enn á ný. Hann brást, alveg eins og þegar hann átti þess kost að ráða úrslitum um samþykkt till. um að hlífa kvennakaupinu, þá brást hann líka. En nú á eftir að reyna á það á morgun eða hinn daginn, hvort hæstv. núv. menntmrh. (GÞG) og hæstv. núv. félmrh. (EmJ) bregðast einnig í þessu máli. Ég vil í lengstu lög treysta því, að þeir, sem vissulega geta ráðið afstöðu ríkisstj. og stjórnarflokkanna í þessu máli, taki í útrétta hönd beggja stjórnarandstöðuflokkanna um það, að launajafnréttið skuli ganga í gildi, annaðhvort frá gildistöku þessara laga eða t. d. frá 1. júlí 1961, eins og fólst í till. þessara flokka í dag í Ed. Þær till. skulu fá að liggja hér fyrir þessari hv. d., svo að virðulegir hæstv. ráðherrar eigi þess fyllilega kost að taka afstöðu til þeirra. Þeir geta ekki borið við, að nú skorti þá aðstöðu til þess að leiða málið í höfn. Þeir hafa hana óumdeilanlega. Og þeir hafa þá valdaaðstöðu í þjóðfélaginu, að þeir geta ráðið því, hvað gert sé nú í þessu máli. Og stjórnarandstaðan hefur auðveldað þeim þetta allt saman með því að lýsa yfir við umr. í fyrri deild þingsins, að þeir flokkar fylgi algeru launajafnrétti kvenna og séu reiðubúnir til þess að lögfesta það. Aðstaðan er enn betri en ég enn hef lýst, því að nú er gullið tækifæri fyrir þingmennina sex úr Sjálfstfl., þá sem báru fram þáltill. 1954, um að skora á ríkisstj. að fullgilda jafnlaunasamþykktina, og sögðu, að sú till. bæri vott um brennandi áhuga sinn fyrir að koma málinu farsællega í höfn. Einn af þeim tillögumönnum, ef ég man rétt, er þriðji ráðh. í núv. hæstv. ríkisstj. Ég man ekki betur en hæstv. núv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, hafi þá verið einn flm. að þeirri till., og ætti hann nú að standa við það, að hann sé enn sömu skoðunar og þegar hann var vinnumaður hæstv. fyrrv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, við að semja lagabálkinn um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og var að státa af í Ed., að hann væri höfundurinn að því, að þar með hefði konum verið tryggt launajafnrétti í opinberri þjónustu. (Gripið fram í.) Það gæti verið, að það væri rétt, að ég notaði nú minn þingmannsrétt að heimta hæstv. fjmrh. á vettvang í þingsalinn að næturlagi, þegar verið er að halda hér þingfund og nokkrum þm. haldið hér, en hæstv. ráðherrum, sem við málið koma, látið haldast uppi að sofa og svíkjast frá sínum þingmannsskyldum. Ég veit ekki, hvort ég mætti biðja hæstv. forseta, eftir ábendingu vinar míns, hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ), að óska þess, að forsetinn gerði ráðstafanir til þess, að hæstv. félmrh. kæmi hér á vettvang. Ég veit, að hann bregzt vel við að reyna það, en ég veit, að það er engin vissa fyrir því, að hann geti dregið hann hingað. (**Forseti:** Það skal verða gert.) Já, þetta líkar mér. Þetta er forseti, sem gerir sína skyldu. (**Forseti:** Ég vil benda ræðumanni á, að hæstv. félmrh., sem hann bað um, er mættur í salnum.) Já, það er nú sennilega í lagi, ef hann tekur að sér að bera það til hæstv. fjmrh., sem ég segi. En mér fannst eins og hv. 1. þm. Vestf. væri að áminna mig um það að tala ekki um fjarstadda ráðherra, og þótti það því óviðurkvæmilegt að gera það, nema ég óskaði þá eftir því, að viðkomandi ráðherra væri kallaður hingað í þingsalinn. En vænst hefði mér þótt um það, að hæstv. forseti hefði gert gangskör að því að kalla þennan hæstv ráðh., sem oft virðist sofa, þegar þm. vaka, hingað til sinna starfa. En málið er svo sem nokkurn veginn leyst með því, að hæstv. félmrh. taki að sér að flytja það, sem ég hef sagt og kann að segja um núv. hæstv. fjmrh. fjarstaddan, vegna

þess að hann kýs heldur að sofa en að vaka á nóttum.

Ég hef sem sé haldið því fram nú, að við erum ekki einungis þannig staddir, að hæstv. núv. félmrh. og núv. menntmrh., heldur einnig hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen, hefur áður tjáð sig vera fylgjandi launajafnréttismálum kvenna og borið fram þingskjöl því viðvíkjandi, og þess vegna finnst mér ærnar vonir standa til þess, að þessir hæstv. 3 ráðh., sem allir eiga sæti í þessari hv. d. með atkvæðisrétti og hafa reyndar seturétt og málfrelsi í báðum deildum til þess að berjast fyrir þeim málum, sem þeir hafa brennandi áhuga á, bregðist ekki þessu máli, heldur styðji það, annaðhvort beri sjálfir fram brtt. við sitt frv., þegar þeir sjá, að það er þingvilji fyrir því að ganga lengra í málinu, eða veiti drengilegan stuðning þeim brtt., sem áreiðanlega verða bornar fram hér í hv. d. á þá leið, að frv. um launajöfnuð kvenna og karla verði frv. um sömu laun kvenna og karla frá gildistökudegi, en ekki samkvæmt þeirri sex ára áætlun, að réttlætið berist kvenþjóðinni í launþegastétt í sjöttu pörtum á næstu 6 árum.

Ég reyndi samflokksmenn mína 1953, sem fluttu þetta frv. með mér, ekki að neinni ótrúmennsku við málið á því þingi. Alþfl. barðist þá fyrir því sem ein heild, en fékk ekki rönd við reist. Sjálfstfl. stóð eins og veggur gegn málinu og beitti sömu aðferðum og beitt hefur verið nú gegn nákvæmlega sams konar frv. orði til orðs og það, sem borið var fram af okkur fjórum 1953, frv., sem var flutt í þessari hv. d. í byrjun þings og hefur fengið að liggja í hv. heilbr.- og félmn. þangað til nú fyrir einum þremur dögum, að ég klauf nefndina og skilaði sérstöku nál. um, að frv. yrði samþykkt. Þá var frv., sem við fluttum, einnig látið liggja í salti í deild allan þingtímann, til þingloka, og gengið af því dauðu þannig. Það var svæft í n., eins og það heitir á þingmáli, og hefur þetta þá gerzt ár eftir ár.

Eftir þessi málalok 1953 lét ég það ekki hjá líða á næsta þingi að bera fram samhljóða frv. um sömu laun kvenna og karla. Á þinginu 1954—55 flutti ég þetta frv. á ný án breytinga. Þá höfðu losnað bróðurtengslin milli mín og hv. meðflm. minna að frv. árið áður (**Sjútvmrh.**: Er mér óhætt að fara?) Það veit ég ekki. Það getur komið að hæstv. fjmrh. aftur, — þetta er erfið vinnumennska, að eiga að vera næturvörður fyrir hæstv. fjmrh. Mér finnst miklu réttara, að hæstv. ráðh., sem koma svo við sögu merkilegs máls, sem er til umr. í þinginu, leggi það á sig að vaka. (**Landbrh.**: Á hann sæti í Nd.?) Hæstv. ráðh. er í raun og veru skyldugur til þess að vera jafnt í báðum deildum, þegar mál eru rædd, sem snerta hann, það mætti hæstv. landbrh. vita. Og ég veit ekki til þess, að hæstv. ráðherrar hafi á nokkurn hátt minni þingmannsskyldur en við, sem erum þm. Ég veit ekki til annars en þær séu þær sömu, og leiðréttir hæstv. forseti mig, ef ég fer rangt með það.

Á árinu 1954 var frv. um sömu laun kvenna og karla beitt sömu bolabrögðum og frv., sem við fjórmenningarnir fluttum árið áður. Það fór til 1. umr. og í nefnd og var látið liggja þar allan þingtímann. Undir þinglokin var nefndin þá klofin eins og nú og nál. lagt fram, en málið fékkst aldrei tekið til 2. umr.

Þannig hafa andstæðingar þessa máls, í hvert skipti sem málið hefur verið flutt á Alþ., reynt að dylja afstöðu sína með því að koma í veg fyrir, að málið gengi undir atkv. En meðferðin öll sýnir samt eins ljóst hugarfarið og þótt þeir hefðu verið staðnir að því að viðhöfðu nafnakalli að vera á móti því, því að það hafa þeir sannarlega verið. Og ef hæstv. fjmrh. verður á móti brtt. við þetta frv. á morgun eða hinn daginn um launajafnrétti kvenna, þá er hann eins og aðrir flokksbræður hans orðinn sannur að sök um það, að flutningur þáltill. 1953 hafi verið yfirdrepsskapur einn og af óheilindum, en ekki af áhuga á launajafnrétti kvenna. Það er í fjórða sinn, held ég, sem ég flyt frv. til laga um réttindi og launajafnrétti kvenna, og er orðið 12 eða 13 ára stríð. Það var fyrst á mínu öðru þingári, 1948, sem ég flutti frv. um þetta mál, þá í nokkru víðtækara formi en öll hin skiptin þrjú. Þá var 1. gr. frv., sem hét frv. til l. um réttindi kvenna, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Konur hafa algert pólitískt jafnrétti á við karla.

Konur skulu njóta algerlega sama réttar í atvinnumálum og fjármálum sem karlar, og er óheimilt að setja nokkrar takmarkanir á val kvenna til þátttöku í nokkrum störfum. Hvarvetna þar, sem þess telst þörf, er skylt að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að aðstaða konunnar sem móður til þátttöku í atvinnulífi þjóðarinnar verði sem bezt tryggð."

Sumir hv. þm. vildu þá halda því fram, að það væri algerlega óþarft að hafa málið í svona víðtæku formi, konur hefðu öðlazt fullkomið jafnrétti við karla í þjóðfélaginu á öllum sviðum nema í kaupgjaldsmálum, í launamálum. Það viðurkenndu þeir þó. En í þessu frv. var einnig fjallað um það, um launajafnréttið, því að þar stóð: „Konum skulu greidd sömu laun og körlum við hvers konar embættisstörf og sýslanir, hvort sem er í þjónustu hins opinbera eða í þjónustu atvinnulífsins."

Ég hygg nú, að öllum sé ljóst, sem hafa verið á þessu þingi, að það var ekki út í hött og væri ekki út í hött enn að bera fram till. eða frv. til l. á Alþingi um jafnrétti kvenna á við karla á fleiri sviðum en í launamálum, því að jafnréttinu er ekki náð enn í dag að því er snertir þýðingarmikið atriði, sem aðrar menningarþjóðir hafa þegar tryggt betur en við, gagnvart konunni sem móður. Það hefur legið hér fyrir þessu hv. þingi frv. til l. um fæðingarorlof. Það er einmitt sérstakt lagafrv. um það að tryggja betur rétt konunnar í þjóðfélaginu sem móður, frv. um það, að þegar konur verða frá störfum vegna barnsburðar, skuli þær hafa laun samkvæmt þeim launakjörum, sem þær höfðu áður búið við, um þriggja mánaða skeið — fjórðung úr ári. Ég nefni þetta sem dæmi um það, að í raun og veru hefði verið full ástæða til að hafa frv. mitt um jafnrétti kvenna á þeim víð-

tæka grundvelli, sem það upphaflega var flutt af mér. En við flutning þess þá létu þingmenn mjög í það skína, að þeim þætti þetta frv. of víðtækt, eins og það var flutt árið 1948, en hins vegar viðurkenndu þeir launamisrétti kvenna og létu þá líklega um það, að ef frv. væri eingöngu um það, þá mundu þeir ef til vill styðja málið. Þegar það var svo flutt næst 1953, 1954 og svo nú í fjórða skipti, 1960, þá hefur reynsla fengizt fyrir því, að þó að málið væri eingöngu í því formi, vildu þeir ekki fylgja því. Þannig hafa óheilindin í þeim ummælum, sem komu fram á þingi 1948 viðvíkjandi þessu máli, verið afhjúpuð einnig. Þeir, sem þá þóttust vera með launajafnréttinu, ef ekki væri annað tekið með, hafa reynzt vera andvígir því fram á þennan dag.

Hér er því búið að bera þetta mál fram á Alþingi a. m. k. fjórum sinnum, og hefði nú verið mál til komið, að menn féllust á að viðurkenna algert launajafnrétti kvenna og karla með myndarlegri lagasetningu, sem hefði ákveðið það frá gildistöku laganna, í stað þess að koma með frv., sem hvorki er fugl né fiskur og er frekar til þess fallið að torvelda, að konur nái merkum áfanga á árinu 1961 í átt til launajafnréttis í samningum milli launþegasamtaka og atvinnurekenda.

Þetta frv. um launajöfnuð kvenna og karla var, áður en það lagðist til svefns, eða um það leyti sem það lagðist til svefns í heilbr.- og félmn. hv. Ed., sent til umsagnar ýmsum aðilum. Það var m. a. sent til umsagnar Kvenfélagasambandi Íslands. Ég hygg, að það sé oft og tíðum venja að kynna þingheimi þær umsagnir, sem nefndum þingsins berast um mál, og í þessu stórmáli ætti ekki að vera ófróðlegt að heyra, hvað kvennasamtök eins og Kvenfélagasamband Íslands segja um þetta mál. Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa umsögn, og ég mundi gjarnan vilja lesa umsögn vinnuveitendasamtakanna um málið og umsögn Alþýðusambands Íslands. Það eru nokkrar fleiri umsagnir, sem hafa borizt og væri jafnvel rétt að lesa þær allar fyrir þingheimi, láta þær allar fara inn í þingtíðindin, og má vel vera, verði óskað eftir því, að allar umsagnirnar verði lesnar, og skyldi ég ekki telja það eftir mér. Þær eiga sannarlega allar rétt á því að koma inn í þingsöguna til þess að greina frá því, hver afstaða manna hafi verið við þessu frv. Kvenfélagasamband Íslands segir í umsögn sinni til heilbr.- og félmn. Ed. það, sem hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dagsett 11. þ. m.“ — þ. e. a. s. 11 nóv. 1960 — „ásamt frv. til laga um launajöfnuð kvenna og karla, sem oss er sent til umsagnar. Viljum vér hér með tjá yður, að vér teljum, að samþykkt frv. þessa mundi miða í þá átt að fá hér á Íslandi fullan jöfnuð á launum kvenna og karla, og teljum því mjög æskilegt, að frv. þetta yrði að lögum Hins vegar viljum vér benda á, að frv. þetta, þótt að lögum yrði, leysir ekki allan vanda varðandi launamisrétti og að meira þarf að koma til, ef lög um þetta efni eiga að ná tilgangi sínum. Eigum vér þar við nauðsyn þess að flokka störf þannig, að ekki séu aðeins þau störf, sem bæði karlar og konur vinna, er veiti launajöfnuð, heldur einnig að störf, sem hingað til hafa verið kölluð kvennastörf og þess vegna lægra launuð, verði metin og greidd laun fyrir þau eins og jafnmetin störf, sem venjulega eru nú talin karlmannsverk. Úr því að þetta tækifæri gefst, viljum vér geta um launamisrétti, sem snertir starfshlið vora og ekki mundi leiðrétt, þótt frv. um launajafnrétti kvenna og karla yrði að lögum. Í einni af fáum starfsgreinum á Íslandi hefur sú regla gilt, að sömu laun eru greidd, hvort sem konur eða karlar eiga í hlut, en það er við kennslu, og mun sú skoðun víst ríkjandi, að þetta sé algild regla um kennara. Það er sjálfsagt rétt, að ekki er gerður mismunur á launum kvenna og karla innan eins og sama skóla. En það er gerður mismunur á milli skóla. Þannig fá matreiðslukennarar við gagnfræðaskóla laun samkvæmt 8. launafl. fyrir 8 mánaða kennslu, en kennslukonur við húsmæðraskólana taka laun samkvæmt 9. launaflokki fyrir 9 mánaða kennslu, þótt sömu menntunar sé krafizt í báðum tilfellum.“

Ég virðist því hafa ofsagt, þegar ég hélt því fram, að það væri algerlega orðið viðurkennt launajafnrétti milli kvenna og karla í kennarastéttinni. Þarna er bent á það, að enn þá eimi nokkuð eftir af launamisréttinu einnig í þeirri stétt. Áfram segir í umsögn Kvenfélagasambands Íslands:

„Eina skýringin á þessu er sú, að við gagnfræðaskólana starfa konur og karlar, og eru launakjör betri þar, vegna karlmannanna, heldur en við skóla, þar sem eingöngu starfa konur. Vér vildum gjarnan, að þetta atriði kæmist inn í umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, og vildum einnig, að hv. þm. kynntu sér það misrétti, sem vér hér höfum drepið á. Jafnframt viljum vér vekja athygli á því, að það þarf áreiðanlega margt að athuga, áður en fullkomið launajafnrétti kvenna og karla kemst á hér á landi, því að einföld lagafyrirmæli um það munu seint ná tilgangi sínum. Vér leggjum þó áherzlu á það, að frv. þetta, ef að lögum verður, teljum vér tvímælalaust vera spor í rétta átt, og eins og kemur fram í grg., þá gætu þær samræmingar launa, sem þar er gert ráð fyrir, leitt til samræmingar launa innan starfsgreina, sem frv. nær ekki til, þannig að fullkomið launajafnrétti kvenna og karla á Íslandi yrði að veruleika.

Virðingarfyllst.

Í stjórn Kvenfélagasambands Íslands
Rannveig Þorsteinsdóttir, formaður, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Helga Magnúsdóttir, Jónína Guðmundsdóttir.“

Þarna bendir Kvenfélagasamband Íslands á það, að þetta frv. sé ekki líklegt til þess að koma að fullu gagni í launajafnréttismálinu. Þær telja þó, að að því sé bót, bera fram ákveðnar óskir um lagfæringar, og ættu áhugasamir menn í stjórnarliðinu að hugleiða það, hvort þeir gætu ekki orðið við þeim minni háttar lagfæringum, sem konurnar óska þarna eftir.

Vinnuveitendasamband Íslands og mörg önnur félög vinnuveitenda, þ. e. a. s. Félag íslenzkra iðnrekenda, Félag ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtök Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Verzlunarráð Íslands, heildsalarnir, hafa einnig sent umsögn sameiginlega um frv. um launajöfnuð karla og kvenna. Það er tiltölulega mjög stutt umsögn og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta, dagsett 23. nóv. 1960:

„Samtök vor hafa móttekið heiðrað bréf n., dags. 11. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um launajöfnuð karla og kvenna. Samtökin hafa rætt frv. þetta og samþ. einróma að leggja til, að það verði fellt, m. a. af eftirfarandi ástæðum:

Samkvæmt íslenzkum venjum og lögum eru stéttarfélög lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna við vinnuveitendur eða samtök þeirra. Þessi samningsréttur er talinn mjög mikils virði og því varhugavert að breyta með lögum ákvæðum slíkra kjarasamninga, ekki sízt ákvæðum um grunnkaup. Á það má einnig benda, að mismunur á lágmarkskaupi karla og kvenna mun vera talsvert minni hér en í nágrannalöndum, auk þess sem farið hefur í vöxt, að konum séu greiddir yfirtaxtar, þ. á m. karlakaup, fyrir margvísleg störf. Það er alkunna, að afköst kvenna eru við margs konar vinnu mun minni en karla, og mundi lögfesting launajafnaðar kvenna og karla leiða til þess, að karlar yrðu að öðru jöfnu látnir ganga fyrir um vinnu og bola þannig kvenfólkinu til hliðar af vinnumarkaðinum. Loks viljum vér benda á, að mjög varhugavert er að lögbjóða kaup vissra starfshópa, án þess að tillit sé tekið til greiðslugetu atvinnuveganna, og ekki mun leika á tveim tungum, að útflutningsatvinnuvegirnir a. m. k. þola nú ekki hærra kaup, þótt ekki sé meira sagt, án þess að framleiðni sé jafnframt aukin í framleiðslunni, en konur vinna nú, sem kunnugt er, margháttuð störf við útflutningsframleiðsluna, svo sem í frystihúsum og við alls konar fiskverkun aðra."

Þarna eru saman á bát sex fjölmenn samtök vinnuveitenda, og mér kemur það ekkert á óvart, að þó að ekki sé nema um smávægilega lagfæringu á launakjörum kvenna að ræða á sex ára tímabili, þá finnist þeim það of mikið. Þeirra viðbrögð eru ekki, að þetta sé of seint og of lítið, sem hér liggi fyrir í þessu frv. Nei, of fljótt og of mikið, það ber þeim öllum saman um. Þeir segja, að það sé alkunna, að konur afkasti miklu minna í starfi heldur en karlmenn við fjöldamörg störf, þær eigi þess vegna ekki að fá sama kaup og karlmenn. Hins vegar hef ég fyrir hitt margan atvinnurekandann, margan hraðfrystihúseigandann, sem hefur fyllilega viðurkennt það, að konur séu a. m. k. jafnverðmætur vinnukraftur í hraðfrystihúsum og karlmenn, það sé enginn munur á afköstum þeirra við flökun og slík störf, en það sé mikill munur á því, hvað þær séu afkastameiri en karlmenn við gegnumlýsingu á flökum, við snyrtingu á flökum, innpökkun á flökum, við vigtun á flökum, og öll þessi störf eru mjög mikill þáttur í rekstri hvers hraðfrystihúss. Niðurstöður þeirra, sem um þetta ræða af sanngirni, og það gera þeir ýmsir, er sú, að konur eigi fyllilega skilið jafnhátt kaup og karlmenn í fiskiðnaðinum, og þannig er þetta með fleiri störf. Með aukinni tækni er það þannig, að störfin verða léttari en áður, stritið víkur og hraði og öryggi við að þjóna vélum og vinna störfin á léttari hátt en áður verður yfirgnæfandi í fjöldamörgum starfsgreinum. Og þá kemur vinnuhæfni konunnar fyllilega að eins miklum notum og karlmannsins. Nær þetta til yfirgnæfandi meiri hluta þeirra starfa, sem þjóðfélagið lætur nú vinna.

En á sama hátt og hægt er að benda á fjöldamörg störf, sem konum farist öllu betur úr hendi en karlmönnum, er að sjálfsögðu hægt að nefna nokkur störf, sem karlmenn leysi betur af hendi og séu jafnvel afkastameiri við. En þetta er ekkert meiri munur en er á milli afkasta einstaklinganna af hvoru kyninu um sig. Þar er oft og tíðum um mikinn afkastamun að ræða, og vilja þó verkalýðssamtökin ekki viðurkenna þar neina réttlætingu á launamismun og hafa miðað alla sína samninga við lágmarkstaxta atvinnurekendanna, síðan að meta hin mismunandi afköst og greiða þá með hærra kaupi þeim, sem meira afkasta, hvort sem það eru karlar eða konur.

Þá segja þeir, vinnuveitendurnir, að hér sé nú kaupgjaldsmálum kvennanna það vel komið, að hér sé mismunurinn á kaupgjaldi kvenna og karla minni en í nágrannalöndunum, við séum komnir lengra en í nágrannalöndunum, og þess vegna finnst þeim það ganga óskunda næst að vera að fara fram á það einmitt hér í þessu landi, sem hefur hækkað kaup kvenna meira en annars staðar, að hér skuli vera tekið í mál að stefna að launajafnrétti kvenna móts við karlmenn. Þeim finnst sýnilega meira en nóg komið og telja, að kvennakaupið ætti heldur að vera hér lægra heldur en hærra. Annað verður ekki skilið af málsgreininni í þeirra umsögn, en þeir segja, að „á það má einnig benda, að mismunur á lágmarkskaupi karla og kvenna mun vera talsvert minni hér en í nágrannalöndunum". Svo geta þeir þess, og það finnst þeim taka út yfir allan þjófabálk, að hér þekkist það, að greiddir séu yfirtaxtar, þ. á m. karlmannskaup, fyrir margvísleg störf. Það eru að vísu engir yfirtaxtar. Það er umsamið, að fyrir ýmis störf skuli greiða karlmannskaup. En ef það er rétt, að þeir borgi, sumir atvinnurekendur, yfirtaxta umfram það, sem samið er um, þá er það áreiðanlega byggt á því, að viðkomandi atvinnurekandi viðurkenni verkhæfni konunnar, og því, að hann telji sig ekki samvizku sinnar vegna geta varið það að borga henni ekki hærra, og er þetta þá eitt með öðru ábending um það, að þeir þyrftu ekki að víkja út af hinu umsamda, ef þeir eða löggjafinn væru búnir að viðurkenna, að konum skuli greitt sama kaup og körlum fyrir sömu störf.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um umsögn þeirra atvinnurekendanna, en hún er nokkurn veginn sama eðlis og umsögn þeirra var um frv. 1953, um sömu laun kvenna og karla, og frv., sem flutt var árið eftir. Það hefur verið sífellt við-

kvæði hjá þeim, að þeir legðu til, að öll þau frumvörp yrðu felld, hvort sem þau gerðu ráð fyrir launajafnrétti kvenna í áföngum á 6 árum og konur fengju þannig sjötta part af réttlætinu á ári, ekki meira, þeir eru á móti því, eins og þeir voru á móti því, að konur fengju algert launajafnrétti samkv. þeim frumvörpum, sem áður hafa verið flutt og til þeirra send til umsagnar. Hjartalagið er það sama. Þeim finnst kvennakaupið vera meira en nógu hátt í þessu landi og telja, að það þyrfti heldur að koma því í það horf, sem sé hjá okkar góðu nágrannalöndum, að bilið sé enn þá meira en það er núna.

Þetta frv. var einnig sent A. S. Í. til umsagnar. Það var rætt á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins þann 15. des. 1960 og mér falið að skrifa bréf, sem væri í samræmi við skoðun miðstjórnarinnar. Miðstjórninni var mætavel kunnugt um það, að fyrir þinginu lágu tvö frumvörp um launamál kvenna. Annað var þetta, um að þoka launajafnréttismálum kvenna áfram á sex árum, og hitt um, að Alþingi lögfesti algert launajafnrétti kvenna og karla á yfirstandandi þingi í einum áfanga frá og með gildistökudegi laganna. Það getur því ekki orðið neinum undrunarefni, að það var álit miðstjórnar Alþýðusambandsins, að þetta frv., sem hér er til umr., gengi of skammt og væri ekki meðmælavert, þegar fyrir Alþingi lægi annað frv. um algert launajafnrétti kvenna og var þannig eina frv., sem fyrir þinginu lá, sem var í samræmi við margyfirlýsta stefnu alþýðusamtakanna, margendurteknar samþykktir Alþýðusambandsþinga og margyfirlýst lokatakmark hinna ýmsu stéttarfélaga, eins og ég vitnaði til hér áðan úr afmælisriti verkakvennafélagsins Framsóknar, þegar formaður þess verkakvennafélags lauk afmælisgrein sinni á þann hátt, að launajafnrétti, algert launajafnrétti kvenna og karla, væri lokatakmarkið, sem þær berðust fyrir og stefndu að. Alþýðusambandsmiðstjórnin gat því auðvitað ekkert annað og langaði ekki heldur til neins annars en mæla með því frv., sem væri í samræmi við margyfirlýsta stefnu hinna einstöku félaga innan sambandsins og sambandsþinga hvað eftir annað, og á móti því frv., sem skemmra gengi. Umsögn miðstjórnar Alþýðusambandsins, sem var send hv. heilbr.- og félmn. Ed., var, með leyfi hæstv. forseta, á þessa leið:

„Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur rætt um frv. um launajöfnuð kvenna og karla, sem flutt er af Jóni Þorsteinssyni o. fl. Það er niðurstaða þessara umræðna, að miðstjórnin treystir sér ekki til að mæla með samþykkt frv. Til þess gengur það allt of skammt.

Kvennasamtökin í landinu hafa þegar sett fram kröfur um, að kvennakaup verði hvergi lægra en 90% af kaupi karla. Nú er kvennakaupið sem næst 78% af kaupi karla. Af því sést, að konurnar hugsa sér að ná launajafnréttinu í tveimur áföngum og þó hinum stærri hlut í samningum þeim, sem nú standa fyrir dyrum. Ef gert er ráð fyrir, að kaup karla hækki í væntanlegum samningum um 17%, væri almennt verkamannakaup orðið kr. 24.18 í dagvinnu. Ef kvennakaupið væri 90% af þessu kaupi, hefði það hækkað um kr. 5.63 á klst., en samkv. frv. er gert ráð fyrir, að fyrsta lagfæring til launajafnaðar fáist hinn 1. jan. 1962 og þá aðeins 76 aurar á klst., miðað við núv. kaupgjald, en ekki yrði launajöfnuði náð samkv. því fyrr en á árinu 1967.

Þá er upptalningin í 1. gr.: „verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu“ allt of takmörkuð. Fjöldi starfsgreina kvenna innan Alþýðusambands Íslands fengi enga lagfæringu launa samkv. þessu. Ákvæði 1. gr. um launajöfnuð á árunum 1962—1967 mundu aðeins ná til þeirra kvenna, sem vinna eftir samningum almennu verkakvennafélaganna, eftir samningum Iðju og eftir samningum verzlunarfólks. En hvað um konur, sem vinna í sjúkrahúsum, í prentsmiðjum, við bókband o. s. frv., o. s. frv.?

Út af 3. gr. frv. viljum við taka fram, að verkalýðsfélögunum er áreiðanlega næsta óljúft að láta ákvörðun um kaupgjaldsmál sín í hendur nefndar eða gerðardóms, sem verkalýðssamtökin ættu í aðeins einn fulltrúa af þremur.

Samkvæmt 4. gr. eiga stéttarfélög, sem semja um kaup og kjör, að sækja um launahækkanir til þessarar n. Samkvæmt sömu grein hafa samningar, sem félögin gera við atvinnurekendur, ekki gildi, fyrr en þeir hafa hlotið staðfestingu af þessari margnefndu nefnd. Með þessu er samningsaðstaða verkalýðsfélaganna öll torvelduð og samningsrétturinn beint skertur. Verður því ákvæði 5. gr. einskis virði. Væri því frv. orðið að lögum, mundu atvinnurekendur auðvitað vitna til laganna og alls ekki ljá máls á að semja um launajafnrétti fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1967.

Mjög er líka hætt við því, að kröfum kvenna nú um hinn mikla áfanga til launajafnréttis, sem konurnar hyggjast ná, verði svarað með því að segja sem svo: Verkalýðsleiðtoginn Eggert Þorsteinsson, fyrrv. lögfræðingur Alþýðusambandsins Jón Þorsteinsson og Alþýðuflokksmaðurinn Friðjón Skarphéðinsson hafa lagt til, að byrjað sé á að minnka bilið á milli kvenna- og karlakaupsins í ársbyrjun 1962. Hvað eruð þið þá að krefjast stórkostlegra kauphækkana, sem minnki bilið milli kvenna- og karlakaups að meira en hálfu nú þegar? Nei, konur góðar, hættið við allar slíkar kröfur nú. Við skulum bíða, eins og frv. gerir ráð fyrir, til þess að byrja með til 1962 og sætta okkur síðan við, að launajöfnuði þess fólks, sem nefnt er í 1. gr., verði náð á árinu 1967. — Mun nú brátt sýna sig, hvort þessum rökum verður ekki beitt af atvinnurekendum gegn kröfum kvennasamtakanna í væntanlegum samningum.

Það er því skoðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands, að auk alls þess, sem nú hefur verið nefnt, sé frv. flutt á mjög óheppilegum tíma.

Miðstjórn Alþýðusambandsins er þá einnig kunnugt um, að fyrir hv. Alþ. liggur einnig annað frv. um sömu laun kvenna og karla. Það gengur lengra en þetta frv. í öllum atriðum, og mælir miðstjórnin eindregið með því, að það verði samþ.

Virðingarfyllst,
f. h. miðstjórnar Alþýðusambands Íslands,
Hannibal Valdimarsson.“

(Gripið fram í.) Það er ágætt, það er bara sannleikanum samkvæmt. Miðstjórn Alþýðusambandsins gekk frá málinu og fól mér að skrifa nál., og um það sveikst ég ekki.

Til þess var vitnað í umr. í hv. Ed. í dag af hv. 2. þm. Reykv., frú Auði Auðuns, sem hafði framsögu fyrir meiri hl. n., hygg ég, — inn á það mun einnig hafa verið komið af hv. 10. þm. Reykv., Eggert G. Þorsteinssyni, — að frv. um launajöfnuð kvenna og karla hafi fengið hinar beztu undirtektir á þingi Alþýðusambands Íslands í haust. Þetta er ekki með öllu rétt hermt. Sannleikurinn er sá, að í byrjun þingsins, er konur voru komnar þar saman víðs vegar af landinu til Reykjavíkur, þá var gengið á milli kvennafulltrúanna á þinginu með svo hljóðandi undirskriftaskjal af nokkrum konum:

„Við undirritaðar, sem erum fulltrúar á 27. þingi Alþýðusambands Íslands, skorum eindregið á Alþingi að samþ. fram komið frv. til laga um launajöfnuð kvenna og karla, 59. mál, þskj. nr. 64.“ Það er þetta frv., sem hér er til umr. um launajöfnuð kvenna og karla, sem þeir flytja Jón Þorsteinsson, Eggert G. Þorsteinsson, Friðjón Skarphéðinsson.

Voru nú ekki allar konur, sem sátu Alþýðusambandsþingið, harla ánægðar með þetta frv.? Þeim var auðvitað tjáð, að þetta væri frv. um launajafnrétti kvenna. Þær skrifuðu nokkrar nöfn sín í upphafi þingsins á þetta skjal. Það var röggsamlega fram gengið af ýmsum konum þarna í því að fá undirskriftirnar til að mæla með þessu frv. En uppskeran varð ekki meiri en sú, að 35 af þeim konum, um eða yfir 70, sem sátu þingið, skrifuðu undir þetta plagg og létu sig hafa það að mæla með frv., sem fer fram á það að tryggja sumum stéttum kvenna, almennum verkakonum, konum, sem stunda verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofustörf, tryggja þeim launajafnrétti á 6—7 árum. Aðrar af þeim konum, sem sátu þingið, einkanlega eftir að þær höfðu áttað sig á því, hvers konar frv. þetta var, neituðu að skrifa undir þessa áskorun, og veit ég þó um ýmsar konur, sem töldu sig hafa léð nafn sitt á þetta undirskriftaskjal út frá röngum forsendum, teljandi það, að þær væru að skrifa undir áskorun til Alþ. um að samþ. frv., sem fæli í sér algert launajafnrétti frá gildistöku. Almennan stuðning á þinginu fékk þetta ekki, og svo mikið er víst, að áhugakonurnar fyrir því að fá þetta frv. samþ. fóru ekki þá leiðina, sem venjulega er farin á Alþýðusambandsþingum, þegar fyrir Alþ. liggja einhver mál, sem þingfulltrúum þykir mikils um vert að verði samþ., að bera fram formlega till. á þinginu, bera hana undir atkv. þar, um það að skora á Alþingi Íslendinga að samþ. þetta eða hitt frv. Hvað ætli hafi nú aftrað konunum, sem gengu með undirskriftaskjölin í kyrrþey, frá því að bera fram slíka till.? Ætli þær hafi ekki rennt grun í það, að Alþýðusambandsþingi yrði óljúft að mæla með því frv. af tveimur, sem fyrir þinginu lægju um launajafnrétti kvenna, — mæla með því frv., sem skemmra gengi og væri á allan hátt óviðunandi fyrir konur að fá lögfest í launamálum sínum? Vitanlega vissu þessar konur það, að ef farið væri fram á meðmæli Alþýðusambandsþings um annað af þessum frv., þá yrðu meðmælin auðvitað af yfirgnæfandi meiri hluta, ekki aðeins kvennanna á þinginu, heldur líka allra þingfulltrúa þar, með frv. mínu og minna meðflutningsmanna, sem einnig lá fyrir þinginu, um sömu laun kvenna og karla, en flutningsmenn að því auk mín eru nú frú Margrét Sigurðardóttir, sem sat á þingi hér í haust, Eðvarð Sigurðsson núverandi formaður Dagsbrúnar, Gunnar Jóhannsson formaður verkamannafélags Siglufjarðarkaupstaðar, Karl Guðjónsson, sem er í verkalýðsfélagi Vestmannaeyja, og Geir Gunnarsson. Þessir þm. Alþb. standa að frv. um sömu laun kvenna og karla, og niðurlag þess er um það, að frv. öðlist þegar gildi, og er orði til orðs eins og það frv., sem ég flutti ásamt núverandi hæstv. menntmrh. og núverandi hæstv. félmrh. og núverandi hv. 10. þm. Reykv., nákvæmlega frá orði til orðs samhljóða því frv., sem þeir fluttu þá með mér og ættu því nú að geta samþ. í því formi og eiga þess kost að samþ. það nákvæmlega frá orði til orðs eins og þeir báru það fram á Alþ. fyrir nokkrum árum. Verður ekki eiginlega séð, hvernig menn komast skammlaust frá því að fylgja ekki því frv., sem þeir hafa áður flutt á Alþ., en ætla þó að halda því fram, að þeir séu sömu brennandi áhugamennirnir fyrir framgangi málsins. Ég fæ ekki séð, hvernig það samrýmist.

Ég skal ekki vera með neinar getsakir í garð þeirra manna, sem fluttu það frv. með mér fyrir nokkrum árum og eiga sæti í þessari hv. deild. Þeirra afstaða kemur í ljós hér á morgun eða mánudaginn, eða upp úr helginni, og ég trúi ekki öðru en þeir reynist þeir drengir í þessu máli, sem er ekki aðeins margyfirlýst stefnumál verkalýðssamtakanna, heldur einnig, eftir því sem ég bezt veit, yfirlýst stefnumál Alþfl., að þeir styðji það, þegar aðstaðan er slík á Alþingi Íslendinga, að það er í lófa lagið að fá frv. til laga um algert launajafnrétti kvenna og karla samþ. á þessu þingi og þannig losa verkakvennahreyfinguna í landinu við að þurfa að hefja nú fórnfreka verkfallsbaráttu til þess að knýja sín margra áratuga gömlu launajafnréttismál í framkvæmd. Það þori ég að segja, að það væri ódýrara þjóðfélaginu og ódýrara atvinnulífinu, að þær fúlgur, sem fara í herkostnaðinn til þess að stimpast á móti launajafnrétti kvenna á næstu vikum og mánuðum, ef þá baráttu verður að heyja, væru betur komnar strax sem launahækkun til kvenfólksins, og stæði þá atvinnureksturinn og þjóðfélagið jafnrétt eftir að hafa heldur varið þeim fjárfúlgum til hækkaðra launagreiðslna strax samkvæmt löggjöf t. d. heldur en að verja þeim í slíkan herkostnað á móti réttlætismáli kvennanna. En það væri gert, ef Alþ. samþ. algert launajafnrétti kvenna, annaðhvort frá gildistökudegi laganna eða t. d. frá miðju árinu 1961, ef menn vildu hafa eitthvert svigrúm, þangað til þetta ætti að ganga í gildi. Og eins og ég sýndi fram á áðan í ræðu minni, þá er þetta alls ekki stórkostleg umbreyting í kaupgreiðslumálum hjá atvinnulífinu eða í þjóðfélaginu yfirleitt, því að að því er snertir verkakonurnar, sem vinna samkvæmt stéttarfélagasamningum, er nú þegar nokkur

hluti af þeirra kaupi greiddur með karlmannskaupi og algerlega handahófskennt, hvaða störf það eru, sem eru aftur í lægri launaflokkum, því að einmitt störfin, sem þær vinna í hinum lægri launaflokkum, þar sem þær fá ekki nema 78% rúm af karlmannskaupi, eru yfirleitt þau störf, sem konum fer betur úr hendi að vinna heldur en karlmönnum, ef þeir væru settir í þau störf, þar sem þær óumdeilanlega vinna verðmætari vinnu, leggja fram verðmætari vinnuorku, afkasta meira en ef karlmenn væru settir í þeirra störf og ættu því alveg óumdeilanlega að hafa einmitt sama kaup og karlar, ekki minna, í þeim störfum.

Ég hef áður farið nokkrum orðum um þær kaupgjaldskröfur, sem verkakvennafélagið Framsókn hefur nú borið fram og ætlar sér áreiðanlega að berjast fyrir, þegar verkalýðsfélögin almennt fara af stað. Það er þegar vitað af þeim breyt., sem á seinustu vikum hafa átt sér stað í samningaátökum og verkfallsátökum, þó að afstaða vinnuveitendasamtakanna í öllum tilfellum hafi verið sú, að þeir lýstu því yfir í upphafi, að þeir vildu ekki ganga að neinum kjarabótum, hvorki til sjómanna né til verkafólks, þá varð það niðurstaðan af samninga- og verkfallsátökum Landssambands ísl. útvegsmanna við sjómannasamtökin, að þar varð, þegar upp var staðið og verkfalli aflýst, um að ræða kjarabætur til handa sjómönnum í gegnum gerbreytt hlutaskipti og ákvörðun um það, að hásetar skyldu þaðan í frá fá sama verð fyrir fiskinn og útvegsmenn fengju, — um að ræða kjarabætur frá 15—23%, dálítið mismunandi eftir verstöðvum, en þó undir öllum kringumstæðum þetta 15—25% kjarabætur. Þarna varð atvinnurekendavaldið að láta undan sanngjörnum kröfum sjómanna og lagfæra þeirra kjör, þó að það væri ekki gert fyrr en eftir verkfallsstimpingar, sem vafalaust hafa kostað þá ekki síður en sjómennina ærið fé. En þeir mega nú alltaf hafa það svona, blessaðir, að láta heldur stórar fúlgur í herkostnað verkfallsbaráttunnar en að láta strax það, sem þeir ætla sér að ganga inn á, og láta það vera greitt til fólksins í kaupgjaldi. Þeir kunna ekki við, að tekið sé öðruvísi á þessu en með töngum.

Það er ekki enn þá komið til mikilla átaka hjá hinum almennu verkalýðsfélögum né verkakvennafélögum. Þó töldu verkalýðsfélögin í Vestmannaeyjum, þar sem atvinnulífi er þannig háttað, að megintekjur verkafólksins falla til í sambandi við þá vinnu, sem framkvæmd er á vetrarvertíðinni, að þau gætu ekki beðið eftir því að hefja sína kaupgjaldsbaráttu með vorinu eða á miðri vertíðinni. Það yrði talið sýna litla hollustu við atvinnulífið, ef í Vestmannaeyjum yrði lagt til verkfallsbaráttu um hækkað kaupgjald um hávertíðina. Þess vegna tóku verkalýðsfélögin í Vestmannaeyjum þann kost að hefja sína baráttu fyrir hækkuðu kaupi og bættum kjörum á sama tíma sem útgerðarmenn eyjanna stóðu í baráttu við Landssamband ísl. útvegsmanna um verðákvörðun á fiskinum og höfðu lýst yfir eins konar verkfalli, svokölluðu róðrarbanni, þangað til þeir fengju þessa ákvörðun um fiskverðið lagfærða. Þessi stöðvun var því hvílandi á atvinnulífinu í Vestmannaeyjum í byrjun ársins. Þar við bættist deila sjómanna um sín kjör, sem einnig höfðu lent í verkfallsátökum, og þá taldi verkafólkið, að það yrði að freista þess að fá sína lagfæringu þá samtímis heldur en að stöðva atvinnulífið annað sinn kannske á þessari vetrarvertíð.

Það vantaði ekki, að Vinnuveitendasamband Íslands sendi strax sinn fulltrúa til Vestmannaeyja með þann boðskap til vinnuveitendanna þar, að þó að þeir ef til vill hefðu það í huga að mæta kröfum síns starfsfólks með kjarabótum, með kauphækkunum, þá væri lagt blátt bann við því, að þeir gerðu það, af hendi Vinnuveitendasambands Íslands. Þeir fengju ekki að semja um neinar kauphækkanir til handa verkamönnum eða verkakonum, því mundi Vinnuveitendasambandið neita, neita að staðfesta slíka samninga, það yrði að vera óbreytt frá því, sem það var í fyrra. Með þessu stöðvuðust samningar. Milliganga sáttasemjara kom til. Hann reyndi að miðla málum í þessu. (Gripið fram í.) Þetta eru kaupgjaldsmál kvenna allt saman og einmitt viðhorfin eins og þau nálgast að vera það í dag. — Hann náði ekki samningum, þegar aðilar höfðu verið kallaðir hingað til höfuðborgarinnar til þess. En leikurinn barst, eins og eðlilegast var, út í Vestmannaeyjar, og þar stóð áframhaldsglíman um kaup bæði verkamanna og verkakvenna, þar til yfir lauk. Þarna var að vísu aðeins um bráðabirgðasamninga að ræða í þessum málum, samninga, sem miðuðu að því að fá samkomulag um kaupgjaldið á þessari vetrarvertíð, en þrátt fyrir það var fullerfitt að ná fram lausn á þeim málum. Verkamennirnir stóðu þá upp frá samningaborðinu að síðustu við sína viðsemjendur í Vestmannaeyjum á þann hátt, að þeir höfðu fengið 14.9% kauphækkun, og verkakonurnar vildu ekki sætta sig við sams konar kauphækkun. Þær höfðu það að engu, þó að fréttir væru þá birtar í sumum Reykjavíkurblöðunum, blöðum stjórnarflokkanna beggja, um það, að deilan í Vestmannaeyjum væri leyst, það væri búið að semja við verkamennina, en þeim hafði nefnilega láðst að geta þess, að það var enn þá ósamið við verkakonurnar og þær höfðu borið fram aðrar og hærri kröfur, kröfur um það, að bilið á milli kvenna- og karlakaups yrði minnkað í þessum samningum. Þær stóðu við það. Þær gáfu ekki kost á sínu vinnuafli, nema því aðeins að samið væri fyrst við þær um verulega hækkun á kvennakaupinu. Og það, sem þær að lokum sættu sig við til bráðabirgða, var, að kaup verkakvenna skyldi hækka í almennri dagvinnu um 19%, og er það því nú kr. 19.19 á tímann, í staðinn fyrir að það var kr. 16.14, þegar deilan hófst. Við vinnu í þurrkhúsum, en í Vestmannaeyjum er sú vinna nú vaxandi, og við alla pökkun á saltfiski og nokkrar fleiri tegundir af vinnu samdist nú um, að kvennakaupið yrði í Vestmannaeyjum kr. 21.38 á klst. Sú vinna, sem áður var goldin karlmannskaupi, en það eru þó nokkuð margar tegundir vinnu, þ. á m. fiskflökun og vinna við skreið og að nokkru leyti við saltfisk, skyldi nú borgast með því karlmannskaupi, sem um hefði samizt í Vestmannaeyjum, sem er kr. 23.75. Árangurinn, sem konur hafa náð í Vest-

mannaeyjum einar sér, aðeins með fjárhagslegum stuðningi viðs vegar að af landinu, er sá, að þær hafa nú í almennri vinnu út þessa vertíð kr. 19.19 á klst. Karlmenn hafa almennt nú annars staðar á landinu kr. 20.67, lítið eitt hærra, en við vissa tegund vinnu, eins og þurrkhúsavinnuna og pökkun á saltfiski o. fl., hafa þeir nú kr. 21.38 eða nokkru hærra en almenna karlmannakaupið er í landinu í dag. Og þó að karlmenn búi nú enn víðast hvar á landinu við kr. 20.67 á tímann í almennri vinnu, eru þó allmargar tegundir af vinnu í Vestmannaeyjum goldnar nú konum með kaupinu kr. 23.75.

Þetta hefur gerzt í kaupgjaldsmálum kvenna, síðan frv., sem ég flyt með fimm flokkssystkinum mínum, og síðan frv. um launajöfnuð kvenna, sem hér er til umr., var borið fram. Þetta er mjög athyglisverður fyrsti áfangi, bráðabirgðaáfangi, sem sýnir það, að verkakvennafélögin eru ekki líkleg til þess að gefa upp kröfur sínar um 90% af kaupi karla í þessari samningaviðureign, sem stendur yfir á árinu 1961, en launajöfnunarfrv. Alþýðuflokksmannanna gerir ráð fyrir að ekki breyti neinu í launamálum kvenna.

Þá má geta þess, að til þess var vitnað í umr. í Ed. í dag, að vestur í Tálknafirði er rekið stórt og myndarlegt hraðfrystihús, byggt af miklum myndarskap á síðustu árum. Þar hefur undanfarin fjögur ár verið goldið sama kaup körlum og konum, og frystihúseigandinn þar hefur fullyrt það, hefur m. a. sagt það í ríkisútvarpið frammi fyrir allri þjóðinni, að konur séu a. m. k. eins afkastamiklar í hraðfrystihúsum og karlmenn og eigi að fá sama kaup og þeir við öll störf í fiskiðnaðinum, enda hefur hann framkvæmt það á þann hátt, að kvennakaupið hefur verið þar s. l. ár kr. 19.34 á klst. í dagvinnu, þegar konur hafa almennt annars staðar, bæði hér í Reykjavík og annars staðar, haft kr. 16.14.

Þá hefur það og gerzt, að verkalýðsfélag norður á Skagaströnd hefur náð samningum nú á fyrstu mánuðum þessa árs, eftir að þessi frumvörp komu fram í þinginu, og samið um það, að þar skuli nú fyrst um sinn borgað kr. 20.67 við alla vinnu í fiskiðnaðinum, hvort sem er hjá konum eða körlum, þ. e. a. s. hið almenna karlmannskaup í landinu. En það er meira, sem hefur verið samið um þarna. Enn fremur hefur verið samið um það, að þegar verkamannafélagið Dagsbrún hafi samið um karlmannskaup, skuli það kaup, sem Dagsbrún semji um, verða hið sameiginlega kaup, sem gildi fyrir konur sem karla á Skagaströnd. M. ö. o.: á þessum stað er búið að slá því föstu, að konur skuli hafa fullkomið launajafnrétti á við karlmenn frá því nú í janúarmánuði, fyrst miðað við núv. karlmannskaup, en eftir að verkamannafélagið Dagsbrún hafi náð nýjum samningum um karlmannskaup, skuli það karlmannskaup verða sameiginlegt kaup kvenna og karla þar norður frá.

Ef þetta bendir ekki nokkuð ákveðið í þá átt, að launajafnrétti náist, ef ekki væri gripið inn af löggjafarvaldinu á þann hátt að torvelda sókn kvennanna í sínum samtökum til launajafnréttis, ef þetta eru ekki allskýrar bendingar í þá átt, þá kann ég ekki að þýða þessar bendingar, sem ég hef nú skýrt frá dæmum um. En ég tel, að þetta sýni það nokkurn veginn, bæði árangurinn í Vestmannaeyjum og árangurinn á Skagaströnd, að launajafnréttismálið er nær fullri framkvæmd, ef samtökin eiga að vera óáreitt um það, og það er enginn vafi á því, að stórkostlegum árangri hefði verið náð, ef atvinnurekendur fengju ekki það skjól að standa nú á bak við og segja: Frv. hans Jóns Þorsteinssonar og hans Eggerts og Friðjóns, sem Alþfl. hefur staðið að á Alþ. og Sjálfstfl. hefur líka staðið að á Alþ., gerir ekki ráð fyrir neinni breyt. á launakjörum kvenna á árinu 1961 og aðeins hækkun um 76 aura á tímann á árinu 1962 og síðan um nokkra aura, svipað á hverju ári, þar á eftir fram til ársins 1967. Við getum því ekki verið að taka það mál aftur úr hendi löggjafans. Það hefur þar verið, og þar hefur því verið ráðið svona til lykta af miklum áhugamönnum um launajafnréttismál kvenna, og þetta finnst þeim vera mátulegt. Við þurfum ekki sem atvinnurekendur að brjóta þann boga, sem þeir hafa dregið upp á þennan hátt.

Það er því alveg augljóst mál og þarf ekki að fara um það miklu fleiri orðum, að þetta frv. er borið fram, þegar vitað var, að mikil sókn, stórsókn, var að hefjast í launajafnréttisbaráttu kvenna, og er borið fram til þess að torvelda hana og verður líka til þess, nema því aðeins að hv. Nd. beri gæfu til þess að samþykkja breyt. á þessu frv. á þann hátt, að það verði ekki frv. um launajöfnuð í áföngum, heldur um launajafnrétti kvenna, helzt frá gildistökudegi laganna, og það er ekki slíkt stórskref, að þjóðfélagið og atvinnulífið í landinu beri það ekki, þegar atvinnutekjur þjóðarinnar hafa vaxið um meira en þriðjung á síðustu fimm árum. Það er þá aldrei hægt að framkvæma launajafnrétti kvenna, ef ekki þegar slíkur vöxtur hefur átt sér stað á þjóðartekjunum.

Verkakvennafélag hér nærlendis, suður í Keflavík, hefur nú fyrir þrem vikum eða svo borið fram þá kröfu við sína viðsemjendur, Vinnuveitendafélag Suðurnesja, að þeir samþykki þar sams konar launahækkun til kvenna í Keflavík og Njarðvíkum og verkakvennafélagið Snót í Vestmannaeyjum náði fram í samningum um daginn. En verkakvennafélag Keflavíkur lét það fylgja með, að þessi krafa væri samkomulagsbeiðni til vinnuveitendanna á Suðurnesjum um lagfæringu til bráðabirgða, ef þeir vildu gera það án vinnustöðvunar. Ef hins vegar þyrfti til vinnustöðvunar að koma, væru kröfurnar, sem Verkakvennafélag Keflavíkur bæri fram, þær sömu og verkakvennafélagið Framsókn og verkakvennafélagið Framtíðin í Hafnarfirði hafa áður lagt fram og þegar hafið viðræður við atvinnurekendur um. Og þá varðaði verkfallið að knýja fram þær kröfur. Tveir samningafundir hafa nú þegar verið milli aðila suður í Keflavík, og var ég fyrir hönd Alþýðusambandsins mættur á öðrum þeirra. Á fyrri fundinum var orðið við ósk Vinnuveitendasambandsins um að fresta verkfallsaðgerðum vegna þessara krafna um nokkra daga, en þegar þeir dagar voru liðnir, mætti

fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands og fulltrúar Alþýðusambandsins og fulltrúar viðkomandi verkakvennafélags á öðrum samningafundi, og þá báru fulltrúar Vinnuveitendasambandsins enn fram óskir um það að fresta aðgerðum í þessu máli um nokkra daga, þótt ekki væri nema fram yfir þá helgi, sem þá var framundan, því að þá sögðu þeir að það væri líklegt, að niðurstaða fengist um viðtöl þau, sem hefðu verið í gangi sameiginlega af hendi Dagsbrúnar, Hlífar í Hafnarfirði, Verkamannafélags Akureyrar, Þróttar á Siglufirði, kannske nokkurra fleiri félaga, ásamt Vinnuveitendasambandi Íslands, en þeir höfðu fyrir nokkru skrifað hæstv. ríkisstj. og óskað eftir því, að ríkisstj. segði til um það, hvort hún treysti sér ekki til þess að finna einhverjar leiðir til verðlækkana í landinu, sem gætu leitt til þess, að verkalýðsfélögin gætu metið þær verðlækkanir, sem þannig fengjust, til jafns við beinar kauphækkanir og dregið þær lagfæringar frá sínum kröfum, lækkað þær að sama skapi. En fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands sagði einmitt á þessum fundi, sem ég var á með honum, að sér fyndist það vera líklegt, að upp úr þeirri næstu helgi kæmi hæstv. ríkisstj. með till., sem gengju til móts við þessar óskir verkalýðsfélaganna, og gæti þá viðhorfið um kauphækkunarkröfur eitthvað breytzt. Það var ekki talið alveg vonlaust þá, að eitthvað slíkt gerðist í þessum viðræðum. En sá viðræðufundur, sem þarna var vitnað til, átti sér stað nú eftir síðustu helgi og leiddi ekki til neins. Hæstv. ríkisstj. tilkynnti þá, að hún gæti ekki orðið við neinum af þeim óskum, sem Alþýðusambandið hefði sett fram fyrir fimm mánuðum um það að fella niður söluskatt, 8.8% söluskatt, gera ráðstafanir til lækkunar á útsvörum á almennum launatekjum, framkvæma tollalækkanir, lækka vexti eða aðrar leiðir, sem verkalýðsfélögin gætu metið jafngildar kauphækkunum, ekkert af þessu gæti hæstv. ríkisstj. tilkynnt á þessum síðasta fundi, en hún væri öll af vilja gerð, það væri bara getan, sem brysti. Samt sem áður var enn látið í veðri vaka, að hæstv. ríkisstj. mundi nú reyna að hugleiða allar aðrar leiðir en þessar áframhaldandi og það væri því ekki útilokað, að aðilar hittust á ný seinna til þess að reyna að koma sér saman um einhverjar slíkar aðgerðir. En vonirnar eru sem sé dvínandi, því að þarna voru gefin ákveðin svör við því, að engar af ábendingum frá því í haust í þessa átt væru framkvæmanlegar. Það skorti getuna hjá hæstv. ríkisstj., en ekki viljann.

Nú standa þessi mál svo, að þessar vonir um lausn ágreiningsmálsins milli verkakvenna og atvinnurekenda í Keflavík virðast vera brostnar. Verkakonurnar héldu félagsfund, eftir að þær höfðu ákveðið á stjórnar- og trúnaðarráðsfundi að boða til verkfalls, ef þær fengju ekki fram óskina um bráðabirgðalagfæringu á þann hátt, að kaupið í Keflavík yrði hjá verkakonum það sama og í Vestmannaeyjum, og umr. um þessi mál höfðu frestazt svona samkv. óskum vinnuveitenda, og félagsfundurinn ákvað einróma, er mér tjáð, að boðað yrði til verkfalls frá og með kl. 12 á miðnætti aðra nótt, laugardag, aðfaranótt sunnudagsins.

Af þessu geta menn séð, að það tekur hvert verkakvennafélagið á fætur öðru upp kröfurnar um, að atvinnurekendur minnki bilið milli kvenna- og karlakaupsins til bráðabirgða, líkt og gert hefur verið með samningum í Vestmannaeyjum. Er það mikil sanngirniskrafa, einkanlega á þeim stöðum, sem eru líkt settir og Vestmannaeyjar, að meginhlutinn af árstekjunum fellur til í sambandi við vetrarvertíðina, og hvort sem er verkakonur eða verkamenn telja sig ekki geta, þegar vitað er, að kaupbreytingar verða á þessu ári, beðið af sér vetrarvertíðina og vilja fá tekjuaukann, enda full þörf fyrir það, í sambandi við vetrarvertíðarstörfin. En þegar þessum sanngirniskröfum er neitað, lendir það svo, að ekki aðeins verkakvennafélagið Snót í Vestmannaeyjum, heldur einnig Verkakvennafélag Keflavíkur lætur það varða verkfalli, leggur út í verkfallsbaráttu til þess að knýja þá fram eitthvað af sínum meginkröfum í áttina til aukins kaupjafnaðar.

Það er því alveg sýnt af þessu, að ef Alþingi lögfestir ekki einhverja þá lausn á þessum málum, sem verkakonurnar sætta sig við og gengur lengra eða a. m. k. jafnlangt og þær ætluðu sér að ná í þessum áfanga, — það er algert lágmark, — þá fer einhver hluti af því, sem bezt væri kominn í hækkuðu kaupgjaldi til kvenna, í herkostnað, verkfallskostnað, stöðvun atvinnulífs til tjóns fyrir þjóðfélagið, — því að baráttan virðist vera óumflýjanleg, — og það tel ég miklu verr farið.

Ég er alveg sannfærður um, að það, sem atvinnurekendurnir í Keflavík eða á Suðurnesjum ættu að gera, væri að gera bráðabirgðasamkomulag við verkakonurnar þar um svipaða lagfæringu á kaupi og konur í Vestmannaeyjum hafa þegar fengið og Vinnuveitendasamband Íslands hefur talið sér fært að samþykkja. Og það hljóta að vera vandfundin rök fyrir því, að Vinnuveitendasamband Íslands geti ekki einnig í Keflavík samþykkt það, sem þeir treystu sér til að samþykkja í Vestmannaeyjum, og á því eiga þeir kost, án þess að til vinnustöðvunar komi, þannig að verkakvennafélagið í Keflavík biði þá með sínar aðrar kröfur fram yfir vertíðarlok, tryggi vinnufrið á vertíðinni, gegn því að þessi bráðabirgðalausn fáist.

Ég hef ekki heldur getað heyrt annað en atvinnurekendurnir í Keflavík telji það sanngirniskröfu verkakvennanna þar að fá þessa bráðabirgðaleiðréttingu á kaupi sínu. Þeir viðurkenna, að kaupið sé orðið svo lágt, að engin leið sé að lifa á þeim tekjum, sem kaup, hvort sem er verkamanna eða verkakvenna, ákveður þessum stéttum nú, og það þurfi að leiðrétta það. En það er eins og fyrri daginn, að þeir segja, að þó að þeir væru allir af vilja gerðir, þá fái þeir það ekki, þeim er ekki leyft það af Vinnuveitendasambandinu. Þeir eru meðlimir í því, og það segir við þá: Ef þið semjið í forboði okkar, þá verður beitt hinum gífurlega háu sektarákvæðum Vinnuveitendasambandsins gagnvart ykkur. — Og það vilja þeir ekki gera, þora ekki að gera. Það hefur því orðið þannig, að þeir hafa ekki risið af

krafti gegn þessu ofurvaldi Vinnuveitendasambandsins, hótunum þess um að beita sektarákvæðum, sem lög þeirra heimila þeim, fyrr en verkfallstjónið er að verða þeim svo tilfinnanlegt, að atvinnurekstur þeirra sé í voða. Þá fyrst brutu þeir af sér handjárnin í Vestmannaeyjum og sömdu.

Enn þá er ekki skollið á verkfall í Keflavík. Það er tæpur sólarhringur, þangað til það á að hefjast. En af því yrði sjálfsagt ekkert eða það yrði a. m. k. mjög skammvinnt, ef Alþ. sæi sig nú um hönd og breytti þessu ófullnægjandi frv., — frumvarpinu, sem torveldar að öllu leyti samningaaðstöðu verkakvennafélaganna, eins og ég hef margsinnis sýnt fram á, yrði nú breytt í það horf að bæta aðstöðu þeirra, lögfesta annaðhvort svo riflega kauphækkun, að félögin teldu sig ekki þurfa að fara út í bráðabirgðaaðgerðir til að rétta sinn hlut, eða ef til vill málið leyst á þann hátt, að öll misklíð um laun kvenna í hlutfalli við karla væri endanlega leyst. En það gerist því aðeins, að Alþingi afgreiði frv. um sömu laun til handa konum sem körlum. Mér er kunnugt um það, að á ýmsum stöðum á landinu hafa verkakvennafélögin verið að undirbúa sínar kröfur, og þau hafa nú mjög í huga á ýmsum hinum stærri útgerðarstöðum að stilla kröfunni þannig, að konur fái við öll störf í hraðfrystihúsunum, fyrir alla vinnu í sambandi við fiskiðnaðinn, sjávarútveginn sama kaup og karlar. Þannig virðist vera hljóðið í þeim að gera kröfurnar heldur strangari en Alþýðusambandsþingið í haust ákvað sem lágmarkskröfur. Það bendir í þá átt, að verkakonurnar í landinu séu síður en svo þess sinnis að slaka til frá þeim kröfum, sem þá voru gerðar, heldur miklu fremur ráðnar í því að herða á þeim, taka fyrir jafnvel stórt svið á vinnumarkaði þeirra, eins og hraðfrystihúsin og yfirleitt fiskiðnaðinn, og berjast nú fyrir kröfunni um fullkomið launajafnrétti við öll þau störf. Og mín skoðun er sú, að það yrði afskaplega erfitt fyrir atvinnurekendur, þótt þeir hefðu Vinnuveitendasamband Íslands og ríkisvaldið á bak við sig til að standa á móti þeirri kröfu, að standast til langframa kröfu um algert launajafnrétti kvenna og karla í hraðfrystihúsunum, því að það er þannig, að það er ekki hægt að reka eitt einasta hraðfrystihús í landinu deginum lengur, stundinni lengur en meðan konurnar eru þar að verki. Ef þær einn góðan veðurdag ganga frá starfi og segja: Við látum ekki í té okkar vinnuafl, nema því aðeins að það sé virt á sama hátt og vinnuafl karlmannanna, stéttarbræðra okkar, og okkur goldið sama kaup og þeim, — þá eru öll hjól þar stöðvuð, öll vinna þar lögzt niður. Það er ekki hægt að reka eitt einasta hraðfrystihús á landinu með karlmönnum einum, vinnuaflið er ekki fyrir hendi, og ef konurnar láta sig vanta þar, þá er þar allt stöðvað. Og það væri ekkert ófróðlegt að sjá, hver vinnuafköstin yrðu hjá karlmönnum með karlmannskaupi við fjölmörg störfin í hraðfrystihúsunum, við innpökkunina, við snyrtinguna á flökunum, við vigtunina o. s. frv. Ég er alveg viss um það, að eigendur hraðfrystihúsanna segðu, þótt þeir hefðu aðstöðu til þess að láta karlmennina vinna sín störf: Nei, þessu hættum við, þessu hættum við. Við tökum heldur á okkur einhverjar sektir frá Vinnuveitendasambandi Íslands og borgum konunum karlmannskaup, fáum þær til starfa og rekum okkar rekstur þannig áfram, því að á þann einn hátt er það hægt. — Það er líka enginn vafi á því, að ekkert væri eins drepandi og eyðileggjandi fyrir vinsældir atvinnurekenda og þeirra flokka í landinu, sem stilltu sér að baki þeim til þess að standa fyrst og fremst á móti launabaráttu kvenfólksins.

Ef konurnar því taka sig saman, hvað sem þessu frv. líður, og knýja fram sín mál, þá er það þeim fært á hverju vinnusviðinu á fætur öðru, og mín spá er sú, að fyrst og fremst allur fiskiðnaðurinn, öll hraðfrystihúsin, öll vinna við skreið, öll vinna við saltfisk verði goldin með karlmannskaupi, áður en árið 1961 er liðið, þó að frv. um launajöfnuð kvenna geri ekki ráð fyrir neinni breytingu á því herrans ári, af því að það er ekkert afl til í landinu, sem getur staðið á móti samtökum og vilja kvenfólksins sjálfs í því að knýja þetta fram, og aðstaða þeirra er orðin margfalt sterkari nú en nokkru sinni fyrr, af því að þátttaka þeirra í þessum störfum er orðin miklu almennari en hún hefur verið nokkru sinni fyrr, svo almenn, að í fjöldamörgum hraðfrystihúsunum eru konurnar í meiri hluta og vinna ekki aðeins þau störf, sem konur unnu upphaflega aðallega í húsunum, heldur einnig flökunina og sérhver þau störf, sem þar eru unnin. Og þegar menn horfa fram á það, að verkakvennasamtökin í landinu hafa aðstöðu og eru sannarlega í þeim hug að knýja þetta fram, þá eru ekki eftir nema rytjur og rifrildi og tætlur af launamisréttinu, sem sæmst væri fyrir Alþingi að láta ekki standa á sér að afnema og það heldur á þessu þingi en eftir 6 eða 7 ár.

Það má vel vera, að hv. Alþingi velji sér heldur þann kostinn að vera þarna dragbítur inn og afsali sér þeim sóma, sem það geti haft af því að afnema launamisrétti kvenna á einum degi eða einni nóttu. En um það þarf auðvitað engum blöðum að fletta, að nú strandar málið ekki á því, að ekki sé þingmeirihluti fyrir hendi. Það strandaði þannig 1948, fyrir nærri 13 árum. Það strandaði þannig 1953, en þá stóð bæði á Sjálfstfl. og Framsfl. til að fylgja málinu. Alþfl. og Alþb. — eða Sósíalistaflokkurinn þá — höfðu ekki þingstyrk til að koma málinu fram. Það strandaði þannig 1954, og frv. mitt, sem borið var fram í haust, strandaði á því, að stjórnarflokkarnir vildu ekki greiða götu þess í þingnefnd, þannig að það kæmi fyrir þingdeildina, og sýnir það andúð þeirra á því að stíga sporið heilt til fullkomins launajafnréttis. Þá, þegar komið er alveg á síðustu stundir þingsins, er rokið upp til handa og fóta, skilað nál. í Ed. um það frv. um þessi mál, sem er til tjóns fyrir verkakonurnar, fyrir launþegana í röðum kvenna yfirleitt, því að það mundi torvelda alla samningsaðstöðu um stóran áfanga í launajafnréttisátt nú þegar, og reynt að knýja það í gegnum þingið á einum degi í Ed., bæði 2. og 3. umr., allar till. til umbóta á því þar strádrepnar, ekki eftir regl-

um neinna þingræðislegra lögmála, heldur með handjárnum, flokkshandjárnum. Síðan er hv. Nd. látin vera verklaus hér í gær og boðað, að þm. megi vera viðbúnir fundarboðun síðari hluta dagsins í gær eða jafnvel á kvöldfund. Og þegar hv. Ed. hafði hespað málinu um launajöfnuð kvenna og karla af með þessum líka þinglega hætti, þá er boðaður fundur í Nd. kl. 9 um kvöld til þess að taka það þar fyrir, og maður skyldi nú ætla, að það væri ætlunin að fá það afgreitt við 1. umr. og síðan vísað til n., sem kæmi saman upp úr helginni, — það er ekki venja hér yfirleitt að hafa fundi á laugardögum — nema ef málinu lægi svo mikið á og málið væri svo merkilegt, að þm. væru kvaddir til fundar í hv. heilbr.- og félmn., sem lagt hefur verið til að málið færi til, á morgun, laugardag. (**Gripið fram í:** Það er búið að boða hann í kvöld.) Ja, það er einmitt það, sem ég ætlaði að segja til þess að sýna, hvað vinnubrögðin væru féleg og þingleg, að það er búið að boða hv. heilbr.- og félmn. til fundar í nótt, að loknum þessum fundi. (Gripið fram í.) Já, já, það vantar ekki. Það vantar ekki viljann til þess að brjóta allar þingræðisreglur í sambandi við þetta mál. Það er í raun og veru alveg sjálfsagður hlutur, að ef hv. stjórnarflokkar kynnu sér nokkurt hóf í sínu offorsi í sambandi við þetta mál, þá létu þeir sér það auðvitað nægja, sem þeim var vitanlega í lófa lagið, að ljúka umr. um þetta mál, 1. umr., á þessari nóttu, vísa svo málinu til n. og n. starfaði næsta dag. Nei, það er ekki ætlunin. Þessu máli, sem á að leiða launajafnréttismál kvenna til lykta á 6—7 árum, verður að hespa af á nefndarfundi á þeirri sömu nóttu sem 1. umr. fer fram um málið, — eru þetta ekki dásamleg vinnubrögð? — meðan ráðherrar og meginhluti stjórnarliðsins sefur? (Gripið fram í.) Það er ekki hv. 1. þm. Vestf., sem er neinn dómari um það, hvað sé vitlegt eða vitlaust, en ég hygg þó, að flestir fallist á, að það séu vitfirrt vinnubrögð að boða nefndarfund um miðjar nætur eða síðari hluta nætur. Og mér þætti gaman að sjá framan í þann þm., sem segði það án þess að depla auga, að það væru ekki fágæt vinnubrögð að boða til nefndarfunda á Alþ. síðari hluta nætur, kl. að ganga þrjú eða svo. Og ég sé ekki heldur, að það flýti neitt fyrir málinu. Ég sé ekki annað en það sé í lófa lagið að fá nál. á morgun og taka síðan málið fyrir strax upp úr helginni, á fundi á mánudaginn, með þinglegum hætti og e. t. v. þá á þann hátt, að betri friður fengist við stjórnarandstöðuna um framkvæmd málsins heldur en líklegt er að tryggður sé með svona vinnubrögðum, því að þau eru ekki þingleg. Það getur enginn haldið því fram, enda veit hv. 1. þm. Vestf., að svo er ekki, og þess vegna brestur hann stillingu til þess að sitja þegjandi, þegar er verið að upplýsa það hér, að hann boði nefndarfundi um miðjar nætur. Ég veit aldrei til þess á mínum þingferli síðan 1946, að nefndir hafi verið kallaðar saman seinni part nætur. Það hefur stundum verið gert að halda þingfundi fram eftir nóttu og þykir ekki góð regla, er sjaldan gert, nema þegar þingmeirihluti vill knýja mál með nokkuð óeðlilegum hætti til endanlegrar lausnar. Stundum getur það verið réttlætanlegt, þegar nauðsyn brýtur lög. En að nefndarfundir hafi verið haldnir um nótt, ég veit ekki til þess nokkur dæmi, og ég efast um það, að nokkur maður hafi setið svo lengi á þingi, að hann viti þess nokkur dæmi. Og ég mundi nú vilja mælast til þess, að þingmannsréttur manna væri virtur það mikils, að þegar þessum þingfundi lyki, væri horfið frá boðun nefndarfundar að honum loknum og látið bíða að gera það þangað til um fótaferðartíma í fyrramálið. Þá mundi ég alveg fúslega leggja það á mig að koma hér á fund, hvort sem hv. formanni þóknaðist að hafa það kl. 8 eða 9. En ég tel það nálega ósæmilegt að halda fast við það, að það sé gert kl. að ganga 3 eða um 3 að nóttu, um óttuskeið. En það er sjálfsagt atriði, sem fæst ekki umbreytt. Þetta skal vera kórónan á verkið. Þetta er til þess að prýða alla meðferðina á þessu prýðilega máli, sem á nú að leiða hér til lykta, að þegar konur standa þannig að vígi, að þær eru í stórsókn um lagfæringar á sínum launamálum, þá á að afgreiða þar lög, sem gera ekki ráð fyrir neinni lagfæringu á launakjörum kvenna á því herrans ári, sem nú er að líða, síðan skulu þær á næsta ári fá 76 aura hækkun á klst. og síðan svipaða hækkun í næstu fimm ár.

Ég held, að eftirmæli þessa frv. verði aldrei glæsileg, og sennilega verða þau það því síður, sem lengra líður. Það verður öllum ljóst, að þrátt fyrir það, þó að launabarátta kvenna sé stórkostlega torvelduð með svona lagasetningu, eins og sakir standa, þar sem með því verður stappað stálinu í atvinnurekendur um að semja ekki um neinar meiri kjarabætur en lögin ákveði, sízt meiri, því að það sé ætlun löggjafans, að þeir fari ekki hraðar í þetta, að þá séu þó þrátt fyrir það allar líkur til þess, að stéttarfélögin muni ekki beygja sig undir þessi lög, ekki bíða eftir seinagangi þeirra, heldur halda fram sínum málum á grundvelli samninga og ná kjarabótum fram á undan þessum lögum, þannig að þau verði þrátt fyrir það, þó að þeim sé ætlað að torvelda samningana, því að það þykist ég sjá, þegar öllum umbótatillögum á frv. er hafnað, hafnað með handjárnuðu stjórnarliði til síðasta manns, þá tel ég atburði síðustu vikna í kaupgjaldsbaráttu kvenna vera nokkurn veginn örugga sönnun þess, ákveðna vísbendingu í þá átt, jafnvel örugga sönnun þess, að verkakvennasamtökin með stuðningi heildarsamtakanna muni ná stærri áföngum á árinu 1961 og 1962 og á þeim næstu en lögin ætlast til. Og fari svo, sem mín spá er, að lögin verði eftir þróun málanna á sviði samninganna, þá eru þau vitanlega orðin að dauðu pappírsgagni. Það væri það bezta, sem út úr þessu gæti komið, ef þetta frv. verður knúið fram óbreytt, því að hinn verri hlutur er frv. sýnilega ætlaður, nefnilega sá, að draga úr baráttuþreki og sóknarhug verkakvennasamtakanna, út frá því, að hægt sé að segja: Blessaðar verið þið ekki að berjast fyrir hækkuðu kaupi, verið ekki að fórna neinu í verkföllum, því að ef þið bara bíðið, ef þið bíðið nógu lengi, eins lengi og lögin ákveða, þá fáið þið

þetta þó smátt og smátt án verkfallsbaráttu. — Og ef nokkuð er til þess að sveefa og deyfa eggjar eins og þetta, þá veit ég ekki, hvað það ætti að vera. Vissulega örvar það ekki, því getur enginn haldið fram. Þetta er vel til þess fallið að slæva baráttueggjar. En það var alveg ástæðulaust að beita löggjafarvaldinu til þess að hindra framsókn verkakvennanna í því að berjast fyrir launajafnrétti sínu, og hefði sízt mátt vænta þess, að það yrði gert af Alþfl. Ég hefði viljað óska honum betra hlutskiptis, meiri trúmennsku við þessi baráttumál kvenna en hann nú sýnir, ef hann heldur fast og óbifanlega við það að knýja þetta frv. fram í þessu formi, þessu vesæla formi, sem frv. er nú í, í beinni mótsögn við óskir og kröfur verkakvennasamtakanna í landinu á þessu ári og því, sem nú var að líða.

Ég lýk svo máli mínu að þessu sinni við 1. umr. málsins og tel það ekkert um of, þó að ég hafi notað þær næturstundir, sem mér gáfust til þess að ræða þessi mál og viðhorf til þeirra á seinustu árum og eins á líðandi stund, því að það var vitað, að það var fullkomlega aðstaða til þess fyrir stjórnarliðið að koma málinu til 2. og 3. umr. á einum degi, eftir að nefnd hafði fjallað um málið, t. d. á eðlilegum starfstíma í fyrramálið. En þeirri aðferð mótmæli ég sem óþinglegri, sem ranglátri í garð þingmanna, sem leggja á sig að vaka á næturfundum, þegar aðrir leyfa sér að liggja í bóli sínu og eru ekki kvaddir til þingstarfa, þó að óskað sé, að fara á nefndarfundi að boði nefndarformanna eftir miðnætti, — það tel ég óþinglegt í alla staði og mótmæli því og fer enn þá fram á það við formann hv. heilbr.- og félmn., að hann fresti þessum nefndarfundi til fótaferðartíma í fyrramálið. Að svo mæltu læt ég máli mínu lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 25. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 659, 660 og 661).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Finnsson): Herra forseti. Áður en ég vík að frv. því, sem hér liggur fyrir, vil ég leyfa mér að gera með örfáum orðum grein fyrir afgreiðslu heilbr.- og félmn. á frv. um sama efni á þskj. 114. Minni hl. n., þeir Hannibal Valdimarsson og Jón Skaftason, hefur gefið út nál. um það frv. á þskj. 597, þar sem okkur, sem meiri hl. skipum, er borið á brýn, að við höfum tafið afgreiðslu málsins í n. Áminnzt frv. var nokkrum sinnum rætt í n., og við gerðum þá minni hl. jafnan grein fyrir, að við vildum ekki taka afstöðu til þess, fyrr en séð yrði, hverja afgreiðslu það frv. fengi, sem nú er komið til hv. d. frá Ed., þ. e. a. s. frv. Jóns Þorsteinssonar o. fl. á þskj. 64, sem flutt var áður en frv. Hannibals Valdimarssonar o. fl. kom fram í þessari hv. d. Þegar að því kom, að minni hl. n. tók ákvörðun um að gefa út nál. sitt, létum við í ljós, að við mundum enn bíða með að skila áliti um frv. á þskj. 114, þar sem við værum þessu frv. fylgjandi, og héðan af teljum við óþarft að gefa út nál. um frv. á þskj. 114.

Þegar ljóst var orðið, að það frv., sem hér liggur fyrir, mundi koma til kasta hv. d., var haldinn sameiginlegur fundur heilbr.- og félmn. beggja deilda til þess að flýta fyrir afgreiðslu málsins, þegar það kæmi til n. í Nd. Málið var rætt á hinum sameiginlega fundi og okkur, fulltrúum Nd., gafst tækifæri til að kynna okkur gögn málsins og umsagnir, sem fyrir lágu. Eftir þann fund taldi ég fyrir mitt leyti ekki ástæðu til annars en að ætla, að þegar heilbr.- og félmn. deildarinnar fengi málið til meðferðar, mundi afgreiðsla þess í n. ganga mjög greiðlega, þótt ekki yrðu allir á eitt sáttir um málið sjálft. Mér þykir rétt að geta um þetta vegna ágreinings, sem einn nm. gerði í gærkvöld við formann nefndarinnar út af boðun nefndarfundar að lokinni umr. þá, en vitanlega gat nefndarformanninn ekki órað fyrir því, að hv. 4. landsk. þm. mundi nota þetta mál til að setja met í samfelldum ræðuflutningi á þessu þingi með því að tala í 4 klst. og 20 mínútur samfleytt. Í framhaldi af þessu tel ég jafnframt skylt að geta þess, að hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, var ekki sjálfur mættur á hinum sameiginlega fundi, heldur mætti þar flokksbróðir hans, hv. 11. landsk. þm., Gunnar Jóhannsson, í hans stað.

Hv. stjórnarandstæðingar hafa síðast í gær kvartað undan því, að mál fengjust ekki afgreidd í nefndum. Ég vísa þessu á bug, hvað heilbr.- og félmn. hv. d. snertir. Sú nefnd hefur afgreitt öll mál, sem til hennar hefur verið vísað á þessu þingi, og haldið alls 21 fund. Þeir menn, sem krefjast afgreiðslu mála, mega ekki jafnframt láta það henda sig að skorast undan að mæta á nefndarfundum, jafnvel á óvenjulegum tímum, þegar líður að þingslitum. Mér skilst, að það hafi oft komið fyrir í þingsögunni, að fundir hafi verið boðaðir á óvenjulegum tímum, þegar líður að þinglokum.

Frv. Jóns Þorsteinssonar o. fl. á þskj. 64 felur það í sér, að á árunum 1962—1967 skuli launajöfnuður nást milli kynjanna í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu, en það eru þau störf, sem langalgengast er að konur og karlar vinni hlið við hlið. Þetta á að ske þannig, að hinn 1. jan. 1962 skulu laun kvenna hækka um einn sjötta hluta launamismunarins og síðan árlega um 1/6 hluta, þar til fullur launajöfnuður næst 1. jan. 1967. Þriggja manna nefnd á að fylgjast með launabreytingunum og því, hverjir eigi rétt til þeirra á hverjum tíma, og er hlutverk n. fyrst og fremst að tryggja þeim, sem réttinn eiga, þær hækkanir, sem þeim ber. Til þess að n. geti unnið þetta verk, er henni nauðsynlegt að fylgjast með gerðum kjarasamningum og breytingum, sem á þeim kunna að verða á hverjum tíma, því að ákvæði laganna hindra það á engan hátt, að launþegasamtökin semji sjálf við vinnuveitendur um að jafna launamismuninn á skemmri tíma en lögin ákveða.

Ég skal í örstuttu máli gera grein fyrir þeim umsögnum, sem heilbr.- og félmn. hv. Ed. bár-

ust um þetta frv. — Kvenfélagasamband Íslands telur frv. spor í rétta átt og að þær samræmingar launa, sem frv. gerir ráð fyrir, muni einnig hafa áhrif til samræmingar innan þeirra starfsgreina, sem frv. nær ekki til. Félag ísl. iðnrekenda, Félag ísl. stórkaupmanna, Kaupmannasamtök Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Vinnuveitendasamband Íslands og Verzlunarráð Íslands mótmæla öll frv. og telja varhugavert að lögbjóða kaup vissra starfshópa, án þess að tillit sé tekið til greiðslugetu atvinnuveganna. Alþýðusamband Íslands mótmælir frv. vegna þess, að það gangi of skammt, sbr. bréf sambandsins, sem prentað hefur verið sem fskj. með nál. Hannibals Valdimarssonar og Jóns Skaftasonar á þskj. 597 um frv. Hannibals Valdimarssonar o. fl. um þetta sama efni. 35 kvenfulltrúar á 27. þingi Alþýðusambands Íslands sendu áskorun til Alþingis um að samþykkja frv. Landssamband ísl. verzlunarmanna mælir með frv. og þeim framkvæmdamáta, sem þar er gert ráð fyrir að viðhafa á launajöfnuðinum. Kvenréttindafélag Íslands mælir fastlega með því, að frv. verði gert að lögum, þar sem lítil líkindi séu til þess, að launajafnréttið náist í einum áfanga. Iðja, félag verksmiðjufólks, skorar á Alþingi að samþykkja frv. Kvenfélag Alþfl. í Reykjavík og stjórn verkakvennafélagsins Framtíðarinnar í Hafnarfirði skora einnig á Alþ. að samþykkja frv., og stjórn Bandalags kvenna gerir slíkt hið sama.

Talsverðar umr. urðu um mál þetta við 1. umr. í gærkvöld, og talaði hv. 4. landsk. þm. í 4 tíma og 20 mín., eins og ég gat um áðan, án þess þó að segja nokkuð markvert, og mun ég ekki eyða tíma þingsins í að svara ræðu hans sérstaklega. En ég vil benda á í sambandi við launajafnréttismálið, að s. l. sex ár hefur mismunurinn, sem verið hefur á launum karla og kvenna, aðeins minnkað um 2%. En með frv., ef það verður að lögum, á það að vera tryggt, að mismunurinn hverfi á næstu sex árum, en sá mismunur, sem eftir er, er talinn vera 22% í þeim starfsgreinum, sem algengastar eru. Á það hefur verið bent, að í þeim kaupkröfum, sem nú eru uppi, sé ein aðalkrafan sú, að kaup kvenna verði 90% af karlmannskaupi. Um þetta vil ég segja, að allir, sem til kaupsamninga þekkja, vita, að venjan er sú, að þær kröfur, sem fram eru settar, fást aldrei samþykktar til fulls. Þess vegna má gera ráð fyrir, að þannig verði einnig með þessa kröfu. Og jafnvel þó að hugsanlegt væri, að atvinnurekendur kæmu í þessu efni til móts við kröfu verkalýðssamtakanna, er það eins líklegt, að þá líði ekki eitt ár, heldur fimm ár eða tíu ár, þangað til atvinnurekendur koma næst til móts við kröfur verkalýðssamtakanna að þessu leyti. Aftur á móti tryggir frv. það, að launamismunurinn hverfi í jöfnum skömmtum, ef svo mætti segja, á næstu sex árum. Ég tel þess vegna fyrir mitt leyti, og sú er skoðun meiri hl. heilbr.- og félmn., að með þessu frv. sé séð fyrir endann á lausn mikils réttlætismáls, og þess vegna leggjum við til, að frv. verði afgreitt frá þessu þingi, þó að segja megi, að æskilegt væri í slíku máli að geta stigið stærra spor.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Skaftason): Herra forseti. Frv. á þskj. 64 um launajöfnuð kvenna og karla var allmjög rætt hér í þessari hv. d. við 1. umr. í gærkvöld og fram á nótt. Í Ed. hafa sömuleiðis orðið um þetta mál miklar umr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þau atriði þessa frv., sem þegar hafa verið rædd af mörgum, og mun því reyna að komast hjá því að endurtaka mikið af því, sem áður hefur verið sagt.

Mér finnst, að aðalatriðið, sem hv. þm. verða að gera upp við sig, þegar þeir taka afstöðu til þessa frv., sé það, hvort það sé réttlætismál, að konur og karlmenn hafi sömu laun fyrir sömu vinnu. Og nú skilst mér, að um það ríki enginn ágreiningur á hv. Alþ., að eðlilegt sé, að konur og karlar njóti sömu launa fyrir sömu vinnu. Rökin fyrir þessari niðurstöðu eru mörg, en ég hygg, að ég rökstyðji þetta kannske bezt með því að lesa — með leyfi hæstv. forseta — örstuttan kafla úr grg. frv. Þar segir svo:

„Ástæðurnar fyrir mismun á launum karla og kvenna eru oftast taldar þær, að karlmenn búi yfir meira líkamlegu atgervi en konur og séu hæfari og afkastameiri til flestra starfa heldur en þær og þeim beri því hærra kaup. Þetta eru þó ekki sterk rök, þegar málið er athugað nánar. Í fyrsta lagi er þess að gæta, að sérlega erfið störf, sem karlmenn einir vinna, eru yfirleitt greidd með hærra kaupi en almennu karlmannskaupi í viðkomandi starfsgrein. Á því síður að vera því nokkuð til fyrirstöðu, að konur fái sama kaup og karlar í almennri vinnu. Í öðru lagi er vitað, að ýmis störf henta konum ýmist jafnvel eða betur en karlmönnum, en samt fá þær lægra kaup fyrir þau. Í þriðja lagi er launamismunurinn meiri en svo, að hann verði réttlættur með mismun á afköstum og hæfni. Í heild mun afkastamismunur karla og kvenna við sömu störf vera minni en innbyrðis afkastamismunur milli einstaklinga af sama kyni, sem hafa þó allir sömu laun, nema í þeim undantekningartilfellum, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða. Rökin fyrir launamismun hafa því ekki við mikið að styðjast. Sterkustu rökin fyrir launajafnrétti eru þau, að það er jafnkostnaðarsamt fyrir konur sem karla að lifa í þessu landi. Konur geta ekki búið við sömu lífskjör og karlar nema hafa sömu laun. Þær njóta engra lögbundinna forréttinda um útgjöld eða framfærslu."

Þeir hv. þm., sem fallast á þessi rök og fallast á þá skoðun, að eðlilegt sé, að kvenmenn fái sömu laun fyrir sömu vinnu og karlmenn, þeir hljóta líka í rökréttu framhaldi af því að komast að þeirri niðurstöðu, að nú sé rétt að bæta úr því óréttlæti, sem verið hefur um skipan þessara mála mörg undanfarandi ár, og láta þetta langþráða jafnrétti nú loksins koma til framkvæmda og það í einum áfanga. Þeir, sem telja eðlilegt að taka þetta spor í mörgum áföngum, verða, ef þeir eru á annað borð sannfærðir um, að réttmætt sé að greiða konum sömu laun fyrir sömu vinnu og karlmönnum, að færa sterk rök fyrir sínu máli, ef á að vera hægt að fallast á þá skoðun þeirra, að réttlætanlegt sé að láta konur bíða

enn þá í sex ár til þess að ná því launajafnrétti, sem allir eru sammála um að eðlilegt sé að þær fái.

Vil ég þá lítillega víkja að þeim rökum, sem er að finna fyrir því í grg. þessa frv., að eðlilegt sé, að konur nái þessu launajafnrétti ekki nema á sex ára tíma. Í grg. segir, að farsælast sé fyrir alla aðila, að launajöfnuðurinn nái fram að ganga smátt og smátt á nokkrum árum. Rökin fyrir þessu eru tvenn. Í fyrsta lagi, ef launajafnréttið eigi að nást í einu, þá geti það haft alvarlega röskun á atvinnulífinu í för með sér. Ef við stöldrum aðeins við og athugum þetta atriði lítið eitt, þá er sjálfsagt að viðurkenna, að ef á að færa laun kvenna í einu vetfangi upp í sömu laun og karlar hafa *fyrir sömu vinnu*, þá verður það að sjálfsögðu veruleg útgjaldaaukning fyrir atvinnuvegina í landinu. Það er sjálfsagt að viðurkenna það. En hver er hér inni þess umkominn að fullyrða, að þetta vandamál verði ekki nákvæmlega eins til staðar eftir sex ár, þegar launajafnréttinu á að hafa verið náð samkv. frv.? Ég fæ ekki betur séð en að það sé ómögulegt að halda því fram sem staðreynd, að atvinnulífið hljóti að sex árum liðnum að vera við því búið og þess umkomið að taka við þeim kauphækkunum, sem þetta frv. hefur í för með sér, frekar en það er fært um að taka við þeim í dag. Í öðru lagi er talað um það, að ef launajafnréttið komist á í einu stökki, hljóti það að leiða til atvinnuleysis hjá konum. Af þessu höfum við Íslendingar nokkra reynslu. Þegar er búið að koma á *þessu launajafnrétti* hjá nokkrum stórum vinnuveitendum í þjóðfélaginu, hjá ríki og bæjarfélögum, og á sumum stöðum á landinu mun launajafnrétti vera viðurkennt með samningum. Þess hefur ekki orðið vart, að reynsla sú, sem fengizt hefur á þessu sviði, bendi endilega til þess, að sérstakt atvinnuleysi skapist hjá konum fyrir það, að þær fái sömu laun fyrir sömu vinnu og karlar, enda segja flm. sjálfir í grg. með frv., að rökin fyrir því, að vinna kvenna við flestöll störf sé lélegri en karla, séu mjög léttvæg. Ég held því, að hvorug þessara mótbára, sem sé sú í fyrra lagi, að launajafnrétti í einu vetfangi hljóti að valda röskun í atvinnulífinu, og í síðara lagi, að það hljóti að skapa atvinnuleysi hjá konum, hafi við mikil rök að styðjast.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar, að ég teldi það aðalatriði þessa máls, hver skoðun hv. alþm. væri á því, að launajafnrétti ríkti milli kvenna og karla. Ef menn eru þeirrar skoðunar, að svo eigi að vera, sem ég tek fyllilega undir, þá er alveg ástæðulaust að láta konurnar bíða enn þá í sex ár eftir að ná þessu jafnrétti, þær hafa þegar beðið nógu lengi. Í grg. með frv. er talað um, að það sé augljóst mál, að launajöfnuður verði ekki tryggður á annan hátt hér á landi en með löggjöf. Um þetta vil ég ekki fullyrða. Ég nefndi hér áðan, að á nokkrum stöðum hefur fyrir samninga tekizt að ná launajafnrétti karla og kvenna, og síðar í grg. með frv. þessu er á það bent, að í Svíþjóð hafi með samningi milli samtaka atvinnurekenda annars vegar og launþega hins vegar náðst samkomulag um, að kvenfólk skuli fá sömu laun og karlar fyrir sömu vinnu á fimm árum. Ég er ekki það vel að mér í verkalýðsmálum, að ég sjái í fljótu bragði, hvernig það má vera ómögulegt að ná slíku launajafnrétti hér á landi með samningum, eins og var gert í Svíþjóð. Og á eitt vil ég benda. Ef líkur eru á því, sem sumir telja, að möguleikar séu á að ná launajafnrétti fyrir aðgerðir launþegasamtakanna í landinu, þá mega hv. alþm. mjög vara sig á því, að þeir séu ekki með þessu frv. að seinka þróun þessara mála, sem gæti fengizt fyrir frjálst samkomulag atvinnuveitenda og launþega. En ég tel mjög mikla hættu á, að svo geti verið.

Eins og ég hef reynt að benda á, tel ég, að á frv. þessu séu miklir ágallar. Ég hef því leyft *mér að flytja á þskj. 660 nokkrar brtt. við frv.* Sú helzta er 6. brtt. mín á þskj. 660, um það, að lög þessi skuli öðlast gildi 1. júlí 1961. Aðrar brtt. mínar leiðir af því ákvæði.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. þetta á þessu stigi málsins. Ég hef skrifað undir nál. minni hl. heilbr.- og félmn. þessarar d., þar sem mælt er með því, að launajafnrétti kvenna og karla skuli komast á í einu vetfangi, og ég tel, að það frv. sé miklu hagstæðara kvenfólkinu, launþegum, verkakonum í þessu landi, sem hafa beðið í mörg ár eftir að ná launajafnrétti, sem allir hv. alþm. virðast vera sammála um að eðlilegt sé að þær fái.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): *Herra forseti. 1. umr. um þetta frv. hér í þessari hv. deild lauk á þriðja tímanum í nótt, og fór ég þá fram á það, að nefndarfundur, sem boðaður hafði verið í nótt, eftir að næturfundur hófst á Alþingi, yrði ekki haldinn fyrr en um fótaferðartíma í dag. Mér fannst þetta ekki næsta ósanngjörn krafa eða ósk, en við henni gat hv. form. n. ekki orðið. Það lá svo mikið á að halda þennan nefndarfund, að hann skyldi haldinn síðari hluta nætur, hvað sem öllum sanngjörnum óskum leið um annað. Það er þó alveg augljóst mál, að það hefði ekki þurft að tefja minnstu vitund fyrir afgreiðslu málsins, þó að fundurinn hefði verið haldinn núna í morgun, stutt nál. gefin út og þau áreiðanlega getað verið komin hér undir afgreiðslu málsins á þingfundi í dag eða jafnvel fyrir þingfund. En það er háttur hv. meiri hluta nú á Alþingi að auglýsa það sem allra bezt fyrir alþjóð, að þingræðið sé orðið að skrípaleik og að hér sé ofbeldi beitt á löggjafarsamkomu íslenzku þjóðarinnar, enda getur það í þessu máli og reyndar ýmsum fleiri ekki farið fram hjá þeim, sem fylgjast með því. Ég hefði vænzt annars af hv. formanni heilbr.- og félmn. en hann léti nota sig eins og verkfæri til þess að fremja ofbeldi á þingbræðrum sínum. Ég held, að það þurfi enginn að kveinka sér undan því, þegar maður segir, að maður hafi vænzt annars og betra af manninum, því að það er að vissu leyti traustsyfirlýsing og þó að vísu vantraust um leið, og það finnur hv. þingmaður. Hann hefði ekki átt að láta brúka sig á þennan hátt. Þessi vinnubrögð í sambandi við þetta mál á liðinni nóttu voru því furðulegri og vítaverðari, þegar*

litið er til þess, að í gærdag voru hér felldir niður fundir á hv. Alþingi á miðjum degi fyrir venjulegan þingfundartíma og þingmenn síðan kallaðir fyrst aftur til fundar, þegar komið var langt fram á kvöld. Þá voru m. a. tekin af dagskrá mál, sem ég get ekki séð að þingið, sóma síns vegna, geti annað en tekið til umræðu, geti skotið sér undan að ræða og afgreiða, en þessi voru vinnubrögðin í gærdag. Ég tel, að það beri að harma, að slíkum vinnubrögðum skuli vera beitt nú á seinustu dögum þingsins.

Það var svo kórónan á öllu þessu ofbeldistilræði við þingmenn, að þegar 1. umr. málsins lauk hér í nótt, var þingið ekki starfhæft. Þá kom það í ljós, kom átakanlega í ljós, að þingsamkoman var ekki fær um að afgreiða málið, ljúka umræðunni, koma málinu til nefndar. Þá varð uppi fótur og fit, fjaðrafok í stjórnarliðinu, menn þess sváfu úti um alla borg, og það var ekki hægt að ná þeim í þingsalinn, og allt þetta offors hafði þó verið til þess gert að geta lokið 1. umr. um málið og komið því til nefndar. Ég sé ekki, að það sé neitt á móti því, að það sé kunnugt gert, að þegar ég hafði hvað eftir annað beðið um það, að nefndarstörfum yrði frestað til fótaferðartíma í morgun, þá gekk einn af mætum mönnum úr liði stjórnarinnar, einn úr hæstv. ríkisstj., í það, að ég veitti stjórnarliðinu aðstoð til þess að koma málinu til nefndar, til þess að geta lokið umræðunni og framkvæmt hér atkvgr. og komið því til nefndar, hvað ég að hans ósk gerði. En svo mikið lá á, að áður en þessi atkvgr. hafði komizt í framkvæmd, var form. hv. heilbr.- og félmn. margsinnis búinn að kalla menn út úr þingsalnum til þessa næturfundar í nefndinni, áður en atkvgr. hófst eða umræðunni hafði þannig verið lokið, en það, að henni yrði lokið, dróst langa lengi, vegna þess að þingið var augljóslega ekki starfhæft, svo að hann varð um síðir að bíða. En tilmæli til hans frá einum af ráðherrum ríkisstj. um að hætta við það ósæmilega athæfi að knýja fram nefndarfundinn gegn mótmælum í nótt voru að engu höfð.

Ég trúi því ekki, að hæstv. ráðh., sem sváfu, mæli svona vinnubrögðum bót. Ég trúi því ekki, að hv. þm., sem nú eru komnir á fætur, telji þetta viðunandi vinnubrögð. Það var stundum að undirlagi dönsku einokunarverzlunarinnar hér á landi þannig, að faktorarnir þeirra frömdu meiri og verri fólskuverk en húsbændur þeirra heimtuðu af þeim, og þannig hefur það orðið hér, að verkfæri hæstv. stjórnar hafa framkvæmt þá hluti, sem ég er alveg viss um að ekki hafa verið heimtaðir af þeim og ekki verið ætlazt til að þeir gerðu. Það er sama sagan um litla karla, þegar þeir vilja í þrælsótta þjóna sínum herra og láta það svo bitna á öðrum.

Það er rétt, sem kemur fram í nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. d., að Hannibal Valdimarsson var fjarstaddur, þegar n. afgreiddi málið á nefndarfundi kl. að verða 3 í nótt, af því að ég vildi mótmæla þessum vinnubrögðum og ekki taka þátt í því nefndarstarfi að afliðandi nóttu, en bauðst hins vegar til þess að gera það, um leið og virkur dagur byrjaði, hvað ekki var þegið. Ég sé, að það er líka tekið fram í þessu nál. í sambandi við frv. mitt og nokkurra annarra þm. Alþb. um sömu laun kvenna og karla, að meiri hl. hv. n. hafi nú gert það upp við sig, að hann sjái ekki ástæðu til að skila neinu nál. um það mál. Næturfundurinn varð til þess, að þeir tóku ákvörðun um það að skila engu nál. um það mál, sem raunverulega er um launajafnrétti kvenna og hefur legið fyrir þessu þingi frá því á haustnóttum.

Mér þykir það frekar til bóta, að þessi játning skuli koma fram í þingskjali, því að það eru líka óneitanlega leið og óþingleg vinnubrögð, að á því máli skuli hafa verið legið allan þingtímann. Bæði þessi mál hefði verið miklu sæmra að taka fyrir fyrir löngu og afgreiða þau hér í þinginu með eðlilegum hætti, láta fara fram um þau bæði umr. undir eðlilegum kringumstæðum og að þm. hefðu sýnt kjark í því að greiða atkv. með og móti þessum málum, svo að afstaða þeirra til málanna væri ekki raunverulega samfelldur feluleikur, eins og þetta er nú augljóslega. Menn eru að fela afstöðu sína gagnvart því, hvort þeir vilji viðurkenna fullt launajafnrétti kvenna og karla sem réttlætismál eða ekki. Þess vegna eru þeir að komast hjá því með svona bolabrögðum, að fram fari lokaafgreiðsla í þinginu á frv. okkar Alþýðubandalagsmanna um sömu laun kvenna og karla, og sýnist mér það vera lítið karlmannlegt.

Hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., Birgir Finnsson, minntist nokkuð á efni þess frv., sem hér liggur fyrir, frv. um launajöfnuð kvenna og karla, og skal ég ekki fara rækilega út í það, því að það gerði ég í ræðu minni í nótt við 1. umr. málsins, en það er rétt, sem frsm. segir, efni frv. er í fyrsta lagi það, að á árunum 1962—67 skuli kaup kvenna hækka, eins og þar stendur, til jafns við laun karla, — sem væntanlega þýðir ekki, að það eigi að hækka jafnmikið og kaup karla, heldur hitt, að kaup kvenna að þessu tímabili liðnu sé orðið jafnhátt og karlmannskaupið í landinu, — fyrir störf í eftirfarandi starfsgreinum, og svo er bara nefnt þrennt: verkakvennavinna, verksmiðjuvinna og verzlunar- og skrifstofuvinna. Þetta launajafnrétti, sem koma á í áföngum að loknu árinu 1961 og síðan með nokkurra aura hækkun á tímakaupi kvenna frá 1962—67, á þá eingöngu að ná til þeirra kvenna, sem vinna samkvæmt samningum um verkakvennavinnu, samkvæmt samningum félagsins Iðju í Reykjavík og samkvæmt samningum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Allir aðrir launþegar kvenna skulu ekki fá neinar launabætur og ekkert nálgast launajafnrétti á þessu 6 ára tímabili. Yfir þessu eru hv. stjórnarliðar, að því er virðist, mjög ánægðir og sigurglaðir, hafa við orð, að þetta sé stórsigur, líkt og þeir unnu stórsigur, þegar þeir voru að bregðast þjóðinni í landhelgismálinu. Þannig eru þeirra sigrar. En mér finnst heldur lítið til, og stjórnarandstöðunni hér á Alþingi finnst heldur lítið til koma svona sigurvinninga. Og ég hygg, að það verði dómur ekki aðeins kvenþjóðarinnar, heldur þjóðarinnar í heild, að þarna sé lítill

sigur unninn í launajafnréttisbaráttu kvenna.

Ég held, að hv. frsm. meiri hl. hafi líka minnzt á það, að þessa árlegu launahækkun skuli ákveða af þriggja manna nefnd, launajafnaðarnefnd, nefnd, sem á að úrskurða um þessar lögfestu kauphækkanir, rannsaka alla kauptaxta verkakvennafélaganna í landinu, og gerðum þeirrar nefndar má ekki áfrýja til neins dómstóls né heldur til neinna annarra aðila. Þessi nefnd er því dómstóll, og hann er þannig skipaður, að verkalýðssamtökin eiga einn af þremur dómendum hans. Menn geta ímyndað sér það og einkum þá menn, sem starfað hafa í verkalýðshreyfingunni, eins og hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., Birgir Finnsson, hefur gert, menn hljóta að gera sér það í hugarlund, hversu ánægð verkalýðshreyfingin sé með það, þar sem hún á þó að heita að hafa samningafrelsi um kaup og kjör í þessu landi, að úrskurður um launamál sé í höndum nefndar eða dóms, sem verkalýðshreyfingin eigi í einn fulltrúa af þremur. Ég er alveg sannfærður um það, að um þetta verður engin ánægja í verkalýðshreyfingunni. Út af þessu verður sár gremja í allri verkalýðshreyfingunni, ekki aðeins í verkakvennafélögunum, heldur engu síður í verkamanna- og sjómannafélögunum. Hér mun verða kveðinn upp sá dómur, sem verður ekki heldur áfrýjað, að hér sé skert samningafrelsið í landinu og það svo, að lítt viðunandi sé.

Í 4. gr. frv. segir enn fremur, að engir samningar, sem stéttarfélögin geri viðvíkjandi launum kvenna, hafi gildi, nema nefndin staðfesti slíka samninga. Þó að samningar milli verkakvennafélaga og vinnuveitenda hafi verið undirritaðir af báðum aðilum, eru þeir ógilt plagg, nema því aðeins að þessi virðulega og valdamikla nefnd hafi staðfest samningana. Þetta er líka slík lítilsvirðing, sem verður ekki við unað.

Þannig er þetta frv. frá upphafi til enda. Það er á allan hátt ófullnægjandi, og það fer í þá átt að lítilsvirða og smána verkalýðshreyfinguna í landinu. Af þeim sökum er ógerlegt fyrir okkur, sem stöndum að verkalýðshreyfingunni á einhvern hátt, að eiga hlut að því að samþykkja slíkt frv. sem þetta, og gerum við því ítrekaðar tilraunir til þess að fá því gerbreytt, þannig að í raun og veru komi út úr því allt annað frv. Að því hníga þær tillögur, sem við berum fram við frv.

Menn hafa nokkuð deilt um það á undanförnum árum, hvort væri réttara að leiða launajafnréttismál kvenna til lykta eftir samningaleiðinni eða með lagasetningarleiðinni. Mönnum hefur stundum fundizt, að það miðaði seint að markinu með samningum, atvinnurekendurnir stæðu fastir gegn þessu réttlætismáli, svo að bilið milli kaups kvenna og karla mjókkaði mjög seint. En ég sýndi fram á það í ræðu minni í nótt, að þegar litið er á nokkru lengra tímabil, er þó munurinn nú á launakjörum kvenna og karla allur annar en hann var, þegar verkakvennafélögin hófu hér á landi sína baráttu fyrir auknum launajöfnuði á móts við karlmenn. Ég skýrði frá því, að um það leyti sem verkakvennafélagið Framsókn í Reykjavík var stofnað, hafi karlmannskaupið verið 25 aurar á tímann, en kvennakaupið 12 aurar á tímann, þ. e. a. s. innan við helming. Það var ekki nema 48 eða 49% þá af kaupi karlmanna. Enn erum við óánægðir með útkomuna eftir hina löngu baráttu um áratugi. En sakirnar standa þó þannig, að í dagvinnu er kvenfólkið með 78.08% af kaupi karla, með nokkru hærra kaup, um og yfir 80%, í tveimur næstu kaupgjaldsliðum þeirra og 100% eða sama kaup og karlmenn hafa í mörgum tegundum vinnu, sem að magni til munu víða vera 20—25% af þeirri vinnu, sem konur inna af hendi í þjónustu framleiðsluatvinnuveganna. Það má því segja, að að meðaltali láti nærri, að kaup kvenna sé nú orðið 83—85% af kaupi karla, og þó verður þetta aldrei reiknað út nákvæmlega. En það er áætlun mín, að ef tekið væri meðaltal af þessum misháu töxtum kvenna, frá lægsta taxtanum í hinni almennu dagvinnu og töxtunum, sem gilda fyrir flökun á fiski og vinnu við skreið og saltfisk víðast hvar um landið, sem er sama og karlmannskaup, að þá yrði meðaltalið um þetta. Það, sem eftir er þá, er það að vinna síðasta áfangann, um 15—17%, upp, og það hefur verkalýðshreyfingin ætlað sér að gera í tveimur samningaáföngum, ef málið leysist að samningaleiðinni.

Ég gerði líka þá áætlun hér í nótt og játa þó, að hún styðst ekki við alveg óyggjandi útreikninga, þeir liggja ekki fyrir, svo að ég viti, neins staðar, að kvenfólkið taki þátt í framleiðsluatvinnuvegunum, í hraðfrystihúsum og við fiskvinnslustörf, bæði við skreið og saltfisk, og í hraðfrystihúsunum, þannig að þeirra vinnuafl sé um það bil þriðji partur af því vinnuafli, sem þarna er lagt fram, að karlmennirnir séu þar að meðaltali með um ⅔ vinnuaflsins. 15% hækkun til kvenna, sem mundi leiða til launajafnréttis þeirra við karlmenn, samsvarar því í raun og veru ekki meiri launaútgjöldum hjá atvinnulífinu en sem jafngilti um 5% hækkun til karlmanna. Og þetta leiðir til þeirrar niðurstöðu hjá mér, að ég held, að það sé hugarburður einn og fjarstæða, þegar menn eru að gera því skóna, að þarna sé um svo gífurlega mikla útgjaldaaukningu að ræða, ef launajafnrétti kvenna væri samþykkt með löggjöf í einum áfanga, að atvinnulífið rísi ekki undir því, þjóðfélagið sporðreisist og þar fram eftir götunum og verði því að taka þennan mismun, sem eftir er, á löngu árabili, smátt og smátt. Ég held, að það sé algerlega ástæðulaust.

Það er önnur ástæða til þess, að menn eru að stimpast enn þá á móti þessu. Hún er sú, að þeir eru andvígir réttlætismálinu, launajafnrétti kvenna og karla, þótt þeir beri hitt fyrir sig, að þjóðfélagið hafi ekki efni á þessu, nema þá a. m. k. að það komi á löngum tíma, smátt og smátt. Það er aldrei hægt að gera þetta, ef ekki nú, þegar skýrslur liggja fyrir um það, að þjóðarframleiðslan hefur aukizt um 35.5% eða meira en um þriðjung á síðustu 5 árum. Einmitt þegar svo hefur árað hjá þjóðfélaginu, á að grípa tækifærið til þess að leiðrétta slíkt ranglæti sem hér er um að ræða. Að þessu vék hv. frsm. 1. minni hl. hér áðan, og ég er honum alveg sammála um, að það eru litlar líkur

til þess, að í annan tíma ári betur til þess að leysa þetta mál til fulls heldur en einmitt nú, þegar opinberar skýrslur sýna slíka aukningu framleiðsluteknanna hjá þjóðinni, sem nú liggja örugglega fyrir.

Mér er það ljóst, að málið verður ekki leyst í einum áfanga nema með lagasetningarleiðinni. Ég tók eftir því í hv. Ed., að í umr. í gær lýsti frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. Ed., frú Auður Auðuns, því yfir sem sinni skoðun, að nú kæmi varla önnur leið en lagasetningarleiðin til greina. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þær komi báðar til greina fyllilega enn, og ef lagasetningarleiðin er hugsuð á þann veg að leysa þetta mál í smápörtum, sennilega sýnu smærri pörtum en samningaleiðin leiðir til, þá sé hún tvímælalaust lakari. En lagasetningarleiðin gæti haft þann kost einmitt umfram samningaleiðina að leysa málið í einum áfanga á þeirri stundu, sem þingheimur væri orðinn sannfærður um, að hér væri um réttlætismál að ræða, — og réttlætismálið, þegar þeir hafa viðurkennt það, eiga þeir að leysa auðvitað í einum áfanga, en ekki í smápörtum. Það er engin ástæða til þess að parta réttlætið niður.

Einustu rökin, sem frambærileg væru fyrir því, að menn vildu ekki leysa þetta mál til fulls að lagasetningarleiðinni, væru þau, að það stæði enn þá í meiri hl. þingheims að viðurkenna þessa lausn málsins sem réttlætismál. En hér liggur nú fyrir, að langsamlega yfirgnæfandi meiri hluti þings, stjórnarandstaðan öll og ýmsir menn úr stjórnarliðinu telja sig hafa viðurkennt það til fulls, vera sannfærðir um, að það eigi að leysa þetta sem réttlætismál, og þá eiga þeir ekki að vera með neitt hálfkák lengur, þá eiga þeir að ganga að því verki að leysa málið á þann veg.

Í hv. Ed. var í gær mjög á því hamrað, að það væri undarlegur stuðningur, sem málinu hefði nú borizt, þegar hv. framsóknarmenn væru nú orðnir slíkir fylgjendur launajafnréttis kvenna, að þeir legðu til, að launajafnréttið yrði afgreitt með löggjöf frá einum og sama degi, eða nánar tiltekið frá 1. júlí þ. á. Í tillögum framsóknarmanna í Ed., sem einnig eru nú fluttar hér í þessari hv. d. óbreyttar, er líka lagt til, að launajafnréttið, sem taka skuli gildi frá 1. júlí þ. á., skuli ná til allra kvenna, hvar sem þær ganga að starfi í landinu, í hvaða stétt sem þær eru. Ef það væri svo, að hv. flm. þessa frv. væru sannir og einlægir áhugamenn fyrir því að leiða þetta mál til lykta, þó svo aldrei nema þeir á s. l. hausti hafi talið, að ekki væri líklegt, að meiri hl. fengist á Alþingi fyrir stærra skrefi en því, að launajafnrétti fengist lögfest á sex ára tímabili, hvað áttu þeir þá að gera, þessir áhugamenn, þegar þeir urðu þess varir, að Framsfl. hér á Alþingi bauðst til að ganga lengra og samþykkja launajafnréttið þegar á þessu þingi? Var það eðlilegasta viðbragðið að hreyta í þá skætingi, láta illa við því, að þeir skyldu bera fram tillögur um fullkomið launajafnrétti, beita fyrir sig einu konu deildarinnar til þess að akneytast út af þessu? Nei, mér fannst það alveg óskiljanleg framkoma. Ég hefði haldið, að það eðlilegasta hefði verið, að það hefði komið fram yfirlýsing um það frá flutningsmönnum: Hér hefur skapazt nýtt viðhorf. Það er möguleiki í hv. d. til þess að komast lengra með málið en okkur óraði fyrir, og við gerum þessar brtt. að okkar tillögum.

Í stað þess var á því hamrað, að Framsfl. færist ekki að bera slíkar tillögur fram, því að framsóknarmenn hefðu alltaf verið á móti auknu launajafnrétti kvenna. En það var að því er snerti þingsögu þeirra afsannað með því að upplýsa, að í umr. á hv. Alþ. þegar á árinu 1948 um frv. til laga um réttindi kvenna hefði fulltrúi Framsfl. í Ed. lýst sig fylgjandi fullkomnu launajafnrétti. Það var einnig upplýst í þessum umr. undir þessum ásökunum, að í vinstri stjórninni skárust framsóknarmennirnir ekki úr leik, þegar vinstri stjórnin ákvað 5% kauphækkun, með þeirri viðbót, að konur skyldu fá í krónutölu sömu kauphækkun og karlmenn og þannig 7% hækkun, þegar hin almenna kauphækkun hjá körlum var 5%, og varð því þessi ráðstöfun vinstri stjórnarinnar til þess, að kaupgjaldsmismunur kvenna og karla minnkaði við þessa lagasetningu um 2%. Enn fremur varð ekki komizt hjá því að minna á það, að þegar ríkisstj. Emils Jónssonar skar niður kaup karla og kvenna og allra launþega í landinu um 10 vísitölustig í ársbyrjun 1959, þá varð útkoman, þegar fram kom till. um, að lægsta kaupi í landinu, kaupi kvenna, yrði hlíft við þessum niðurskurði og látið standa óbreytt, þá veittu framsóknarmenn á Alþ. þeirri till. stuðning, en fulltrúar verkalýðsflokksins, sem svo kallar sig enn, Alþfl., veittust gegn þeirri till. og beittu hnífnum á kvennakaupið engu síður en á annað kaup og skáru það niður, en drápu þessa till. En með samþykkt þessarar till. hefði kvennakaupið verið komið á einni svipstundu upp í 90% af kaupi karla, eða unninn sá sigur í einu vetfangi, sem verkakvennahreyfingin hyggst nú vinna við samningaborðið, jafnvel þó að það kosti verkfallsbaráttu og verkfallsfórnir.

Nei, það átti ekki að svara framsóknarmönnum, þegar þeir fluttu tillögur um fullkomið launajafnrétti til allra kvenna frá og með 1. júlí n. k., með skætingi. Til þess stóðu engin rök í þessu máli. Það var líka allsendis óviðunandi og óviðurkvæmilegt að hunza tillögur Alþb., sem fram voru lagðar í hv. Ed., því að þær voru orðrétt samhljóða tillögum, sem hv. 10. þm. Reykv. hafði áður átt hlut að því að flytja á Alþ., hæstv. núv. félmrh. hafði átt hlut að því að flytja á Alþ. og hæstv. menntmrh. hafði einnig verið meðflytjandi að á Alþ. Þegar sá möguleiki blasti líka við að endurbæta það frv. til launajafnaðar, sem fyrir lá í þinginu, á þann veg, að það yrði í samræmi við tillögur, sem þrír af aðalforustumönnum Alþfl. höfðu áður flutt á Alþ., þá er það alveg furðulegt, að við slíkum tillögum skuli vera snúizt með handjárnuðu stjórnarliði á þann hátt, að ekki einn einasti maður greiði þeim atkv., heldur felli þær sem snarast.

Ég verð því að segja það, þegar ég lít yfir þessa atburði gærdagsins, að það er mikil breyting orðin á tveimur stjórnmálaflokkum, ef

marka má það, sem sagt var viðvíkjandi launamálum, sérstaklega launamálum kvenna, Framsfl. og Alþfl. Ef Framsfl. hefur illa fortíð í þessu máli, þá er hann nú orðinn býsna góður, og ef Alþfl. á glæsilega fortíð í þessu máli, þá er hann orðinn býsna illur og bölvaður í launamálum, og líklega er það, að nokkuð sé satt í því, að þróunin hefur gengið í þessa átt. Framsfl. hefur vaxið víðsýni í kaupgjaldsmálum á liðnum árum og áratugum, og Alþfl. hefur gengið hana móður sína ofan í gröfina á þessu sviði, gengið aftur á bak.

Ég tók eftir því, að hv. frsm. 1. minni hl. í hv. Ed., Karl Kristjánsson alþm., sagði í gær í sinni ræðu: „Baráttan fyrir launajafnrétti kvenna er að komast á lokastig, og það þýðir engum að stimpast lengur við því, að þetta réttlætismál nái fram að ganga.“ Þetta er hárrétt mat, hárrétt mat manns með opin augu fyrir því, hvernig þróunin er og hefur verið. Og hann sagði einnig réttilega: „Nú er kominn dómsdagur í þessu máli, dómsdagur yfir Alþfl., og það vill svo vel til, að hann hefur nú dómsvaldið í sínum höndum, getur dæmt þessu réttlætismáli fullan sigur, ef hann vill“.

Það er ómögulegt að komast fram hjá því, að annaðhvort er það rétt ellegar það er ekki rétt, að konur hafi sömu laun og karlar, og afstöðu eiga menn að taka til málsins á þann veg út frá því meginsjónarmiði, en réttlætið í sjöttu þörtum eða sjöundu þörtum er háðung og svívirða og ekkert annað. Það er meira en lítið grunsamlegt, að meðan lítið gekk í kaupgjaldsbaráttu kvenna, lítið miðaði í áttina, kom ekkert slíkt frv. fram frá Alþfl. um að mjaka þessu nú áfram með lagasetningarleið á 6 eða 7 árum. En nú, þegar skriður var kominn á kaupgjaldsbaráttu kvenna og verkalýðshreyfingin hafði sett sér það mark að leysa þetta mál í tveimur stórum áföngum, þá kom frv. um að gera það ekki svo fljótt: við skulum fara hægar, við skulum gera það á 6 eða 7 árum, einu ári, sem engar ráðstafanir eru gerðar, og síðan á 6 árum. Við skulum gera það á þann veg, að konur fái 76 aura hækkun á klst. á ári hverju á næstu 6 árum. En það er það, sem nú er lagt til.

Enn þá er ekki genginn dómur um það hér í hv. Nd., hvort tillögur frá orði til orðs samhljóða þeim, sem forustumenn Alþfl. hafa áður flutt á Alþ., fá stuðning þeirra eða ekki. Ég á bágt með að trúa því, að þær verði ekki samþykktar. Ef þær yrðu samþykktar, þá væri frv. orðið allt annað en það var í upphafi, og það er í raun og veru það, sem á að gerast af löggjafarsamkomu, sem er frjáls og óbundin. Ef menn þreifa fyrir sér um, hverju sé hægt að koma fram til bóta í einhverju máli, og svo reynist þingmeirihluti vera fyrir því að þoka góðu máli lengra áleiðis, þá á sízt af öllu að standa á flm. sjálfum, áhugamönnunum, sem segjast vera baráttumennirnir fyrir hinu góða máli, að þiggja útrétta hönd og taka við þeim endurbótum, sem hægt er að fá á málinu.

Eitt af því, sem sagt var viðvíkjandi hinum ágætu tillögum framsóknarmannanna í Ed. um að innleiða launajafnrétti kvenna og karla þegar á þessu ári, miðju þessu ári, var að skjóta því að framsóknarþingmönnunum, hvort þeir vildu ekki taka sig út úr og framkvæma fullt launajafnrétti kvenna hjá atvinnufyrirtækjum Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Þetta átti að vera sem hnífstunga, sem var beint að samvinnuhreyfingunni. Því var til svarað, og það er auðvitað það sanna í málinu: Samband ísl. samvinnufélaga, samvinnuhreyfingin, þarf að sækja til bankavaldsins um lán, og þar er nú enn þá högum háttað þannig að mestu leyti, að atvinnurekandi, sem tæki sig út úr og yrði við sanngjörnum kröfum verkalýðsins og verkalýðssamtakanna um að greiða hærra kaup en almennt væri goldið, — má ekki slíkur aðili búast við því, að við hann væri sagt: Nú, þú ert svo efnaður, að þú getur borgað hærra kaup en almennt er greitt. Hvað ert þú að koma hér og biðja um lán? Þú getur verið án þess. — Þannig veit maður, að er haldið á málum gagnvart einstaklingum, sem vildu sýna sanngirni og verða við óskum verkalýðssamtakanna um kauplagfæringar. En ef þetta væri nú ekki svona, mætti þá ekki hinn góði vilji til þess að framkvæma launajafnrétti koma einhvers staðar annars staðar fram líka? Væri nokkuð undarlegt, þó að menn spyrðu: Vill ekki Bæjarútgerð Hafnarfjarðar taka sig út úr og borga allt í einu kvenfólki sama kaup og körlum? Þar ráða Alþfl.-menn, áhugamennirnir, sem standa hér að frv. um launajafnrétti kvenna og karla. Mætti ekki ætlast til þess, að Bæjarútgerð Reykjavíkur gerði þetta? Ötull og þróttmikill Alþfl.-maður er þar við stýrið, og hann gæti gert þetta, þó að löggjafarvaldið skipaði honum ekki fyrir um það. Hafnarfjarðarbær undir aðalforustu hæstv. félmrh. ætti að gera þetta.

Hæstv. félmrh., Emil Jónsson, hafði framsögu fyrir þessu máli í hv. d. í gærkvöld, þegar nætурfundurinn byrjaði, og uppistaðan í hans ræðu var það, þegar hann leit yfir farinn veg, að Íslendingar hefðu sýnt mikið viðsýni í réttindamálum kvenna og Íslendingar hefðu því góðu heilli verið langt á undan öðrum þjóðum í að veita konum réttindi. Og nú kom þetta stórkostlega réttarbótamál á döfina, svo að hann fullyrti, að hér væri, ef þetta frv. yrði að lögum, unninn stórkostlegur sigur. Ég trúi því ekki, að hæstv. félmrh. hafi sagt þessi orð að athuguðu máli, að Íslendingar hafi verið alveg sérstaklega viðsýnir gagnvart réttindamálum kvenna. Það þarf ekki að líta langt yfir sögu okkar til þess að ganga úr skugga um, að því fer víðs fjarri, að þessu sé svona farið. Fram yfir miðja 19. öld voru það lög á Íslandi, að dætur íslenzkra feðra skyldu aðeins hafa hálfan arf móts við bræðurna. Það var á árinu 1850, sem út var gefin konungleg tilskipun, hvar í stóð: „Eftir þennan dag (það var 25. september árið 1850) skal mismunur sá, sem eftir ákvæðum dönsku og norsku laga skyldi vera á arfahlutum karla og kvenna, vera af tekinn í landi voru, Íslandi.“ En allt fram að þessum tíma hafði réttur stúlkunnar móts við drenginn verið helmingurinn. Það var á seinustu árum 19. aldarinnar, sem þær konur, sem veittu búi forstöðu, voru enn fremur 24 ára, máttu öðlast kosningarrétt og kjörgengi til sveitarstjórna og safnaðarnefnda með sömu

skilyrðum og það væru karlmenn. En fram að þessum tíma hafði engin kona mátt njóta þess réttar að taka þátt í sóknarnefnd eða hreppsnefnd. Um allar aldir fram að þessum tíma, fram í lok 19. aldar, hafði konan verið alveg réttlaus á þessu sviði. Dásamlegt viðsýni hafði ríkt hjá Íslendingum, að því er þetta snerti! Þetta skyldi veita þeim, ef þær voru svokallaðar sjálfstæðar konur, þ. e. a. s. voru í sporum bóndans, veittu búi forstöðu og voru eldri en 24 ára, þá máttu þær nú fá kosningarrétt í sveitarstjórnarmálum, sjálfstæðar konur. En þrátt fyrir þetta var þess enn þá langt að bíða, að konur fengju almennan kosningarrétt á Íslandi í þjóðmálum. Nokkrum árum eftir að hinar sjálfstæðu konur fengu kosningarrétt í sóknarnefnd, var gefin út konungleg tilskipun, til þess að konur mættu ganga undir próf í Lærða skólanum og njóta kennslu í Prestaskólanum og Læknaskólanum. Það eru nú 75 ár síðan þetta var svona. Aðeins á seinustu 75 árum Íslandssögunnar hafa konur haft réttindi til þess að mega ganga undir próf í íslenzkum skólum eða mega njóta kennslu án þess að fá próf eða nokkur starfsréttindi að námi loknu. Og svo eru menn að fjargviðrast yfir því, hvað íslenzka þjóðin hafi verið viðsýn í garð kvenna. Nei, það hefur verið litið á þær sem þræla allt fram að síðustu áratugum og er litið á þær sem þræla að sumu leyti enn. Þær skulu fá að þræla íslenzku þjóðarbúi fyrir smánarlaun, og leiðréttíng á því fæst ekki enn þá á hv. Alþingi Íslendinga, menn spyrnast á móti því, að það sé gert, þó að þingmeirihluti blasi við fyrir því.

Þegar það var sem sé heimilað, að konur öðluðust rétt til að ganga undir próf í Lærða skólanum, 4. bekk hans, þá skyldu menn halda, að þær hefðu fengið óskoruð réttindi til þess að sækja nám í þessum skóla með fullum réttindum, en það var ekki. Orðrétt stóð í þessari löggjöf: „En að því er Prestaskólann snertir, mega þær þó aðeins að nokkru leyti njóta kennslunnar í honum, og setur ráðgjafinn fyrir Ísland nákvæmari reglur þar um. Eigi mega þær heldur ganga undir burtfararpróf þessa skóla, en geta lokið námi þar með því að ganga undir sérstakt próf í guðfræði. En ráðgjafinn fyrir Ísland tiltekur námsgreinarnar og kveður á um, hvernig því prófi skuli háttað. Próf þau í Prestaskólanum, sem fyrirskipuð eru í sálarfræði og hugsunarfræði, eiga námskonur rétt á að ganga undir."

Hér er þó ekki gengið lengra en það að heimila konum að njóta æðri menntunar, en það að leyfa kennurum Lærða skólans að prófa stúlkurnar, ef þær hafa lært utan skóla, því að þær máttu ekki sitja í skólanum, og ef þær höfðu kostað sjálfar nám sitt. Þær mega ekki njóta kennslu, þegar þarna var komið, af almannafé. Þær máttu ekki nota þau menningartæki, sem þjóðin hafði kostað af sameiginlegum sjóði sínum. Þær máttu bara koma þangað einu sinni á ævinni til þess að ganga undir próf, sem svo veitti ekki nein réttindi til embætta. Og síðan þetta var, eru ekki nema nokkrir áratugir. Afskapleg viðsýni hjá Íslendingum! Að því er snertir Prestaskólann, máttu stúlkurnar að vísu njóta kennslunnar að nokkru leyti, en með engu móti máttu þær ganga undir próf, sömu próf og piltarnir, hvaða hæfni sem þær höfðu sýnt við námið sjálft, það skipti engu máli. Það var bannað. Það varð að búa út fyrir þær sérstök próf, sem veittu ekki réttindi. Í þessari löggjöf stóð einnig orðrétt þetta:

„Með því að ganga undir þau próf, sem um getur í þessari tilskipun, öðlast konan engan aðgang að embættum né heldur nokkurn rétt til að njóta góðs af því styrktarfé, sem hingað til hefur verið ákveðið námsmönnum við Presta- og Læknaskólann. Konur mega heldur ekki stíga í stólinn, þótt þær njóti kennslu í Prestaskólanum eða hafi gengið undir það próf í guðfræði, sem getið er um í 2. gr."

Réttindum kvenna voru þarna ákaflega skýr og ótvíræð takmörk sett, nefnilega þessi, að hversu glæsilegum prófum sem þær lykju, þá fengu þær þó engan aðgang að neinum embættum né heldur nokkra styrki til fræðslu og menntunar í æðstu skólum landsins. Afleiðingin af þessu varð auðvitað sú, meðan þessi ákvæði giltu, að engin kona sá sér fært að stunda nám í umræddum skólum við slíkt réttleysi að námi loknu.

Þessi ákvæði giltu þangað til fyrir 50 árum, réttum 50 árum nú í ár, því að þau voru ekki afnumin í íslenzkum lögum fyrr en 1911. Árið 1909 er það, sem konum er fyrst viðurkenndur almennur kosningarréttur og kjörgengi í sveitarstjórnarmálum til jafns við karlmenn, ekki aðeins þeim, sem veittu búi forstöðu, heldur öllum konum á kjörgengisaldri. Og það eru sem sé 52 ár síðan það mátti trúa konu fyrir því að fara með atkvæðisrétt í sveitarstjórnarmálum. Og það er einmitt þetta sama ár, 1911, sem Alþingi gerir loks þá bragarbót gagnvart konum, að þær hljóta rétt til embættisnáms og námsstyrkja og embætta. Þá öðlast þær rétt eins og piltarnir til þess að njóta kennslu, ljúka fullnaðarprófi í öllum menntastofnunum landsins, og konur öðlast þá sama rétt og karlar til hlutdeildar í því styrktarfé, sem veitt er úr opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri menntastofnanir landsins, eins og þá er orðað í lögum, en fram að 1911 engan rétt til neins af þessu. Það eru þá aðeins 50 ár síðan konan öðlaðist þessi mannréttindi. Og svo er öllum kunnugt, að það var árið 1915, fyrir 46 árum, að konur fengu í fyrsta sinn með lögum kosningarrétt og kjörgengi til Alþingis og þar með í orði kveðnu stjórnmálalegt jafnrétti á við karla. En vitanlega þurfti enginn við því að búast, að á fyrstu áratugunum, sem konur nytu þessara réttinda, hefðu þær aðstöðu til þess að notfæra sér þau til fulls. Það hefur aðeins orðið að koma smátt og smátt, því að aldagamall vani er lífseigur og hefur mikil tök á fólki.

Og svo kemur, þegar nokkrir áratugir, aðeins nokkrir áratugir eru liðnir, frá því að konan á Íslandi hefur fengið hin frumstæðustu mannréttindi, þá kemur ráðh. hér í ræðustól, ráðh. félagsmála, félmrh. á Íslandi, og lýsir því yfir í hrifni, að það sé alveg sérstakt gleðiefni, hvað Íslendingar hafi verið viðsýnir og

frjálslyndir að því er snertir það að veita konum mannréttindi og réttarbætur til jafns við karlmenn. Ég verð að segja, að það er ekki hátt risið á þeim hugsunarhætti, ef viðkomandi ráðh. hefur haft þekkingu á þessum málum, hvernig réttleysið hefur þjakað íslenzkar konur allt fram á ævidaga þeirrar kynslóðar, sem nú er uppi. Og nú erum við sem sé að glíma við það, að sú fásinna er viðurkennd, að konur eigi að vinna, leggja fram vinnuafl sitt fyrir lægra kaup en karlmaðurinn, og það er verið að berjast um það á árinu 1961 í sölum Alþingis, hvort það sé óhætt að viðurkenna þessi réttindi konunni til handa eða ekki. Og það virðist fullt útlit fyrir það, að jafnvel konur á Alþingi, sem nú hafa öðlazt þau mannréttindi að mega sitja hér, taka þátt í störfum, þær lúti valdboði karlmanna um það að stimpast þarna við og láta konur ekki fá þessi réttindi nema í smáskömmtum, eins og það væri eitthvert eiturlyf.

Nei, það er fortakslaust rétt, að eins og það varð ekki lengur staðið á móti því, að konur fengju kosningarrétt til sveitarstjórna, kosningarrétt til Alþingis, að þær fengju rétt til þess að stunda nám í skólum landsins og taka þar próf, njóta af styrktarfé veittu úr ríkissjóði, fengju heimild til þess að stunda nám í þeim menntastofnunum, sem byggðar voru af almannafé, og öll önnur réttindi, sem konum hafa verið veitt á undanförnum árum og öllum þykja nú sjálfsagðir hlutir, eins er það sjálfsagður hlutur að afnema þær leifar gamals réttleysis í launamálum, sem við enn þá búum við. Og það er algerlega ósæmilegt að stimpast lengur við því, eins og hv. þm. Karl Kristjánsson sagði í Ed. í gær. Það er miklu meira en kominn tími til þess að afnema þessar seinustu leifar ranglætisins gagnvart kvenþjóðinni. Og ef Alþingi fæst ekki til þess að gera það, þá verður að gera það af verkalýðshreyfingunni, það er mér alveg fyllilega ljóst, þar sem íhaldsöflin þó góðu heilli mega sín minna en í sölum Alþingis.

Ég skal nú láta máli mínu lokið. En ég minni á það, að þm. Alþb. geta ekki fylgt þessu frv. um launajöfnuð kvenna í áföngum og með nefnd, sem á að hafa úrskurðarvald í launamálum og verkalýðsfélögin eiga að sækja um til í nóvembermánuði ár hvert, ef þau vilja fá viðurkennda réttmæta gerða samninga milli sín og atvinnurekenda, fá þá uppáskrifaða af einhverri valdsnefnd, þar sem verkalýðshreyfingin á einn fulltrúa af þremur. Við það sættir verkalýðshreyfingin sig ekki. Þess vegna gefum við Alþb.-menn aðeins kost á því að fylgja þessu frv., ef við það fengjust samþykktar brtt., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

1 fyrsta lagi, að það yrði í frv. tekið fram, að við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skuli konum greidd sömu laun og körlum. Í öðru lagi, að við færslu milli launaflokka skuli sömu reglur gilda fyrir konur sem karla. Í þriðja lagi, að við skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skuli greitt sama kaup, hvort sem slík störf eru unnin af konum eða körlum. Og í fjórða lagi, að öll störf í hraðfrystihúsum, verksmiðjum og við iðju og iðnað o. s. frv. skuli enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum, og skuli sérákvæði öll í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði til kvenna falla úr gildi við gildistöku þessara laga.

Því aðeins að þessar brtt. fáist samþykktar, getum við Alþb.-menn fylgt þessu frv. Verði þessar till. hins vegar felldar nú við 2. umr., þá munum við enn freista þess við 3. umr. að koma fram breytingum til bóta á þessu afmánarfrv.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. hefur nú nýlega lokið því afreki að hafa talað í þessu máli hálfan sjötta klukkutíma (**Gripið fram í:** Er málið ekki umtalsvert?) Ég veit ekki, hvaða sálrænar orsakir kunna að liggja til þess, að hv. þm. hefur haft svo mörg orð um þetta mál, en ég vil leggja á það áherzlu, að mér finnst það enn hafa sannazt í ræðuflutningi hans, að magn og gæði þarf ekki alltaf að fylgjast að. Það hefur komið fram í ræðum framsögumanna hinna tveggja minni hl. hv. heilbr.- og félmn., að þeir eru raunar í þessu máli sem svo mörgum öðrum í seinni tíð eins og tveir helmingar á sama epli. Nú hafa þeir sem sé samstöðu um að vera algerlega á móti þeirri réttarbót, sem með þessu frv. er lagt til að lögfest verði. Þeir hafa lagt mjög áherzlu á þá skoðun sína, að þeir telji tilgang þessa frv. vera að draga úr þeim hraða, sem kominn hafi verið á launajafnréttisbaráttu milli karla og kvenna í þessu landi. Þetta frv. sé fyrst og fremst áhugamál atvinnurekenda, alls ekki líklegt til að styðja að hagsmunum kvenna, og ýmislegt fleira í þeim dúr hafa þeir sagt um það. Jafnframt hafa þeir nokkrum sinnum látið þess getið, að Sjálfstfl. hefði nú alls ekki áhuga á að bæta hag kvenna, sem svo hart væru leiknar í launamálum eins og raun hefur borið vitni.

Við skulum nú athuga lítillega, hver hraðinn á framkvæmdum í þessum málum hefur verið á undanförnum árum, og halda okkur þá aðeins við þau mál, sem hafa verið samþykkt hér á Alþingi um þetta efni.

Árið 1953 báru 7 þm. Sjálfstfl. fram þáltill., sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna.“ Og tillögugreinin hljóðaði svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna verði staðfest að því er varðar Ísland. Jafnframt undirbúi ríkisstjórnin nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykktin komist í framkvæmd.“

Í grg. þessarar þáltill. sagði m. a.:

„Eins og kunnugt er, hefur Ísland um skeið verið aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni, en á þingum hennar hefur jafnrétti karla og kvenna í launamálum verið rætt og gerðar um það ályktanir. Með samþykkt, sem gerð var á þingi stofnunarinnar árið 1951, var lagt til við aðildarríkin, að þau tryggðu það, að reglan

um jöfn laun kvenna og karla fyrir jafnverðmæt störf komi til framkvæmda hjá þeim og taki til alls starfsfólks."

Í meðförum þingsins var þessari tillögu breytt nokkuð, og sú breyting var byggð á skýrslu, sem n. þeirri, sem um málið fjallaði í þinginu, hafði borizt frá félmrn. Breytingin, sem n. gerði samkv. skýrslunni, var gerð af ástæðum, sem í skýrslunni voru frekar greindar, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkv. samþykktinni sjálfri er ekkert því til fyrirstöðu, að hún sé fullgilt, án þess að ákvæðum hennar sé fullnægt á þeim tíma, er fullgilding fer fram. En þá er hlutaðeigandi skuldbundinn til að bæta úr því innan árs, frá því að fullgildingin var skráð. Almennt fylgja þó menningarríki þeirri reglu að koma málum sínum fyrst í það horf, sem hlutaðeigandi samþykkt krefst, og fullgilda síðan samþykktina, enda er það með þeim hætti öruggast, að farið verði eftir samþykktinni og ríkið geti staðið fyllilega við sínar skuldbindingar."

Samkv. þessu var þáltill. breytt í það horf, að Alþingi ályktaði, að gerðar skyldu ráðstafanir til að undirbúa, að ákvæði þessarar alþjóðasamþykktar gætu komið til framkvæmda hér á landi, en ekki, eins og hv. 4. landsk. þm. sagði í ræðu sinni hér í gær, að tillagan hefði fjallað um, að Alþingi skyldi láta athuga, hvað gera þyrfti, til þess að ákvæði þessarar samþykktar kæmust hér í framkvæmd. Ríkisstj. var með þál. beinlínis falið að undirbúa ráðstafanir til þess.

Næsta skrefið, sem stigið var á Alþingi í þessu máli, var samþykkt lagafrv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það frv. var samið af núv. hæstv. fjmrh., og í því var ákvæði í lok 3. gr. frv., sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf." Þetta má segja að hafi verið stærsti raunverulegi áfangi, sem náð hafi verið með lagasetningu í þessum málum og í raun og veru allt fram á þennan dag.

Árið 1957 gerðist það á Alþ., að ríkisstj. bar fram þáltill. um, að Alþ. heimilaði henni að staðfesta samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun kvenna og karla. Var sú tillaga samþykkt ásamt þeirri viðbót, að Alþ. skoraði jafnframt á ríkisstj. að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess, að sú till. kæmist í framkvæmd.

Ég hygg, að þetta ágrip af sögu málsins, þeim þætti þess, sem hefur hlotið framgang hér á Alþ., geti nokkuð sýnt, hver þáttur Sjálfstfl. hefur verið í þessum málum, en Sjálfstfl. var öllum þessum málum mjög hlynntur.

Fjórða málið, sem samþykkt náði um þessi atriði hér á Alþ., var ári eftir að þessi tillaga um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar var gerð. Þá var borin fram till. um, að skipuð skyldi nefnd til að athuga, að hve miklu leyti konum og körlum á Íslandi væru greidd sömu laun, og kom í ljós, að það var vegna þess, að ekkert hafði gerzt í þessum málum, sem miðaði í áttina til launajafnréttis. Hin langa ræða hv. 4. landsk. þm. hér í gærkvöld og nótt fjallaði að miklu leyti um það, hve mjög hann furðaði sig á þeirri bið, sem hefði orðið á afgreiðslu þessa máls, og hann rökstuddi þá skoðun sína með því, að flm. málsins hefðu haft svo ágætt tækifæri til þess með stuðningi stjórnarliðsins, meiri hl. þingsins, að koma málinu áfram. Að mínum dómi er nú aðalatriði málsins, að þetta mál nái fram að ganga, hvort sem það er núna eða kannske fyrir tveimur mánuðum. Hitt er undarlegra að hlusta á alla þá hneykslunarræðu, sem hv. þm. hafði kjark til að flytja hér í gærkvöld. Honum varð mjög tíðrætt um gullin tækifæri áhugamanna til að koma þessum málum í framkvæmd. Hann talaði mikið um, að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, væri boðið upp á réttlætið í sjöttu pörtum, smáskömmtun á réttlætinu. Þessi hv. þm. hefur nú einu sinni sem raunar oftar boðizt til að afhenda íslenzku kvenþjóðinni allt réttlætið í heilu lagi. Það eru mörg ár síðan hann flutti fyrst frv. um launajöfnuð karla og kvenna. Þetta endurtók hann ár eftir ár og átti þá ekki síður en nú aldrei nógu sterk orð til þess að lýsa hneykslun sinni yfir því, að þessi frumvörp hans skyldu ekki ná samþykki.

Nú er það svo, að þessi hv. þm. á, held ég, ýkjulaust merkustu sögu í þessu máli, sem um getur meðal þm., vegna þess að honum hafa borizt upp í hendurnar hin stærstu og gullnustu tækifæri til að koma þessum málum í framkvæmd. En eins og sú saga sýnir ljóslega, lét hann þau í raun og veru algerlega ónotuð. Ég vil byrja þá sögu með því að segja hv. þingheimi frá því, að í janúarmánuði 1957 var opnuð söguleg sýning á vegum Kvenréttindafélags Íslands í tilefni af 50 ára afmæli þess félags, sem barizt hefur mjög fyrir hagsmunamálum og réttindamálum kvenna. Það kom í ljós við hátíðlega athöfn, þegar sú sýning var opnuð, að félaginu hafði borizt afmælisgjöf, sem var tekið með miklum fögnuði. Er ekki að undra, að það vekti mikinn fögnuð, þegar það er athugað, að frá því var þar sagt, að afhent hefði nú verið skjal frá þeim manni, sem þá var félmrh. og forseti A. S. Í., um það, að nú væri launajafnrétti íslenzkra kvenna að komast í framkvæmd. Hann hafði nefnilega á mannréttindadaginn fengið heimild ríkisstj. á ríkisráðsfundi höldnum að Bessastöðum til þess að flytja nú á Alþ. þáltill. um fullgildingu á jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það var sannarlega eðlilegt, að konur yrðu ánægðar yfir þessari tilkynningu. Þetta var einmitt sami maðurinn og flutt hafði hér frumvörp ár eftir ár um launajafnrétti karla og kvenna. Honum var vitanlega kunnugt um og minnugur þál. frá árinu 1954, þar sem lýst var þeim þingvilja, að ríkisstj. og þá vitanlega fyrst og fremst viðkomandi ráðh. bæri að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að alþjóðasamþykktin mætti verða fullgilt hér á Íslandi. Var þá ljóst, að þær ráðstafanir skyldu vera fólgnar í undirbúningi lagasetningar eða kjarasamninga um þetta, eins og raunar 2. gr. alþjóðasamþykktarinnar fjallar um. 1953 þótti ekki tiltækt að samþykkja slíka ályktun, án þess að þegar væru komin einhver lagaákvæði um þetta efni eða heildarkjarasamningar. Maður var sem sé eiginlega viss um, að nú hefði

þessu marki verið náð, að nú væru komnir heildarsamningar um launajafnrétti karla og kvenna eða með öðrum hætti tryggt, að svo yrði þá innan mjög skamms tíma. Þegar þessi ályktunartillaga ríkisstj. kom svo til umr. hér á Alþingi, var um þetta spurt, hvaða ráðstafanir hefðu verið gerðar í þessu tilliti. Í ljós kom, að þær voru raunar engar, en þessi tillaga væri flutt vegna þess, að það væri í raun og veru *heimilt að fullgilda alþjóðasamþykktina, án þess* að skilyrði raunverulega væri fyrir hendi, en þá tæki aðildarríkið á sig þær skuldbindingar að koma ákvæðum hennar í framkvæmd hér á landi. En þegar sams konar till. var flutt nokkrum árum áður af sjálfstæðismönnum, sagði ráðh., sem flutti málið inn í Alþ., um þá till., með leyfi hæstv. forseta: „Málið er ekki komið *neitt nær sinni lausn að samþykktri* þessari tillögu heldur en áður, nema því aðeins að hæstv. ríkisstj. annaðhvort tryggi heildarsamninga, sem leysi málið, eða undirbúi lagasetningu um lausn þess.“ Nokkrum árum síðar kom sem sagt í ljós, að sams konar tillaga var aftur flutt, án þess að nokkrar sérstakar ráðstafanir til undirbúnings um framkvæmd ákvæðanna hefðu verið gerðar. Eftir að þetta hafði komið fram í umr. um málið, leyfði ég mér að flytja till. til viðbótar við þessa þáltill., sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstj. að gera hið fyrsta ráðstafanir til þess, að samþykktin komist í framkvæmd hér á landi.“ Eftir að sú tillaga hafði verið fram borin, sagði þáv. félmrh., hv. 4. núv. landsk. þm., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hygg, að þessi till. spilli engu, en hennar sé ekki brýn þörf, því að það hefur þegar verið tekið fram, að ríkisstj. telji sig samkv. 2. gr. samþykktarinnar skuldbundna til þess að hafa nú forustu um, að hún komist í framkvæmd, og bent á ákveðna leið til þess, að ríkisstj. skipi nefnd, skipaða fulltrúum ríkisvalds, vinnuveitendasamtaka og verkalýðssamtaka, til þess að hraða framkvæmd málsins. Ég hygg, að það sé ekki hægt að fara aðra leið en þá. Þar er framkvæmdin alveg mörkuð. Svo hef ég enn fremur bætt við, að ef þetta þykir taka of langan tíma, tregða yrði á að framkvæma þessa leið, þá ætti að vera hægurinn hjá að koma málinu í höfn með löggjöf. Og það er líka undirbúið. Þannig getum við öll glaðzt yfir því, að báðar leiðirnar eiga að færa okkur nær marki innan ekki mjög langs tíma.“

Þetta var í tíð vinstri stjórnarinnar. Nú eftir þessa meðferð málsins hér á hv. Alþ. hygg ég, að framkvæmd þess hafi þótt vera þokað nokkuð áleiðis, a. m. k. hafi sá ráðh., sem með málið fór, verið algerlega skuldbundinn til þess að koma því raunverulega áleiðis til framkvæmda. En svo fór, að tæpu ári síðar var samþykkt hér á Alþ. till. frá samflokksmanni þessa ráðh. um, að það þyrfti að skipa nefnd til að athuga þetta mál. Árið áður hafði ráðh. bæði talað um skipun nefndar til undirbúnings lagasetningar og hafði ýmis fögur fyrirheit. Í ljós kom ári síðar, að málinu hafði ekkert þokað áleiðis. Þetta vildi ég nú láta hér koma fram sem sagnfræðilegar staðreyndir, sem vöknuðu í hug manns undir þeirri ræðu, sem fjallaði — vafalaust í tvo klukkutíma — um hneykslun á þeim, sem hefðu látið ónotuð gullin tækifæri til að koma þessi mannréttindamáli í framkvæmd.

Það var fleira undarlegt í málflutningi hv. 4. landsk. þm. Hann bar verzlunarfólk mjög fyrir brjósti, að því er virtist af málflutningi hans. En man nú enginn, hver gekk manna hraustlegast fram í því að meina verzlunarfólki *inngöngu* í A. S. Í., *þar sem hann hefur forustu?* Hefur honum þó þar gefizt gullið tækifæri til að aðstoða verzlunar- og skrifstofustúlkur í kjarabaráttu sinni, en það tækifæri var einnig látið ónotað.

Hv. 4. landsk. þm. hafði m. a. þau orð um þetta frv., að með því vildu stjórnarsinnar koma sér undan því að sýna hug sinn í launajafnaðarmálum. *Þetta er vitanlega hrein fjarstæða*, eins og fleira sem slæðzt hefur með í hinum langa málflutningi hv. þm. Stjórnarsinnar eru þvert á móti staðráðnir í að sýna hug sinn í verki með því að samþykkja þetta frv. og þoka þá þessum málum stórlega í áttina til launajafnaðar.

Hv. þm. tíndi svo til ýmsar einstakar greinar frv. og fann þeim *ýmislegt til foráttu og þá* ekki sízt 1. gr. frv., þar sem tekið er fram, að laun kvenna skuli á því árabili, sem þar greinir, hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í tilteknum starfsgreinum. Þetta finnst honum mjög mikill galli á frv. En ég hygg, að þarna kómi í raun og veru ekki annað til greina. Það leiðir af sjálfu sér, að ef um aðrar starfsgreinar en þarna getur er að ræða, þá er átt við það, að konum skuli greidd sömu laun og karlmönnum væru greidd í því sama starfi.

Í 2. gr. frv. er í raun og veru aðalágreiningsefnið. Það fjallar um það, sem hv. þm. kallar réttlætisskömmtun, en er að mínum dómi mjög raunhæf leið til þess að þoka þessum gömlu baráttumálum í áttina til fulls sigurs. Og ég býst við, að íslenzkar konur væru hv. þm. sannarlega þakklátari en þær eru, ef hann hefði hlutazt til um, að sams konar leið væri farin, þegar hann hafði aðstöðu til þess.

Hann finnur mjög að því ákvæði frv., að launahækkunin skuli ákveðin af þriggja manna nefnd. Það má segja, að ef þessi nefnd hefði ótakmarkað verksvið, þar sem hún tæki verkefni í stórum stíl af dómstólunum, væri hún kannske vafasöm ráðstöfun. En hér er um að ræða nefnd, sem hefur alveg afmarkað verkefni. Hún á aðeins að fjalla um að ákveða hina árlegu launahækkun, sem um er fjallað í frv., og þá leiðir það af því, að hún hlýtur að fjalla um ágreining, sem rísa kann af skilningi á 1. og 2. gr. frv., þ. e. a. s., það getur risið ágreiningur um það, hvað séu sömu störf karla og kvenna, og slíkum ágreiningi væri væntanlega vísað til þessarar nefndar. (Gripið fram í.) Ja, málsmeðferð í félagsdómi er öll miklu flóknari og tafsamari en vera mundi í nefnd, eins og lagt er til að skipuð verði samkv. þessu frv. Enn fremur stangast þessi uppástunga hv. þm. alveg á við eina staðhæfingu eða till., sem hann bar hér fram í gærkvöld og mér finnst nú í raun og veru ekki óeðlileg. Ég verð að segja,

að persónulega er ég þeirri tillögu fylgjandi, og það var uppástunga um, að eðlilegt væri, að einn af þessum þremur meðlimum n. væri kona. Ég vil nú benda hv. þm. á gullið tækifæri, sem hann enn getur notað, svo mörg tækifæri hefur hann látið ónotuð. Einn af fulltrúum í þessari nefnd á að vera skipaður af A. S. Í. Er þetta nú ekki alveg gullið tækifæri fyrir hv. þm. að koma konu í þessa nefnd sem fulltrúa Alþýðusambandsins? Ég hygg, að til þess gæti hann beitt sínum áhrifum. Og svo er fulltrúi í þessari nefnd skipaður af félagsdómi og annar af Vinnuveitendasambandinu. Þarna eru þeir aðilar, sem hagsmuna eiga að gæta, og það er mjög eðlileg lausn á þessum málum að hafa slíkan aðila, sem tekið getur ákvarðanir á tiltölulega skjótum tíma. En það hlyti að geta leitt af sér talsvert fjárhagstjón fyrir þá, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, ef fara ætti alltaf dómstólaleið til þess að skera úr einhverjum lítilfjörlegum ágreiningi varðandi þetta, sem rætt er í frv.

Hv. þm. sagði, að sár gremja ríkti í verkalýðsfélögunum yfir þessari nefndarskipun. Ég hygg, að þegar hann væri búinn að veita sinn atbeina til þess að koma þeirri skipun á þessa nefnd, sem hann telur svo æskilega, þá yrði ekki gremja meðal verkalýðsfélaga kvenna a. m. k. Hann hélt því fram, að alla kjarasamninga stéttarfélaganna, sem hlut eiga að þessu máli, yrði að bera undir þessa nefnd. Í síðari mgr. 4. gr. frv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stéttarfélögum er heimilt í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða launahækkun að semja um hækkunina við vinnuveitendur, enda staðfesti nefndin slíka samninga.“

Hér er aðeins um að ræða samninga, sem miða að því að minnka bilið milli kvennakaups og karlmannakaups í viðkomandi starfsgrein, ekki annars konar kjarasamninga.

Ég vil loks vísa til klausu úr grg. með þessari grein í frv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkalýðsfélögunum er heimilt að semja um þessa sérstöku kauphækkun við vinnuveitendur í stað þess að láta launajafnaðarnefnd ákvarða hana. Væri oft hægðarauki að slíkri heimild fyrir báða aðila, svo sem t. d. þegar gerð nýrra kjarasamninga stendur yfir síðari hluta árs, skömmu áður en hækkun til launajafnaðar skal veita. Þessa samninga verður nefndin að staðfesta, til þess að tryggt sé, að hækkunin samkv. samningi sé eigi lægri en frv. mælir fyrir um.“

Sem sagt, aðalverkefni þessarar nefndar er að tryggja, að ákvæðum þessa frv. sé fullnægt, að tryggja, að konurnar, sem þarna eiga að sækja rétt sinn, fái sinn fulla rétt samkv. l., eins og þau verða, ef þetta frv. verður samþykkt.

Ég hygg, að ekki sé ástæða til að vera að tína til fleira úr þessum langa og stundum lítt skiljanlega málflutningi hv. þm. Ég vil aðeins láta þess getið almennt um þetta mál, að það hefur verið lengi baráttumál kvenna í öllum löndum og þá ekki síður hér á Íslandi. Kvennasamtökin hafa mjög haft þessi mál á oddi og ekki síst Kvenréttindafélag Íslands, og einnig má telja fullvíst, að þær konur, sem eru ekki innan vébanda þessara samtaka, telji, að hér sé um mikið hagsmunamál sitt að ræða. Það getur vitanlega engum réttsýnum mönnum blandazt hugur um sanngirni þess, að konum og körlum séu greidd sömu laun fyrir sömu vinnu. Deilan á undanförnum árum hefur aðeins staðið um það, hvernig framkvæma mætti þetta með skynsamlegum hætti. Ég tel hiklaust, að í þessu frv. sé borin fram tillaga um hagkvæma og sanngjarna lausn á þessu mikilvæga réttlætismáli. Þeir, sem vilja halda sér við raunveruleikann í þessu máli og óska þess, að hagur þeirra launþega, sem það fjallar um, kvennanna, batni raunverulega, hljóta að sjá, að sú lausn, sem felst í þessu frv., hefur mikla yfirburði fram yfir þá leið, sem hv. stjórnarandstæðingar benda á. Auðvitað viljum við öll, að allt það ranglæti, sem ríkir í dag, verði afnumið strax á morgun, ef við sjáum, að það sé raunverulega framkvæmanlegt.

Það, sem uppfyllir ósk okkar á einu sviði, getur dregið úr uppfyllingu annarrar óskar okkar. Ég á við, að lög, sem kveða mundu á um skyndilega breytingu í atvinnulífinu til launajafnaðar, gætu skapað hættu á, að konum yrði jafnvel bægt frá vinnumarkaðinum að einhverju leyti. Þetta eru hlutir, sem verður að horfast í augu við, og af þessum ástæðum eru tillögur stjórnarandstæðinganna mjög óhyggilegar. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að þessi breyting er mjög kostnaðarsöm og atvinnuvegir okkar hafa takmarkað greiðsluþol. Þetta er öllum réttsýnum mönnum ljóst, og þeim konum, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, er betur tryggður þeirra réttur með því, að atvinnuvegunum sé gefið ráðrúm til að aðlagast þessari breytingu, svo sem fyrir er mælt í þessu frv.

Í næstu ræðu hér á undan féllu þau orð, að þetta frv. væri bæði háðung og svívirða. Mér finnst nú satt að segja, að þeir, sem láta sér slík orð um munn fara, væru menn að meiri, ef þeir styddu nú þær tillögur, sem hér eru fram bornar um framkvæmanlega, hagkvæma og sanngjarna lausn á þessu máli, og hættu því hjali öllu um óheilindi annarra, sem fram hefur komið í þessu máli.

Ég legg eindregið til, að þetta frv. nái fram að ganga í þeirri mynd, sem það er hér fram borið, og hygg, að samþykkt þessa frv. verði stærsti áfangi, sem náð hefur verið í þessum málum á síðari árum, og okkur ber hiklaust að stuðla að því.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Þau fáu orð, sem ég segi hér, eru frekar til þess að bera af mér sakir en að ræða sjálft málið. Hv. 4. landsk. þm. hefur látið sig henda það að bera á mig allþungar sakir fyrir að hafa haldið hér fund í heilbr.- og félmn. um það mál, sem hér er á dagskrá, að lokinni umr. á síðustu nóttu. Út af þessu þykir mér rétt að taka fram, að ég boðaði hér strax í gærkvöld, nokkru eftir að fundur var settur í hv. d., fund í heilbr.- og félmn. og fundarboðið hljóðar svo: „Heilbr.- og félmn. Nd. heldur fund í kvöld, 24. 3., að loknum fundi deildarinnar.“ Eins og fundar-

boðið ber með sér, er gert ráð fyrir því, að þessari umr. ljúki á kvöldfundi. Hér stendur alveg ákveðið í fundarboðinu: „Að loknum fundi deildarinnar“ í gærkvöld. Þetta fundarboð er sýnt öllum nm., og við það er engin aths. gerð, ekki heldur af hv. 4. landsk. (**HV**: Munnlega voru send frá mér mótmæli.) Ég veit ekkert um það, þau hafa aldrei komið til mín. Og þm. skrifa venjulega aths. við fundarboð, ef þeir annaðhvort geta ekki mætt eða óska eftir, að fundurinn sé haldinn á öðrum tíma. Þetta er ekki fyrir hendi hér. Ef hv. þm. hefði þá látið mig vita um, að hann óskaði eftir samkomulagi um það, að fundinum yrði frestað og hann ekki haldinn fyrr en síðar, gat vel verið, að milli okkar hefði tekizt það samkomulag, að hann hefði stytt ræðu sína, ekki um 1/6 heldur 5/6, og svo við frestað fundinum þar til í morgun. En það var ekki leitað eftir neinu slíku samkomulagi við mig um að hafa þann hátt á. En heldur virkilega hv. 4. landsk., að hann geti boðið mér sem gömlum og reyndum þm. upp á það að sitja hér nærri sex klukkutíma undir ræðu hjá honum á næturfundi, en sleppa honum svo við tveggja mínútna fund í nefnd um sama mál? Þá þekkir hann ekki mikið skap mitt eftir öll samvinnuárin. Það er þetta, sem ég vildi hafa bent hv. þm. á.

Auk þess vil ég taka fram, að það er algerlega rangt, að mér hafi verið fyrirskipað að halda slíkan fund, og það viðurkenndi raunverulega hv. þm. sjálfur, því að hann viðurkenndi, sem var rétt, að hæstv. landbrh. kom til mín til þess að biðja mig um að verða við óskum hv. 4. landsk., falla frá því að halda fundinn, og mér skildist, að það væri af því, að hann væri nú orðinn úttaugaður hér í þessari ræðu sinni. (**HV**: Nei, nei.) En ég sagði honum, að hvorki hann né hv. 4. landsk. né neinn annar væri hér yfirmaður minn yfir formennsku í nefnd og þess vegna kæmi ekki til mála, að ég frestaði þessum fundi, og sýnir það, að mér hefði aldrei verið fyrirskipað að hafa hann. Og hv. þm. veit, að ég læt ekki fyrirskipa mér neitt um mitt starf hér í Alþingi. Og hann hefur sjálfur viðurkennt og honum ber að viðurkenna það enn, að þetta sé rangt, sem hann hefur borið hér á mig, að ég hafi orðið að lúta nokkrum fyrirskipunum annarra í þessu máli. Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að benda á, að hv. 4. landsk. hefur sett tvö met hér á þessu þingi og jafnvel þó að lengra aftur í tímann verði leitað. Hann á met í því að hafa talað við 1. umr. lengstan ræðutíma og margtuggið upp sama efnið. Ég sat hér allan tímann, og ég veit, að hið sama hefði hann getað sagt á 30 mínútum, sem hann notaði nærri sex tíma til að segja, og leyfir sér svo þess utan að endurtaka allt saman aftur hér daginn eftir.

En hann á annað met. Hann á líka met í því að hafa staðið hér lengst í þögn í þessum stól og ekki sagt neitt. (Gripið fram í.) Ég vil segja, að bæði þessi met lýsa manninum vel. Þagnarmetið kostar þó Alþingi og ríkissjóðinn miklu minna fé, því að þögnin verður þó ekki prentuð, og á sama tíma veitti hún þeim mönnum, sem hér voru, mjög sérstæða og óvenjulega skemmtun, að sjá hv. þm. standa orðlausan, sem aldrei hafði komið fyrir fyrr, tímunum saman í ræðustól.

Út af þeim ásökunum, sem hv. þm. bar á verzlunarmannastéttina eða eigendur verzlananna í landinu, þá mótmæli ég algerlega þeim ásökunum. Ég þekki sjálfsagt alveg eins vel þá samninga, sem eru á milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda, og ég veit ekki til, að nokkurs staðar þar séu metin laun eftir kynjum. Það er flokkað í ákveðna flokka, og hvort það er karl eða kona, sem ræður sig til starfa í hinum mismunandi flokkum, er á valdi vinnuveitandans og vinnuþiggjandans og kemur ekkert við launagreiðslum. Ég get hins vegar upplýst hv. þm. um það, að í fjöldamörg ár, á þeim skrifstofum, sem ég hef haft með að gera, hafa konur haft nákvæmlega sömu laun fyrir sömu vinnu, og mér hefur aldrei dottið í hug að beita því ranglæti að greiða t. d. kvengjaldkera minni laun en karlgjaldkera við sama starf, og svo mun vera um flesta atvinnurekendur í verzlunarmannastétt í landinu, svo að einnig það er algerlega rangt, eins og flest af því eða margt af því, sem hv. þm. sagði hér í nótt i sinni löngu ræðu.

Ég vildi svo aðeins að síðustu mega kasta fram þeirri spurningu, sem raunverulega hv. 8. þm. Reykv. hér upplýsti áðan: Hvers vegna kom ekki þessi hv. þm. fram þessu frv. í sinni ráðherratíð? Það vildi nú svo vel til, að þá heyrðu þessi mál undir hans ráðuneyti. Hann fullyrti hér í nótt, að það hefði verið af því, að Alþfl. hefði verið svo vondur við hann, að hann hefði ekki viljað leyfa honum það í vinstri stjórninni. Hæstv. núv. heilbr.- og félmrh. kallaði þá fram í og sagði, að það væri algerlega rangt. Þeir geta deilt um það. Þeir eru gamlir samflokksmenn og geta deilt um það, hvort það er rangt eða rétt. En hvort sem það er rangt eða rétt, þá er alveg vitanlegt, eftir því sem upplýst er, m. a. í hans ræðu í nótt, að það hefur þá verið fylgi fyrir hendi, allur Sjálfstfl. með því, eftir því sem hv. þm. upplýsti, og svo sjálfsagt allur Framsfl. og allur kommúnistaflokkurinn, ekki vantar það. Og hvers vegna setti hann þá ekki fram þetta mál og fékk það gert að lögum? Það hvílir sannarlega þung ábyrgð á honum sjálfum að hafa ekki gert það, og það afsakar ekkert, þótt hann fyrir fram hafi ekki fengið samkomulag um það innan ríkisstj. Þá átti hann að reyna á þolrifin hér í þingi til að vita, hvort ekki fengjust nægilega mörg atkv. með því, að þetta yrði gert að lögum. Nei, það var gert annað þá, sem hann einmitt var að hæla sér og vinstri stjórninni fyrir. Hann sagði, að vinstri stjórnin hefði minnkað mismuninn á launum karla og kvenna um 2%, eins og hann sagði í ræðu sinni áðan, og hældi henni mjög mikið fyrir það. Ef það er rétt, þá tæki það ekki nema hálfa öld að afnema allan mismuninn, ef tekin yrðu 2% á hverju ári, og það þykir þessum ágæta þm. mjög gott.

Aðeins örfá orð, herra forseti. Út af öðrum málum, sem hv. þm. minnti á að ekki hefðu verið afgreidd úr heilbr.- og félmn., vil ég að

mestu láta nægja það, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér um störf n., en skal þó bæta þessu við:

102. mál, sem er um sömu laun kvenna og karla og er frv., sem borið var fram af hv. 4. landsk. ásamt fleirum, var tekið fyrir í n. 5. des., 21. jan., 14. febr. og 20. marz eða fjórum sinnum alls. Og það var ávallt í fullu samkomulagi við hv. 4. landsk um, að n. yrði ekki klofin á þeim tíma, sem það er þá til umr., vegna þess að það var verið að leita samninga um, hvort hægt væri að koma fram málinu yfirleitt í þinginu, því að það lá frv. um sama mál fyrir í Ed. Og þessi meðferð er síður en svo óvenjuleg. Þetta er gert um önnur mál hér í þinginu, m. a. frv. um sveitarstjóra, 80. mál, sem flm. þess frv. féllst á að láta bíða, þar til séð yrði, hvaða afgreiðslu sams konar mál fengi í Ed. Það hefði vitanlega ekki verið vit í að samþykkja það frv., þegar fyrir lá í Ed. heildarlöggjöf til sveitarstjórnarlaga og ákvæði frv. í Nd. tekið inn í heildarlöggjöfina. Og sama hefði vitanlega verið hér, að þessi frumvörp hefðu verið samræmd, ef meiri hl. hefði fengizt fyrir þeim tillögum. Það fékkst meiri hl. fyrir tillögunum um 80. málið í þinginu, — hér var ekki meiri hl. til fyrir þessum tillögum. Og ef hann hefði verið, þá gat ekki heilbr.- og félmn. Nd. eyðilagt þann meiri hl. við það að halda frv. í n., síður en svo. Það voru og önnur mál, eins og landsútsvör, því var haldið í n. og rætt um það margoft í n. og bent á, að það væri von á tekjustofnafrv. fyrir sveitarsjóði. Með því að þar væri ákvæði um landsútsvar, væri ekki ástæða til að afgr. frv., og var það því ekki heldur afgreitt. Svona gengur þetta venjulega í þingi, og þetta veit hv. þm. En hann þarf að hafa eitthvað til þess að geta talað um, þegar hann er orðinn alveg þurrausinn að efni um það mál, sem er á dagskrá.

Ég vil svo aðeins að síðustu upplýsa það, að þau 14 ár, sem ég var í Ed., var það á hverju einasta ári í þinglok, að nefndarfundir voru haldnir að nóttu til til þess að koma fram málum, sem vitað var að meiri hluti þings var fyrir.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er á dagskrá, um launajöfnuð karla og kvenna, er mjög mikið mannréttindamál. Launajafnrétti milli karla og kvenna hefur verið frá fyrstu tíð eitt aðalbaráttumál verkalýðshreyfingarinnar. Ég minnist þess, að á fyrstu dögum verkalýðshreyfingarinnar var þetta mál mjög ofarlega á baugi og átti þá ekki miklu fylgi að fagna hjá ráðamönnum þessa lands. Ég minnist þess t. d., að í einni kröfugöngu, sem farin var hér í Reykjavík, bar virðuleg kona, ein af brautryðjendum verkalýðshreyfingarinnar, spjald, sem á var letrað: „Sömu laun fyrir sömu vinnu.“ Það gekk ekki á öðru alla gönguna en skítkasti og óþverraorðum, sem voru kölluð til konunnar fyrir það að bera þetta spjald. Þannig var þá ástandið í þessum málum. Þá þótti það ekki sérstaklega aðkallandi eða mikilsvert að tala um jafnrétti karla og kvenna.

Þetta mál hefur, sem betur fer, átt ört vaxandi fylgi að fagna meðal alls þorra þjóðarinnar. Í nokkrum starfsgreinum njóta konur sömu launa og karlar. Má þar til nefna konur, sem eru í þjónustu ríkis og bæja. Samkvæmt lögum um opinbera starfsmenn ber konu sömu laun og körlum. Það opinbera hefur þó reynt að fara í kringum þessi lagaákvæði á ýmsan hátt, en réttinn hafa þó konurnar þrátt fyrir allt. Þá hafa og mjög mörg verkalýðsfélög fengið því framgengt, að konum er nú greitt sama kaup og körlum við ýmsa vinnu, svo sem við fiskflökun og að nokkru við síldarsöltun eða síldarvinnu, en inn á það atriði mun ég koma alveg sérstaklega. Þá eru til verkalýðsfélög, sem hafa gert samninga við atvinnurekendur, þar sem konum skuli greitt sama kaup sem körlum við alla vinnu. Í þessu sambandi má benda á, að eitt verkalýðsfélag, sem gerði samning í vetur, verkalýðsfélagið á Skagaströnd, samdi um fullkomið launajafnrétti á milli karla og kvenna. Allt þetta stefnir vitanlega hröðum skrefum í þá átt að jafna þann mismun, sem hefur verið á milli kaups kvenna og karla, og mun þess ekki langt að bíða, að verkalýðsfélögin nái settu marki, því marki, sem þau hafa barizt fyrir frá upphafi, að konur fái sömu laun fyrir sömu vinnu og karlar.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að verkakonur á Siglufirði hafa nú sama kaup og karlmenn við alla tímavinnu við síldarverkun. Þetta fengu konurnar fram með samkomulagi við atvinnurekendur s. l. vor. Og ég get ekki séð, að þetta atriði í samningunum hafi á neinn hátt torveldað síldarvinnu á Siglufirði s. l. sumar, eins og bent er á í grg. fyrir frv. þeirra Alþfl.-manna, að ef ætti að koma á algeru launajafnrétti, þá yrði það til þess að torvelda eða jafnvel til að setja úr jafnvægi atvinnulífið í landinu.

Nú munu mörg verkalýðsfélög hugsa sér við væntanlegar samningaumleitanir, sem fram munu fara nú á næstunni milli verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda, að setja fram kröfu um fullt launajafnrétti. Þetta hefur flm. hlotið að vera fullljóst, og ég er ekki alveg frá því, að þetta frv. sé m. a. flutt til að stöðva þá þróun, sem fyrirsjáanlegt er í þessu máli að verða muni, jafnvel á þessu vori, að óbreyttu ástandi.

Frv. þeirra Alþfl.-manna gerir ráð fyrir, að á árunum 1962—67, taki menn eftir, á árunum 1962—67 skuli laun kvenna hækka til jafns við laun karla fyrir sömu störf í eftirfarandi starfsgreinum: almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu, verzlunar- og skrifstofuvinnu. Með þessu eru vitanlega fjölmörg störf önnur undanskilin, svo sem margvísleg þjónusta og mörg önnur störf. Ekki verður séð, hvað hefur vakað fyrir flm. með slíkum vinnubrögðum. En maður hlýtur að spyrja: Hví ekki jöfn laun kvenna og karla við alla vinnu, hverju nafni sem hún nefnist? Hví ekki stefnt að því að tryggja öllum konum sama rétt? Tíminn, sem ætlazt er til að fari í að koma fram launajafnréttinu, er hvorki meira né minna en 6 ár. Það má segja, að hér sé verulega rólega af stað farið. Það er ekki byltingarsvipurinn á þessum hlutum hjá þeim hv. Alþýðuflokks-

mönnum. Og viti menn, það stóð svei mér ekki á Sjálfstfl. hér á Alþ. að lýsa stuðningi sínum við þetta mál. En manni dettur jafnvel í hug, að áhuginn fyrir jafnrétti kvenna í launamálum sé ekki eins mikill og einlægur og þessir hv. þm. vilja vera láta. Er ekki jafnvel hugsanlegt, að þetta frv. sé fram komið hér á Alþingi beinlínis til þess að draga það um nokkur ár, að konur fái þennan sjálfsagða rétt viðurkenndan? Ég kasta þessu fram sem fyrirspurn.

Þetta frv. ber ótvíræð merki þess, að hin lamandi hönd Sjálfstfl. hafi haft hönd í bagga um samningu þessa frv. Mér finnst það nú eftir annarri framkomu Alþfl.-manna hér á þingi ekkert merkilegt, þótt þeir hefðu leitað eftir áliti og stuðningi Sjálfstfl. til þess að koma þessu máli áleiðis. Ég þykist líka þess fullviss, að atvinnurekendur muni vera þessu frv. mjög fylgjandi. Það er ósköp skiljanlegt. Þeim er það áreiðanlega fullljóst, að það getur ekki liðið nema tiltölulega stuttur tími, þar til þeir verða viljugir, nauðugir að fallast á þá kröfu verkalýðsfélaganna, að konur fái sömu laun og karlar. Það er aðeins tímaspursmál. Þetta er svo sjálfsagt mál, að móti því er ekki hægt að streitast til lengdar. En nú hefur það stórmerkilega fyrirbæri gerzt, að þrír þm. Alþfl. í Ed. bera fram frv. á Alþingi, sem þeir kalla frv. um launajöfnuð kvenna og karla, en alveg eins gæti heitið frv. til laga um að fresta launajöfnuði kvenna og karla í sex ár, — það er rétta nafnið á því. Það er sannarlega ekki verið að flytja þetta frv. sem jafnréttismál, sem á að koma í gegn á stuttum tíma. Það skal í lögum festast, að það taki sex ár að koma á jafnrétti milli kvenna og karla í launamálum, undanskilin eru mörg störf, sem konur vinna við. Í frv. er sagt, að lög þessi skerði ekki á nokkurn hátt rétt stéttarfélaganna til þess að semja um það við atvinnurekendur, að launajöfnuði skuli náð á skemmri tíma en lögin mæla fyrir um. En mér er nú spurn: Dettur nú virkilega heim hv. alþingismönnum í hug, sem standa að þessu frv., að atvinnurekendur fari ótilneyddir að semja um hærri laun en lög gera ráð fyrir? Dettur þeim það virkilega í hug? Slíkt væri í alla staði mjög óraunhæft, að láta sér slíkt til hugar koma.

Eitt allra furðulegasta ákvæði í frv. eru þó ákvæði 3. gr. Samkv. henni á að kjósa þriggja manna launajafnaðarnefnd, og skal hún þannig skipuð: einum skipuðum af félagsdómi, og er hann formaður n., öðrum af Alþýðusambandi Íslands og hinum þriðja af Vinnuveitendasambandi Íslands. Þannig skal nefndin skipuð. Í þessari nefnd á sæti aðeins einn fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar. En hvert er svo verkefni þessarar nefndar? Jú, nefnd þessi skal hafa það verkefni að ákveða hina árlegu launahækkun. Svo kemur rúsínan í pylsuendanum, að ákvörðun nefndarinnar verður ekki áfrýjað. Sem sagt, þessari nefnd er alveg falið einveldi í því að ákveða um, hvernig og á hvaða hátt þessi launahækkun skuli vera framkvæmd. Hér er því að mínum dómi á hinn ósvífnasta hátt verið að taka af launasamtökunum réttinn til ákvörðunar um kaupgjaldsmál sín og fá hann í hendur lögskipaðri nefnd, sem þannig er skipuð, að verkalýðssamtökin eiga aðeins einn fulltrúa. Mér finnst það mjög ótrúlegt, að verkalýðssamtökin, sérstaklega kvennasamtökin, taki slíku réttindaráni með þögn og þolinmæði. Hingað til hafa verkalýðsfélögin talið samningsréttinn hin dýrmætustu réttindi, sem þau muni aldrei af hendi láta. Nú hefur það merkilega gerzt, að þrír hv. alþm. Alþfl. í Ed. hafa flutt frv. til laga, þar sem eitt ákvæði þess frv. er um að taka samningsréttinn af konunum í einu mesta réttindamáli þeirra. Það er ekki þar með sagt, að hann sé tekinn að öllu leyti, en um þetta atriði er rétturinn tekinn og afhentur þessari ákveðnu nefnd. — Það var svo eftir Alþfl. að bæta einni nefndinni við. Þær nefndir, sem fyrir eru, eru víst ekki nógu margar. Vitanlega á að launa þessa nefnd, maður verður að ganga út frá því sem gefnu.

Ekki verður séð, að þetta ákvæði frv. sé til neins annars en að torvelda það, sem lögin gera ráð fyrir. Hvað á það t. d. að þýða, það ákvæði frv., að þau verkalýðsfélög, sem semja um kaup og kjör fyrir konur í starfsgreinum samkv. 1. gr., skuli skyld til þess í nóvember ár hvert að sækja um launahækkun? Ég fæ á engan hátt skilið, til hvers þetta ákvæði er sett inn í frv. Ef frv. gerir ráð fyrir, að laun kvenna í ákveðinni starfsgrein skuli hækka á sex árum upp í karlmannskaup, þá get ég ekki séð, að það þurfi neitt skrifstofubákn, neina lögskipaða nefnd til þess að reikna slíkt út. Slíkan útreikning geta verkalýðsfélögin vitanlega sjálf framkvæmt í samráði við atvinnurekendur, það þarf enga launaða nefnd, enga ríkisskipaða nefnd til slíks. Þessi nefndarskipun er algerlega óþörf og beinlínis hættuleg og getur gefið slæmt fordæmi, sem verkalýðsfélögin ættu vel að athuga, áður en þau fallast á slíkt.

Hvernig sem á þetta frv. er litið, verður það ekki skoðað í öðru ljósi en því, að það verði til þess, ef að lögum verður, að seinka því um sex ár, að fullur jöfnuður náist í þessu mikla sanngirnismáli launastéttanna. Það er aðalatriði í málinu.

Snemma á þessu þingi flutti hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, forseti A. S. Í., ásamt okkur fimm þm. Alþb., frv. til l. um sömu laun kvenna og karla. Í því frv. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta, — það er reyndar búið að kynna þetta áður, það gerir ekkert til, þó að það sé gert aftur:

„Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skulu konum greidd sömu laun og körlum."

Hér er hreint að verki gengið. Eftir þessari 1. gr. skulu konum greidd sömu laun sem körlum. Og svo segir í 2. gr.:

„Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla."

Og í 3. gr.: „Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum."

Í 4. gr. segir:

„Öll störf í hraðfrystihúsum, verksmiðjum

og við iðju og iðnað o. s. frv. skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. Skulu sérákvæði í öllum samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara."

Og svo kemur 5. gr.:

„Lög þessi öðlast gildi þegar í stað."

Þessu frv. fylgir allýtarleg grg. Þess er getið m. a., að hv. 4. landsk. þm. hafi flutt á þinginu 1948 frv. í Ed. um launajafnrétti kvenna. Þetta frv. var um algert jafnrétti kvenna og karla á öllum sviðum þjóðlífsins. Í umr., sem þá urðu um málið, viðurkenndu flestir þm., sem í þeim tóku þátt, að misrétti kvenna í launamálum væri augljóst, og létu sumir þeirra líklega um fylgi við frv., ef það fjallaði einungis um launajafnrétti kvenna og karla. En málið var svæft í nefnd. Þannig var áhuginn þá á þessum málum. 1953 flutti sami hv. þm. frv. aftur, og að þessu sinni gerðust þeir Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson og Eggert Þorsteinsson meðflm. að frv. Takið eftir, Alþfl.-mennirnir þrír til viðbótar eru meðflm. að frv. Frv. gerði ráð fyrir, að launajafnréttið yrði þá að lögum samstundis, ef það yrði samþykkt. En nú skeður það á þessu þingi, að einn þessara sömu manna flytur frv. til laga um launajöfnuð karla og kvenna, en það á bara ekki að taka gildi fyrr en eftir 6 ár að fullu leyti, það á að taka 6 ár að koma því á. Ekki finnst mér framförin mikil hjá þessum hv. Alþýðuflokksþingmanni. Á næsta þingi, 1954, flytur hv. 4. landsk. enn frv. um sömu laun kvenna og karla, að þessu sinni flutti hann frv. einn. En eins og áður snerust íhaldsöflin gegn því og það náði ekki fram að ganga. Nú er það flutt í fjórða sinn af okkur þingmönnum Alþb.

Samkv. lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna skulu konur, sem eru opinberir starfsmenn, hafa sömu laun og karlar. Þetta er líka þannig í framkvæmd, að því er snertir sumar stéttir embættismanna. Það dettur t. d. engum í hug, að konan í kennarastétt eigi að hafa lægri laun fyrir sitt kennarastarf en karlmaður, sem er stéttarbróðir hennar.

Í grg. frv. okkar eru allýtarleg rök fyrir frv., sem ég sé ekki út af fyrir sig ástæðu til að fara mjög mikið inn á, vil þó aðeins geta hér nokkurra atriða, með leyfi hæstv. forseta, til viðbótar, — þar segir:

„Við almenn erfiðisstörf í þjónustu atvinnuveganna ríkir nú álíka ósamræmi um kaupgreiðslur kvenna eins og um launagreiðslur kvenna í opinberri þjónustu. Stéttarfélögin hafa náð samningum við atvinnurekendur um, að konum skuli greitt karlmannskaup við ýmis störf. Þannig hafa konur, sem flaka fisk í hraðfrystihúsum, víðast hvar karlmannskaup, en konur, sem önnur störf vinna í sömu fyrirtækjum og afkasta þó eigi minna verki en karlmenn mundu afkasta í þeirra sporum, hafa tæp 80% af kaupi karla. Yfirleitt er almennt kaup verkakvenna nú um 78% af tímakaupi karlmanna við almenna vinnu. Þetta er óviðunandi ranglæti, enda skapar slíkt launamisrétti slíka úlfúð og óánægju á vinnustað, að miklum leiðindum veldur og er atvinnulífinu auk þess tvímælalaust til tjóns."

Ég læt þetta nægja, sem ég hef hér tekið upp úr grg. Ég tel, að það séu þar færð fram öll helztu rökin fyrir því, að frv. okkar á þskj. 114 verði samþykkt, en aftur á móti frv., sem þeir Alþfl.-menn í Ed. flytja, verði vísað frá, vegna þess að að mínum dómi gengur það allt of stutt, það tekur allt of langan tíma að koma jafnréttisákvæðinu í gegn, og auk þess eru í frv. ákvæði, sem ég tel að séu hættuleg gagnvart verkalýðshreyfingunni.

Ég hef hér að nokkru rætt um frv. hv. þm. Alþfl., sem flutt var í Ed. Ég hef enn fremur lýst að nokkru frv. hv. 4. landsk. o. fl. og gert samanburð á þessum frumvörpum. Ekki verður um það deilt, að á þessum tveim frumvörpum er mjög mikill munur. Frv. þeirra Alþfl.-manna gerir ráð fyrir, að launajafnrétti kvenna skuli nást fram á 6 næstu árum. Frv. okkar Alþb.-manna gerir aftur á móti ráð fyrir, að launajafnréttið skuli ganga í gildi nú þegar á þessu ári. Þetta er aðalatriðið. Það er það, sem ber á milli. Á þessum tveimur frumvörpum er afgerandi mismunur. Reyndar má segja, að bæði frumvörpin stefni að sama marki, en höfuðmismunurinn, — ég vil endurtaka það, — er sá, sem áður hefur verið lýst, að annað frv. gerir ráð fyrir að ná launajafnréttinu fram í áföngum, sem eiga að ná yfir 6 ára tímabil. Það á að skipa nefnd, sem á að úrskurða um réttmæti umsókna um launahækkun til kvennanna. Þetta ákvæði er alveg furðulegt, alveg sérstaklega þegar að því er hugað, hvernig þessi nefnd er skipuð og að í henni er aðeins einn fulltrúi frá verkalýðssamtökunum. Ég vil alveg sérstaklega vara við þessari skipan mála. Með þessari nefndarskipun er réttur viðkomandi verkalýðsfélags stórlega skertur, og það, sem kannske er þó enn þá alvarlegra, að með þessu er ríkisvaldinu gefið allmikið vald til íhlutunar um launamál verkalýðsfélaganna. En hingað til hafa verkalýðsfélögin talið, að forðast beri af fremsta megni afskipti ríkisvaldsins af málefnum verkalýðsfélaganna. Með ákvæðum 3. og 4. gr. er að mínum dómi farið inn á mjög vafasamar leiðir, og ég trúi því ekki, að þetta ákvæði frv. sé sett þar inn með samþykki verkakvennafélaganna í landinu. Mér finnst þetta ákvæði eitt svo varhugavert, að þó að ekkert annað væri athugavert við frv., mundi ég ekki sjá mér fært að greiða því atkvæði. Í frv. okkar Alþb.-manna eru engin slík ákvæði. Þar er aðeins, að við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu, sveitarfélögum og einstaklingum og fyrirtækjum skuli konum greidd sömu laun og körlum. Þetta er ákaflega einfalt mál. Ég hef áður lýst þessu frv. og sýnt fram á, að það er afgerandi mismunur á þessum tveim frumvörpum.

Ég sé, að í nál. meiri hl. heilbr.- og félmn. er sagt, að n. sjái enga ástæðu til að gefa út sérstakt nál. um frv. á þskj. 114. Þá veit maður það. Þá veit maður um hug hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. gagnvart okkar frv. Í sjálfu sér kom það mér a. m. k. ekki neitt sérstaklega á óvart.

Svo vel er ég orðinn kunnugur skoðunum manna af sama sauðahúsi og hv. meiri hl. eftir 40—50 ára starf mitt í verkalýðshreyfingunni.

Í grg. hv. flutningsmanna fyrir frv. á þskj. 64 segir, að á því sé ekki vafi, að það sé farsælast fyrir alla aðila, að launajöfnuður nái fram að ganga smátt og smátt á nokkrum árum, það sé vitanlega matsatriði, eins og það er orðað, hvað mörg ár það skuli taka. Svo segir: „Væri fullur launajöfnuður lögboðinn þegar í stað í einum áfanga, mundi það geta valdið mjög mikilli röskun í atvinnulífinu. Afleiðingin af því gæti orðið atvinnuleysi meðal kvenna“ o. s. frv. Ég held nú, að hér sé sett fram fullyrðing án nokkurs rökstuðnings. Hvað hefur gerzt, þar sem launajafnrétti hefur verið komið á? Ég benti á það áðan, að á Siglufirði var um það samið á s. l. vori, að konur, sem ynnu í tímavinnu við síld, öll sú vinna skyldi greidd með karlmannskaupi. Ekki varð ég var við það og ég held enginn, að nein röskun yrði þar á atvinnulífinu, síður en svo, af þeim ástæðum, og vinna kvennanna varð síst minni en áður, það fullyrði ég. Sama mun hafa orðið upp á teningnum alls staðar, þar sem komið hefur verið á launajafnrétti. Eða veit nokkur þess dæmi, að konur, sem hafa kennararéttindi t. d., séu útilokaðar frá kennarastöðum, þó að í þeirri stétt ríki launajafnrétti? Það væri afar fróðlegt, ef einhverjir hv. alþm. vissu þess dæmi, að þeir segðu þá frá því hér á Alþingi.

Nei, sannleikurinn í þessu máli er sá, að þótt komið væri á algeru launajafnrétti kvenna, mundi það valda tiltölulega lítilli röskun í atvinnulífinu. Það, að launajafnrétti kvenna mundi valda atvinnuleysi meðal kvennanna, er hrein fjarstæða, sem ekki eru ljáandi eyru að. Það er almennt viðurkennt, að við sum störf afkasta konur meiri vinnu en karlar og eru beinlínis frekar eftirsóttar til þeirrar vinnu. Þetta er augljós staðreynd, sem er alveg óþarfi að ræða frekar um. Þetta vita allir, sem eitthvað hafa kynnt sér atvinnulíf á Íslandi. Svo er annað, og það er, að ef hér ríkti eðlilegt ástand í atvinnulífinu, — ég segi, ef það ríkti, — er full þörf fyrir allt það vinnuafl, sem hægt er að fá, jafnt kvenna sem karla. Það má vel vera, að stefna hæstv. ríkisstj. leiði til atvinnuleysis. Því miður bendir ýmislegt til þess, að að slíku ástandi sé stefnt. En ég er þess fullviss, að jafnvel þótt svo hörmulega tækist til, að hér yrði atvinnuleysi að einhverju leyti, þá mundu konur ekki frekar verða fyrir því atvinnuleysi en karlar. Þessi ótti hv. flm. um, að launajafnréttið mundi skapa atvinnuleysi meðal kvennanna og jafnvel koma öllu atvinnulífi úr skorðum, er hrein fjarstæða, sem ekki er hægt að ljá eyru að. Það er eitthvað annað, sem hefur vakað fyrir þessum hv. flm. en kemur beinlínis fram.

Ég ætla að vera alveg hreinskilinn og segja þeim, hvað ég held að vaki fyrir þeim. Það, sem ég held að vaki fyrir þeim með að láta launajafnrétti komast á í smááföngum á næstu 6 árum, er fyrst og fremst þessi vel þekkta tilhliðrunarsemi við atvinnurekendur, sem við þekkjum allt of vel úr sögu Alþfl. nú síðustu árin. Hv. flm. hafa ábyggilega fylgzt svo vel með þróun þessara mála að undanförnu, að þeir hafa vitað og skilið líka, að verkalýðssamtökin mundu nú á næstunni knýja launajafnréttið í gegn með kjarasamningum við atvinnurekendur, hvað sem hver segði. Málið er bara svo einfalt, að það verður ekki stöðvað. Eina leiðin kannske til þess að stöðva það um eitthvert ákveðið tímabil var að festa í lögum, að launajafnréttið mætti ekki komast á fyrr en eftir 6 ár. Það er þess vegna, sem frv. er flutt. Það er verið að gefa atvinnurekendunum alveg sérstakt tækifæri til þess að þurfa ekki að semja um það nú þegar, að launajafnréttið komist á, það á að fresta því um 6 ár. Það er þetta, sem verið er að gera og ég tel að sé aðalatriðið og aðalástæðan fyrir því, að frv. á þskj. 64 er flutt.

Ég vil svo að lokum lýsa því yfir, sem menn hafa sjálfsagt skilið á minni ræðu, að ég mun ekki greiða atkv. með þessu frv. Ég vil skora á hv. alþm. að athuga vel, hvað þeir eru að gera, áður en þeir samþykkja þetta frv. Þeim væri miklu nær að samþykkja frv. okkar Alþýðubandalagsmannanna. Hv. heilbr.- og félmn. ætti að sjá sóma sinn í því að taka það frv. fyrir, gefa út sérstakt nál. og leggja til, að það yrði samþykkt. Það væri mannlegar að farið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það virðist vera takmarkaður áhugi fyrir þessu máli hjá stjórnarliðinu öðru en kvenþjóðinni. Það var svo í nótt, að ekki var hægt að koma málinu til nefndar, nema þeir, sem mest hafa við það að athuga, hjálpuðu til, og nú virðist vera orðið allfámennt af stuðningsmönnum þessa máls t. d. og af þeim flokki, sem þykist sérstaklega bera það fram, nema sá hæstv. forseti, sem síns embættis vegna getur ekki úr stólnum horfið.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram af Alþfl., og ég skil það satt að segja svo, að það sé borið fram af Alþfl. með það fyrir augum að bæta kjör verkakvenna. Ég skil það svo, að það sé ekki eina atriðið í þessu máli að jafna laun karla og kvenna, því að svo framarlega sem það hefði verið eina hugsjónin, þá hefði það verið nær stefnu Alþfl., eins og hún hefur verið upp á síðkastið, að fyrirskipa, að laun karla skuli lækka niður í laun kvenna, þannig að fullur jöfnuður fáist og öruggt sé, að atvinnuvegirnir beri sig. M. ö. o.: fyrst ekki er lagt til að fara þessa leið í beinu áframhaldi af visitöluráninu 1. febr. 1959 og dýrtíðarflóðinu, sem fylgdi gengislækkuninni 1960, þá skilst mér, að þetta frv. eigi að miðast við það að bæta kjör kvenna, þeirra sem vinna fyrir launum. Og það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að maður athugi, hvernig aðstaða þess flokks er, sem þetta frv. nú flytur, í þeim efnum. Hvað er það, sem gerzt hefur á undanförnum tveim árum í framkomu Alþfl. gagnvart verkakonum í landinu? Það, sem gerzt hefur, er það, að það hefur verið ráðizt svívirðilegar á verkakonur í landinu og þeirra laun af hálfu Alþfl. en gert hefur verið um 20 ára skeið af nokkrum flokki og nokkurri ríkisstjórnarsamsteypu í landinu. Það hefur verið ráðizt með lögum á verkakvennafélögin í landinu og þau

svipt þeim réttindum, sem þau höfðu samkv. sínum samningum um að fá ákveðna vísitöluuppbót, þegar dýrtíð í landinu yxi. Þegar þetta var gert með lögunum 1. febr. 1959, lögum, sem Alþýðuflokksstjórnin fékk sett, þá var kaupið lækkað á hverri klukkustund hjá verkakonunum hér í Reykjavík, t. d. hjá verkakvennafélaginu Framsókn um kr. 2.47 eða 2.48 á hverri klukkustund. Þá var gerð tilraun til þess að afstýra því, af því að það var verið að níðast á karlmönnum líka, að það væri níðzt þannig á verkakonum, og hv. núv. 4. landsk., Hannibal Valdimarsson, flutti ásamt öðrum þm. Alþb. brtt. um að undanskilja kaup verkakvenna í þessu sambandi, þannig að þær yrðu ekki fyrir þessari vísitöluskerðingu. Sú brtt. hljóðaði á þessa leið, með leyfi hæstv. *forseta*:

„Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 185 á allt grunnkaup kvenna samkvæmt samningum stéttarfélaga, þar til fullum jöfnuði er náð við kaup karla, er vinna hliðstæð störf.“

M. ö. o., þegar Alþfl. lagði í herför gegn kaupi karla og kaupi kvenna í landinu, var reynt að undanþiggja kaup kvenna, til þess að í þessari allsherjarárás yrðu ekki konurnar á sama hátt fyrir barðinu, sem voru lægra launaðar, eins og karlmennirnir, sem voru hærra launaðir. Þetta lét Alþfl. þá drepa, þessa till. Þetta var hugurinn þá viðvíkjandi launajöfnuði karla og kvenna. Þá var verið að lækka laun karlmanna, og þá var þó hægt að koma á nokkrum launajöfnuði með því að lækka ekki laun hjá kvenfólkinu. En hvað gerði Alþfl., sem var einn saman í ríkisstj. þá? Hvað gerði hann? Hann drap það, að kvenfólkið skyldi fá að halda sínum launum, þegar launin voru lækkuð hjá karlmönnunum. Það má náttúrlega segja, að það sé alveg gífurleg framför hjá svona flokki, sem síðan er svo búinn að leiða allt dýrtíðarflóðið yfir, að nú skuli hann virkilega koma fram með till. um, að það sé nú farið að hækka ofur lítið kaup kvennanna og ekki bara verið að lækka laun karlmannanna. Ég skil þetta nú ofur lítið öðruvísi. Ég skil þetta þannig, að nú eru liðin rúm tvö ár síðan þetta gerðist. Venjulegt kjörtímabil er fjögur ár. Kosningar eiga að fara fram á næsta ári til bæjarstjórna um land allt. M. ö. o.: Alþfl., sem var mjög sprækur í upphafi kjörtímabils og réðst vægðarlaust á aðstöðu og launakjör kvenfólksins þá, er nú farinn að finna dauðann og dóminn nálgast og farinn að byrja sína iðrun, eins og sumum hættir við, þegar þeir finna dauðann og dómsdag einhvers staðar nærri, og sér nú, að það mundi vera rétt að fara að reyna að gera einhverja yfirbót.

Menn skyldu nú hafa ætlað, þegar menn á annað borð færu að finna dauðann og dóminn nálgast, að sú tilfinning yrði það rík, að menn vildu þó a. m. k. nokkurn veginn bæta fyrir sínar misgerðir, þannig að þeir gerðu aftur gott það, sem þeir hefðu gert bölvað áður, þegar þeir stálu af verkakonum, t. d. í verkakvennafélaginu Framsókn kr. 2.47, með einu höggi 1. febr. 1959, — þá skyldu menn þó hafa ætlað, að þeir vildu þó skila t. d. þeim hluta til baka í einu lagi fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar. Ónei, ekki er nú iðrunin svo mikil. 76 aurar á ári og byrjað á árinu 1962, ef ekki annað breytist, — 76 aurar á ári, ef engin breyting yrði af öðru. Þá væri sloppið með 76 aurana fram yfir einar kosningar og kannske 76 aura fram yfir þær næstu — og þá látið ef til vill bíða í fjögur ár, og hver veit nema það væri hægt að byrja á nýjan leik að lækka kaupið eftir kosningar. M. ö. o.: ósköp er þetta nú lítið, sem Alþfl. er farinn að iðrast eftir sínar misgerðir. Hann er dálítið flottari við aðra.

Ég skal taka dæmi: Að stela af verkakonum kr. 2.47, og nú tala ég ekki um dýrtíðarflóðið, nú tala ég bara um það, sem var stolið 1. febr. 1959, það er kr. 2.47 á klst., það þýðir á ári *fyrir verkakonu í verkakvennafélaginu* Framsókn 5700 kr., ef ég reikna það rétt, með 8 tíma vinnudegi 25 daga í mánuði 12 mánuði ársins, og fæstar þeirra munu hafa það mikla vinnu. Fyrir 1000 konur, ef maður reiknaði t. d. 1000 konur í verkakvennafélaginu Framsókn, sem þannig ynnu, þá er þetta orðið 5 millj. 700 þús. Hvernig hagar svo Alþfl. sér hins vegar, þegar það eru einhverjir burgeisar innan hans, sem eiga í hlut, t. d. menn úr fjármálaráði Alþfl.? Hvernig fer sá fjmrh., sem stóð að því að framkvæma þetta rán gagnvart verkakonunum, þá að? Þegar í hlut á maður, sem fenginn var af Alþfl.-stjórninni með mjög vafasamri heimild til að reka togarann Brimnes, þá er honum borgað út í einu lagi 2½ millj. kr. Honum virðist ganga eitthvað erfiðlega að fá fylgiskjölin yfir, til hvers þetta var, 2.5 millj. í einn burgeis Alþfl. í fjármálaráðinu. Sjálfsagður hlutur. En frá verkakonunum, 1000 verkakonum, er stolið kr. 2.47 á klst. af þeirra samningsbundna kaupi eða af 1000 konum um 5.7 millj. kr. Eða svo að ég taki eitthvað annað, þá þykir víst lítið af Alþfl. að borga úr ríkissjóði fyrir t. d. togarann Keili 7 millj. kr. algerlega í heimildarleysi. En ef það eru verkakonurnar í Framsókn, sem fara fram á að fá þetta kaup, þá er sagt, að atvinnuvegirnir í landinu muni drepast. Hvað segir sami fjmrh., sem úthlutar svona? Þetta vil ég nú aðeins minna á út af því, sem hér er um að ræða.

Upphæðirnar, sem þarna er verið að tala um, upphæðirnar, sem rænt er, upphæðirnar, sem ausið er út úr ríkissjóði, það eru upphæðir, sem mundu margfalt duga til þess að bæta það misrétti, og það í einni svipan, sem nú á sér stað milli karla og kvenna. Þetta vildi ég aðeins minnast á til þess að sýna fram á, að það er ekki spurningin um getu ríkisins og getu þjóðfélagsins. Þjóðfélagið og ríkissjóðurinn hefur auðsjáanlega nóga peninga til þess að fleygja þeim út, ef þeim er fleygt í rétta menn. En svo framarlega sem það eru verkakonurnar, sem eiga að fá það, þá á að skera við nögl sér og skera naumt.

Svo er annað, sem er dálítið lærdómsríkt í þessu sambandi. Við erum búnir að heyra það allan tímann, sem rætt hefur verið um launamál hér, að það er eitt yfirvarp, sem allur þjófnaður, allur hernaður, öll árás á launakjör verkalýðsins í landinu hefur verið framkvæmt

undir, og það er, að þjóðfélagið beri ekki hærri laun. Það var níðzt á kvenfólkinu, og það var níðzt á karlmönnunum undir þessu yfirvarpi. Þetta yfirvarp er að vísu haugalygi og hefur margsinnis verið hrakið. Það hefur verið sýnt fram á, að heildarframleiðsla þjóðarinnar vex á sama tíma, einum einustu 5 árum eða 6 árum, um 35%, en kaupið lækkar um 7%, kaupgetan lækkar um 7%. Þjóðarframleiðslan hefur farið sívaxandi, en kaupgeta almennings hefur verið minnkuð með beinum aðgerðum stjórnarvaldanna undir þessu logna yfirvarpi, að þjóðarframleiðslan bæri ekki hærra kaup. Það er svo fjarri því, að nokkurt einasta orð sé satt í því, sem sagt hefur verið í slíkum efnum, að þjóðarframleiðslan beri ekki hærra kaup. Það er álíka mikil lygi og hitt, að Íslendingar hafi lifað um efni fram, enda hefur enginn ráðherra allan þann tíma, sem þetta þing hefur staðið, treyst sér til þess að reyna að verja þessi mál hér úr þessum stól. Það liggur fyrir, að Íslendingar hafa allan þennan tíma og lengri tíma lagt til hliðar af þjóðartekjunum 30% til fjárfestingar. 30% hefur landið sparað, hefur þjóðin sparað á hverju einasta ári. Af þessum 30% eru 3%, eða tíundi parturinn aðeins, fengin með erlendum lánum, svo að það er fjarri því, að þjóðin hafi lifað á öðrum. En það, sem hefur verið gallinn allan þennan tíma og er búið að vera langt árabil, það er, að þetta, sem hún hefur lagt til hliðar til fjárfestingar, er ekki gert af fyrirhyggju, er ekki gert samkvæmt áætlun um, hvernig verja skuli fjárfestingarfjármununum. Það er þetta, sem hefur ekki fengizt fram, og það er vegna þeirrar óreiðu, sem verið hefur hjá ríkisstjórnum allan þennan tíma og öllum stjórnum í efnahagsmálum, að þær hafa verið að reyna að nota það sem yfirvarp út af þessari óstjórn á fjárfestingunni, að kjör fólksins í landinu væru of góð. Þau hafa allan þennan tíma verið of léleg. Landið hefur allan þennan tíma borið hærra kaup, en landið hefur ekki borið óstjórnina á fjárfestingunni, og afleiðingunum af óstjórninni á fjárfestingunni hefur með launakúgun verið velt yfir á almenning. Það er það, sem hefur gerzt í þessu. Og það hefði nú mátt ætla, að einhverjir af þeim mönnum, sem hér hafa stundum djarft úr flokki talað, eins og hæstv. viðskmrh. og einhverjir slíkir, hefðu verið hér við og verið reiðubúnir til þess að ræða þessi mál. En þeir láta nú ekki svona lítið.

Það hefur venjulega verið sagt, þegar rætt hefur verið um þessi mál, að atvinnurekendurnir í landinu segðu, að atvinnuvegirnir þyldu ekki þetta, — sömu atvinnurekendur sem hafa í ein 20 ár haft möguleika til þess að breyta atvinnurekstrinum í miklu skynsamlegra og nýtízku horf og aldrei notað tækifærin til þess nema að hverfandi litlu leyti, og stundum verið píndir til þess. Það hefur verið sagt, að þeir segðu: Atvinnulífið ber ekki þetta. Og stjórnarliðið hefur kropið í auðmýkt og sagt: Heyrið, atvinnurekendur segja, að atvinnulífið beri ekki þetta, — hvernig dirfizt þið að rísa upp á móti þessum mönnum? — Hvað gerist svo í sambandi við þetta mál? Í þessu máli liggur fyrir umsögn þann 23. nóv., undirskrifuð hvorki meira né minna en af öllum þeirra herradómum, Félagi íslenzkra iðnrekenda, Félagi íslenzkra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökum Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Vinnuveitendasambandi Íslands og Verzlunarráði Íslands, öllum fulltrúum þessara aðila, atvinnurekendanna í landinu, þar sem þeir segja um þetta frv., sem hér liggur fyrir, að það sé mjög varhugavert að lögbjóða kaup vissra starfshópa, án þess að tillit sé tekið til greiðslugetu atvinnuveganna, og muni ekki leika á tveim tungum, að útflutningsatvinnuvegirnir a. m. k. þola nú ekki hærra kaupgjald, svo að ekki sé meira sagt. M. ö. o.: atvinnurekendurnir segja nú: Atvinnureksturinn þolir ekki þetta, ekki þessa sjöttungshækkun á þessum sex árum. Og hvað gerist svo? Jú, það gerist það, að Sjálfstfl. og Alþfl. á þessu þingi, sem allan þennan tíma eru búnir að berja höfðinu við steininn, eru búnir í auðmýkt að lúta fyrir atvinnurekendunum, þeir segja loksins, — loksins gengur fram af þeim, og þeir sjá, að það, sem atvinnurekendur segja um þessi mál, er tóm vitleysa, og loksins sjá þeir, að það ber ekki að taka tillit til þess, að þegar atvinnurekendurnir segja, að atvinnureksturinn þoli þetta ekki, þá á ekki að taka tillit til þess. Það er þess vegna eftirtektarvert í sambandi við það, sem er að gerast í þessu máli, að Sjálfstfl. og Alþfl. slá því föstu, að atvinnurekendasamtökin í landinu ljúgi, að það sé ekkert að marka það, sem þau segja, að það beri ekki að taka neitt tillit til þess, sem þau segja. Það er mjög ánægjulegt, þótt seint sé og lítið, að þeir opni augun, — þó að ekki sé nema rétt svona, að þeir geti rýnt ofur lítið í einhvern part af sannleikanum, þá er gaman að því, að þeir skuli þó opna augun.

Hvernig stendur á þessu? Hvernig stendur á, að þeir opna augun þetta mikið, að þeir sjá, að atvinnurekendurnir í landinu segja ósatt? Þeir eru búmenn, sem alltaf barma sér og alltaf munu barma sér og hafa í 50 ár barmað sér, og hafa aldrei sagt, að það væri hægt að greiða hærra kaup í landinu en þá 25—35 aura, sem voru um aldamótin. Verkalýðshreyfingin hefur allan þennan tíma, öll þessi 60 ár, sem liðin eru síðan um aldamótin, alltaf þurft að berja þá til þess að hækka kaupið. Þeir hafa alltaf sagt, að atvinnureksturinn bæri það ekki, vegna þess að þeir hafa gjarnan viljað liggja í sinni ómennsku án þess að þurfa að laga þannig atvinnureksturinn hjá sér, að hann beri mannsæmandi kaup.

Hvað er það, sem nú er að gerast? Nú er það að gerast, að verkalýðsfélögin, sem eru búin að vera mjög þolinmóð í þessum efnum, eru að leggja til baráttu, og atvinnurekendurnir í landinu vita það, þeir eru búnir að fá kröfurnar í sínar hendur, jafnt frá félögum, sem núv. stjórnarflokkar stjórna, eins og þeim, sem stjórnarandstaðan stjórnar. Þeir sjá sem sé, að það tekur enginn maður í landinu mark á atvinnurekendum og þeirra samtökum og því, sem þeir segja, ekki einu sinni stjórnarflokkarnir. Þeir sjá, að fram undan er harðvítug kaupbarátta, réttlát, óhjákvæmileg kaupbar-

átta, og það sem er að gerast, er þetta: Sjálfstfl. og Alþfl. reyna að hafa ofur lítið vit fyrir atvinnurekendum og segja við þá: Heyrið þið, við vitum náttúrlega, að þið segið alltaf, að atvinnureksturinn beri aldrei neitt. En haldið þið, að þið gætuð ekki gefið 76 aura í sjóðinn eftir t. d. 1½ ár, 76 aura til verkakvennanna? — Lítilsigldur gerist nú a. m. k. Alþfl. að ætla að sætta sig við slíkt. Það er óttinn við þá baráttu, sem nú er að hefjast, sem knýr það fram, að meira að segja stjórnarflokkarnir hér á Alþingi taka ekki tillit til þess, sem atvinnurekendurnir segja, og reyna að koma ofur litlu viti fyrir þá.

Ég skil þetta frv. þannig, að þessir stjórnarflokkar muni ætla sér að segja við atvinnurekendur: Heyrið þið, svona lítið getið þið nú gert, — og ætla að reyna að segja við sitt fólk í verkalýðsfélögunum: Heyrið þið, þið sættið ykkur nú við svona lítið. — Eftir að búið er að ræna af verkakonunum meira kaupgjaldi en því, sem þær mundu fá á sex árum, ef ekkert annað breyttist með þessu, ræna því á tveim árum, á nú að reyna að afgr. málið á þennan máta. M. ö. o.: af ótta við þá baráttu, sem fram undan er, á að reyna að losa atvinnurekendurna við hræðsluna og láta þá sleppa svona ódýrt.

Ég held, að þetta sé skakkur útreikningur, þetta þýði ekki. Ef stjórnarflokkarnir á Alþingi átta sig ekki betur á því, hvað fram undan er, þá eru þeir ekki starfi sínu vaxnir. Það er það minnsta, sem hægt er að heimta af stjórnmálamönnum, að þeir séu það raunsæir, að þeir fylgist með í því, sem er að gerast. Ef þeir fylgjast ekki með í því, að neyðin er farin að knýja að dyrum, t. d. hér í Reykjavík, að margar fjölskyldur hér eiga að lifa af 40 þús. kr. á ári, fjölskyldur jafnvel, sem á undanförnum árum hafa verið að reyna að leggja í að byggja íbúðir og eru að missa þær, fjölskyldur, sem nú eru búnar að missa alla eftirvinnuna, fjölskyldur, sem mega ekki verða fyrir smáveikindum, án þess að þeirra eigur séu meira eða minna foknar, eða verða jafnvel að neita sér um meðul, sem þær þurfa handa sjúklingum í fjölskyldunni, sem sé það er farið að sverfa hér að, — og ef stjórnarflokkarnir eru farnir að hugsa eins og franska aristókratíið á sínum tíma og fylgjast ekki lengur með í því, sem er að gerast hjá fólkinu, þá verða þau átök, sem fram undan eru, því harðari og því hættulegri, því skilningslausari sem valdhafarnir eru í slíku. Og það er skilningsleysi í þessu máli að bjóða svona lítið.

Ég vil svo, um leið og ég segi þessi orð almennt og vara menn við, þá sem völdin hafa, út af þessu, þá vil ég benda á örfá atriði í sambandi við þetta frv. Í sambandi við 3. gr. og útreikninginn, sem þar á að vera, ákvarðanir nefndarinnar séu fullnaðarákvarðanir, — ég vil benda á, að hv. stjórnarflokkar hafa gert sig seka um mjög harðsvíraða misnotkun undanfarið í sambandi við útreikninga. Ég á þar með við þá útreikninga, sem þeir hafa fyrirskipað hagstofunni að framkvæma og kauplagsnefndinni. Ég vil vekja athygli á því, að það er ekki sérstaklega mikil trygging fólgin í þessum ákvæðum viðvíkjandi útreikningunum. Ég skal bara minnast á einn hlut. Þeir stjórnarflokkar, sem nú setja fjölskyldubæturnar og annað slíkt inn í vísitöluútreikning til þess að breyta honum, — ef það tækist að knýja í gegn á Alþingi einhver sérstök fríðindi, sem kvenþjóðinni einni saman kæmu til góða, eigum við það á hættu, að það sé farið að nota þetta í sambandi við útreikningana á eftir. Við höfum reynt annað eins.

Ég vil benda á það þeim mönnum, sem þetta frv. hafa samið og að því standa, að það er hlægilegt, jafnvel þó að 2. og 3. gr. að vísu taki af tvímæli, að því er manni finnst, um merkingarnar í því, þá er hlægilegt að orða 1. gr. eins og gert er: „skulu laun kvenna hækka til jafns við laun karla". Eftir orðanna hljóðan þýðir þetta, að þau skuli hækka jafnmikið og laun karla. Ef hitt væri örugglega meint, þá ætti þarna að orða: skulu þau hækka þannig, að þau verði jafnhá launum karla eftir ákveðið tímabil. „Hækka til jafns við," hvað þýðir það þarna? 2. og 3. gr. skýra þetta, eins og ég sagði, en engu að síður á að breyta 1. gr., sem er aðalatriðið. Ég vil bara segja það við stjórnarflokkana, það á að breyta slíku, því að við höfum áður reynt það hér á Alþingi með frv., sem hér hafa verið afgreidd á þennan máta, að dómarar hafa síðan neitað að dæma eftir því, og maður hefur orðið ýmist að standa að því, að það væru gefin út brbl. um slíkt, eða þá að það hefur orðið á næsta þingi á eftir að breyta lögunum til þess að taka af öll tvímæli. Og ég vil benda á, þegar þarna er aðili þar að auki á móti eins og Vinnuveitendasambandið, sem er á móti þessum lögum, sem álítur, að það eigi ekki að setja lög um þetta, og hefur aðstöðu til alls konar fyrirtafa og annars slíks, þá er það vitleysa af þeim mönnum, sem þykjast vilja vel í þessu máli, að orða lögin svo ónákvæmt eins og þarna er gert.

Eitt vildi ég líka taka fram í sambandi við þennan hátt, sem hér er hafður á, að vilja reyna að ákveða þetta með lögum, hvort sem það verður nú gert á þennan máta, sem lagt er til í frv., eða breytt eins og við Alþýðubandalagsþingmennirnir leggjum til og raunar Framsóknarþingmennirnir líka. Ég vil benda á það öllum þeim, sem er það áhugamál að tryggja jafnrétti karla og kvenna í launamálum, að trygging í lögum er ekki einhlít, ef barátturvilji er ekki á bak við hjá samtökunum. Ég vil minna á, að ýmis mikilvægustu ákvæðin, sem við höfum knúið fram á undanförnum áratugum um réttindalöggjöf verkalýðsins, voru fyrst knúin fram með verkföllum verkafólksins í samningum við atvinnurekendur og síðan löggilt. Orlofslögin voru knúin fram í samningunum 1942, þannig að frv., sem lá fyrir Alþingi og fékkst ekki afgreitt, var í samningunum milli verkamanna og atvinnurekenda ákveðið, að orlof skyldi gilda og vera greitt samkvæmt því frv. Seinna meir var svo það frv. gert að lögum. Á sama hátt var með atvinnuleysistryggingar í verkföllunum 1955. Þær voru settar þá, eftir að það höfðu verið í 12 ár flutt frv. á Alþingi og ekki orðið að lögum. Og eins

var með lífeyrissjóð togarasjómanna, baráttumál sjómannanna. Það er nauðsyn fyrir verkakvennafélögin og öll verkalýðsfélögin, hverjar réttarbætur sem þau reyna að knýja fram, að fyrst og fremst sé það þeirra eigin styrkur, sem þau treysta á í slíku sambandi, og svo framarlega sem hann er ekki fyrir hendi, þá reynast venjulega lög, sem sett eru, ekki duga mikið. Ég er a. m. k. búinn að lifa það of oft hér á Alþingi, að lög, sem maður hefur getað knúið fram á einhverjum tíma og fólu einhverjar réttarbætur í sér, ef verkalýðsfélögin voru ekki vígreif á bak við til þess að halda því föstu, þá er þetta eftir örskamman tíma afnumið aftur með öðrum lögum. Þau þýðingarmiklu lög, sem sett voru um útrýmingu heilsuspillandi íbúða 1946, voru afnumin rétt rúmu ári eftir að þau voru sett. Og þannig hefur farið með mörg þau réttindi, sem einvörðungu hafa verið sett á Alþingi og verkalýðssamtökin ekki staðið nógu harðvítuglega saman um. Þess vegna mun eins verða um það almenna hugsjónamál, hvað snertir jöfnuð í launum milli kvenna og karla, að það er sjálf barátta verkalýðssamtakanna, sem þar er aðalatriðið. Hvort sem mikið eða lítið kynni að vinnast á í þeirri baráttu, sem nú yrði háð á Alþingi, þá er það baráttan utan þingsalanna, sem verður höfuðatriðið í þessu efni.

Ég sá það í umsögn atvinnurekendasamtakanna, að þau telja það varhugavert að breyta þessu með lögum. Meira að segja þessi litli sjötti partur, sem þarna er farið fram á, þessi lítilþægni, sem þarna er sýnd, því telja atvinnurekendurnir varasamt að breyta með lögum. En þeir töldu ekki varasamt að breyta 1. febr. 1959, þegar vísitalan var afnumin. Þá komu ekki mótmæli.

Hv. 8. þm. Reykv. sagði hér í sinni ræðu, að við værum á móti þeirri réttarbót, sem í þessu fælist. Það, sem við erum á móti, er að hafa þessa réttarbót svona pínu-pínulitla, og það kemur sérstaklega úr hörðustu átt frá þeim flokkum, sem búnir eru að rífa af verkakonum fjórðunginn af þeirra launum á tveim árum, fjórðunginn af kaupgildi þeirra launa á tveim árum, að koma nú og segjast vera hér með mikla réttarbót. Og það er alveg dæmalaust, ef þeir halda, að þeir geti sætt meira að segja það fólk, sem þeim hefur fylgt fram að þessu, við slíkt.

Hv. 8. þm. Reykv. talaði um, að það væri hætta á, að ef konurnar færu of geyst í þetta, þá yrði þeim bolað úr vinnu. Að svo miklu leyti sem sú hætta væri til, þá væri hún jafnt til, hvort sem það er á lengri eða skemmri tíma. En það væri ósköp auðvelt með löggjöf að koma í veg fyrir það. Það væri ekkert auðveldara en að bæta því inn í þetta frv. að banna atvinnurekendum uppsagnir, — ekkert auðveldara en vernda rétt kvenfólksins í því efni.

Hv. 1. þm. Vestf. talaði hér um, hve lengi væri talað af ýmissa hálfu. Það kemur nú satt að segja úr hörðustu átt, þegar hv. 1. þm. Vestf. fer að tala um slíkt. Hann hefur nú lengst af á sínum þingferli átt sæti í Ed. Þegar hann átti sæti í Ed., talaði hann svo mikið, að það var um það rætt, að þriðjungurinn af öllum ræðum og öllu, sem talað hafði verið í Ed., hefði verið talað af þessum eina þingmanni. Hans flokksmenn tóku þess vegna það ráð, til þess að hann talaði ekki öll þessi ósköp, að þeir gerðu hann að forseta Ed., og eftir það styttust fundir í Ed. mjög mikið, sem kunnugt er. (**BF**: Var ekki hv. 3. þm. Reykv. líka einu sinni gerður að forseta?) Jú, ég sagði það einmitt við menn, hvort það væri gert í því skyni. Síðan hefur það hins vegar gerzt, að þessi hv. þm. hefur komið hingað í Nd. (Gripið fram í.) Já, það er ýmist of eða van, finnst þeim, þeim er víst jafnilla við það, hvort við tölum eða þegjum, það er stundum að þögnin er mælsk. Síðan hv. 1. þm. Vestf. kom hins vegar hingað í Nd., hefur lítið á honum borið, og ég fann ástæðu til þess fyrir nokkru, þegar hann loksins fékk málið hér, að óska honum til hamingju með það, að hann virtist leystur úr þeim álögum, sem hans flokksmenn hefðu lagt hann í. Ég held þess vegna, að hann ætti nú sízt af öllu að vera að álasa öðrum mönnum, hvorki fyrir langar ræður né heldur fyrir að þegja.

Ég álít, að þeir flokkar, sem standa að þessu frv., ættu á síðustu stundum þessa þings að athuga sinn gang. Þeir hafa rænt og rænt miklu. Þeirra ránsfengur er stór á þessum tveggja ára ferli þeirra. Og það líður nú að dómsúrslitum í þessu efni. Verkalýðurinn í landinu kemur nú bráðlega til að kveða upp sinn dóm í þeim átökum, sem fram fara. Það hefði verið æskilegt, að sú yfirstétt, sem nú er að brjótast hér til valda, hefði sýnt þann skilning að vilja skila dálitlu af sínum ránsfeng til baka. Haldi menn, að menn sleppi með svona lítið eins og hér er lagt til, þá reikna menn skakkt, og það er mjög slæmt, þegar stjórnmálamenn gera slíkt. Við erum að sjá afleiðingarnar af því alls staðar í veröldinni núna. Skammsýnir valdhafar átta sig ekki á því fyrr en of seint, hvað það er, sem þeir eru að bjóða alþýðunni í löndunum, og mér sýnist þetta frv. og það, hvernig tekið hefur verið á þeim brtt., sem Alþb. kom með í Ed. og flytur nú hér við þessa umræðu, það muni sýna, að skammsýni núv. valdhafa er mikil. Þess mun verða freistað, eftir því sem nokkur kostur er á, að reyna að koma fyrir þá vitinu, bæði með ræðum og tillögum, við þær tvær umræður, sem eftir eru um þetta mál. Það hefði kannske verið hægt að vonast eftir því, fyrst um kvenfólk var að ræða þarna, að menn hefðu sýnt ofur lítið minni ránskap og ofur lítið meiri riddaraskap í því að skila aftur stuldinum, skila aftur af ránsfengnum. En það virðist ekki bóla mikið á því.

Ég vil þess vegna eindregið skora á hv. þm. stjórnarliðsins, áður en til atkvæða kemur um þær brtt., sem hv. 4. landsk. þm. flytur f. h. Alþb., að athuga sitt mál, að reyna þó að gera eitt ærlegt verk á þessu þingi, og það er að afgreiða þetta mál, sem snertir kvenfólkið og þess jafnlaunakröfur, þannig, að nokkur sómi sé að. Það mundi vera gert með því að samþykkja þessar brtt., sem hv. 4. landsk. þm. leggur fram.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf., Gísli Jónsson, formaður heilbr.- og félmn. d., kom hér í ræðustólinn áðan og sagðist gera það til þess að bera af sér sakir. Sakirnar, sem ég hafði á hann borið, voru þær, að hann hefði látið brúka sig til þess óhæfuverks að heimta meðnm. sína á nefndarfund s. l. nótt um óttuskeið, rétt um kl. 3. Þetta eru engin þingleg vinnubrögð, — það er alveg sama, undir hvern það er borið, — þetta er þjónusta við ofbeldi, sem hann átti ekki að láta nota sig til. Hans þvottur viðvíkjandi þessu atriði er því í senn kattarþvottur og Pílatusarþvottur.

Að öðru leyti vék hv. þm. að einu atriði ræðu minnar í nótt, sem sé því, að ég hefði haldið því fram, að hvergi væri launamisrétti kvenna og karla jafnsvívirðilegt og hjá verzlunar- og skrifstofufólki, og þar sem hann hefur að einhverju leyti verið við verzlun og viðskipti kenndur, þóttist hann vera þess umkominn að bera þetta til baka. En staðreyndirnar tala, hversu ákveðið sem hv. þm. mælir gegn þessu. Það er ekkert launungarplagg, samningur Verzlunarmannafélags Reykjavíkur um launakjör verzlunarfólks, og það sér hver einasti maður, sem lítur á launakjör kvenna samanborið við launakjör karla, að þar er reginmunur á, þó að um sé að ræða stúlkur komnar úr sérfræðingaskóla verzlunarstéttarinnar, Verzlunarskóla Íslands. (Gripið fram í.) Þeim hefði ekki veitt af því. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það standi neitt á góðri forustu í kaupgjaldsmálum, þar sem íhaldsmenn ráða og Alþfl.-menn hafa einhverja hönd í bagga. En það stafaði ekkert af því. Á Alþýðusambandsþingi í haust var gerð samþykkt um það, þingsamþykkt, að A. S. Í. byði fram alla aðstoð við þessi stéttasamtök láglaunafólksins í verzlunarstétt, sem þessi samtök óskuðu eftir. Þessi samþykkt var gerð með samhljóða atkv. á Alþýðusambandsþingi, og það vantar ekkert upp á það, að verzlunarsamtökin viti, að þau njóta fyllsta stuðnings A. S. Í. í sinni kjarabaráttu. (Gripið fram í.) Það var alveg vitað mál, að það var pólitísk innrásartilraun, sem A. S. Í. hlýtur að áskilja sér rétt til að svara á hvern þann hátt, sem meiri hl. þings ákveður, og engir aðrir. (Gripið fram í.) Nei, það var ekki pólitísk útilokun. Það var pólitísk spekúlasjón þarna og árás á Alþýðusambandið, ekkert annað en í pólitískum tilgangi. Ef hv. 1. þm. Vestf. hefði rétt fyrir sér, að það væri engin hæfa fyrir því, að það væri nokkurt launamisrétti ríkjandi í verzlunarstétt, þá er hann að fullyrða, að fullkomið launajafnrétti kvenna og karla sé komið á hjá verzlunarfólki á Íslandi, — og er það sannleikanum samkvæmt? Nei, það eru ósannindi.

Lokaatriðið í ræðu hv. þm. var svo það, að hann var að afsaka, að nefndin, heilbr.- og félmn., sem hann er formaður fyrir, hefur haldið hjá sér í allan vetur frá því á haustmánuðum frv. til laga um sömu laun kvenna og karla og meiri hl. hv. n. hefur ekki enn haft manndóm í sér til þess að gefa út nál. um frv. Hvað hefðu verið þingleg vinnubrögð í þessu máli? Að afgreiða málið út úr n. til d. á hæfilegum tíma fyrir þinglok, svo að málið hefði í þingdeild getað fengið þinglega meðferð og menn skipað sér þar til afstöðu gagnvart því með eða móti, eins og þeir hefðu manndóm og réttlætistilfinningu til. En þennan manndóm skorti hv. meiri hl. n. og kaus því að liggja á frv. allt til þingloka og fæst ekki einu sinni til þess að gefa út nál. um það. Þessi vinnubrögð verða ekki heldur afsökuð, þó að hv. formaður n. reyni að gera það. Það er staðreynd, sem við horfumst nú í augu við í lok þessa þings, að slíku gerræði hefur verið beitt gagnvart minni hl. á Alþ., að ég held, að það sé áreiðanlegt, að ekkert mál stjórnarandstöðunnar hafi hlotið samþykki á Alþ., — ekkert. Á öllum málum stjórnarandstöðunnar hefur verið traðkað þannig og þinglegum rétti minni hl. á Alþ., að ekkert mál, sem minni hl. hefur borið fram, hefur náð afgreiðslu á Alþ. eða samþykki. Og það er eitthvað annað en þingræðislegur andi og lýðræðisleg helgi, sem sveimar yfir vötnunum, þegar sú er niðurstaðan.

Þá kemst ég ekki hjá því að víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 8. þm. Reykv., frú Ragnhildar Helgadóttur, sem nú virðist vera fjarstödd og er e. t. v. ekki í húsinu. Þá þykir mér hálfu leiðinlegra að víkja máli mínu að henni, en verð þó sennilega að neyðast til þess. Þessi hv. þm. er einasta konan, sem við höfum hér í hv. Nd. Alþ., og hvert var hennar erindi hingað í ræðustól? Var það ekki það að lýsa því yfir, að hún fylgdi að sjálfsögðu hverri þeirri till. og greiddi henni atkv., sem gengi lengst í því að auka réttindi kvenna? Ég hefði vænzt þess, að slíkt erindi hlyti einasta konan í hv. Nd. Alþ. að eiga í ræðustól í sambandi við það mál, sem hér er til umr. En þetta var ekki erindi elskulegrar frúarinnar. Það var einmitt hið gagnstæða, að mæla gegn öllum þeim tillögum, sem hér ganga lengst í því að auka launajafnrétti kvenna móts við karla, þó að hæstv. frúin sé einmitt í lögfræðingastétt og enginn láti sér detta í hug, að lögfræðingurinn, sem er kona, eigi að vinna eftir lægri kauptaxta en lögfræðingurinn, sem er karlkyns. En misréttið skal vera nógu gott handa öðrum kynsystrum hennar, þótt hún njóti jafnréttisins sjálf.

Aðalerindi frúarinnar að öðru leyti en lýsa afstöðu sinni móti öllum þeim tillögum, sem hér vilja unna konum jafnréttis í launamálum við karlmenn, var svo það að básúna út, hversu frækilega Sjálfstfl. hefði barizt fyrir jafnréttismálum kvenna á Alþingi fyrr og síðar, og þar til nefndi hún þrennt. Hún tilnefndi, að fyrsti sigur flokksins hefði legið í því, að hann hefði fengið samþykkta þáltill. — mun hafa verið 1953 — um áskorun til ríkisstj. um að rannsaka, hvort Ísland gæti fullgilt hina svokölluðu jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Það er rétt, þessi till. frá hinum 6 sjálfstæðismönnum var samþykkt. Og hver var ávöxturinn af henni? Hann var sá, að það var skipuð nefnd af ríkisstj. á grundvelli þessarar tillögu og hún átti að segja til um það, hvort Ísland gæti fullgilt alþjóða-jafnlaunasamþykktina. En þessi nefnd var þannig skipuð og það

þjónustusöm við þáv. ríkisstj., að hún komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ógerlegt fyrir Ísland að fullgilda jafnlaunasamþykktina um sömu laun kvenna og karla, og þar með var málið kistulagt, ágætum slagbrandi skotið fyrir möguleika þess, að það mál fengi lausn í bili. En áður hafði Sjálfstfl. einmitt lýst því yfir, að það væri hinn bráðnauðsynlegasti áfangi í þessu máli, að jafnlaunasamþykktin yrði fullgilt fyrir Íslands hönd.

Þá var annar stórsigur Sjálfstfl. í þessum réttindamálum kvenna, setning laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Hv. 8. þm. Reykv., frú Ragnhildur Helgadóttir, sagði, að flm. þess máls á Alþ. hefði verið núv. hæstv. fjmrh., Gunnar Thoroddsen. Það er alrangt. Sá dyggðum prýddi ráðh. þarf víst ekki að fá neinar lognar dyggðir á sig til skrauts. Hann var ekki flm. málsins. Hann hafði verið í vinnumennsku hjá þáv. hæstv. fjmrh., Eysteini Jónssyni, við að semja drög að frv. upphaflega, en flm. frv. var þáv. hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson. Og ég hefði nú viljað halda, að ef Sjálfstfl. hefði flutt málið, hefði hann með nokkrum rétti getað eignað sér heiðurinn af frv., en hann verður a. m. k. að deila þeim heiðri með Framsfl. og Eysteini Jónssyni, ef rétt skal segja söguna.

Þá er þriðji sigurinn, að það hafi verið samþykkt hér á Alþ. þáltill. um að staðfesta, að Ísland skyldi fullgilda jafnlaunasamþykktina, alþjóðasamþykktina um sömu laun kvenna og karla. En það er alveg að fljúga á stolnum fjöðrum að ætla að eigna Sjálfstfl. nokkurn heiður í sambandi við það, eftir að n., sem hans ríkisstj. hafði skipað, hafði sagt, að Ísland gæti ekki fullgilt þessa samþykkt. Það var vinstri stjórnin, sem gekk frá fullgildingu þessarar samþykktar, og höfðu kvennasamtökin í landinu á undanförnum árum gert fjölda samþykkta um, að það væri mjög þýðingarmikill áfangi í launajafnréttismálum kvenna, ef ríkisvaldið á Íslandi fullgilti þessa samþykkt og gengist þannig undir skuldbindingar um, eins og í sjálfri samþykktinni segir, að vinna að því, að reglan um sömu laun til kvenna og karla verði gildandi. Með slíkri samþykkt eru stjórnarvöld á Íslandi skuldbundin til þess að vinna að launajafnrétti kynjanna. Um það verður ekki deilt. Það stendur skýrum stöfum í samþykktinni sjálfri.

Þegar frúin, hv. 8. þm. Reykv., hafði þetta mælt, sagði hún: Þetta sýnir allt saman, hvaða þátt Sjálfstfl. á í þessu máli, hvað saga hans er glæsileg í þessum málum.

Þessu næst vék hv. frúin að mér, mínum þætti í þessum málum. Hún byrjaði á að skýra frá því, að þegar Kvenréttindafélag Íslands var 50 ára, var félaginu tilkynnt með bréfi, að einmitt þann sama dag að morgni hefði verið ríkisráðsfundur að Bessastöðum og þar hefði ríkisstj., vinstri stjórnin, samþykkt á ríkisráðsfundi að fullgilda jafnlaunasamþykktina. Átti þessi ákvörðun nokkurt erindi til Kvenréttindafélags Íslands? Var hægt að líta svo á, að það mundi verða einhver fögnuður í þeim herbúðum á þessu hálfrar aldar afmæli samtakanna, þegar margfaldar óskir og kröfur þessara samtaka frá undanförnum árum höfðu nú verið uppfylltar eða ákvörðun um það tekin að uppfylla þær og að jafnlaunasamþykktin yrði samþykkt? Svo mikið er víst, að þegar Kvenréttindafélagið fékk þessa tilkynningu, fögnuðu konur því mjög, enda var það í fullu samræmi við þeirra fyrri afstöðu. Það er flestum kunnugt, að jafnlaunasamþykktin tekur ekki gildi í neinu landi frá þeim degi, sem hún er fullgilt, heldur segir í sjálfri samþykktinni, — og það gildir um öll meðlimaríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, — að hún tekur ekki gildi fyrr en 12 mánuðir eru liðnir frá því, að hún hefur verið skráð hjá aðalritara Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þessi samþykkt, sem var fullgilt fyrir Íslands hönd á árinu 1957, var því ekki fullgilt, var ekki komin í gildi, orðin gildandi fyrir Ísland, fyrr en á síðari hluta ársins 1958, og á síðari hluta ársins 1958 fór vinstri stjórnin frá völdum. Við höfðum því ekki langt svigrúm til að gera ráðstafanir til, að hún yrði framkvæmd þegar í stað. Það átti að koma í hlut þeirrar ríkisstjórnar og þeirra ríkisstjórna, sem setið hafa síðan.

Það, sem ég hins vegar gerði, rétt skömmu eftir að Ísland hafði fullgilt jafnlaunasamþykktina, var í fullu samræmi við samróma kröfur kvennasamtakanna í landinu, innan verkalýðssamtakanna og utan, að nú yrði, þegar Ísland væri búið að skuldbinda sig til að vinna að launajafnrétti, skipuð svokölluð jafnlaunanefnd, sem yrði í þremur sætum af fimm skipuð konum. Ég varð þegar í stað við þessum óskum kvennasamtakanna, taldi það eðlilegt og réttmætt, að nú yrði nefnd falið að rannsaka alveg ofan í kjölinn, hvernig stæðu hlutföllin í kaupgjaldsmálum og launamálum kvenna og karla, bæði hjá því opinbera og hjá atvinnulífinu. Þessi nefnd var skipuð, og það voru ekki skipaðar 3 konur í hana, heldur 4 af 5, og aðeins einn karlmaður. Og hún fékk sitt erindisbréf um að afla skýrslna og upplýsinga sem allra fyrst um það, hvernig þessi mál stæðu. Það var búizt við því þá, að hún gæti lokið störfum ef til vill innan árs. En reyndin hefur orðið sú, að starfið reyndist bæði umfangsmikið, og þó einkum hitt, að það er illur draugur að glíma við, hvað íslenzkir einstaklingar og íslenzkar stofnanir eru tregar og seinar til að senda skýrslur, og þessi nefnd hefur mjög orðið fyrir því, að einstaklingar og stofnanir, sem hún óskaði eftir skýrslum frá, hafa sent þessar skýrslur mjög seint og sumar illa. (**Gripið fram í:** Hver er formaðurinn?) Hann heitir Snorri Jónsson, og veit ég ekki annað en það hafi verið gott samstarf í nefndinni. Konurnar fjórar hafa tekið að sér ákveðna þætti af því starfi, sem n. átti að vinna, og í raun og veru haft meginþætti starfsins í sínum höndum, skipt því niður á sig. Ef þarna er illa unnið, er það a. m. k. að einhverju leyti því að kenna, að þessar konur hafa ekki reynzt eins áhugasamar og ætla mátti um þetta starf, en ég hef a. m. k. enga ástæðu til að ásaka þær um léleg vinnubrögð. Ég veit ekki betur en þessi nefnd hafi starfað sífellt að sínu verkefni og hygg, að nú líði líka að því, að þessi nefnd skili

störfum. Mér er kunnugt um, að svipuð nefnd, sem sett var til þessa verkefnis í Finnlandi. hefur starfað nú á sjöunda ár og er fyrst á árinu 1961 að senda frá sér til ráðuneytisins lokaskýrslu um málið. Ég ásaka í raun og veru enga ríkisstj. um það að hafa ekki farið lagaleiðina í þessu máli, fyrr en þessi nefndarskýrsla lægi fyrir, það taldi ég eðlilegt milliskref, til þess að fá öruggan grundvöll um það, hvaða launamisrétti væri ríkjandi í landinu og á hvaða sviðum. En við þá, sem ásaka mig fyrir, að á þeim vikum, sem liðu, frá því að jafnlaunasamþykktin gekk í gildi á árinu 1958, þar til vinstri stjórnin lét af völdum, skyldi ég ekki hafa komið fram löggjöf um fullkomið launajafnrétti, segi ég það, að þeir hefðu þá átt að gera betur á árinu 1959 og 1960 og því sem er af 1961. En þar hefur um fjallað Emil Jónsson, formaður Alþfl., hæstv. núv. heilbr.- og félmrh. Hann var forustumaður ríkisstj. á árinu 1959 og hafði alla þræði þessa máls þá í hendi sér. Síðan hefur verið við völd, eins og kunnugt er, núv. hæstv. ríkisstj. undir forsæti Sjálfstfl. með þátttöku Alþfl., og hefði þessi áhugi verið þá einnig til þess að leysa málið með löggjafaraðferðum, áður en álit n. lá fyrir, eins og var fundið að hjá mér, þá hefðu þessir herrar átt að gera það líka, og þeir hafa til þess haft nú meira en tvö ár.

Ég held, að þetta hafi verið aðalatriðið í ræðu hv. 8. þm. Reykv., að ásaka mig fyrir að hafa ekki komið löggjöf fram um launajafnrétti kvenna í beinu framhaldi af fullgildingu jafnlaunasamþykktarinnar að því er snertir sömu laun fyrir sömu vinnu. En ég segi það að lokum: Ef ég hef glatað tækifærum með því að koma þessu ekki fram, þá hafa tækifærin verið mörg og stór fyrir ríkisstj. Emils Jónssonar og núv. hæstv. ríkisstj. til þess að gera þessa hluti, og a. m. k. er það víst, að nú á þessum dögum Alþingis, í gær og í dag, blasa möguleikarnir við núv. stjórnarflokkum að koma fram löggjöf um algert launajafnrétti kvenna, ef þeir vilja nota þann möguleika, því að hér hafa borizt í fangið á þeim tillögur um það, sem þeir verða annaðhvort að fella eða samþykkja. Ef þeir eru heilir í þessu máli, geta þeir auðvitað ekkert annað gert en samþykkja þær tillögur. Séu þeir óheilir í því, fella þeir þær. Um það skal ég ekki saka þá, fyrr en þeir hafa það gert.

Það var eitt af lokaatriðum í ræðu hv. 8. þm. Reykv., frú Ragnhildar Helgadóttur, að það gæti verið tvíbent, að konur fengju launajafnrétti á við karlmenn, það gæti verið hættulegt. Hver veit, nema konum yrði þá bægt burt af vinnumarkaðinum? Það gæti sem sagt leitt yfir þær atvinnuleysi. Jú, er þetta ekki ósköp skýr vottur um það, að áhuginn sé brennandi fyrir launajafnrétti hjá þessum hv. kvenþm. okkar? Nei, ég held ekki. Hún tekur aðallega fram, að það geti verið hættur því samfara fyrir konurnar sjálfar, þær skuli því fara varlega í þetta. Það hefur sjálfsagt verið þessi ótti, sem aftraði atvinnurekendum í Vestmannaeyjum fyrir nokkrum vikum frá því að hækka kaup kvenna meira en þeir gerðu, en á það var bent, að það mundi vera líklegt til þess, ef þeir hækkuðu kvennakaupið myndarlega, að þeir ættu þá á vertíðinni, sem í hönd fór, auðveldara með að fá þann vinnukraft, sem þá vantaði til framleiðslustarfanna, þ. e. a. s. til þess að geta tekið á móti þeim afla, sem bærist á land í fiskvinnslustöðvarnar hjá þeim. Þeir hækkuðu kaupið nokkuð hjá konum, en hvergi nærri svo sem þeir hefðu átt að gera, og þeir hafa orðið að játa nú, að þá vanti enn þá til Vestmannaeyja um 1000 konur, helzt þyrftu þeir að fá 1000 konum fleira í þjónustu atvinnulífsins þar. Ég efast ekki um, að þeir hefðu fengið mörg hundruðum fleiri konur til starfa við fiskvinnslustöðvarnar í Vestmannaeyjum, ef þeir hefðu t. d. innleitt launajafnrétti kvenna á við karla, sem hefði verið réttmætt, af því að konur koma að sízt minna gagni við fiskiðnaðinn en karlmenn og eiga þannig auðvitað við þau störf að hafa sama kaup.

Þá hneykslaðist frúin á því, að ég hefði nefnt þetta frv., þetta frv.-örverpi Alþfl.-mannanna, sem við erum hér að ræða, háðung og svívirðingu. Ég sagði orðrétt, að réttlætið í smáskömmtum, eins og um eitur væri að ræða, væri háðung og svívirðing, og það stend ég við, og ég held, að þessi stimpill verði ekki svo auðþveginn af þessu frumvarpi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 85. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 660,1 felld með 16:13 atkv.

— 661,1 felld með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, HB, BFB, JKf, EðS.

nei: EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, IngJ, DÓ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BF, BK, BBen, BGr.

7 þm. (EI, VH, IG, JPálm, GÞG, KGuðj, JKs) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, IngJ, DÓ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, JKs, BF, BK, BBen, BGr.

EOl, GeirG, GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, HB, BFB, JKf, EðS greiddu ekki atkv.

7 þm. (EI, VH, IG, GíslG, JPálm, GÞG, KGuðj) fjarstaddir.

Brtt. 660,2 tekin aftur.

— 661,2—3 teknar aftur.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, DÓ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, JKs, BF, BK, BBen, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, BGr.

GJóh, HÁ, HS, HV, JSk, LJós, SkG, ÞÞ, HB, BFB, JKf, EðS, EOl, GeirG greiddu ekki atkv.

7 þm. (GÞG, KGuðj, EI, VH, IG, GíslG, JPálm) fjarstaddir.

Brtt. 661,4 felld með 19:11 atkv.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 64, 677).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 677. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það fór svo við 2. umr. þessa máls, að allar brtt. stjórnarandstöðuflokkanna voru felldar, engin þeirra tekin til greina. Nú skal enn gerð tilraun til þess að sníða allra verstu agnúana af þessu frv., gera það þannig úr garði, að verkalýðshreyfingin gæti þó nokkru skár við unað, að slík löggjöf, sem hér um ræðir, væri sett. Ég hef því leyft mér að bera fram fjórar brtt. við frv. á þskj. 677.

1. brtt., sem raunar kemur í staðinn fyrir efni 1. og 2. gr. frv., er svohljóðandi:

„Hinn 19. júní 1961 skulu laun allra kvenna skv. samningum stéttarfélaga ákveðin 90% af kaupi karla. Sá mismunur, sem þá er á kaupi kvenna og karla, skal jafnast út á næstu þremur árum í jöfnum hlutum, unz fullum launajöfnuði er náð hinn 19. júní 1964."

Höfuðbreytingin frá núverandi 1. og 2. gr. er sú, að í stað þess að launajöfnuðurinn náist á árunum 1962—1967, er gert ráð fyrir, að þessi jöfnuður náist á 3 árum og kvennakaupið nú á árinu 1961 fest við 90% af kaupi karla, en það eru þær kröfur, sem verkalýðssamtökin gera um leiðréttingu á sínum launum á þessu ári. En frv. sjálft gerir ekki ráð fyrir neinni breytingu á launum kvenna á árinu til þess að minnka bilið á milli kaups kvenna og karla á yfirstandandi ári. Þá felst það einnig í brtt., að launajöfnunin mundi ná til allra kvenna, ef brtt. yrði samþykkt, en í 1. gr. mundi launajöfnunin á þessu árabili, sem þar er um talað, aðeins ná til þeirra verkakvenna, sem stunda vinnu skv. samningum hinna almennu verkakvennafélaga í landinu, samkvæmt samningum Iðju, félags verksmiðjufólks, og Verzlunarmannafélagsins í Reykjavík. Það væri því að því stefnt með þessari till., að launajöfnunin gerðist á skemmri tíma og að frv. næði til fleiri kvenna eða til í raun og veru allra kvenna.

19. júní er nú valinn þarna sem viðmiðunardagur vegna þess, að hann er hinn mikli frelsisdagur kvenþjóðarinnar, og ætti því að vera vel til fallið, að þær fengju þá frá löggjafanum þessar réttarbætur í löggjöf, eins og þær fengu kosningarréttinn hinn 19. júní 1915.

2. gr. falli niður, skv. 2. brtt., en 3. gr., sem fjallar um hina svokölluðu launajafnaðarnefnd eða þann dómstól, sem á að ákveða um kaupbreytingar skv. 1. gr., legg ég til að orðist svo:

„Úr ágreiningi, sem rísa kann út af ákvæðum 1. gr., sker félagsdómur."

Ég legg til, að 4. gr. falli niður. Í henni eru ákvæði, sem verkalýðshreyfingunni eru mjög ógeðfelld, nefnilega þau, að engir samningar milli verkakvennafélaga og atvinnurekenda, þó að undirskrifaðir hafi verið, séu gildir, fyrr en nefndin hafi staðfest slíka samninga. Þetta tel ég lítillækkandi og á allan hátt óviðeigandi og legg því til, að sú till. gerbreytist, nefnilega á þann hátt, að í stað orðanna „enda staðfesti nefndin slíka samninga" í niðurlagi greinarinnar komi: enda sé sú hækkun eigi lægri en lög þessi gera ráð fyrir.

Ef frv. fengist breytt á þennan hátt, væri það miklu betur að skapi verkalýðshreyfingunni en í því formi, sem það nú er.

5. gr. geri ég enga brtt. við né heldur þá 6.

Ég læt þessi orð nægja til skýringar með þessum brtt., sem nú eru lagðar fram, til þess að gera síðustu tilraun til að fá lagfæringar á þessu frv.

ATKVGR.

Brtt. 677,1 felld með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GeirG, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, IG, JSk, LJós SkG ÞÞ, HB, BFB, JKf, EðS.

nei: EI, EmJ, GíslJ, GuðlG, GÍG, IngJ, DÓ, JP, JR, MÁM, ÓTh, PS, RH, SÁ, SI, BF, BK, BBen, BGr.

5 þm. (VH, JPálm, GÞG, KGuðj, JKs) fjarstaddir.

Brtt. 677,2 felld með 19:11 atkv.

— 677,3 felld með 20:11 atkv.

— 677,4 felld með 20:7 atkv.

— 677,4 varatill. felld með 20:13 atkv.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 57. fundi í Sþ., 27. marz, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Þessar útvarpsumræður — eldhúsumræður — fara þannig fram, að hver þingflokkur hefur til umráða 50 mín., sem skiptast í tvær umferðir, hin fyrri 25—30 mín. og hin síðari 20—25 mín., þannig að samtals verði það 50 mín.

Röð flokkanna er þessi: Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur.

Ræðumenn verða þessir: Fyrir Framsfl.: Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Vilhjálmur Hjálmarsson. Fyrir Sjálfstæðisfl.: Bjarni Benediktsson, Matthías Á. Mathiesen, Gísli Jónsson, Jón Árnason. Fyrir Alþb.: Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson, Geir Gunnarsson. Fyrir Alþfl.: Guðmundur Í. Guðmundsson, Birgir Finnsson.

Umræðan hefst þá með því, að fyrri ræðumaður Framsfl. í þessari umferð, hv. 4. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, tekur til máls.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Góðir hlustendur nær og fjær. Hið ástsæla norðlenzka skáld, Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, segir í þjóðhátíðarkvæði sínu, Að Þingvöllum:

Í þúsund ár bjó þjóð við nyrztu voga.
Mót þrautum sínum gekk hún djörf og sterk.
Í hennar kirkju helgar stjörnur loga,
og hennar líf er eilíft kraftaverk.

Fáar ljóðlínur eru kærari og munntamari íslenzkri alþýðu en þessi einföldu orð þjóðskáldsins. Í fáum og meitluðum setningum bregður fyrir sögu íslenzku þjóðarinnar, sem valdi sér bústað norður við yzta haf og hefur smám saman mótazt af landi sínu, tekið við það órofa ástfóstri og gróið saman við gæði þess og galla.

Þau örlög voru lögð íslenzkri þjóð í öndverðu að sitja þetta land svo vel sem hún gæti og lifa af gæðum þess og auka gagnsemina, eftir því sem þekking og aðstæður framast leyfðu. Sú var einnig ákvörðun örlagavaldsins, að þjóðin leitaðist við að haga svo landstjórnarmálum, að henni mætti af þeim sökum farnast vel.

Íslenzka þjóðin hefur frá fyrstu tímum viljað lifa óháð og sjálfstæð í landi sínu og búa ein að kostum þess, eins og hún hefur rétt og skyldur til. Hins vegar hefur henni ekki alltaf auðnazt að samstilla svo tök sín á landstjórnarmálum, að því markmiði yrði náð. Þess vegna hefur hún oft á umliðnum öldum orðið að þola áþján illra stjórnara og arðránsmanna, sem mátu eigin hag meira en þjóðarheildarinnar. Móti þessum þrautum og öðrum fleiri „gekk hún djörf og sterk", eins og skáldið segir, og henni hefur ávallt tekizt að hrista af sér hvert það ok, sem á hana hefur verið lagt. Það er eitt af kraftaverkunum í ævi þjóðarinnar.

Um síðustu aldamót var mjög farið að rofa til í löngu myrkri óstjórnar og arðráns útlendra valdamanna, sem þjakað hafði þjóðina og svæft með henni framtak og manndómsvilja. En um leið og myrkrinu létti og dagur var aftur á lofti, vöknuðu með henni að nýju þeir kraftar, sem blundað höfðu í brjósti hennar, og það var upphaf þeirrar sóknar fram á leið, sem er ráðandi í sögu alls fyrra helmings þessarar aldar og betur þó. Hver ný kynslóð hefur í ríkum mæli verið trú því hlutverki, sem henni er ætlað af forsjóninni: að auðga landið, efla dáð þess og styrkja hag þess.

Það var meginhlutverk fyrstu kynslóðar 20. aldar að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar, binda endi á erlend yfirráð yfir landinu og skila næstu kynslóð í hendur frjálsu og óháðu samfélagi, sem hefði því meginhlutverki að gegna að byggja upp það, sem hrunið hafði, græða það, sem fallið hafði í órækt, og efla menntun, verkkunnáttu og alhliða vísinda- og listastarfsemi, sem var fólkinu í blóð borið, ef það aðeins fengi notið sín.

Framfarabarátta Íslendinga á þessari öld stendur í nánum tengslum við þá stjórnmálastarfsemi, sem hér hefur verið rekin að höfuðstefnu um áratuga skeið, einkum hina síðustu áratugi. Þessi stefna í stjórnmálum miðaði og miðar að því að treysta atvinnugrundvöllinn, skapa ný skilyrði fyrir afkomu fjöldans, jafna lífskjörin, lyfta allri alþýðu upp úr heimskandi fátækt og vesaldómi og tryggja henni lífvænleg kjör. Ég ætla ekki að halda því fram, að einhver einn stjórnmálaflokkur eða félagssamtök eigi allan heiðurinn af því, hve vel hefur tekizt á tiltölulega stuttum tíma að lyfta almenningi á Íslandi úr örbirgð til sæmilegra álna. Á hitt vil ég benda, að fyrst og fremst er hér að þakka

löggjafarstarfi á Alþingi, aðgerðum ríkisstjórna og margs konar almannasamtökum. Vissulega hafa margir lagt hér hönd að verki, og verður alls ekki, ef sanngjarnlega er talað, einum þakkað allt. Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á, að enginn stjórnmálaflokkur hefur haft lengri eða ríkari tök á landsstjórninni á mesta framfaraskeiði þjóðarinnar en Framsfl. Hann var fyrsti öflugi stjórnmálaflokkurinn í landinu, sem myndaður var til alhliða sóknar í innanlandsmálum, og hann hefur átt því láni að fagna að geta mótað framfarastefnu Alþingis í umboði þjóðarinnar lengur og farsællegar en aðrir flokkar. Hlutur hans í framfarasókninni er því tvímælalaust meiri en margra annarra, enda hefur það oftast verið hans sérhlutverk að leiða sóknina og láta hina fylgja sér á framfarabrautinni. Framsfl. hefur lagt megináherzlu á að treysta atvinnulífið með öflugu uppbyggingarstarfi um land allt. Hann hefur miðað stefnu sína við það, að fjármagni væri dreift um landið til þess að efla lífvænlega atvinnustarfsemi sem víðast í byggðum þess, í sveit og við sjó, og beitt sér fyrir löggjöf og stjórnarframkvæmdum, sem miðuðu í þá átt, og jafnframt stutt þau almannasamtök, sem stuðla að jafnari uppbyggingu landsins og eflingu framleiðslunnar úti um landsbyggðina.

Árangur þessarar stefnu Framsfl. blasir hvarvetna við, þegar farið er um sveitirnar og sjávarplássin víða um land. Hin mikla ræktun og byggingarstarfsemi í sveitum hefur ekki komið af sjálfu sér, heldur liggur að baki þess mikið félagslegt starf og löggjafarstarf ekki sízt, auk hinnar miklu vinnu bændanna sjálfra. Má í þessu sambandi minna á lögin um byggingar- og landnámssjóð og Búnaðarbankann, sem hvor tveggja mörkuðu tímamót, ásamt margvíslegri annarri löggjöf, sem hér yrði of langt upp að telja, en Framsfl. hefur beitt sér fyrir.

Með löggjafarstarfi, sem oft má rekja til frumkvæðis framsóknarmanna, hefur verið greitt fyrir útgerðarstarfsemi í öllum landsfjórðungum og einstaklingum og félögum verið gert kleift að nýta hina miklu framleiðslumöguleika við sjávarsíðuna. Framsóknarmenn endurreistu fiskveiðasjóð á sínum tíma í nútímamynd, og hefur sú framkvæmd haft geysileg áhrif fyrir sjálfstæðan útgerðarrekstur einstaklinga víða um land. Framsóknarmenn hrundu af stað einu mesta stórvirki síns tíma, síldarverksmiðjum ríkisins, og gerðust með því brautryðjendur í innlendri síldarvinnslu. Grundvöllur hraðfrystihúsarekstrarins, hins bezta í fiskiðnaði okkar, var lagður á stjórnarárum Framsfl. og Alþfl. 1934—38. Þá hefur Framsfl. lagt höfuðáherzlu á samgöngumálin á sjó og landi og beitt sér meira fyrir þeim málum almennt á Alþingi en aðrir flokkar. Hér mætti einnig minnast á dreifingu raforku og síma um landið, sem framsóknarmenn hafa talið eitt af sínum stærstu málum og unnið ósleitilega að á þingi og í ríkisstj., þegar þeir hafa átt þar sæti.

Höfuðstefna Framsfl. í atvinnumálum er sú, að Alþingi og ríkisstj. beiti sér fyrir aðgerðum, sem auðveldi atvinnuframkvæmdir, auki framtak einstaklinga og félaga og verði sem allra flestum hvatning til þess að taka virkan þátt í framleiðslustörfunum. Við teljum fráleitt, að ríkisstj. sitji aðgerðarlaus hjá í sambandi við atvinnumálin, þannig að þau verði aðallega leyst af fjársterkum einstaklingum eða þröngri peningaklíku, sem hefur skyndigróðann einan að leiðarljósi. Við viljum haga fjármálunum á þann veg, að framtak hinna mörgu einstaklinga fái notið sín. Þetta getur ríkisvaldið gert og hefur gert á undanförnum árum með margvíslegri aðstoð við framleiðendur í flestum greinum atvinnulífsins. Tvö atriði má nefna í þessu sambandi. Annars vegar er vægileg vaxtapólitík, t. d. með tilliti til lána úr stofnlánasjóðum, og hins vegar ríkisábyrgðir á lánum til uppbyggingar fyrirtækja af ýmsu tagi. Hvort tveggja hefur reynzt mikilvægt fyrir uppbygginguna í landinu, og er illa farið, að núv. ríkisstj. stefnir að því leynt og ljóst að uppræta þessa mikilvægu aðstoð við atvinnuframkvæmdirnar, eins og glögglega kemur fram í þeirri vaxtapólitík, sem hún rekur, og hinum nýju lögum um ríkisábyrgðir, þar sem stefnt er að því að draga stórlega úr öllum ríkisábyrgðum, alveg án tillits til reynslunnar af þeim í heild og í einstökum flokkum ríkisábyrgða.

Framsóknarmenn hafa ævinlega lagt megináherzlu á, að framfarastefnan næði til landsins alls og að íbúum allra fjórðunga væru sköpuð sem jöfnust afkomuskilyrði og lífsaðstaða. Þeir hafa því beitt sér fyrir sem allra víðtækastri dreifingu fjármagnsins til uppbyggingar á landinu öllu og jafnan tekizt, þegar þeir hafa verið í stjórn, að ná samkomulagi við samstarfsflokka sína um þá stefnu, þó að stundum hafi orðið að sækja fast á, enda á jafnvægisstefna Framsfl. marga hvassa andmælendur í öðrum flokkum, sem hafa gerólík sjónarmið. Þessi andstæðu sjónarmið eru mjög ríkjandi í núv. stjórnarstefnu, og í fáu mun hún greina sig jafnaugljóslega frá stefnu undanfarandi ára en einmitt í þessu tilliti. Í sambandi við þetta get ég ekki stillt mig um að benda á, hve gerólík stefna núv. stjórnar er stefnu vinstri stjórnarinnar á árunum 1956—58, ekki sízt hvað þetta snertir og raunar í öllum höfuðmálum. Vinstri stjórnin vann að öflugri uppbyggingu víða um land, og mun lengi sjá merki þeirrar uppbyggingar, jafnvel þótt stjórnin sæti aðeins stutt að völdum og ætti við innbyrðis örðugleika að etja í lok samstarfsins. En framkvæmda- og framfarastefna vinstri stjórnarinnar var í anda þess uppbyggingaráhuga, sem einkennt hefur íslenzkt þjóðlíf undanfarna áratugi. Kreppupólitík núv. ríkisstj. er hins vegar í andstöðu við hinn almenna framfarahug þjóðarinnar og getur því aldrei orðið til frambúðar.

Boðberar kreppustefnunnar reyna að afsaka sig með því, að vinstri stjórnin hafi skilið þannig við landsmálin, þegar hún fór frá í des. 1958, að allt hafi verið í kaldakoli og þess vegna hafi verið nauðsynlegt að kippa að sér hendinni með framfarir og uppbyggingu. Þessi firra er að vísu marghrakin áður, en öruggasta afsönnun hinnar fölsku fullyrðingar og yfirskinsástæðu núverandi valdhafa er að finna

í opinberum skýrslum um þjóðarhag 1958. Þá kemur í ljós, að staða landsins gagnvart útlöndum hefur aldrei verið betri um langt árabil en einmitt á árinu 1958. Það er alger rangfærsla og vísvitandi blekking, þegar öðru er haldið fram. Þess er líka vert að geta, að á árinu 1958 stóð framleiðslan með blóma. Hagur almennings var þá svo góður, að í erlendum efnahagsskýrslum var fullyrt, að þá væru bezt lífskjör á Íslandi í allri Evrópu. Aftur á móti hefur allt snúizt öfugt í höndum núv. valdamanna. Greiðsluhalli við útlönd er geigvænlegur, þrátt fyrir krepputökin, og kjaraskerðingin og kauprýrnunin slík, að hagur almennings hefur aldrei verið lakari nú um langt árabil, þótt stjórnin ausi úr ríkissjóði hundruðum milljóna til niðurgreiðslna og fjölskyldubóta.

Það er fullkomin sögufölsun, þegar því er haldið fram, að vinstri stjórnin hafi farið frá vegna þess, að allt væri í kaldakoli. Ástæðan var sú, að ýmis óábyrg, en áhrifamikil öfl utan og innan stjórnarflokkanna voru að knýja fram verðbólgu, sem ekki náðist samkomulag um innan stjórnarinnar, hversu mæta skyldi. Það er svo þáttur út af fyrir sig að rekja hátterni Sjálfstfl. um þær mundir, skrif Morgunblaðsins og ræðuflutning sjálfstæðisforustunnnar, samstarf Sjálfstfl. við Moskvukommúnista og fleira slíkt, sem þessum herrum óar ekki við, þegar það hentar þeirra pólitíska valdabrölti. Sjálfstæðismenn skulu ekki halda, að menn séu búnir að gleyma því, hverjir það voru, sem efldu kommúnista mest til valda og áhrifa hér á landi, og hverjir það voru, sem dilluðu þeim hæst. Menn eru ekki svo gleymnir, að þeir muni ekki, þegar sjálfstæðismenn voru í óbeinu stjórnarsamstarfi við kommúnista árið 1942 og síðar í mjög virku og nánu samstarfi við þá árin 1944—47, þegar hæstv. núv. forsrh., Ólafur Thors, var forsrh. í ríkisstj., þar sem sjálfur hinn andlegi leiðtogi kommúnista á Íslandi, Brynjólfur Bjarnason, var menntmrh. Í þeirri sömu stjórn var einnig núv. hæstv. félmrh., Emil Jónsson, sem enn í dag þiggur náðarbrauð kommúnista í Hafnarfirði og myndar þar með þeim meiri hluta í bæjarstjórn. Og eitt síðasta dæmið um virka samstöðu Sjálfstfl. og kommúnista er barátta þeirra fyrir kjördæmabreytingunni 1959. Og það er ekki heldur gleymt, að fyrir rúmum tveimur árum var Sjálfstfl. tilbúinn að mynda ríkisstj. með kommúnistum. Og þessir herramenn eru að klína kommúnistaorði á Framsfl. Ég held, að þeir gætu unnið sjálfum sér eitthvað þarfara en að standa í steinkasti úr því glerhúsi, sem þeir búa í.

Þessu þingi er nú senn lokið. Ríkisstj. og sá meiri hl., sem hún styðst við, hafa ráðið gerðum þess í öllum aðalatriðum. Stefna ríkisstj. hefur verið óbreytt á þessu þingi frá því í fyrra að því leyti, að haldið hefur verið áfram að framkvæma kreppustefnuna, sem mörkuð var með valdatöku Sjálfstfl. og Alþfl. En þó að þingið sé með sömu einkennum og það var í fyrra og sé sjaldgæft í íslenzkri þingsögu, að þingmeirihluti streitist við að búa til fjárhags- og atvinnukreppu með löggjafarstarfi sínu, þá verður þessa síðasta þings ekki fyrst og fremst minnzt fyrir það, heldur annað. Hátindur þeirrar uppgjafar- og undansláttarstefnu, sem núv. ríkisstj. rekur á öllum sviðum, eru aðgerðir hennar í landhelgismálinu. Síðari kynslóðir munu fyrst og fremst muna eftir þessu síðasta þingi í sambandi við uppgjafarsamninginn við Breta, þegar íslenzka ríkisstj. samdi af sér um alla framtíð í mesta hagsmunamáli þjóðarinnar. Ríkisstj. og liði hennar hefur því tekizt að gera sjálfa sig fræga, en fræga að endemum. — Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar hæstv. ríkisstj. ræðir efnahagsmál, beinist áhugi hennar fyrst og fremst að viðskilnaði vinstri stjórnarinnar. Þess er gætt að láta líta svo út, að hún telji, að *erfiðleikar í efnahagsmálum hafi valdið þeim* stjórnarslitum og þangað eigi að leita fanga, þegar skýra á illt ástand í efnahagsmálum nú. Sannleikurinn um slit vinstri stjórnarinnar er sá, að ekki náðist samstaða innan þeirrar ríkisstj. um kaupgjald og verðlag, sem tryggði sömu lífskjör og í október 1958. Á þessu rofnaði stjórnarsamstarfið, en ekki á ástandi í efnahagsmálum. Staðreyndirnar um það mun ég ræða hér á eftir. Greiðsluafgangur ríkissjóðs var 1958 70 millj. kr. Gjaldeyrisstaða bankanna var jákvæð yfir 80 millj. Útflutningsbirgðir jukust á árinu 1958 um 160 millj., miðað við núv. gengi. Auk þess hafði vinstri stjórnin undirbúið 6 millj. dollara lántöku í Bandaríkjunum, sem núv. stjórnarflokkar hafa tekið og notað til hafnarframkvæmda, raforkumála o. fl. Innlánsaukning sparifjár 1958 var 21.6%. Atvinnulífið stóð með blóma, enda afkoma atvinnuveganna góð það ár og lífskjör almennings ca. 15% betri en nú. Til áréttingar því, sem ég hef hér sagt um viðskilnað vinstri stjórnarinnar, skal því bætt við, að í Morgunblaðinu 19. des. 1958 segir frá þeirri niðurstöðu, er sérfræðingar Sjálfstfl. í efnahagsmálum komust að eftir að hafa athugað ástand þeirra, og niðurstaðan er þessi: Laun, þar með taldar tekjur bænda, þurfa að lækka um 6%. Ef þessi breyting verður framkvæmd, sögðu þeir, þurfa atvinnuvegirnir ekki frekari aðstoðar við og hægt verður að halda dýrtíðinni í skefjum án nýrra skatta. Trúi nú þeir, sem trúa vilja, að þeir Morgunblaðsmenn hafi gefið þessa yfirlýsingu af velvilja við vinstri stjórnina. Um það þarf ekki að ræða. En á hitt vil ég minna, að kaupgjaldið, sem var lækkað í byrjun árs 1959 um 5.4%, var sú kauphækkun, sem Sjálfstfl. ásamt kommúnistum í Alþb. og hægri krötum knúði fram sumarið 1958 gegn yfirlýsingum vinstri stjórnarinnar um gjaldþol atvinnuveganna, enda var þeirri kauphækkun ætlað annað hlutverk en að þjóna hagsmunum þjóðarinnar, heldur það eitt að fella vinstri stjórnina, sem sýndi sig, er kauphækkunin var tekin til baka af núverandi valdhöfum, strax eftir að þeir komust til valda. Sjóði þá, er vinstri stjórnin skildi eftir, átu stjórnarliðar upp og gátu því fleytt sér kosningaárið.

Ljóst er af því, sem ég hef hér sagt, að viðskilnaður vinstri stjórnarinnar á enga sök á erfiðu ástandi í efnahagsmálum nú. Orsakirnar er að finna hjá núv. valdhöfum, og mun ég

ræða fyrirheit þeirra og framkvæmdir í efnahagsmálum.

Stjórnarsinnar hétu því að stöðva dýrtíðina. Framkvæmdin hefur tekizt svo, að verðlag á algengustu vörutegundum hefur hækkað frá haustinu 1958 um 40—80%. Á sama tíma hafa niðurgreiðslur á vöruverði verið auknar um 195 millj. kr. Kaupgjald og atvinnutekjur bænda hafa svo verið lækkaðar beint um 5.4%.

Boðað var, að uppbætur og afskipti ríkisvaldsins af atvinnuvegunum skyldu niður falla. Framkvæmdin er hins vegar sú, að framlag til atvinnuveganna í gegnum niðurgreiðslur er orðið 310 millj. kr. Útflutningssjóður var látinn greiða tryggingagjöld fiskiskipaflotans s. l. ár, og nemur sú upphæð tugum milljóna. Kreppuhjálp er verið að undirbúa vegna útgerðarinnar, sem skiptir hundruðum milljóna króna. Og ríkisstj. skipar atvinnuveitendum fyrir í kaupgjaldsmálum.

Stjórnarliðar hættu að loknum kosningum að tala um leiðina til bættra lífskjara. Var þá tekið til að ræða um það, að þjóðin hefði lifað um efni fram, og frá því skýrt, að greiðsluhalli við útlönd á árunum 1955—58 hefði verið 776 millj. kr. Því var beinlínis haldið fram, að þetta væri halli á þjóðarbúinu. Hér var enginn greinarmunur gerður á, til hvers erlendu lánin voru notuð. Innflutningur skipa og flugvéla var þá ekki undanskilinn og ekki einu sinni sementsverksmiðja, áburðarverksmiðja eða virkjanirnar. Í sambandi við þessa fráleitu fullyrðingu vil ég minna á ummæli dr. Benjamíns Eiríkssonar bankastjóra, en hann sagði um þetta atriði eftirfarandi:

„Þjóðin er í alla staði miklu betur fær um að standa undir greiðslu 5½ milljón dollara árið 1958 en 2 millj. dollara 1951, einmitt vegna þess, hve miklar framkvæmdir hafa verið unnar fyrir hið erlenda lánsfé."

Þetta sagði hagfræðingurinn Benjamín Eiríksson.

Sú fullyrðing stjórnarliða, að gjaldþoli þjóðarinnar út á við væri ofboðið og fjárhagslegt sjálfstæði hennar væri í hættu vegna skuldasöfnunar fyrri ára við útlönd og snúa yrði við á þeirri glæfrabraut, er grundvöllur þeirrar lömunarstefnu, sem nú ríkir. Ekkert í þessum efnum var þó talið jafnhættulegt og erlend lán til stutts tíma. Þjóðinni var sagt, að hún yrði að þola kjaraskerðingu um skeið, meðan verið væri að lækka skuldirnar við útlönd. Kjaraskerðingu hefur hún fengið á sig. En hver er árangurinn í þessum höfuðþætti stjórnarstefnunnar? Hann er þessi:

Reynt er að halda á lofti betri gjaldeyrisstöðu bankanna, sem fengin er m. a. með annarri uppsetningu á gjaldeyrisyfirlitinu og erlendum lánum til stutts tíma. Farið er nú að sundurliða greiðsluhallann og verja ástandið með innflutningi skipa og flugvéla. Verzlunarjöfnuður var óhagstæður s. l. ár um 816 millj. kr. Greiðsluhalli við útlönd var 704 millj. kr. 1960, eða hærri en nokkru sinni fyrr, nema 1959 undir stjórn sömu flokka.

Ef gerður er hliðstæður samanburður á greiðsluhallanum við útlönd árin 1959 og 1960 og árunum 1955—58, sem vitnað var sérstaklega til af ríkisstj. sem sönnun fyrir nauðsyn á algerri stefnubreytingu í viðskiptunum við útlönd, og greiðsluhallinn reiknaður á sama gengi öll árin, er niðurstaðan þessi: Hallinn fyrra tímabilið, 4 ár, er 776 millj. kr., en síðara tímabilið, 2 ár, 617 millj. kr. Um þennan árangur má með sanni segja, að viðreisn ríkisstj. lætur ekki að sér hæða.

Nýjar erlendar lántökur á árinu 1960 eru á annan milljarð króna og hafa aldrei á einu ári verið nándar nærri svo háar. Af lánum til stutts tíma er nú meira tekið en nokkru sinni fyrr. Skuldir þjóðarinnar við útlönd eru nú hærri en áður í sögu hennar og hafa hækkað á árinu 1960 um 400—500 millj. kr. Greiðslubyrði þjóðarinnar hefur aldrei verið meiri en nú. Árangurinn af fyrsta ári lömunarstefnunnar í þessum höfuðþætti er svo lélegur, að enginn samanburður er til, nema helzt árið 1959, enda handbrögðin þá þau hin sömu. Þó er þar við að athuga, að árið 1959 er að því leyti betra, að þá jukust útflutningsbirgðir, en nú minnkuðu þær um 200 millj. kr. Ástæða er til að spyrja: Hvar er þjóðin nú á vegi stödd með viðskiptin við útlönd, ef hún var í mikilli hættu 1958?

Með vaxtahækkun og bindingu sparifjár í Seðlabanka átti að tryggja það, að sparifé í landinu ykist meira en áður hefur verið. Hvernig hefur það tekizt? Árið 1958 var aukning sparifjár 21.6%. Árið 1960 er aukningin 15.6%, og ef aukning sú, sem leiðir beint af vaxtahækkuninni, er dregin frá, er sparifjáraukningin aðeins 12.9%. Góður árangur það, enda ekki að undra, því að hverjir hafa nú tekjur til þess að leggja fyrir? Ekki hinn almenni borgari.

Frelsi í athöfnum og viðskiptum átti að vera skrautfjöður í hatti ríkisstj., er næði til að hylja þá bletti, er þar mundu koma. Hvert er frelsið? Gjaldeyrissala til almennra vörukaupa er háð leyfum enn þá. Verðlagseftirlitið er algert. Útflutningshöftum er haldið. Meiri hömlur á bönkum og öðrum peningastofnunum en nokkru sinni fyrr. Hluti af innstæðum fólks í innlánsdeildum kaupfélaganna er frystur í Seðlabankanum í Reykjavík. Samdráttur í athafna- og viðskiptalífinu, er nú ríkir, á ekkert skylt við frelsi. Lánsfjársamdráttur og vaxtaokrið á heldur ekki skylt við frelsi. Eina frelsisaukningin í viðskiptum er sú, að frílisti til vörukaupa í frjálsum gjaldeyri hefur eitthvað verið aukinn, meðan eyðslulánin eru ekki öll uppétin, en lánsfjárskortur og almennur samdráttur takmarkar möguleikana til að hagnýta það.

Þá mun ég víkja næst að fjármálum ríkissjóðs.

Á valdatíma núv. stjórnar hafa nýjar álögur vegna ríkissjóðs verið á lagðar á fimmta hundrað millj. kr., þegar frá eru dregnar þær skattalækkanir, sem gerðar hafa verið. Fer þetta illa saman við fyrirheitin um engar nýjar álögur, en er þó í fullu samræmi við framkvæmd á öðrum fyrirheitum hæstv. ríkisstj. Meðal nýrra skatta er söluskattur í smásölu, sem m. a. er lagður á jarðræktarvinnslu, og aldrei fyrr hefur soðning og önnur innlend matvæli verið skattlögð. Svo er bráðabirgðasöluskatturinn á innflutningi, 8%, sem gilda

átti aðeins 1960, hann var framlengdur fyrir jólin eins og af tilviljun.

Áður fyrr töluðu núv. stjórnarflokkar digurbarkalega um lækkun fjárlaga og sparnað í ríkisrekstrinum. Þeir töluðu um, að sú þróun, að fjárlög hækkuðu ár frá ári, væri uggvænleg og stefndi í fullkomið óefni. Hæstv. fjmrh. hefur lesið hér langan lista um væntanlegan sparnað, sem kæmi til framkvæmda við hentug tækifæri. Því var lýst yfir af honum og meiri hl. fjvn., að við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1961 yrðu fjárlög tekin til gagngerðrar endurskoðunar með sparnað fyrir augum. Fjárlög þessa árs eru því árangurinn af þessari gagngerðu endurskoðun, þar sem sparnaðaráform hæstv. ríkisstj. fá notið sín. Skal árangurinn nú athugaður.

Ef gerður er hliðstæður samanburður á fjárlögum ársins 1958 og fjárlögum ársins 1961, kemur í ljós, að fjárlög hafa í tíð núv. valdasamsteypu hækkað um 706 millj. kr., þ. e. yfir 80%, þrátt fyrir heildarendurskoðunina og talið um sparnaðinn. Þó hækka fjárlög ekki nema um 113 millj. kr. vegna þess, að útflutningssjóður var lagður niður. Þetta geta hlustendur sannfært sig um með því að lesa í bókinni Viðreisn á bls. 31.

Sparnaði í utanríkisþjónustunni taldi fjmrh. sig hafa komið á. Staðreyndin er sú, að kostnaður við utanríkisþjónustuna er hærri á fjárlögum nú en nokkru sinni fyrr. Felldar voru tillögur frá okkur framsóknarmönnum um að sameina sendiráðin á Norðurlöndum. Einnig voru felldar tillögur um að spara með því að fækka sendiferðum til útlanda og minnka ýmsan kostnað ráðuneytanna. Tal ráðh. um sparnað hjá Ríkisskip og við eyðingu refa og minka reyndist óraunhæf áætlun og algert vindhögg, og svo er um fleira í sparnaðartali hæstv. fjmrh.

Við 1. umr. fjárl. s. l. haust ræddi fjmrh. mikið um, að tekizt hefði að lækka 10 greinar fjárl. Um þær fór svo við afgreiðslu fjárl. með góðu samþykki ráðh., að önnur hver grein týndist og allt er í tvísýnu með hinar. Þó gæti farið svo, að tvær fjárlagagreinar lækkuðu um allt að 200 þús. kr., svo að árangurinn af heildarendurskoðuninni er hreint ekki svo lítill, ef á það er litið, að fjárlögin hækka á þessu ári um 90 millj. kr. og eru nú orðin um 1600 millj. kr., svo að það munar um minna en 200 þúsund.

Eins og þegar hefur verið sýnt fram á og auðséð er af niðurstöðutölum fjárlaga, hefur samdráttarstefnan í ríkisrekstri ekki fylgt öðrum samdrætti í þjóðfélaginu, heldur hið gagnstæða. Skulu hér nefnd nokkur dæmi því til sönnunar.

Sett var upp á síðasta ári nýtt ráðuneyti, efnahagsmálaráðuneytið, sem kostar nokkur hundruð þúsunda og virðist blómgast vel. Á síðustu dögum þingsins í fyrra voru stofnuð nokkur ný prófessorsembætti við Háskóla Íslands. Á síðustu dögum þessa þings er stofnað hér embætti saksóknara ríkisins með tilheyrandi skrifstofuliði. Sakadómurum í Reykjavík er fjölgað úr einum í fimm, og boðað er framhald á þessari sömu braut í embættismannafjölgun. Bankastjórum og bankaráðsmönnum við ríkisbankana hefur verið fjölgað um sex á einu ári. Setja á upp nýja stofnun, bankaeftirlit, við Seðlabankann. Nefnd til að endurskoða skattalöggjöfina hefur setið á rökstólum á annað ár, og er ekki séð fyrir endann á hennar störfum. Önnur nefnd endurskoðar tekjustofna sveitarfélaganna. Sérstök nefnd fjallar um erlendar lántökur, önnur um gjaldeyrisleyfi, þriðja um úthlutun bifreiða, og þannig mætti lengi telja, þó að þessi sýnishorn verði látin nægja Hér hefur farið sem fyrr, að framkvæmdirnar eru gagnstæðar fyrirheitunum.

Fjárlögin, sem áttu að marka tímamót í samdrætti og sparnaði, eru hæstu fjárlög í sögu íslenzku þjóðarinnar: útfærsla ríkiskerfisins í stað samdráttar, eyðsla í stað sparnaðar. Samdráttur er hins vegar í framlögum til atvinnuveganna og verklegra framkvæmda, þar sem aðeins 18.4% af heildarfjárhæð fjárlaganna er varið til þeirra nú, móti 28.5 að meðaltali á árunum 1950—58. Þessi þróun stefnir að því að hrinda verklegum framkvæmdum beinlínis út af fjárlögunum. Árangurinn segir fljótt til sín. Rætt er nú um erlendar lántökur til uppbyggingar, sem þjóðin hefur til þessa greitt af eigin tekjum, svo sem vegagerðar, íþróttamannvirkja o. fl.

Við Framsóknarflokksmenn fluttum ekki brtt. við þennan þátt fjárl. á s. l. vetri, en gerðum í nál. í fjvn. svofellda grein fyrir afstöðu okkar: „Auk þess sem öll slík tillögugerð er fyrir fram dauðadæmd vegna þeirrar forustu, sem nú er á Alþingi, þá hefur samdráttarstefnan, sem er óskabarn þessarar ríkisstj., keyrt fjármála- og athafnalíf þjóðarinnar í kút óvissu og getuleysis. Stefnubreyting í málefnum þjóðarinnar þarf að vera undanfari þess, að eðlilegt athafna- og framkvæmdalíf geti hafizt á ný."

Herra forseti. Í ræðu minni hér að framan hef ég sýnt fram á, hvernig til hefur tekizt um framkvæmd hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Flest hefur það gengið á annan veg en boðað var. Ekki verður því þó um kennt, að framkvæmdin hafi verið trufluð með pólitískum aðgerðum, svo sem gert var 1958 og ég hef hér lýst. Afleiðingin af efnahagsmálastefnu ríkisstj., lömunarstefnunni, er í stuttu máli minnkandi framleiðsla, minni þjóðartekjur, lamað viðskipta- og atvinnulíf. Fólkið í landinu hefur dæmt þessa stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum. Bændurnir sögðu um hana: Efnahagsmálaráðstafanir ríkisstj. koma hart niður á bændum. Útgerðarmenn sögðu, að þær leiddu af sér lömun þjóðarlíkamans. Verkamenn sögðu: Fyrir hverja er stjórnað? Það er ekki fyrir okkur.

Þessi *dómur þjóðarinnar* ætti að nægja ríkisstj. til viðbótar því, að flest gengur á annan veg hjá henni en hún sagðist stefna að, til þess að hún bæðist lausnar og afhenti þjóðinni málin í sínar hendur. Ekkert slíkt hefur hæstv. ríkisstj. í huga, heldur hitt, að sitja og sitja fast. Ríkisstj. hefur til þess nokkra ástæðu. Lömunarstefnunni var í upphafi ætlað tvennt. Annan þáttinn hef ég rakið hér að framan, og frá sjónarmiði þjóðarinnar hefur hann algerlega mistekizt. Hinn þátturinn, er henni var ætlaður, var að endurskipta þjóðartekjunum,

eins og viðskmrh. orðaði það. Það var að skapa nýtt þjóðfélag, þar sem vel væri búið að þeim fáu, stóru, en lítið sinnt hinum mörgu, eignalitlu. Þetta er hennar aðaltakmark, og vonast ríkisstj. til, að sér takist að koma því í framkvæmd, ef hún fær að sitja. Þeir, sem fá stóru hlutina, óska ríkisstj. langlífis.

Þegar Kennedy Bandaríkjaforseti ávarpaði þjóð sína við valdatökuna 20. janúar s. l., sagði hann þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hið frjálsa samfélag getur ekki hjálpað hinum mörgu fátæku, mun það aldrei geta bjargað hinum fáu ríku."

Þessum sannindum mun hæstv. ríkisstj. ekki takast að hnekkja. Þess vegna ber stefna hennar dauðann í sér. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Sumir hafa haft orð á því, að ýmsum hlustenda mundi ofboðið með því að útvarpa umr. frá Alþingi fimm kvöld á örfárra vikna bili. Um það skal ég ekki dæma, heldur leggja áherzlu á hitt, að í lýðræðisþjóðfélagi er á fáu meiri þörf en því að kynna kjósendum störf þjóðþings þeirra. En mjög er vafasamt, að reglur þingskapa okkar um útvarpsumr. hafi nokkru sinni verið heppilegar, og raunar augljóst, að þær eru nú orðnar úreltar, enda mun leitun á slíkum ákvæðum utan Íslands. Ef þingflokkar hefðu ekki komið sér saman um styttingu ræðutíma frá ráðagerð þingskapa, mundu umr. um vantraust og nú í eldhúsi ekki hafa staðið tvö kvöld, hvorar um sig, eða fjögur samanlagt, heldur fjögur kvöld hvorar eða átta samtals. Vænti ég, að flestum hefði þá verið nóg boðið. En þetta sýnir, hversu fráleitar reglurnar eru og hversu brýn þörf er á að endurskoða þær, ásamt ýmsu öðru í þingsköpum okkar, enda fer því fjarri, að útvarpsumræður gefi rétta mynd af störfum og ræðuhöldum á Alþingi. Til þess að svo verði, væri miklu nær, nú þegar ræður þingmanna eru hvort sem er allar hljóðritaðar jafnóðum, að útvarpa eftir á ræðum, sem haldnar hafa verið við raunverulegar umr., og haga þá svo til, að mismunandi skoðunum yrði gert jafnhátt undir höfði. Auðvitað þarf slík breyting rækilegrar íhugunar við og er ekki gerleg, nema um hana sé víðtækt samkomulag. En allir unnendur Alþingis hlióta að verða sammála um, að því er lítill greiði gerður með þeirri mjög villandi hugmynd, sem útvarpsumræður í núverandi formi skapa hjá þeim, sem endast til að hlusta á þær.

Æskilegt er, að störfum Alþingis sé hagað svo, að þar verði sem mestu afkastað á sem stytztum tíma og kostnaður af þinghaldi þar með ekki meiri en brýn þörf er á. Þess vegna er það fagnaðarefni, að nú skuli allar horfur á, að unnt verði að slíta þingi n. k. miðvikudag, hinn 29. marz. Þetta eru mikil viðbrigði frá því, er hin hásæla vinstri stjórn var við völd. Þau tvö heilu þing, sem hún stjórnaði, var þingsetningardagur hinn sami og nú, en 1957 var þingi slitið 31. maí og 1958 4. júní. Hér munar því rúmlega tveim mánuðum í hvort sinn. Aðalorsök þessa mikla munar var hið stöðuga ósamlyndi, er hrjáði þá stjórn, jafnt ráðherrana sjálfa sem fylgismenn þeirra. Þingheimi var þá haldið starfslausum mánuðum saman, þangað til sættir komust á milli stjórnarherranna. Verst var þó, að allar sættir reyndust svikasættir. Aldrei var unnið af heilindum, svo að allur vandi var jafnóleystur eftir sem áður. Skiljanlegt er, að mönnum með ólíkar skoðanir komi illa saman um leiðir til að leysa aðsteðjandi vandamál. Frumskilyrði lausnar hlýtur að minnsta kosti ætið að vera, að allir viðurkenni, að einhvern vanda sé við að etja, því að ekki er von, að þeir, sem ekki viðurkenna, að þeim sé vandi á höndum, leiti ráða til úrlausnar honum.

Ef lítið er til þeirra vandamála, sem undanfarið hefur borið hæst í þjóðfélagi okkar, sést, að það ber strax á milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga, að hinir síðartöldu segja, að þarna hafi enginn vandi verið á ferðum. Í landhelgismálinu gera hv. stjórnarandstæðingar nú sem allra minnst úr deilunni við Breta. Á sumum þeirra er meira að segja helzt að skilja, að hún hafi verið okkur til góðs. Játa verður, að ef einhver hefur í alvöru trúað þessu, þá sé honum vorkunn, þótt hann vildi ekki svipta þjóðina þeirri blessun. En er það þá rétt, að nokkur ábyrgur maður hafi í alvöru trúað þessu? Trauðla þeir, sem mest hafa fjölyrt um níðingsskap Breta í okkar garð og þær margvíslegu hættur, sem athæfi þeirra færði yfir öryggi þjóðarinnar í heild og sérstaklega líf sjómanna á miðunum. Allir svokallaðir hernámsandstæðingar hafa til skamms tíma sagt þessar hættur svo alvarlegar, að við ættum þeirra vegna að segja okkur úr varnarsamfélagi frjálsra þjóða. Sumir framsóknarmenn, svo sem formaður þeirra, hv. þm. Hermann Jónasson, hafa aftur á móti haldið því fram, að ástandið væri svo geigvænlegt, að við ættum í skjóli varnarsamningsins við Bandaríkin að kveðja flota þeirra, hinn öflugasta í heimi, okkur til varnar.

Þeir, sem á þessu hafa hamrað, árum saman sumir, gera sig seka um afkáralegan tvískinnungsháttt, þegar þeir halda því nú fram af engu minni ákafa en hinu öfuga áður, að hér hafi ekki verið um neinn vanda að ræða. Það er ekki sízt vegna þess, að allur almenningur vissi, að þarna var alvarlegur vandi og beinn voði á ferðum, að hann veitti lausn fiskveiðideilunnar allt aðrar viðtökur en stjórnarandstæðingar höfðu búizt við. Menn skildu, að einhver endir verður að vera allrar þrætu, þessarar ekki síður en annarrar. Hinu bjuggust fæstir við, að lausnin yrði okkur jafnhagkvæm og raun ber vitni. Þess vegna hafa stjórnarandstæðingar reynt að ófrægja hana á alla vegu og þar með snúa okkur til óhags ákvæðum, sem allir skyni bornir menn sjá, að ýmist eru okkur einhliða til hags eða okkur ekki síður en gagnaðila. Stjórnarandstæðingar bæta sízt sinn hlut með því að vitna í orð brezks ráðh. sér til stuðnings, eins og þeir hafa gert í blöðum sínum síðustu dagana. Auðvitað reynir hinn brezki ráðh. að fegra ósigur Breta, og hinar ótrúlegu yfirlýsingar, sem heyrðust hér á Alþingi á dögunum um, að aðgerðir okkar 1958 hafi ekki stuðzt við alþjóðalög, hafa gefið málsvörum brezku stjórnarinnar ástæðu til að láta svo

sem það sé fórn eða undansláttur af okkar hálfu að fara héðan af að alþjóðalögum, sem er einmitt það, sem við höfum alltaf gert.

Einstök atriði landhelgismálsins skulu ekki rakin nú. Þau hafa verið fullskýrð áður, svo að ekki er þörf endurtekninga. Einróma dómur hlutlausra manna hvarvetna, sem til spyrst, og gremja ofstækismanna í Grimsby og Hull segja sína sögu um, hver ofan á hafi orðið. En hvernig stendur þá á hinum mikla sigri okkar? Ef til vill sannfærðust Bretar um, að kommúnistar ginntu þá eins og þursa, þegar þeir létu ögra sér til herhlaupsins að Íslandsströndum. Þeir sáu sennilega, að engu stórveldi er til sæmdar að takast svo bersýnilega á hendur hlutverk Golíats gegn hinum íslenzka Davíð. En úrslitum réð örugglega, að íslenzka stjórnin ákvað nú að nota til hins ýtrasta það vinsamlega samband, sem vist beggja ríkja í Atlantshafsbandalaginu á að hnýta og hlýtur að hnýta, ef rétt er á haldið. Með veru okkar þar opna æðstu valdamenn Íslands sér beinan aðgang til æðstu valdamanna bandalagsþjóða okkar. Það hefur ætíð verið sannfæring mín, að hinir ómetanlegu möguleikar til að gera landi okkar gagn, sem með þessu eru fyrir hendi, hafi engan veginn verið nýttir til fulls 1958. Þess vegna fór þá eins og fór. Nú voru þessir möguleikar hagnýttir. Það réð úrslitum um sigur okkar.

Einstök atriði efnahagsmála eru ekki síður þaulrædd en landhelgismálið. Ómögulegt er þó að neita sér um að benda á ósamkvæmnina í málflutningi stjórnarandstæðinga um nokkur þeirra. Tökum t. d. tal framsóknarmanna um bindingu fjár, sem lagt er í innlánsdeildir kaupfélaga. Látið er svo sem við landauðn liggi, af því að Seðlabankinn á að halda valdi til að setja sams konar reglur um þetta fé og annað sparifé. Engu að síður er viðurkennt, að á síðasta ári var nær ekkert fé innlánsdeilda bundið með þessum hætti, vegna þess að kaupfélög og innlánseigendur hafa í hendi sér, hvort féð skuli talið sem innistæða í innlánsdeild eða á viðskiptamannareikningi. Ef það er talið á síðarnefnda veginn, tekur kvöðin ekki til þess fremur en til innistæðna hjá kaupmönnum. En þá nýtur féð hvorki hjá kaupfélögum né kaupmönnum skattfrelsishlunninda sparifjár. Framsóknarmenn beittu sér hins vegar á sínum tíma fyrir því, að innlánsdeildir kaupfélaga skyldu njóta þeirra hlunninda. Hér sem ella hljóta skyldur að fylgja hlunnindum. Ef menn afnema skattfrelsi innlánsdeilda, er sjálfsagt að afnema kvaðirnar, sem því fylgja, en verða að leggjast jafnt á allt sparifé, er skattfrelsis nýtur. Það mega framsóknarmenn ekki heyra nefnt. Þeir vilja halda forréttindum, en neita að taka á sig kvaðir, sem aðrir, er forréttinda njóta, verða að bera.

Svipað er, þegar framsóknarmenn fjölyrða um það, að gert sé upp á milli manna með viðreisnarráðstöfununum. Þó segja þeir í öðru orðinu, að jafnt sjávarútvegur, landbúnaður, iðnaður og verzlun sé á heljarþröm eða eigi um sárt að binda. En hverjir eru þá eftir, sem ívilnað hefur verið? Jú, því er haldið fram, að það séu sparifjáreigendur, þeir, sem njóti góðs af hinum háu vöxtum. En allir vita, að af lífsins gæðum hér á landi eru sennilega engin dreifðari en sparifjáreign. Fæstir eiga þar hins vegar stórar fjárhæðir. Skattfrelsi sparifjár var lögboðið í fjármálaráðherratíð Eysteins Jónssonar til að örva myndun þess, enda vita allir, að á síðustu tveim áratugum höfðu menn ekki auðgazt á sparifjáreign á Íslandi. Verðbólgan hefur séð fyrir því, þar sem enginn kemst hins vegar hjá því að játa, að sparifjársöfnun og innlend fjármagnsmyndun er undirstaða framkvæmda og þar með framfara hjá okkur eins og öllum öðrum.

Enn gegnir sama máli, þegar um launakjör er rætt. Spurt er, hvernig unnt sé fyrir fjölskyldumenn að lifa á daglaunum samkv. Dagsbrúnartaxta. Óvefengjanlegt er, að þröngt er í búi hjá hinum launalægstu. Rætur þess er m. a. að rekja til viðskilnaðar vinstri stjórnarinnar, eins og fyrri ræðumenn í kvöld minntu á með afsökunum sínum. En þegar hagur fjölskyldufólks er metinn, má ekki gleyma, að fjölskyldubætur, sem ég tel eina mestu félagslegu umbót á okkar dögum, bæta hag allra barnafjölskyldna, auk þess sem flestir í öllum launaflokkum létta a. m. k. á einhvern hátt undir með sér á tímanum, sem afgangs verður frá átta stunda vinnudegi. En heilindi þeirra, sem um þetta spyrja, má marka af því, að í hinu orðinu segja þeir alla atvinnuvegi landsmanna gjaldþrota. Ef svo er, leiðir af því, að þeir geta ekki borgað hærra kaup. Og ekki koma erfiðleikar þeirra af því, að hér sé of mikill launamunur, því að sömu menn fjargviðrast yfir því, að hinir launahæstu hafi allt of lág laun, svo að þeir, eins og læknar og verkfræðingar, flýi land af þeim sökum, enda er sannleikurinn sá, að launamunur er miklu minni hér en annars staðar, þar sem til hefur spurzt. Jöfnuður hér er svo mikill, að raunverulegum kjarabótum fyrir allan almenning verður ekki komið við nema með aukningu þjóðarframleiðslu. En þá hælast stjórnarandstæðingar um yfir því, að á s. l. ári hafi úr henni dregið, þar sem aukning hafi verið mikil á vinstristjórnarárunum. Hið rétta er, að 1957 varð hún 3.5% og 1958 4%, en á stjórnarárum Ólafs Thors 1953—56 9.7% að meðaltali. Allar þessar tölur verður að skoða í ljósi þeirra aðstæðna, sem þá giltu og meðal annars urðu til þess, að verðbólgan eyddi nær jafnóðum þeim kjarabótum, sem menn ella hefðu getað hlotið.

1960 var hins vegar stungið við fótum og reynt að koma jafnvægi á, svo að verðmætin eyddust ekki jafnóðum í höndum manna. En einnig ber að hafa í huga, að þá voru flutt inn skip og flugvélar fyrir hærri upphæð en nokkru sinni áður, er nú og síðar eiga að geta orðið undirstaða bættra lífskjara, ef afli fæst, verðlag reynist ekki óhagstætt og við kunnum sjálfir með að fara. Afkoma almennings er að sjálfsögðu háð framkvæmdum í landinu, þ. á m. fjárfestingu almannavaldsins og einstaklinga, aflabrögðum og verðlagi. Þeir, sem býsnast yfir, að framkvæmdum innanlands hafi verið haldið í hófi á árinu 1960, ættu að hugleiða, hvernig farið hefði, ef ekki hefði verið dregið úr þenslunni, sem áður var, því að þrátt fyrir allar hrakspár varð ekki vart annars atvinnu-

leysis á s. l. ári en óhjákvæmilegt var vegna ófyrirsjáanlegrar aflatregðu á síldveiðum og hjá togurum.

Að aflabrestur og verðfall hafi orðið, vilja stjórnarandstæðingar hins vegar öðru hvoru neita, almenningi til mikillar undrunar. Eins og ég sagði áðan, er sök sér, þótt menn komi sér ekki saman um úrræði. Hitt er miklu alvarlegra, þegar þeir þykjast ekki sjá staðreyndir né viðurkenna, að til séu hin helztu vandamál, sem leysa verður. Í efnahagsmálum jafnt og landhelgismálinu skilur það milli feigs og ófeigs, milli stjórnarandstæðinga og stjórnarliðs, að hinir fyrrnefndu segja, að enginn eða lítill vandi sé fyrir höndum, þar sem ríkisstj. og fylgismenn hennar gera sér grein fyrir vandanum og leita ótrauðir ráða til lausnar honum.

Stjórnarandstæðingar segja nú, að efnahagsmálin hafi aldrei verið betur komin og auðveldari úrlausnar en í árslok 1958 og þess vegna hafi flest í viðreisnarráðstöfununum verið til ills eða a. m. k. óþarft. En hvernig stenzt sú fullyrðing, að vandinn hafi enginn verið 1958, eins og fyrri ræðumenn hér í kvöld sögðu? Hver einasti Íslendingur veit, að þetta er fjarri sanni. Það er þess vegna lítilsvirðing við dómgreind almennings að halda slíkri fjarstæðu fram. Sá málflutningur verður því furðulegri, þegar menn minnast þess, að vinstri stjórnin flúði af hólmi 4. des. 1958, af því að hv. þm. Hermann Jónasson taldi nýja verðbólguöldu risna og stjórn sína ekki koma sér saman um nein úrræði til lausnar vandanum, sem yrði óviðráðanlegur, ef ekki yrði að gert. Hv. þm. Hermann Jónasson lét og ekki að því sinni sitja við orðin ein. Hann fór úr forsætisráðherrasessi, sem hann hafði að sögn síns gamla lærimeistara, Jónasar Jónssonar, talið sér áskapað að sitja og mikið á sig lagt til að öðlast á ný eftir 14 ára fjarveru. Hver trúir því, að Hermann Jónasson hafi gert það að gamni sínu að hverfa frá þeim völdum og vanda, sem hann þangað til taldi sig manna bezt færan til að fást við?

Nei, það voru hvorki ofsjónir né ímyndanir hjá Hermanni Jónassyni, þegar hann hinn 4. des. 1958 sá hina nýju verðbólguöldu rísa svo hátt, að hann kaus að hleypa stjórnmálafleyi sínu í strand heldur en að sigla þann ógnarsjó. Aldan grandaði vinstri stjórninni, af því að þar var hver höndin uppi á móti annarri og ekki samkomulag um neitt, og það bætir sízt hlut þeirra félagsbræðra, þótt þeir láti svo sem vandinn hafi enginn verið, þegar þeir sjá, að aðrir eru komnir vel á veg með að leysa það, sem þeir sjálfir töldu óviðráðanlegt.

Eða hvað segja menn um fullyrðingar Alþýðubandalagsmanna þess efnis, að ekkert hafi þurft að gera, þegar þeir sjálfir í hinu orðinu færa rök að því, að þrátt fyrir ótal verkföll, kauphækkanir og óhemju fjárfestingu og aukningu þjóðartekna hafi kjör launþega raunverulega stórversnað frá stvrialdarlokum? Að svo miklu leyti sem þessi rökfærsla er rétt, hlýtur hún að leiða til þess, að eyða verði þeirri meinsemd, sem hindraði kjarabætur. Sú meinsemd er verðbólgan, sem núverandi ríkisstj. hefur markvisst ráðizt gegn og reynir að eyða með sömu ráðum og ein hafa reynzt áhrifarík annars staðar. Fjarri fer, að því verki sé enn lokið. En hálfnað er verk þá hafið er, og mjög góður árangur er nú þegar kominn í ljós eftir rúmlega eins árs viðureign.

Hrakspár stjórnarandstæðinga hafa orðið sér til skammar. Á miðju síðastliðnu ári létu forustumenn stjórnarandstæðinga það hiklaust uppi, að stjórnin mundi hrökklast frá fyrir eða í síðasta lagi um áramót, vegna þess að viðreisnarkerfið mundi hrynja saman. Til frekari áherzlu þessu spjalli var í blöðum og á mannfundum hótað með „Alþingi götunnar“ og „japönsku ástandi“, ef ríkisstj. semdi við Breta um landhelgismálið. Margt hefur síðan verið spjallað innan þingsala og utan, en allir sjá, að stjórnin er nú í sókn, en andstæðingar hennar fara hverja hrakförina eftir aðra. Sú útreið er sannarlega ekki því að kenna, að stjórnarandstæðingar hafi verið orðlausir. Nei, þeir hafa talað og talað, nótt sem nýtan dag. Þegar ég hef hlustað á sumt af því, sem þeir hafa sagt, hefur mér komið til hugar það, sem haft er eftir kerlingunni: „Hvernig á ég að vita, hvað ég hugsa, fyrr en ég heyri, hvað ég segi?“

Hinir hreinskilnari stjórnarandstæðingar játa nú, að þeir sjái mikið eftir að hafa ekki hugsað ráð sitt, áður en þeir töluðu. Á sínum tíma gáfust þeir upp fyrir þeim vanda, sem þeir sjálfir segja nú að ekki hafi verið til. Síðan hafa þeir látið sér nægja að vera á móti því, sem aðrir hafa gert.

Mér dettur ekki í hug, að núv. ríkisstjórn sé gallalaus. En hún hefur reynt að gera sér grein fyrir þeim vandamálum, sem að steðjuðu. Síðan hefur hún íhugað með beztu manna ráði, hver úrræði væru fyrir hendi, og ekki hikað við að taka þær ákvarðanir, sem hún var sannfærð um að þjóðinni væru fyrir beztu.

Reynslan hefur þegar sannað, að vandinn verður ekki leystur með því að þykjast ekki sjá hann né með úrræðum eða réttara sagt úrræðaleysi stjórnarandstæðinga. Hún á eftir að skera úr um, hvort okkur tekst svo sem hugur okkar stendur til. Víst er, að allir landsmenn eiga mikið undir því, að tilraun okkar takist, og engir þó meira en verkalýður og launþegar. Ef sæmilegt jafnvægi í efnahagsmálum næst til frambúðar, skapast þar með mestar líkur fyrir því, að almenningur verði, svo sem efni standa til, aðnjótandi hækkunar þjóðartekna. Viðleitni ríkisstj. stefnir að því, að svo megi verða, jafnframt því sem hún miðar að því að tryggja grundvöll núverandi atvinnuvega og fjölga þeim með hagnýtingu þeirrar orku, sem í landinu býr. Þar eygjum við nú meiri og framkvæmanlegri möguleika en nokkru sinni fyrr. Ef þá tekst að nýta, fást nýjar og traustari stoðir undir afkomu þjóðarheildarinnar, svo að hún verður ekki eins háð veðurfari, sjávarafla og verðlagi á einhæfri framleiðslu og verið hefur. Ég fullyrði, að þessir möguleikar eru fyrir hendi, um leið og ég játa, að ný verðbólga getur eytt þeim og enn ýtt okkur aftur á bak. En við skulum hvorki láta hrekjast aftur á bak né af leið, því ef við höldum svo fram sem nú horfir, þá erum við vissulega á leiðinni til bættra lífskjara.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það hefur mjög þótt loða við hina svokölluðu vinstri flokka, að þeim og þeirra mönnum væri tamt að teygja lopann við umræður mála, með stóryrðum, sleggjudómum og offorsi í málflutningi. Mörg eru þar dæmin á hinum ýmsu málþingum. Ekki hefur Alþingi það, sem nú situr, farið varhluta af þessum séreinkennum kommúnista og fylgifiska þeirra. Hafa kommúnistar og félagar þeirra, svo sem alþjóð er kunnugt, haldið hér á þingi uppi einu hinu ferlegasta málþófi, sem um getur. Þeir hafa keppt hver við annan og slegið met. Jafnvel hafa þeir keppt við sín eigin met, eins og hv. 4. landsk. þm., Hannibal Valdimarsson, gerði hér aðfaranótt s. l. laugardags, og honum tókst að slá það — hann talaði í 4½ klst. Er nú svo komið, að ekki einungis þeim, sem fyrir fram vegna þekkingar sinnar og reynslu af þessum og þvílíkum vinnubrögðum kommúnista hafa haft á þeim skömm og fyrirlitningu, heldur fjölda þeirra eigin fylgismanna er farið að blöskra svo ósvífnin og lítilsvirðingin fyrir fjármunum almennings, sem þinghaldið verður að greiða.

Engan skal þó undra þessar málþófsaðferðir hv. stjórnarandstæðinga. Þegar betur er að gáð, má öllum verða ljóst og auðsætt, hver tilgangurinn er. Ein sú baráttuaðferð, sem kommúnistar víða um heim nota með góðum árangri fyrir upplausnarstefnu sína, er að skapa stjórnmálaþreytu og þar af leiðandi afskiptaleysi almennings í stjórnmálum. Í þeim efnum hafa þeir m. a. notað málþófstækni sína, samfara vísindalegum sálfræðibrögðum, og hefur þeim oft orðið furðuvel ágengt, svo sem heimskortið ber sannarlega með sér í dag. Það er því í alla staði rétt og skylt, að aðvörun sé borin fram í áheyrn alþjóðar. Vissulega er málfrelsi og prentfrelsi einn af hyrningarsteinum lýðræðisins, og ekki munum við stuðningsmenn núv. ríkisstj. biðjast undan gagnrýni né óttast þá gagnrýni, sem hv. stjórnarandstaða hefur fram að bera, svo burðug sem hún er. Eigi að síður skal þjóðin aðvöruð. Barátta kommúnista, eðli þeirra og innræti er alls staðar hið sama. Aðferðirnar eru aðeins dálítið mismunandi eftir aðstæðum. Þjóð okkar er því nauðsynlegt að halda vöku sinni. Andvaraleysi og áhugaleysi um framvindu þjóðmála, stjórnmálaþreyta, allt er þetta vatn á myllu hins alþjóðlega kommúnisma.

Lengi hafði því verið trúað og verið von margra, að framsóknarmenn og flokkur þeirra gæfust ekki upp fyrir hinni andlegu kúgun að austan, enda þótt þeir lentu utan ríkisstjórnar Raunin hefur nú orðið önnur, og mun það mörgum framsóknarmönnum raunarefni. Víst er um það, að heillum horfnir eru þeir forustumenn Framsóknar hér á Alþingi, ef þeir láta sér ekki segjast við hinar sívaxandi óánægjuraddir flokksmanna þeirra víðs vegar um landið um kommúnistadekur þeirra og þjónustulund.

Það hefur vakið furðu allra landsmanna, á hvern hátt hv. stjórnarandstæðingar hafa hagað málflutningi sínum hér á Alþingi eftir fall vinstri stjórnarinnar, og þeir sýnast ætla að halda því áfram hér í kvöld. Vissulega var það ævintýri mikil vonbrigði fyrir alla vinstri flokkana, en það sem verra var, það var dýrkeypt fyrir þjóðina og þjóðarbúið. Þegar núv. ríkisstj. var setzt að völdum og tekin að leysa þau miklu vandræði, sem steðjuðu að eftir setu vinstri stjórnarinnar, virtist eins og hv. stjórnarandstæðingar ætluðu algerlega að ærast. Stóryrðin voru ekki spöruð. Menn, sem skildu við völdin samkvæmt þeirra eigin orðum þannig, að óðaverðbólga væri fram undan og engin samstaða um úrræði innan vinstri stjórnarinnar, kalla nú raunhæfar aðgerðir í efnahags- og peningamálunum ósvífnustu árás á lífskjör almennings. Mennirnir, sem á 2½ árs valdatímabili lögðu yfir 1100 milljóna nýjar álögur á almenning, auk stóreignaskatts, er nam 130 milljónum, eða 2200 kr. hverja mínútu, sem vinstri stjórnin sat að völdum, kalla nú stórlækkun tekjuskatts og algera niðurfellingu tekjuskatts á almennum launatekjum ægilegustu lífskjaraskerðingu, sem átt hefur sér stað. Ég nefni hér örfá dæmi, en ótalmargt fleira væri hægt að tína til, ef tíminn leyfði, til þess að sýna fram á, hversu gersamlega hv. stjórnarandstæðingar hafa misst fótanna.

Óskammfeilni stjórnarandstæðinga náði þó hámarki sínu, þegar hæstv. ríkisstjórn tókst að fá lausn á þeirri mjög svo viðkvæmu deilu, sem við höfðum átt í við Breta vegna útfærslu á landhelginni. Það var öllum ljóst, sem til þekktu, að vinnubrögð þau, sem við voru höfð af hálfu fyrrv. sjútvmrh., Lúðvíks Jósefssonar, við útfærslu landhelginnar 1958, voru nákvæmlega eftir þeim kokkabókum, sem kommúnistar starfa, að reka á einhvern hátt fleyg í samstarf vestrænna þjóða. Þegar þeir ráðh. Alþýðubandalagsins í vinstri stjórninni sáu, að seta þeirra í ríkisstj. dugði ekki til þess að reka varnarlið NATO úr landi, þá var sjálfsagt að nota það mál, sem lífshagsmunir íslenzku þjóðarinnar eru hvað mest við tengdir, landhelgismálið, til þess að koma af stað deilum meðal vestrænna þjóða. Landhelgismálið hafði áður verið undir forustu manna, sem kunnu skil á þeim starfsaðferðum, sem nota þurfti, þeirra hæstv. núv. forsrh. og hæstv. núv. dómsmrh., enda hafði þeim mönnum tekizt að ryðja úr vegi þeim tálmunum, sem þessu mikla hagsmunamáli gátu orðið til skaða. Þegar svo málið á ný er komið í hendur þessara sömu manna, sem bezt þekkja og reynsluna hafa og setja hagsmuni íslenzku þjóðarinnar öllu ofar, og þeim hefur tekizt að leysa vandann þannig, að hagsmunum okkar er nú betur borgið en áður, með stækkun landhelginnar og að í framtíðinni verði ekki beitt vopnavaldi gegn okkur, þá tryllast þessir menn algerlega og lýsa því yfir, eins og hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, að hann hefði helzt kosið að semja við Breta um áframhaldandi valdbeitingu.

Þær fjarstæður, sem heyrðust hér í sölum Alþingis, er landhelgismálið var til umræðu, voru slíkar, að furðu gegnir. Afstaða kommúnista var og er skiljanleg, en afstaða Framsfl. óskiljanleg, nema ef vera skyldi, að framsóknarmenn væru orðnir umboðsmenn kommúnista. Fullyrðingar eins og þær, að alþjóðadómstóllinn sé algerlega máttlaus stofnun og ekkert skjól fyrir smáþjóðirnar, eins og hv. 2. þm.

Vestf., Hermann Jónasson, og hv. 7. þm. Reykv., Þórarinn Þórarinsson, lýstu yfir, eru furðulegar. Það var annað hljóð í framsóknarmönnum, þegar byrjunaraðgerðir í landhelgismálunum voru hafnar. Þá sagði Tíminn í leiðara 20. des. 1951, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar um þessi mál, landhelgismálin, var rætt síðastliðið haust, var m. a. minnzt á það í þessu blaði, Tímanum, hve mikilvægt það væri fyrir smáþjóð, að til væri alþjóðadómstóll, þar sem smáþjóðirnar gætu leitað réttar síns. Annars væru þær ofurseldar yfirdrottnun stórvelda."

Síðan segir:

„Á þetta var bent vegna þess tilefnis, að málgagn kommúnista hafði farið svívirðilegum orðum um dómstólinn í Haag og haldið því fram, að smáþjóðir ættu að einskisvirða hann."

Svo segir enn fremur í Tímanum, og bið ég hlustendur að taka vel eftir:

„Úrskurður hans" — þ. e. a. s. alþjóðadómstólsins — „í landhelgisdeilu Norðmanna og Breta hefur sýnt, hver ávinningur það er fyrir smáþjóð, að slíkur dómstóll er til."

Þetta var sannarlega rétt 1951, og þetta er eins rétt í dag, 1961. En nú hefur bara forusta Framsóknar, með ritstjóra Tímans í fararbroddi, snúið dæminu við. Í dag er alþjóðadómstóllinn að áliti forustumanna Framsóknar, — ég undirstrika: aðeins forustu Framsóknar, en ekki hins almenna flokksmanns, — óalandi og óferjandi. Það er málflutningur að tarna!

Ég hef nú reynt í stórum dráttum að draga upp mynd af hv. stjórnarandstöðu hér á Alþingi, og myndin er ófögur. Ég hef dregið þessa mynd, til þess að mönnum geti verið fullkomlega ljós þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð, og sá tilgangur, sem hér liggur að baki.

Síðan núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, er aðeins liðið eitt ár og fjórir mánuðir. Á þessum stutta tíma hefur ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar tekizt að leysa ótrúlega erfið vandamál, sem við blöstu eftir valdatíma vinstri stjórnarinnar. Stöðvun verðbólgunnar var að sjálfsögðu fyrsta verkefnið. Lögfest var hér á Alþingi fyrir rúmu ári umfangsmikil efnahagslöggjöf, sem fól í sér algera kerfisbreytingu frá því, sem áður hafði verið um langan tíma. Samhliða samþykkti Alþingi hliðarráðstafanir, m. a. til þess að láta þær byrðar, sem borgararnir urðu óumflýjanlega að bera, koma sem léttast niður á þeim, sem sízt voru aflögufærir, eins og barnafjölskyldum, öldnum og sjúkum, m. a. með lagfæringu tekjuskatts og auknum almannatryggingum. Auk þess var nú um síðustu áramót skerðingarákvæðið fellt niður. Þá voru fjárlög fyrir bæði árið 1960 og 1961 afgreidd hallalaus. Fjölmargar breytingar á stjórn einstakra þátta hins opinbera hafa verið gerðar til þess að tryggja einfaldari og auðveldari starfs- og stjórnarháttu en áður var. Þá vil ég mega benda á, að ríkisstj. hefur í undirbúningi mjög mikilvæga framkvæmdaáætlun. Lögfest hefur verið á þessu þingi ný skipan jarðborana og jarðhitaleitar, stofnaður jarðhitasjóður. Þá hefur ríkisstj. eftir þál. frá 1958 látið hefjast handa um að steypa fjölförnustu vegi landsins. Hefur undirbúningsvinna verið hafin til þess að steinsteypa veginn suður með sjó. Hér er ekki aðeins um mikið hagsmunamál byggðarlaganna suður á Reykjanesskaga að ræða, heldur þjóðarinnar allrar, enda eru þar staðsettar margar beztu verstöðvar landsins, og minna má á, að Keflavíkurhöfn er ein stærsta útflutningshöfn sjávarafurða í landinu. Með bráðabirgðalögum frá í janúar var sjávarútveginum gert kleift að breyta stuttum lánum í löng, og var það höfuðnauðsyn fyrir sjávarútveginn. Á sama hátt hefur því verið lýst yfir, að ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að hluta víxilskulda bænda verði breytt í föst lán. Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru.

En hvernig hafa svo öll þessi úrræði reynzt, sem ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa beitt sér fyrir, sér í lagi í efnahagsmálum? Jú, þróun efnahags- og fjármálanna hefur verið hagstæð árið 1960. Ef innflutningur skipa og flugvéla er dreginn frá vöruskiptajöfnuðinum, þá er vöruskiptajöfnuðurinn 1960 aðeins óhagstæður um 218 millj., miðað við 632 milljónir 1959. Aukning sparifjár, frá því að efnahagslögin gengu í gildi og vextir hækkuðu til síðustu áramóta, var 132 millj. kr. meiri en á sama tíma árið áður. Allt þetta sýnir, að við erum á réttri braut til þess að skapa jafnvægi í þjóðarbúskapnum og ef þessu heldur áfram og almenningur tekur þessu með sama skilningi og hingað til, komumst við yfir þann örðuga hjalla, sem við blasti, þegar ríkisstj. tók við völdum. Ef þjóðin hlustar ekki á það málæði og þá rangtúlkun stjórnarandstöðunnar, sem ég gerði að umtalsefni í upphafi máls míns, heldur litur á þessi mál frá sjónarhól íslenzks málstaðar, efast ég ekkert um hennar skilning.

Góðir hlustendur. Ég vil ljúka máli mínu hér í kvöld með því að viðhafa orð hæstv. forsrh. í lok ræðu, sem hann flutti á landsfundi Sjálfstfl. í marzmánuði 1959, en hann sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem heill þjóðarinnar nú veltur á öðru fremur, er, að hún beri gæfu til að tryggja sjálfri sér forustu athafnamikillar, viðsýnnar, frjálslyndrar, þróttmikillar og framfarasinnaðrar ríkisstjórnar, sem veit, hvað hún vill, og þorir að fylgja því."

Þá ríkisstjórn hefur þjóðin fengið undir hans forsæti, og þá ríkisstjórn styður fólkið í landinu til framfara og hagsældar. — Góða nótt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Um þessar mundir getum við Íslendingar litið yfir eins árs árangur þeirrar efnahagslöggjafar, sem ríkisstj. kom á í fyrra til tryggingar framgangi stefnu sinnar.

Í kosningum þeim, sem færðu núv. stjórnarflokkum þingmeirihluta, höfðu þeir kynnt vel og rækilega í blöðum sínum og á mannfundum, hver árangurinn yrði, þegar þar að kæmi, að þeir gætu notið sín á hærri stöðum. Sú dýrð, sem þjóðin ætti í vændum, var talin býsna margþætt, og í stuttum ræðustúf er mér með öllu ofvaxið að greina þar hvert atriði, en meðal þeirra, sem hæst bar, voru þessi: 1) Stöðvun dýrtíðarinnar. 2) Uppbygging atvinnuveganna. 3) Bætt lífskjör fólksins í landinu. 4) Við vorum

talin mundu eignast hlutdeild í frjálsum viðskiptaheimi. 5) Þjóðarframleiðsla okkar var talin mundu vaxa til mikilla muna.

Svo kom að framkvæmdunum. Fyrst var að setja lög, sem mótuðu alla farvegi efnahagslífsins þannig, að um þá gæti straumurinn runnið í takt við hugmyndir stjórnarvaldanna. Um þessa löggjöf gaf stjórnin út bók henni til skýringar. Sú bók heitir Viðreisn. Það kver telur stjórnin jafnan hafið yfir alla gagnrýni, eins og hvert annað helgirit. Það vantaði svo sem ekki í Viðreisn, að þar var gripið á ýmsu því, sem stjórnarflokkarnir höfðu talið að falla mundi þjóðinni í skaut, ef þeir fengju stuðning hennar í kosningunum. En framkvæmdamátinn reyndist hreinlega ofvaxinn skilningi velflestra venjulegra manna. Í Viðreisn er það útskýrt af miklum fjálgleik, að það sé einn aðalgaldurinn við að koma atvinnulífi þjóðarinnar á traustan og öruggan grundvöll að hækka vexti af lánum upp fyrir það mark, sem allt fram að viðreisn, hafði heitið okur og verið bannað með lögum eins og hver önnur glæpastarfsemi. Framkvæmdin á stöðvun verðbólgunnar virtist helzt vera sú annars vegar að breyta gengisskráningu þannig, að verð á innfluttum vörum hækkaði almennt eitthvað yfir 50%, og hins vegar að koma á nýjum söluskatti, sem nú nemur réttum fimmta parti af verði allra aðfluttra vara, þ. e. a. s. 16½% er tekið við tollafgreiðslu og 3% í söluskatti. Að vísu gerir bókin Viðreisn ekki grein fyrir söluskattinum í líkingu við það, sem hann varð. Á síðari stigum lagasetningarinnar um hann, þ. e. upp úr miðjum febrúarmánuði í fyrra, voru söluskattstillögurnar hækkaðar verulega. Sú hækkun var réttlætt með því, að bæta þyrfti það upp, að á því mikla viðreisnarinnar ári 1960 hefði hinnar nýju skipanar ekki gætt í fyrsta hálfan annan mánuðinn, og svo var settur á sérstakur viðbótarsöluskattur, nálægt 150 millj. kr., á því ári. Lengur átti hann ekki að standa, þótt nú hafi hann verið endurnýjaður.

Af þessu mátti ráða það, að það kostaði þjóðina 100 millj. kr. á mánuði að vera viðreisnarlaus, og þá varð það mörgum ráðgáta, hvernig þjóðin hafði slampazt af sín þúsund ár og þó nokkrum tugum betur viðreisnarlaus með öllu.

Leiðinni til bættra lífskjara var ekki heldur gleymt í Viðreisn. Um kaup og kjör vinnandi fólks í landinu fór jafnan áður eftir samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda. Alþýðuflokksstjórnin, sem var undanfari þeirrar, sem nú situr og hafði sömu flokka að baki sér, hafði að vísu höggvið að rótum samningafrelsis verkafólks um kaup sitt með því að ógilda viss ákvæði samninganna og lækka kaupið með lögum. Hér hjó viðreisnarlöggjöfin aftur í sama knérunn og lögbatt, að aukin dýrtíð skyldi engin áhrif hafa á kaupgreiðslur. Hlutdeildin í hinum frjálsa viðskiptaheimi, boðskapurinn, sem hljómaði eins og eilífðarmál, var raunar einfaldari í sniðum en við hefði mátt búast, því að jafnan er leiðin að öðru eins hnossi talin nokkuð torfetuð. Um skeið var það siður okkar að hafa það að meginreglu að bjóða út okkar framleiðsluvörur og selja þær þangað, sem bezt fékkst fyrir þær greitt, og innflutningnum var síðan gert að laga sig að þessum aðstæðum, alveg á sama hátt og hver sá einstaklingur, sem gera vill innkaup, verður að miða þau við það, hvað hann hefur til að borga með. En í Viðreisn er þessu einfaldlega snúið við. Innflytjendur skulu kaupa hvað sem þeir vilja, hvar sem þeir vilja og á hvaða verði sem er. En síðan verðum við auðvitað nauðugir, viljugir að selja okkar framleiðslu þar, sem fyrir hana fást þess háttar peningar, sem seljandi innflutningsvaranna krefst, og sæta því svo möglunarlaust, þótt ekki náist það verð, sem við höfðum talið eðlilegt.

Og þá eru ótaldar ráðstafanirnar til þess að stórauka þjóðarframleiðsluna. Samkvæmt Viðreisn liggja þær aðallega í því að draga stórlega úr útlánum bankanna til atvinnuveganna.

Öll var svo löggjöf þessi boðuð og rökstudd með tilvitnunum í spekinga, sem virtust ekki eiga marga sína líka í efnahagstöfrum. Og síðan var hún samþykkt af öllu stjórnarliðinu.

Já, góðir áheyrendur. Í fyrra var viðreisnin mikill boðskapur. Hún var að vísu torskilin, og hún sópaði flestum hugmyndum venjulegra manna um orsök og afleiðingu beint í skammarkrókinn. Og margir þeir, sem vissu stjórnina sitja að völdum í sínu umboði, reyndu að segja sem fæst. En ef þeir sögðu eitthvað, sumir hverjir, þá töldu þeir þetta þó vera góðar ráðstafanir, alveg á sama hátt og ráðgjafar keisarans hrósuðu hinu nýja og undursamlega fataefni húsbónda síns í ævintýrinu danska. En nú hefur þjóðin búið við sína viðreisn í heilt ár. Öðru hverju heyrir maður ráðherra og bankastjóra af hæstu gráðu vitna í tölur, sem sanna eiga, að allt sé á góðri leið og að nú séum við að komast yfir örðugasta hjallann. Það hefur meira að segja örlað á þessu hér í kvöld. En hjal þeirra er líka það eina, sem eftir stendur af allri dýrðinni. Blákaldur veruleikinn hefur allt aðra sögu að segja. Hans dómur er strangur og miskunnarlaus. Hann segir, að það sé fullkomin andstæða sannleikans, að verðbólga eða dýrtíð hafi verið stöðvuð. Vísitalan, sem stjórnin sjálf lætur reikna út, segir, að á þessu eina ári hafi orðið 17% hækkun á öllum vörum og allri þjónustu í landinu að meðaltali, en það er hærri dýrtíðaralda en áður hefur risið á svo skömmum tíma. Veruleikinn segir, að stjórnin, sem lofaði að stöðva dýrtíðina, hafi magnað hana. Um atvinnuvegina vita allir, að ekki hafa þeir staðið verr að vígi í annan tíma á síðari árum en einmitt nú. Iðnaðurinn dregst saman á flestum sviðum, bæði vegna þess, hve hann er aðþrengdur fjárhagslega af lánakreppu og vaxtaokri, en þó er það framar öllu öðru hin lamaða kaupgeta almennings, sem sverfur nú svo að möguleikum hans, að þar munu fáir sjá til bjartrar framtíðar. Stærsta iðnaðarfyrirtæki landsins, sementsverksmiðja ríkisins, framleiddi t. d. 72 þús. tonn af sementi á síðasta ári. Það er nokkru minna magn en Íslendingar sjálfir eru vanir að nota árlega. En nú er kaupgetan brostin og fjórðungur þessa magns lá eftir óseldur. Verksmiðjan hefur nú samið um að selja Bretum 20 þús. tonn af þessum birgðum sínum, og í þeim samningum við Breta gætir sams konar tillitssemi við þá og annars

staðar. Fyrir sement selt Íslendingum tekur verksmiðjan 1100 kr. fyrir tonnið við verksmiðjuvegg, en fyrir sement, sem Bretar fá, hlotnast verksmiðjunni 260 kr. fyrir tonnið. Fyrir Breta er því vissulega hagur að kaupgetuleysi Íslendinga. Þeir virkja kaupgetuleysið til að fá héðan niðurgreitt sement, því að þeirra prísar eru langt undir framleiðslukostnaði, og mismunurinn fellur íslenzkum aðilum í skaut til greiðslu.

Landbúnaðurinn hefur ekki farið varhluta af dýrtíðarflóðinu. Allur framleiðslutilkostnaður hans hefur þotið upp á við. Ræktun og aðrar framkvæmdir í sveitum dragast saman, svo sem óhjákvæmilegt er, þegar tilkostnaður er risinn upp yfir öll viðráðanleg takmörk. Fólksflótti úr sveitum, sem um skeið var stöðvaður, hefur magnazt á ný.

Öll viðreisnin átti samkv. yfirlýstum tilgangi höfunda sinna að miðast við það sem aðalmarkmið að búa útgerðinni blómleg skilyrði til vaxtar og viðgangs, án styrkja og uppbóta. Og hvernig hefur nú til tekizt að ná þessu höfuðmarkmiði? Um það eru postular viðreisnarinnar heldur fáorðir í ræðum sínum. Sumir hafa vikið að því hér í kvöld, að útgerðin hafi fengið að breyta einhverju af töpum sínum í lán. En það er líka helzta fyrirgreiðslan. Ég heyrði nú samt einhvern af fyrirmönnum viðreisnarinnar orða það þannig í ræðu nýlega, að útvegi landsmanna hefði gengið það örðuglega að laga sig að hinu nýja efnahagskerfi. Með nýjum tímum koma alltaf fram nýjar kenningar. Það var sem sagt höfuðkenningin í fyrra, að þá væri verið að laga efnahagskerfi þjóðarinnar að þörfum atvinnuveganna. En nú er það orðið eins og hjá karlinum, sem í ölæðinu gekk á grjótgarðinn og datt, en gaf þá skýringu, þar sem að honum var komið liggjandi, að garðurinn hefði rekizt á sig. Togaraflotinn hefur notið ríkisstyrkja, svo að nemur milljónatugum, eftir að stjórnin þóttist hætt við öll styrkja- og uppbótakerfi. Samt hefur ömurleikinn nú þrýst hrammi sínum fastar að þessari atvinnugrein en áður eru dæmi til.

Í þessum töluðum orðum stendur yfir sú árstíð, sem jafnan gefur togurum sem og öðrum fiskiskipum einna beztan árangur. Það er hávertíð, og alltaf fram til þessa hefur það verið alveg sérstakt kappsmál allra, er útgerðarrekstri stýrðu, að halda skipum sínum til veiða um þetta leyti, ef hinn minnsti möguleiki var í augsýn til að ná verðmætum, sem á þessum tíma bjóðast og aldrei annars í svipuðum mæli. Nú liggur hins vegar fjórðungur togaranna, beztu og stórvirkustu veiðitækjanna, sem þjóðin á, afvelta í viðreisninni. Sumir togararnir ryðga í þanghafinu, en svo er oft nefndur skipakirkjugarðurinn í Reykjavíkurhöfn. Nokkrir eru í öðrum íslenzkum höfnum. Aðrir eru til sölumeðferðar í erlendum höfnum eða í erlendum viðgerðarstöðvum, þar sem eigendum þeirra hefur ekki tekizt að greiða áfallinn kostnað þeirra. Og það er mikið og athyglisvert tímanna tákn, að einn af þeim hv. þm. stjórnarliðsins, sem með eigin hendi samþykktu viðreisnina í fyrravetur, fékk á árinu í hendur nýtt togskip, stærra og glæsilegra en héðan hafði fyrir viðreisn á sjó farið. Þegar skip þetta hafði farið tvær veiðiferðir, uppgötvaði eigandinn, að enginn grundvöllur var til í efnahagskerfinu nýja til þess að gera skipið út. Hann tapaði algerlega trúnni á sína eigin viðreisn, lagði hinu glæsta skipi sínu til hvíldar í þanghafinu, þar sem það enn liggur — eða það mun líklega hafa verið tekið upp í slipp í dag. En eigandinn, sem áður boðaði viðreisn með spámannlegum tilburðum á þingi, hefur nú tekið upp hljóðlátt hátterni.

Um bátaflotann gegnir svipuðu máli og togarana að því leyti, að uppbætur hefur hann fengið í tugmilljóna tali. En allur er fjárhagur hans samt þungur. Þó munu ekki mikil brögð að því, að nothæfir bátar séu bundnir enn sem komið er í kirkjugarða á miðri vertíðinni. En tafir frá veiðum vegna alls konar efnahagslegra þröskulda draga mjög úr nýtingu flotans. Það er t. d. mjög algengt, að bátar standi svo sem hálfan eða heilan mánuð í slipp, eftir að viðgerðum er lokið, vegna þess að samkomulag fæst ekki auðveldlega um, hvenær greiðsla geti fyrir viðgerðina komið. Og viðgerðarstöðvarnar eru í slíkri rekstrarfjárþurrð, eða með svo mikið fjármagn bundið í lánum, sem fást ekki greidd við eðlilegt gjaldfall, að þær hafa neyðzt til að draga saman starfsemi sína, t. d. hætt að endurnýja birgðir sínar af efniviði og öðrum nauðsynjum til þess að sinna þjónustu við flotann. Sem eins lítils dæmis af ótalmörgum um þetta má geta þess, að útgerðarmaður einn, sem ég hitti á förnum vegi fyrir fáum dögum, sagði mér, að einn báturinn sinn væri úr leik á þessari vertíð, vegna þess að fyrir óhapp varð að skipta um kjöl í honum. En engin einasta skipasmíðastöð eða neinn annar aðili í landinu átti til efni í vélbátskjöl. Það hafði þessi útgerðarmaður kannað. Hann var búinn að senda pöntun til Danmerkur, en vertíðin var töpuð.

Hið fyrsta viðreisnarár bættust mörg ný og ágæt skip í fiskiflotann. Það var arfur frá eldri og bjartsýnni tímum. Nú munu fáir semja um nýsmíði fiskiskipa.

Þrátt fyrir aukninguna í skipastólnum og bættan veiðibúnað tókst stjórnarstefnunni að sliga svo starfrækslu flotans, að heildaraflamagn landsmanna minnkaði á árinu 1960 um 9%, en slíkt hefur ekki komið fyrir áður á hinum síðari árum, að aflabrögð í heild skryppu svo saman á einu ári, þótt oft hafi afli á einstökum vertíðum eða veiðisvæðum minnkað eða brugðizt. Á árinu 1960 var enginn almennur aflabrestur. Togurunum gekk illa, en vertíðarafli bátanna var betri en áður. Veiðidagar togaranna voru hins vegar miklu færri en áður, bæði vegna aukinnar legu þeirra af fjárhagsöngþveiti og eins af því, að nú voru þeir, sem út voru gerðir, flestir að hálfu notaðir sem flutningaskip milli landa, oftast með hálffermi aðra leiðina og tómir hina. Það er því algerlega á viðreisnarinnar reikning, að ekki skyldi nást svipað aflamagn og á fyrra ári.

Þjóðin hefur því ekkert að þakka stjórninni að því er varðar uppbyggingu atvinnuveganna, en aftur á móti verður það erfitt, en óumflýjanlegt verkefni þeirra, sem á næstu árum halda

um stjórnvöl þessarar þjóðar, að rífa atvinnuvegina upp úr því foraði, sem viðreisn núv. stjórnar hefur sökkt henni í.

Bætt lífskjör fólksins í landinu koma fram í því, að kaupmáttur launa almenns verkamanns í Reykjavík í dag er 24½% lægri en hann var fyrir tveimur árum, áður en núv. stjórnarflokkar tóku að skerða kaup með lögum. Þeir, sem hér reka verzlanir og viðskipti, hafa sína sögu að segja um kaupmátt almennings, en hjá þeim næstum öllum má nú heyra ramakvein um samdrátt og svart útlit, og segja fæstir slíkir þó nema helming þess, sem innra með þeim býr, um núv. ríkisstj., því að þetta er stjórnin þeirra.

En við eigum þó hlutdeild í hinum frjálsa viðskiptaheimi, því verður ekki neitað. Sjaldan heyrum við stjórnarinnar boðbera víkja að efnahagsástandi þjóðarinnar, svo að þar beri ekki í orðræðu hið gífurlega verðfall á mjöli og lýsi, ef þið, hlustendur góðir, skylduð kannast við orðalagið. Það er einkennilegt, að ekki skuli kenna stolts og hrifningar í rómi þeirra stjórnarsinna, þegar þessir mjöl- og lýsisprísar eru annars vegar, og þeir eru stundum taldir valda ófarnaði í efnahagslífinu. Þetta gífurlega verðfall á mjöli og lýsi er þó aldrei nema svolítil afborgunargreiðsla upp í aðgöngumiðana að hinum frjálsa viðskiptaheimi, sælustað útvaldra kaupslagara, því að það voru til nægir og miklu hagstæðari markaðir fyrir þessar vörur, þótt ekki væru þeir nýttir.

Vöxturinn í þjóðarframleiðslunni hefur ekki látið á sér bóla enn. Óvenjulega hagstætt árferði 1960 kom í veg fyrir samdrátt í landbúnaðarframleiðslunni. En ég hef áður á það drepið, hvað skeði í sjávarútvegi á síðasta ári. Samdrátturinn varð 9% að magni, en ekki er að fullu vitað, hver hann hefur orðið að verðmæti til, en auðvitað er sá samdráttur meiri, því að meira var flutt út af óunnum fiski en áður og minni hluti síldaraflans var saltaður en 1959. Í því sérstaka stefnumáli stjórnarinnar að stórauka þjóðarframleiðsluna telja þeir nú sjáanlega þann árangur að draga saman sjávaraflann um 9% á einu ári hvergi nærri fullnægjandi, því að til viðbótar allri sinni upphaflegu viðreisn hafa þeir nú bætt því við að afhenda Bretum nú og hin næstu ár afnot af fimmta hluta fiskimiðanna í íslenzku landhelginni, og raunar ekki Bretum einum, heldur hverjum þeim útlendingum, sem nýta vilja. Það er í samræmi við aðra röksemdafærslu stjórnarinnar að telja í framsali landhelginnar til útlendinga fólginn stórsigur Íslands. En einmitt þessa dagana er það beinlínis að sannast í aflabrögðum okkar fiskibáta víðs vegar við landið, hver hagkvæmni er að því að fá hér á miðin erlendan togaraflota, hundruð skipa umfram það, sem verið hefur síðustu árin, og þó er hér allt á byrjunarstigi. 14½ þús. ferkm fiskimiða, valin af Bretum sjálfum úr okkar fiskisvæðum, verða auðvitað ekki af hendi látin, án þess að slík ráðstöfun hafi áhrif á veiðimöguleika íslenzku bátanna. Í því breytir sú yfirsleikja engu, að Bretar hafi eftirlátið okkur 5000 ferkm hafflöt á Selvogsbanka og víðar, þar sem grunnlínum hefur verið breytt. Jafnvel fyrir þá, sem svo eru auðtrúa að telja þetta vera greiðslu af Breta hálfu, stendur þó eftir sú staðreynd, að landhelgin, sem við höfum fyrir okkur eftir samninginn alræmda, er 9½ þús. ferkm minni en landhelgi okkar var fyrir þann samning, enda tala ýmsir fylgjendur stjórnarflokkanna í þeim byggðarlögum, þar sem fastast er að sorfið með landhelgissmækkuninni, beinlínis um fjárbætur úr ríkissjóði fyrir það aflatap, sem fyrirsjáanlegt er.

Alvarlegasta hlið þessa samnings er þó ekki sú, sem að okkur kreppir í dag, svo slæm sem hún þó er, heldur hin, sem varðar framtíðina. Skuldbindingin um að eiga jafnan á ókomnum árum missirislangt ráðslag við Breta um það, hverja lögsögu við viljum hafa á okkar landgrunni utan 12 mílna, og viðurkenning á dómsvaldi Haagdómstólsins, sem engin lög hefur til að dæma eftir í þessum málum, eru afglöp íslenzku ríkisstj. og þingliðs hennar, sem að mati brezka fiskimálaráðherrans, Christophers Soames, jafngilda því, að Bretar séu, ef ekki eigendur, þá a. m. k. meðeigendur okkar að landgrunni Íslands utan 12 mílna landhelginnar um alla framtíð. Fyrir þessari skoðun brezka ráðh. kröfðust yfirmenn á brezkum togurum trygginga, og ráðh. lét ekki á sér standa með þær. Þær eru í samningnum sjálfum, svaraði hann. Og í orðréttri þýðingu Morgunblaðsins hljóðar einn kaflinn í bréfi Soames, fiskimálaráðherra Breta, til togaramanna sinna þannig, með leyfi forseta:

„Að því er Bretland varðar, getur ekki verið um frekari útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland að ræða nema í samráði við alþjóðadómstólinn, sem verður samkv. grundvallarreglum sínum að úrskurða eftir alþjóðalögum allan slíkan ágreining. Ekkert bendir til þess, að unnt sé að byggja kröfu um stærri lögsögu en 12 mílur á nokkrum gildandi alþjóðalögum."

Þarna hafði Soames trygginguna. Þessi ráðstöfun á landgrunnssvæðunum utan 12 mílna, gildandi um alla framtíð, eins og íslenzka stjórnin og sú brezka lýsa yfir að verða skuli, er svo einstök og fráleit, að stjórnarandstaðan öll hefur neitað að viðurkenna rétt stjórnarinnar til þess að gera samninga af þessu tagi, enda mun svona samningsgerð fordæmalaus með öllu.

Og nú langar mig til þess að beina einni spurningu til hæstv. dómsmrh., Bjarna Benediktssonar. Hann hefur þó alltaf tök á að útvega sér aðstoð lagadeildar háskólans, ef það skyldi eitthvað vefjast fyrir honum sjálfum að finna svarið: Hvenær hefur nokkurt land nokkurs staðar í veröldinni afsalað lögsögu sinni í hendur Haagdómstólsins yfir nokkru land- eða hafsvæði, sem það hafði sjálft áður lýst lögsögu sinni yfir, fyrr en Ísland nú með landhelgissamningnum við Breta? Þrátt fyrir eftirgrennslan hefur mér til þessa ekki tekizt að fá vitneskju um, að neitt slíkt hafi áður skeð, og virðist mér því, að hér hafi í landhelgissamningnum verið sett heimsmet í réttindaafsali á þessu sviði.

Hér þarf ekki að skyggnast langt fram í ókominn tíma til þess að sjá, hverju stjórnarstefnan býður heim. Ef litið er til þeirra mánaða, sem liðnir eru af þessu ári, er tilefni til

að óttast, að hún leiði yfir landið stórfelldara framleiðslutap á þessu ári en henni tókst á því síðasta. Þar hjálpast að röð af framleiðslutruflunum, sem allar má rekja beint til stjórnaraðgerða. Róðrarbann útgerðarmanna, kirkjugarðslegur fullbúinna fiskiskipa og alls kyns óeðlilegar frátafir er allt í beinu sambandi við það, að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar var rifinn niður með viðreisninni. Verkföll háseta, verkamanna, yfirmanna á fiskiskipum, vélstjóra og verkakvenna eiga öll rót sína að rekja til þess, að samningar þessara aðila við atvinnurekendur voru skertir af ríkisvaldinu. En af öllu þessu hafa þegar hlotizt framleiðslutöp, þótt ætla megi, að þau töp séu smámunir hjá því, sem efnt er til með afsali landhelgisréttindanna.

Þótt þeir þættir, sem hér hefur verið drepið á um störf og árangur stjórnarinnar, sýni það ljóslega, að hér er stjórnin í sams konar afstöðu gagnvart þjóðarbúinu eins og húsráðandi, sem horfir á hús sitt brenna, þá skilur þar á milli stjórnarinnar og allra skaplegra húsráðenda, að við slíkar aðstæður mundu hinir síðartöldu reyna einhverjar björgunarleiðir, en það gerir stjórnin ekki. Breytinguna úr húsi í öskuhrúgu mun hún kalla sinn sigur, það er hennar háttur.

Það var ein af nauðsynjunum, sem stjórnin taldi liggja til grundvallar því að koma á hinu nýja kerfi, að skuldir þjóðarinnar við útlönd væru orðnar svo miklar, að greiðslubyrði vaxta og afborgana væri hér öllu að ríða á slig, sú þróun að taka lán erlendis yrði því að hætta. Illa hefur stjórninni samt gengið að koma þessu áformi sínu heim og saman við veruleikann, ekki síður en öðrum sínum viðreisnarþáttum. Skuldirnar við útlönd hafa þvert ofan í öll yfirlýstu áformin hækkað stórlega á árinu 1960, en ekki lækkað. Af því, hve hömlu- og eftirlitslaus söfnun verzlunarskulda hefur verið, er reyndar enginn aðili til í landinu, sem veit, hvað skuldaaukningin er mikil. En í skýrslum liggur fyrir, að nettóaukning fastra lána erlendis er á milli 400 og 500 millj. kr. á árinu 1960, og geta þá allir séð, í hvaða átt greiðslubyrðin hefur þróazt.

En einn er sá árangur, sem í skýrslum er skráður og stjórnin vitnar oft til og telur órækan vott þess, að vel gangi. Það er greiðslujöfnuðurinn við útlönd. Ef ég legg til grundvallar þær tölur, sem fram koma í grein, sem forstjóri Verzlunarráðs Íslands hefur ritað um viðskiptin og ég hef ástæðu til að ætla að sé byggð á traustum upplýsingum, þá telur hann þar, að okkar greiðslujöfnuður hafi batnað frá því að vera 475 millj. kr. halli á árinu 1959 í það að vera 460 millj. kr. halli nú um síðustu áramót. Það er því rétt, að greiðsluhallinn hefur minnkað um 15 millj. kr. Hins er af stjórnarinnar hálfu aldrei getið, að þessi breyting er annars vegar fengin með því að eyðileggja kaupgetu landsmanna, og er það lítið til að hrósa sér af, þótt fátækt banni fólki að lifa við svipuð kjör og nágrannaþjóðir okkar gera og af þeim ástæðum dragi úr almennum innflutningi, en sá samdráttur nam 300 millj. kr. á árinu 1960 eða rösklega 10%. Að hinu leytinu fékkst þessi bati í greiðslujöfnuðinn með því að ganga á eldri útflutningsbirgðir í landinu, svo að nam 200 millj. kr. Einnig þetta skrautblóm ríkisstj. fölnar því, um leið og á það er litið.

En það, sem er raunverulegur árangur viðreisnarinnar og beinar tekjur í kassa, minnist stjórnin sjaldan á. Það er hennar feimnismál. En það á hver sitt, og er ekki vert að draga þetta undan úr myndinni af viðreisninni. Einhvers staðar munu liggja 228 millj. kr. í gullastokki stjórnarinnar. Það er fæðingarstyrkur, sem Ameríkanar greiddu vinkonu sinni, íslenzku ríkisstj., fyrir að koma viðreisninni á. Viðreisnin var sem sagt engin íslenzk né heldur frumleg ráðstöfun. Hún var vasaútgáfa af efnahagsstefnu gamla Eisenhowers, sú sama stefna sem valdið hefur atvinnuleysi 6 milljóna manna í heimalandinu og Ameríkumenn sjálfir kosta nú kapps um að afmá heima fyrir. Það var frá upphafi blekkingin einber, að hér væri verið að leita eftir ráðum, sem þjóna ættu undir okkar atvinnuvegi. Hér var einungis verið að seilast eftir því, sem skammsýn stjórnarvöld héldu að væri hluti af gæðum Ameríku. Þótt þeir vestra viti nú, að þetta var einhver rotnasti ávöxturinn, sem finnanlegur var þar í landi, þá halda hérlendir ólánsmenn sig enn við það, að hnossið sé gullepli, töfragripur mikill og ágætur.

Allt þetta Ameríkuævintýri rifjar raunar upp aðra svipaða sögu, annað Ameríkuævintýri, sem gerðist fyrir hartnær þúsund árum. Eiríkur hét maður Þorvaldsson og var kallaður hinn rauði, eins og Alþfl. á sinni tíð. Hann var misindismaður og var útlægur ger af Íslandi fyrir vígaferli og ójafnað. Hafði hann spurnir af því, að land mundi vera í hafi í útnorður. Fann hann landið. Það var útjaðar Vesturheims. Þótt landið væri að mestu samfelld jökulbreiða, kallaði hann það Grænland til þess að koma þeirri hugmynd inn hjá þeim, sem höfðu ekki séð, að þar væri jörð frjósöm og góð undir bú, og sjálfsagt stendur gróðursæld grænlenzkra jökla að sínu leyti ekkert að baki viðreisnarmætti efnahagslöggjafar íslenzku ríkisstjórnarinnar frá því í fyrra.

Eins og íslenzka ríkisstj. náði hópum manna til þess að samþykkja og trúa á viðreisn, svo fékk líka Eiríkur rauði margt manna til þess að trúa sínum lýsingum á hinu græna landi, hverfa frá búum sínum og sigla með sér til lands hinna nýfundnu gæða. En bæði Eiríki þessum og íslenzku stjórninni gekk ógreiðlega að komast yfir byrjunarörðugleikana. Fjöldinn allur af viðreisnarmönnum ríkisstj. sér aldrei hið þráða ríki sitt, því að þeir eru eða verða löngu farnir á hausinn með rekstur sinn, áður en dýrðin kemur í augsýn, á sinn máta alveg eins og 11 af 24 skipum Grænlandsfara í flota Eiríks týndust í hafi og komu aldrei að strönd fyrirheitna landsins.

Lengra en þetta er enn ekki komið endurtekningu ríkisstj. á aðförum Eiríks rauða, og enn er óséð, hverju viðreisnin kann á land að skola og hvað í hafi ferst. Það er hins vegar engin ástæða til að ætla, að það tvennt, sem stofnað er til með svo svipuðum hætti, muni ekki halda áfram að þróast í hliðstæðum, ef

ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til að snúa upp á stýrishjólið og breyta stefnunni. En dómsmrh. lýsti hér yfir rétt áðan, að það ætti ekki að gera. Hann er ánægður með stefnuna. Ríkisstj. íslenzka mun ekki heldur beygja af þessari leið ótilneydd. Hjá henni eru engin sjáanleg merki þess, að haldið verði úr hinu þúsund ára gamla kjölfari Eiríks rauða. En af honum er það að segja, að svo sem allir vita, þá bösluðust þeir þegnar hans, sem landi náðu, og niðjar þeirra um skeið við að halda í sér liftórunni í frosthörkum og hríðum þess lands, sem þeir höfðu verið ginntir til að gera byggð sína í. Síðan týndust þeir öllum, og veit nú enginn, með hverjum hætti þjóð sú eða ættstofn varð úti á hjarnbreiðu þess jökuls, sem menn voru á sínum tíma teygðir til með frásögnum um gras og gróður. Eiríki rauða hefði tekizt að tortíma íslenzku þjóðinni, ef allir landsmenn hefðu trúað blekkingum hans og ráðizt til fylgis við hann. Það var gæfa Íslands, að svo var ekki. Engu að síður var Grænlandsævintýri hans þjóðinni mikil blóðtaka. Viðreisnin er þjóðinni líka alvarlegt sár, ekki síður en Vesturheimsbrölt Eiríks rauða. Nú eins og þá liggur framtíð Íslands í hendi þeirra, sem eru ekki auðtrúa á blekkingar, en sjá, hvert stefnir, og hafa djörfung til þess að spyrna gegn því, að svo sé haldið sem horfir. Þrátt fyrir allt á þjóðin enn sína möguleika, og þeir munu nýtast henni til framfara og hagsældar, þegar samdráttar- og kaupkúgunarstefna núv. stjórnarvalda hefur verið kveðin niður og í hennar stað aftur kostað kapps um að auka framleiðslu landsmanna að magni og gæðum og að arður framfaranna verði notaður landsmönnum til hagsældar og þjóðinni til framfara, en fyrir því mun Alþb. beita sér af alefli. — Góða nótt.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það leikur ekki á tveim tungum, að efnahagsmálin og landhelgismálið eru tvö þýðingarmestu málin, sem ríkisstj. hefur fjallað um. Bæði hafa þessi mál komið til aðgerða þessa þings, sem nú er að hverfa frá störfum.

Í nær 20 ár hefur engin ríkisstj. verið mynduð, án þess að viðureignin við verðbólguna væri meginatriðið í störfum hennar. Allan þennan tíma hefur verðlag og kaupgjald engu að síður hækkað á víxl og verðgildi peninga minnkað. Þjóðin hefur árlega notað meiri gjaldeyri til neyzlu og framkvæmda en aflað hefur verið. Um flest áramót hefur orðið að gera sérstakar ráðstafanir til, að flotinn kæmist á vertíð, þar eð verðhækkanir liðins árs hafa svipt grundvellinum undan rekstrarafkomu atvinnuveganna. Erfiðleikar efnahagsmálanna hafa orðið hverri ríkisstj. á fætur annarri að falli.

Við stofnun vinstri stjórnarinnar árið 1956 var gerð tilraun til að fara inn á nýjar brautir við lausn efnahagsmála. Takmark þeirrar stjórnar var að leysa þau og koma rekstri atvinnuveganna á fjárhagslega öruggan grundvöll í nánu samstarfi við samtök vinnandi fólks og framleiðenda til sjávar og sveita. Það var vissulega ástæða til að gera sér von um, að með slíku samstarfi mætti ná ríkum árangri, þar eð hér var um að ræða samstarf við þær stéttir, sem vöxtur verðbólgunnar bitnaði harðast á og mestra hagsmuna höfðu að gæta um öruggan og stöðugan rekstur atvinnutækja. En til þess að slíkt samstarf gæti borið tilætlaðan árangur, þurftu allir, sem að því stóðu, að vinna saman af heilindum. Vinstri stjórnin fór að vísu vel af stað, en það kom brátt í ljós, að fulltrúar Alþb. höfðu allt annað í huga en gera sér grein fyrir vanda efnahagsmálanna og framkvæma síðan þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar voru. Ég ætla ekki að rekja þróun mála innan vinstri stjórnarinnar. Allir vita, að samstarfið tókst ekki betur en svo, að haustið 1958 var málum þannig komið, að við blasti hækkun kaupgjaldsvísitölunnar úr 185 stigum í 202 stig eða um 17 stig. Vitað var, að án aðgerða mundi vísitalan komin í minnst 270 stig fyrir haustið 1959, og enginn treystir sér til að reikna út, hve ör vöxtur hennar yrði eftir það.

Innan vinstri stjórnarinnar var ekki samstaða um neina lausn á vandanum. Alþýðubandalagsmenn neituðu að viðurkenna staðreyndir og vildu engar raunhæfar aðgerðir. Á milli Alþfl. og Framsfl. var enginn ágreiningur um, að þörf var róttækra aðgerða. Alþfl. lagði til í nóvember 1958, að forsrh. legði málið fyrir Alþ. og þar yrði freistað að leysa vandann. Þessa till. byggði Alþfl. á því, að ríkisstj. gæti ekki hlaupið frá málinu án þess að leggja það fyrir þingið og það því fremur, er svo lítið virtist bera á milli tillagna Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. um úrlausn, að fyrir fram var ekki hægt að útiloka þann möguleika, að þessir þrír flokkar gætu komið sér saman. Slík meðferð málsins hefði getað orðið grundvöllur að frekara samstarfi þessara flokka. Alþb. vildi ekki á þetta fallast. Það taldi sig sjá fram á einangrun sína, ef farið væri að tillögum Alþfl. Kröfðust ráðherrar Alþb. þess, að forsrh., Hermann Jónasson, legði hugmynd sína um frestun hækkunar vísitölunnar fyrir þing Alþýðusambands Íslands. Forsrh. hafnaði till. Alþfl., en féllst á till. ráðh. Alþb. og gekk á fund Alþýðusambandsþings. Undir forsæti Hannibals Valdimarssonar félmrh. hafnaði A. S. Í. tilmælum Hermanns Jónassonar. Við göngu forsrh. á þing A. S. Í. hafði það því eitt áunnizt, að ráðh. Alþb. hafði tekizt að niðurlægja forsrh. sinnar eigin ríkisstj. Eftir þetta endurtók Alþfl. kröfu sína um, að málið yrði lagt fyrir Alþ. Ráðh. Alþb. voru þessu mótfallnir sem fyrr og kröfðust þess, að ríkisstj. annaðhvort framkvæmdi þýðingarlausar málamyndaaðgerðir í efnahagsmálum eða bæðist lausnar. Hermann Jónasson forsrh. hafnaði á ný till. Alþfl. og gekk þá braut, sem Alþb. vísaði. Hann lýsti því yfir á Alþ. 5. des. 1958, að ný verðbólgualda væri skollin yfir, að engin samstaða væri innan ríkisstj. til úrlausnar á málinu og hann hefði beðizt lausnar fyrir ráðuneyti sitt.

Ég hef rakið þessa atburði haustsins 1958 svo ýtarlega hér vegna þess, að yfirlýsing Hermanns Jónassonar í des. 1958 og för hans á Alþýðusambandsþing nokkrum dögum áður markar tímamót í íslenzkri stjórnmálasögu. Í fyrsta lagi er hér um að ræða dauðadóm yfir hinu svo-

nefnda vinstra samstarfi, og í öðru lagi var þetta upphaf þess, að Framsfl. lætur Alþb. í æ ríkara mæli segja sér fyrir verkum og marka stefnu flokksins. Hefur þetta komið glöggt fram á þingi því, sem nú er að hverfa frá störfum, svo sem síðar mun að vikið.

Stjórn Alþfl., sem eftir þetta var mynduð, tók við þrotabúinu. Hennar verkefni var að stöðva vöxt verðbólgunnar, koma flotanum á vertíð, leysa kjördæmamálið og afgreiða hallalaus fjárlög án nýrra skatta á almenning. Við allt þetta var staðið, og skal ekki nánar að því vikið. Við myndun stjórnar Alþfl. var því lýst yfir, að hún hygðist fara með stjórn landsins, á meðan fram færu alþingiskosningar, svo að hægt væri að mynda ríkisstj., sem byggðist á traustum meiri hluta á Alþingi. Frambúðarlausn efnahagsmálanna yrði að bíða slíkrar ríkisstj.

Strax eftir myndun núv. ríkisstj. var hafizt handa um ýtarlega rannsókn á efnahagsmálum þjóðarinnar. Sú rannsókn leiddi í ljós, sem reyndar var vitað áður, að uppbótakerfið hafði gengið sér gersamlega til húðar og ekki gat komið til mála að halda lengra á þeirri braut. Ekki var um aðra leið að velja en viðurkenna þá staðreynd, að íslenzk króna var þegar fallin stórlega í verði og skráning hennar alröng. En jafnhliða gengislækkuninni gerði ríkisstj. þýðingarmiklar hliðarráðstafanir til að létta byrðar almennings. Bætur almannatrygginga voru hækkaðar úr 126 millj. kr. árið 1959 í 348 millj. árið 1960. Framlag til útlána húsnæðismálastjórnar vegna íbúðabygginga almennings var hækkað úr 48.8 millj. kr. árið 1958 í 70.8 millj. kr. Tekjuskattur hefur verið felldur niður af almennum launatekjum auk annarra umbóta á skattskyldu einstaklinga. Sveitarfélögum hafa verið skapaðir möguleikar til nokkurrar útsvarslækkunar. Innflutningsskrifstofan lögð niður og ný skipan lögleidd á innflutnings- og gjaldeyrismálum. Innflutningur gefinn frjáls á allt að 85—90% heildarinnflutnings. Bankakerfið hefur verið endurskoðað. Lánasjóðum hefur verið útvegað allmikið lánsfé og þýðingarmikil endurbót gerð á lánakerfi sjávarútvegsins með föstum lánum til langs tíma í stað lausalána. Þessa stundina eða í dag var verið að samþykkja frv. Alþfl. um jöfn laun kvenna og karla. Ótalmargt fleira mætti hér til nefna.

Það er eftirtektarvert, að stjórnarandstaðan hefur á allan hátt reynt að koma í veg fyrir framgang þeirra mála, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir. Verður í því efni ekki gert upp á milli stjórnarandstöðuflokkanna. Hafi ríkisstj. staðið að málinu, hefur mátt ganga út frá því fyrir fram sem gefnu, að stjórnarandstaðan reyndist málinu mótfallin án tillits til málavaxta. Vekur þetta því meiri athygli, þegar þess er gætt, að hvorugur stjórnarflokkanna hefur haft neitt fram að færa til úrlausnar hinum þýðingarmestu málum.

Landhelgismálið er annað af tveimur þýðingarmestu viðfangsefnum ríkisstj. Það mál hefur nú verið leitt til lykta á farsælan hátt. Íslendingar hafa lengi barizt fyrir því á alþjóðavettvangi að fá viðurkenndan rétt sinn til útfærslu á fiskveiðilögsögu við Ísland. Þessi barátta hefur verið háð á alþjóðaráðstefnum og í viðræðum við ríkisstjórnir mikils fjölda landa. Árangur þessarar baráttu hefur að vísu ekki orðið sá, að samþykktar hafi verið reglur, sem fullnægja Íslendingum. En sé þess gætt, hvert ástandið var, er baráttan hófst, verður ekki annað sagt en mikilsverður árangur hafi náðst og þýðingarmeiri en allur þorri manna gerir sér ljóst í dag.

Fyrir tiltölulega fáum árum var þriggja mílna beltið almenn regla, og ekki var um aðrar grunnlínur að ræða en þræða ströndina. Íslendingar gátu hvenær sem var krafizt uppsagnar landhelgissamningsins við Breta frá 1901 með tveggja ára uppsagnarfresti. Kyrrt var látið liggja í nær 50 ár, vegna þess að talið var, að engin alþjóðleg heimild væri fyrir víðari landhelgi en 3 mílum. Barátta fullra 10 ára hefur hins vegar leitt til þess, að nú er til alþjóðleg samþykkt fyrir grunnlínukerfi, sem miðast við útnes, auk þess sem andstæðingar 12 mílnanna gáfust upp í þeirri baráttu á Genfarráðstefnunni s. l. vor og eftir stóð aðeins deilan um það, hversu langan umþóttunartíma þær þjóðir, sem veitt hefðu innan 12 mílnanna, skyldu fá til að hverfa á brott. Vantaði svo sem kunnugt er aðeins eitt atkv. á ráðstefnunni til, að nægur meiri hluti fengist fyrir tíu árum.

Þessi þróun á alþjóðavettvangi ætti vissulega að vera Íslendingum mikið gleðiefni og sönnun þess, að rétt hefur verið á málunum haldið, þegar baráttan var tekin upp og henni haldið áfram innan Sameinuðu þjóðanna. En þrátt fyrir þá viðurkenningu, sem sérstaða okkar hefur notið, og þann árangur, sem náðst hefur, skulum við nú, þegar málið er leyst, ekki loka augunum fyrir því, að vegna vinnuaðferða okkar innanlands vorum við vel á veg komin með að glata þeirri samúð, sem áunnizt hafði. Synjun okkar á viðræðum við aðrar þjóðir þótti ósanngjörn. Við átöldum ofbeldisaðgerðir Breta, er þeir sendu hingað herskip sín í sept. 1958. Þessar ofbeldisaðgerðir hlutu fordæmingu víða um heim. En því megum við hins vegar ekki gleyma, að í augum hins frjálsa heims vorum við einnig sakaðir um ofbeldi, er við neituðum að ræða málið, þó að til þess væri ekki ætlazt af okkur, að við fórnuðum hagsmunum okkar við samningaborðið. Það er ekki sterkur leikur fyrir smáþjóð að haga málum sínum þannig í milliríkjaviðskiptum, að allt sé á því byggt, hversu smá og veik hún er. Ef stjórnarandstaðan hefði fengið að ráða á Alþ. og samkomulagi við Breta hefði verið hafnað, megum við vera viss um, með tilliti til þess, hvaða lausn bauðst, að við hefðum gersamlega glatað allri samúð og hlotið þungan áfellisdóm víða um heim. Hygg ég, að Íslendingum hafi sjaldan verið gefin verri ráð en stjórnarandstaðan gaf þeim í þessu máli. Sem betur fór, var ekki farið að ráðum stjórnarandstöðunnar. Geta Íslendingar nú fagnað tvöföldum sigri í landhelgismálinu. Annars vegar hafa þeir leyst deiluna með samkomulagi, sem tryggir þeim meira en reglugerðin frá 1958 gerði, og hins vegar hafa þeir sýnt, að þeir vilja leysa deilumál sín við aðrar þjóðir með friðsamlegum hætti.

Afstaða og málflutningur stjórnarandstöðunn-

ar í landhelgismálinu er á ýmsan hátt athyglisverð og lærdómsrík fyrir Íslendinga. Þáttur kommúnista kemur mönnum að vísu ekki á óvart. Þeirra takmark hefur ætíð verið að nota landhelgismálið til illdeilna við grannþjóðir okkar og kljúfa okkur úr Atlantshafsbandalaginu. Þetta kom fyrst fram sumarið 1957, á meðan beðið var aðgerða Sameinuðu þjóðanna og væntanlegrar alþjóðaráðstefnu. Þá vildu kommúnistar láta friða þrjú svæði utan fjögurra mílnanna, en halda áfram fjögurra mílna línunni. Þetta var ófullnægjandi vernd, en hefði án efa leitt til alvarlegra árekstra við grannþjóðir okkar og spillt aðstöðu okkar á alþjóðavettvangi. Þessu var afstýrt. Þegar fært var út 1958, vildu kommúnistar engar viðræður við aðrar þjóðir, og það kostaði hörð átök innan vinstri stjórnarinnar að knýja slíkar viðræður fram. Gleggst kemur það þó fram, hvað kommúnistar vildu í landhelgismálinu, í ræðu, sem hv. alþm. Lúðvík Jósefsson flutti nýlega á hv. Alþ., en þá sagði hann svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Mig hefði langað mjög til þess, miðað við aðstöðuna til friðunar á Íslandsmiðum, að semja beinlínis við Breta um, að þeir héldu áfram í eitt, tvö, þrjú eða fjögur ár þessari vitleysu, sem þeir voru að gera hér.“

Þá veit maður það. Vonir og óskir kommúnista í landhelgismálinu voru að sögn Lúðvíks Jósefssonar þær, að Bretar héldu áfram ofbeldisaðgerðum sínum við Ísland í allt að fjögur ár, og svo ríkt var kommúnistum þetta í huga, að þeir vildu beinlínis semja um það við Breta. Þetta varpar skýru ljósi á tilgang kommúnista í landhelgismálinu og skýrir jafnframt, hvaða alvara lá á bak við, þegar þeir heimtuðu á sínum tíma mótaðgerðir gegn ofbeldi Breta á Íslandsmiðum og kröfðust þess, að við slitum stjórnmálasambandi við Breta, kærðum þá fyrir öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og færum úr NATO. Þegar þeir báru þessar kröfur fram, höfðu þeir það efst í huga að eigin sögn, að til þess bæri brýna nauðsyn að tryggja áframhald ofbeldisins í a. m. k. fjögur ár.

Afstaða Framsfl. í landhelgismálinu er hins vegar miklu athyglisverðari en afstaða kommúnista fyrir þær sakir, að hjá Framsfl. kemur fram sama undirgefnin við kommúnista sem hv. þm. Hermann Jónasson var haldinn af í des. 1958, er hann lét hv. þm. Hannibal Valdimarsson, þáverandi félmrh., senda sig á fund Alþýðusambandsþings til þess þar að láta gera sig afturreka og biðjast síðan lausnar samkvæmt fyrirmælum kommúnista, í stað þess að leggja efnahagsmálin fyrir Alþ. Er þetta því furðulegra, þar sem allar aðgerðir Framsóknar í landhelgismálinu nú eru í beinni mótsögn við fortíð flokksins. Ég skal nefna nokkur dæmi.

Árið 1958 hefur Framsfl. tvívegis forustu um tilboð til NATO-landa um, að skip þeirra megi í þrjú ár stunda veiðar kringum allt land, ef smávægilegar grunnlínubreytingar fáist og 12 mílurnar verði viðurkenndar. Nú bauðst þessi sama lausn, en þó þannig, að veiðisvæðin eru stórlega takmörkuð að stærð og tíma úr ári, auk þess sem um er að ræða stórfelldar grunnlínubreytingar. Kommúnistar hamast á móti þessu og heimta samstöðu Framsfl. Framsfl. gleymir allri sinni fortíð og hleypur á eftir kommúnistum. Þegar fært var út í 4 mílur árið 1952, varð af deila við Breta. Framsfl. hafði þá forsæti í ríkisstj. og býður Bretum að leggja deiluna undir úrskurð alþjóðadómstólsins í Haag. Kommúnistar voru þá sem nú andvígir alþjóðadómstólnum, en í leiðara, sem birtist í Tímanum um þessar mundir, gerði Framsfl. grein fyrir afstöðu sinni til alþjóðadómstólsins. Ummæli Tímans um dóminn hafa verið birt áður hér á hv. Alþ., en með leyfi hæstv. forseta, þá hljóða þau svo, — Tíminn segir:

„Þegar um þessi mál, landhelgismálin, var rætt s. l. haust, var m. a. minnzt á það í þessu blaði, Tímanum, hve mikilvægt það væri fyrir smáþjóð, að til væri alþjóðadómstóll, þar sem smáþjóðir gætu leitað réttar síns, annars væru þær ofurseldar yfirdrottnun stórvelda eða a. m. k. væri þeim auðveldara að láta kenna aflsmunar. Á þetta var bent vegna þess tilefnis, að málgagn kommúnista hafði farið svívirðilegum orðum um dómstólinn í Haag og haldið því fram, að smáþjóðir ættu að einskisvirða hann. Úrskurður hans í landhelgisdeilu Norðmanna og Breta hefur nú sýnt, hver ávinningur það er fyrir smáþjóð, að slíkur dómstóll er til. Kommúnistar hafa hins vegar sýnt hér eins og oftar, að þeir reyna að óvirða og eyðileggja allt það, sem eykur öryggi og rétt smáþjóða, og munu flestir geta rennt grun í, af hvaða ástæðum það er.“

Lengri er tilvitnunin í Tímaleiðarann ekki. Hún sýnir greinilega, að Framsfl. gerir sér grein fyrir mikilvægi alþjóðadómstólsins fyrir smáþjóðir, og blaðið er ekki í vafa um, af hvaða rótum óvild kommúnista í garð dómsins er runnin. Árið 1952 hegðaði Framsfl. sér samkvæmt þeirri stefnu, sem Tímaleiðarinn flutti, og bauð Bretum, að landhelgisdeilan yrði lögð fyrir alþjóðadómstólinn. Þegar ríkisstj. nú átti þess kost, að Bretar beiti ekki ofbeldi vegna framtíðarágreinings um útfærslu fiskveiðilögsögu, en láti alþjóðadómstól gera út um málið, strikar Framsfl. yfir öll fyrri orð og gerðir og hleypur eftir kalli kommúnista.

Íslendingum er það mikilsvert að hafa fengið viðurkenningu fyrir 12 mílna fiskveiðilögsögu og breyttum grunnlínum. Mestu máli hygg ég þó að skipti, að Bretar hafa nú skuldbundið sig til að beita ekki ofbeldi við framtíðarútfærslu fiskveiðilögsögu, en leggja málið þess í stað fyrir alþjóðadómstólinn. Íslendingar eru allir á einu máli um, að framtíðarútfærsla verður að byggjast á alþjóðarétti, og þegar málum er þannig háttað, er alþjóðadómstóll þeim ómetanlegur.

Stjórnarandstaðan hefur goldið mikið afhroð vegna afstöðu sinnar til landhelgismálsins. Vitað var, að tilraunir mundu gerðar til að leiða athyglina frá þessum ósigri og að reynt yrði að ná sér niðri á þeim, sem beitt hafa sér til lausnar á málinu. Gagnaðgerðirnar hafa ekki látið standa á sér. Fyrir nokkrum dögum voru tveir kommúnistar látnir bera fram till. í Nd. um skipun rannsóknarnefndar vegna viðskipta

fjmrn. árið 1959 við Ásfjall h/f og vegna útgerðar togarans Brimness. Leynir sér ekki, að kommúnistar hyggjast gera hér tvennt í senn: leiða athyglina að nýju máli og koma fram persónulegum hefndum. Er rétt að gera með fáum orðum grein fyrir þessum málum.

Á árinu 1958 gáfust Seyðfirðingar upp á útgerð togarans Brimness vegna fjárhagsörðugleika. Var eftir því leitað, að ríkisstj. tæki að sér rekstur togarans. Á það var þó ekki fallizt, fyrr en samþykki Alþ. var tryggt. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1959 var ríkisstj. heimilað að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness til 1. sept. og innleysa áhvílandi sjóveðs- og fjárnámskröfur. Till. um þetta var borin fram af fjvn., þar á meðal hv. þm. Karli Guðjónssyni, og samþ. ágreiningslaust. Í samráði við bæjarstjórn Seyðisfjarðar var Axel Kristjánssyni falið að annast rekstur skipsins og gera upp áhvílandi sjóveðs- og fjárnámskröfur. Fylgzt var með rekstri skipsins, á meðan Alþfl. fór með málefni fjmrn. og án efa einnig eftir það. Var afkoma skipsins á árinu 1959 góð og virtist ekki um rekstrarhalla að ræða. Þá mánuði af árinu 1960, sem skipið var gert út, mættu því hins vegar þeir sömu erfiðleikar og aflaleysi og öðrum togurum. Þrátt fyrir allt þetta hygg ég, að þegar útgerðinni var hætt, hafi heildarútkoman verið betri en áður hafði reynzt um það skip. Endurskoðunardeild fjmrn. endurskoðar að sjálfsögðu reikninga útgerðarinnar.

Að því er Ásfjall varðar, þá leitaði Axel Kristjánsson til ríkisstj. í febr. 1960 og óskaði ríkisábyrgðar fyrir kaupverði togara, er hann hygðist kaupa í Þýzkalandi. Ríkisstj. sneri sér til fjvn. og bað um, að ábyrgðarheimildin væri tekin í fjárlög. Erindinu fylgdu upplýsingar um skipið og verð þess. Samkvæmt einróma till. fjvn., þar á meðal hv. þm. Karls Guðjónssonar, samþ. Alþ. að veita heimildina. Er kaupandi hafði lagt kaupsamninginn fyrir ríkisstj., var ábyrgðin veitt samkv. heimild fjvn.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till. Hún er vesældarleg tilraun til að draga athyglina frá óförum kommúnista í öðrum málum og lítilmótlegir tilburðir til að reyna að ná sér niðri á pólitískum andstæðingi.

Við lausn landhelgismálsins hafa kommúnistar misst af tækifæri til að kljúfa okkur úr samstarfi vestrænna þjóða. En þá er tekið til við annað. Varnarmálin eru tekin fram af nýjum krafti, og enn er nú krafizt samstöðu af Framsfl. Ganga Framsfl. með kommúnistum í landhelgismálinu var erfið fyrir flokkinn, en naumast trúi ég öðru en að ganga þeirra með kommúnistum í varnarmálunum verði enn erfiðari. Ferill kommúnista í varnarmálunum er með slíkum hætti, að Framsókn getur naumast talizt of sæl af þeim félagsskap.

Atlantshafsbandalagið var stofnað að frumkvæði þeirra Evrópuþjóða, sem um sárast áttu að binda eftir heimsstyrjöldina. Reynsla styrjaldaráranna hafði kennt þessum þjóðum, að hlutleysið, sem þær fram til þess tíma höfðu trúað á, var þeim ekki vörn, heldur þvert á móti bauð árásarhættunni heim. Tilgangur bandalagsins var að sýna samtaka- og varnarmátt og þar með koma í veg fyrir árás. Menn geta deilt fram og aftur um bandalagið, en enginn neitar þeirri staðreynd, að eftir tilkomu þess lauk sókn heimskommúnismans til vesturs og hann sölsaði ekki undir sig fleiri lönd í þeim hluta heims. Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu vegna þess, að það var óhjákvæmilegur hlekkur í varnarkerfi hins vestræna heims, og Íslendingar töldu frelsi sínu því bezt borgið, að vestrænar þjóðir fengju haldið sínu frelsi. Vegna hættuástands og hagsmuna Íslendinga sjálfra var fallizt á, að hingað kæmi varnarlið árið 1952, en því var þá jafnframt lýst yfir, að það skyldi hverfa héðan aftur, strax og öryggi landsins leyfði. Árið 1955 og fram eftir ári 1956 var litið svo á um allan heim, að friðarhorfur hefðu breytzt mjög til hins betra. Viðræður forseta Bandaríkjanna og forsrh. Sovétríkjanna á árinu 1955 stuðluðu mjög að þessum bjartari vonum. Um allan heim var rætt um að draga úr vígbúnaði og fækkun varnarstöðva. Á grundvelli þessa ákváðu Alþfl. og Framsfl. vorið 1956 að beita sér fyrir uppsögn varnarsamningsins. Því miður fór svo, að fljótlega kom í ljós, að hér hafði verið um of mikla bjartsýni að ræða. Atburðirnir í Ungverjalandi haustið 1956 sýndu, svo að ekki varð um villzt, að friðarhorfur höfðu sízt af öllu breytzt til batnaðar. Af þessari ástæðu hurfu Framsfl. og Alþfl. frá endurskoðun varnarsamningsins haustið 1956. Kommúnistar beittu sér frá upphafi gegn þátttöku Íslands í NATO og gerð varnarsamningsins. Þeir gengu til stjórnarmyndunar með Framsfl. og Alþfl. 1956 m. a. til að vísa varnarliðinu úr landi. Þegar samstarfsflokkarnir hurfu frá þessu, var að sönnu ekkert samráð haft við kommúnista, en þeir sættu sig við gerðan hlut og hreyfðu engum mótmælum. Eftir það sátu ráðherrar þeirra í ríkisstj. í rúm tvö ár og hreyfðu á þeim tíma engum andmælum gegn veru varnarliðsins á Íslandi. Það kom að vísu fyrir einu sinni, þegar hv. þm. Einar Olgeirsson fór á fund til Moskvu, að hann skildi eftir bréf, þar sem rætt var um brottför varnarliðsins. Það var líka eina lífsmarkið í þá átt.

Eftir að Hermann Jónasson baðst lausnar fyrir ráðuneyti sitt haustið 1958, ríkti mikil óvissa nokkurn tíma um, hvaða stjórn tæki við. Um þessar mundir hélt flokksstjórn Sósfl. fund. Á þeim fundi var gerð ályktun í varnarmálunum og birt í Þjóðviljanum. Ályktun þessi hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samþykkt Alþ. um uppsögn varnarsamningsins verði þegar í stað látin koma til framkvæmda. Flokksstjórnin felur miðstjórn flokksins að ákveða, hvenær gera beri brottför hersins að úrslitaskilyrði um stjórnarsamstarf."

Þetta er mjög greinilegt. Flokksstjórn Sósfl. krefst þess, að varnarliðinu verði þegar í stað vísað úr landi, en hún bætir því við, að miðstjórnin megi ráða því, hvenær hún verzli með þetta stefnuskráratriði flokksins og falli frá því í skiptum fyrir ráðherrastóla.

Kommúnistar hafa ekkert tækifæri fengið síðan haustið 1958 til að gera verzlun þá með varnarmálin, sem flokksstjórnin heimilaði mið-

stjórninni. Það hefur enginn rætt við þá um stjórnarmyndun. Nú þykir þeim biðtíminn orðinn nokkuð langur. Hafin er herferð til uppsagnar varnarsamningsins. Fundir eru haldnir og gengið er fyrir hvers manns dyr til að safna undirskriftum. Margar sögur berast um aðferðir þær, sem beitt er til að ná undirskriftum undir áskorun um uppsögn varnarsamningsins, og þær ekki allar sem prúðastar. Engin þessara sagna greinir samt frá því, hvort miðstjórn Alþb. lætur nokkuð uppi um það, hvort hún hugsar sér að nota heimild þá, sem flokksstjórn Sósfl. gaf henni til að falla frá stefnu flokksins í varnarmálunum í skiptum fyrir ráðherrastóla. Mætti naumast minna vera en þeir, sem leitað er til með undirskrift, fengju eitthvað um þetta að vita.

Framsfl. hefur nú ákveðið að hlýða kalli kommúnista í varnarmálunum. Eftir reynslu liðinna mánaða kemur þetta engum á óvart. En fróðlegt verður að heyra greinargerð Framsfl. fyrir því, að hvaða leyti viðhorfin í heiminum eru nú svo breytt frá því í des. 1956, að varnarliðs, sem þá var þörf á Íslandi að dómi Framsfl., er nú ekki lengur þörf. Og ekki væri síður uppbyggilegt að vita, hvort miðstjórn Alþb. hefur nokkuð sagt Framsfl. um það, hvort Alþb. hyggst nota heimild flokksstjórnar Sósfl. til að falla frá kröfu flokksins um burtför varnarliðsins í skiptum fyrir ráðherrastóla, þegar undirskriftasöfnun er lokið.

Ég býð hlustendum góða nótt og óska þeim gleðilegrar páskahátíðar.

Jón Skaftason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. 3. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen, hneykslaðist á svokallaðri kommúnistaþjónkun framsóknarmanna hér áðan. Heilindi hans í þessu má bezt marka af því, að hann og hans flokksbræður í Hafnarfirði gengu með grasið í skónum á eftir hafnfirzkum kommúnistum og reyndu að fá þá til meirihlutasamstarfs við sig, eftir að slitnaði upp úr samstarfi Alþfl. og Alþb. í bæjarmálum Hafnarfjarðar á s. l. kjörtímabili. Þá talaði hann um, að sjálfstæðismenn hefðu rutt einhverjum björgum úr vegi landhelgismálsins. Engin nefndi hann þó björgin af eðlilegum ástæðum.

Þeir, sem til þekkja, vita, að meginreglan er sú, að atvinnurekstur inn við sjávarsíðuna hefur yfir tiltölulega litlu eigin fjármagni að ráða. Í honum er bundið mikið lánsfé, sem er ekki óeðlilegt, ef tekið er tillit til þeirrar gífurlegu og hröðu fjárfestingar, sem verið hefur í þessari atvinnugrein á síðustu árum. Vegna þessara staðreynda ráða þau vaxtakjör, sem útvegurinn á við að búa á hverjum tíma, verulegu um afkomu hans. Með efnahagsaðgerðum hæstv. ríkisstj. í byrjun s. l. árs var það eitt aðalatriðið að stórhækka alla vexti í landinu hjá bönkum og hvers kyns fjárfestingarlánasjóðum. Ráðstöfun þessi átti að tryggja tvennt: auka sparnað í bankakerfinu og draga úr ásókninni í lánsfé, sérstaklega til fjárfestingarframkvæmda. Reynslan, sem fengin er af áhrifum vaxtahækkananna til þessa, er sú, að vonir þær, sem bundnar voru við aukningu sparifjár í lánastofnunum landsins, hafa algerlega brugðizt. Hitt er svo rétt, að tekizt hefur að skera útlán svo niður, að jöfnuður hefur náðst í inn- og útlánum bankanna á s. l. ári. Þessi jöfnuður er þó dýru verði keyptur. Hann er fenginn með því að draga svo úr framkvæmdum á flestum sviðum, að engum manni með heilbrigða dómgreind dettur í hug, að við svo búið geti lengi staðið, ef ekki á af að hljótast stórtjón.

Í sjávarútveginum er málum nú svo komið, að þar hefur svo til engin ný fjárfesting verið, hvorki í skipum né vinnslustöðvum á landi, síðan efnahagslöggjöfin tók gildi. Þetta er ef til vill ekki svo mjög tilfinnanlegt í bili vegna mikils fjölda nýrra atvinnutækja, sem keypt höfðu verið fyrir efnahagslöggjöfina, en þó er ljóst, að eðlileg endurnýjun þeirra er nauðsynleg og aukning ekki sízt í fiskiðnaðinum.

Margir fiskifræðingar telja fiskstofnana fullnytjaða á Íslandsmiðum. Aukning þess afla, sem á land berst, hlýtur því fyrst og fremst að byggjast á aukinni hlutdeild Íslendinga í heildaraflamagninu frá því, sem nú er, en talið er, að Íslendingar veiði um helming þess fisks, sem aflað er nú á Íslandsmiðum. Að þessu stefnum við m. a. með sem víðastri fiskveiðilandhelgi. Þjóðir heims skortir margar mat og þá ekki sízt eggjahvítuefnaríka fæðu eins og fiskinn. Þessi staðreynd býður upp á mikla möguleika fyrir þjóðina, ef rétt er á haldið. Sjávaraflann á að verka til manneldis og fullvinna í landinu. Þetta mikla verkefni krefst ekki einungis góðs skipulags, heldur vinsamlegrar og viturlegrar fyrirgreiðslu af hálfu ríkisvaldsins, sem nú skortir mjög á að sé til staðar. Hæstv. ríkisstj. getur sýnt breytta afstöðu og betri hug til þessa atvinnuvegar með því að lækka vexti verulega nú strax. Ætti slíkt að vera henni auðveldara en ella, þar sem reynslan hefur sýnt, að vaxtahækkunin hefur ekki tryggt þá innlánaaukningu, sem búizt var við að hún gerði.

Nýgert samkomulag við Breta um lausn fiskveiðideilunnar hér við land hefur mikið verið rætt hérlendis og af talsverðum tilfinningahita. Stjórnarliðar héldu uppi ofboðslegum og vel skipulögðum áróðri fyrir ágæti samkomulagsins, og er mér nær að halda, að þeim hafi tekizt að vissu marki að villa um fyrir fólki um aðalatriði og aukaatriði samkomulagsins. Ein aðalröksemd stjórnarliða fyrir ágæti samkomulagsins fyrir Íslendinga var að vitna í skrif brezkra blaða og ummæli forustumanna brezka sjávarútvegsins. Með markvissum blaðaskrifum og útvarpsáróðri var þetta gert dag eftir dag. En fljótt skipast veður í lofti.

Maður er nefndur Christofer Soames, fiskimálaráðherra Breta og tengdasonur Churchills. Yfirmenn togaraflotans í Hull skrifuðu honum bréf fyrir nokkru og kröfðust þess, að brezka stjórnin veitti tryggingu fyrir því, að Íslendingar færðu fiskveiðilandhelgina ekki frekar út næstu 20 árin. Að öðrum kosti var hótað löndunarbanni á íslenzkum fiski í Bretlandi. Hverju svaraði nú Soames þessum herskáu löndum sínum? Jú, efnislega sagði hann þetta, eftir því sem Morgunblaðið skýrir frá: Þið, góðir hálsar, þurfið enga frekari tryggingu að fá fyrir því, að fiskveiðilandhelgin við Ísland verði ekki stækk-

uð frekar gagnvart Bretum næstu 20 árin, en þið hafið fengið með samkomulagi því, sem nýlega var gert við Íslendinga, því að, eins og hann sagði orðrétt: „raunverulega er í hinu nýgerða samkomulagi Breta og Íslendinga einmitt slík trygging."

Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir Íslendinga, og menn taki eftir því, að þau eru ekki sögð af neinum óábyrgum æsingamanni. Hér talar sá maðurinn, sem stjórnaði samningaviðræðunum af hálfu Breta og veit því, eftir hverju var sótzt og hvað fékkst með samkomulaginu fyrir þá: Engin frekari útfærsla í næstu 20 ár a. m. k. En hvernig má slíkt vera? Var ekki fullyrt hér heima, að Íslendingar hefðu náð sérlega hagstæðum samningum og jafnvel leikið á Breta með samkomulaginu? Eða voru þetta skrök? Já, því miður, og þau af verra taginu, eins og reynt skal að sýna fram á með fáum orðum.

Íslenzk stefna í landhelgismálunum var mörkuð með setningu landgrunnslaganna frá 1948. Megininntak hennar var, að íslenzk stjórnvöld gætu einhliða ákveðið stærð fiskveiðilandhelginnar allt að mörkum landgrunnsins. Að sjálfsögðu ber að skilja landgrunnslögin þannig, að vissar takmarkanir séu á því, hversu langt Íslendingar geta fært út hverju sinni, m. a. verður að hafa hliðsjón af víðáttu landhelginnar hjá öðrum þjóðum.

Fyrir samkomulagið var það íslenzkra stjórnvalda einna að meta aðstæður og haga aðgerðum í samræmi við þær. Þetta var gert 1952 og 1958. Á sex árum var fiskveiðilandhelgin færð úr 3 sjómílum í 12 og fjörðum og flóum lokað. En nú segir herra Soames, að Íslendingar geti ekki hreyft sig næstu 20 árin a. m. k., af því að ekkert bendi til þess, að unnt sé að byggja kröfu um stærri lögsögu en 12 mílur á nokkrum gildandi alþjóðalögum, eins og hann sagði orðrétt.

En er nokkuð athugavert við, að Íslendingar skuldbindi sig fyrir fram í öllum tilfellum til að hlíta lögsögu alþjóðadómstóls, er verður að byggja dóma sína á settum alþjóðalögum? kann einhver að spyrja. Vissulega. Fyrst og fremst vegna þess, að alþjóðalög um víðáttu landhelgi eru óljós og tvímælalaust langt á eftir þeirri þróun, sem mjög víða hefur orðið um víðáttu fiskveiðilandhelgi þjóðanna. Á milli 30 og 40 þjóðir hafa nú meira en 12 mílna landhelgi, sumar allt að 200 mílum. Engin þessara þjóða hefur þurft að leggja gildi fiskveiðilandhelginnar fyrir dómstól. Í öðru lagi er það staðreynd, að enn þá hefur a. m. k. ekki nema ein þjóð af hverjum þrem hjá Sameinuðu þjóðunum skuldbundið sig til að hlíta lögsögu alþjóðadómstólsins um lífshagsmunamál sín. Þótt allar þær 60—70 þjóðir aðrar, sem hafa ekki játað lögsögu alþjóðadómstólsins og land eiga að sjó, tækju t. d. 20 sjómílna landhelgi á morgun, skapaði það Íslendingum engan aukinn rétt frá því, sem er, fyrr en í fyrsta lagi eftir marga áratugi, er svo almenn venja hefði skapað alþjóðlega réttarreglu. En hvaða réttlæti væri það, að íslenzka þjóðin, sem allra þjóða mest á undir víðri landhelgi, þyrfti að una við langtum þrengri landhelgi en allur fjöldi þjóðanna?

Ég hef áður í umr. á hv. Alþingi reynt að sýna fram á þá miklu breytingu, sem samkomulagið við Breta hefur á alla aðstöðu Íslendinga til aðgerða í landhelgismálinu. Dæmið frá 1958, er fært var út í 12 sjómílur, sýnir þetta bezt. Enginn af forustumönnum núv. stjórnarflokka tók þá í mál að verða við margendurteknum kröfum Breta um að leggja gildi 12 mílna fiskveiðilandhelginnar fyrir alþjóðadómstólinn í Haag. Það er vandalaust að geta sér til um ástæðuna. Í dag er 12 mílna fiskveiðilandhelgin hins vegar staðreynd. Ég vil biðja ykkur, hlustendur góðir, að íhuga vel, hvort við hefðum 12 mílurnar nú, ef í gildi hefði verið nýgert samkomulag við Breta fyrir útfærsluna 1958. Þegar þetta er virt, er augljóst, hversu alvarlegt réttindaafsalið var, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur samið um við mestu mótgangsmenn Íslendinga í landhelgismálinu, Breta.

Hv. þm. Jónas Rafnar var í útvarpsumræðunum á dögunum að hæla núv. stjórnarflokkum fyrir sérstakan skilning á högum húsbyggjenda og dugnað við að útvega fé í byggingarsjóð ríkisins. Hann nefndi tölur máli sínu til stuðnings, m. a. að á s. l. ári hefði byggingarsjóður lánað 71.8 millj. kr., sem er um 8 millj. kr. meira en 1956, á fyrsta ári vinstri stjórnarinnar. Hverjum dettur í hug, að þessar 8 millj. dugi til að mæta þeim gífurlegu hækkunum á byggingarkostnaði, sem núv. stjórnarflokkar hafa staðið fyrir? Hér er því af litlu að státa. Húsbyggjendum væri áreiðanlega kærkomnara að fá upplýsingar um, hvaða ráðstafanir stjórnarflokkarnir ætla að gera til þess að tryggja nýjar tekjur í byggingarsjóð ríkisins, þar sem ljóst er, að tekjustofnar hans eru að dragast stórlega saman frá því, sem áætlað var í upphafi. Stjórnarflokkarnir hafa til þessa stráfellt hverja einustu till. okkar framsóknarmanna um fjáröflun í byggingarsjóðinn. Þeir hafa meira að segja gengið svo langt á þeirri braut að fella till. frá mér og hv. þm. Einari Ágústssyni um smá-aukafjárveitingu til rannsókna og tilrauna, er miðuðu að lækkun byggingarkostnaðar. Þó liggja þær upplýsingar fyrir, að Íslendingar verja næstum því helmingi meira af þjóðarframleiðslu sinni til íbúðabygginga en aðrar þjóðir gera, að Íslendingar nota 2½ sinnum meira fé til íbúðabygginga á mann en Vestur-Þjóðverjar, en byggja samt tiltölulega færri íbúðir, og að sérfræðingur frá Sameinuðu þjóðunum, Davisson að nafni, sem kvaddur var hingað til að kynna sér þessi mál, hefur lýst því yfir, að þriðjungslækkun byggingarkostnaðar hérlendis sé alls ekki óraunhæft markmið til að keppa að. Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, verkar hástemmt lof hv. þm. um sérstakan velvilja núv. stjórnar í garð húsbyggjenda heldur illa. — Góða nótt.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Síðustu tvo mannsaldrana hefur íslenzka þjóðin haft mikil umsvif og mörg járn í eldi. Sjálfstæðisbaráttan við Dani er til lykta leidd, og Íslendingar skipa sér í flokk með frjálsum og fullvalda þjóðum. Á sama tíma er hafizt handa um nýtt landnám í víðri merkingu. Þúsundir vaskra manna og kvenna flytjast vestur um haf og gerast dugandi borgarar í annarri heimsálfu. Enn fleiri þúsundir hverfa

úr sveitunum að nýta auðlindir hafsins í krafti nýrrar veiðitækni og reisa þorp og bæi á ströndinni, þar sem nú býr mikill meiri hluti þjóðarinnar.

En slíkt er grómagnið á þessum áratugum, að samhliða því að skila af sér tugþúsundum landnámsmanna til starfa tveim megin Atlantsála hefur fólkið í sveitunum staðið að stórfelldu landnámi heima fyrir.

Enn í dag, eftir hina gífurlegu tilfærslu byggðarinnar, sér íslenzkur landbúnaður þjóðinni fyrir gnægð hinna hollustu matvæla og leggur einnig nokkurn skerf til útflutningsins. Árlegt verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar er nú rétt um einn milljarð íslenzkra króna.

Það er ómaksins vert að gefa því gætur, hvernig núv. hæstv. ríkisstj. býr að þessum þýðingarmikla atvinnuvegi, sem síðustu 15 árin hefur þróazt svo ört, að enda þótt bændum hafi fækkað um 18% á þessu árabili, hefur mjólkurmagn aukizt um 68%, kjötframleiðslan hart nær tvöfaldazt og búin stækkað um 60%. En það er skemmst frá að segja, að samdráttarstefna ríkisstj. markar hér sem víðar alger tímamót. Þau segja fyrst til sín sem gífurlegur samdráttur í framkvæmdum sveitanna. Þannig minnkar skurðgröftur nú á einu ári um 15% og miklu meiri samdráttur fram undan að óbreyttu. Ræktunarframkvæmdir minnka um ¼, vélakaup dragast saman, og í heilum byggðarlögum er vart byrjað á nýrri byggingu, þó að menn reyni til hins ýtrasta að ljúka þeim, sem byrjað var á.

Að dómi stjórnarliðsins sakar þetta ekki hót. Þar ríkir sú skoðun, að nóg sé að gert um byggingar og ræktun í sveit, og fulltrúaráðsmaður í flokki forsrh. hefur sagt í ræðu, að bændum mætti að ósekju fækka um helming.

En lítum á staðreyndir. Ef framleiðsla búsafurða hefði staðið í stað síðasta áratuginn, þyrfti nú að flytja inn kjöt- og mjólkurvörur fyrir hvorki meira né minna en 300—400 millj. kr. á ári. Þegar þess er enn fremur gætt, að við þurfum að tvöfalda landbúnaðarframleiðsluna næstu 20—30 árin til þess eins að mæta vaxandi innanlandsneyzlu, þá er það alveg ljóst, hvað í húfi er, ef fram fer sem nú horfir: Innlenda framleiðslan hættir að aukast til jafns við neyzluþörf ört vaxandi þjóðar. Og annað hitt: Sveitirnar, sem lengi hafa á vissan hátt staðið höllum fæti vegna gífurlegs útstreymis fólks og fjármagns, þola ekki stöðnun. Ef þar á nú að verða kyrrstaða, sem þýðir hnignun í reynd, þá getur það hæglega leitt til hreinnar upplausnar í heilum byggðarlögum.

Stjórnarliðið sér nú orðið, hvert stefnir. En í stað þess að játa mistökin og leitast við að bæta fyrir brotin með raunhæfum aðgerðum, er hv. þm. Jónas Pétursson sendur í útvarp að segja bændum frá þeim stórkostlegu tímamótum í búnaðarsögu Íslendinga, er orðið hafi við komu nýs bankastjóra að Búnaðarbankanum. Að Magnúsi Jónssyni alveg ólöstuðum verður það að segjast, að meiri málefnauppgjöf er vart hugsanleg.

Hver eru svo afskipti stjórnarliðsins af löggjöf landbúnaðarins? Þau hófust raunverulega með setningu hinna illræmdu bráðabirgðalaga haustið 1959. Sú löggjöf sór sig greinilega í ætt við búnaðarráðslögin, sem voru einn liðurinn í þeirri furðulegu viðleitni að eyðileggja stofnun Stéttarsambands bænda þegar í byrjun. Þeirri aðför var hrundið. Bændur stofnuðu samtök sín og hafa eflt þau síðan. Og fyrir atbeina Framsfl. voru búnaðarráðslögin afnumin.

Sama sagan gerist í kringum brbl. 1959. Stéttarsambandið brást við hart. Framsfl. tók upp hanzkann á hinum pólitíska vettvangi. Stjórnarliðið lét undan síga, og þolanleg lausn fékkst í verðlagsmálunum að því sinni.

Það þing, sem nú er að ljúka störfum, hefur haft mörg mál til meðferðar. En það fer lítið fyrir landbúnaðarframvörpum ríkisstj. Og þegar framsóknarmenn hreyfa hagsmunamálum bænda á þingi, þá er því mætt með svo þverúðarfullri tregðu, að helzt má líkja við Pétur gamla hjá Hagalín, sem sagði: „Ég sker, þegar mér sýnist".

Ég nefni dæmi: Frv. framsóknarmanna um bústofnslánasjóð og vélakaup, er komið gæti til móts við þarfir þeirra, er skemmst eru á veg komnir og varbúnastir að mæta holskeflum viðreisnarinnar, því er ekki sinnt. Ekki heldur frv. um eflingu ræktunarsambandanna og öðru um fyrirgreiðslu til handa ræktunarsjóði og byggingarsjóði sveitabæja, hliðstæða þeirri, er sjóðirnir fengu 1953 og 1957. Till. framsóknarmanna um alveg sams konar aðstoð við bændur og útgerðin fær með lagfæringu á lánamálum sínum var algerlega hafnað. Sandgræðslufrv., undirbúið af stjórnskipaðri nefnd, fæst ekki einu sinni flutt á venjulegan hátt. Kornræktarfrv. Ásgeirs Bjarnasonar og Páls Þorsteinssonar er komið til n. í síðari þingdeild, en þess er líka vandlega gætt, að það komist ekki á leiðarenda. Hér er þó um stórmerkt framtíðarmál að ræða. Áratuga brautryðjandastarf Klemenzar á Sámsstöðum og stutt, en merkileg reynsla Egilsstaðabænda og fleiri sannar, að kornræktin getur orðið gildur þáttur í búskapnum. Frv. er ætlað að styðja vaxandi kornyrkju, — en allt um það, máli frá andstæðingi má aldrei hleypa í gegn.

Frá þessu er ein undantekning, sem þó sannar regluna á næsta kátlegan hátt. Framsóknarmenn höfðu flutt frv. um aukna fyrirgreiðslu vegna nýbýlinga, sem okurvextir og önnur ókjör viðreisnarinnar leika svo grátt, að hjá þeim, sem nú eru í miðjum klíðum, ríkir hreint neyðarástand, og útilokað er að reisa bú í sveit frá grunni nú. Málið fékkst ekki einu sinni tekið fyrir í þingnefnd! Undir þinglokin sér þó ríkisstjórnin að sér. En ekki mátti samþykkja það frv., sem fyrir lá, heldur var kastað inn nýju frv. nákvæmlega um sama efni. Meðferð þessa máls gefur glögga mynd af einstæðum vinnubrögðum þingmeirihlutans. Hún sýnir þó jafnframt, hverju hörð málefnabarátta Framsfl. getur til leiðar komið á stundum, þrátt fyrir allt.

Hv. þm. Gunnar Gíslason gaf það raunar fyllilega í skyn við vantraustsumræðurnar, að bændur þyrftu einskis góðs að vænta af framsóknarmönnum framar, þetta væru allt orðnir grjótharðir kommúnistar. Mátti skilja á klerki þessum, að ella hefði kannske verið á þá hlýtt í herbúðum stjórnarinnar.

Það er nú siðfræði út af fyrir sig og ekki svaraverð, að bændur verði að þola búsifjar viðreisnarinnar og þrjózkufullt tómlæti valdhafa vegna þess, að framsóknarmenn séu orðnir kommúnistar. En af því að kommúnistastimpillinn er orðinn helzta vopn hins rökþrota stjórnarliðs gegn ádeilum framsóknarmanna, er rétt að víkja að því fáum orðum. Annars eru menn farnir að kannast við þetta öndvegisamboð á búi íhaldsins, eða hafa kannske ekki framsóknarmenn og allir aðrir íhaldsandstæðingar ævinlega heitið kommúnistar á máli Morgunblaðsliðsins? Jú, vissulega, að minnsta kosti síðustu 30—40 árin, — nema þegar íhaldið gat notað kommúnista til skemmdarverka í íslenzkum þjóðmálum. Þá heita framsóknarmenn ekki kommúnistar á máli íhaldsins. Og það var ekki talað illa um kommúnista á því heimili, meðan hjálpazt var að því að mylja niður Alþfl. í verkalýðshreyfingunni og gera hann að því veraldarundri, sem hann er nú. Ekki heldur 1942, á meðan þeir voru brúkanlegir til að breyta kjördæmaskipuninni og hleypa af stað þeirri dýrtíðaröldu, sem varð ekki stöðvuð síðan. Ekki heldur 1944, þegar æðsta presti kommúnista voru fengin lyklavöld íslenzkra menntamála og margar fleiri gáttir opnaðar þeim kumpánum. Og full aðgát var höfð í máli á íhaldsheimilinu, meðan unnið var að því með Moskvakommúnistum og hægri krötum að ríða niður vinstri stjórnina og kollvarpa kjördæmaskipuninni, — einnig meðan formaður Sjálfstfl. enn á ný leitaði stjórnarsamstarfs við „herra Einar" eftir kosningarnar 1959. Þeir, sem hafa umgengizt kommúnista á þennan hátt, geta sparað sér köpuryrðin.

Afstaða Framsfl. til annarra flokka er alveg skýr. Hann mótar sjálfur stefnu sína í hverju stórmáli og vinnur eftir málefnum með öðrum flokkum.

Ég hef leitt rök að því, hversu lömunarstefnan leggst eins og mara á íslenzkan landbúnað og hindrar nauðsynlega uppbyggingu hans. Því miður er sömu sögu að segja og engu fegurri úr öðrum starfsgreinum, og er það rakið af öðrum. Hér við bætist svo það, sem verst er af öllu, aðfarir ríkisstj. í landhelgisdeilunni við Breta. Það er ekki langt síðan útvarpsumræður fóru fram um það mál. Síðan hafa línur enn skýrzt. Bátar eru hraktir af miðum sínum, og yfir hróp ýmissa brezkra blaða um brezkan ósigur hevrist róleg rödd brezku ríkisstjórnarinnar: Tólf mílurnar skiptu ekki öllu, bær voru okkur tapaðar. En samningurinn stöðvar einhliða útfærslu Íslendinga. — Þetta segja talsmenn Bretastjórnar, og því miður, þeir vita alveg hvað þeir eru að fara.

Það, sem gerzt hefur í landhelgisdeilunni, er í stuttu máli þetta: Bretum, þeirri þjóð, sem harkalegast hefur uppurið íslenzkar fiskislóðir og ein þjóða beitt okkur vopnuðu ofbeldi, þeim er nú hlevpt á grunnmið bátanna, sem búið var að vinna. Og í stað þess, að Íslendingar voru áður í fylkingarbriósti með einhliða útfærslu, hafa þeir nú hnýtt sig aftan í aðra, nánar tiltekið Breta og svo Haag-dómstólinn, án þess að hafa hugmynd um, hvernig hann verður skipaður og hvernig mál horfa þá og þá. Engum fær dulizt, að ef þessi stefna hefði ráðið 1958, byggjum við enn við 4 mílna landhelgi. Og eitt skulum við gera okkur alveg ljóst: Það blasir nú við, að ef núv. stjórnarflokkar færu með völd að þrem árum liðnum, þá yrðu veiðiréttindi Bretanna framlengd. Það sýnir málflutningur þeirra nú og öll meðferð málsins í þeirra höndum. Öll loforð í gagnstæða átt eru minna en einskis virði í munni þeirra, sem þegar hafa rofið ótal yfirlýsingar og svardaga í þessu máli.

Góðir hlustendur. Ég hef drepið á örfáa þætti í störfum hæstv. ríkisstj. Sú stjórn, sem svona vinnur, lamar atvinnulífið með óraunhæfum efnahagsaðgerðum og lætur bugast fyrir erlendu ofbeldi. Hún hleður glóðum elds að höfði sér og hrúgar upp forsendum að þungum áfellisdómi. Þess er engin von, að Íslendingar uni lömunarstefnunni til lengdar. Hvarvetna blasa við ónotaðir möguleikar, verkefnin bíða, og fólkið vill leysa þau. Þar, sem svo horfir, er afturhaldssöm ríkisstjórn feigðinni mörkuð frá fyrsta degi. — Góða nótt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Tveir hv. þm. Framsfl. hafa nú hér í kvöld áfellzt Sjálfstfl. fyrir samstarf við kommúnista í ríkisstj. á árunum 1944—47. Vita ekki þessir hv. þm., að á þeim árum var fullt samstarf milli austur- og vesturveldanna um að ráða niðurlögum á heimsveldisstefnu Þýzkalands, og þau hófu sameiginlega uppbyggingu í þeim löndum, sem verst urðu úti í ófriðnum, og jafnskjótt og kommúnistar tóku upp baráttu fyrir sams konar heimsveldisstefnu, lauk að fullu samstarfi þeirra og Sjálfstfl.? En nú, þegar kommúnistar herða baráttuna fyrir heimsveldisstefnu Rússa, býður Framsfl. þeim opinn arm og vill öllu fórna fyrir nánustu samvinnu við kommúnista. Hér er því ekki hægt að hafa neinn samanburð á þessu tvenns konar samstarfi.

Þar sem þingræðið á dýpstar rætur, þykir það engu minni vandi né virðing að vera í stjórnarandstöðu en hitt, að bera fulla ábyrgð á stjórnarstörfum. Ábyrg stjórnarandstaða gegnir þeim vanda að gagnrýna af sanngirni, vizku og fullu drenglyndi misfellur í stjórnarfari. Hún leitar jafnan samvinnu við þingmeirihluta um framgang mála, sem varða heill þjóðarinnar. Þykir það jafnan bera vott um ábyrgðartilfinningu, þegar stjórnarandstaða sýnir fullan vilja í verki til samstöðu um lausn vanda, sem snertir utanríkismál og efnahagsmál, enda ávallt mikið undir því komið fyrir þjóðina, hversu þessum tveimur höfuðmálum er skipað. Á því veltur oft traust hennar og virðing út á við og inn á við. Slík stjórnarandstaða er jákvæð og ræður ávallt nokkru um afgreiðslu mála. Neikvæð og óábyrg stjórnarandstaða gagnrýnir allar stjórnarathafnir, góðar jafnt sem illar, torveldar framgang mála eftir mætti og sýnir meiri hl. í engu trúnað. Margir halda, að slíkt sé bæði sjálfsagt og nauðsynlegt, en það er mikill misskilningur. Slík stjórnarandstaða bregzt þingskyldu sinni, kjósendum sínum og hlutverki, og hún dæmir sig sjálfa úr

leik og tryggir sér engan trúnað og engin áhrif.

Ég hef heyrt margan mætan þingmann Framsfl. harma það, að ekkert samband sé við hann haft í trúnaði um afgreiðslu mála nú, þegar hann er í stjórnarandstöðu. Álíta þeir, að hér sé um hefndir að ræða, þar sem flokkurinn hafi illu heilli í tíð vinstri stjórnarinnar gert sig sekan um einangrun Sjálfstfl. En fyrir þessu eru allt aðrar ástæður. Sem stendur hefur Framsfl. kosið sér það hlutskipti að standa í einu og öllu með kommúnistum í afgreiðslu mála á Alþingi. Mál, sem rædd eru í trúnaði við forustu Framsfl., eru samstundis orðin blaðaefni Þjóðviljans. Sameiginlega krefjast þessir flokkar, að tekið sé upp á ný vinstristjórnarhagkerfið, sem sprengdi stjórn Hermanns Jónassonar á hlaupunum frá öruggri efnahagsþróun og fram á yztu nöf efnahagsmálaóreiðu. Sameiginlega berjast þeir með öllum meðulum gegn efnahagsmálaviðreisninni, sem ríkisstj. varð að hefja til varanlegra umbóta. Sameiginlega taka þeir afstöðu til utanríkismálanna eftir róttækasta kerfi kommúnista, bera fram sameiginlegar breytingartillögur og nefndarálit í flestum veigamiklum málum og engu síður þótt stefnan, blær og stíll sé allt lagt til frá kommúnistum. Sameiginlega kjósa þeir í allar nefndir og allar stöður, ef þess þarf með til þess að tryggja kommúnistum sæti, og dugi það ekki, er fórnað framsóknarmanni fyrir kommúnista til þess að halda samstarfinu, og þetta gildir ekki einungis í þingi, heldur í öllum stéttarfélögum, þar sem því verður við komið. Þegar svo er komið samvinnu milli þessara tveggja flokka og forustumanna þeirra, að hnífurinn gengur ekki á milli skoðana Hermanns Jónassonar og Finnboga R. Valdimarssonar eða milli Eysteins Jónssonar og Lúðvíks Jósefssonar og það svo, að Eysteinn hefur ekki við að ómerkja mörg sannleikskorn, sem hann áður lét sér um munn fara um þá hættu, sem þjóðinni stafaði af vexti og viðgangi kommúnista, þegar hnífurinn gengur ekki lengur á milli orða og athafna Einars Olgeirssonar og Skúla Guðmundssonar, milli Karls Kristjánssonar og Hannibals Valdimarssonar, og þannig mætti halda áfram, þá er kominn tími til þess fyrir Framsfl. að gera sér það ljóst, að hann verður að taka afleiðingunum. Svo lengi sem hann haslar sér völl í innstu röðum kommúnista, helgar sér þeirra trú, hætti og siði, verður að líta svo á, að hann hafi sagt sig úr lögum lýðræðisflokkanna, og fara menn þá að hugsa um það í fullri alvöru, hvort ekki sé eins gott að ræða málin beint við kommúnistana frekar en við handbendi þeirra, Framsfl., sem nú sýnist vera viljalaust verkfæri í höndum kommúnistanna.

Svo sem kunnugt er, hafa bæði langar og harðar deilur farið fram að undanförnu um utanríkismál og efnahagsmál, bæði í útvarpi og innan þingsala. Hafa stjórnarandstæðingar hvorki gætt þar hófs í orðum né tíma og þverbrotið þar allar þingvenjur. Ég læt hlustendur um að dæma, hvort þessir menn tilheyri jákvæðum eða neikvæðum stjórnarandstæðingum. Þann dóm er auðvelt að fella.

Í þessum umr. var því haldið fram af Hermanni Jónassyni og öllum öðrum ræðumönnum stjórnarandstöðunnar, að við, sem vorum því fylgjandi, að teknar væru upp viðræður við Breta um lausn landhelgisdeilunnar, og samþykktum síðar samninginn á Alþingi, hefðum brugðizt trúnaði kjósenda okkar, því að til þess hefðum við aldrei fengið neitt umboð. Á þessum forsendum var þess krafizt, að Alþingi léti fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn, áður en hann yrði lögfestur. Út af þessu þykir mér rétt að spyrja Hermann Jónasson, hv. þm.: Hafði hann umboð kjósenda sinna almennt til þess að bera fram í utanrmn. þann 13. júlí s. l. þá till., sem hann bar þar fram til lausnar á þessu vandamáli? Voru þeir honum sammála um að taka á sig og þjóðina þá gífurlegu áhættu, sem því fylgdi að birta opinberlega slíka tillögu frá öðrum stærsta stjórnmálaflokki landsins til lausnar á viðkvæmu milliríkjavandamáli? Af þekkingu minni á mörgum þeim kjósendum er mér persónulega kunnugt um, að frá þeim hafði hann ekkert slíkt umboð og hefði aldrei getað fengið það.

Fulltrúi Alþb. í n., Finnbogi R. Valdimarsson, gladdist mjög yfir þessari till. Hermanns Jónassonar, enda var hún í fyllsta samræmi við hagsmuni yfirboðara kommúnista í austri. Krafðist hann þess, að till. yrði þegar samþykkt og ráðstafanir gerðar til skjótra framkvæmda. Þriðji nm. í samfylkingunni, Þórarinn Þórarinsson, studdi einnig ákveðið till. og þó hygg ég meira af hlýðni en vilja.

Með því að ég leit svo á, að till. mundi ekki einungis spilla stórlega fyrir lausn landhelgisdeilunnar, heldur og baka landinu í heild ófyrirsjáanlega erfiðleika og böl á öllum sviðum þjóðlífsins, sem seint eða aldrei yrði bætt, taldi ég mér skylt að krefjast þess, að hún yrði borin fram skriflega, svo að eigi yrði síðar deilt um orðalag og innihald, og neitaði sem formaður að afgreiða hana í n., fyrr en hún lægi fyrir þannig. En þá brá svo við, að hv. þm. Hermann Jónasson fór að átta sig á því, að hér hafði hann látið kommúnistana teyma sig einu feti of nærri pólitísku hengiflugi, á líkan hátt og hann gerði í efnahagsmálunum í tíð vinstri stjórnarinnar. Nú eins og þá nemur hann staðar. Átta mánuðir eru liðnir og skriflega er till. enn ókomin, landhelgisdeilan leyst, en eyðan í fundargerðarbókinni, sem færa átti till. inn í, bíður öll ókomin ár sem tákn um stefnubreytingu Framsfl. í málinu, annaðhvort fyrir nánari athugun formannsins á kjarna þess eða fyrir kröfu frá kjósendum flokksins.

En segja mætti mér, að þetta hefði kostað allhörð átök innan samfylkingarinnar, því að skýringin á flutningi tillögunnar upphaflega getur tæplega verið önnur en sú, að Hermann Jónasson hafi verið knúinn til þess af kommúnistum að þóknast þeim þannig í þessu höfuðbaráttumáli til þess að halda vináttu flokksins og samstöðu í landsmálum og tryggja, að sá hluti Framsfl., sem fastast knýr á til áframhaldandi og innilegri vináttu við kommúnista, klofnaði ekki frá flokknum og færði sig beinlínis yfir í Alþb. Hann gerir það í fullu trausti

þess, að till. verði stöðvuð af meiri hl. utanrmn. og hún aldrei birt opinberlega, og þessu trausti Hermanns Jónassonar hefur meiri hl. ekki brugðizt.

Við ykkur, hlustendur góðir, vil ég því segja þetta: Ef þið enn fylgið Framsfl. að málum, þá knýið forustu hans af þeirri háskalegu braut, sem hann er nú á, þ. e. að sameinast óaðskiljanlega kommúnistum í stjórnmálabaráttunni til óbætanlegs tjóns fyrir íslenzka hagsmuni um mörg ókomin ár. Takist það ekki, ber ykkur sem góðum Íslendingum að svipta hann því fylgi, sem þið veittuð honum, meðan hann enn var einn af lýðræðisflokkunum í landinu. — Gleðilega páska.

Jón Árnason: Herra forseti. Hv. þm. Karl Guðjónsson rökstuddi mál sitt hér áðan með því að nefna tölur um verð á sementi. Sagði hann, að framleidd hefðu verið 72 þús. tonn á árinu 1960 og það hefði verið selt á 1100 kr. tonnið innanlands, en á 260 kr. tonnið til útflutnings. Er hér um að ræða beinar falsanir, sem rétt er að leiðrétta nú þegar. Hið sanna er, að framleiðsla verksmiðjunnar var um 90 þús. tonn á s. l. ári, en ekki 72 þús. tonn, eins og hv. þm. sagði. Voru seld innanlands um 70 þús. tonn, en 20 þús. tonn voru seld til útlanda. Um verð á sementinu er það að segja, að það er selt innanlands á 800—1000 kr. tonnið við verksmiðjuvegg. Bætist síðan við það flutningsgjald, sem að sjálfsögðu er mishátt eftir því, hvert sementið er selt. Til útflutnings er sementið selt á 105½ shilling og 115 shillinga tonnið eftir tegund. Eru það 556 kr. fyrir aðra tegundina, en 606 kr. fyrir hina. Frá þessu dregst flutningskostnaður, og fær verksmiðjan því 450—500 kr. nettó fyrir hvert tonn eftir tegund í erlendum gjaldeyri, en ekki 260 kr., eins og hv. ræðumaður sagði.

Þegar hv. stjórnarandstæðingar gagnrýna þær viðreisnarráðstafanir, sem núv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa beitt sér fyrir og nú hafa verið framkvæmdar nokkuð á annað ár, tala þeir alltaf um, að breyta þurfi um stefnu, það verði að taka upp hagstæðari stefnu í íslenzkum efnahagsmálum. En þessi söngur er ekki nýr. Þetta er sami söngurinn og forustumenn Framsóknar kvrjuðu t. d. 1956, þegar þeir rufu stjórnarsamstarfið og sögðu, að ekki væri unnt að leysa efnahagsmál þjóðarinnar með Sjálfstfl. Það sama sögðu þeir um samstarfsflokka sína í vinstri stjórninni, þegar hún andaðist. Þá var engin samstaða með þeim um nein úrræði, sem að gagni máttu koma til að leiða þjóðina út úr þeim ógöngum, sem við blöstu, ef ekki væri tafarlaust snúið við. En forustumenn Framsóknar hafa verið hljóðir um eitt, og það er að gefa nokkrar upplýsingar um það, hver hún er, þessi nýja stefna, sem þeir alltaf eru að tala um að taka verði upp. Ástæðan fyrir því er ofurskiljanleg, og hún er engin önnur en sú, að þeir eiga engin úrræði, engar sjálfstæðar tillögur eða stefnu gagnvart þeim vandamálum, sem þeir sjálfir og vinstri stjórnin átti ríkasta þáttinn í að skapa og kalla yfir þjóðina.

Þegar núv. ríkisstj. tók við, var enn í gildi það kerfi varðandi útflutningsframleiðsluna, að henni var fleytt áfram með verðuppbótum á útfluttar afurðir og ýmsum hliðarráðstöfunum, sem komu í veg fyrir, að útgerðin stöðvaðist. Allar slíkar ráðstafanir, sem gerðar voru, entust sjaldan út árið og voru því alger bráðabirgðaúrræði, en allar áttu þær það sameiginlegt að vinda meira og meira upp á verðbólguhjólið. Stjórnarvöldin í landinu höfðu valið það hlutskipti, að í stað þess að horfast í augu við raunveruleikann og spyrna við fótum var horft undan vandanum og gripið til bráðabirgðaúrræða, sem aðeins færðu ástandið lengra frá því, sem raunhæft var. Eina lækningin, sem að gagni mátti koma, var sú, að valdhafarnir gerðu sér fulla grein fyrir ástandinu, eins og það var, þyrðu að taka á sig áhættuna af þeim aðgerðum, sem óhjákvæmilegar voru, og hættu að skjóta sér undan vandanum.

Núverandi ríkisstj. hefur sýnt það í verki, að hún var þessum vanda vaxin. Með efnahagslöggjöfinni var ákveðið, að gengi ísl. krónunnar skyldi skráð samkv. því, sem eðlilegur tilkostnaður útflutningsframleiðslunnar sagði til um. Og hún hefur enn fremur beitt sér fyrir ýmsum öðrum aðgerðum, er stuðlað gætu að því, að atvinnuvegirnir gætu staðið á eigin fótum. Einn veigamesti þátturinn í þeim aðgerðum eru lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins, þar sem ákveðið er að koma á nýjum lánaflokki við stofnlánadeildina. Með þessum nýja lánaflokki er ákveðið að breyta bráðabirgðalánum og ýmsum skuldum, sem hlaðizt hafa á sjávarútveginn á undanförnum árum, í löng lán með hagstæðum vöxtum. Það, sem háð hefur eðlilegri uppbyggingu sjávarútvegsins nú um langan tíma, er lánsfjárskorturinn, sem ríkt hefur í sambandi við nýjar fjárfestingarframkvæmdir og hvers konar endurbætur. Segja má, að Fiskveiðasjóður Íslands sé svo til eina lánsstofnunin, sem veitt hefur slík lán og með hagstæðum vöxtum. Mestur hluti þeirra lána er þó einvörðungu bundinn við fiskiskip, en þau lán hafa verið látin ganga fyrir, þar sem sjóðurinn hefur ekki yfir því fjármagni að ráða, að hann geti fullnægt hinni miklu fjárþörf, sem hér er fyrir hendi.

Lánsfjárskortur útvegsins er ekki nýtt mál, sem orðið hefur til á einu ári, heldur er það vandamál eða öllu heldur vandræðaástand, sem á mörgum árum hefur verið að bróast, þar til nú, að svo er komið, að því verður eigi lengur á frest skotið. Er þetta einn hlutinn af arfleifð vinstri stjórnarinnar, sem hún skildi eftir sig og nú kemur í hlut núv. ríkisstj. að leysa og ráða bót á.

Því er svo ekki að leyna, að þegar uppbótakerfinu lauk á s. l. ári, var þannig ástatt hjá sjávarútveginum í heild, að hann átti enga sjóði til þess að mæta því verðhruni, sem átti sér stað á öllu lýsi og miðlframleiðslunni — jafnhliða aflabresti á síldveiðunum fyrir Norðurlandi. En þó er hinn geigvænlegi aflabrestur, sem átt hefur sér stað hjá togaraflotanum á s. l. ári og enn er fyrir hendi, það sem af er þessu ári, það alvarlegasta, sem hent hefur þennan atvinnuveg og þjóðina í heild um langt tímabil.

Því hefur verið haldið fram, að orsökin til minnkandi afla togaranna sé sú, að togaraflotinn hafi að undanförnu stundað veiðar á heimamiðum og siglt með aflann á erlendan markað. Því fer víðs fjarri, að slíkur málflutningur eigi við minnstu rök að styðjast, því að aflabrögð togaranna hafa gengið geigvænlega saman, hvert sem skipin hafa leitað, jafnt á hinum fjarlægari miðum sem hér heima við landið. Afleiðing þessa áfalls er svo það, að einstaklingar og bæjarfélög, sem togaraútgerð hafa með höndum, stynja undan taprekstrinum, sem þegar er að verða þeim ofviða og óviðráðanlegur.

Það hafa á öllum tímum verið áraskipti í aflabrögðum sjávarútvegsins, og svo mun enn verða. Vonandi batna aflabrögðin á ný. En það má öllum vera ljóst, að það er ekki á valdi neinna venjulegra efnahagsráðstafana að tryggja reksturinn, þegar svo árar sem raun ber vitni varðandi afla togaraflotans. Samhliða réttlátri verðskráningu peninganna er sjávarútveginum lífsnauðsyn að hafa aðgang að hagstæðum stofn- og rekstrarlánum. Þessi viðleitni ríkisstj., sem felst í lögunum um stofnlánadeild sjávarútvegsins, er vissulega spor í rétta átt. Með efnahagslögunum voru allir útlánsvextir hækkaðir verulega. Ríkisstj. gaf þá fyrirheit um það, að strax og ráðstafanirnar væru farnar að bera árangur, mætti vænta þess, að vextirnir yrðu lækkaðir að nýju. Þegar svo um s. l. áramót þótti sýnt, að jafnvægi hefði skapazt í peningamálum þjóðarinnar og því unnt að lækka vextina nokkuð, mátti lesa það í blöðum stjórnarandstöðunnar, að ríkisstj. væri að hverfa frá stefnu sinni. Slíkur er málflutningur þeirra manna, sem vilja ekki kannast við staðreyndir. Sannleikurinn er hins vegar sá, að sú vaxtalækkun, sem hér átti sér stað, var merki þess, að efnahagsstefnan hafði borið árangur og stefnt var í rétta átt.

Þá hefur framsóknarforustan haldið því á lofti, að allar framkvæmdir landbúnaðarins hafi dregizt verulega saman, og kenna þar um, að núv. ríkisstj. hafi látið undir höfuð leggjast að útvega Búnaðarbankanum eða ræktunar- og byggingarsjóðunum nægilegt lánsfé. Er hér eins og fyrri daginn farið alrangt með staðreyndir. Það sanna er, að vinstri stjórnin skildi við þessa stofnsjóði landbúnaðarins algerlega févana og í kalda koli, með sama úrræðaleysið að leiðarstjörnu sem í öllum öðrum efnahagsmálum þjóðarinnar. Erfiðleikar þessara sjóða stafa hins vegar fyrst og fremst af því, að þeir hafa á undanförnum árum verið látnir starfa að verulegu leyti með erlendu lánsfé, og þess vegna hafa þeir orðið fyrir miklum skakkaföllum við allar þær gengisfellingar, sem átt hafa sér stað, hvort heldur það hefur verið í formi yfirfærslugjalds vinstri stjórnarinnar eða á annan hátt. Núverandi ríkisstj. tókst hins vegar að bjarga þessum hagsmunamálum landbúnaðarins með því að útvega sjóðunum innlent lánsfé. Er það á allan hátt miklu hagstæðara og tryggara. Leiddi það til þess, að á s. l. ári var unnt að veita bændum meiri lán vegna framkvæmda í sveitunum en nokkru sinni fyrr hafði átt sér stað, samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja frá Búnaðarbankanum. Þar með er að fullu kveðinn niður sá orðrómur, sem framsóknarforustan hefur þyrlað upp um þessi mál, að núv. ríkisstj. hafi vanrækt sjálfsagðan stuðning við þessar þýðingarmiklu stofnanir bændastéttarinnar.

Ekkert mál hefur að undanförnu verið rætt jafnmikið utan þings og innan eins og landhelgismálið. Það er því óþarfi að fjölyrða um málið mikið að þessu sinni. Á það má þó benda, hversu allur þróttur smátt og smátt þvarr hjá stjórnarandstöðunni og fylgisflokkum hennar í andstöðunni við hina endanlegu lausn málsins.

Þegar Alþingi kom saman á s. l. hausti, skipuðu þessir flokkar sér í varðstöðu við ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu og við dyr alþingishússins daginn, sem Alþingi var sett. Höfðu þeir á lofti kröfuspjöld með áletrunum um, að samningar í þessu máli væru svik. Og það stóð alveg á sama, hvert efni eða innihald samningsins væri. Þetta var þegar enginn vissi um, hvaða samningar mundu takast um málið eða hvort þeir yfir höfuð tækjust. En nú, þegar að leikslokum kom og upplýst var, hvað hægt var að semja um við þá þjóð, sem reynzt hafði okkur mestur þrándur í götu, hjaðnaði fylkingin og hefur hvergi sézt á henni bóla, hvorki fyrr né síðar. Þetta sýnir betur en flest annað, hversu vonlaust stjórnarandstaðan taldi andófið, þegar í ljós kom, hversu hagstæða lausn ríkisstj. gat boðið fram um lausn deilunnar.

Það, sem ég tel hagstæðast í sambandi við lausn landhelgisdeilunnar nú, eru hin miklu hafsvæði á auðugustu fiskimiðum við strendur landsins, sem nú verða innan fiskveiðilögsögunnar. Stjórnarandstaðan hefur svarað því til, að með því hafi ekkert annað gerzt en að við höfum fært út landhelgina og að þeim mörkum, sem við áttum ótvíræðan rétt til án þess að spyrja nokkurn um. Ég vil spyrja: Er það trúlegt, að stjórnarandstaðan hafi litið þannig á málið í fullri alvöru, mennirnir, sem nú á þessu þingi báru fram frv. til laga undir forustu hv. þm. Hermanns Jónassonar um, að það skyldi lögfesta á Alþingi gömlu grunnlínurnar, og báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa skilað nál. um málið, þar sem þeir mæla eindregið með þeirri skipan, en það er sama og að afhenda Bretum og öðrum erlendum fiskveiðiþjóðum auðug fiskimið, sem eru að flatarmáli rúmlega 5000 ferkílómetrar? Það er svo nú fyrst, þegar þeir sjá, hve hagstæðum samningum ríkisstj. hefur náð, sem þeir rjúka upp og segja: Við viljum enn þá meira og það nú strax. — Ég nefni þetta sem eitt dæmi af ótalmörgum fleiri, sem ég hef því miður ekki tíma til að koma að á þessum fáu mínútum.

Afstaða sú, sem Alþýðubandalagsmenn tóku við lausn landhelgisdeilunnar, kom engum á óvart. Það var fyrir fram vitað, að þeir höfðu það að markmiði að spilla öllu samkomulagi um málið og reyna með því að reka fleyg í samvinnu hinna vestrænu þjóða. Hitt var öllum meira undrunarefni, að forusta Framsfl. skyldi láta kommúnista hafa sig til þess að taka þátt í slíkum skollaleik. Verður ekki annað séð en

flokksforusta Framsóknar sé algerlega samrunnin kommúnistaflokknum. — Góða nótt.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eftir haustkosningarnar kom ný stjórn til valda, samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Fyrsta verk hæstv. stjórnar var að setja nýja löggjöf um efnahagsmál og nýja gengisskráningu. Aldrei í sögu landsins hafði verið ráðizt á lífskjör alls almennings jafnfreklega og gert var með setningu hinnar nýju löggjafar. Íslenzk króna var lækkuð í verði, útlánsvextirnir hækkaðir í 11—12%, tollar og skattar hækkaðir um hundruð millj. króna, greiðsla vísitölu á allt kaup afnumin, dregið úr allri fjárfestingu, útlán banka og sparisjóða minnkuð. Það væri freistandi að ræða ýtarlega um afleiðingar hinnar nýju stefnu hæstv. ríkisstj., en til þess vinnst þó ekki tími nema að litlu leyti. Ég leyfi mér að benda á eftirfarandi atriði: Samið hefur verið við Breta um leyfi til að fiska upp að 6 mílum jafnhliða afsali af hendi Íslendinga um einhliða áframhald útfærslu landhelginnar. Uppbygging atvinnuveganna úti um land hefur að mestu stöðvazt. Togararnir liggja bundnir upp við bryggjur og hafnargarða, aðrir seldir á nauðungaruppboðum, en sumir fastsettir í erlendum höfnum vegna vanskila. Margir af þeim togurum, sem eru á veiðum, eru látnir sigla með aflann til sölu erlendis, en hraðfrystihúsin vantar fisk til vinnslu. Allan janúarmánuð og fram í febrúar var alger stöðvun hjá miklum hluta bátaflotans. Útgerðarmenn lýstu því yfir, að enginn grundvöllur væri til staðar til að reka útgerð þrátt fyrir gengisfellinguna, sem að dómi ríkisstj. átti að verða allra meina bót, fyrst og fremst fyrir útvegsmenn. Hæstv. ríkisstj. lét sér fátt um finnast, hélt að sér höndum og gerði ekki neitt. Eftir margra vikna samningamakk, verkföll og vinnudeilur, sem kostuðu þjóðina tugi milljóna króna, náðist samkomulag. Hæstv. ríkisstj. viðurkenndi í verki, að viðreisnin hefði beðið algert skipbrot, og neyddist til að stórauka aðstoð sína við útgerðina frá því, sem áður hafði verið, með nýjum lánum og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum.

Afkoma almennings hefur stórversnað, síðan viðreisnin hófst. Kaupmáttur launa hefur minnkað gagnvart almennum vörukaupum um a. m. k. 17% síðan í febrúar 1960, eða um 35—40 vísitölustig, miðað við gömlu vísitöluna. Þetta er mesta kjararýrnun, sem átt hefur sér stað síðan 1952. Minnkandi kaupgeta almennings hefur þegar komið allhart niður á ýmsum þáttum iðnaðarins. Er nú svo komið, að við borð liggur alger stöðvun t. d. í húsgagnaiðnaði og fleiri hliðstæðum framleiðslugreinum. Öll verzlun hefur stórlega dregizt saman. Þannig stefnir hin svokallaða viðreisn beint að því að rýra kjör alls þorra þjóðarinnar, lama iðnað og verzlun, valda efnahagslegu hruni millistéttanna og leiða fátækt og örbirgð yfir almenning. Hagur bændastéttarinnar er miklum mun lakari nú en áður. Það stafar fyrst og fremst af því, að allar efnisvörur, sem landbúnaðurinn þarf til síns rekstrar og keyptar eru erlendis frá, hafa stórlega hækkað í verði. Rétt er og að benda á, að sú hætta er yfirvofandi vegna versnandi lífskjara og vegna minnkandi kaupgetu alls almennings í bæjum og kauptúnum, að sala landbúnaðarvara dragist stórlega saman frá því, sem áður hefur verið.

Ein aðalafleiðing af efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj. er minnkandi atvinna alls þorra verkafólks og um leið stórversnandi lífskjör mikils hluta þjóðarinnar. Að undanförnu höfðu menn getað aukið tekjur sínar allverulega með því að vinna eftirvinnu, nætur- og helgidagavinnu og bætt sér þannig upp hið mjög svo lága dagkaup. Nú er þegar orðinn mikill og alvarlegur samdráttur í öllum byggingarframkvæmdum, sem mun svo, þegar fram líða stundir, valda hækkun húsaleigu vegna vöntunar á húsnæði. Fjöldi þess fólks, sem hafði atvinnu sína við byggingar, hefur orðið að leita sér atvinnu til annarra starfsgreina. Það þýðir að sjálfsögðu að meir og meir þrengist á vinnumarkaðinum, og getur ekki endað á öðru, ef áframhald verður á þessari óheillaþróun, en með atvinnuleysi fjölda fólks, enda mun nú svo komið, að verkamenn munu telja sig heppna, ef þeir geta fengið atvinnu alla virka daga, en á því eru miklir örðugleikar vegna vaxandi framboðs vinnuafls frá öðrum starfsgreinum.

Orsakanna fyrir þessari óheillaþróun er fyrst og fremst að leita í misviturlegum efnahagsaðgerðum. Aðgerðir hæstv. ríkisstj. stefna þannig allar að einu og sama marki, þ. e. að draga úr eðlilegum og nauðsynlegum framkvæmdum og skapa hæfilegt atvinnuleysi, en slík stefna er óskadraumur vissra valdamanna.

Jafnframt þessum skuggalegu aðgerðum hafa svo allar kauphækkanir verið fordæmdar, hve mikið sem dýrtíðin kynni að vaxa. Allar slíkar aðgerðir af hendi launastéttanna eru taldar þjóðhættulegar. Hæstv. ríkisstjórn hefur hótað verkalýðshreyfingunni nýrri gengisfellingu, nýju dýrtíðarflóði, ef hún skyldi knýja fram kauphækkanir. Blöð hæstv. ríkisstj. og atvinnurekenda tala nú mikið um kjarabætur án verkfalla. Það séu aðeins vondir menn innan verkalýðshreyfingarinnar, sem vilji verkföll, hinir góðu og gætnu menn vilji kjarabætur, en bara án verkfalla. Allt slíkt tal er hinn ósvífnasti áróður. Vitanlega óskar enginn meðlimur innan verkalýðshreyfingarinnar eftir verkfalli. Allt launafólk vill umfram allt ná fram viðunandi kjarabótum án verkfalla, ef þess er nokkur kostur. En verkalýðshreyfingin er þess vel minnug, að frá fyrstu tíð hefur hún orðið að beita verkfallsvopninu í langflestum tilfellum til þess að knýja atvinnurekendur inn á viðunandi kjarabætur. Í mörgum tilfellum hafa verkalýðsfélögin orðið að heyja langvarandi verkföll til þess eins að knýja hrokafulla atvinnurekendur til að viðurkenna samningsrétt verkalýðsfélaganna. Hægt væri að koma með ótal dæmi úr sögu verkalýðshreyfingarinnar, sem sýna það og sanna, að atvinnurekendur hafa aldrei látið af hendi neinar meiri háttar kjarabætur án harðrar baráttu. En verkalýðshreyfingin hefur aldrei og mun ekki beita verkfallsvopninu, fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar til hins ýtrasta. Hún mun nú sem allt-

af áður athuga sinn gang og taka sínar ákvarðanir að beztu manna yfirsýn.

Hæstv. ríkisstj. óskaði eftir starfsfriði í upphafi síns stjórnartímabils. Hún hefur haft starfsfrið á annað ár. Hver er svo útkoman? Áframhaldandi versnandi lífskjör fólksins í landinu, alger neitun á því að mæta kröfum verkalýðsfélaganna um bætt launakjör, alger neitun við því að draga úr dýrtíðarflóðinu. Í október í haust óskaði miðstjórn Alþýðusambands Íslands eftir viðræðum við ríkisstj. um ráðstafanir til lækkunar á vöruverði og fleira til að auka kaupmátt launa. Á fundi, sem haldinn var 3. nóv. með ríkisstj., fengust engin svör við þessari málaleitun. Síðan hefur ekkert gerzt í málinu annað en það, að samninganefnd Dagsbrúnar og nokkurra annarra verkalýðsfélaga hefur ásamt fulltrúum atvinnurekenda óskað eftir viðtalsfundi við hæstv. ríkisstj. Mér er ekki kunnugt um, að neinn árangur hafi orðið af þeim viðræðum. Þrír mánuðir eru nú liðnir, síðan verkalýðsfélögin settu fram kröfur sínar um kjarabætur. Fram hafa farið nokkrar umr. á milli samningsaðila, en án nokkurs árangurs. Atvinnurekendur hafa ekki komið til móts við fulltrúa verkamanna í einu einasta atriði. Aftur á móti eru settar fram tillögur til lækkunar.

Hvernig sem yfirvofandi kjaradeilur kunna að fara, hvort sem þær verða leystar með verkfalli eða án verkfalls, verður verkalýðshreyfingin ekki sökuð um, að hún hafi ekki sýnt fullan vilja til þess að ná fram samningum án verkfalls. Atvinnurekendur hafa verið aðvaraðir. Nú eru það þeir, sem verða að segja til, hvort þeir vilja lausn þessara mála án verkfalls. Og nú spyr verkafólkið um allt land: Hvaða kjarabætur vilja atvinnurekendur semja um án verkfalla? Allur almenningur, öll verkalýðshreyfingin krefst skýlausra svara og það án allra undanbragða. Opinberar skýrslur sýna, að á s. l. fimm árum, 1955—1959, hafa framleiðslutekjur þjóðarinnar aukizt um 6.3% að meðaltali á ári eða yfir 35% á þessu fimm ára tímabili. Ef kaupmáttur tímakaupsins hefði verið hækkaður um þessi 35.3%, eins og framleiðsla þjóðarinnar, ætti tímakaup almennra verkamanna að vera nú 29.79 kr. í stað 20.67 kr., sem það er nú. Framleiðsluaukningin hefur því sannarlega ekki fallið verkafólkinu í skaut. Það sýnir einnig, að þær kröfur, sem verkalýðsfélögin hafa sett fram við atvinnurekendur, eru byggðar á fyllstu sanngirni og sízt of háar. Þessar staðreyndir ættu menn að hafa í huga, þegar rætt er um kaupkröfur verkalýðsfélaganna.

Íslenzkur verkalýður hefur um árabil skipað virðulegan sess meðal stéttarbræðra sinna erlendis hvað lífsafkomu snertir. Nú hefur verkalýð Íslands verið hrundið úr þeim sessi og settur skör lægra en hjá flestum öðrum þjóðum. Kaup verkamanna á Íslandi er nú orðið miklu lægra en kaupgjald verkamanna á Norðurlöndum. Eitt ósvífnasta ákvæði efnahagslaganna var afnám vísitölunnar. Árið 1942 knúðu verkalýðsfélögin það ákvæði inn í samninga, að á allt kaupgjald skyldi greidd full vísitala. Vísitalan var vörn hins fátæka manns gegn ört vaxandi verðbólgu. Hún var hindrun þess, að ósvífnir valdhafar gætu hindrunarlaust leitt flóðbylgju verðhækkana yfir þjóðina, án þess að launastéttirnar fengju það bætt í hækkaðri vísitölu. Afnám vísitöluuppbóta á kaup var frekleg skerðing á löglegu samningafrelsi verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur. Öll verkalýðsfélögin höfðu í samningum sínum við atvinnurekendur ákvæði um það, að full vísitala skyldi greidd á allt kaupgjald. Verðbólgan hefur alltaf verið aðferð atvinnurekendanna og þeirra umboðsmanna til að skerða kjör launastéttanna. Til þess að ná sem beztum árangri af þessari þokkaiðju var vísitöluuppbótin á kaup afnumin. Það er jafnvítavert að hafa lagt til atlögu við verkalýðssamtökin og síðan að berjast á móti öllum kauphækkunum, eins og það er ótrúleg grunnhyggni að láta sér detta í hug, að alþýða manna sætti sig við slíkan ránskap baráttulaust.

Fyrir síðustu kosningar gáfu núv. stjórnarflokkar út kosningastefnuskrá. Fyrsta atriðið var stöðvun verðbólgunnar. Með gengisfellingarlögunum og stórfelldri hækkun óbeinna skatta var verðbólgan mögnuð um allan helming. Óðaverðbólga flæddi yfir landið. „Jafnvægi í þjóðarbúskapnum," sögðu stjórnarflokkarnir. Með stórhækkuðu verðlagi samhliða afnámi vísitöluuppbótanna á kaup var stórlega þrengdur kostur allra launþega í landinu. Skipting þjóðarteknanna var gerð stórum ójafnari en áður, og þjóðarauðurinn færðist á hendur tiltölulega fárra einstaklinga og auðfélaga. Stéttafriður var þriðja kjörorðið. Með þeim ráðstöfunum, sem ríkisstj. hefur látið framkvæma, er stefnt að stéttaófriði með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Uppbygging atvinnuveganna var fjórða atriðið í stefnuskrá núv. ríkisstjórnarflokka. Allar aðgerðir hæstv. ríkisstj., svo sem gengisfelling, takmörkun á lánsfé, gífurleg vaxtahækkun og fleiri viðlíka aðgerðir, hafa dregið úr kaupum nýrra framleiðslutækja og stórlega torveldað allan atvinnurekstur. Uppbygging nýrra atvinnustöðva úti um land er þegar stöðvuð, og gjaldþrot vofa yfir hjá fjölda fyrirtækja víðs vegar í kaupstöðum og sjávarþorpum. Innlánsdeildum sparisjóða og kaupfélaga er gert að skyldu að afhenda Seðlabankanum í Reykjavík stóran hluta af innlögðu sparifé almennings. Slíkar aðgerðir koma að sjálfsögðu harðast niður á dreifbýlinu. Aukin framleiðsla og bætt lífskjör, sögðu stjórnarflokkarnir. Allar athafnir hæstv. ríkisstj. miða markvisst að samdrætti í framleiðslunni. Kreppt hefur verið að lífskjörum fólksins, en auðmenn og braskarar fá óhindrað að mata krókinn á kostnað alþýðunnar. Þannig hafa báðir stjórnarflokkanna svikið öll sín kosningaloforð. Sjálfir standa forustumenn þessara flokka afhjúpaðir frammi fyrir alþjóð. En eitt er víst, og það er það, að kjósendurnir eru nú reynslunni ríkari og munu minnast þess við næstu kosningar.

Ofan á allt það, sem ég hef hér minnzt á, koma svo svikin í landhelgismálinu. Ég fullyrði, að aldrei hafi verið framin geigvænlegri svik gagnvart þjóðinni en með samkomulagi því, sem nú hefur verið gert við Breta. Það eitt ætti að vera nægilegt til þess, að þjóðin afbæði sér slíka ríkisstj.

Kjörum alls verkafólks og annarra launamanna er nú þannig komið, að ekki verður við unað. Allir vita, að ríkisstj. mun af fremsta megni beita sér á móti öllum kjarabótum. En verkalýðshreyfingin er staðráðin í því að hafa hótanir ríkisstj. um nýja gengisfellingu og nýja verðbólgu að engu. Hæstv. ríkisstj. hefur verið boðið upp á samstarf um kjaramálin, en hingað til hefur hún ekki verið til viðtals um neinar breytingar til úrbóta. Verkalýðsfélögin og allir launþegar hafa því enga aðra leið að fara en að snúa sér beint til atvinnurekenda með kröfur sínar, enda hafa mörg þeirra þegar gert það. Ef verkalýðsfélögin fara á annað borð á stað, má ganga út frá því sem vísu, að þau munu ekki hörfa frá settu marki. Íslenzk verkalýðshreyfing hefur oft áður átt í harðvítugri baráttu við hrokafullt atvinnurekendavald og þröngsýna og afturhaldssama ríkisstj., en borið samt sigur af hólmi. Þótt atvinnurekendur telji sig máske sterka, eru hinir mörgu og smáu í þjóðfélaginu margfalt sterkari, ef þeir standa saman í einni órofa fylkingu. Nú er um lífshagsmuni verkafólksins að tefla. Það verður ekki spurt um pólitískar skoðanir, heldur stefnt að sameiginlegum sigri verkalýðshreyfingarinnar. Íslenzk alþýða mun aldrei sætta sig við fátækt og stórkostlegt kauprán og kjaraskerðingu baráttulaust.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið að sér það ömurlega hlutverk að skipuleggja og auka fátækt á íslenzkum alþýðuheimilum, tekið að sér það óþurftarathæfi að berjast á móti öllum kjarabótum, öllum kauphækkunum til handa fátæku verkafólki. Það er ljótt athæfi. Það er eitt versta verkið, sem hægt er að vinna í íslenzkum stjórnmálum. — Góða nótt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hæstv. ráðh., Guðmundur Í. Guðmundsson, sem bar ábyrgð á ríkissjóði í einkastjórn Alþfl., reyndi að halda því fram hér áðan, að tillaga mín um rannsókn á viðskiptum hans sem fimrh. við toppkrata, sem er einn aðalfjáraflamaður Alþfl. og Alþýðublaðsins, síðan fyrrv. skólastjóri Gagnfræðaskóla Austurbæjar lét af því starfi, beri vott um, að Alþb. telji, að í þessu glæframáli standi Alþfl. — ég vil ekki segja ríkisstj. — lakast. Flutningur till. sé merki um, að aðrar séu ekki ávirðingar Alþfl. Í öllu öðru hafi Alþfl. staðið sig vel. Það er ekki alveg að ófyrirsynju, að það hvarfli að hæstv. ráðh., að í því máli hafi hann gengið lengst í varhugaverðum ráðstöfunum, því að ráðstafanir hans í Keilis- og Brimnesmálinu svonefnda eru eitt mesta hneykslismál síðari ára, þegar stórríkir aðilar mynda hlutafélag með 100 þús. kr. hlutafé til kaupa á togarakláfi, sem þeir segja að hafi kostað 5.4 millj. eða fimmtíu og fjórfalt hlutaféð, til þess að krækja í ríkisábyrgð, sem nú nemur 7 millj. kr. eða sjötugföldu hlutafénu, og af ábyrgðinni hefur ríkissjóður nú þegar orðið að greiða 1.8 millj. kr. eða átjánfalt hlutafé toppkratanna. Tryggingin er aðeins í vélvana togaranum einum, sem vottorð fulltrúa kaupandans eins virðast hafa verið lögð fram um, þegar ábyrgðin var veitt. Á undan ríkissjóði koma svo sjóveðskröfur að upphæð 1½ millj. kr. Þetta hneykslismál allt ræddi ég hér á þingi í dag og rakti, en undir umr. um málið læddist hæstv. ráðh., Guðmundur Í. Guðmundsson, út eftir að hafa látið falla lík ummæli og hér áðan.

En það er alger misskilningur ráðh. og flótti, að Alþfl. standi ekki jafnilla í öðrum málum og þessu. Þess vegna ætla ég að rekja nokkuð efndir flokksins og reyndar stóra íhaldsins líka á þeim loforðum, sem þeir gáfu því fólki, sem á þá ósk heitasta að eignast eigin íbúð yfir sig og börn sín.

Á árum vinstri stjórnarinnar hóf fjöldi manna smíði eigin íbúða í trausti þess, að haldið yrði áfram stefnu þeirrar stjórnar að auðvelda almenningi að eignast þak yfir höfuðið, enda hefði það verið í samræmi við yfirlýsta stefnu allra flokka þá, að svo yrði gert, líka Sjálfstfl., sem skilið hafði við veðlánakerfið fjárþrota, því að hann var nú kominn í stjórnarandstöðu og sparaði ekki yfirlýsingarnar um velvild sína í garð húsbyggjenda og húsnæðisleysingja. En nú er að syrta í lofti, og horfur þeirra, sem eru að basla við að eignast eigin íbúðir, eru uggvænlegar. Og hver er orsökin? Hvað hefur gerzt? Orsökin er sú, að Sjálfstfl., sem skildi við veðlánakerfið gjaldþrota 1956 og barðist gegn stóreignaskattinum einum skatta, sá flokkurinn, sem mestu lofaði húsbyggjendum og húsnæðisleysingjum fyrir síðustu kosningar, fer nú með meirihlutavald á Alþingi með fulltingi Alþfl., sem einu sinni var ekki í vafa um, að allt væri betra en íhaldið.

Orsökin til þess, að nú horfir illa í málum húsnæðisleysingja, er sú, að of margir tóku mark á kosningaloforðum íhaldsins sumarið 1959. Það var að vísu enginn leikur að byggja íbúð á tímum vinstri stjórnarinnar og hefur aldrei verið. En þeir menn voru heppnir, sem gátu lokið því af, áður en þeir flokkar, sem nú fara með stjórn, tóku við og greiddu húsbyggjendum um allt land rothögg með kauplækkun, kaupbindingu, gengislækkun, stórfelldum verðhækkunum, sem af henni leiddi, og vaxtaokri. Fyrst voru með beinni kauplækkun skertir stórlega möguleikar á, að menn gætu lagt eitthvað til hliðar af tekjum sínum til þess að standa undir framkvæmdum við húsbyggingar. Síðan er með 135% gengislækkun hækkað svo stórkostlega verð á öllum lífsnauðsynjum, að hafi eitthvað áður verið eftir af launum til ráðstöfunar í húsbyggingu eða til afborgana af lánum, þá var það hirt, að verulegu eða öllu leyti með almennum verðhækkunum. Og kynni svo að fara, að þrátt fyrir allar þessar ráðstafanir ætlaði samt einhver að reyna að koma þaki yfir fjölskyldu sína, þá hefur verið dyggilega séð um það með gífurlegum verðhækkunum á byggingarefni, að sá hinn sami fái þá a. m. k. ekki nema hluta af því byggingarefni, sem áður fékkst fyrir sömu upphæð. Og í stað þess að auðvelda mönnum lántökur til að bjarga sér tóku Alþfl. og Sjálfstfl. sig til, afnámu okurlögin, stórhækkuðu vexti af öllum lánum og styttu svo lánstímann á ýmsum lánum, til þess að engum möguleika væri sleppt til að gera almenningi ókleift að byggja. Þetta voru efndirnar á loforðunum fögru.

Rúm tvö ár eru síðan íhaldsflokkarnir, sá litli og sá stóri, hófu aðgerðir sínar í húsnæðismálum. Það fólk, sem fól þessum flokkum að fara með þau mál, sem mestu ráða um, hvort það getur eignazt eigin íbúð, hefur fengið rúmlega tveggja ára lærdómsríka reynslu af því, hvaða afleiðingar það hefur að treysta á umhyggju íhaldsflokka fyrir hag alþýðufólks. Kaup hefur verið lækkað, en byggingarefni hefur hækkað yfir 50%. Það fólk, sem staðið hefur í húsbyggingum eða íbúðakaupum undanfarin ár, hefur reyndar alltaf vitað, að þær framkvæmdir eru ekki unnar með sitjandi sældinni, og naumast búizt við, að svo yrði í bráð, en ég fullyrði, að á þessari hjálparhönd íhalds, hins litla og hins stóra, hefur það naumast átt von. Þeir, sem komnir voru áleiðis með byggingarframkvæmdir, þegar ólög íhaldsstefnunnar riðu yfir, eru þó verst staddir allra. Þeir geta í rauninni hvorki haldið áfram framkvæmdum né hætt, standa uppi með fokheld hús, borga af þeim stórfé í vexti og kyndingarkostnað, borga svo á sama tíma háa húsaleigu og hitunarkostnað, en hafa svo engin tök á því í þeirri dýrtíð, sem nú er, að halda byggingunni áfram og gera hana íbúðarhæfa, svo að losna megi við húsaleigu og kyndingarkostnað á annarri íbúð. Að vísu er hitunarkostnaðurinn varla hár samkv. vísitölunni, sem hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, er jafnvel enn hrifnari af en íhaldinu sjálfu og er þá mikið sagt, því að í henni er gert ráð fyrir, að hitunarkostnaður við meðalíbúð sé 156 kr. á mánuði.

Fyrir aðgerðir viðreisnarstjórnarinnar í húsnæðismálum hefur að miklu leyti tekið fyrir, að almenningur hefjist handa um húsbyggingar. Þegar á s. l. ári dró stórlega úr því, að byrjað væri á byggingum, og eftirspurn eftir lóðum er úr sögunni. Sýnilegt er, að nú á þessu ári verða sárfáir til þess að hefjast handa, og skortir verulega á, að séð verði fyrir húsnæði vegna eðlilegrar fólksfjölgunar og endurnýjunar á íbúðum, og hlýtur þessi þróun að valda húsnæðisskorti og hækkun á húsaleigu.

Það hefur verið núv. stjórnarflokkum kærkomið umræðuefni, að af fjárfestingu einstaklinga og þá einna helzt af viðleitni almennings til þess að reisa sér þak yfir höfuðið stafaði jafnvægisleysi og erfiðleikar í efnahagsmálum. Með viðreisnarstefnunni, sem birtist í kauplækkun, kaupbindingu, gengislækkun og vaxtaokri, hafa hendur almennings verið svo rækilega bundnar, að ríkisstjórnarflokkarnir hafa örugglega komið fram þeim vilja sínum, að alþýða manna hafi ekki með höndum fjárfestingarframkvæmdir. Og það kemur æ betur í ljós, að þær byggingarframkvæmdir, sem þó mega eiga sér stað, eru öðrum ætlaðar. Bankarnir, þeir aðilarnir, sem mest græða á vaxtahækkuninni frá skuldugum húseigendum og öðrum og fá af eigin fé 210 millj. kr. á ári í vexti, valda líklega ekki jafnvægisleysi eða spennu í efnahagskerfinu og lifa ekki heldur um efni fram. En þeir heyja nú innbyrðis kapphlaup í fjárfestingar- og húsbyggingarmálum, jafnhliða því sem almenningur, sem vextina borgar, er neyddur til að hverfa frá áformum sínum um íbúðabyggingar. Á sama tíma og alþýðufólki er að verða ókleift að halda íbúðum sínum og tekið er að mestu fyrir byggingar íbúða, rís hvert bankahúsið af öðru í Reykjavík, auk þeirra, sem keypt eru og innréttuð, og á örskömmum tíma munu bankastofnanir í Reykjavík hafa keypt lóðir og hús og hafið byggingar á húsum, sem samtals munu nema eigi minna en 60 millj. kr., en það er kostnaðarverð 130—140 íbúða.

Til þess að ekki hallist á um efni og anda, fer ekki illa á því, að eina verulega samkeppnin, sem peningastofnanirnar verða fyrir um fjárfestinguna, er frá kirkjunum. En nú er í Reykjavík og nágrenni nýlokið við eða í smíðum slíkur fjöldi af kirkjum, að myndarlega verður fyrir því séð, að þeim heimilisfeðrum, sem áður freistuðust til þess að nota sunnudagana til svo veraldlegra og ókristilegra verka að byggja yfir fjölskyldur sínar, gefst nú kostur á rúmgóðum sunnudagahúsakynnum í staðinn, þar sem hægt er að taka þátt í vikulegum fyrirbænum hinna andlegu höfðingja fyrir ríkisstj., sem helgarfríin gaf. Ekki mun af veita.

Svo slæmur sem viðskilnaður íhaldsins var í húsnæðismálum 1956, er hann þó hátíð hjá því ástandi, sem núv. stjórn er að koma á í þessum málum. Henni hefur tekizt að koma einu og sama högginu á húsbyggjendur, leigjendur, iðnaðarmenn og byggingarefnisframleiðendur. Til þess að klóra yfir þessa frammistöðu hafa fulltrúar íhaldsstjórnarinnar í umr. hér á hv. Alþ. reynt að halda sig við það, að allnokkru hafi verið úthlutað úr húsnæðismálasjóði, síðan stjórnin tók við. Þær tölur eru m. a. fengnar með því, að stjórnin greip til þess ráðs að færa 12—13 millj. kr. af víxillánum, sem menn höfðu fengið í bönkum og sparisjóðum, yfir í föst lán úr húsnæðismálasjóði. Sú aðstoð, sem húsbyggjendum þannig er veitt, er þessi: Mönnum, sem fyrir valdatöku íhaldsins höfðu víxillán með 7% vöxtum, er nú gefinn kostur á að fá þeim breytt í húsnæðismálasjóðslán með 9% vöxtum. Þetta eru efndirnar á kosningaloforðunum og umbótin frá því, sem var fyrir valdatöku stjórnarinnar. 7% víxilvextir, sem menn höfðu fyrir gengislækkun og vaxtabreytinguna, hafa verið bundnir í allt að 25 ár við 9 prósentin. Og samanlögð upphæð allra þessara víxla telst svo úthlutun úr húsnæðismálasjóði, og þar með hafa menn étið upp þá úthlutun úr húsnæðismálasjóði, sem þeir höfðu gert sér vonir um að fá til viðbótar víxillánunum. Þá upphæð, sem með þessum millifærslum fæst, telja liðsmenn stjórnarinnar svo stóra viðbót við úthlutun á fé til húsbyggjenda.

Fyrir aðgerðir ríkisstjórnarflokkanna hefur byggingarkostnaður hækkað svo stórkostlega, að verðhækkanir á efni í meðalíbúð munu nema nálega 60 þús. kr. Þær lánveitingar, sem stjórnarvöldin láta enn nægja til hvers einstaklings, gera því ekki miklu meira en að duga fyrir hækkuninni einni saman. Og sumt af lánveitingunum til að greiða hækkunina er svo þar að auki fengið með þeim hætti, sem ég áðan lýsti, að færa víxla yfir á húsnæðismálasjóðslán. Afrek ríkisstjórnarflokkanna er því í rauninni það að hirða mestalla lánsúthlutunina til húsbyggjenda með verðhækkunum á

byggingarefni. Það, sem fyrir viðreisnarráðstafanirnar var lánsúthlutun til efniskaupa, er nú lánsúthlutun til greiðslu á hækkun, sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa sjálfir ákveðið á byggingarefni, og vextirnir af lánum til greiðslu á þessum verðhækkunum eru 9%. Ríkisstj. íhalds og krata lánar mönnum með 9% vöxtum þær verðhækkanir, sem hún hefur sjálf valdið, en sviptir þá í rauninni öllum lánveitingum fyrir byggingarkostnaði, sem var, þegar þessi stjórn tók við, og má þó ekki gleyma því, að lífsnauðsynjar manna hafa hækkað svo í verði, að þær hækkanir einar gera flestum ókleift að byggja, ekki sízt þegar kauplækkun hefur líka verið þeitt. Auk alls þessa hafa svo ríkisstjórnarflokkarnir einskis fjár aflað í sjóð þann, sem lánar til verkamannabústaða, og standa uppi með hann tóman og útilokað, að hann geti að óbreyttu veitt ný lán á næstunni.

Frammistaða ríkisstjórnarflokkanna í húsnæðismálum og brigðmæli þeirra á öllum kosningaloforðum sýna ljóslega ásamt allri lífskjaraskerðingunni, að það hefur nú gerzt, sem alþýða manna á Íslandi hefur óttazt um árabil. Íhaldið hefur fengið meirihlutavald á Íslandi, og verkin leyna sér ekki. Fyrir atbeina Alþfl., sem eitt sinn átti að gegna því hlutverki að vernda íslenzka alþýðu gegn íhaldinu, hefur það sama íhald fengið meirihlutavald á Íslandi. Og svo traust er atfylgi Alþfl. við íhaldið, að hv. 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, hefur lýst því yfir á Alþingi, að það meirihlutavald, sem Sjálfstfl. hefur þannig fengið með Alþfl., komi Sjálfstfl. betur og sé heppilegra en að Sjálfstfl. hefði meirihlutavaldið einn.

Einkenni íhaldsstefnunnar koma hvarvetna í ljós, jafnt í byggingarmálum sem öðrum. Á tímum vinstri stjórnarinnar var oft erfitt að fá byggingarefni, timbrið var rifið út jafnóðum og það kom til landsins. Nú eru erfiðleikarnir ekki fólgnir í því, að ekki fáist byggingarefni. Það er hvenær sem er hægt að ganga í timburhlaðana, aðeins ef menn hafa efni á að kaupa. Í dag er gnægð af byggingarefni í búðunum, en þeir, sem þarfnast þess mest, hafa ekki efni á að kaupa það. Þetta er einkenni allra tímabila, þegar íhaldið fer með völd. Þess vegna sagði hæstv. menntmrh., Alþýðuflokksmaðurinn Gylfi Þ. Gíslason, fyrir réttum 10 árum, með leyfi hæstv. forseta:

„Fylgjendur hinna frjálsu viðskipta telja það aðalatriðið, að búðirnar séu fullar, þótt almenningur geti lítið keypt. Það liggur við, að þeir telji velmegunina þeim mun meiri sem meira er af vörum í búðunum, en minna hjá almenningi. Það er þessi stefna, þessi íhaldsstefna, sem hæstv. ríkisstj. er nú að leiða yfir Íslendinga."

Þessi tíu ára gömlu ummæli ráðh. eru glögg og nákvæm lýsing á þeirri íhaldsstefnu, sem nú er verið að leiða yfir Íslendinga og Alþfl. ber ábyrgð á. Ríkisstj. kemur dyggilega í veg fyrir, að húsnæðisleysingjar byggi íbúðir, en bankahallir og kirkjubyggingar eru það, sem koma skal. Þetta er í samræmi við það, að með viðreisnarstefnunni er almenningur reyttur inn að skyrtunni, en af almannafé er á sama tíma útbýtt milljónafúlgum í þágu hlutafjárlausra hlutafélaga stórríkra toppkrata. — Góða nótt.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eldhúsdagsumræðum frá Alþingi á samkv. þingsköpum að útvarpa við framhald 1. umr. fjárlaga, en sú venja hefur skapazt á síðari árum að víkja frá þessu, og eru umr. þess vegna ekki lengur tengdar við afgreiðslu fjárl., sem eru þó að jafnaði stærsta mál hvers þings. Þessi frestun er gerð með samkomulagi allra þingflokka, og verður þess valdandi í þetta skiptið, að í einum og sama mánuði er dembt yfir þjóðina hvorki meira né minna en fimm útvarpskvöldum frá Alþingi, og mun mörgum útvarpshlustendum þykja það vera ofrausn. Þetta vekur þá spurningu, hvernig haga beri notkun útvarps í sambandi við störf Alþingis, en það er áreiðanlega eitt af mörgu, sem þyrfti að endurskóða, bæði hvað snertir þingfréttir og þá tilhögun, að Alþingi leggi undir sig heil kvöld í útvarpinu til ama fyrir þá hlustendur, sem fremur mundu kjósa að hlýða á annað útvarpsefni. Ég ætla ekki að ræða þetta ýtarlega, og til þess að fyrirbyggja misskilning vil ég taka það fram, að ég tel alveg sjálfsagt, að þjóðin fái tækifæri til að fylgjast sem bezt með störfum Alþingis með hjálp útvarpsins. Spurningin er aðeins sú, hvort núverandi fyrirkomulag nær þeim tilgangi og hvort ekki væri hægt að koma á annarri skipan, er gerði hvort tveggja að þjóna þeim tilgangi betur og félli hlustendum útvarpsins betur í geð.

Tökum t. d. þingfréttatímann. Hann fer svo að segja allur í upplestur strembinna þingskjala og þurra frásögn af atkvgr. Þar er aldrei sagt frá umr. eða orðaskiptum, sem oft gætu verið skemmtilegri til frásagnar heldur en lagafrumvörp, greinargerðir og nefndarálit í blaðagreinastíl. Meðal annarra þjóða tíðkast það, að orðsnjallir menn og fróðir eru fengnir til að gefa vikulegt yfirlit í stuttu máli um helztu atburði á þjóðþingunum. Mundi ekki svipaður háttur hér geta sparað Alþingi þá fyrirhöfn og hlustendum þann ama, sem fylgir heilum umræðukvöldum kvöld eftir kvöld? Þingfréttatíminn og umræðukvöldin lúta algerlega stjórn Alþingis, en ekki útvarpsins, og er það þess vegna á valdi þingsins að gera hér einhverja bragarbót, nema hentara kunni að þykja að fela það útvarpinu.

Hér á Alþingi eru stundum sett ýmis met, sem hvorki er skýrt frá í þingfréttum né íþróttafréttum útvarpsins, en þykja þó merkileg engu að síður. Þetta eru að sjálfsögðu met í ræðuflutningi. Þegar efnahagsmálin voru til umr. á síðasta þingi, talaði Einar Olgeirsson í 5 klst. og 18 mínútur. Það var þó ekki samfelld ræða, heldur með hvíldum og við tvær umræður. Í umr. um landhelgismálið á dögunum setti Lúðvík Jósefsson met í samfelldum ræðuflutningi með því að tala í 3 tíma og 22 mínútur. Það met stóð óhaggað þar til á aðfaranótt s. l. laugardags. Þá var til umr. í Nd. launajafnrétti kvenna og karla, og flokksbróðir Lúðvíks, Hannibal Valdimarsson, sem er mikill kvenréttindamaður, notaði tækifærið og sló met Lúðvíks. Hannibal talaði samfleytt um þetta hugðarefni sitt í 4 klukkutíma og 20 mínútur. Telja kunnugir, að sigur sinn í þessum maraþonræðuflutningi eigi hann því að þakka, að

hann hafi sterkari fætur en Lúðvík. Hvernig sem því kann að vera háttað, er von, að menn spyrji, hver tilgangurinn sé með slíkum langlokuræðum og hvernig á því standi, að þær skuli vera leyfðar, því að augljóst er, að ef allir þm. tækju sér jafnlangan tíma til ræðuhalda, þá mundu störf þingsins aldrei taka enda. Hver þm. á samkv. þingsköpum rétt á að tala tvisvar í hverju máli við sömu umr. og framsögumenn þrisvar, og mundi því sú umræða, þar sem allir fengju ræðutíma eins og methafarnir þrír, geta staðið æðilengi, eða vikum saman. Eftirtektarvert er það, að þátttakendur í maraþonræðukeppninni eru allir úr stjórnarandstöðunni, og hefur Framsfl. ekki gefið Alþb. mikið eftir á þeim tveim þingum, sem ég þekki til, þótt einstakir þm. hans hafi ekki komizt jafnhátt á afrekaskrá og einstakir þm. Alþb.

Þess er ekki að dyljast, að slíkar ræður kosta allmikið fé. Mér skilst, að þetta þing komi til með að sitja í 145 daga, en þinghaldið kostar samkv. áætlun fjárlaga 9½ millj. kr. Það gerir um 65520 kr. á dag, eða 2730 kr. á klst., ef deilt er með öllum 24 tímum sólarhringsins. 4½ tíma ræða, eins og metræða Hannibals Valdimarssonar á þessu þingi, kostar Alþingi þannig minnst 12285 kr. Nú er Alþingi ekki jafnaðarlega að störfum 24 tíma á sólarhring, og ef reiknað væri með 12 tímum í framangreindu dæmi, sem raunar væri líka of hátt, kostar ræðan hvorki meira né minna en 24570 kr.

Ef gerður er samanburður á samanlögðum ræðutíma stjórnarandstöðunnar annars vegar og stjórnarsinna hins vegar við afgreiðslu helztu mála, kemur í ljós, að stjórnarandstaðan notar margfalt meiri ræðutíma en stjórnin og stuðningsmenn hennar. Þannig töluðu stjórnarandstæðingar um efnahagsmálin í fyrra samtals 34 klst. og 12 mín., en stuðningsmenn stjórnarinnar 12 klst. 54 mín. Í landhelgismálinu á dögunum töluðu stjórnarandstæðingar 34 klst. 39 mín., en stjórnarsinnar í 6 klst. 35 mín. Ef gerður væri samanburður á umr. um önnur mál, sem fara skjótar í gegnum þingið en efnahagsmálin og landhelgismálið, mundi hið sama koma í ljós: Stjórnarandstaðan notar hér í sölum Alþingis þrefalt til sjöfalt lengri ræðutíma en stjórnin og stuðningsmenn hennar, og von er, að menn spyrji: Hvað telur stjórnarandstaðan sig vinna á þessu? Ekki ná þessar ræður til þjóðarinnar, nema þegar útvarpað er, og blöðin hafa ekki rúm til að birta nema hrafl úr þeim jafnóðum. Þær birtast seint um síðir í þingtíðindum, óaðgengilegar til lestrar, einmitt fyrir það, að ræðurnar eru illa samdar, fullar af endurtekningum og stagli, og stundum fer þar meira fyrir tilvitnunum en orðum ræðumannsins sjálfs.

Einn vinning hefur stjórnarandstaðan af hinum löngu ræðum, eins og sýnt hefur verið fram á. Hún fær svo að segja einokunaraðstöðu til að notfæra sér eðlilegan umræðutíma um hvert mál, því að stjórnarsinnar láta sér oftast nægja réttinn til framsögu og stuttra andsvara. Þetta byggist einfaldlega á því, að stjórnin og stuðningsmenn hennar vilja hvorki tefja þingstörfin að þarflausu né beita ákvæðum þingskapa til að takmarka ræðutíma, meðan nokkur kostur er að komast hjá því, og árangurinn verður sá, að stjórnarandstaðan fær mestallan umræðutímann. Þessa tillitssemi þakkar stjórnarandstaðan síðan bæði með misnotkun ræðutímans og með glósum um stjórnarliðið, — það sé múlbundið og handjárnað og þingmennirnir viljalaus verkfæri stjórnarinnar, — og á þingmönnum stjórnarflokkanna dynja oft alls konar ögranir af þessu tagi. Eins og þetta er í pottinn búið, er ekki að furða, þótt málþófslið stjórnarandstöðunnar tali oft yfir tómum stólum í þingsölum, enda kemur það fyrir, að maraþonræðugarpar krefjast þess af forsetum, að það sé smalað fyrir þá áheyrendum.

Stundum verður þess vart meðal þingmanna stjórnarandstöðunnar, að þeir eru orðnir leiðir á þessum vinnubrögðum, sem vonlegt er. Ráðið til úrbóta er það, að flokkarnir komi sér saman um umræðutíma í hverju máli, þannig að treysta megi því, að umr. ljúki innan hæfilegs tíma eftir málavöxtum. Gætu þá orðaskipti orðið fjörlegri og umr. frjórri en nú á sér stað, því að ekki þyrfti að óttast, að þátttaka þingmanna stjórnarflokkanna í umr. tefði eða hindraði afgreiðslu mála. Ég vil taka það fram, að með þessum orðum er ég engan veginn að gagnrýna forseta þingsins fyrir að beita ekki valdi sínu samkv. þingsköpum til að takmarka og skipuleggja ræðutíma. Það er langoftast reynt að fá samkomulag allra flokka um þá hluti, og ef stjórnarandstaðan vill losa sjálfa sig og aðra við þau leiðindi, sem málþófi hennar fylgja, þá ætti hún að leita eftir samkomulagi í þá átt, sem ég hef drepið á.

Fyrst ég hef á annað borð gert þessa þætti í störfum Alþingis að umtalsefni, vil ég leyfa mér að bæta því við, að ég fagna fram kominni till. til þál. frá tveim þm. stjórnarandstöðunnar um alþingishús. Í grg. með þeirri tillögu er á það bent, að núv. húsakynni Alþingis eru orðin með öllu óviðunandi, og miðar till. að því, að úrlausn verði undirbúin. Um þessa till. ættu allir þm. að geta orðið sammála í einu eða öðru formi.

Þessu þingi er nú um það bil að ljúka, og til dagsins í dag hafði það afgreitt 65 lög. Sú tala mun enn hækka, áður en þingi lýkur í vikunni. Eitt af merkari málum þingsins var afgreitt í dag sem lög, en það er frv. Jóns Þorsteinssonar og annarra Alþfl.-manna í Ed. um launajöfnuð kvenna og karla. Þessi nýju lög fela það í sér, að á árunum 1962—67 skuli launajöfnuður nást milli kynjanna í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu, en það eru þau störf, sem algengast er að konur og karlar vinni hlið við hlið. Áður hafa konur í þjónustu hins opinbera fengið launajafnrétti með lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Launajöfnuðurinn á að nást þannig, að hinn 1. jan. 1962 skuli laun kvenna hækka um ⅙ hluta og síðan árlega um ⅙ hluta mismunarins, þar til fullum launajöfnuði er náð 1. jan. 1967. Þriggja manna nefnd á að fylgjast með launabreytingunum og því, hverjir eigi rétt til þeirra á hverjum tíma, og er hlutverk n. fyrst og fremst að

tryggja þeim, sem réttinn eiga, þær hækkanir, sem þeim ber. Til þess að n. geti unnið þetta verk, er henni nauðsynlegt að fylgjast með gerðum kjarasamningum og breytingum, sem á þeim kunna að verða á hverjum tíma, því að ákvæði laganna hindra það á engan hátt, að launþegasamtökin semji sjálf við vinnuveitendur um að jafna launamismuninn örar en lögin ákveða. Með þessum lögum eru uppfyllt ákvæði jafnlaunasamþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem Ísland er aðili að. Aðrar þjóðir hafa fullnægt þessari samþykkt með svipuðum hætti. Síðastliðin sex ár hefur launamismunurinn aðeins minnkað um 2%, og var það vegna lagasetningar á Alþ., sem sá árangur fékkst. Nú er talið algengast, að launamismunurinn sé 22%, og tryggja hin nýju lög, að sá munur hverfur á sex árum.

Alþb. og Framsókn hafa undir gunnfána Hannibals Valdimarssonar beitt sér gegn þessu frv. og þótzt vilja ganga lengra. En fortíð Hannibals Valdimarssonar í málinu er sú, að þegar hann var félmrh. 1958 og hafði tækifæri til að koma á fullu launajafnrétti, skipaði hann nefnd í málið, sem enn hefur ekki skilað áliti. Í n. eiga sæti fjórar konur og einn karlmaður, Snorri Jónsson að nafni, og er ekki að því að spyrja: Þessi eini karlmaður er formaður n. Í umr. um mál þetta í Nd. lét Hannibal Valdimarsson m. a. svo um mælt, að í Finnlandi hefði nefnd unnið að undirbúningi sams konar máls í 7 ár, og þótti honum það ósköp hæfilegur hraði og til fyrirmyndar.

Ein ummæli Hannibals Valdimarssonar um þetta frv. voru þau, að það færi í þá átt að lítilsvirða og smána verkalýðshreyfinguna. Slíkt er fjarri öllu lagi. Hin nýju lög munu þvert á móti styrkja verkalýðshreyfinguna í þessu máli, af því að í þeim felst fullnaðarviðurkenning löggjafans á jafnrétti kynjanna í launamálum.

Heilindi Framsóknar í málinu er bezt að marka af því, að vinnuveitendasamtök þau, sem framsóknarmenn stjórna, hafa harðlega mótmælt setningu laganna ásamt öðrum atvinnurekendum. Hér á ég við Vinnumálasamband Sambands ísl. samvinnufélaga. — Með hinum nýju lögum er tryggður framgangur mikils mannréttindamáls á skynsamlegan hátt, og má það vera íslenzkum konum fagnaðarefni.

Þingið hefur verið um margt sögulegt, þótt hæst beri, sem vonlegt er, landhelgismálið. Því hafa verið gerð svo ýtarleg skil áður í útvarpsumr. og nú í kvöld af hæstv. utanrrh., að ég mun ekki fara um það mörgum orðum. Hvað sem stjórnarandstæðingar fullyrða um hið gagnstæða, felst þetta í lausn deilunnar við Breta:

Við fáum fullnaðarviðurkenningu á 12 mílunum. Við fáum stækkun á landhelginni um 5065 km² vegna útfærslu grunnlína. Við höldum opinni leið til að vinna að meiri útfærslu landhelginnar á grundvelli þeirrar sérstöðu okkar, að fiskimiðin geyma lífsbjörg þjóðarinnar, en á þeim grundvelli höfum við byggt aðgerðir okkar til þessa. Við höfum fengið Breta til að hætta ofbeldisaðgerðum sínum. Viðskiptin við þá eiga að komast í eðlilegt horf, og þeir eru skuldbundnir til að grípa ekki til ofbeldisverka á ný, þótt ágreiningur kunni að rísa í framtíðinni, heldur verður úr slíkum ágreiningi skorið af alþjóðadómstólnum. Gegn þessu fá Bretar tímabundin veiðileyfi á takmörkuðum svæðum í 9—15 mánuði á þremur árum, þó ekki á svæðinu frá Látrabjargi að Horni.

Að mínum dómi eru þessi málalok stórsigur fyrir Íslendinga og furðulegt, að Framsfl. skuli ekki fremur kjósa að eigna sér að einhverju leyti sigurinn heldur en að gerast taglhnýtingur kommúnista, sem vildu ekki lausn deilunnar, heldur áframhald hennar, eins og Lúðvík Jósefsson hefur hreinskilnislega játað. En þetta er aðeins ein af mörgum sönnunum fyrir hinu nána samstarfi þessara flokka og bendir allt til þess, að þar hafi kommúnistar yfirhöndina. Flutningur vantrauststillögunnar ber það með sér, að flokkarnir hyggja á stjórnarsamstarf, og er hugarfars- og stefnubreyting Framsóknar í utanríkismálum einn liður í undirbúningi að væntanlegu stjórnarsamstarfi hennar og kommúnista. Sama máli gegnir um þjónkun maddömunnar við kommúnista í verkalýðsfélögunum. Það er engu líkara en kommúnistar hafi Framsóknarforingjana um þessar mundir í eins konar heilaþvottarkúr, til þess að þeir geti látið þá játa hina kommúnistísku trú. Árangurinn segir þegar til sín. Dagblaðið Tíminn er ekki orðið annað en kopía af Þjóðviljanum. Þm. Framsóknar fara í Keflavíkurgöngur, og háttsettir Framsóknarforingjar eru hafðir á oddinum á fundum hernámsandstæðinga. Með afstöðu sinni til lausnar landhelgisdeilunnar, létu framsóknarmenn sér úr greipum ganga bezta tækifærið, sem þeim hefur gefizt, til að hreinsa sig af kommúnistaþjónkuninni. Þar með hafa þeir búið um sig í íslenzkum stjórnmálum á eyðiskeri hjá kommúnistum, því að það er ekki oft hægt að leika þann leik, sem þeir léku árið 1950, að bera fram vantraust á ríkisstjórn og fella hana, en ganga síðan til stjórnarmyndunar strax á eftir með þeim flokki, sem borinn var vantraustinu. Þetta lék Framsókn 1950, en nú treystir hún á kommúnista til að geta kræki í ráðherrastóla og valdaaðstöðu fyrir flokksforingjana. Þeir eru núna eins og gervitungl, sem snúast á sporbraut kringum Einar Olgeirsson. Getur það verið, að óbreyttir framsóknarmenn, sem treyst hafa fyrri orðum foringja sinna, séu ánægðir? Svo var ekki að heyra á Vilhjálmi Hjálmarssyni, sem eyddi ræðutíma sínum hér í kvöld í það að afsaka kommúnistadekur Framsóknar.

Þessu þingi tókst að afgreiða fjárlög fyrir áramót, og voru þau afgreidd án greiðsluhalla, en það er eitt höfuðskilyrði þess, að jafnvægi haldist í þjóðarbúskapnum. Skeði nú hvort tveggja, að fjárlög voru afgreidd snemma og að leitazt var við að draga úr útgjaldaliðum á ýmsum sviðum. Nemur sparnaðurinn á útgjaldaliðum alls um 12.3 millj. kr. Síðan afgreiðslu fjárlaga lauk, hafa verið gerðar ráðstafanir til stórfellds sparnaðar í rekstri Keflavíkurflugvallar og sameining Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölunnar hefur á þessu þingi verið ákveðin með lögum, og mun af því leiða mikinn sparnað í rekstri þessara

stofnana. Þá hafa verið undirbúnar framkvæmdir á vegum landssímans, er miða að því að koma á sjálfvirku símakerfi um land allt. Stofnkostnaður við það verður að vísu hár, en sparnaður í rekstri svo mikill, að reiknað er með, að kerfisbreytingin leiði til gjaldskrárlækkunar, þegar hún hefur komizt í gagnið. Hófsemi í útgjöldum ríkisins og í kostnaði við rekstur ríkisfyrirtækja, sem selja almenningi þjónustu sína, og greiðsluhallalaus fjárlög eru ein nauðsynlegasta forsenda þess, að efnahagslíf þjóðarinnar þróist eðlilega, en fari ekki öðru hverju stórskaðlegar kollsteypur. Stefna stjórnarflokkanna og aðgerðir þeirra hingað til tryggja að þessu leyti nauðsynlegt jafnvægi, ef ekki kemur annað til, sem ekki verður við ráðið.

Stjórnarflokkarnir gerðu ráðstafanir til þess, þegar gengið var fellt s. l. vetur, að létta launþegum þær byrðar, sem af gengisfellingunni hlaut að leiða, m. a. með því að stórhækka bætur almannatrygginganna. Þær hækkuðu um rúmlega 200 millj. kr. Tekjuskattur var lækkaður um 110 millj. kr., og sveitarfélögunum var fenginn nýr tekjustofn, 56 millj. kr. af söluskatti, og með því komust þau hjá útsvarshækkunum og gátu í mörgum tilfellum lækkað útsvörin. Niðurgreiðslur á vöruverði námu s. l. ár um 303 millj. kr. Þessari stefnu er enn haldið áfram á þessu ári. Bætur almannatrygginganna hækka um 71 millj., og kemur nú til framkvæmda afnám skerðingarákvæðanna svonefndu. Það þýðir, að allir, sem orðnir eru 67 ára að aldri, geta fengið lífeyri, þótt þeir hafi ekki látið af störfum, og greiddur er t. d. barnalífeyrir með börnum, sem misst hafa föður sinn, án tillits til fjárhagsástæðna móðurinnar. Frestun á töku lífeyris veitir rétt til meiri hækkunar en áður, og sú hækkun, sem þannig fæst, nær einnig til maka, sem lífeyrisþegi kann að láta eftir sig. Það hefur lengi verið beðið eftir þessum endurbótum í tryggingamálunum, en allar fyrri ríkisstjórnir hafa skotið þeim á frest. Hluti sveitarfélaga í söluskatti hækkar nú í 71 millj. kr., og nokkur hækkun verður á niðurgreiðslum á nauðsynjavörum. Þannig er stefnunni fylgt, og ef greiðslugetu atvinnuveganna verður ekki ofboðið, er sýnilegt, að stjórnarstefnan muni heppnast og færa þjóðinni raunverulegar kjarabætur. Rétt er þó að gera sér ljóst, að þarna kemur fleira til en þau mannlegu öfl, sem vilja sprengja greiðslugetu atvinnuveganna. Aflabrögðin og veðráttan hafa sitt að segja. S. l. ár var heildaraflinn 54 þús. tonnum minni en árið áður.

Það var fróðlegt að heyra Karl Guðjónsson ræða um aflaleysið í kvöld. Hann var ekki í vandræðum með skýringuna. Aflaleysið var allt ríkisstj. og viðreisninni að kenna, að hans sögn. Slíkur málflutningur er varla svaraverður. En ég vil benda á, að undanfarna mánuði hafa kommúnistar og Framsókn keppzt við að neita því, að um nokkurt aflaleysi hafi verið að ræða á s. l. ári. Nú treysta þeir sér ekki lengur til að neita þeirri staðreynd, að aflinn varð um 10% minni en árið áður þrátt fyrir aukinn skipastól og tilkostnað. Bræðrablöðin, Þjóðviljinn og Tíminn, bergmáluðu hvort annað, þegar línan var sú að þræta fyrir aflabrestinn. Næstu daga mun hin nýstárlega kenning Karls Guðjónssonar um aflaleysið af völdum ríkisstj. endurhljóma í Tímanum. Eitt er við þetta unnið: Staðreyndin um 10% aflarýrnun verður ekki lengur dulin, augu manna hljóta um leið að opnast fyrir því, af hvílíku hyldýpis ofstæki stjórnarandstaðan berst.

Aflabresturinn er mestur hjá togurunum, og á útgerð þeirra við mikla örðugleika að stríða. En Karl Guðjónsson ætti líka að vita, að ekki var vertíðin í Vestmannaeyjum s. l. vetur yfirmáta góð, eða um 20% undir meðalári. Veðráttan á vertíðinni að þessu sinni lofar ekki heldur góðu um útkomuna í ár. Af þessu getur leitt stórfelld vandamál, einkum af því, að aflaleysið kemur í kjölfar verðfalls á fiskimjöli og lýsi í fyrra. Útgerðin á af þessum sökum í miklum erfiðleikum. S. l. ár var reynt að létta henni róðurinn með því að veita aðstoð úr hlutatryggingasjóði, að upphæð 10 millj. kr., eftir síldveiðarnar. Einnig var ákveðið að verja um 80—90 millj. kr., sem eftir urðu í útflutningssjóði, þegar hann hafði staðið við allar skuldbindingar sínar, til þess að greiða vátryggingariðgjöld fiskiskipa s. l. ár. Og loks eru nú að koma til framkvæmda lög um lánabreytingar, sem eiga að skapa mörgum útgerðarfyrirtækjum og fiskvinnslustöðvum stórbætta aðstöðu til rekstrar. Þá hafa vextir verið lækkaðir um 2% og afnumið 2½% útflutningsgjaldið. Stefnir þetta allt að því að létta útgerðinni og fiskvinnslustöðvunum róðurinn. En eins og horfir um aflabrögðin, er hætt við, að meira þurfi til að koma, og þegar þannig er ástatt, er ekki rétti tíminn til stórfelldra kauphækkana. Það reynir nú mjög á það, hvort atvinnuvegirnir geti haldið áfram án nýrrar tekjuöflunar, og ef kaupgjald verður sprengt upp við þessar aðstæður, mundi sú leið færa okkur á ný fram á hengiflugsbrúnina, sem við vorum staddir á haustið 1958, þegar Hermann Jónasson lagði árar í bát og gafst upp við að leysa þann vanda, sem við blasti.

Þrátt fyrir þá erfiðleika, sem enn er ekki séð fyrir endann á, hafa ráðstafanir stjórnarflokkanna í efnahags- og gjaldeyrismálum borið tilætlaðan og góðan árangur í viðskiptum landsins út á við og þróun peningamála innanlands. Tímans vegna verð ég að láta mér nægja að vísa um þessi mál til ársskýrslu Seðlabankans, sem nýlega var birt, en samkv. henni var vöruskiptajöfnuður óhagstæður s. l. ár um 218 millj. kr., en um 632 millj. kr. árið 1959, þegar innflutningur skipa og flugvéla hefur verið dreginn frá bæði árin. Útlánaaukning 1960 varð 295 millj. kr., en innlán jukust um 324 millj. kr. Innlánaaukningin er þannig meiri en útlánaaukningin, en árið 1959 var þessu öfugt farið. Þá nam útlánaaukning, umfram aukningu innlána, 250 millj. kr. Spariinnlán jukust um 83 millj. kr. meira s. l. ár en árið 1959. Í þessum efnum erum við á réttri leið, og við höfum fyllstu ástæðu til að ætla, að viðreisnin haldi áfram að bera jákvæðan árangur.

Alþfl. tók þá afstöðu haustið 1958, þegar engin samstaða var lengur í vinstri stjórninni um nein úrræði til að forða þjóðinni frá voða í efnahagsmálunum, að beita sér fyrir björgunar- og viðreisnarstjórn. Því starfi hefur flokkur-

inn síðan haldið áfram, ásamt samstarfsflokknum, í þeirri öruggu vissu, að með þessu starfi vinnur Alþfl. umbjóðendum sínum mest gagn. Þjóðinni hefur verið bjargað frá efnahagslegu hruni, atvinnuleysi og örbirgð, sem við blasti. Nokkru hefur þurft að fórna, til þess að þetta mætti takast. En hverjar hefðu fórnirnar orðið, ef enginn hefði fengizt til að snúast gegn vandanum haustið 1958 eins og Alþfl. gerði? Þeirri spurningu er auðvelt að svara. Taumlaust dýrtíðarflóð hefði skollið yfir, og skilið eftir atvinnulausa og hnípna þjóð í svo miklum vanda, að hún hefði auðveldlega getað glatað sjálfstæði sínu að fullu og öllu. Alþfl. hefur gert sitt til að forða Íslendingum frá þessari ógæfu, og hann mun halda því starfi áfram ótrauður. — Ég þakka þeim, sem hlýddu. Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 60. fundi í Sþ., 28. marz, var fram haldið almennum umr. (útvarpsumr.).

Forseti (FS): Umræðunum í kvöld verður hagað með þeim hætti, að hver þingflokkur hefur 45 mínútna ræðutíma, sem skiptist í þrjár umferðir, 20 mín., 15 mín. og 10 mín. Röð flokkanna er þessi: Framsfl., Alþfl., Alþb., Sjálfstfl. Ræðumenn verða þessir: Fyrir Framsfl.: Helgi Bergs, Sigurvin Einarsson, Ólafur Jóhannesson. Fyrir Alþfl.: Sigurður Ingimundarson, Friðjón Skarphéðinsson, Emil Jónsson. Fyrir Alþb.: Alfreð Gíslason, Lúðvík Jósefsson, Hannibal Valdimarsson. Fyrir Sjálfstfl.: Birgir Kjaran, Ragnhildur Helgadóttir, Magnús Jónsson, Ingólfur Jónsson.

Umr. hefjast nú með því, að til máls tekur ræðumaður Framsfl., hv. 2. þm. Sunnl., Helgi Bergs.

Helgi Bergs: Herra forseti. Góðir hlustendur. Seinustu tvo áratugina a. m. k. hafa framleiðsluverðmæti okkar Íslendinga aukizt mjög ört, og um furðujafna framþróun í þessu efni hefur verið að ræða allt þetta tímabil. Að vísu virðist nokkur stöðnun hafa átt sér stað, skömmu eftir að stríðinu lauk, en það á fyrst og fremst rót sína að rekja til versnandi viðskiptakjara út á við, en ekki til minnkandi framleiðslu í landinu.

Þegar framleiðsluskýrslur okkar eru bornar saman við tilsvarandi skýrslur annarra, kemur í ljós, að við erum meðal þeirra þjóða, sem mestum árangri hafa náð í þeirri viðleitni að auka framleiðsluverðmætin á þessu tímabili. Í öðru hefti Fjármálatíðinda, tímarits Landsbankans, 1960, er frá því skýrt, að framleiðsluaukningin hér á landi hafi verið að meðaltali 6.3% á ári á tímabilinu 1954—59. Af þeim löndum, sem við höfum helzt spurnir af og berum okkur gjarnast saman við, hefur ekkert nema Vestur-Þýzkaland náð jafnmiklum árangri í þessu efni, og hafa þó verið taldar mjög örar framfarir hjá flestum þessara þjóða.

En þegar hér var komið sögu, var mynduð ný ríkisstj. í landinu. Hún ákvað að taka upp nýja stefnu í efnahagsmálum. Hún gerði þær ráðstafanir, sem drógu mjög úr kaupgetu almennings, og tók upp fjármálastjórn, sem þrengdi svo að atvinnuvegunum, að framleiðslan hlaut að dragast verulega saman. Þær ástæður voru færðar fyrir nauðsyn þessarar stefnubreytingar, að íslenzka þjóðin lifði um efni fram, hún eyddi meira en hún aflaði, og við svo búið mætti ekki standa. En þetta voru falsrök. Íslenzka þjóðin eyddi ekki meira en hún aflaði. Hún lagði þvert á móti meira fyrir, geymdi stærri hluta framleiðsluverðmæta sinna til framtíðarinnar en flestar, ef ekki allar þjóðir aðrar. Samkvæmt heimild í Fjármálatíðindum var heildarframleiðsla okkar á markaðsverði á árunum 1953—57 19140 millj. kr., en fjármunamyndunin, fjárfestingin, var á sama tíma 5773 millj. kr. eða 30.2% af framleiðsluverðmætinu. Yfir 30% af öllum framleiðsluverðmætum þjóðarinnar voru þannig fjármunir, sem geymdir voru til framtíðarinnar.

Þegar á þetta var bent, var sagt, að við hefðum lifað á erlendu lánsfé, og það, sem gert hafi verið, hafi verið gert upp á krít. En í þessu var ekki meiri sannleikur en það, að á þessu sama árabili, þegar fjármunamyndunin í landinu nam 5773 millj. kr., þá námu efnahagsaðstoð og erlend lán samtals 598 millj. kr., eða rúmlega 10%. 5175 millj. kr., eða nær 90% af fjármunamynduninni, varð til fyrir innlendan sparnað.

Á þessu tímabili lagði þjóðin þannig fyrir yfir 1000 millj. kr. að meðaltali á ári hverju. Þetta er ekki að lifa um efni fram. Þetta er ekki að eyða meira en aflast, enda er það alveg ljóst, að efnahagsráðstafanir ríkisstj. voru af allt öðrum toga spunnar. Þær voru liður í hinni sífelldu baráttu um tekjuskiptinguna í landinu, um dreifingu afrakstursins af framleiðslu þjóðarinnar, og þær miðuðu að því að rýra hlut hinna vinnandi handa í hinum sameiginlega sjóði.

Þetta var mikið óhappaverk og þeim mun alvarlegra sem ráðstafanirnar voru af því tagi, að þær drógu úr framleiðslunni, þær minnkuðu þann sjóð, sem til skipta er. Auðvitað er þetta hvorki í samræmi við vilja né hagsmuni þjóðarinnar í heild, og þess verður nú æ meir vart, að það er vaxandi krafa hjá þjóðinni, að stéttir og flokkar leggist nú á eitt til að vinna að því, sem er allri þjóðinni sameiginlegt hagsmunamál, að stórauka framleiðsluverðmæti þjóðarbúsins.

Það var í samræmi við þessar háværu kröfur almennings, þegar miðstjórn Framsfl. reið á vaðið og samþ. á aðalfundi sínum í s. l. mánuði, að flokkurinn skuli beita sér fyrir því, að gerð verði myndarleg áætlun um aukningu þjóðarframleiðslunnar, og skuli að því stefnt að tvöfalda framleiðsluna á næstu tíu árum. En það svarar til þess, að sú meðalaukning, sem ég gat um áðan að hefur verið 6.3%, hækki upp í rúmlega 7%, í stað þess að við látum framleiðsluna fara minnkandi, eins og hlyti að verða afleiðingin, ef núv. stjórnarstefna héldi áfram. Það var einnig í samræmi við þetta, að 8 þm. Framsfl. fluttu snemma á þessu þingi till. um löggjöf um framleiðslu- og framkvæmdaáætlun. En stjórnarliðið sýndi málinu engan áhuga og hefur nú endanlega jarðað þessa till.

Í þessum atriðum, sem ég hef hér lýst, er fólginn sá reginmunur, sem er á lömunarstefnu

stjórnarflokkanna, og þeirri stefnu, sem framsóknarmenn hafa farið og vilja fara.

Tæknileg framþróun er svo ör um þessar mundir, að sumir tala jafnvel um nýja iðnbyltingu, iðnbyltingu hinnar sjálfvirku tækni. En hvað sem um það er, þá er það víst, að þjóðirnar búa sig nú undir mikið framfaraskeið. Forusturíki vestrænna þjóða, Bandaríkin, sem um undanfarin átta ár hefur búið við íhaldsstefnu og litla framleiðsluaukningu, varpar nú þeirri stefnu, sem raunar er fyrirmynd viðreisnarinnar hér, fyrir borð og snýr til nýrrar framsóknar.

Það fer varla fram hjá neinum, að nú eru tímamót í atvinnumálum okkar, sem m. a. eru fólgin í því, að taka verður upp nýjar aðferðir til viðbótar þeim, sem bezt hafa dugað fram að þessu, til síaukinnar framleiðslu. Landbúnaður og sjávarútvegur, sem til skamms tíma hafa fyrst og fremst sótt þau verðmæti, sem náttúran gefur, í skaut hennar, munu í vaxandi mæli taka upp vinnubrögð verðmætasköpunar. Sjávarútvegurinn hefur fram til þessa aukið framleiðslu sína mest með því að draga meiri og meiri afla úr sjó. En nú er ljóst, að leggja verður áherzluna á að auka verðmæti aflans með auknum og fjölbreyttari fiskiðnaði. Þekking okkar á háttum þýðingarmestu fiskstofnanna við strendur landsins er grátlega lítil, og það er á því hin brýnasta nauðsyn, að undinn verði bráður bugur að því að efla svo fiskirannsóknir, að við getum öðlazt þá þekkingu á þessum undirstöðuatriðum efnahagslífs okkar, sem er skilyrði fyrir skynsamlegu mati á framtíðarmöguleikum.

En sú þekking, sem þegar er fyrir hendi, bendir í þá átt, að aukningu aflamagnsins, hvort sem er af þorski eða síld, séu töluverð takmörk sett. Hitt er alveg ljóst og hafið yfir allan vafa, að stórauka má framleiðsluverðmætin úr þeim afla, sem landað er. Um það er síldin gleggsta dæmið. Á árunum 1955—59 var aðeins rúmlega þriðjungur síldaraflans saltaður, en yfir helmingur hans fór í bræðslu, en framleiðsluverðmæti bræðslusíldar eru innan við fjórðung af framleiðsluverðmæti þeirrar síldar, sem söltuð er eða verkuð á annan álíka verðmætan hátt. Ef helmingur þeirrar síldar, sem á þessu tímabili var bræddur, hefði verið saltaður, hefðu framleiðsluverðmætin af þeim sökum aukizt um nær 800 millj. kr., ef miðað er við verðlag ársins 1960. Kæmum við svo þar að auki upp iðnaði, sem legði niður síld í dósir, og það verðum við að gera sem allra fyrst, þá sést bezt, um hverja möguleika til framleiðsluaukningar er hér að ræða.

En framþróunin í þessum efnum er því miður ekki hagstæð. Árið 1959 veiddist meiri síld en á nokkru ári áður, að undanskildum fáum árum rétt eftir 1940. Yfirgnæfandi hluti þessa afla var bræddur. Um þetta segja Fjármálatíðindi, 2. hefti 1960, í yfirliti um framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er einkum eftirtektarvert, að raunverulég aukning á verðmæti framleiðslunnar samkvæmt yfirlitinu reyndist aðeins 1.5%, þrátt fyrir það, að aukning aflamagnsins varð 11.8%. Orsakirnar eru þær, að framleiðsla verðmætustu afurðanna, freðfisks og saltsíldar, minnkaði verulega á árinu, en framleiðsla verðminni afurðanna, einkum síldarmjöls og síldarlýsis, jókst mjög mikið. Mismunur á verði þessara afurða er svo mikill, að mikið vantar á, að framleiðsluaukning hinna verðminni afurða vegi þar upp á móti."

Hér lýkur tilvitnun í Fjármálatíðindi. Aflamagnið jókst þannig um nærri 12%, en verðmætin aðeins um 1½%, ekki vegna verðfalls, því að bæði árin eru á sama verðlagi, heldur af öfugþróun hjá okkur sjálfum. Þó að endanlegar tölur liggi ekki fyrir um árið 1960, er því miður víst, að þessi öfugþróun hefur haldið áfram þá, enda ýta efnahagsráðstafanir ríkisstj. að ýmsu leyti undir hana.

En við þessu verður að spyrna fótum, og stefna verður að því að auka framleiðsluverðmætin miklu meira en aflamagnið, og á það verður að leggja hina ríkustu áherzlu.

Framleiðsluaukning landbúnaðarins hefur verið mjög mikil að undanförnu. Fram til þessa hefur hún þó ekki nema að nokkru leyti byggzt á ræktun. Að nokkru leyti hefur hún byggzt á aukinni beit á haga og afrétti. Nú gera kunnugir ráð fyrir því, að ofbeitt fari að verða innan skamms víða um land, ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að auka gróður haglendisins með áburði eða sáningu, en tilraunir í þá átt hafa gefið hinn ánægjulegasta árangur, sem sjálfsagt er að fylgja vel eftir.

Kornræktin og sandgræðslan eru nú meðal merkustu mála landbúnaðarins, og þó að stjórnarflokkarnir hafi sett fótinn fyrir allar till. framsóknarmanna um þessi efni á þessu þingi, þá verður ekki í kringum þá staðreynd komizt, að hér eftir verður ræktun í einhverju formi að vera grundvöllur nær allrar aukningar á landbúnaðarframleiðslunni. Öld hins algera ræktunarbúskapar er hafin.

Jafnframt má gera ráð fyrir því, að þróunin stefni í þá átt, að fóðuröflunin færist að nokkru leyti í hendur framleiðslustöðva og aukin þjónusta við landbúnaðinn á ýmsum sviðum skapi honum enn bætt skilyrði til mjög verulegrar framleiðsluaukningar, þ. á m. á ýmsum sviðum, sem fram til þessa hefur ekki gefizt tóm til þess að sinna sem skyldi.

Það er enn fremur nauðsynlegt að halda áfram að byggja upp í landinu iðnað, sem hefur framleiðslu landbúnaðarins að hráefni. Það hefur margt verið vel gert í þessum efnum nú þegar. Ullariðnaðurinn er kominn á mjög góðan rekspöl, og er þegar farið að flytja út talsvert af iðnaðarvörum úr íslenzkri ull. Vandséð er líka, hvað því er til fyrirstöðu, að skinnaiðnaðurinn komist brátt á sama stig, og auðvitað er það ófært til frambúðar að flytja út meginið af gæruframleiðslu landsmanna saltað sem hráefni fyrir erlendan iðnað. Sá iðnaður getur farið fram og á að fara fram í landinu sjálfu.

Ýmis annar landbúnaðariðnaður er kominn á nokkurn rekspöl, en á þessum sviðum öllum bíða fjölmörg verkefni úrlausnar á næstu árum.

Miklu fleiri Íslendingar hafa nú atvinnu sína af iðnaði en nokkrum atvinnuvegi öðrum. Landbúnaður og sjávarútvegur framleiða matvæli, og þau eru auðvitað hin fyrsta nauðsyn hverjum manni. En eftir því sem lífskjörin batna, verða

matvælin hlutfallslega minni þáttur í þörfum mannsins. Þarfirnar verða æ margþættari og síminnkandi hluti heildarkaupgetunnar kemur fram sem eftirspurn eftir matvælum. Af þessu leiðir aftur það, að síminnkandi hluta af vinnuafli þjóðarinnar þarf til þess að afla henni matar. Iðnaðurinn, þ. á m. auðvitað sjávarvöru- og landbúnaðarvöruiðnaður, verður því að taka við þeim fjölda, sem árlega bætist í hóp starfandi manna á landi hér. Íslenzkur neyzluvöruiðnaður er þegar orðinn mjög umfangsmikill, en skýrslur um framleiðslu hans og framþróun eru af nokkuð skornum skammti. Síðan 1956 hefur þó starfað nefnd að því verkefni að rannsaka þjóðhagslegt gildi þessa iðnaðar, og hefur hún nýlega sent frá sér mikla skýrslu byggða á rannsóknum, sem hún gerði 1957 og er sjór af fróðleik um margt, sem að þessum iðnaði lýtur. Enginn tími er til þess hér að rekja niðurstöður n. í einstökum atriðum, en ég vek athygli á þeim, því að þær eru mjög merkar. Ljóst er af þeim, að mikill hluti þessa iðnaðar hefur skotið sterkum rótum í þjóðfélaginu og er því hinn hagkvæmasti í hvívetna. Hlýtur niðurstaðan að styrkja mjög trú þeirra, sem bjartsýnastir eru um framtíð íslenzks neyzluvöruiðnaðar.

Náttúruauðæfi landsins, sérstaklega hverirnir og fossarnir, skapa okkur mikla möguleika til að byggja upp iðnað í landinu. Áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan eru fyrstu sporin á þeirri braut. Þessi fyrirtæki skapa okkur ekki aðeins mikil framleiðsluverðmæti sjálf, heldur opna þau einnig leið fyrir iðnaðarþróun í ýmsum greinum efnaiðnaðar, sem gefa verður fullan gaum. Það væri verðugt verkefni fyrir duglega kunnáttumenn að kanna til hlítar þá möguleika, sem þessar verksmiðjur skapa fyrir iðnað í ýmsum skyldum greinum, og ég á þá ekki fyrst og fremst við það, að þessar verksmiðjur þenji sig út og víkki starfssvið sitt, heldur hitt, að þær gefi öðrum fyrirtækjum kost á að kaupa hráefnavörur, sem þær framleiða, og ýti þannig undir framtak og hugkvæmni annarra manna. En áburðar- og sementsverksmiðjurnar eru bara byrjunin á þeirri þróun, sem vafalaust á fyrr en varir eftir að leiða til nýtingar íslenzkra náttúruauðlinda.

Oft er rætt um, að hér þurfi að koma upp stóriðnaði. En gallinn á því orði er sá, að margir gera sér alls ekki ljóst, hvað þeir meina, þegar þeir nota þetta orð. Það, sem oftast er meint, þegar talað er um stóriðnað, er iðnaður, þar sem orkan og vélarnar vinna aðalhlutverkið. eins og t. d. í alúmíníumvinnslu, en þar sem framlag vinnuaflsins til framleiðslunnar er aðeins brot af framleiðslukostnaðinum í samanburði við framlag fjármunanna, kapítalsins. Það leikur enn á því mikill vafi, hvort slíkur fjármagnsfrekur iðnaður yrði farsælasta leiðin til nýtingar náttúruauðæfa okkar, enda eru þær rannsóknir og athuganir, sem eru nauðsynleg forsenda rökstudds álits um þetta efni, enn á byrjunarstigi. Í þessu efni hefur að vísu verið unnið gott starf, en þeir menn, sem því sinna, standa fáliðaðir gagnvart stórkostlegum verkefnum. Það má í því sambandi minna á, að hæstv. raforkumrh. upplýsti það hér á hv. Alþingi í vetur, að þær rannsóknir einar, sem nauðsynlegar væru, áður en gerð yrði heildaráætlun um virkjanir á vatnasvæði Hvítár og Þjórsár, mundu kosta 40 millj. kr. Sýnir þetta ljóslega, hversu mikla áherzlu er nauðsynlegt að leggja á rannsóknarverkefnin. Að þeim verður að vinna af öllu afli, því að þar eru því miður of mörg verk enn óunnin, og á þann hátt einan getum við verið undir það búnir að hagnýta skynsamlega okkar miklu möguleika á þessum sviðum.

Það er einn liður í sköpun framleiðsluverðmætanna, og ekki sá veigaminnsti, að afla markaða fyrir afurðirnar og þá sérstaklega útflutningsafurðirnar. Sú ríkisstj., sem nú situr, kennir stefnu sína við frelsi. Það frelsi er nú að vísu af svo kyndugri tegund, að það verður ekki nefnt nema í gæsalöppum, enda er það svo, að þrátt fyrir allt frelsisblaðrið er útflutningsverzlunin reyrð fastari fjötrum en nokkru sinni áður. Það er vissulega illa farið. Það er hugkvæmni og kjarkur einstaklinganna sem slíkra og í frjálsum félagssamtökum þeirra, sem hefur skilað okkur lengst áleiðis í þeirri framfarasókn, sem hér hefur verið háð, og við höfum sízt efni á því, að þessir eiginleikar fái ekki einnig að njóta sín í sambandi við útflutningsverzlunina.

Einmitt um þessar mundir eru þeir atburðir að gerast í nágrannalöndum okkar, sem reynzt geta örlagaríkir í markaðsmálunum í framtíðinni. Ég á þar við stofnun markaðsbandalaganna tveggja í Vestur-Evrópu. Ef við stæðum utan við þessi bandalög, mundi það stórlega torvelda okkur að hagnýta markaði þessara landa fyrir útflutningsafurðir okkar, og ef við gengjum í annað hvort þeirra, yrðu þær atvinnugreinar, sem framleiða fyrir innlendan markað, fyrir hinni alvarlegustu samkeppni hér heima fyrir. Það er fyllilega kominn tími til þess, að við gerum okkur ljóst, hvar við stöndum í þessu máli. Það verður að krefjast þess af ríkisstj., sem ein hefur aðstöðu til þess að fylgjast fyllilega með gangi þessara mála, að hún geri grein fyrir þeim áhrifum, sem þessar breytingar eru líklegar til þess að hafa á útflutningsmál okkar, og skapi þannig grundvöll fyrir heilbrigðum, opinberum umræðum um þetta umfangsmikla og afdrifaríka vandamál.

Það er sjálfsagt að geta þess, sem gert er. Hæstv. viðskmrh. hefur nokkrum sinnum rætt þessi mál í blöðum og útvarpi og þá á þann veg, að ástæða er til þess að ætla, að hann láti fylgjast vel með því, sem er að gerast erlendis í þessum efnum. En það, sem skortir, eru grg. um það, hvaða áhrif þessir atburðir hafi fyrir okkur sérstaklega, og umr. um það, á hvern veg við getum helzt notið góðs af eða a. m. k. komizt hjá skakkaföllum af þessum breytingum.

Þjóðin hefur mátt þola það að undanförnu, að ákvarðanir í stærstu málum hennar séu teknar á klíkufundum stjórnarflokkanna og dembt yfir Alþingi og þjóðina sem fullgerðum hlutum. Þetta er algerlega óviðunandi. Þjóðin verður sjálf að fá tækifæri til heilbrigðrar skoðanamótunar. Það eitt getur tryggt farsælar niðurstöður. En skilningur hv. stjórnarliða á þessu undirstöðuatriði heilbrigðs lýðræðisstjórnarfars kom glögglega í ljós í ræðum hv.

þm. Matthíasar Á. Mathiesens og Birgis Finnssonar hér í gærkvöld og raunar hjá hæstv. dómsmrh. líka. Birgir Finnsson reiknaði meira að segja út í krónum og aurum, hvað málfrelsi íslenzkra alþm. kostaði um klukkutímann, eftir að fleygt hefur verið framan í þá niðurstöðum klíkufundanna. Þetta lofar engu góðu.

Góðir hlustendur. Í upphafi þessarar aldar bjuggu hér á landi innan við 80 þús. manns. Það fólk tók við lítt ræktuðu landi, sárafábreyttum atvinnutækjum og svo til engum varanlegum mannvirkjum. Af mikilli elju og fullkomnu æðruleysi tók þessi fámenni hópur að byggja upp nútímaþjóðfélag, rækta land sitt, byggja yfir sig varanleg hús og afla sér fullkominna atvinnutækja. Þessi mikla framfarasókn gekk misjafnlega vel á ýmsum tímum, en á henni varð aldrei lát. Smátt og smátt bar fórnfýsi og óbilandi trú þjóðarinnar árangur, og um miðja öldina var málum okkar þannig komið, að lífskjör okkar og lífnaðarhættir voru komnir á svipað stig og bezt gerist með öðrum þjóðum.

En íslenzku þjóðinni var það sízt að skapi að leggja þá upp laupana og láta við það sitja. Aðrar þjóðir voru þá í örri efnahagslegri framþróun, og Íslendingar vildu ekki dragast aftur úr. Þeir eygðu líka í landi sínu óþrjótandi verkefni, sem til framfara horfðu, og þess vegna var haldið áfram af þrotlausum kjarki og bjartsýni, og það er tvímælalaust vilji þjóðarinnar, að enn verði framhald á því. Kjarkleysi það og svartsýni, sem mótar lömunarstefnu núv. ríkisstj., hefur alltaf verið og er íslenzku þjóðinni framandi.

Í lok þessarar aldar tekur við landinu kynslóð, sem verður fimmfalt fjölmennari en sú, sem tók við því í upphafi hennar, og meir en helmingi fjölmennari en við erum í dag. Síaukin tækni og síbatnandi lífskjör munu gera kröfur þeirrar kynslóðar til tilverunnar margfalt meiri en þær, sem við gerum nú. Það er enginn vafi á því, að það er vilji þjóðarinnar í dag og metnaður hennar, að það verði ekki síðar sagt, að hinni miklu framfarasókn aldarinnar hafi lokið árið 1960, og það er skylda okkar við komandi kynslóðir, að við tryggjum þeim þá fjármunaarfleifð, sem nauðsynleg er til þess að skapa traustan grundvöll undir líf þeirra og starf. — Góða nótt.

Sigurður Ingimundarson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það, sem vakið hefur mesta athygli almennings í mörgum útvarpsumræðum að undanförnu, er hin algera samstaða stjórnarandstöðuflokkanna, kommúnista og framsóknarmanna, jafnt í efnahagsmálum sem utanríkismálum, og hefur hún þó komið enn betur fram í sölum Alþingis á undanförnum tveimur þingum.

Forsaga efnahagsmálsins var sú, að þjóðin hafði, eins og málin stóðu á árinu 1958, árið sem vinstri stjórnin gafst upp, samkvæmt skýrslu, sem Torfi Ásgeirsson hagfræðingur Alþýðusambandsins gaf launþegasamtökunum, eytt stríðsgróðanum öllum, Marshallhjálp, gjafafé, öllum fáanlegum lántökum og lánstrausti, eða nærri 5000 millj. kr., reiknað á verðlagi þess árs, umfram eigin samtíma framleiðslu, og ný viðhorf blöstu við, eins og Torfi segir í skýrslu sinni orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, — Torfi segir:

„Við höfum til ráðstöfunar aukalega fé, sem slagar hátt upp í að samsvara verðmæti allrar þjóðarframleiðslunnar í heilt ár. Sé horft fram á við, þá er það augljóst, að þetta lántökuskeið er senn runnið á enda og við blasir tímabil, þar sem þjóðin, í stað þess að hafa til ráðstöfunar allt verðmæti sinnar eigin framleiðslu og að auki 5—10% af erlendu fé, aðeins hefur til umráða eigin framleiðslu, að frádregnum vöxtum og afborgunum af erlendum skuldum."

Hér lýsir Torfi því ástandi, sem Alþfl.-stjórnin tók við eftir uppgjöf vinstri stjórnarinnar, og vitað var, að það þurfti stærra átak en nokkru sinni fyrr til þess að tryggja rekstur vertíðarflotans í ársbyrjun 1959. Stjórn Emils Jónssonar setti sér það mark að koma á samningum við sjómenn og útvegsmenn um rekstur bátaflotans, að stöðva þá óðaverðbólgu, sem á var skollin, og helzt reyna að lækka hana, að afgreiða hallalaus fjárl., að afgreiða kjördæmamálið, að leggja málin síðan undir dóm þjóðarinnar, svo að við gæti tekið meirihlutastjórn, sem ráðizt gæti gegn rótum efnahagsvandamálsins í umboði þjóðarinnar. Þessi verkefni leysti stjórn Emils öll og raunar fleiri til fulls og fékk fyrir þakkir þjóðarinnar með öruggum kosningasigri. Samstarf Alþfl. og Sjálfstfl. eftir kosningarnar byggðist m. a. á eftirfarandi stefnuatriðum:

Að ráðast gegn meinsemdum efnahagslífsins og dreifa byrðunum af þeirri framkvæmd réttlátlega á þjóðina alla.

Að hækka verulega bætur almannatrygginga, einkum fjölskyldubætur, elli- og örorkulífeyri, til þess að hlífa þeim, sem hlífa skyldi, og reyna að auka hag þeirra, sem ekki var orðin vanþörf á.

Að endurskoða skattakerfið með það fyrir augum fyrst og fremst að afnema tekjuskatt á algengar launatekjur.

Að taka upp samningu þjóðhagsáætlana, er verða mættu leiðarvísir stjórnarvalda um markvissa stefnu í efnahagsmálum, og tryggja þannig grundvöll að heilbrigðri uppbyggingu atvinnuveganna, svo að þjóðin fengi í náinni framtíð að njóta fórna sinna í vinnu og fjárfestingu með góðri og batnandi lífsafkomu, en á því hefur orðið alvarlegur misbrestur og öfugþróun undanfarinn áratug.

Nú er hafinn undirbúningur að gerð þessara þjóðhagsáætlana, og hefur þá stefnuskráratriðunum öllum að nokkru eða öllu verið hrundið í framkvæmd.

Gagnrýni stjórnarandstöðuflokkanna gegn þessum nauðsynlegu aðgerðum ríkisstj. verður ekki betur saman dregin en gert var í prentuðu þingskjali eins af forustumönnum stjórnarandstöðunnar, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórnarsamstarfið hófst með gengisfellingu, okurvöxtum, lánabanni og öðrum ófarnaði, sem leitt hefur yfir þjóðina meira hörmungarástand en hún hefur í mörg ár þurft að horfa framan í." Þetta hefur verið tónninn í afstöðu hinnar samvöxnu stjórnarandstöðu. Það er því ekki að ófyrirsynju, að stjórnarliðar hafa við ýmis tækifæri innt þessa háu herra eftir því, hvað þeir hefðu sjálfir viljað gera,

hvernig þeir hefðu sjálfir viljað leysa vandann, og hefur þá orðið fátt um andsvör og helzt verið hörfað í það skjól, að efnahagsaðgerðir ríkisstj. hafi verið með öllu óþarfar, allt hafi verið í bezta lagi í árslok 1958, þegar vinstri stjórnin, þeir hv. þm. Hermann, Eysteinn, Lúðvík og Hannibal yfirgáfu ráðherrastólana af fúsum vilja og í bezta bróðerni.

Þessi afstaða þarf athugunar við, og skal ég þó ekki sjálfur dæma um, hvort afsakanir stjórnarandstöðunnar um hið góða ástand í árslok 1958 og úrræðaleysi þeirra þá og síðar sé á rökum reist eða gífuryrði þeirra um sjúklega mannvonzku núv. ríkisstj. Vil ég aðeins láta nægja að vitna í nokkrar samtímaheimildir, þ. e. a. s. frá árinu 1958, sem þeir ættu sjálfir að kannast við og reka ofan í sjálfa sig, ef þeir kæra sig um.

Eins og menn rekur minni til, framkvæmdi vinstri stjórnin uppbótakerfisaðgerðir í maí 1958, sem jafngiltu 23—35% gengisfellingu í innflutningsverzluninni og 35—45% gengisfellingu í útflutningsverzluninni. Þegar fyrirsjáanlegt var, að árangur þessara aðgerða var að renna út í sandinn, aðeins sex mánuðum síðar, skrifaði forseti Alþýðusambandsins, þáv. ábyrgur hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, grein í Vinnuna, málgagn Alþýðusambandsins, þar sem hann skoraði á bændur landsins að gefa eftir hækkun á landbúnaðarvörum og skoraði á umbjóðendur sína, verkamenn og aðra launþega, að gefa eftir nokkur vísitölustig og hafði það þó verið gert tvisvar áður í stuttri stjórnartíð hans. Skömmu síðar fór hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, hina frægu för sína til Alþýðusambandsþings sömu erinda. Mér dettur ekki í hug að ætla, að þessir menn hafi gert þetta að ástæðulausu eða af illum hug til þessara stétta. En athyglisvert er að bera þetta saman við framferði þeirra nú. Í grein sinni lýsti Hannibal réttilega háskalegum afleiðingum þeirrar óðaverðbólgu, sem var að skella á, og segir síðan orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er flestum orðið ljóst, að þetta er leiðin til glötunar. Þessa leið má ekki renna á enda. Hún liggur fram af hengiflugi."

Þegar hv. þm. skrifaði þessar setningar, var honum ekki ljóst, að Moskvukommarnir, sem stjórna Alþýðubandalaginu, voru tiltölulega ánægðir með öngþveitið, sem var að myndast, þ. e. sama fjármálalega og atvinnulega öngþveitið og þeir stefna að í öllum vestrænum ríkjum. Kommarnir voru staðráðnir í því að láta ekkert samkomulag nást innan vinstri stjórnarinnar. Þeir vissu, að erfitt hlutverk biði þeirrar stjórnar, sem við tæki. Þeir héldu, að þau verk, sem hún yrði að vinna, hlytu að verða óvinsæl, á væntanlega ríkisstj. yrði auðvelt að deila, hver sem hún yrði og hvað sem hún gerði, og dylja þar með sinn eigin vanmátt og vanefndir. Nokkrum dögum síðar, eða nánar tiltekið 5. des., sagði hæstv. þáv. forsrh., Hermann Jónasson, af sér f. h. ráðuneytisins og viðhafði að lokum þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Ný verðbólgualda er þar með skollin yfir. Við þetta er svo því að bæta, að í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínu áliti geti stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg, ef ekki næst samkomulag um raunhæfar ráðstafanir."

Þetta voru orð forsætisráðherrans. Ég skal aðeins skjóta inn í, að stjórn Emils Jónssonar sá um það nokkrum dögum síðar, að þessi verðbólguþróun yrði ekki óviðráðanleg.

Eftir þessar yfirlýsingar ráðherranna, Hermanns og Hannibals, sem einir telja sig vera hina réttu umbjóðendur bænda og launþega, verður mér að spyrja: Var það forsvaranlegt gagnvart umbjóðendum þeirra að skilja þá eftir á leiðinni til glötunar, á brún hengiflugsins? Voru þessir herrar og flokkar þeirra efnivið urinn í þá stjórnarandstöðu, sem síðan hefur barið sér á brjóst og þyrlað upp moldviðri blekkinga og beitt hefur niðurrifsöflum sínum, fyrst gegn úrræðum Alþýðuflokksstjórnarinnar og síðan gegn núv. ríkisstj.? Menn höfðu búizt við þessu af kommúnistum. En það liggur við, að mönnum renni til rifja að sjá fullorðna, reynda, gegna og greinda framsóknarmenn stíga þennan villta dans. Það var orðin nokkuð útbreidd skoðun, að ekki væri hægt að hafa kommúnista utan ríkisstjórnar vegna niðurrifsstarfsemi þeirra í stjórnarandstöðu. Eru framsóknarmenn að reyna að skapa sér sama kostinn? Illa þekki ég íslenzka bændur, ef þeim geðjast að óábyrgu og óraunhæfu yfirboðskapphlaupi Framsóknarforustunnar við kommúnista, og er raunar vitað, að ýmsum góðum flokksmönnum þeirra er þegar nóg boðið.

Það alvarlegasta við þetta er þó það, að samstaða þessara flokka nær aðeins til stjórnarandstöðu, innan ábyrgrar ríkisstjórnar er samstaða þeirra engin. Eins og ég gat um í upphafi, hafa stjórnarandstöðuflokkarnir farið leynt með sín úrræði í vandamálunum, þó að hart hafi verið eftir því gengið, að þeir gerðu grein fyrir þeim. En þó að þeir fari nú leynt með úrræði sín s. l. tvö ár, eru þó kunn og skjalföst þau úrræði, sem þeir lögðu til í vinstri stjórninni vorið 1958 og ekki náðist samstaða um. Hér er því miður ekki tími til þess að gera grein fyrir álitum þeirra og tillögum, en ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa nokkur atriði.

Álit framsóknarmanna byrjar svona: „Núverandi uppbótakerfi hefur eftirfarandi höfuðgalla, einkum vegna þess, hve uppbætur eru orðnar háar." Svo kemur löng og ljót lýsing, sem ekki er tími til að rekja hér, en síðar kemur: „Fyrir því leggjum við til eftirfarandi: Í stað uppbótakerfis þess, er nú gildir, verði lögleitt almennt yfirfærslugjald á keyptan og seldan gjaldeyri, er komi í staðinn fyrir núverandi útflutningsbætur annars vegar og 16% yfirfærslugjald og innflutningsgjald hins vegar. Þetta gjald verði við það miðað, að bátaútvegurinn við þorskveiðar búi við eigi lakari kjör en nú." Ég spyr: Hvað er þetta annað en gengisfelling, gengisfelling, einmitt miðuð við afkomu bátaflotans, eins og núv. stjórn gerði? Síðan segir í álitsgerðinni: „Leitað verði samkomulags við launþegasamtökin og bændasamtökin um að falla að einhverju leyti frá að taka kaupgjalds- og afurðahækkun samkvæmt framfærsluvísitölu, til þess að komizt verði hjá óheppilegri víxlverkun til hækkunar á afurðaverði og kaupgjaldi, sem

þó kemur hvorugum þessara aðila að gagni.“ Ég spyr: Var það ekki einmitt þessi víxlverkun, sem stjórn Emils Jónssonar stöðvaði?

Og í till. Alþb. segir m. a.: Fyrsta tillaga Alþb.: „Lánveitingar fjárfestingarsjóða, eins og ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, séu stranglega miðaðar við tekjur og eignir sjóðanna og beinar erlendar lántökur.“ Á máli stjórnarandstöðunnar væri þetta nú kallað lántökubann og samdráttartillaga. Önnur tillaga Alþb.: „Endurkaupalán Seðlabankans hækki alls ekki miðað við 1. jan. 1958 nema í samræmi við auknar útflutningsafurðir af seljanlegri vöru.“ Nú væri þetta á máli þeirra kallað lántökubann. Þriðja till. Alþb.: „Viðskiptabankarnir auki ekki skuldir sínar við Seðlabankann árið 1958.“ Nú væri þetta kallað lántökubann og samdráttur. Fjórða tillagan er um 100 millj. kr. lántöku í Sovétríkjunum. Fimmta tillaga, a-liður: „Gjaldeyrissala verði svipuð og 1957, og sé því ekki miðað við, að gjaldeyrisstaðan geti batnað á árinu, nema gjaldeyristekjur fari vaxandi.“ B-liður: „Gjaldeyrissala til hátollavöru sé 10% meiri en 1957. Gjaldeyrissala til fjárfestingar sé 20% minni en 1957.“ C-liður: „Dregið sé úr gjaldeyrissölu til véla- og tækjakaupa og takmörk sett á gjaldeyrissölu til nokkurra vöruflokka.“ Nú mundi þetta kallað á máli stjórnarandstöðunnar haftastefna, aukning á lúxusinnflutningi, skortur eða skömmtun á nauðsynjavörum, fjárfestingar- og rekstrarvörum, samdráttur og atvinnuleysi. Sjötta till. Alþb.: „Dregið verði úr fjárfestingu á árinu, m. a. með því að veita 20—30% minni fjárfestingarleyfi en gert var 1957.“ Nú mundi þetta kallast byggingabann, samdráttur, atvinnuleysi. Sjöunda till.: „Útgjöld ríkissjóðs vegna framkvæmda verði lækkuð um ca. 20 millj. kr. og þannig dregið úr fjárfestingu af hálfu ríkisins.“ Nú mundi þetta kallast minnkun opinberra framkvæmda, samdráttur, atvinnuleysi.

Í þessu, sem ég hef nú rakið, hefur stjórnarandstaðan sjálf lýst efnahagsástandinu 1958. Stjórnarandstaðan hefur sjálf lýst úrræðum sínum og í rauninni sjálf svarað til fulls öllu sínu stjórnarandstöðu-málþófi. Hún hefði getað sparað sér og þjóðinni tveggja, þriggja og fjögurra tíma maraþonlýðskrumsræður og gífuryrða, sem þegar eru orðnar frægar að endemum og ekkert skilja eftir annað en alþingiskostnaðinn.

En þó að stjórnarandstaðan hafi í raun og veru svarað sér sjálf, get ég ekki stillt mig um að geta annarra heimilda frá miðju ári 1960. Samstarfsnefnd launþegasamtakanna fékk hingað til landsins einn af hagfræðingum alþýðusambandsins norska, Per Dragland, til þess að kynna sér efnahagsráðstafanir ríkisstj. frá sjónarmiði launþega og gefa álit sitt um þær. Það er rétt að taka það fram, að norskir launþegar hafa bætt lífskjör sín um ca. 40% s. l. áratug, á sama tíma sem lífskjör íslenzkra launþega hafa versnað. Úr langri skýrslu Draglands langar mig til að geta nokkurra atriða, með leyfi hæstv. forseta.

Um uppbótakerfið segir hann m. a.: „Yfirfærslu- og aðflutningsgjöldin urðu til jafnaðar of lág. Til þess að mæta uppbótunum og til þess að uppbótakerfið væri starfhæft, varð innflutningurinn að vera meiri en útflutningurinn, þ. e. a. s. sjálft kerfið byggðist á halla í utanríkisviðskiptunum. Lúxusvörur báru hærri gjöld en nauðsynlegar vörur. Það er í sjálfu sér eðlilegt. En eftir því sem uppbótakerfið komst meira úr jafnvægi, hafði þetta í för með sér, að leyfður var óhóflega mikill innflutningur á lúxusvöru til að afla meiri tekna, eða m. ö. o.,“ segir Dragland, „þegar landið vantaði tilfinnanlega gjaldeyri, varð að flytja inn mikið af lúxusvöru til að halda uppbótakerfinu starfhæfu. Hin mörgu og óþarflega dýru dollaragrín í Reykjavík munu vera afleiðing af þessu.“ Og hann heldur áfram: „Ég á erfitt með að sjá, að þetta geti verið hagstætt fyrir launþega. Útflytjendur lögðu áherzlu á vörur með háum uppbótum, og oft voru gjaldfrjálsar eða gjaldlágar innfluttar vörur notaðar í framleiðslunni í stað annarra, sem hefði mátt framleiða innanlands með góðum árangri. Þetta varð hemill á eðlilega þróun í landinu, en hagur fyrir erlenda framleiðendur. Ekki gat þetta heldur verið til hagsbóta fyrir launþega.“

Á öðrum stað segir Dragland: „Þegar atvinnurekandi eða fyrirtæki getur gengið að því sem gefnu, að verðlag muni halda áfram að hækka, miðar hann ekki fjárfestingu sína við hreina og beina útreikninga á þjóðhagslegri hagnaðarprósentu, en öllu heldur við það, hvað hægt er að fá af lánsfé. Þess háttar braskkennd fjárfesting gefur sjaldan nokkurn arð þjóðfélagslega séð, sem geti staðið undir betri lífskjörum launþega. Hún er miklu frekar sóun á verðmætum þjóðfélagsins.“ Hann telur, að framleiðsluaukningin hafi ekki verið nógu mikil, miðað við fólksfjölgun og gífurlega fjárfestingu, og segir: „Það getur að sjálfsögðu verið skýring á því, að launþegar hafa ekki borið úr býtum hærri laun og meiri kaupmátt en raun ber vitni um. Þeim mun æskilegra“, segir hann, „er það frá þeirra sjónarmiði, að hreinsað sé til í því efnahagskerfi, sem veldur öfugþróun í atvinnuvegunum og kemur í veg fyrir eðlilegan vöxt framleiðslu og lífskjara.“

Um efnahagsaðgerðirnar segir Dragland: „Það hlaut að vera eðlilegt að ákveða nýtt gengi þannig, að mikilvægasti útflutningsatvinnuvegurinn, þorskveiðarnar, fengi hæfilegt tækifæri til þess að komast af án styrkja.“ Honum þykja vextirnir háir, en segir síðan: „Að mínu áliti hafa hinar nýju reglur um útlán bankanna meiri áhrif á fjárfestinguna. Það undrar mig, að ekki skuli fyrr hafa tekizt að koma á slíku beinu aðhaldi í landi, þar sem allir bankar eru ríkiseign. Reynsla annarra landa sýnir, að útlánareglur bankanna eru eitt öruggasta tækið, sem stjórnarvöld geta beitt til að hafa tangarhald á fjárfestingunni. Skýringin á því, að þessu tæki hefur ekki verið beitt á Íslandi, getur verið sú, að verðbólgan hafi hrætt menn frá því að leggja fé sitt í banka og þannig hafi vaxandi fjárstraumur farið fram hjá bönkunum. Ef þetta er rétt, getur vaxtahækkunin haft meiri áhrif en ella, ekki sízt á þann hátt, að hækkaðir innlánsvextir fái bönkunum í hendur sterkari tök á lánamarkaðinum.“

Dragland telur, að viðskiptajöfnuðinn verði að bæta um 300—400 millj. kr. á ári, og telur það mikið og segir síðan: „Það er skoðun mín, að samtök launþega geri meðlimum sínum bjarnargreiða, ef þau taka ekki tillit til þess, hvað slíkt viðreisnarvandamál felur í sér. Ef ekki tekst að leysa það nú, mun það koma aftur eins og kastvopn Ástralíunegra og með auknum styrkleika. Ef lausnin brýzt fram gegnum hrun og kreppu, verða afleiðingarnar miklu geigvænlegri fyrir launþega heldur en ef viðreisnin fer fram eftir fyrirframgerðri áætlun. Það er heldur ekki í samræmi við raunveruleikann að ætla, að vandann sé hægt að leysa án þess að skerða lífskjör launþega. Það, sem ber að athuga og krefjast, er, að byrðunum sé skipt af réttlæti á allar stéttir og að líkur séu á, að lausnin veiti meira öryggi framvegis. Reynslan af hinum mörgu og dreifðu ráðstöfunum eftir stríðið hefur verið slæm, og ekki er hægt að lá launþegum eða samtökum þeirra, þótt þeir séu farnir að mæta nýjum ráðstöfunum með nokkurri tortryggni. Engu að síður er það lífsnauðsyn fyrir þá, að takast megi að koma fastari fótum undir efnahag landsins og losna við það ástand, sem hefur auðsiáanlega í mörg ár komið í veg fyrir, að fórnir þjóðarinnar í vinnu og fjármagni hafi borið viðunandi ávöxt í aukinni framleiðslu og bættum lífskjörum.“ Og síðar segir Dragland: „Ég fæ ekki séð, að um nokkra aðra betri leið hafi verið að velja. Vandamálin, sem krefjast úrlausnar, eru hvorki sök aðgerðanna sjálfra né þeirra manna, sem standa að þeim. Vandamálin hafa verið til staðar í mörg ár. Allar tilraunir til þess að stöðva verðbólguna hafa farið út um þúfur, og ástandið hefur versnað ár frá ári. Allt fram að þessu hafa erfiðleikarnir verið faldir með erlendum lántökum. Á þennan hátt hefur landið nálgazt það fet fyrir fet, að allir lánamöguleikar væru tæmdir, og þá hlaut brevtingin að koma, hvort sem þjóðin vildi eða ekki. Einnig án þessara aðgerða mundu lífskjör almennings brátt hafa versnað. Ég lít á ráðstafanirnar“, segir Dragland, „sem tilraun til að láta breytinguna fylgja fyrirframgerðri áætlun, takmarka tjónið og deila byrðunum af nokkurri sanngirni.“

Hér lýkur tilvitnunum í álit Draglands. Ég fæ ekki betur séð en að álit þessa hagfræðings norska alþýðusambandsins styrki álit og tillögur stjórnarandstöðunnar, svo langt sem þær náðu, meðan þeir voru í ábyrgri ríkisstjórn. Það vantaði aðeins samstöðu, einurð og kjark til þess að framkvæma það, sem gera varð. En undan þeim vanda hefur núv. ríkisstj. ekki vikið sér.

Það er nauðsyn, að þjóðin taki í taumana við þá landlægu þjóðarógæfu, sem er blygðunarlaus stjórnarandstaða. — Góða nótt.

Alfreð Gíslason læknir: Herra forseti. Á árunum 1956—58 kom það fyrir og jafnvel oftar en einu sinni, að allt kaupgjald í landinu var hækkað með lagaboði. Þessi staðreynd bendir óneitanlega til þess, að þá hafi löggjafinn ekki talið sér hlut launastéttanna með öllu óviðkomandi. Á sama tímabili gerðist það einnig, að ofur lítill sérskattur var í eitt skipti fyrir öll lagður á þá menn, sem aðstöðu sinnar vegna höfðu auðgazt öðrum fremur á verðbólgu undanfarinna ára. Þessi sérsköttun milljónamæringa kom við kaunin á þeim, sem fyrir henni urðu, eins og frægt er orðið, og þótti skattlagningin bera vott um, að báv. stjórnarvöld litu ekki á auðmennina sem neina forréttindastétt. Á þessum árum bar það enn fremur til tíðinda, að fiskveiðilandhelgin var að íslenzkum lögum stækkuð til mikilla muna. Var það gert að ráði sérfróðra manna, sem töldu stækkunina knýjandi þjóðarnauðsyn, og það var gert þrátt fyrir mótmæli nokkurra NATO-þjóða og þrátt fyrir hótanir Breta um valdbeitingu.

Þessar svipmyndir frá tímum vinstri stjórnarinnar eru skýrar og raunar hverju mannsbarni kunnar. Þær sýna það ótvírætt, að þá áttu vinnustéttirnar fulltrúa í ríkisstj., að þá höfðu stórlaxar atvinnu og viðskipta ekki húsbóndavald á Alþingi og að þá voru lífshagsmunir Íslands metnir meira en duttlungar útlendra yfirgangsseggja. Stjórnarfarið var á þeim árum mótað af tillitinu til þess fólks, sem hirðir arðinn einvörðungu af eigin vinnu. Því var ekki þá skorinn stakkur einhliða eftir þörf auðfyrirtækja, og því síður hafði það þá tekið á sig fullt svipmót erlendra afskipta.

Þessu tímabili lauk í desember 1958, er leiðtogar Alþfl. gengu Sjálfstfl. á hönd. Þá hófst það stjórnmálatímabil, sem enn er ekki séð fyrir endann á, en reynist til þessa alger andstæða hins. Nú er öllu snúið við og það látið vita upp, sem áður sneri niður. Dæmin eru augljós. Í ársbyrjun 1959 voru sett lög um kauplækkun. Árinu áður hafði kaup verið hækkað með lögum frá Alþingi, en nú var öfugt að farið og kaup lækkað. Nam sú lækkun 13.4% og var að nokkru leyti knúin fram með niðurgreiðslum, sem auðvitað eru sóttar í vasa launþega, en að verulegu leyti var þessi lögskipaða launalækkun bótalaus með öllu. Þannig lækkaði tímakaup verkamanna í upphafi stjórnartíðar Alþfl. um 3.19 kr., úr 23.86 kr. í 20.67 kr., og laun allra annarra í samræmi við það. Þetta lækkaða kaup hefur síðan haldizt óbreytt til þessa dags, enda á það lögð megináherzla, að það hækki ekki. Ári síðar, í ársbyrjun 1960, er enn vegið í sama knérunn og þó með breyttri aðferð. Í það sinn er dýrtíðarsvipunni beitt með þeirri afleiðingu, að síðan hefur kaupmáttur launa farið þverrandi jafnt og þétt, og veit enginn enn, hve löng sú þróun verður. Opinberar skýrslur herma, að verð á brauði hafi þegar hækkað um 17% síðan í fyrra, hiti og rafmagn um 23%, fatnaður og álnavara um 25%, nýlenduvörur um 30% og mjólvara um 51%, svo að nokkur dæmi um verðhækkanir séu nefnd. Þessi dýrtíð, sem stöðugt fer vaxandi, jafngildir því, að kaup lækki mánuð hvern síðan í byrjun árs 1960.

Stjórnarherrarnir hafa sýnt hug sinn til vinnandi fólks á fleiri vegu. T. d. hafa þeir ráðizt á skattakerfið og eru nú á góðri leið með að umturna þar öllu. Breytingin er fólgin í því að lækka og síðan afnema þá skatta, sem lagðir eru á eftir efnum og ástæðum, en láta í þeirra stað koma aukna neyzluskatta, sem fá-

tækir verða að greiða jafnt og ríkir. Tekjuskattur var þannig lækkaður á s. l. ári, og nemur lækkunin því fleiri krónum sem tekjur manns eru hærri. Það segir sína sögu. Í stað þessarar lækkunar var lögleiddur almennur söluskattur á nauðsynjar, allar nauðþurftir hins fátæka manns. Fyrirmyndin er þekkt, hún er frá miðöldum og þótti ljót orðin þegar á síðustu öld.

Jafnvel því þjóðnýta verki vinstri stjórnarinnar að stækka landhelgina var ekki þyrmt. Aðgerðin var gerð í blóra við Breta, og það gátu vinir þeirra, núverandi íslenzkir valdhafar, aldrei sætt sig við. Nú hafa þeir ógilt stækkunina og ekki einasta það, heldur afhent framandi þjóð umráðaréttinn yfir íslenzka landgrunninu um aldur og ævi. Sigur Íslands var þessum ráðamönnum lítils virði hjá hinu að mega baða sig í náðarsól brezkra og bandarískra stjórnarvalda.

Þessi dæmi sýna glögglega gerólíka afstöðu ríkisstjórna til sömu málefna. Þau eru öllum landsmönnum kunn, og því eru þau valin. Þau fjalla um staðreyndir, sem jafnvel Morgunblaðið getur ekki haggað með áróðri sínum. Hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur skert lífskjör launafólks, breytt skattalögum hátekjumönnum í vil og fargað rétti Íslendinga til einhliða landhelgisstækkunar. Allt er þetta öfugt við þá stefnu, sem fylgt var á árunum 1956—58. Tilgreind dæmi eru að vísu fá, en sýna þó vel þann reginmun, sem er á stefnu vinstri manna og hægri manna í þessu þjóðfélagi.

Leiðtogar núverandi stjórnarvalda víla ekki fyrir sér að neita staðreyndum og að segja svart hvítt. En öllu eru þó takmörk sett, líka neitun staðreynda. Þannig tjóar þeim ekki nú að neita því, að kostur launþega og bænda hafi verið þrengdur, að nýr söluskattur hafi verið lagður á brýnustu nauðsynjar fólksins og að erlendum fiskiskipum hafi verði hleypt langt inn fyrir 12 mílna landhelgismörkin. Hitt er svo annað mál, að þeir þvkjast ekki í vandræðum með afsakanir. Það er nú einu sinni svo, að afsakanir eru hálmstrá þeirra manna, sem berir verða að mistökum eða blekkingum. Það er gamalkunnugt, að árinni kennir illur ræðari.

Þeir voru ósparir á fögur loforð, Sjálfstfl. og Alþfl., fyrir síðustu kosningar. Þeir lofuðu að koma atvinnuvegunum á traustan og heilbrigðan grundvöll og að bæta lífskjör fólksins í landinu. Til þess að efna þau heit hafa þessir flokkar nú haft á þriðja ár til umráða. Hafa atvinnuvegirnir þá ekki blómgazt og lífskjörin batnað á þessum tíma? Því svarar öll þjóðin hiklaust neitandi, og komast stjórnarliðarnir þar ekki upp með moðreyk. Það er þá, sem gripið er til afsakana. Vinstri stjórnin var svo vond, segja núv. hæstv. ráðh., það er hennar sök, að okkur gengur ekki betur. Ef þessi afsökun þykir ekki sannfærandi, er gripið til annarra: aflabrests, verðlækkunar á lýsi o. s. frv. í það óendanlega. Og dugi afsakanir ekki, reyna þessir herrar að friðmælast við þjóðina. Þeir biðja hana að sýna þolinmæði enn um hríð og muni henni þá sem af himnum ofan veitast miklar kjarabætur.

Það er líka til, þótt ótrúlegt sé, að þessir stjórnarherrar hafi í hótunum við landslýðinn. Kauphækkun getur ríkisstj. gert að engu með nýrri gengislækkun, eins og hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, benti nýlega á í þjóðaráheyrn.

Það er þess vert að staldra ögn við þá margendurteknu fullyrðingu stjórnarliðsins, að lífskjörin muni batna, ef hæstv. ríkisstj. fái óáreitt að fara sínu fram, hver veit hvað lengi. Hvernig má slíkt kraftaverk ske? Svar stjórnarsinna er ævinlega dularfullt og tvírætt, eins og vera ber, þegar kraftaverk eru annars vegar. Þeir segja, að kaupið muni hækka, þegar framleiðslan aukist. En þeir tilgreina aldrei, hve mikið hún þurfi að aukast né hvort það er ríkisstj. eða atvinnurekendur, sem eigi að ákveða launahækkunina. Nú vill svo hlálega til, að þjóðarframleiðslan hefur verið að aukast ár frá ári um langt skeið. Á tímabilinu 1955 til ársloka 1959 jókst framleiðslan um það bil um 35% eða um 6—7% að meðaltali á ári hverju. Hefur þetta þá ekki leitt til þess, að launþegar hafi fengið kjarabætur sem þessu svarar? Hafa þeir ekki öðlazt sinn hluta af framleiðsluaukningunni í hækkuðu kaupi? Nei, því fer alls fjarri, eins og öllum er kunnugt. Hlutdeild launafólks í þjóðartekjunum fer minnkandi, og í sinn hlut fær það ekkert af framleiðsluaukningunni. Þetta er staðreynd, en hitt fleiður eitt, að launakjörin batni á einhvern dularfullan hátt, þótt framleiðslan aukist. Hvenær hafa ríkisstjórnir íhaldsins eða atvinnurekendur komið til launþeganna og sagt: Nú skuluð þið fá kauphækkun, því að nú hefur framleiðslan aukizt? Slíkt hefur aldrei komið fyrir og mun aldrei koma fyrir. En þetta er það einmitt, sem hæstv. ríkisstj. er að lofa upp í ermina á sér.

Nú ber þess líka að gæta, að vafasamt er, hvernig fer um þjóðarframleiðsluna næstu árin. Ef hrunstefnu núv. stjórnarvalda verður fylgt áfram, er ekkert líklegra en að samdráttur verði í framleiðslu og er sá samdráttur raunar þegar hafinn. Því mega launþegar lengi bíða, ef þeir ætla að halda að sér höndum og treysta á það, að atvinnurekendur eða þeirra ríkisstj. færi þeim steiktar gæsir í munn.

Hæstv. ríkisstj. kennir stefnu sína í efnahagsmálum við viðreisn og vill með því hylja ljótar aðfarir undir fögru nafni. Af þessari viðreisn hafa landsmenn þegar fengið smjörþefinn. Launalækkun og dýrtíðaraukning, vaxtaokur og skattahækkun blasir við allra augum. Á öllu atvinnulífi og viðskiptalífi liggur hún eins og mara. Hún hefur þrengt vörumarkaði okkar erlendis. Hún hefur aukið á skuldasöfnun okkar í öðrum löndum. Viðreisnin verkar í vaxandi mæli lamandi á allt efnahagslífið, og getur það engum dulizt lengur.

Þessi undarlega viðreisn hæstv. ríkisstj. á sér að sjálfsögðu einhvern uppruna, en íslenzkrar ættar er hún ekki. Hún er ekki sprottin úr hérlendum jarðvegi, heldur er hún innflutt. Viðreisnin er aðfengin ákoma, eins og fjárkláðinn, sem geisaði hér fyrir 100 árum. Munurinn er sá helztur, að fjárkláðinn barst til Íslands með enskum hrútum, en viðreisnin aftur á móti með amerísk-íslenzkum hagfræðingum. Í Bandaríkjunum hefur þessi viðreisnarplága verið landlæg um árabil og valdið miklu efna-

hagslegu tjóni hjá þeirri auðugu þjóð. Þar hefur vaxandi atvinnuleysi og þverrandi framleiðsla siglt í kjölfar hennar, svo að nú minnir ástandið mjög á kreppuna miklu fyrir stríð. Þessari viðreisn hefur nú sjálfur Bandaríkjaforseti sagt stríð á hendur. Krefst hann afnáms þessarar viðreisnarstefnu Eisenhower-stjórnarinnar og leggur ríka áherzlu á ríflega hækkun láglauna í því skyni að auka kaupgetuna og örva framleiðsluna. En Kennedy forseti á í höggi við sterk afturhaldsöfl í sínu landi, eins konar Alþýðuflokk Norðurríkjanna og eins konar Sjálfstæðisflokk Suðurríkjanna, og fyrir þessum öflum beið forsetinn sinn fyrsta ósigur nú fyrir nokkrum dögum, er hann freistaði þess að fá lægstu laun þar í landi hækkuð um 25%. Ekki veit ég, hvort afturhaldið í Bandaríkjunum er farið að kalla Kennedy kommúnista, en eitthvað var Morgunblaðið að tæpa á kommúnistaheitinu í sambandi við nafn hans á forsíðu hinn 19. þ. m.

Það er gott til skilningsauka á viðreisnarfyrirbærinu að gera sér þess ljósa grein, að hún er útlend að uppruna og að henni var prakkað inn á íslenzku þjóðina. Launalækkunin og dýrtíðaraukningin var aldrei hugsuð sem leið til bættra lífskjara, heldur var hvort tveggja og viðreisnin öll til þess gerð að færa íslenzkt efnahagslíf í spennitreyju þess helsjúka bandaríska efnahagskerfis, sem nú er að koma öllu á kaldan klaka í sínu heimalandi. Íslendingum er hollt að skilja þetta, því að það skýrir margt. Viðreisninni undarlegu var komið á hér fyrir tilstilli erlendrar íhlutunar. Þess var krafizt erlendis frá, að við gerbreyttum efnahagskerfi okkar, og við þeirri kröfu urðu núv. íslenzkir stjórnarherrar. Þetta voru enn ein afskipti erlendra stjórnarvalda af innanríkismálum Íslands, efnahagsmálunum að þessu sinni.

Stjórn Bandaríkjanna hefur því miður ekki borið gæfu til þess á undanförnum árum að fylgja að öllu viturlegri stefnu í heimsmálum. Þau hafa m. a. gerzt hættulega afskiptasöm um innri mál þeirra þjóða, sem þau vildu hafa gott af. Þetta hefur víða gert Bandaríkin óvinsæl, enda skapað vandræði í viðkomandi löndum. Það hefur ekki heldur bætt úr skák, að bandarísk stjórnarvöld hafa hvarvetna lagt lag sitt einhliða við mestu afturhaldsöfl þessara þjóða og stutt þau til valda.

Sjálfstfl. og Alþfl. urðu til þess hér að leyfa innflutning á viðreisninni. Þessir flokkar hafa einnig fallizt á að minnka fiskveiðilandhelgi Íslands. Það var greiðasemi og til þess gert að skapa ró og frið í miðstöðvum NATO, sem er eftirlætisbarn Bandaríkjanna. Það voru enn fremur að verulegum hluta sömu íslenzku stjórnarherrarnir, sem tosuðu Ísland inn í stríðsbandalag 1949 og leyfðu þá tæpum tveim árum síðar, að bandaríska herveldið hreiðraði um sig með her og herstöðvar á við og dreif um landið. Þetta er allt af sama toga spunnið, aðildin að NATO, herstöðvarnar, viðreisnin og eftirgjöfin í landhelgismálinu. Ekkert af þessu var gert í þágu íslenzkrar þjóðar, heldur var það gert til að þóknast útlendum valdhöfum, sem hafa önnur sjónarmið og aðra hagsmuni að berjast fyrir en við.

Friðsöm og vopnlaus smáþjóð hefur hvorki af því sæmd né hagnað að hreykja sér í hernaðarbandalagi með stórveldum og gera á þann hátt þeirra ófrið að sínum ófriði. Sú aðild er rakin leið til ósjálfstæðis jafnt í friði sem ófriði, og á stríðstímum er hún vísasti vegurinn til tortímingar. Herstöðvar hér á landi voru Bandaríkjunum eitt sinn til nokkurs öryggis, en munu tæpast vera það lengur. En á okkur Íslendingum hafa þær hins vegar verið átumein frá fyrstu tíð. Þær eru skerðing á fullveldinu, skaðlegar þjóðerni, menningu og efnahag og ógnvaldur lífi og limum landsmanna í hernaðarátökum.

Í landhelgismálinu vorum við búnir að vinna sigur og höfðum hlotið sæmd af á alþjóðavettvangi. En þeir, sem töpuðu í því máli, Bretar, hafa sterka aðstöðu í NATO, við aftur á móti veika. Þetta hefur nú gert gæfumuninn. Íslenzk stjórnarvöld glúpnuðu fyrir hinu erlenda valdi, og því unnu Bretar þetta stríð, þótt þeir töpuðu öllum orrustunum. Nú flykkjast erlend fiskiskip inn í 12 mílna fiskveiðilandhelgina, kreppa þar að íslenzkum bátum og spilla veiðarfærum. Þannig á það að ganga a. m. k. næstu þrjú árin, en þá verður samið á ný. Þetta er illt, en hitt er þó enn verra, að Íslendingar hafa verið látnir selja sjálfsákvörðunarréttinn yfir grunnsævinu umhverfis landið í hendur útlendra aðila, ekki til þriggja ára, heldur um aldur og ævi. Nú skal ekki lengur byggt á íslenzkum lögum um stækkun landhelginnar, heldur treyst á erlenda dómara og alþjóðalög, sem enn eru engin til um þessi efni.

Þótt Bretar fagni því að mega veiða upp að 6 mílna mörkunum næstu árin, telja þeir þó það mest um vert, að íslenzk stjórnarvöld skuli hafa afsalað réttinum til einhliða stækkunar landhelginnar. Þetta kemur skýrt fram í orðum brezka fiskimálaráðherrans, en þau viðhafði hann í opinberri yfirlýsingu fyrir tæpri viku. Hann sagði þá: „Brezka stjórnin mundi aldrei hafa fallizt á nokkurt samkomulag, sem hefði ekki tryggt hana gegn einhliða útfærslu íslenzku landhelginnar.“ Og hann bætti við: „Það er staðreynd, að brezk-íslenzki samningurinn, sem nýlega var gerður í Reykjavík, veitir okkur nauðsynlegar tryggingar að þessu leyti.“ Það er augljóst af þessum orðum, að brezka stjórnin telur sig hafa bundið hendur Íslendinga um alla framtíð í þessu máli, og það er ekki íslenzku stjórninni að þakka, ef á annan veg fer.

Talsmenn hæstv. ríkisstj. gerðu hér á dögunum mikið úr þeirri lífshættu, sem biði íslenzkra sjómanna, ef ekki yrði samið við Breta. Varð þessi kvíði varla skilinn á annan veg en þann, að ríkisstj. teldi sig hafa gilda ástæðu til að óttast áframhaldandi ofbeldi Breta, ef ekki yrði látið undan kröfum þeirra. Sé þetta rétt, þá hafa íslenzk stjórnarvöld samið undir ógnun, og þá er samningurinn nauðung, en slíkur samningur hefur ekkert gildi í augum siðmenntaðra manna eða fellur úr gildi sjálfkrafa, strax og ógnuninni er aflétt.

Þrír íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa þegar lýst yfir, að telja beri samninginn við Breta nauðungarsamning og að íslenzka ríkisstj. hafi ekki haft umboð til að gera hann án þjóðaratkvæðagreiðslu. Og þannig munu Íslendingar

líta á hann, allir sem einn, er fram líða stundir. Hann bindur ekki lengur en völd þeirra manna standa, sem í heimildarleysi gerðu hann.

Það er dapurlegt að fylgjast með því, hvernig íslenzk afturhaldsöfl draga þjóðina fet fyrir fet í átt ófrelsis og ófarnaðar. Hlutdeildin í NATO 1949, útlendur her og herstöðvar 1951, lögskipuð kauplækkun 1959, viðreisnin 1960 og uppgjöfin í landhelgismálinu 1961, allt eru þetta áfangar á þeirri ömurlegu braut. Það er ekki nema að vonum, að spurt sé, hvað komi næst, — eða er nokkur ástæða til að ætla, að hér verði látið staðar numið? Nei, áfram verður haldið, svo lengi sem þjóðhollari öfl en þau, er nú stjórna, fá ekki rönd við reist. Ég skal ekki spá, hver næsti áfangi verður, en vil aðeins benda á, að í uppsiglingu virðist vera stórmál þessarar tegundar. Það mál er nú rætt öðru hvoru í málgögnum stjórnarflokkanna og að vísu af hógværð enn. Líklega er það sama málið og hæstv. dómsmrh., Bjarni Benediktsson, var að tæpa á hér í gærkvöld.

Það, sem um er að ræða, er þetta: Það á að semja um það við erlend auðfélög að koma hér á fót stóriðju og nota fossaaflið og jarðhitann sem orkugjafa. Þessu er gefið fínt nafn og kallað: erlend einkafjárfesting á Íslandi. Hugmyndin er vafin fögrum umbúðum, ekki vantar það. Íslendingar eiga að vera meðstjórnendur, þeir eiga strax að eignast kóngsríkið hálft og allt eftir auðhringanna dag. Þannig getur þetta orðið nýr stórsigur Íslands á forsíðum Morgunblaðsins og engu minni en sigurinn í landhelgismálinu. Þó hljóðar blákaldur sannleikurinn á þessa leið: Útlend auðfélög fást aldrei til að stofnsetja né reka stóriðjufyrirtæki hér á landi öðruvísi en að uppfylltum ströngum skilyrðum, og meðal þeirra eru þau, að kaupgjald í landinu sé lágt, að miklar skattaívilnanir verði veittar og að leyfi fáist fyrir ótakmörkuðum útflutningi gróðans. Þetta vita stjórnarvöld okkar vel, enda virðast þau nú búa í haginn. Hvergi á byggðu bóli, nema í nýlendum, er kaup nú lægra en á Íslandi. Slíkt freistar auðfélaga. Skattalöggjöfinni er einnig verið að breyta til hagræðis fyrir auðfélög, og verður skattfrelsi félaga þar næsti áfanginn. En fyrir útflutningi gróðans má alltaf greiða, þegar þar að kemur. Litilli þjóð er alveg sérstök hætta búin af slíkri fjárfestingu í landi sínu. Með henni ná erlend auðfélög strax heljartökum á atvinnulífinu, og um leið öðlast þau sterka aðstöðu til pólitískra áhrifa. Að vísu mundu íslenzkir atvinnurekendur eignast traustan bandamann í kaupdeilum og íhaldið fá góðan stuðning við bakið, en þar með eru kostirnir líka upp taldir. Íslendingar mega aldrei gerast verksmiðjulýður útlendra auðfélaga. Þeir eiga sjálfir að nýta auðlindir sínar, eftir því sem eigin þarfir segja til um. Það geta þeir gert með heiðarlegu erlendu lánsfé, en ekki með því að ofurselja sig skuggalegum gróðafélögum. Í því efni á dæmi Suður-Ameríkumanna að vera okkur víti til varnaðar.

Herra forseti. Illa hefur verið haldið á mikilsverðum málum þjóðarinnar, og er öll sú óvíturlega meðferð ógnun við sjálfstæði hennar. Á síðustu öld urðu þeir Jón Sigurðsson og samherjar hans að heyja þjóðfrelsisbaráttuna á tvennum vígstöðvum, annars vegar við Dani, hins vegar við íslenzkan embættisaðal. Þessu er líkt farið enn í dag, þótt andstæðingarnir heiti nú öðrum nöfnum. Enn seilast erlendir aðilar til áhrifa hér á landi, og enn eiga þeir sér íslenzka málsvara og umboðsmenn. Við þessi öfl verða vökumenn þjóðarinnar að berjast í dag. Andstæðingarnir eru sterkir, og því mega vinstri menn ekki dreifa kröftum sínum, svo sem þeir hafa hingað til gert. Síðustu stjórnmálaatburðir ættu að verða öllum vinstri mönnum, öllum þjóðhollum mönnum alvarleg áminning um að sameina kraftana til stórra átaka gegn því margháttaða böli, sem þjóðina þjakar nú. Nýir fjötrar eru lagðir á hana árlega, og haldi svo fram, má hún sig hvergi hræra að lokum. Allir, sem frelsinu unna, hljóta að gera sér þetta ljóst. Enginn má lengur láta ginnast af hinum skefjalausa blekkingaáróðri afturhaldsaflanna, þar sem flóttinn er nefndur sigur, kreppan er kölluð viðreisn og áþjánin heitir frelsi.

Orðum mínum lýk ég með áskorun til allra vinstri manna, að þeir þegar á þessu ári fylki liði gegn þeim óþjóðlegu öflum, sem nú vaða uppi, að þeir sameinaðir taki upp baráttuna fyrir bættum kjörum vinnandi stétta, og umfram allt, að þeir allir sem einn maður snúist gegn hinu taumlausa dekri stjórnarvaldanna við erlenda hagsmuni. Verum þess minnugir, Íslendingar, að sjálfstæðisbarátta okkar er ævarandi og að þar má aldrei hlé á verða. Burt með herstöðvar og her og burt með stjórnarvöld, sem bera ekki fyrir brjósti hag lands og þjóðar.

Birgir Kjaran: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Eldhúsumr. eru umr. fyrir opnum tjöldum, þar sem þm. kveðja dyra á sérhverju útvarpsheimili og setjast á stól með heimilisfólkinu. Þær eiga því ekki að vera sjónarspil, heldur rökræður, þar sem hver og einn leggur sín kort á borðið, vitandi það, að almenningur í landinu er þrátt fyrir áróður og flokksbönd fús til að hafa jafnan það, er sannara reynist.

Eldhúsumr. eru reikningsskil þings og stjórnar til þjóðarinnar. Í þeim er ætlunin að gera upp þjóðarbúið og þjóðfélagsástandið, eins og það er talið liggja fyrir á líðandi stund. Við slíkt uppgjör eru það staðreyndir, en ekki stór orð, sem skipta máli. Í umr. sem þessum skulum við því gera okkur ljóst, að reiði og rök eru sitt hvað og fara raunar sjaldnast saman.

Stjórnarandstaðan hefur í umr. þessum gefið tilefni til ákveðins samanburðar, samanburðar milli stefnu vinstri stjórnarinnar og núverandi stjórnarstefnu. Þær staðreyndir, sem við verðum í því sambandi að gera okkur ljósar, felast í eftirfarandi fjórum spurningum:

1) Hvernig var efnahagsástandið hér á landi, þegar vinstri stjórnin lét af völdum?

2) Hvernig hefði þjóðinni vegnað, ef þeirri stjórnarstefnu hefði verið fylgt áfram eða ef ekkert nýtt hefði verið aðhafzt?

3) Hvað hefur núverandi ríkisstj. gert á sviði löggjafar, sem til úrbóta hefur miðað?

4) Hvern árangur hafa þessar aðgerðir núverandi ríkisstj. borið?

Þessum spurningum er ekki auðsvarað á fáum mínútum, en þess skal þó freistað. Við skulum þá fyrst hyggja að spurningunni: Hvernig var efnahagsástandið, þegar vinstri stjórnin lét af völdum í lok ársins 1958?

Dómar okkar, sem vorum andstæðingar þeirrar stjórnar, verða vafalaust taldir vilhallir og vefengdir. Dómar stjórnarsinna og þeirra, sem í stjórn sátu, verða hins vegar vart tortryggðir fyrir að vera stjórninni óhagstæðir, og því skulum við leiða einmitt þá til vitnis. Sjálfur forsrh., Hermann Jónasson, lýsti því yfir um þessar mundir, að atvinnulífið væri helsjúkt og að ný verðbólguskriða hefði skollið yfir þjóðina og að ekkert samkomulag væri innan ríkisstj. um nein úrræði til úrbóta. Hannibal Valdimarsson félmrh. og forseti Alþýðusambands Íslands hafði þau orð um ástandið, að fram undan væri leiðin til glötunar. Torfi Ásgeirsson, ráðunautur Alþýðusambandsins í efnahagsmálum, sagði í skýrslu sinni til Alþýðusambandsþings: „Sé horft fram á við, er það augljóst mál, að þetta lántökuskeið er senn runnið á enda". Þá voru líka afborganir íslenzka ríkisins af erlendum lánum komnar upp í það að vera 12% af heildarverðmæti alls útflutnings þjóðarinnar. Skv. sömu skýrslu Torfa Ásgeirssonar höfðu launakjör verkamanna rýrnað um 7% á fyrsta starfsári vinstri stjórnarinnar. Og skv. áramótagrein Hermanns Jónassonar í Tímanum 31. des. 1958 hafði kaupgjald verkamanna þó hækkað um 6% fram yfir það, sem þjóðarframleiðslan þoldi að hans dómi. Þannig var efnahagsástandið hér á landi, þegar vinstri stjórnin skildi við, að dómi hennar eigin forsvarsmanna: Helsjúkt atvinnulíf. Ný verðbólguskriða skollin yfir. Erlend skuldasöfnun fram yfir gjaldeyrisgetu. Kauphækkanir fram yfir framleiðslugetu þjóðarinnar. Og engin samstaða innan ríkisstj. um nein úrræði.

Þá komum við að annarri spurningunni: Hvernig hefði þjóðinni vegnað, ef stefnu vinstri stjórnarinnar hefði verið haldið áfram og ekkert frekara aðhafst?

Því er auðsvarað. Það svar samdi Jónas Haralz efnahagsmálaráðunautur Hermanns Jónassonar. Það svar var í skjalatösku Hermanns Jónassonar, þegar hann gekk á þing Alþýðusambands Íslands sællar minningar. Það svar hljóðaði þannig: Vísitalan á því herrans ári 1958 var komin upp í 185 stig. Og Jónas Haralz boðaði, að innan skamms tíma mundi hún verða komin upp í 217 stig og undir haustið 1959 mundi hún sennilega verða komin upp í 270 stig. Einu úrræði vinstri stjórnarinnar til þess að forða þjóðinni frá þessari óðaverðbólgu voru nýir skattar, nýjar álögur um 250 millj. kr., sem hefðu þýtt fyrir allan almenning í landinu 6% kjararýrnun til viðbótar þeirri kjararýrnun, sem fylgt hafði þegar í kjölfar annarra aðgerða vinstri stj. Við þessu ástandi tók núv. ríkisstj., þó að minnihlutastjórn Alþfl. hefði um ársskeið spyrnt við fótum eftir getu.

Og þá erum við komnir að þriðju spurningunni: Hvað gerði núverandi ríkisstj. á sviði löggjafar til úrbóta?

Fyrst er þá að nefna efnahagsmálalöggjöf viðreisnarstjórnarinnar, sem fól í sér: 1) rétta gengisskráningu, 2) afnám uppbóta- og styrkjakerfisins, 3) sköpun heilbrigðs starfsgrundvallar fyrir framleiðsluna, 4) frjálsa gjaldeyrisverzlun, 5) frjálsa innflutningsverzlun, 6) aukið vöruval í verzlunum og bætt vörugæði, 7) afnám fjárfestingarhafta, 8) utanríkisverzlun var gerð óháðari vöruskiptamörkuðunum og 9) stöðvun verðbólgunnar.

Þá voru það skattamálin. Með löggjöf sinni um tekjuskatt og útsvör afnam ríkisstj. tekjuskatt af þurftarlaunum og lækkaði útsvör verulega. Þessar breytingar á skattalöggjöfinni miðuðu að auknu jafnrétti á sviði skattamála og sniðu ýmsa agnúa af þeirri skattalöggjöf, sem fyrir var og beint hafði dregið úr athafnalöngun og vinnusemi landsmanna.

Í þriðja lagi má svo nefna bankamálin. Þar hefur ríkisstj. átt frumkvæði að því, að stigið hefur verið mikið og farsælt spor með samningu heildarlöggjafar um íslenzka banka. Þessi löggjöf er algerlega ópólitísk. Hún er lýðræðisleg og fullkomnari og nýtízkulegri en bankalöggjöf flestra annarra landa, og efa ég ekki, að núv. ríkisstj. mun hafa varanlegan heiður af því handaverki.

Þá eru það lögin um stofnlánadeildina, sem breyta skyndilánum útvegsins í föst fjárfestingarlán, sem verður að telja merka löggjöf, sem ekki mun valda deilum, a. m. k. þegar tímar líða. Svipað er og að segja um raforku- og jarðhitalöggjöfina, sem ef að líkum lætur mun valda kapítulaskiptum í sögu íslenzkra orkumála og vísindarannsókna almennt.

Margt fleira mætti til nefna af gagnmerkri, róttækri og stefnumarkandi löggjöf stjórnar Ólafs Thors, en til þess vinnst því miður ekki tími.

En löggjöf og góður ásetningur segja ekki nema hálfa söguna. Það, sem máli skiptir, er, hver hefur orðið árangur löggjafarinnar. Og komum við þar að fjórðu og síðustu spurningunni: Hvað segja staðreyndirnar um þau efni? Við skulum taka tilboði Framsóknarþingmanna frá í gærkvöld og gera samanburð á afrekum vinstri stjórnarinnar og viðreisnarstjórnarinnar. Við skulum aðeins líta á nokkrar óvefengjanlegar tölur, sem hver og einn getur sannprófað með því að líta í skýrslur Hagstofu Íslands og bankanna.

Gang efnahagsmálanna má lesa á nokkurs konar efnahagsloftvog. Þau tölulegu atriði, sem þar skipta einna mestu máli, eru eftirfarandi: 1) spariinnlán landsmanna, 2) verzlunarjöfnuður, 3) vísitala framfærslukostnaðar, 4) gjaldeyrisstaða bankanna, 5) innflutningur framleiðslutækja, 6) vinnufriðurinn í landinu. Skal nú farið fáeinum orðum um hvert þessara atriða fyrir sig.

Það þykir jafnan góðs viti, þegar sparifjármyndun eykst í landinu. Það er talið bera vott um vaxandi traust almennings á því þjóðfélagi, sem hann býr í, og auka möguleika þjóðarbúsins til vaxtar og þróunar. Hér hef ég nokkrar tölur, sem sýna þróun þessara mála á tímabili vinstri stjórnarinnar og á viðreisnarstjórnartímabilinu. Árið 1956 jukust spariinnlánin um

144 millj. kr., árið 1957 um 174 millj. og árið 1958 um 212 millj., en árið 1960, á ári viðreisnarstjórnarinnar, jukust þau um 357 millj. kr. eða helmingi meira en árleg meðalaukning nam á ári á tímabili vinstri stjórnarinnar.

Verzlunarjöfnuðurinn hefur og verið okkur Íslendingum nokkurt áhyggjuefni um langt skeið. Hann hefur yfirleitt verið óhagstæður og leitt til óhæfilega mikillar skuldasöfnunar erlendis. Þó er atriði, sem gefa verður gaum að, þegar gerður er samanburður á verzlunarjöfnuði einstakra ára, og það er, hvort hallinn á verzlunarjöfnuðinum stafar af eyðslu, auknum neyzluinnflutningi eða af innflutningi framleiðslutækja, sem síðar munu auka framleiðsluna, auka útflutning og þjóðartekjur og þannig rétta verzlunarjöfnuðinn við, þótt síðar verði. Ef við skoðum verzlunarjöfnuðinn frá þessu sjónarmiði, þ. e. a. s. drögum innflutning skipa frá verzlunarjöfnuðinum og berum hann þannig saman frá ári til árs, þá blasa við eftirfarandi staðreyndir: Á árinu 1957 er verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 780 millj., árið 1958 er hann óhagstæður um 410 millj., en árið 1960 er hann ekki óhagstæður um nema 218 millj. kr. Þá er það og staðreynd, sem vert er að undirstrika í þessu sambandi, að á tímabili viðreisnarstjórnarinnar hefur verið fluttur til landsins skipastóll, sem nemur 16.6 þús. smálestum, en á öllu tímabili vinstri stjórnarinnar voru ekki flutt inn skip nema samtals 8.3 þús. að smálestatölu, eða helmingi minna en skipainnflutningur hefur verið á tímabili viðreisnarstjórnarinnar, sem þó hefur setið mun skemur en vinstri stjórnin.

Nátengd verzlunarjöfnuði er gjaldeyrisstaða bankanna gagnvart útlöndum. Í lok ársins 1956 var staða íslenzku bankanna gagnvart útlöndum þannig, að þeir skulduðu 108 millj. kr., en í lok ársins 1960 er hún sú, að bankarnir áttu þá 250 millj. kr. inni erlendis, og hafði staða bankanna þannig batnað um tæpar 360 millj. á þessu tímabili.

Um vísitölu framfærslukostnaðar og vinnufriðinn í landinu er þetta að segja: Ef reiknað er með núverandi vísitölu fyrir bæði tímabilin, kemur í ljós, að á tímabili vinstri stjórnarinnar hækkaði hún um 14 stig, en á tímabili viðreisnarstjórnarinnar hefur hún aðeins hækkað um 4 stig. Þessi verðlagsþróun á tímabili vinstri stjórnarinnar leiddi eðlilega af sér mikinn óróa meðal launþega, sem m. a. kom fram í því, að 14 launþegasamtök áttu í langvarandi vinnudeilum á því stjórnartímabili. En á tímabili viðreisnarstjórnarinnar hefur aðeins komið til tveggja vinnustöðvana.

Góðir hlustendur. Ég hef í þessu sambandi reynt að halda mig aðeins við óvefengjanlegar tölulegar staðreyndir. En kjarni þessa máls er með almennum orðum sagt, að í lok vinstristjórnartímabilsins horfði til algers öngþveitis í efnahagsmálum þjóðarinnar og stjórnin sá engin ný úrræði, enda vil ég spyrja þingmenn og landsmenn: Hver vill snúa við? Hver vill snúa við til vinstristjórnartímabilsins? Hver vill snúa við til hinna stöðugu kjaraskerðinga? Hver vill snúa við til úrræðaleysisins? Hver vill snúa við til uppbóta- og styrkjakerfisins? Hver vill snúa við til fjárfestingarhaftanna? Hver vill snúa við til verzlunarófrelsisins? Ég held, að það sé enginn, sem vill snúa við til þessa ástands, enda verður ekki snúið við héðan af.

Við höfum lagt inn á nýja braut. Við höfum gert rétt, en ekki rangt. Það tekur tíma að ná settu marki. En ef þjóðin hefur festu til þess að ganga hina nýju braut, þá mun hún markinu fyrr eða síðar ná og lífskjör þjóðarinnar batna varanlega. — Góða nótt.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eldhúsdagsumræður eru til þess ætlaðar, að þar verði brugðið upp heildarmynd af störfum Alþingis. Bera þær svip af reikningsskilum milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga. Rísa þá oft hátt öldurnar og eru lítt spöruð lofsyrði um samherja og lastyrði um andstæðinga. Öll hljótum við að vera sammála um, að aldrei er ástandið í þjóðfélaginu alfullkomið, hvorki nú né endranær. Allir stjórnmálamenn, ef þeir á annað borð eru góðir menn, vilja þó að því vinna, hver eftir sinni sannfæringu, að ástandið verði jafnfullkomið og aðstæður frekast leyfa.

Alþingi hefur setið á rökstólum síðan 10. okt. í haust og lýkur að öllum líkindum störfum á morgun. Eru ekki líkur til, að það muni koma aftur saman fyrr en í október á næsta hausti. Ég mun nota það tækifæri, sem ég hef hér í kvöld, til að stikla á því stærsta, sem áunnizt hefur í nokkrum sérstökum málum, síðan núv. stjórnarsamstarf Sjálfstfl. og Alþfl. hófst, í þeirri von, að sú upprifjun geti orðið til þess að gera mynd áheyrenda af stjórnarstarfinu nokkru fyllri en ella.

Vík ég þá fyrst að nokkrum atriðum, sem félagsmál varða.

Ríkisstj. hefur haft forustu um, að félagslegt öryggi borgaranna hefur vaxið stórlega með auknum almannatryggingum. Sú aukning kemur glögglega fram, ef borin er saman heildarupphæð bótagreiðslnanna síðasta ár vinstri stjórnarinnar svokölluðu og áætluð upphæð á þessu ári. Árið 1958 var upphæðin 136.6 millj., en á þessu ári er hún áætluð 396.1 millj., þ. e. ekki langt frá því að vera þrisvar sinnum hærri.

Þegar í fyrravetur komu til framkvæmda stórauknar fjölskyldubætur, hækkun barnalífeyris og mæðralauna, en hvort tveggja eru greiðslur til einstæðra mæðra, svo og hækkun elli- og örorkulífeyris.

Næsta skref var stigið um síðustu áramót. Réttur margra bótaþega hefur til skamms tíma verið háður því, að tekjur þeirra færu ekki fram úr vissu hámarki. Þau ákvæði höfðu margvíslega ókosti í för með sér, eins og mörgum yðar, áheyrendur góðir, mun vafalaust vera kunnugt af eigin raun. Þessi svokölluðu skerðingarákvæði leiddu m. a. til þess, að lítils háttar tekjur, sem fullorðið fólk vann sér inn með atorku og iðjusemi, urðu til þess, að það missti ellilífeyri sinn. Sama var að segja um ýmsar aðrar tegundir bóta. Ákvæðin um þessa skerðingu voru felld niður um síðustu áramót. Jafnframt voru settar nýjar reglur, sem auka fríðindi þeirra, sem fresta töku ellilífeyris.

Þrátt fyrir þessar umbætur á sviði almanna-

trygginga er enn unnið að frekari lagfæringum á löggjöfinni um þessi efni. Koma þar til athugunar ákvæðin um skiptingu landsins í verðlagssvæði og afstaðan milli almannatrygginganna og ýmissa sérstakra lífeyrissjóða, sem er vaxandi vandamál, svo og lagfæringar á ýmsum atriðum, er varða mæðralaun, fjölskyldubætur og barnalífeyri.

Í þeim endurbótum á tryggingamálunum, sem gerðar hafa verið, síðan núverandi stjórnarsamstarf hófst, er fólgin mikil réttarbót fyrir allan almenning, og af þeim leiðir verulegar kjarabætur fyrir fjölda fólks. Fjölskyldumaður fær fjölskyldubætur, sem nema 2600 kr. á ári með hverju barni. Maður, sem fær kaup eftir almennum Dagsbrúnartaxta og nýtur ekki eftirvinnu og á t. d. 3 börn, fær því 650 kr. á mánuði í fjölskyldubætur eða um 16% uppbót á umrætt kaup. Málflutningur ýmissa hv. stjórnarandstæðinga á þessu þingi hefði verið vandaðri, ef þessa hefði verið getið, og að auki hefði mátt geta um skattalækkun þá, sem gerð var að frumkvæði ríkisstj. Auðvitað dettur samt engum annað í hug en brýn þörf sé á að bæta kjörin verulega frá því, sem nú er, og við það er stjórnarstefnan miðuð.

Tveir hv. þm. stjórnarandstöðunnar viku að öðrum þætti félagsmála, húsnæðismálunum, í umr. í gærkvöld. Vissulega er þar við mikinn vanda að fást, og margir eiga í erfiðleikum með íbúðir sínar. Þann vanda vill ríkisstj. leysa á grundvelli þeirrar meginstefnu, sem Sjálfstfl. hefur jafnan lagt áherzlu á, að fólk geti sjálft komið sér upp húsnæði, og hefur núv. ríkisstj. tekizt að afla mikilla fjárhæða til þessara mála. Á síðasta ári hafði húsnæðismálastjórn 72 millj. kr. til útlána. Þó að sú upphæð nægði ekki til að leysa allra vanda, var hér um meira en helmingi hærri upphæð að ræða en árið 1958, síðasta ár vinstri stjórnarinnar. Nær því engri átt, að sú fullyrðing fái staðizt, sem sett var fram í gærkvöld af hv. þm. Geir Gunnarssyni úr Hafnarfirði, að sú fjármagnsaukning sem orðið hefði, dygði ekki til að mæta hækkun þeirri, er orðið hefur á byggingarkostnaði. Á árinu 1955 var áætlað, að byggja þyrfti um 900 nýjar íbúðir árlega. Síðan hafa um 1460 íbúðir verið byggðar á ári að meðaltali, og er áætlað, að lokið verði við um 1500 íbúðir á þessu ári. Á sex árum hefur þá verið byggt yfir um 40 þús. manns, ef gert er ráð fyrir, að 4—5 búi í hverri íbúð, og er það tvöföld tala fólksfjölgunar í landinu á sama tíma. Ástæða er því til að gera sér vonir um, að vandinn í húsnæðismálum fari minnkandi. Í ríkisstj. er nú unnið að því að tryggja, að á þessu ári verði til útlána til íbúðabygginga a. m. k. jafnmikið fé og var á síðasta ári.

Mig langar þessu næst til að víkja að tveim málum, sem sérstaklega varða konur og samþykkt hafa verið á þessu þingi. Annað fjallar um breytingu á lögum um fjármál hjóna og hitt um launajöfnuð kvenna og karla.

Hv. þm. Auður Auðuns beitti sér fyrir fyrra málinu og flutti það ásamt þm. úr öllum flokkum. Um fjármál hjóna hafa um áratugaskeið gilt tvenn lög hér á landi. Konur, sem gengu í hjónaband 1923 eða fyrr, hafa flestar verið mun lakar settar en aðrar konur að þessu leyti. Nú í vetur voru hin eldri lög afnumin, og gilda því nú sömu lög um þessi efni fyrir alla borgara.

Lögin um launajafnrétti voru samþykkt í gær. Stuðningsflokkar ríkisstj. stóðu saman um að lögfesta þessa þýðingarmiklu réttarbót, en frv. var flutt í Ed. snemma á þessu þingi af nokkrum þm. Alþfl. Samkvæmt hinum nýsamþykktu lögum, skal á árunum 1962—67 hækka laun kvenna til samræmis við laun karla í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verzlunar- og skrifstofuvinnu. Samkvæmt þessu verður fullu launajafnrétti náð 1967. Talið er, að kaup kvenna sé nú um 23% lægra að meðaltali en kaup karla í þeim atvinnugreinum, sem um er að tefla.

Þegar litið er til þess, hve kostnaðarsamt mál hér er um að ræða, er augljóst, að sú lausn, sem lögfest hefur verið, hefur margvíslega kosti. Eins og oft vill verða, taldi hv. stjórnarandstaða sig þó kunna betri ráð til lausnar þessu máli. Er af því allmikil saga, eins og drepið var á í umr. í gærkvöld. Hirði ég ekki að rekja þá sögu, en vil aðeins minna á, að þeir, sem mest hafa haft sig í frammi af hálfu stjórnarandstæðinga nú, hafa áður haft eins góða aðstöðu og hugsazt getur til að koma málinu í höfn, en ekki gert það. Sú leið, sem nú hefur verið valin, hefur ekki í för með sér þá hættu á röskun á vinnumarkaðinum, sem óneitanlega gæti af því hlotizt, að jafnmikilli greiðslubyrði og hér er um að ræða væri velt á atvinnuvegina í einni svipan. Ef svo væri gert, gæti það og leitt til þess, að einhverjar konur kynnu að missa atvinnu sína, ef gengið væri fram hjá konum við ráðningar, og að upp kæmu aðrir erfiðleikar, sem orðið gætu konum til tjóns.

Góðir áheyrendur. Full ástæða hefði verið til að minnast á ýmis fleiri mál, ekki sízt mál, sem varða menntun hinnar uppvaxandi kynslóðar. T. d. voru á þessu þingi settar nýjar reglur um námslán, sem eiga að tryggja, að miklu meira fé verði handbært til að létta ungu fólki nám þess en verið hefur. Vegna gengisbreytingar var þörf á nýskipan á þessu sviði, og hefur fyrir atbeina ríkisstj. fengizt mikil úrbót með hinum nýju lögum. Örar breytingar á þjóðfélagsháttum kalla á nýja hætti í uppeldis- og skólamálum, og er vafalaust, að ýmsu þarf að breyta á þessu sviði á næstu árum, ekki sízt að því er varðar menntun stálpaðra unglinga og þeirra, sem enn eldri eru.

Í þessari stuttu ræðu hef ég, herra forseti og góðir hlustendur, leitazt við að benda á nokkur atriði, sem ég tel að hafa verði í huga, þegar gerðir eru upp reikningar og litið á árangur stjórnarstefnu síðustu missira. Mér virðist mega fullyrða, að í þessum efnum, eins og á fjölmörgum öðrum sviðum, sem aðrir stjórnarsinnar hafa gert að umræðuefni í þessum útvarpsumr., hafi verið vel unnið og góður árangur náðst. Mun því þjóðinni bezt farnast, ef hún sér til þess, að unnt verði að halda enn lengra áfram á þeirri braut til tryggari kjara og öruggari afkomu, sem gengin hefur verið í tíð núv. ríkisstj.

Ég leyfi mér að óska öllum hlustendum gleðilegrar páskahátíðar. — Góða nótt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. þm. Birgir Kjaran var að enda hér ræðu sína áðan og fór heldur ónákvæmlega með tölur. Ég hef ekki tíma til að fara út í það, en ég ætla að drepa á eitt sýnishorn. Hann talaði um greiðsluhallann hjá núv. hæstv. ríkisstj. og hins vegar hjá vinstri stjórninni og komst að þeirri niðurstöðu, að hann væri þó miklu betri hjá núv. ríkisstj., ef skip eru frá dregin. En hvað dró hann frá, þegar hann var að tala um greiðslujöfnuðinn hjá vinstri stjórninni? Gleymdi hann ekki að draga frá Sogsvirkjun, sementsverksmiðjuna og margt fleira? Ja, það er bókhald þetta!

Annar hv. þm. Sjálfstfl. talaði hér, frú Ragnhildur Helgadóttir, og sagði: Engum dettur annað í hug en að bæta þurfi kjör almennings og við það er stjórnarstefnan miðuð. — Einmitt það! Hún er þá miðuð við þetta! Þetta vissu menn alls ekki, að hún væri svona hjartagóð, en það er gott að segja frá því, þó að aldrei sé annað.

Það mun hafa vakið sérstaka athygli hlustenda í umr. í gærkvöld, að allir ræðumenn stjórnarflokkanna með hæstv. ráðh. Bjarna Benediktsson í broddi fylkingar réðust gegn gildandi ákvæðum þingskapa um útvarpsumræður og málfrelsi á Alþingi, og við þetta bættist, að hv. þm. Birgir Finnsson fjandskapaðist einnig við það, að þingfréttir skuli fluttar í útvarp. Þessi málflutningur var svo skipulega samræmdur hjá stjórnarliðinu, að ekki er annað að sjá en ríkisstj. hafi í hyggju að gerbreyta þessum reglum. Hvað er hér á ferðinni? Á að fara að takmarka málfrelsi stjórnarandstæðinga á þingi? Á að fara að loka útvarpinu fyrir hlustendum, svo að þeir heyri ekki gagnrýni andstæðinga stjórnarinnar á orðum hennar og gerðum? Er sök stjórnarflokkanna í landhelgismálinu og efnahagsaðgerðunum farin að ganga svo nærri þeim, að þeir telji sig þurfa að loka útvarpinu fyrir hlustendum og skerða málfrelsi andstæðinga sinna? Það er ástæða til að spyrja: Er að rísa upp hrein einræðisstefna innan ríkisstj., sem vill hefta andlegt frelsi manna utan þings og innan?

Það er siðferðileg lýðræðisskylda stjórnmálamanna og flokka í alþingiskosningum að lýsa stefnu sinni í opinberum málum fyrir þjóðinni. Þeim ber að skýra afdráttarlaust frá fyrirætlunum sínum í meiri háttar málum og koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Þjóðin verður að geta treyst því, að menn og flokkar séu það, sem þeir segjast vera. Sé þetta ekki gert, er verið að blekkja kjósendurna, draga þá á tálar og ginna þá til að velja sér þá fulltrúa á Alþing, sem þeir annars mundu ekki kjósa.

Hálft annað ár er nú liðið frá síðustu kosningum. Flokkar og frambjóðendur boðuðu þá stefnu sína í opinberum málum, hver á sína vísu. Nú er að ljúka öðru þingi eftir þær kosningar, og tími reikningsskilanna er sannarlega kominn. Þjóðin getur gert það upp við sig nú, hvernig flokkarnir hafa staðið við fyrirheit sín og kosningaloforð. Báðir stjórnarflokkarnir völdu sér kjörorð í síðustu kosningum. Undir þessum kjörorðum settu þeir sér það markmið að ná meiri hluta saman á Alþingi. Margir treystu yfirlýsingum þeirra, treystu fyrirheitum og kjörorðum og veittu þeim þennan meiri hluta.

Helztu kjörorð stjórnarflokkanna voru þessi: 1) Stöðvun verðbólgunnar án nýrra skatta. 2) Leiðin til bættra lífskjara er að kjósa Sjálfstfl. 3) Ekki kemur til mála minni landhelgi en 12 mílur kringum allt landið, en markmiðið er landgrunnið allt.

Hverjar hafa svo efndirnar orðið á þessum fyrirheitum? Ég skal nefna örfá dæmi.

Með efnahagslöggjöfinni hækkuðu erlendar vörur í verði um 40—80%. Fjölskylda, sem áður keypti erlendar vörur fyrir 10 þús. kr., verður nú að greiða 4—8 þús. kr. meira fyrir jafnmikið af sams konar vöru. Vextir hækkuðu gífurlega og lánstíminn var styttur á flestum fjárfestingarlánum. Það er mikið áhugamál manna, bæði við sjó og í sveit, að koma sér upp íbúðarhúsnæði yfir sig og sína. Vegna dýrtíðar kostar nú meðalíbúð a. m. k. 50—70 þús. kr. meira en áður. Ef menn skulda um ¾ hluta byggingarkostnaðar, eru vextir og afborganir af byggingarskuldunum 35—40 þús. kr. á ári. Sá bóndi, sem hafði ekki keypt sér nauðsynlegar búvélar fyrir efnahagsaðgerðirnar, mun finna það tilfinnanlega, hvernig honum er mögulegt að kaupa þær nú. Þótt hann kaupi ekkert annað en eina dráttarvél og eina múgavél, þá munu þessi tvö tæki kosta nú um 55 þús. kr. meira en áður.

90—100 tonna fiskibátur kostaði um 3 millj. kr. fyrir efnahagsaðgerðirnar. Að frádregnum lánum fiskveiðasjóðs þurfti útgerðarmaðurinn að leggja sjálfur fram um 1 millj. Nú kostar sams konar bátur um 5 millj., eða 2 millj. kr. meira en áður, og nú þarf útgerðarmaðurinn að leggja fram úr eigin vasa, þegar lán fiskveiðasjóðs er fengið, um 700 þús. kr. meira en áður.

Með efnahagslöggjöfinni var lagður tvenns konar söluskattur á þjóðina, 8.8% á allar innfluttar vörur og 3% á vörur í smásölu og á þjónustu. Á síðustu fjárlögum vinstri stjórnarinnar var söluskattur 115 millj. kr. Á fjárlögum yfirstandandi árs eru söluskattar 509½ millj., eða 394½ millj. kr. hærri en áður. Þessi hækkun samsvarar 11270 kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu.

Hagstofan reiknar mánaðarlega út vísitölu framfærslukostnaðar. Sá útreikningur byggist á því vörumagni lífsnauðsynja, sem talið er meðalneyzla yfir árið hjá vísitölufjölskyldu, en hún er 4.2 menn. Þessar nauðsynjar kostuðu fyrir efnahagsaðgerðirnar samkv. hagskýrslum um 58 þús. kr. Nú kosta þessar nauðsynjar um 67 þús. kr., og þó er húsnæðiskostnaður aðeins reiknaður rúmar 10 þús. kr. á ári samkv. sömu skýrslum, en hann mun vera a. m. k. helmingi hærri í nýlegum húsum. Af þessu er ljóst, að árleg útgjöld vísitölufjölskyldunnar, sem er 4.2 menn, eru um 75—85 þús. kr. á ári.

Það er ófrávíkjanleg stefna hæstv. ríkisstj., að kaupgjald skuli ekki hækka, þar með eru

taldar vinnutekjur bænda. Árstekjur verkamanns í Reykjavík, sem vinnur fullan vinnudag alla virka daga ársins, eru nú um 49600 kr. Vinnutekjur fjölmargra bænda eru vafalaust enn lægri og árslaun alls þorra launafólks ýmist lægri en þetta eða lítið hærri.

Hæstv. ríkisstj. sá sér ekki annað fært en láta einhverjar hagsbætur koma á móti þeim óskaplegu byrðum, sem ég hef hér nefnt nokkur dæmi um. Þessar bætur á göt efnahagsaðgerðanna eru aðallega tvenns konar: hækkun fjölskyldubóta og lækkun skatta. Ekki falla þær öllum í skaut og misjafnlega koma þær niður.

Hækkun fjölskyldubóta er svo vísindalega upphugsuð, að þótt hún nemi um 6600 kr. samtals á ári á þrjú fyrstu börnin í fjölskyldu hér í Reykjavík, nemur hækkunin ekki nema 269 kr. á ári á hvert barn, sem er umfram þrjú. Þær eiga ekki upp á pallborðið, barnmörgu fjölskyldurnar, hjá stjórnarflokkunum. Auðvitað fá þeir svo ekkert af þessu tagi, sem eiga ekki börn, eða þeir, sem aðeins eiga eldri börn en 16 ára.

Hæstv. ríkisstj. telur sig hafa afnumið skatta af almennum launatekjum. Ég skal nefna dæmi um það, hvernig þessi lækkun tekjuskatts og útsvars er. Hjón í Reykjavík með 2 börn og 50 þús. kr. árstekjur eða verkamannakaup lækka í sköttum um 928 kr. En ef þessi tveggja barna fjölskylda er með 200 þús. kr. árstekjur, þá lækkar hún í sköttum um 30327 kr. Þarna fær hátekjumaðurinn jafnmikla skattalækkun og 33 lágtekjumenn. Þeir þekkja sína, stjórnarflokkarnir.

Af þeim dæmum, sem ég hef hér nefnt um efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj., er eftirfarandi ljóst: Dýrtíðarflóðið, vaxtaokrið, skattabyrðarnar og lánsfjárkreppan útiloka allar framkvæmdir hjá þeim, sem eiga að lifa af venjulegum launatekjum. Hjá fjölda manna, sem á undanförnum árum hafa stofnað til skulda vegna bygginga, ræktunar, vélakaupa eða þess háttar, valda þessar byrðar hinum sárustu erfiðleikum, enda eru nú þegar dæmi til þess, að menn missa eignir sínar af þessum ástæðum.

Vinnutekjur bænda, verkamanna, iðnaðarfólks og fjölmargra annarra launamanna eru aðeins um ⅔ hlutar þess, sem lífsnauðsynjar vísitölufjölskyldu kosta nú samkv. opinberri verðskráningu. Vegna þessarar stórkostlegu kjaraskerðingar verður þetta fólk nú að draga úr neyzlunni, neita sér um nauðsynjar, en láta sér nægja að fullnægja brýnustu þörfum sínum.

Hæstv. ráðh. Bjarni Benediktsson sagði í gærkvöld, að atvinnuleysi hefði ekki orðið umfram það, sem stafar af aflaleysi. Hann viðurkenndi þó, að atvinnuleysi ætti sér stað. En er atvinnuleysi í byggingariðnaði vegna aflaleysis? Eru uppsagnir verkafólks í verksmiðjum vegna aflaleysis? Og hvaða ráð gaf þessi hæstv. ráðh. láglaunamönnunum, sem ekki geta lifað á dagkaupinu sínu? Hann sagði þeim að vinna aukavinnu, — aukavinnu í atvinnuleysinu. Ætlar hann að leggja þeim til þessa aukavinnu?

En til hvers hafa þessar óskaplegu byrðar verið lagðar á landsmenn, aðra en hátekjumenn, sem fá þetta uppbætt með skattalækkun? Til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálum, segir hæstv. ríkisstj., til þess að þjóðin lifi ekki um efni fram, til þess að útiloka skuldasöfnun erlendis, til þess að koma atvinnuvegunum á traustan og öruggan grundvöll. En hver er svo árangurinn? Hæstv. ráðh. Bjarni Benediktsson hafði ekki annað að segja um árangurinn en þetta í gærkvöld: „Hálfnað er verk, þá hafið er.“ Það var vissulega hyggilegt að segja ekki meira.

Hv. þm. Jón Árnason taldi þó, að lækkun okurvaxtanna um áramótin væri að þakka árangri af efnahagsaðgerðunum. Ekki er hann kunnugur málunum, því að vaxtalækkunin var knúin fram af stjórnarandstöðunni, og er ekki um það að villast. Eða vill ekki þessi hv. þm., Jón Árnason, kynna sér það betur uppi á Akranesi, t. d. á morgun, hversu öruggan grundvöll hann er kominn á, sjávarútvegurinn þar? Það á nefnilega að bjóða upp tvo Akranestogarana á morgun á nauðungaruppboði og annar þeirra er kyrrsettur úti í Bretlandi vegna erlendra skulda.

Jafnvægi hefur ekki náðst. Erlendar skuldir hafa vaxið stórlega, en ekki minnkað. Erlend framkvæmdalán, sem spöruðu þjóðinni gjaldeyri eða sköpuðu henni gjaldeyristekjur, eru nú stórum minni en áður. En það hefur verið tekið þeim mun meira af neyzlulánum til skamms tíma.

Almenningur í landinu hefur aldrei lifað um efni fram. En nú er svo sorfið að lágtekjumönnum og reyndar fleirum, að hins ýtrasta sparnaðar er þörf. Hinn trausti grundvöllur atvinnuveganna, sem hæstv. ríkisstj. ætlaði að skapa, er þannig, að þjóðarlíkaminn var orðinn lamaður á s. l. hausti, sagði forustumaður sjálfstæðismanna í L. Í. Ú. Þess vegna þurfti hæstv. ríkisstj. að stofna til kreppulána með brbl. fyrir sjávarútveginn, sem nemur hundruðum milljóna króna.

Í landbúnaðinum er ástandið svo, að jarðir fara nú í eyði í stórum stíl. En á bjargráðum til þessa atvinnuvegar bólar ekkert.

Hæstv. ríkisstj. bað um frið, til þess að tilraunir hennar í efnahagsmálum gætu heppnazt. Hún hefur fengið þennan frið, meiri frið en nokkur önnur ríkisstj. Eftir þennan frið er árangurinn sá, sem ég hef lýst. Leiðin til bættra lífskjara, sem hæstv. ríkisstj. vísaði mönnum á, hefur legið í öfuga átt. Stöðvun verðbólgunnar án nýrra skatta hefur orðið dýrtíðarflóð með gífurlegri sköttum en áður þekktust. En það fyrirheitið, sem landsmenn munu þó hafa treyst að staðið yrði við, einhugur án undansláttar í landhelgismálinu, — nú er það farið sömu leiðina og hin. Meira að segja hefur það gerzt, sem engum mun hafa dottið í hug fyrir fram: afsal um alla framtíð á rétti Íslendinga til einhliða útfærslu landhelginnar. En sjútvmrh. brezki hreykir sér nú af því opinberlega, hvernig sér hafi tekizt að semja um landhelgina við Íslendinga.

Hæstv. ráðh. Guðmundur Í. Guðmundsson sagði í gærkvöld, að það hefði fengizt alþjóðaviðurkenning á því, að draga mætti grunnlínur milli annesja. Þetta er rétt. Sú regla var stað-

fest á ráðstefnunni í Genf 1958. Þarna staðfestir hæstv. ráðh., að hann fór með blekkingar í útvarpi um daginn, þegar hann sagði, að Íslendingar fengju með landhelgissamningnum útfærslu á grunnlínum í staðinn fyrir að Bretar fengju að veiða í íslenzkri landhelgi í þrjú ár. Þetta þurftu Íslendingar ekki að kaupa af Bretum fyrir neitt, því að þeir áttu þennan rétt, eins og hæstv. ráðh. segir nú. Þá vitnaði þessi sami hæstv. ráðh. í 10 ára gömul ummæli Tímans um Haag-dómstólinn. Fyrir 10 árum ríkti mikil trú á því, að dómstóllinn gæti orðið smáþjóðum gagnlegur. En því miður sýnir reynslan, að þessar vonir hafa brugðizt, enda hefur engin þjóð látið þennan dómstól dæma um stærð landhelgi sinnar utan við grunnlínur.

Stjórnarflokkunum tókst að blekkja meiri hluta þjóðarinnar í síðustu kosningum með fyrirheitum, sem þeir ætluðu sér aldrei að standa við, eins og þjóðin hefur nú fengið að þreifa á. Um hið pólitíska siðgæði af þessu tagi er bezt að vitna til samþykktar, sem gerð var fyrir fáum dögum á héraðsþingi ungmennafélaga Suður-Þingeyinga, en þar segir m. a.:

„Þá vill fundurinn enn fremur mjög ákveðið vara við þeirri hættu, sem þjóðinni er búin af spilltu stjórnmálasiðgæði íslenzkra stjórnmálamanna, eins og nú síðast birtist í gerð þessa landhelgissamnings, þar sem þeir virða að vettugi eigin orð og eiða við þjóðina, en lúta erlendu ofbeldi.“

Sagan sýnir, að Þingeyingar hafa fyrr gefið réttan tón. Þarna hvetur þingeysk æska til vakningaröldu gegn siðgæðisskorti ráðandi flokka. Sú alda mun rísa, og gegn þeirri öldu tekst þessum flokkum ekki að leika slíkt í annað sinn. — Góða nótt.

Friðjón Skarphéðinsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Fyrir 50 árum voru niðurstöðutölur fjárlaga um 3 millj. kr. Á því ári, sem nú er að líða, eru niðurstöðutölur fjárlaga 1 milljarður 588 millj. kr. Þó að það sé tekið með í reikninginn, svo sem skylt er, að fyrir 50 árum var kaupmáttur hverrar krónu nokkrum tugum sinnum meiri en í dag, er þetta samt óhemjumikill munur. Hjól tímans hefur haldið áfram að snúast og heimurinn hefur fengið nýtt yfirbragð á flestum sviðum á þessum tíma. Tvær heimsstyrjaldir hafa geisað, og áhrifa þeirra hefur gætt um gervallan heim, einnig hér á Íslandi. Nýjar kynslóðir hafa tekið við af hinum eldri, og ný viðhorf hafa myndazt hvert af öðru.

Fjárlög hafa hækkað ár frá ári, ekki bara vegna þess, að krónurnar hafa minnkað, heldur einnig og miklu fremur vegna hins, að þjóðin hefur þurft á margfalt meira fé að halda, eftir því sem tímar hafa liðið, þegar ríkisbúskapurinn hefur vaxið og þanizt út. Við höfum veitt okkur þann munað að byggja brýr og vegi, hafnir og skóla, sjúkrahús og margvísleg önnur mannvirki í almenningsþarfir, og við höfum byggt upp talsvert kostnaðarsamt tryggingakerfi, svo að nokkuð sé nefnt, og þegar ríkisbúskapurinn hefur margfaldazt, hefur framkvæmdavaldið þurft á æ fleira starfsfólki að halda. Þessi þróun hefur haldið áfram, eftir því sem fólkinu hefur fjölgað og efnahagurinn batnað. Hún er eðlileg.

Naumast munu fjárlög þó hafa verið samþykkt svo nokkru sinni á Alþingi, að ekki væri þar einhver hópur manna, fleiri eða færri, sem lýst hefur megnri vanþóknun á þessari þróun og barizt hefur gegn henni og talið hana haskalega. Vitanlega eru skynsamleg takmörk fyrir öllum hlutum, og lengi er hægt að deila um það, hve langt sé rétt að ganga í því að láta skattgreiðendur gjalda til sameiginlegra þarfa þjóðarinnar. En mér er nær að halda, að einhverjum yrði stundum að brosa, sem liti yfir þann þátt í Alþingistíðindum, sem um þetta fjallar ár frá ári.

Því hef ég minnzt á þetta nú, að enn í dag er þessu á sama veg farið. En þó er þessi gagnrýni að því leyti óviðfelldin nú, að gagnrýnendur — stjórnarandstaðan — láta sér nú nægja að hamast með meiri eða minni stóryrðum út af eyðslu og bruðli ríkisstj., en láta undir höfuð leggjast að benda hreinlega á, hvaða liði fjárlaga eigi að lækka eða fella niður. Það skal að vísu viðurkennt, að það örlar aðeins á því, að lagt sé til, að einstakir minni háttar gjaldaliðir séu færðir niður eða felldir niður, en burt séð frá því, hve skynsamlegar þær tillögur eru, þá eru þær svo smávægilegar, að þær gera hvorki til né frá um heildarstefnuna. Þær nema ekki einum þúsundasta hluta af heildarupphæð fjárlaganna og eru því í æpandi ósamræmi við þann hávaða, sem stjórnarandstaðan stofnar til út af þessum málum, þegar fjárlög eru afgreidd. Og venjulega hafa sömu menn tillögur uppi um ríkisútgjöld, sem nema a. m. k. eins miklu eða jafnvel miklu meira en lækkunartillögur þeirra.

Þegar fjárlagafrv. var afgreitt hér á Alþingi á s. l. vetri, kom fram í nál. framsóknarmanna í fjvn. svofelld klausa, með leyfi hæstv. forseta:

„Um fjárlagafrumvarpið í heild viljum við hins vegar taka það fram, að Framsfl. er andvígur þeirri eyðslustefnu, sem einkennir það. Framsfl. fylgir þeirri stefnu við afgreiðslu fjárlaga, að álögum sé stillt í hóf og stuðningur ríkisins við uppbyggingu í landinu og við atvinnuvegina sé sem mestur.“

Þessi setning var tekin orðrétt úr nál. Áreiðanlega munu allir hv. þm. og allir flokkar vilja taka undir það, að æskilegast sé, að álögum sé stillt í hóf og stuðningur ríkisins við uppbyggingu og atvinnuvegi sé sem mestur. En því meiri sem þessi stuðningur er, því meiri hljóta álögur á landsfólkið að verða. Það hljómar sem öfugmæli að tala um lækkandi álögur, en vaxandi stuðning við uppbyggingu og atvinnuvegi. En látum það vera.

Í hverju var fólgin þessi eyðslustefna, sem einkenndi fjárlagafrv. að dómi þessara framsóknarmanna. Ég las nál., sem er 8 prentaðar blaðsíður, gaumgæfilega og átti að sjálfsögðu von á, að þar væri glögga greinargerð að finna um það, í hverju þessi eyðslustefna væri talin vera fólgin. Ég gerði ráð fyrir, að reynt yrði að gera grein fyrir því, hvernig ætti að lækka frv., sem hljóðaði um ca. 1500 millj. kr., hvernig ætti að lækka það um nokkur hundruð millj-

ónir, sem mér fannst þessir hv. þm. mundu hljóta að reyna að sýna fram á að hægt væri að gera, miðað við þau stóru orð, sem þeir höfðu þar um. En ég varð fyrir algerum vonbrigðum. Þeir lögðu til, að 1500 millj. kr. frv. yrði lækkað um 44 þús. kr. Og ekki er gerð minnsta tilraun til að sýna fram á, hvað mennirnir eiga við með því, sem þeir kalla eyðslustefnu frv. Ég geri ráð fyrir, að einhverjum framsóknarmönnum, sem á mig kunna að hlýða, þyki þetta ótrúlegt, en þetta er í prentuðu þingskjali, nr. 172, sem allir geta haft aðgang að, og hér fer því ekkert á milli mála. Þetta er táknandi dæmi, eitt af mörgum, um það, hvernig málflutningur stjórnarandstöðunnar er innantómt orðagjálfur og staðlausir stafir.

Ég skal taka annað lítið dæmi um málflutning stjórnarandstöðunnar á Alþ. Hv. framsóknarþingmaður Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri Tímans, sagði í útvarpsumr. fyrir nokkru, þegar rætt var um vantrauststillögu á ríkisstj., orðrétt svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Alþfl. með Sjálfstfl. að bakhjarli fór svo með völd 1959 og fylgdi þeirri stöðvunarstefnu, sem Framsfl. hafði beitt sér fyrir í vinstri stjórninni, með þeim árangri, að afkoma atvinnuveganna var sæmileg 1959 og lífskjör svipuð og áður."

Þetta sagði hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, og hann harmaði, að þessari stöðvunarstefnu skyldi ekki hafa verið haldið áfram. Óðruvísi þaut í þeim skjá hér áður fyrr. Ég ætla, að hv. þm. reki minni til þess og ýmsa aðra, sem á mig kunna að hlýða, að þessi hv. þm. og flokksmenn hans voru ekki sérlega hrifnir af stefnu ríkisstj. Emils Jónssonar á sínum tíma. Þeir gáfu þessari stefnu nafn og kölluðu hana „landeyðingarstefnu", ef ég man rétt, og fordæmdu hana af öllum lífs og sálar kröftum. En nú hrekkur allt í einu upp úr hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, að þetta hafi raunar verið góð stefna, allt hafi verið í bezta lagi 1959, afkoma atvinnuveganna sæmileg og lífskjör svipuð og næstu ár á undan. Þetta er vitanlega hárrétt. Og þessi hv. þm. vill nú meira að segja eigna Framsfl. þessa stefnu. Þó að nú sé viðurkennt, að þjóðinni hafi farnazt vel 1959, mátti slíkt ekki heyrast nefnt þá í herbúðum stjórnarandstöðunnar. Hvaða Framsóknarþm. hefði dirfzt að halda því fram 1959, að þjóðinni farnaðist vel? Sá maður hefði áreiðanlega verið talinn óalandi og óferjandi í þeim flokki. Þannig var stjórnarandstaðan söm við sig þá, eins og hún er nú.

Í þessum umr. í gærkvöld benti hæstv. utanrrh. og fleiri ræðumenn á það, hver afstaða framsóknarmanna var gagnvart alþjóðadómnum í Haag 1951, þegar þeir höfðu stjórnarforustu og buðust til þess að leggja landhelgisdeiluna, sem við áttum þá í við Breta, fyrir þann dóm. Í því sambandi var lesinn upp kafli í forustugrein Tímans frá 20. des. 1951, þar sem því er lýst á skörulegan hátt, hver ávinningur það er fyrir smáþjóð, að slíkur dómstóll er til, þar sem þeir geta leitað réttar síns, og í því sambandi vitnað til úrskurðar dómstólsins í landhelgisdeilu Norðmanna og Breta. Nú láta hv. Framsóknarþm. sig hafa það að strika yfir þessar skoðanir og ummæli í trausti þess, að fyrri afstaða þeirra sé gleymd, þótt ekkert það hafi gerzt síðan, sem gefi snefil af tilefni til slíkra skoðanaskipta, annað en það, að nú eru þeir í stjórnarandstöðu og þykjast þurfa að fylgja kommúnistum í þessu eins og öðru.

Ég hef nú nefnt örfá dæmi um framkomu stjórnarandstöðunnar nú um sinn. Mér er nær að halda, að stjórnarandstaða, sem á að hafa mikilvægu hlutverki að gegna í þingræðisskipulaginu, sé á fullkomnum glapstigum, þegar hún tekur upp þann hátt, eins og nú á sér stað, að telja sjálfri sér trú um og reyna að telja þjóðinni trú um, að öll mál að heita má, sem ríkisstj. beiti sér fyrir, stór og smá, séu skaðleg og háskaleg. Í stað þess að haga sér með þessum hætti á stjórnarandstaða að leggja á málin raunhæft mat og viðhafa skynsamlega gagnrýni, þar sem slíkt á við, og auðvitað jafnframt að gera sem gleggsta grein fyrir, hvaða leiðir hún telur réttari. Þessi neikvæða stjórnarandstaða, sem nú er viðhöfð, virðist stöðugt færast í aukana og er nú í algleymingi. Hér getur sennilega enginn tekið í taumana að gagni nema þjóðin sjálf, og það verður hún að gera, því fyrr, því betra.

Ég hef hér aðallega rætt um ábyrgðarlausa stjórnarandstöðu hv. Framsóknarþm. sökum þess, að ég hef haft þá skoðun eins og fleiri, að meiri kröfur mætti til þeirra gera um ábyrga afstöðu til þjóðmála heldur en til kommúnista, sem stöðugt hafa sína sérstöðu um skilyrðislausa afstöðu með Sovétríkjunum, eins og þeir jafnan hafa haft, og miða því bæði sína innanlands- og utanríkispólitík frá þeirri sjónarhæð. En þau undur hafa nú gerzt, að hv. Framsóknarþm. leggja nú ýtrustu stund á að vera við hlið kommúnista í svo að segja hverju einasta máli og láta þeirra áttavita ráða stefnunni. Það fer ekki hjá því, að öll þjóðin veitir því athygli, að bræðralag þessara flokka verður því nánara, sem lengra líður. Sú var þó tíðin, að þeir vönduðu ekki hvor öðrum kveðjurnar.

Eitt þeirra mála, sem núverandi stjórnarflokkar hafa beitt sér fyrir á því þingi, sem nú er senn að ljúka störfum, og þegar hefur verið samþykkt sem lög, er frv., sem við Alþýðuflokksmenn í Ed. fluttum um sömu laun kvenna og karla fyrir sömu störf. Þetta er gamalt baráttumál kvenna. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur fyrr í kvöld rætt nokkuð ýtarlega um þetta mál. Mun ég því aðeins fara um það örfáum orðum, einkum út af viðbrögðum stjórnarandstöðunnar við því. Efni frv. hefur áður verið rakið, og mun ég því ekki gera það hér.

Árið 1955 var kvennakaup hér á landi 76% af karlakaupi um það bil. Síðan eru liðin 6 ár. Á þeim tíma hefur þetta að vísu þokazt í áttina, en þó aðeins um 2%, þannig að nú er kvennakaup 78% af karlakaupi fyrir sömu vinnu. Samkvæmt hinum nýju lögum á þetta að þokast áfram á næstu sex árum, ekki um 2%, eins og síðustu sex ár, heldur um 22%, upp í 100%. Samningsréttur kvenna er þó í engu skertur til þess að ná fullu jafnrétti á skemmri tíma. Stjórnarandstaðan er hneyksluð á þessu og þykist allt í einu vera búin að fá brennandi áhuga á launajafnréttismálum kvenna, jafnvel fram-

sóknarmenn. Stjórnarandstaðan heimtaði, að skrefið yrði stigið til fulls strax í dag. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson var þar framarlega í flokki. En ekki hefur verið hægt að komast hjá því að minna þennan hv. þm. á það, að hann var félmrh. um 2½ árs skeið 1956—58. Þá hefði verið hinn rétti tími fyrir hann að koma þessu máli í höfn. Hann var sjálfur ráðh. og hafði aðstöðu til að knýja málið fram. Hann getur ekki borið því við, að hann hafi ekki verið minntur á málið, en hann lét sér nægja að skipa nefnd í það, sem síðan er ekki vitað til að neitt hafi heyrzt frá. Þar með taldi hann sig hafa þvegið hendur sínar. Þetta er eitt af mörgum dæmum um viðbrögð stjórnarandstöðunnar gagnvart þýðingarmiklum málum. Þegar þessir menn voru í stjórnaraðstöðu og voru ráðherrar yfir félagsmálum, hreyfðu þeir hvorki hönd né fót. Þegar þeir síðan geta ekki barizt beint gegn málinu, þá koma þeir með yfirboð til þess að reyna að eyða því.

Nú kynni einhver að spyrja um það, hvers vegna ríkisstj. Emils Jónssonar hafi ekki beitt sér fyrir þessu máli og komið því í höfn. Því er til að svara, að sú stjórn var minnihlutastjórn og hafði ekki bolmagn til að koma slíku máli fram, hún hafði takmörkuð verkefni, svo sem alkunnugt er.

Baráttan við verðþenslu og dýrtíð hefur um langa hríð verið meginviðfangsefni hverrar ríkisstjórnar. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar, en boginn hefur jafnan brostið að lokum. Við erum örlítil þjóð í tiltölulega stóru og erfiðu landi, og það hefur komið áþreifanlega í ljós, hversu erfitt og vandasamt það er að halda efnahagskerfi okkar í réttu horfi. Það hefur færzt meir og meir úr skorðum allt frá heimsstyrjaldarlokum, þótt meiri velmegun hafi verið í landinu en nokkru sinni fyrr. Reynt var að stinga alvarlega við fótum 1959, þegar verðbólguflóðaldan var í þann veginn að steypa þjóðinni fram af brúninni, og eftir að núv. ríkisstj. var mynduð síðla árs 1959, var til þess stofnað að skera til fulls fyrir meinsemdina. Þetta var erfiður uppskurður og engan veginn sársaukalaus, og ýmis óviðráðanleg atvik hafa valdið því, að síðar grær en ella hefði orðið, svo sem verðfall ýmissa útflutningsafurða og stórfelldur aflabrestur togaraflotans. Þó sér þess nú þegar stað, að verulegur árangur hefur náðst. En betur má, ef duga skal. Treysta verður grundvöllinn betur fyrir aukna framleiðslu og vaxandi athafnalíf. Það er frumskilyrði þess, að velmegun þjóðarinnar geti aukizt, og það er æðsta skylda hverrar ríkisstj. að vinna að því eftir fyllstu getu, að svo megi verða.

Núv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar munu einbeita sér að þessu verkefni svo lengi sem þeim gefst tóm til. Stjórnarandstaðan hefur þá skyldu að gagnrýna það, sem hún telur miður fara, og benda á þær leiðir, sem hún telur skynsamlegri, ef einhverjar eru. En hún hefur engan siðferðilegan rétt til þess að eyðileggja af ráðnum hug það, sem hverjum sjáandi manni liggur í augum uppi að til heilla horfir, eða torvelda, að velferð fólksins í landinu geti aukizt. Þjóðin mun veita þeirri stjórnarandstöðu, sem slíkt gerir, maklega ráðningu. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Að undanförnu hafa átt sér stað í Bandaríkjunum og Bretlandi býsna fróðlegar umr. um efnahagsmál. Sérstaklega hafa þessar umr. í Bandaríkjunum verið athyglisverðar. Þar hefur ný stjórn tekið við af stjórn Eisenhowers, og hefur hún talið sér nauðsynlegt að breyta um stefnu í efnahagsmálum í ýmsum grundvallaratriðum. Í umr. þessum leggja efnahagssérfræðingarnir megináherzlu á það, að rétt efnahagsmálastefna verði að tryggja aukna og sívaxandi þjóðarframleiðslu. Sú efnahagsstefna, sem leiðir til stöðvunar eða samdráttar þjóðarframleiðslunnar, er röng í grundvallaratriðum að þeirra dómi. Allir virðast efnahagssérfræðingar Kennedys vera á einu máli um það, að meginástæða núv. kreppuástands í Bandaríkjunum sé samdráttarstefna Eisenhower-stjórnarinnar. Það, sem olli mestu um samdráttinn, var að þeirra dómi of þröng útlánapólitík, of háir vextir, einkum hjá framleiðslunni, of lítill kaupmáttur lægstu launa í landinu.

Þessir dómar um efnahagsstefnu Eisenhowerstjórnarinnar eru á margan hátt athyglisverðir fyrir okkur. Það fer ekkert á milli mála, að samdráttarstefnan hér, hin svonefnda viðreisn, er skilgetið afkvæmi hinnar amerísku samdráttarstefnu Eisenhowers. Hér var sömu ráðum beitt eins og þar í ýmsum grundvallaratriðum. Hér var ákveðin þröng útlánapólitík, vextir voru stórhækkaðir, alveg sérstaklega á framleiðslunni, og kaupmáttur launa var keyrður niður. Afleiðingarnar hafa ekki heldur látið á sér standa hér í okkar landi. Þjóðarframleiðslan hefur minnkað á fyrsta ári samdráttarstefnunnar, og hefur slíkt ekki komið fyrir um margra ára skeið. Uppbygging framleiðslufyrirtækja hefur stöðvazt, atvinnuvegirnir stynja undan taprekstri, sem beint hefur leitt af viðreisnarstefnunni, og kaupmáttur launa hefur stórlega rýrnað, sem aftur hefur leitt af sér vaxandi samdrátt í innlendri framleiðslu.

Í Bandaríkjunum hefur dauðadómur verið kveðinn upp yfir samdráttarstefnu Eisenhowers, en hér er staðreyndum neitað og höfðinu lamið við steininn. Hér stritast ríkisstj. enn við að mæla samdráttarstefnunni bót, þó að hverju barni megi vera ljóst, út í hvílíkt öngþveiti hún leiðir, ef ekki verður breytt um stefnu. Þegar innflutningur á vörum til landsins stórminnkar, íslenzk flutningaskip koma ýmist tóm erlendis frá eða aðeins með slatta af vörum, þegar innflutningurinn í janúar s. l. féll nærri að segja um helming frá því, sem var í janúar 1960, þá segir ríkisstj. ósköp róleg og ánægð, að nú sé ástandið að lagast og viðreisnin að byrja að verka. Þegar íbúðabyggingar stöðvast að mestu vegna dýrtíðar og peningaleysis almennings, þá sér ríkisstj. aðeins dýrðina í verzlunarfrelsinu, sem býður upp á birgðir af byggingarefni, sem enginn getur keypt. Þegar eini teljandi útflutningsiðnaður landsmanna, fiskiðnaðurinn, dregst verulega saman, þegar framleiðsla á frosnum fiski

minnkar í fyrsta skipti í mörg ár, en útflutningur á óunnum ísuðum fiski eykst hins vegar, þá segir ríkisstj., að það sé greinilega um ýmis batamerki að ræða í atvinnulífinu. Og þegar atvinnureksturinn kvartar undan taprekstri, sem afleiðingu af vaxtaokri, sívaxandi dýrtíð og því að tapa beztu útflutningsmörkuðunum, þá er ráðið að breyta rekstrartöpunum í löng lán.

En er ekki um einhver batamerki að ræða í peningamálunum? kunna menn að spyrja, með sérstöku tilliti til þess, sem Vilhjálmur Þór, aðalbankastjóri Seðlabankans, sagði í útvarpsþætti um þau mál fyrir stuttu. Við skulum athuga það í örstuttu máli.

Samkvæmt upplýsingum seðlabankastjórans jukust spariinnlög s. l. ár um 324 millj. kr., samanborið við 313 millj. kr. árið 1959. Aukningin er 11 millj. kr. En sé það haft í huga, að árið 1960 voru vextir 50—70% hærri en árið áður og spariinnlög hækkuðu það ár um 80—90 millj. kr. aðeins vegna hærri vaxta, þá er ljóst, að raunverulegur sparnaður hefur orðið minni s. l. ár en árið 1959. Í þessum efnum er því alls ekki um batamerki að ræða. Útlánaaukning varð minni s. l. ár en árið áður, sagði aðalbankastjórinn. Árið 1959 var um útstreymi að ræða úr Seðlabankanum, en árið 1960 var um innstreymi á fé í bankann að ræða. Hvað segja nú þessar upplýsingar í raun og sannleika um ástandið í peningamálunum? Jú, það, sem gerðist árið 1960, var þetta: Það ár var öll framleiðsla ársins flutt út og þó meira til eða sem nam 207 millj. kr. af eldri birgðum. Í árslok voru því birgðir af útflutningsvörum minni í landinu en nokkru sinni áður. Afleiðingin varð auðvitað sú, að lán Seðlabankans út á afurðir minnkuðu. Fé kom inn í bankann fyrir útfluttar afurðir umfram nýjar birgðir. Það var innstreymi í bankann í stað útstreymis áður, en þá jukust einmitt afurðabirgðirnar. Batamerkin koma því fram í því, að framleiðslan minnkaði, að minna var til að lána út á. Þessi ábati hefur haldið áfram. Í janúar og febrúar lá mestöll útflutningsframleiðslan niðri vegna verkfalla og verkbanna, sem beint leiddi af samdráttarstefnu ríkisstj. Seðlabankinn og ríkisstj. hafa ekki þurft að hafa áhyggjur af miklum afurðalánum þennan tíma og þessi viðreisnarbati í peningamálunum hefur því haldið áfram.

Nei, það er sannarlega ekkert batamerki í peningamálum þjóðarinnar, þó að lán út á útflutningsframleiðslu minnki vegna minnkandi framleiðslu. Sannleikurinn er líka sá, að um engan raunverulegan bata getur verið að ræða í efnahagsmálum þjóðarinnar, nema þjóðarframleiðslan aukist; í þeim efnum gildir hið sama um efnahagsmál okkar og allra annarra þjóða. Aukin þjóðarframleiðsla var hér ekki s. l. ár, heldur þvert á móti.

Hv. þm. Birgir Kjaran gerði í ræðu sinni fyrr í kvöld nokkurn samanburð á rekstri ársins 1958 og rekstri ársins 1960. Árið 1958 var hið síðara stjórnarár vinstri stjórnarinnar, en árið 1960 var stjórnarár viðreisnarstjórnarinnar. Ég skal minna á örfá atriði í samanburði á afkomu þessara tveggja ára.

Árið 1958 jókst framleiðsla útfluttra sjávarafurða okkar um 20.8%. Árið 1960 minnkaði þessi framleiðsla um 10%. Árið 1958 var afkoma atvinnuveganna hagstæð. Á því ári sýndu reikningar togaraflotans í landinu, að meiri hluti togaranna var rekinn með verulegum hagnaði, og á vetrarvertíðinni voru bátarnir reknir með verulegum hagnaði. Nú er hins vegar um stórfelld töp á öllum þáttum sjávarútvegsframleiðslunnar að ræða. Árið 1958 náðist fullkominn greiðslujöfnuður við útlönd, þegar tillit er tekið til birgðaaukningar á því ári, en árið 1960 var raunverulega um 600—700 millj. kr. greiðsluhalla að ræða í viðskiptunum við útlönd. Árið 1958 var um verulegan greiðsluafgang að ræða hjá ríkissjóði. En á árinu 1960 er um mjög knappan rekstur hjá ríkissjóði að ræða þrátt fyrir gífurlega háar auknar tekjur til ríkissjóðs. Árið 1958 var kaupgjald hækkað fyrst með lögum og síðan með frjálsum samningum. En árið 1960 hefur kaupið farið jafnt og þétt hækkandi alla mánuði ársins með hækkandi verðlagi, en raunverulega föstu kaupgjaldi. Þannig er nú samanburðurinn milli þessara tveggja ára. Þjóðarframleiðslan minnkaði á árinu 1960. Það er út af fyrir sig alvarlegt mál. En það, sem er enn ískyggilegra en sú staðreynd um minnkaða þjóðarframleiðslu á árinu 1960, er þó, að nú má öllum vera ljóst, að á yfirstandandi ári bendir allt til þess, að þjóðarframleiðslan fari enn stórum minnkandi. Tveir fyrstu mánuðir þessa árs fóru að mestu forgörðum hvað útflutningsframleiðsluna snertir. Orsakir þess voru óumdeilanlega árekstrar, sem leiddi af viðreisnarstefnu ríkisstj. Það er dýr stjórnarstefna, sem stöðvar mestalla útgerð landsmanna í tvo mánuði á vetrarvertíðinni. Og nú þessa dagana vofir beinlínis yfir sú hætta, að mikill hluti bátaflotans og togaraflotans verði stöðvaður vegna fjárhagsþrenginga. Vátryggingarfélögin hafa tilkynnt, að þau muni ganga að bátunum eða lýsa þá úr tryggingu vegna vanskila nú eftir nokkra daga. Og lífeyrissjóður togarasjómanna mun stöðva togarana, fáist ekki greiðslur á gjöldum til hans frá togaraflotanum. Og frystihúsin, t. d. í Vestmannaeyjum, stöðvast, fái þau ekki aukin lán fram yfir settar reglur ríkisstj. Þannig er nú allt í öngþveiti. Ríkisstj. verður að gera nýjar aðstoðarráðstafanir, ef á að halda framleiðslutækjum landsmanna úti á þessari vertíð.

Þannig stenzt í rauninni ekkert viðreisnarófögnuðinn. Fiskaflinn nú í marzlok er aðeins brot af því, sem hann er venjulega um þetta leyti. Kunnugustu menn búast við, að framleiðsla á hraðfrystum fiski verði varla meira en 60—70% af venjulegri ársframleiðslu. Fari svo sem allt bendir til, að togaraflotinn veiði að mestu leyti fyrir erlendan ísfiskmarkað og stærri vélbátar tækju einnig upp siglingar til Bretlands á komandi hausti, verður að telja líklegt, að svona fari. Slíkt mundi auðvitað leiða til stórminnkandi gjaldeyristekna og atvinnuleysis í fiskiðnaðinum.

Þá virðist allt benda til þess, að vinnudeilur séu fram undan, þar sem ríkisstj. gerir enn ekkert til þess að mæta sanngjörnum kröfum verkamanna um kjarabætur. En kjarabætur er

ekki hægt að veita, segir ríkisstj., fyrst atvinnuvegirnir tapa yfirleitt. Þetta svar ber þess ljóst vitni, að ríkisstj. skilur ekki einföldustu atriði þess vanda, sem nú er við að glíma í atvinnumálum þjóðarinnar. Vandi atvinnulífsins er sá sami og vandi almennings almennt. Það er viðreisnarstefnan, sem er orsök erfiðleika beggja. Það er vaxtaokur viðreisnarinnar, sem þjarmar að atvinnuvegunum. Það eru söluskattar og aðrar viðreisnarráðstafanir, sem hækka verðlagið í landinu. Það er samdráttarstefnan, sem torveldar framkvæmdir, dregur úr atvinnu og minnkar heildartekjur þjóðarinnar, jafnt atvinnurekstrarins sem launþega, sem bölvuninni veldur.

Það er strax orðið nokkuð breytt hljóð í þeim ríkisstjórnarmönnum og fylgiliði ríkisstj. í sambandi við málflutninginn í landhelgismálinu. Allt geipið um stórsigur er að hverfa úr ræðum þeirra ríkisstjórnarmanna. Bjarni Benediktsson dómsmrh. lagði áherzlu á það í umr. í gærkvöld, að landhelgismálið hafi verið viðkvæmt deilumál, sem nauðsynlegt hafi verið að leysa. Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh. lét orð liggja að því, að útfærslan 1958 hafi verið gerð af Alþb. hálfu til þess að reka fleyg á milli Íslendinga og vestrænna lýðræðisþjóða. Það er rétt að víkja örfáum orðum að þessum málflutningi.

Hvernig var raunverulega hið viðkvæma deilumál, sem Bjarni Benediktsson talar um að nauðsynlegt hafi verið að leysa? Frá sjónarmiði hins almenna Íslendings stóð landhelgismálið þannig: Við höfðum haft 12 mílna fiskveiðilandhelgi í 2½ ár. Í rúmt ár höfðu Bretar reynt veiðar undir herskipavernd innan markanna, en þó algerlega án árangurs. Afleiðingarnar af þessum tilraunum Breta urðu þær, að fiskimiðin við Ísland voru á þessu tímabili raunverulega betur friðuð en nokkurn tíma áður, nema þá að stríðsárunum einum undanskildum. Enginn sjómaður og enginn útgerðarmaður í landinu hafði beðið ríkisstj. að breyta þessu ástandi á fiskimiðunum og semja við Breta, en þúsundir landsmanna höfðu skorað á stjórnina að ljá ekki máls á neinni tilslökun, og stjórnin hafði marglofað þjóðinni því. Þannig stóð málið í augum þjóðarinnar. En hvað er dómsmrh. þá að tala um viðkvæmt deilumál, sem orðið hafi að leysa? Jú, vandi hans var þrýstingurinn frá NATO-herrunum. Það voru þeir, sem kröfðust samninga af honum og friðinda fyrir Breta í íslenzkri landhelgi. Fleygur sá, sem utanrrh. talaði um að við Alþýðubandalagsmenn hefðum rekið á milli Íslands og annarra NATO-landa, var einvörðungu fólginn í því að standa við gefin loforð allra stjórnmálaflokka á Íslandi um að stækka fiskveiðilandhelgina í 12 mílur.

Kommúnistar reyna að níða niður alþjóðadómstólinn, segja stjórnarsinnar, og þeir halda því jafnvel fram, að stækkun landhelginnar 1958 í 12 mílur hafi verið á móti alþjóðalögum. Hér er farið rangt með staðreyndir. Það hefur verið afdráttarlaus túlkun okkar Alþýðubandalagsmanna, eins og reyndar allra Íslendinga, að engin ákvæði væru til í alþjóðalögum, sem banni 12 mílna landhelgi. Hitt hefur legið ljóst fyrir öllum, að engin skýr ákvæði eru til í alþjóðalögum um víðáttu landhelgi. Þannig lýsti þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna yfir því þann 4. júlí 1956, að hún teldi, að fastar reglur væru ekki til um víðáttu landhelgi, en hún teldi þó, að alþjóðalög heimiluðu ekki stækkun landhelgi út fyrir 12 mílur. Einmitt vegna þessa hafa tvær alþjóðaráðstefnur verið haldnar til þess að reyna að ná samkomulagi um lagareglur í þessum efnum, svo að alþjóðadómstóllinn hefði eftir einhverju að dæma í slíkum málum. Þetta eru staðreyndir málsins. Samningur, sem bindur okkur þeirri skyldu að láta alþjóðadómstólinn skera úr um frekari stækkun fiskveiðilandhelginnar við Ísland, jafngildir því raunverulega að stöðva alla frekari útfærslu, eins og nú er högum háttað varðandi alþjóðareglur í þessum efnum. Þetta hafa Bjarni Benediktsson og Guðmundur Í. Guðmundsson vitað fullvel og öll íslenzka ríkisstj. Þetta vissu þeir á sama hátt og fiskimálaráðherra Bretlands, mr. Soames, sem nýlega undirstrikaði einmitt þessa staðreynd í bréfi varðandi landhelgissamninginn, sem hann skrifaði togaramönnum í Hull. Þetta er aðalatriði samkomulagsins, sagði brezki ráðherrann. Þetta atriði er óuppsegjanlegt og veitir því Bretum fulla tryggingu fyrir því, að um frekari útfærslu við Ísland verði ekki að ræða a. m. k. næstu 20 árin. Brezki ráðherrann lét þess getið, að Bretar hefðu getað fengið meiri friðindi til veiða innan landhelginnar við Ísland, en einmitt þessi trygging var aðalatriði, sagði hann, og því var höfuðáherzlan lögð á hana.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum enga sérstaka andúð á alþjóðadómstólnum. Ekkert er við það að athuga að beina til hans utanríkismálum, sem alþjóðalög eru ákveðin um. En alþjóðadómstóllinn hefur aldrei kveðið upp dóm um víðáttu landhelginnar, og engri þjóð hefur til hugar komið, að til hans væri hægt að sækja formlega viðurkenningu á 12 mílna landhelgi eða þar yfir, eins og málin standa í þessum efnum.

Nú hefur það gerzt í landhelgismáli okkar, að 150 brezkir togarar eru þegar komnir á bátamið okkar, að fiskibátar okkar, t. d. á Austfjörðum, hafa beinlínis orðið að flýja sín eigin fiskimið undan ágangi brezkra togara, að íslenzkir bátar eru farnir að tapa veiðarfærum sínum í erlenda togara, að brezku togararnir stanza ekki einu sinni við 6 mílna mörkin, heldur fara inn fyrir þau, og einn slíkur togari hefur þegar verið tekinn og sektaður. Þetta er aðeins byrjunin. Ekki efast ég mikið um, að við eigum eftir að hafa stórfellt tjón í veiði og á veiðarfærum vegna þessa ráðslags.

Góðir Íslendingar. Efnahagsstefna ríkisstj. hefur gersamlega brugðizt. Eins og nú horfir, er haldið beint út í öngþveitið. Samdráttarstefnan hefur bitnað hart á öllum launþegum. Þeir geta ekki lengur búið við hina harkalegu kjaraskerðingu, og því má telja víst, að til árekstra dragi. En viðreisnarstefnan er ekki aðeins hættuleg launþegum landsins, hún ógnar afkomu allra landsmanna, ef ekki verður snúið af braut þessarar hættulegu stefnu.

Bændur og verkamenn eiga hér sömu hagsmuna að gæta. Þeir hafa að vísu fyrst og sárast fundið fyrir afleiðingum kjaraskerðingarstefnunnar, en atvinnureksturinn hefur líka fundið sama vandann. Svikin í landhelgismálinu eru í raun og sannleika í beinu sambandi við viðreisnarstefnuna. Viðreisnin er framkvæmd hér að erlendri fyrirskipun og samkvæmt ráðum þeirra, sem andstæðastir voru okkur í landhelgismálinu allan tímann.

Sjálfstæð íslenzk efnahagsstefna, sem miðuð er við heildarhagsmuni þjóðarinnar, byggist á aukinni og sívaxandi framleiðslu. Sú stefna er miðuð við trú á atvinnulega uppbyggingu í landinu og það að nýta auðlindir landsins. Dýrmætustu auðlindir okkar eru fiskimiðin í kringum landið. Það er því grundvallaratriði þjóðlegrar framleiðslustefnu að vernda fiskimiðin við landið og tryggja sem bezt einkarétt okkar til þess að nytja þau. Við verðum að vinna landhelgisrétt okkar aftur. Samningurinn við Breta þarf að sendast þeim til baka sem ógilt plagg. En til þess að þetta megi takast, þarf þjóðin að losna við núv. ríkisstjórn og óheillastefnu hennar, bæði í innan- og utanlandsmálum. Að því marki þarf að keppa, og því marki þarf að ná sem allra fyrst. — Góða nótt.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Þótt menn hafi ekki í ræðum stjórnarandstæðinga í gærkvöld eða í kvöld fengið miklar upplýsingar um það, hvernig bræðraband stjórnarandstöðunnar ætli að leysa vandamál þjóðarinnar, þá var ýmislegt skemmtilegt í ræðum þeirra. Því var lýst á skáldlegan hátt, hvernig birt hefði yfir þjóðinni, þegar Framsfl. kom til sögunnar. Ræðumanni láðist raunar að nefna ummæli fyrrverandi forsrh., Steingríms Steinþórssonar, um það, að árin 1950—54 hefðu verið mesti framfaratími í sögu þjóðarinnar, og um sama leyti kvartaði Tíminn yfir því, að undanfarinn áratug hefði Sjálfstfl. haft öll lyklavöld um afgreiðslu mála.

Hv. 6. þm. Sunnl., Karli Guðjónssyni, sem átaldi mjög, að Rússlandsviðskiptum væri ekki sinnt sem skyldi, skal bent á að ganga inn með Suðurlandsbraut og skoða rússnesku bílana, sem er ekki hægt að selja þrátt fyrir margvísleg fríðindi. Þá væri fróðlegt að heyra skýringar hv. þm. Sigurvins Einarssonar, hvernig á að lækka skatta meira en niður í ekki neitt. Það verður að hryggja þennan sama hv. þm. með því, að stjórnarandstaðan hefur ekki haft minnstu áhrif á ákvörðunina um vaxtalækkun. Loks ætti þm. að hlífa Ungmennasambandi Þingeyinga við því að minna á hina furðulegu samþykkt þess.

Fæðingarstyrkir frá Bandaríkjunum eru óneitanlega æskilegri en styrkir til að koma í veg fyrir, að hugsjónamál sjái dagsins ljós, svo sem varð um framlagið úr öryggissjóði Bandaríkjanna á dögum vinstri stjórnarinnar, sem varð til þess, að vinstri stjórnin gleymdi að láta herinn fara.

Skemmtilegast var þó að heyra um hina nýju stuðningsmenn stjórnarandstöðunnar, Eirík sáluga rauða og Christopher Soames hinn brezka, og loks sú kátlega fullyrðing, að Kennedy Bandaríkjaforseti sé á línu íslenzku stjórnarandstöðunnar. Það er næsta kaldhæðnislegt, hversu stjórnarandstæðingar fagna hverju orði frá Bretum, sem er andstætt íslenzkum hagsmunum. Christopher Soames á áreiðanlega lengi eftir að verða óskabarn Tímans og Þjóðviljans. En auðvitað sér hver heilvita maður, að hann veit engu betur en við hér á Alþingi, hvernig alþjóðadómstóllinn muni úrskurða ágreiningsmál um landhelgi á komandi árum.

Við vitum það eitt, að alþjóðadómstóllinn hefur beinlínis rutt brautina fyrir okkur Íslendinga í þessu lífshagsmunamáli okkar, og þótt stjórnarandstæðingar nú leggi sérstaka rækt við að gera lítið úr rétti okkar, þá er sem betur fer ekki ástæða til að halda, að þær fullyrðingar hafi áhrif á alþjóðadómstólinn, sem smáþjóðirnar öðrum fremur hljóta að setja traust sitt á. Þau orð, sem heyrðust hér í gærkvöld, að það væri heimsmet í réttindaafsali að leggja deilumál fyrir alþjóðadóm, eru ekki sæmandi á þingi smáþjóðar, sem á alla tilveru sína undir því, að rétturinn, en ekki valdið, ráði í heiminum.

Stjórnarandstaða í lýðfrjálsum ríkjum gegnir ekki síður mikilvægu hlutverki en stjórnarliðið. Hennar hlutverk er að veita ríkisstj. aðhald og halda uppi raunsærri og hófsamlegri gagnrýni á það, sem stjórnarandstaðan telur miður fara. Það skal játað, að allir íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa í stjórnarandstöðu meira og minna brotið gegn skyldum sínum í þessu efni. En ég efast mjög um, að stjórnarandstaðan hafi nokkru sinni verið jafnhóflaus og niðurrifskennd í gagnrýni sinni og núv. stjórnarandstöðuflokkar eða öllu heldur flokkur, því að svo er stjórnarandstaðan einhuga, að þar er naumast lengur hægt að tala um tvo flokka.

Mig langar nú, hlustendur góðir, til, að við rifjum upp helztu ákæruatriði stjórnarandstöðunnar á núv. ríkisstj. og stjórnarflokka, eins og þau hafa birzt í ræðum talsmanna bræðraflokkanna, Framsóknar og Alþýðubandalags, í útvarpsumræðum og málgögnum flokka þessara. Sem inngang að þeim reiðilestri fer vel á að minna á þær röksemdir Framsfl. gegn kjördæmabreytingunni síðustu, að með henni væri vísvitandi að því stefnt að leggja hinar strjálbýlu byggðir landsins í auðn, og jafnvel gengið svo langt í einu málgagni Framsfl. að fullyrða, að tungu og þjóðerni verði stefnt í voða og líklegt að grasið hætti að gróa, ef sú breyting næði fram að ganga.

Því er nú blákalt haldið fram, að ríkisstj. og stuðningslið hennar stefni markvisst að því að innleiða örbirgð og atvinnuleysi á Íslandi. Skipulega sé að því unnið að draga úr framkvæmdum og hindra uppbyggingu. Framsóknarmenn hafa af sínu alkunna hyggjuviti fundið upp orðið samdráttarstefna, sem í gærkvöld og í kvöld var orðið breytt í „lömunarstefna", og við höfum heyrt í öllum þeirra ræðum í þessum umræðum, hvernig þeir hafa keppzt um að mála á vegginn sem hrikalegastar myndir af því, hvernig þessi voðalega samdráttarstefna muni smám saman leggja byggðir landsins í rúst og eyðileggja þá undraverðu uppbyggingu, sem vinstri stjórnin hafi unnið að. Láist þá að

geta þess, að meira var keypt af framleiðslutækjum á s. l. ári en nokkru sinni áður á einu ári, og er þar hæsta upphæðin skip og flugvélar 600 millj. kr. Þeir segja, að kjör launþega sé lögð sérstök rækt við að rýra og jafnframt sé verið að koma öllum atvinnuvegum landsmanna á kaldan klaka. Kjarnorðasta lýsing á stefnu ríkisstj. og afleiðingum hennar er að finna í einu nál. 1. þm. Norðurl. e., Karls Kristjánssonar. Þar segir:

„Sjávarútvegurinn er á heljarþröm. Landbúnaðurinn keyrður í kreppu. Iðnrekstur í voða. Verzlunin dregst saman. Fjárfestingarframkvæmdir að detta niður. Hið almenna framtak fellt í fjötra. Atvinnuleysi að hefjast. Kaupmáttur launa stórlega skertur."

Ekki þótti þó þessum virðulega þingmanni þessi kjarnyrta lýsing nægilega stórfengleg, því að hann sagði, að ástandið minnti á móðuharðindin, þá skelfilegustu óáran, sem yfir íslenzku þjóðina hefur gengið frá upphafi vega.

Síðustu einkunnirnar, sem stjórnarandstaðan hefur svo gefið ríkisstj., eru landráð og þjóðsvik í sambandi við landhelgissamninginn við Breta. Í því máli er þáttur Framsfl. ömurlegur. Ég veit ekki, hvort framsóknarmenn hafa nú lifað sig svo inn í baráttuaðferðir samherja sinna í Alþb., að þeir telji það líklegustu aðferðina til að sannfæra fólk um sinn málstað að lýsa stjórnarliðinu og verkum þess með svo öfgafullum fordæmingum, að jafnvel Þjóðviljinn verði algerlega undir í stóryrðanotkun. Hitt er ég sannfærður um, að margir eru þeir í röðum óbreyttra liðsmanna Framsóknar og einnig Alþb. um byggðir landsins, sem lítt geðjast að slíkum málflutningi. Menn geta gagnrýnt núv. ríkisstj. og stefnu hennar, en að halda því fram, að ríkisstj. og þinglið hennar séu einhuga um að reyna að gera þjóðinni þann miska, er þeim sé auðið, er fullyrðing, sem ekki sæmir að bera á borð fyrir upplýsta og menntaða þjóð.

Framsfl. rauf stjórnarsamvinnu við Sjálfstfl. 1956 með þeirri röksemd, að taka yrði upp nýja stefnu í efnahagsmálum og gera róttækar ráðstafanir til viðreisnar efnahagskerfinu, sem væri ekki auðið að gera nema með stuðningi verkalýðsflokkanna. Vinstri stjórnin var mynduð með sterkum þingmeirihluta. Hennar stóra tækifæri var um áramótin 1956—57. Allir væntu þess, að nú yrði hin mikla stefnubreyting. En áræði brast, og samheldnina vantaði. Samkomulag varð um það eitt að stefna inn á verðbólgubrautina með enn meiri hraða en áður. Alvarleg vinnudeila hófst. Aftur brast bæði kjark og samheldni. Sú deila var að tilhlutan ríkisstj. sjálfrar leyst á þann veg, að ógerlegt mátti teljast að stöðva aðrar kauphækkanir. Allt frá byrjun kepptust ráðherrar vinstri stjórnarinnar við að smíða naglana í eigin líkkistu, en fólkið, sem hafði treyst glæstum loforðum fyrir kosningar, fylltist gremju og vonleysi. Ekki er að efa, að þeir, sem að vinstri stjórninni stóðu, hafi viljað vinna þjóð sinni gagn. En þeim láðist í upphafi að koma sér saman um það, sem hafði æðimikla þýðingu, stjórnarstefnuna. Samkomulag var gert um það eitt að mynda stjórn, draga með öllum ráðum sem mest úr áhrifum sjálfstæðismanna og láta að öðru leyti hverjum degi nægja sína þjáningu. Auðvitað gerði vinstri stjórnin ýmislegt þjóðinni til hagsbóta, en í meginefnum varð starf hennar eða starfsleysi samfelld raunasaga og endalokin í samræmi við það. Því er að vísu haldið fram af framsóknarmönnum, að enda þótt Hermann Jónasson hafi lýst því yfir, að ný verðbólguskriða væri skollin yfir þjóðina, þegar hann baðst lausnar, hafi raunverulega efnahagsástand þjóðarinnar aldrei verið betra. Vinstri stjórnin fær þá væntanlega í sögunni þau eftirmæli, sem sennilega engin önnur stjórn í veröldinni hefur fengið, að velmegun hafi orðið henni að bana.

Það er tilgangslaust fyrir framsóknarmenn og Alþýðubandalagsmenn að neita því, að vinstri stjórnin gafst upp við að leysa þann vanda, sem hún fyrst og fremst var stofnuð til að leysa. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar þessir sömu menn þykjast þess umkomnir að finna verkum núv. stjórnar allt til foráttu. Það hefði verið æðimiklu auðveldara og sársaukaminna að framkvæma viðreisnaraðgerðirnar 1956 en 1959 og 1960. Sú staðreynd liggur í augum uppi.

Núv. ríkisstj. féll ekki í þá sömu gröf og vinstri stjórnin að semja um það eitt að setjast í ráðherrastóla. Fyrir fram var stefnan mörkuð, og að framkvæmd hennar hefur verið unnið af meiri festu og sanngirni en áður hefur þekkzt hér á landi um samstjórnir. Við vissum það öll í stjórnarliðinu, að með hinni nýju efnahagsmálastefnu var verið að stíga örlagaríkt spor, sem fyrst um sinn var ekki líklegt til að valda ánægju hjá neinum, og því ylti allt á skilningi þjóðarinnar um það, hversu til tækist. Við höfðum ekki trú á, að auðið væri að stökkva yfir dýrtíðargjána í tveimur stökkum, heldur yrði það að gerast í einu stóru stökki. En til þess þurfti mikla einbeitni og kjark, og ábyrgðarlaus stjórnarandstaða gat sundrað svo kröftunum, að þjóðinni tækist ekki að ná öruggri fótfestu á hinum bakkanum. Það var í upphafi og er enn í dag sannfæring okkar í stjórnarliðinu, að við höfum valið rétta stefnu og engin önnur stefna hafi verið fær til efnahagslegrar viðreisnar. Og þeim fjölgar nú óðum, sem viðurkenna það, að enda þótt skurðaðgerðin hafi verið sársaukafull, hafi hún verið óumflýjanleg til að ná fullum bata. Sístækkandi skammtar deyfilyfja gátu aldrei læknað hina alvarlegu meinsemd í efnahagskerfinu.

Uppgjafaliðið úr Framsókn og Alþýðubandalaginu hefur hins vegar af enn meiri kostgæfni og samheldni unnið að því að hindra viðreisnarstarf núv. stjórnar en það vann að lausn vandamálanna, meðan það hélt um stjórnvölinn. Hvarvetna þar, sem vart varð við óánægjuglóð, hafa foringjar stjórnarandstöðunnar blásið að kolunum með öllum kröftum, og af svo miklu kappi hefur verið unnið við að kynda óánægjueldana, að láðst hefur að gæta nægrar forsjár í þessu nytjastarfi. Þannig var samtímis á Alþýðusambandsfundi og fundi í L. Í. Ú. af hálfu tveggja foringja Alþýðubandalagsins haldið uppi árásum á ríkisstj., á öðrum staðnum fyrir það að búa svo hraklega að útgerð-

inni, að hún hefði engan starfsgrundvöll, og á hinum staðnum fyrir að arðræna verkalýðinn í þágu atvinnurekenda og ætla jafnvel að dirfast að veita útgerðinni stórfellda fjárhagsaðstoð. Samtímis og aðalblað Framsfl. birtir grein eftir sérfræðing flokksins í verðlagsmálum um, að ekki sé hægt að starfrækja verzlun vegna of lítillar álagningar, og haldið er fram, að sjávarútvegur og iðnaður sé fyrir tilverknað ríkisstj. í kreppuástandi, þá segir aðalritstjóri þessa sama blaðs í útvarpsumræðum fyrir nokkrum kvöldum, að aldrei hafi stóratvinnurekstur rakað að sér eins miklum gróða og í tíð núv. ríkisstj. Og það er furðulegt, þegar vandaðir menn, eins og 3. þm. Norðurl. e., Gísli Guðmundsson, afflytja svo staðreyndir eins og hann gerði í útvarpsræðu fyrir nokkrum kvöldum. Þar hélt hann því m. a. fram, að verr væri nú séð fyrir lánamálum landbúnaðarins en áður. Sannleikurinn er sá, að sízt hærri lán eru nú óafgreidd hjá sjóðum Búnaðarbankans en áður, og útlán, bæði úr byggingarsjóði og ræktunarsjóði, urðu á s. l. ári mun hærri en þau hafa hæst verið áður. Hitt er svo annað mál, að afla þarf mikils nýs fjármagns til stofnlána í landbúnaði og koma sjóðum Búnaðarbankans á starfhæfan grundvöll, en þau atriði ættu framsóknarmenn sjálfs sín vegna ekki að reyna að gera að árásarefni á aðra. Vandamál landbúnaðarins eru mörg. En ég efast mjög um það, að áður hafi af meiri ötulleik og með betri árangri verið unnið að málum bændastéttarinnar en af núv. hæstv. landbrh.

Jafnóraunhæfar eru ásakanir framsóknarmanna á ríkisstj. fyrir það, að með stefnunni í bankamálum, svo sem með bindingu fjármagns í Seðlabankanum, sé sérstaklega verið að veitast að atvinnuuppbyggingu úti um land og þá auðvitað fyrst og fremst vegið að samvinnufélögum. Hér er ekki um neinn tilflutning fjármagns til Reykjavíkur að ræða til notkunar þar. Fé er eftir sem áður eign viðkomandi stofnana, en bindingin er ætluð til þess, að Seðlabankinn geti án verðbólguverkana veitt aftur rekstrarlán til atvinnuveganna, að sjálfsögðu eftir sömu reglum um allt land, og tryggt aðstöðuna út á við. Hér er einn þáttur efnahagsaðgerðanna, sem er nauðsynlegur, en getur ekki verið vinsæll, og þá er sjálfsagt að blása í glóðir óánægjunnar. Þannig má lengi telja, en til þess vinnst ekki tími hér.

Ég skal þó aðeins minnast á fjárframlög til samgöngubóta, sem haldið er fram að núv. ríkisstj. hafi mjög skert. Eru þá notaðar prósentutölur, sem gefa alranga mynd, því að ríkissjóður hefur nú tekið á sig hundraða milljóna útgjöld vegna aukinna trygginga og vegna niðurgreiðslna á vöruverði. Er auðvitað fásinna að halda því fram, að önnur útgjöld ríkissjóðs hefðu átt að hækka til að halda sömu hlutfallstölu og áður. Staðreynd málsins er sú, að fjárveitingar til verklegra framkvæmda hafa hækkað mjög verulega eftir gengisbreytinguna, alveg andstætt því, sem var stefnan undir forustu þáv. fjmrh., Eysteins Jónssonar, bæði við gengisbreytinguna 1950 og þegar yfirfærslugjaldið var lagt á 1958. Þá voru fjárveitingar til verklegra framkvæmda ekkert hækkaðar, og þá var ekki talað um árásir á strjálbýlið. Þannig er allt á sömu bókina lært.

Hv. þm. Halldór Sigurðsson kom með mikið talnaflóð hér í gærkvöld, sem því miður gaf mjög villandi mynd af fjármálaþróuninni. Hann hefði í sambandi við fordæmingu sína á hinni stórfelldu hækkun fjárlaga átt að gera grein fyrir þeim útgjöldum ríkissjóðs, sem hefði mátt fella niður að dómi framsóknarmanna. Framsóknarmenn hafa yfirleitt verið á móti öllum sparnaðartillögum núv. ríkisstj. Eina úrræði þeirra til lækkunar er að sameina sendiráðin á Norðurlöndum. Meiri hl. fjvn. lagði einmitt til, að það mál yrði tekið til sérstakrar athugunar. En allan þann tíma, sem framsóknarmenn hafa verið í ríkisstj., hefur þeim aldrei hugkvæmzt þessi sparnaður.

Verkamönnum og sjómönnum er sagt, að þeir eigi að fá stórfelldar launahækkanir, en þó er í hinu orðinu sagt, að allur atvinnurekstur sé að stöðvast vegna fjárskorts. Sagt er, að ríkið leggi allt of miklar álögur á þjóðina, og lagt er til að fella niður söluskatt. En samtímis leggja sömu menn til að hækka útgjöld ríkissjóðs og skerða aðra tekjustofna hans, svo að mörgum milljónatugum nemur. Lögð er hin mesta rækt við að sannfæra bændur um, hversu gengislækkunin hafi verið mikil ógæfa fyrir þá, en þó er ómótmælt, að Framsókn átti sjálf þátt í gengislækkun í vinstri stjórninni og vildi þá framkvæma enn meiri gengislækkun. Það er hér sem á fleiri sviðum, að þegar Framsókn gerir einhverja ráðstöfun, þá er hún góð og menn eiga að þakka og vegsama Framsóknarforingjana, en þegar aðrir gera nákvæmlega það sama, þá skulu haldnir mótmælafundir og harðorðar mótmælasamþykktir gerðar. Skyldu menn ekki fara að sjá í gegnum þennan hráskinnaleik?

Jú, sú er einmitt reyndin. Stjórnarandstaðan hefur ekki haft erindi sem erfiði. Þjóðin hefur ekki brugðizt vonum okkar, sem að þessum ráðstöfunum höfum staðið. Hún hefur ekki látið gerningaveður samherjanna í forustuliði Framsóknar og Alþb. villa sér sýn. Það hefur ekki reynzt eins auðvelt að blása í óánægjuglóðirnar og stjórnarandstaðan hélt. Þjóðin hefur ekki talið þá menn líklega leiðsögumenn, sem sjálfir höfðu gefizt upp. Þjóðin hefur skilið, að hér er um framtíð hennar að tefla, afkomu hennar og efnahagslegt sjálfstæði og að ekki varð hjá því komizt að leita nýrra úrræða og nýrrar forustu, eftir að hin fyrri forusta hafði reynzt óhæf. Vitanlega una margir og ef til vill flestir illa sínum hlut, en æ fleiri skilja, að annarra betri kosta var ekki völ. Allar stéttir hafa kvartað, og stjórnarandstaðan hefur kvartað fyrir allar stéttir, og það er ljósust sönnun þess, að reynt hefur verið að jafna metin, en engum ívilnað öðrum en þeim, sem verst eru settir.

Í dag er aðeins um tvær leiðir að velja: Annars vegar þau viðreisnarúrræði, sem núv. stjórnarflokkar hafa framkvæmt og þeir eru ráðnir í að framfylgja, ef þjóðin veitir þeim áfram nauðsynlegan styrk. Hins vegar er forusta Framsóknar og Alþb. um stjórnarstefnu, sem þeir hafa ekki gert neina tilraun til að marka.

Spor þessara flokka hræða sannarlega, og þeir geta naumast vænzt þess, að þjóðin taki alvarlega fordæmingu þeirra á núverandi stjórnarstefnu, nema þeir þá um leið lýsi sínum sameiginlegu úrræðum. Og hversu margir skyldu þeir vera, sem vilja trúa samstjórn Framsóknar og kommúnista fyrir örlögum þjóðarinnar?

Enda þótt við aflabrest og ýmsa óáran hafi verið að etja, sem loksins var af stjórnarandstöðunni viðurkennt í umræðunum í gærkvöld og meira að segja af hv. þm. Lúðvík Jósefssyni í kvöld, þá hefur ótrúlega þokazt í rétta átt í efnahagsmálum, síðan viðreisnarlöggjöfin tók gildi. Hafa þeirri þróun verið svo góð skil gerð af öðrum, að ekki þarf að endurtaka það.

Þótt nauðsynlegt sé að athuga fortíðina, til þess að hægt sé að læra af reynslunni, þá er það þó framtíðin sem öllu máli skiptir. Með efnahagsaðgerðum núv. ríkisstj. er verið að leggja traustan grundvöll að nýrri framfarasókn þjóðarinnar. Þjóðviljinn hefur að undanförnu mikið rætt um hina miklu framleiðsluaukningu undanfarin ár, en þó hafi kaupmáttur launa ekkert aukizt. Ég skal ekki um það segja, hvort tölur blaðsins séu réttar að öllu leyti, en hér er þá vissulega fengin ótvíræð sönnun þess, að verðbólguþróunin og uppbótastefnan, sem voru aðalbjargráð vinstri stjórnarinnar, hafi engum verið hættulegri en launþegum. Það verður því að byggja á nýjum grunni, ef hægt á að vera að bæta lífskjörin. Með viðreisnarráðstöfununum er verið að tryggja þennan nýja grundvöll.

Lækning efnahagsmeinsemdanna er sársaukafull, meðan á henni stendur. En síðar mun hinn heilbrigði þjóðfélagslíkami fær til enn meiri og árangursríkari átaka en áður. Traust á gjaldmiðil þjóðarinnar hefur þegar verið endurvakið. Brask með gjaldeyri og eignir er úr sögunni. Framleiðsluvörum þjóðarinnar hafa verið skapaðir nýir samkeppnisskilyrði á erlendum markaði. Jafnframt mun jafnvægi í efnahagsmálum veita aðstöðu til þess að afla fjár, bæði til stóriðju og til eflingar núverandi atvinnugreinum. Að uppbyggingunni verður að vinna skipulega og af hagsýni, og fyrsta skrefið í þá átt er sú framkvæmdaáætlun, sem ríkisstj. er nú að láta vinna að.

Meginstefnan í þjóðmálum á hverjum tíma hlýtur að vera sú að búa öllum almenningi sem bezt lífskjör. En án aukningar framleiðsluverðmæta verða lífskjörin ekki bætt. Það er auðvitað hægt með hinu mikla samtakaafli verkalýðshreyfingarinnar að knýja fram kauphækkanir. En séu þær ekki ákvarðaðar með hliðsjón af greiðslugetu framleiðsluatvinnuveganna, munu þær enga verr hitta en launþega sjálfa. Það getur verið gaman fyrir þá, sem telja sig sérstaka umboðsmenn verkalýðshreyfingarinnar, að bera fram stóryrtar hótanir, eins og heyrðust hér í umræðum í gærkvöld. En reynslan hefur ótvírætt sýnt, að ráð ofstopamannanna eru Lokaráð.

Annars hafa launþegasamtökin í heild sýnt lofsverðan skilning á viðreisnaraðgerðunum, enda reynslan af kauphækkunarstefnunni ekki glæsileg síðustu árin. Skylt er því að kanna til þrautar öll úrræði til þess að bæta kjörin á þann hátt, að kaupmáttur launanna aukist.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Núv. ríkisstj. hefur með manndómi ráðizt gegn vandamálunum, og það vita allir, sem staðreyndir virða, að án viðreisnaraðgerðanna væri nú fjárhagslegt öngþveiti í landinu. Það þýðir ekki að halda því að skynsömu fólki, að ríkisstj. í lýðfrjálsu landi geri óvinsælar ráðstafanir að gamni sínu eða löngun til að vinna þjóð sinni tjón. Er ekki komið nóg af því, að stjórnarvöldin láti berast með straumi almenningsálitsins á hverjum tíma? Stjórnarskráin sjálf býður þingmönnum að gera það, sem þeir vita sannast og réttast. En þeir eiga ekki að lúta fyrirmælum frá kjósendum. Þingmenn, sem þora ekki að fylgja sannfæringu sinni af ótta við kjósendur, eru ekki hæfir til að stjórna málum þjóðarinnar. Stjórnarliðið veit vel, að efnahagsaðgerðirnar eru ekki líklegar til vinsælda í bili. Við stígum hins vegar hið örlagaríka spor í fullri sannfæringu um það, að við séum að vinna þjóð okkar gagn og í trausti á dómgreind almennings í landinu. Stjórnarandstæðingar eru það greindir menn, að þeir vita vel, hvað í húfi er, ef ráðstafanirnar mistakast. Því raunalegri er hin alhliða niðurrifsbarátta þeirra. Þjóðin mun að síðustu kveða upp úrslitadóminn, og við biðum ókvíðnir þess dóms. — Góða nótt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Út af ummælum hv. þm. Friðjóns Skarphéðinssonar skal það aðeins tekið fram, að fulltrúar Framsfl. í fjvn. gerðu þá grein fyrir eyðslustefnu stjórnarinnar, að til uppbyggingar í landinu var varið 28.5% af heildarútgjöldum fjárlaga, en nú aðeins 18.4%.

Hæstv. dómsmrh. sagði hér í gær, að efnahagsráðstafanirnar hefðu miðað að því að tryggja grundvöll atvinnuveganna og eftir atvikum mætti árangurinn eftir eins árs stjórn teljast góður. Ég verð nú að spyrja: Hvar er sá góði árangur? Hann virðist hvorki koma fram í bættri stöðu út á við né í afkomu atvinnuveganna. Skuldasöfnun erlendis hefur ekki stöðvazt. Greiðsluhallinn við útlönd árið 1960 var a. m. k. 400 millj. kr. Hv. þm. Sigurður Ingimundarson ætti að athuga, hvernig þessi staðreynd kemur heim við boðskap Draglands hins norska.

Vöruskiptajöfnuðurinn var árið 1960 óhagstæður um 817 millj. kr., árið 1959 var hann að vísu óhagstæður um 911 millj. kr., en árið 1958 varð hann aðeins óhagstæður um 613 millj. kr., allar tölurnar umreiknaðar eftir núv. gengi. Þetta eru einu réttu tölurnar um vöruskiptajöfnuðinn, og þær sanna, að hann er ¼ lakari 1960 en 1958. Fram hjá þessum staðreyndum kemst hv. þm. Birgir Kjaran ekki.

Og ekki var nú að heyra á hv. þm. Jóni Árnasyni í gær, að grunnur atvinnuveganna væri sérlega traustur. Hann sagði: Einstaklingar og bæjarútgerðir stynja undir taprekstri togaranna. — Var það vissulega sízt ofmælt, þar sem verulegur hluti togaraflotans er nú á leiðinni undir uppboðshamarinn, þrátt fyrir kreppuráðstafanir þær, sem nú hafa verið gerðar vegna útgerðarinnar. Já, hvar er hinn góði árangur? Kannske hann birtist í landbúnaði?

Hæstv. landbrh. gerir þá líklega grein fyrir því hér á eftir. Ég er viss um, að atvinnurekendum og launþegum leikur forvitni á að heyra, hvar hinn góða árangur er að finna. Að grundvöllur atvinnuveganna hafi verið tryggður, eins Morgunblaðið segir í frásögn af ræðu hæstv. ráðherra, er eitt hið allra mesta öfugmæli.

Hæstv. utanrrh. gerði stjórnarslitin 1958 að umræðuefni og átaldi Hermann Jónasson fyrir að hafa leitað eftir samvinnu við Alþýðusambandið um aðgerðir í efnahagsmálum, í stað þess að leggja fyrir Alþingi tillögur, sem hann taldi að Framsfl. og Alþfl. hefðu getað komið sér saman um, þar eð ekki hefði heldur verið hægt að útiloka þann möguleika, eins og hann orðaði það, að Sjálfstfl. féllist einnig á þær, og hefði þá átt að taka við ný stjórn þeirra þriggja flokka. Ég verð að láta í ljós undrun á svona málflutningi af hálfu ráðherra úr vinstri stjórninni. Í stjórnarmyndunarsamningi vinstri stjórnarinnar var því heitið skýrum orðum, að um lausn efnahagsvandamálanna skyldi höfð náin samvinna við stéttasamtök vinnandi fólks. Það hefði verið beint brot á stjórnarsáttmálanum að ganga fram hjá stéttasamtökunum og leita á Alþingi eftir samvinnu við Sjálfstfl., sem einskis hafði látið ófreistað til að koma vinstri stjórninni á kné og var í stjórnarandstöðu sinni ofsalegri og öfgafyllri en dæmi eru til hér á landi. Slík viðbrögð hefðu og verið í litlu samræmi við skoðanir hæstv. viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasonar, er fram komu í grein, er hann reit í Alþýðublaðið 28. nóv. 1957. Þar sagði hann svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir flokkar, sem mynduðu núv. ríkisstj. á s. l. sumri, gerðu sér og gera sér ljóst, að verðbólguhjólið verður ekki stöðvað nema með náinni samvinnu ríkisvalds og stéttasamtaka. Efnahagsmál þjóðarinnar verða ekki leyst, ef styrjöld geisar milli ríkisvaldsins annars vegar og stéttasamtakanna hins vegar. Ef hið opinbera fylgir þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem Sjálfstfl. berst fyrir, má ganga út frá því sem vísu, að samtök launþega beiti sér gegn henni, svo sem átti sér stað á árunum 1950—56. Baráttan gegn verðbólgunni verður því ekki háð undir merkjum Sjálfstfl. Sigur á henni verður ekki unninn með aðild hans."

Þessi ummæli hæstv. viðskmrh. ættu Alþýðuflokksmenn vandlega að íhuga nú.

Nei, sannleikurinn er auðvitað sá, að það hefðu verið hin herfilegustu svik, bæði gagnvart kjósendum og samstarfsmönnum, ef Hermann Jónasson hefði haustið 1958 valið þá leið, sem hæstv. utanrrh. segir nú að hann hefði átt að fara. Þegar meiri hl. Alþýðusambandsþings, þ. á m. þingfulltrúar Alþfl., hafði hafnað samstarfi við ríkisstj., var brostin forsenda fyrir myndun vinstri stjórnarinnar, og þá gerði Hermann Jónasson það, sem hver heiðarlegur stjórnmálamaður hlaut að gera undir þeim kringumstæðum, að biðjast lausnar.

Vegna ummæla hæstv. utanrrh. og reyndar annarra þingmanna, svo sem Gísla Jónssonar og Birgis Finnssonar o. fl., um afstöðu Framsfl. til varnarmála vil ég taka fram, að stefna Framsfl. í utanríkismálum og þ. á m. í varnarmálum er algerlega óbreytt frá því, sem verið hefur. Vil ég því til staðfestingar leyfa mér að lesa ályktun þá um utanríkismál, sem gerð var á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. í febrúarmánuði s. l. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Aðalfundur miðstjórnar Framsfl. vísar til fyrri samþykkta flokksins um utanríkismál og ítrekar þá stefnuyfirlýsingu, að Íslendingar hafi samstarf um öryggismál við nágrannaþjóðirnar, m. a. með þátttöku í Atlantshafsbandalaginu, og unnið sé að því, að herinn hverfi sem fyrst úr landi."

Samkvæmt þessari yfirlýsingu er það stefna Framsfl., að Ísland starfi áfram í Atlantshafsbandalaginu, enda erum við samningslega skuldbundnir til þess um tiltekið tímabil, og það er auðvitað stefna Framsfl. hér eftir sem hingað til, að af Íslands hálfu sé staðið við alla löglega gerða millirríkjasamninga, alveg án tillits til þess, hvort Framsfl. hefur átt að þeim aðild eða ekki.

Þátttaka Íslands í Atlantshafsbandalaginu er ekki samrýmanleg hinni gömlu og að margra dómi úreltu eða jafnvel hættulegu hlutleysisstefnu. Það verða menn að gera sér ljóst.

En af þátttöku Íslands í Atlantshafsbandalaginu leiðir það engan veginn, að hér skuli eða þurfi ætíð að vera her í landi. Við inngönguna í bandalagið árið 1949 var því yfir lýst, að ekki kæmi til mála, að erlendur her eða herstöðvar væru á Íslandi á friðartímum. Að þessari yfirlýsingu stóðu Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl. Á þeirri forsendu var gengið í NATO, og Bandaríkjastjórn fyrir hönd hinna bandalagsríkjanna lýsti fullum skilningi og samþykki á þessari yfirlýsingu. Þegar varnarliðið var tekið inn í landið 1951 vegna hins sérstaka hættuástands í heiminum, var út frá því gengið, að það yrði hér aðeins um takmarkaðan tíma og gildistími varnarsamningsins, sem er uppsegjanlegur með tiltölulega skömmum uppsagnarfresti, þyrfti á engan hátt að falla saman við gildistíma NATO-samningsins.

Afstaða Framsfl. til varnarliðsins hefur ætíð verið í samræmi við stefnuna frá 1949. Hann vill ekki hafa varnarliðið hér á landi degi lengur en nauðsyn krefur. Hann vill ekki hafa her í landi á friðartímum. Auðvitað er það teygjanlegt, hvenær friðartímar séu, en það verða Íslendingar sjálfir að meta. Það getur að vísu verið vandasamt mat. Framsfl. vill vinna að því, að varnarliðið hverfi úr landi sem fyrst og svo fljótt sem fært þykir öryggis vegna, enda verði þá auðvitað höfð hliðsjón af ákvæðum NATO-sáttmálans og þeim skuldbindingum, sem við þar höfum undirgengizt. Stefna Framsfl. í utanríkismálum er þannig óbreytt og fast mótuð.

En nú vil ég spyrja fyrirsvarsmenn Alþfl. og Sjálfstfl.: Er stefna þeirra varðandi varnarliðið breytt frá því 1949 og 1951? Vilja þeir nú hafa hér her í landi á friðartímum? Svari þeir nú þessu, þeir fyrirsvarsmenn þessara flokka, sem hér eiga eftir að tala, eins skýrt og skorinort og ég hef tjáð mig um utanríkisstefnu Framsfl.

Fyrst ég er farinn að tala hér um utanríkismál, langar mig til að minna á eitt atriði, sem frá mínu sjónarmiði er grundvallaratriði í

sambandi við utanríkismál. Það er nauðsynin á sem mestri samstöðu stjórnmálaflokkanna í utanríkismálum. Við getum deilt hart um innanlandsmál. En í utanríkismálum þurfa að minum dómi þeir flokkar að standa saman og starfa saman, eftir því sem unnt er, sem aðhyllast sömu grundvallarsjónarmið í þeim málum, jafnt stjórnarflokkar sem stjórnarandstaða. Reynslulítil smáþjóð þarf á öllu sínu að halda í skiptum við aðrar þjóðir. Á þeim vettvangi þurfum við að varðveita sem mesta einingu þrátt fyrir átök um innanlandsmál. Þessi sjálfsagða regla var illu heilli þverbrotin í samningagerðinni við Breta um landhelgismálið og það enda þótt þeirri aðferð hefði jafnan verið fylgt áður, að því er ég bezt veit, að láta stjórnarandstöðuna fylgjast með öllum aðgerðum í landhelgismálinu. En um samningagerðina við Breta nú hafði ríkisstj. ekkert samráð við stjórnarandstöðuna, bar málið á samningastigi ekki einu sinni undir utanrmn., svo sem skylt var þó að lögum, og gaf hvað eftir annað á Alþingi yfirlýsingar, sem vægast sagt voru stórlega villandi eða jafnvel alrangar. Þannig má ekki halda á viðkvæmum utanríkismálum.

Um sjálfan landhelgissamninginn ræði ég eigi hér, enda hefur hann verið áður rækilega ræddur, bæði í þessum umr. og áður.

Herra forseti. Eins og margsannað er í þessum útvarpsumr., hefur stjórnarstefnan þegar beðið algert skipbrot. Hinar harkalegu efnahagsaðgerðir ríkisstj., sem auk gífurlegrar gengisfellingar voru m. a. fólgnar í stórkostlegri vaxtahækkun, söluskattsviðauka og lánasamdrætti, leggjast með vaxandi þunga á atvinnuvegina og allan almenning í þessu landi. Atvinnufyrirtækin eru að sligast undan stórauknum rekstrarkostnaði. Stofnfjárkostnaður er öllum nýjum framkvæmdum þrándur í götu. Rúmu ári eftir viðreisnina, sem öllu átti að bjarga, er nú svo komið fyrir útgerðinni, bæði vegna efnahagsaðgerðanna og af öðrum óviðráðanlegum ástæðum, að gera verður sérstakar ráðstafanir henni til bjargar. Því er nú verr og miður, að þau úrræði munu ekki nægja togaraútgerðinni til bjargar, nema því meiri breyting verði á aflabrögðum eða á afurðaverði. Landbúnaðurinn þarf á svipaðri fyrirgreiðslu að halda, en til þessa hefur stjórnarliðið þverskallazt við því að veita bændum hliðstæða aðstoð. Hjá því verður þó ekki komizt til lengdar, að vandræðum bændastéttarinnar verði sinnt, enda þótt hagur bænda sé að sjálfsögðu misjafn og gott veðurfar á s. l. ári hafi hjálpað þeim mikið.

Á valdatíma núv. ríkisstj. hafa lífskjör og afkomumöguleikar almennings áreiðanlega stórversnað, þrátt fyrir auknar fjölskyldubætur, niðurgreiðslur og nokkrar skattalækkanir, einkanlega þó á hátekjumönnum. Þar er eigin reynd ólygnust, hvað sem öllum vísitöluútreikningi líður. Stjórnarliðar hafa neyðzt til að viðurkenna erfiðleika atvinnuveganna og lífskjaraskerðinguna, en þeir segja bara: Þessi vandræði standa ekki nema í bili. Biðið þið nú róleg, þangað til þetta breytist til batnaðar. — En þeir nefna ekki, hversu lengi þurfi að bíða, enda er það nú svo, að það eru allar líkur til þess, að samdráttarstefnan haldi framvegis áfram að verka á sömu lund og að undanförnu, þ. e. a. s. framkvæmdir haldi áfram að dragast saman, að framleiðsla og þjóðartekjur á hvern einstakling verði minni, að framtak manna haldi áfram að lamast, atvinnan að minnka og lífskjörin að versna. Og sannleikurinn er sá, að seint mun aftur vora í íslenzku atvinnulífi, ef hauststefnu hæstv. ríkisstj. verður óbreyttri áfram haldið.

Eftir 16 mánaða stjórnartímabil er niðurstaðan í stuttu máli sú, að „viðreisnin" hefur ekki leitt til viðreisnar, heldur vandræða á svo að segja hvaða sviði sem er. Viðreisnarstefna ríkisstj. er því réttnefnd vandræðastefna. Frá þeirri vandræðastefnu þyrfti að hverfa sem allra fyrst. Það eina rétta og það eina heiðarlega, sem stjórnarliðið gæti gert, eins og sakir standa, er að viðurkenna ósigur sinn, gefast upp og leggja málin undir dóm kjósenda. Eftir nýjar kosningar þyrfti að mynda stjórn á breiðum grundvelli, sem nyti trausts fjölmennustu þjóðfélagsstéttanna jafnt í sveit og við sjó, — stjórn, sem hyrfi frá samdráttarstefnunni, en hefði að höfuðmarkmiði skipulagða stóraukningu þjóðarframleiðslunnar. — Góða nótt.

Sjútvmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, lauk máli sínu með því, að nú væri nauðsyn að mynda stjórn á breiðum grundvelli, sem styddist við, að mér skildist, vinnandi menn í sveit og við sjó. Þetta er sama hugsunin og lá til grundvallar fyrir myndun vinstri stjórnarinnar á sínum tíma. En reynslan af henni er ekki þannig, að hún örvi til eftirbreytni.

Þessi hv. ræðumaður spurði líka um afstöðu ríkisstj. í varnarmálunum. Um það vil ég aðeins segja, að ég tel, og ég held, að mér sé óhætt að segja, að það sé afstaða ríkisstj. í heild, að hún telur, að öryggi landsins og öryggi þeirra þjóða, sem standa með okkur í Atlantshafsbandalaginu, eigi að ráða um það, hvort hér verður áfram her í landi, en ekki kommúnistaflokkurinn eða hreyfingar, sem hann stendur að, eins og sú hreyfing, sem hefur kallað sig „Gegn her í landi" og er af þeim stjórnað og Framsfl. því miður hefur látið blekkjast til að ganga með.

Þessum umr. er nú senn lokið, og væri kannske skaðlítið, þó að fyrr hefði verið. Fátt nýtt hefur komið fram og ræður stjórnarandstöðunnar hafa einkennzt af endurteknum fullyrðingum, sem hafa verið marghraktar áður. En blærinn á umr. hefur mér virzt vera hjá stjórnarandstöðuflokkunum þannig, að ræður kommúnistanna, a. m. k. í gær, voru fullar af illsku og mannhatri, sem greinilegast kom í ljós hjá hv. 7. landsk. þm., Geir Gunnarssyni, en það, sem einkenndi ræður Framsfl.-manna í gærkvöld, var, að þeir þurftu — ég held allir — að sverja af sér kommúnistastimpilinn, sem þó situr fastur enn eftir sem áður.

Helzta afsökun framsóknarmanna var, að Sjálfstfl. og Alþfl. hefðu áður setið með kommúnistum í ríkisstj. og Alþfl. starfaði með þeim í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, þannig að þessum

flokkum færist nú ekki að gera sig digra. Hér eins og oft endranær gera þessir menn sig seka um að leyna kjarna málsins með því að segja hálfan sannleikann. Það er út af fyrir sig rétt, að Alþfl. og Sjálfstfl. hafa starfað með kommúnistum og Alþb. bæði í ríkisstj. og bæjarstjórn Hafnarfjarðar, en að lausn ákveðinna mála, sem fyrir fram hefur verið samið um. En ég ætla, að enginn geti vænt þessa flokka um það, þrátt fyrir samstarfið, að þeir hafi tekið upp í einu eða neinu stefnu kommúnista. En það er þetta uggvænlega, sem hefur gerzt nú með Framsfl. Í steingeldri stjórnarandstöðu og án þess að sjáanlegur sé af því nokkur minnsti málefnalegur ávinningur virðist Framsóknarforustan hafa tekið í hverju málinu eftir annað hina kommúnistísku trú. Ég nefni landhelgismálið og herstöðvamálið. Ég nefni verkalýðsmálin og tilheyrandi baráttu gegn efnahagsráðstöfunum. Ég nefni launajafnréttismál kvenna, þar sem kommúnistar sneru Framsfl. í hring á einum sólarhring, og margt mætti nefna fleira af þessu tagi.

Það er út af fyrir sig engin ástæða til að finna að því eða amast við því, þó að unnið sé með einhverjum, sem hefur aðra og kannske fjarstæðukennda skoðun. En þá fyrst er illt nærri, þegar samstarfsflokkurinn fer að gera þessar fjarstæðukenndu skoðanir að sínum skoðunum, og það er það, sem hinum almenna framsóknarmanni finnst forusta flokksins vera að gera og hún hefur ekki getað borið af sér.

Umr. um efnahagsmálin voru svo til nákvæm endurtekning á því, sem búið var að segja mörgum tugum sinnum áður. „Aldrei betri afkoma en 1958," sagði hv. 4. þm. Norðurl. e., Ingvar Gíslason, hér í gær, þ. e. a. s. á þeim tíma, þegar Hermann Jónasson fann sjálfan sig á hengiflugsbrúninni og flúði frá ábyrgðinni í dauðans ofboði. „Framsfl. á enga sök á efnahagsörðugleikunum nú," sagði hv. 3. þm. Vesturl., Halldór E. Sigurðsson, en gleymdi þá í svipinn því, sem hv. þm. Ingvar Gíslason hafði sagt á undan honum, að enginn flokkur hefði verið lengur í stjórn en Framsfl. og enginn flokkur hefði átt meiri þátt í að móta „framfarastefnuna", sem þeir svo kölluðu, en ég vil nú tilfæra innan gæsalappa, því að þessi stefna Framsfl. í efnahagsmálum á undanförnum árum á óumdeilanlega sökina á því, hvernig komið var í árslok 1958, því ástandi, sem nú er verið að reyna að bjarga þjóðinni úr.

Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir reyndu að mikla þá kjaraskerðingu, sem átt hefur sér stað hjá almenningi. En báðir gleymdu að geta þess, að þrátt fyrir mikla aukningu á þjóðartekjunum undanfarinn áratug og miklar kauphækkanir hjá launþegunum varð kaupmáttaraukning launa engin og hækkunin hvarf í verðbólguhítina. Þeir gleymdu líka að geta þess, að um áramótin 1958 og 1959 voru báðir þessir flokkar reiðubúnir til þess að gera ráðstafanir til kauplækkunar, sem nam 5—6%, ef þeir fengju að sitja áfram í ráðherrastólunum. En það var nákvæmlega sú lækkun, sem átti sér stað þá. Þetta var tilboð frá flokkunum báðum. Og þegar um þessi mál er rætt, er eingöngu minnzt á hækkun á vöruverði, en vandlega varazt að geta þeirra hliðarráðstafana, sem gerðar hafa verið til þess að draga úr áhrifum þessarar hækkunar, svo sem hækkunar tryggingabóta almannatrygginganna, lækkunar skatta og margs fleira, þannig að raunveruleg útgjöld meðalfjölskyldunnar hækka ekki um 17%, eins og hv. 6. þm. Sunnl., Karl Guðjónsson, gaf í skyn hér í gærkvöld, heldur um 4%.

Húsnæðismálin hefur líka borið á góma, og vandlega hefur verið bent á þær hækkanir, sem orðið hafa á erlendu efni vegna gengisbreytingarinnar. Á hitt var ekki minnzt, að síðari hluta árs 1958, þegar sýnilegt var orðið, að gera þurfti róttækar ráðstafanir í efnahagsmálum, ef halda átti þjóðarskútunni á floti, var ein helzta tillaga Alþb. sú að takmarka fjárfestingarleyfi og jafnvel leggja á fjárfestingarskatt, skatt á leyfi til fjárfestingar, sem ósýnt er, hvort orðið hefði léttbærari en gengisbreytingin. Í þessu sambandi má einnig á það benda, að núv. ríkisstj. tókst á s. l. ári að útvega húsnæðismálastjórn aukið starfsfé, sem nam um 40 millj. kr. eða meira en allar fastar tekjur stofnunarinnar. Úr þessu hafa andstæðingarnir reynt að gera sem minnst. En þeir, sem þess hafa notið, hafa áreiðanlega kunnað að meta það. Á yfirstandandi ári er stefnt að hinu sama, og hefur þegar fengizt loforð fyrir verulegum hluta af því fé. Ef hægt verður að endurtaka þetta svo eitt ár í viðbót, sem reynt verður áreiðanlega, þá mun hægt að afgreiða allar þær lánaumsóknir, sem nú liggja fyrir, enda nauðsynlegt, að hægt verði að afgreiða lánaumsóknirnar nokkurn veginn eftir hendinni, þegar þær berast, og afnumið verði það sleifarlag, sem ríkt hefur, að menn þurfi að bíða tvö, þrjú og jafnvel fjögur ár eftir afgreiðslu á umsóknum sínum.

Ég tel því, að ríkisstj. megi vel við una þann árangur, sem náðst hefur á því tæpa einu og hálfu ári, sem hún hefur starfað. Auk stærstu málanna, efnahagsmálanna og landhelgismálsins, hefur tryggingalöggjöfin verið stórkostlega endurbætt, skattar lækkaðir, bæjar- og sveitarfélögunum tryggðar 70—80 millj. af söluskatti, fé útvegað til húsbygginga meira en nokkru sinni fyrr og nú síðast í gær samþykkt frv. um launajafnrétti kvenna, sem síðasta áratuginn hefur verið ofarlega á baugi, en aldrei tekizt að þoka verulega í áttina. Er hér um geysiþýðingarmikið mál að ræða fyrir íslenzkar konur, og þó að það taki sex ár að koma því í fulla framkvæmd, er tryggt, að á hverju ári þokar í áttina, en áður hafði allt staðið fast. Er þetta sama aðferð og Svíar hafa notað, en þeir hafa jafnan verið forgöngumenn á þessu sviði, þegar um hefur verið að ræða réttindamál kvenna. Þeirra tímatakmark er að vísu 5 ár, en okkar 6. Það breytir ekki öllu, en báðir hugsa sér að ná fullu launajafnrétti á þessu tímabili. Ég tel þess vegna, að ríkisstj. geti eftir atvikum verið ánægð með árangurinn, þegar litið er til ástandsins, sem var, þegar vinstri stjórnin skildi við, og til þeirra erfiðleika, sem við hefur verið að etja á þessu tímabili.

En ég hef sjaldan nú um áratuga skeið vitað stjórnarandstöðu á Íslandi jafnaðþrengda og

nú, og aldrei í sögunni hef ég vitað hana grípa til slíkra örþrifaráða og nú. Í tveim örlagaríkustu málunum, sem núv. ríkisstj. hefur fengizt við að leysa, efnahagsmálunum og landhelgismálinu, hefur núv. stjórnarandstaða haft algerlega óraunhæfa afstöðu, rangtúlkað staðreyndir og reynt að afflytja allt, sem gert hefur verið, í þeim tilgangi einum að reyna að koma núv. ríkisstj. á kné og þá ekkert skeytt um, hvað þjóðinni í heild væri heillavænlegast við afgreiðslu þessara mála. Og nú hefur það skeð að lokum, að gripið hefur verið til algerra örþrifaráða, sem aldrei, það ég veit eða man, hefur verið gripið til áður.

Hv. 7. landsk. þm., Geir Gunnarsson, hefur verið látinn flytja tillögu um opinbera rannsókn á starfsemi ákveðins manns, Axels Kristjánssonar í Hafnarfirði, vegna útgerðar og umsjónar hans á togaranum Brimnesi og kaupa á togaranum Keili, allt samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar, samtímis sem látið er liggja að því og beinlínis fullyrt í Þjóðviljanum, að um stórfelldar sakir sé að ræða, áður en nokkur athugun fer fram. En þessi rannsóknaraðferð er fordæmalaus með öllu á okkar landi. Vitaskuld verður endurskoðun látin fara fram á venjulegan hátt af ráðuneytunum, en hér er þessu slegið upp sem einhverju svikamáli, áður en hún hefur farið fram. Íslenzkum togurum hefur gengið veiðiskapur illa á s. l. ári og því ekki óeðlilegt, að ýmsir komist í greiðsluerfiðleika. En hér er greinilega verið að beita sömu aðferð og tíðkanleg er sums staðar erlendis og sérstaklega þar, sem kommúnistar hafa sín augu, að reyna að leiða athyglina frá pólitískum ósigri í viðureigninni við ríkisstj. með því að gera tortryggilegan pólitíska andstæðing og gera honum upp sakir, — andstæðing, sem þó hefur verið og er enn þá — enn þá, segi ég — í nánu samstarfi við hv. flm. Til slíkra örþrifaráða hefur íslenzk stjórnarandstaða aldrei þurft að grípa fyrr.

Spark þessa sama hv. þm., Geirs Gunnarssonar, í gærkvöld í þá, sem af litlum efnum, en mikilli fórnfýsi eru að byggja kirkjur hér í höfuðstaðnum, meira að segja eru að byggja kirkju í hinum kommúnistíska bæ Kópavogi, skal ég leiða hjá mér. En tal hans, ég vil segja, geðvonzkutal hans um Alþfl., bæði hér á Alþingi og annars staðar í gær, er sjálfsagt að taka til athugunar, því að það hlýtur að vera ábyrgðarhluti að láta þennan mann styðja þennan vonda flokk í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. En það hefur hann harkað af sér að gera nú í 7 ár þrátt fyrir allt, og er sjálfsagt mál til komið, að því linni.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ríkisstj. mun óhikað halda fram þeirri stefnu, sem hún hefur markað, í trausti þess, að hún geti á þann hátt leitt þjóðina til betri lífskjara, og í fullvissu um það, að á þann hátt einan geti þjóðin fengið að njóta þeirrar aukningar, sem þjóðarframleiðslan á hverjum tíma gefur tilefni til, en hún hverfi ekki í verðbólguhítina, eins og hefur verið mörg undanfarin ár. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það líður nú að lokum þessara eldhúsumræðna. Ræðumenn Alþb. og Framsfl. hafa að makleikum haldið dómsdag yfir visnunarstefnu stjórnarinnar eða lömunarstefnunni, eins og leiðtogar útvegsmanna réttilega nefna hana sjálfir. Fátt hefur að vonum orðið um varnir af hendi stjórnarliðsins, enda er stjórnarmálstaðurinn með öllu óverjandi málstaður.

Hæstv. dómsmrh. reyndi lítillega að þvo hendur sínar af mesta stórglæp stjórnarinnar, svikunum í landhelgismálinu, en það var enginn þvottur, Bjarni Benediktsson, þær eru jafnataðar og áður. Það versta í þessu máli, þótt illt sé, er ekki þriggja ára undanþága erlendra togara í landhelginni. Nei, það langversta er það, að við getum ekki um fyrirsjáanlega framtíð stækkað landhelgi okkar út fyrir 12 mílur, þótt okkur liggi lífið á. Um það verðum við að sækja til Breta og alþjóðadómstólsins, og víst mun þeirra leyfi reynast torfengið. 9 af 15 dómendum hans eru frá þjóðum, sem okkur hafa verið andsnúnastar í landhelgismálinu. Þess vegna er það skammgóður vermir Vestfirðingum, þótt þeirra landhelgi hafi nú ekki verið skert.

Lítum á landgrunnskortið út af Vestfjörðum. Þá sjáum við, að meginhluti landgrunnsins er þar utan 12 mílna markanna. Nú hafa verið settir slagbrandar fyrir, að þetta landgrunn verði nokkurn tíma fært undir íslenzka fiskveiðilögsögu, nema samningurinn verði hafður að engu. Það er það alvarlega við landráðasamninginn. Það er það stórkostlega við samninginn, segir brezki ráðherrann. Þess vegna eru Vestfirðingar sennilega ásamt Austfirðingum einna verst leiknir allra Íslendinga vegna hinnar svokölluðu lausnar landhelgisdeilunnar við Breta. En víst eru allir Íslendingar sárt leiknir í þessu máli. Stjórnarherrarnir hafa fyrst tært upp lífsþrótt atvinnulífsins og síðan smækkað Ísland og rýrt íslenzka lífsmöguleika.

Hæstv. utanrrh. Guðmundur Í. Guðmundsson var líka með þvottatilburði í gærkvöld vegna landhelgismálsins. En hann hafði meira að þvo. Hann hafði sem fjmrh. tekið togarann Brimnes af atvinnulitlum Seyðfirðingum frá nýbyggðu fiskiðjuveri og afhent hann ásamt hálfri þriðju milljón króna flokksbróður sínum til rekstrar. Og enn meira hafði hann að þvo. Þessi sami hæstv. ráðh. hafði veitt þessum sama flokksbróður sínum, sem tók við fjármálaforustu Alþfl. eftir Ingimar Jónsson, ríkisábyrgð að upphæð 7 millj. kr. vegna kaupa á gömlum togara frá Þýzkalandi. Ábyrgðarheimild Alþingis var þó aðeins 4.3 millj. Mismunurinn virðist veittur í algeru heimildarleysi. Og nú hefur ríkið keypt þennan gamla togara af flokksgæðingnum fyrir 1½ millj. kr. með rúmlega 9 millj. kr. áhvílandi skuldasúpu. Báðir þessir togarar liggja nú í skipakirkjugarði Reykjavíkurhafnar. Á þessu hefur nú verið krafizt rannsóknar, en litlar líkur tel ég til, að rannsókn sú fáist samþykkt á Alþ. þrátt fyrir algert sakleysi ráðh. að eigin sögn hans. Þarna er um gróm að ræða, sem verður ekki þvegið af á einni kvöldstund. Ekki heyrði ég hv. 5. þm. Vestf., Birgi Finnsson, eyða neinum orðum að því, að slíkir og þvílíkir væru dýrir, þm. eða ráðherrar. En það er líka allt

öðru máli að gegna, þegar æðstu toppkratar eiga í hlut.

Ótti stjórnarflokkanna við það, að nú sé að myndast heilsteypt vinstriblokk í landinu, gekk eins og rauður þráður gegnum allar ræður stjórnarsinna í gærkvöld og í kvöld líka. Það gekk ekki á öðru hjá þeim en reyna að hræða bændur með kommúnistum og vekja tortryggni verkamanna í garð bænda. Er ekki von, að þeir séu hræddir? Hlýtur ekki stjórnarstefnan að þjappa mönnum til sjávar og sveita saman? Jú, auðvitað hlýtur hún að gera það. Stjórnarflokkarnir koma fram sem einn flokkur væri. Þess vegna eiga allir stjórnarandstæðingar að þoka sér fast saman. Þeir eiga og verða að taka saman höndum um þróttmikla framleiðslustefnu, sem bjargi þjóðinni frá uppdráttarsýki viðreisnarinnar svokölluðu.

Hv. 5. þm. Vestf., Birgir Finnsson, upphóf hér undarlegt tal í gærkvöld. Það var harmagrátur yfir því, að stjórnarandstaðan notfærði sér málfrelsi sitt á Alþingi. Var nú nokkuð undarlegt, vil ég spyrja, þótt Lúðvík Jósefsson flytti ýtarlega ræðu um landhelgismálið? Var ekki dauðaþögn alls stjórnarliðsins í því máli öllu furðulegra fyrirbæri? Ef til vill hefur hv. þm. með mínútna útreikningum sínum verið að beina því til kjósenda að kjósa sér billega þm., sem iðkuðu ekki þann ósóma að vera að tala á Alþingi. Yfirleitt legg ég það ekki í vana minn að tala í hverju máli á Alþingi, en hvort ég tala langt eða stutt, þegar ég tala á annað borð, fer mjög eftir málefnum og vinnubrögðum hv. þingmeirihluta. Ég játa, að ég get verið kappsfullur nokkuð, þegar því er að skipta, en samt hygg ég, að ástæðulítið sé að bregða mér um óþarfamælgi á Alþingi að öllum jafnaði.

Í sambandi við mig vék hv. þm. að launajafnrétti kvenna og kvað mig vera mikinn kvenréttindamann. Ekki biðst ég á nokkurn hátt undan því heiti, þó að þeir Alþýðuflokksmenn dragi dár að slíkum málum. En ég hef frá öndverðu litið á launajafnrétti kvenna sem almennt mannréttindamál, og það gera raunar allir sæmilegir jafnaðarmenn. Þess vegna hef ég reynt að verða því máli til liðs. Ég hef fjórum sinnum flutt frv. til laga á Alþingi um launajafnrétti kvenna og karla, í fyrsta sinn 1948, fyrir 13 árum. Síðan flutti ég sams konar frv. 1953, og voru þeir Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson og Eggert G. Þorsteinsson þá meðflm. mínir að frv. Nú felldu þeir Eggert G. Þorsteinsson og Emil Jónsson orði til orðs sömu tillögur og þeir þá tóku þátt í að flytja. Gylfi Þ. Gíslason bjargaðist hins vegar frá þeirri vansæmd með fjarveru. Næst flutti ég málið 1954, en einnig þá létu íhaldsöflin ekki á sér standa að hefta framgang þess. Í fjórða sinn bar ég málið fram á liðnu hausti ásamt fimm þm. Alþb. Að þessu sinni hefur Framsfl. veitt launajafnrétti kvenna fullan stuðning, en stjórnarflokkarnir hafa legið á málinu allt til þingloka. En nú hafði málið náð slíkum vinsældum, að heppilegra þótti að hræsna fylgi við það. Þess vegna var borinn fram frumvarpsóburður um launajöfnuð þriggja starfsstétta: verkakvenna, verzlunarfólks og verksmiðjustúlkna, og skyldi hækka kaup þeirra á árunum 1962—67, en ekkert á þessu ári, unz jöfnuði væri náð loks á árinu 1967. Samkv. þessu frv. eiga verkakvennafélög á hverju hausti að senda umsókn um launahækkun til nefndar, sem verkalýðsfélögin eiga einn fulltrúa í af þremur. Þetta er að mínu áliti auðmýkjandi. En þó versnar enn, því að enginn launasamningur, sem aðilar undirrita, fær nú gildi, nema hann hljóti staðfestingu þessarar nefndar. Þetta frv. hefur nú verið lamið í gegnum þingið á seinustu dögum þess og gert að lögum. Ég fullyrði, að þetta verður fremur til að torvelda og tefja, að launajafnrétti kvenna komist á. Frv. er þá líka fram borið, þegar verkalýðssamtökin höfðu ákveðið að berjast fyrir því, að kaup kvenna yrði 90% af kaupi karla á þessu ári og jafnrétti síðan náð í einum lokaáfanga. Nú er boðin 76 aura hækkun á ári miðað við klukkustund. Nú vilja verkakonur í Keflavík fá sama kaup og atvinnurekendur í Vestmannaeyjum og vinnuveitendafélagið sömdu um fyrir skemmstu. Slíkri samkeppniskröfu er þó harðlega neitað. En 76 aura launajafnrétti Alþfl. er boðið í staðinn og þó með fáránlegum skilyrðum. Þetta er þeirra launajafnrétti í framkvæmd.

Hv. 8. þm. Reykv., frú Ragnhildur Helgadóttir, sakaði mig um það í þingræðu og vék einnig að því hér í kvöld, að ég hefði glatað góðu tækifæri til að koma á launajafnrétti kvenna, þegar ég var félmrh. Ef til vill má saka mig um það, að ég hafi ekki reiknað með, að málið væri umsetið af fjandmönnum í öllum áttum. Ég lét það sitja fyrir að fá fullgilta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykktina um sömu laun kvenna og karla. Það gerðist 1957. Hún gekk í gildi ári síðar samkvæmt alþjóðaákvæðum eða á árinu 1958. Nokkrum vikum síðar fór vinstri stjórnin frá völdum. Og sé ég sakaður um að hafa svikið málið fyrir að hafa ekki komið því fram með löggjöf um launajafnrétti á þeim stutta tíma, sem eftir var af lífi þeirrar stjórnar, sem ég sat í, hvað þá um stjórn Emils Jónssonar, sem sat að völdum allt árið 1959, og hvað um samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., sem setið hefur að völdum síðan? Ég setti jafnlaunanefnd, skipaða fjórum konum, til að rannsaka nákvæmlega, hvernig komið væri launamálum kvenna í landinu, og gera tillögur um það mál. Vinstri stjórnin minnkaði líka bilið milli kaups kvenna og karla með löggjöf. Og í sambandi við löggjöf Emils Jónssonar um niðurfærslu verðlags og launa í ársbyrjun 1959, þegar kvennakaupið var lækkað um 2.48 kr. á klukkustund, lögðum við Karl Guðjónsson alþm. til, að kvennakaupið væri undanþegið þeirri lækkun. Ef það hefði verið gert, hefði kaup kvenna þá þegar orðið 90% af kaupi karla. En till. var felld af íhaldinu og Alþfl., og hv. 8. þm. Reykv., frú Ragnhildur Helgadóttir, lagði einmitt til úrslitaatkvæðið til að fella till. Svo kemur þessi kona, sem brugðizt hefur málstað kynsystra sinna svo greypilega, með ásakanir í minn garð. Henni mundi þó öllu betur sóma, þessari ágætu konu, að gera betur hreint fyrir sínum eigin dyrum, því að það er

aðeins örskammt síðan frúin rétti upp hönd sína á Alþ. til að fella svohljóðandi tillögu:

„Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu, sveitarfélögum og einkafyrirtækjum skulu konum greidd sömu laun og körlum.“ Og enn fremur: „Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.“

Þegar þessar tillögur um algert launajafnrétti höfðu verið felldar, var enn reynt að laga frv. Alþfl.-mannanna með því að bera fram þessa brtt.:

„Hinn 19. júní 1961 skulu laun allra kvenna samkv. samningum stéttarfélaga ákveðin 90% af kaupi karla. Sá mismunur, sem þá er á kaupi kvenna og karla, skal jafnast út á þremur árum í jöfnum hlutum, unz fullum launajöfnuði er náð hinn 19. júní 1964.“

En einnig sú tillaga var felld með atkv. konunnar á Alþingi. Þetta er hennar saga.

Hv. 4. þm. Vesturl., Jón Árnason, reyndi í umr. hér í gær að réttlæta þann viðreisnarárangur, að sementsnotkun hér á landi dróst stórlega saman á árinu 1960, og sýna fram á, að verð á útfluttu sementi til Bretlands væri hagstæðara en Karl Guðjónsson hafði greint frá. Taldi Jón sementið selt fyrir 105 shillinga, sem gæfu 400—500 kr. verð fyrir tonnið. Þótt svo færi, næði verð Breta samt ekki helmingnum af verðinu, sem Íslendingar verða að greiða. Það kann að vera, að tölur Jóns eigi við um þann smávægilega sementsútflutning, sem varð í fyrra. En í hinum nýgerða samningi um 20 þús. tonna sölu er heimsmarkaðsverð stórlega undirboðið, og verð okkar er ekki 105 shillingar, heldur 83 shillingar í brezkri höfn, þ. e. 444 kr. tonnið þar, og af því getur sementsverksmiðjan enga von gert sér um að fá fyrir sementið við verksmiðjuvegg meira en 260 kr., eins og Karl réttilega sagði. En Íslendingar verða að greiða verksmiðjunni það verð ferfalt. Ef Jón Árnason er ánægður með þessi viðskipti við Breta, er hann meiri vinur Breta en fyrirrennari hans var hér á þingi.

Hvarvetna á landinu er nú um það spurt, hvað verkamannafélagið Dagsbrún geri í kaupgjaldsmálunum. Á sunnudaginn var hélt verkamannafélagið Dagsbrún mjög fjölmennan félagsfund og ræddi þar einvörðungu um kaupgjaldsmálin og viðhorf launþega til dýrtíðarinnar. Þar var einróma gerð svo hljóðandi ályktun, sem á erindi til allra launþega:

„Fundur í verkamannafélaginu Dagsbrún, haldinn sunnudaginn 26. marz 1961, ályktar eftirfarandi:

Í rösk tvö ár hafa verkamenn búið við stórskert launakjör, bæði vegna beinnar kauplækkunar í ársbyrjun 1959 og óbeinnar kauplækkunar frá því í marzmánuði 1960, en síðan hefur kaupinu verið haldið föstu, á sama tíma og allt verðlag hefur stórhækkað af völdum gengislækkunarinnar. Kaupmáttur launanna hefur því farið síminnkandi og tekjur verkamanna auk þess lækkað vegna minni atvinnu. Um það bil þrír mánuðir eru nú liðnir síðan Dagsbrún og nokkur önnur verkamannafélög sendu atvinnurekendum kröfur sínar um breytingar á samningum til þess að bæta upp þessa stórfelldu kjaraskerðingu. Áður og jafnhliða hafði verkalýðshreyfingin krafizt þess, að ríkisstj. gerði ráðstafanir til lækkunar á vöruverði og annað, er verða mætti til þess að auka kaupmáttinn. Ríkisstj. hefur nú lýst yfir því, að hún muni engar ráðstafanir gera til lækkunar á vöruverði, og samningaumleitanir við atvinnurekendur hafa enn engan árangur borið, nema síður sé, þar sem þeir hafa sett fram gagnkröfur, sem miða að enn skertari kjörum. Verkamenn hafa sýnt mikla þolinmæði og gefið atvinnurekendum og ríkisstj. langan tíma til þess að koma til móts við sanngjarnar kröfur sínar. En verkamenn geta ekki öllu lengur unað þessu ástandi, og þeir verða að fá kjaraskerðinguna bætta. Fundurinn skorar því á atvinnurekendur að nota vel þann tíma, sem enn gefst til samninga við verkamannafélögin, án þess að til verkfalls komi. Jafnframt heitir fundurinn á alla verkamenn að sýna einhug og festu og vera við því búnir að knýja fram hinar réttlátu kröfur með mætti samtakanna.“

Þetta eru nýjustu fréttirnar af stærsta verkamannafélagi landsins, verkamannafélaginu Dagsbrún.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu. Ég heiti á allan verkalýð landsins, konur og karla, að sýna órofa samheldni og festu frá þessari stundu og vera við því búinn að knýja hinar réttlátu kjarabótakröfur fram með mætti samtakanna. Það má hæstv. ríkisstj. íhaldsaflanna, ríkisstj. dýrtíðar og okurvaxta, kaupníðslu og atvinnutæringar og svika í landhelgismálinu vita, að nú er senn hvað líður komið að skuldadögunum. — Góða nótt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Umr. þessum er að verða lokið. Hafa hlustendur átt kost á að fylgjast með málflutningi manna.

Hannibal Valdimarsson sagði hér áðan, að nú hafi slagbrandur verið sleginn fyrir þann möguleika, að landhelgin verði færð frekar út. Vitnar hann til sjútvmrh. Breta til stuðnings þessari fullyrðingu. Langt er gengið í rakaleysum og fullyrðingum um landhelgismálið, eins og flest önnur. Sem betur fer hefur Ísland sigrað í þessu máli og mun halda útfærslu landhelginnar áfram að alþjóðalögum.

Stjórnarandstæðingar hafa í fáu talað meira af sér en í sambandi við landhelgismálið og alþjóðadómstólinn. Þeir ganga út frá því sem gefnu, að Bretar geti þar öllu ráðið, enda þótt reynslan sanni annað, t. d. 1951, þegar dómstóllinn hafði forustuhlutverki að gegna og dæmdi á móti Bretum.

Ólafur Jóhannesson lét að því liggja, að það hefði verið samningsbrot, ef Hermann Jónasson hefði leitað til Alþingis haustið 1958 í stað Alþýðusambandsþings. Þetta eru eftirtektarverð ummæli. Var samið um það að sniðganga Alþ., þegar efnahagur þjóðarinnar var kominn á heljarþröm?

Önnur merkileg ummæli Ólafs Jóhannessonar eru ráðleggingar til ríkisstj. um það að gefast upp, sennilega af því, að aflaleysi og verðfall hefur skapað nokkra erfiðleika í bili. Framsóknarmenn hafa reynsluna af því að gefast

upp. En var það til fyrirmyndar? Verða málin leyst, ef þeir gefast upp, sem ábyrgðina bera? Verður þjóðinni þjónað á þann hátt?

Tvímælalaust hafa þessar umr. verið ríkisstj. og stjórnarstefnunni hagstæðar. Mikilsverðast er, að þjóðin hefur átt þess kost betur en nokkru sinni áður að kynnast stefnuleysi og uppgjöf stjórnarandstöðunnar. Fram hefur komið á augljósari hátt en áður, að stjórnarandstaðan hefur engin úrræði, enga raunhæfa stefnu, *en hefur í þess stað tekið til þess ráðs* að vera á móti öllu, sem stjórnin ber fram, hversu gott sem málefnið er. Segja má, að stjórnarandstaðan sé samhent, enda því líkast, að aðeins sé um einn andstöðuflokk að ræða.

Þeir, sem fylgzt hafa með málflutningi stjórnarandstöðunnar, hafa heyrt þær fullyrðingar, að ástand þjóðmálanna og hagur atvinnuveganna hafi verið sérstaklega góður í árslok 1958, þegar vinstri stjórnin fór frá. Má merkilegt heita, að slíkt skuli hafa verið borið á borð fyrir hlustendur. Yfirlýsingar fráfarandi forsrh., Hermanns Jónassonar, og vitnisburður efnahagsmálasérfræðings ríkisstj. hefur verið margsinnis rakinn og skal ekki farið nánar út í það að þessu sinni, en aðeins á það minnt, að með áframhaldandi vinstri stefnu hefði vísitalan hækkað um a. m. k. 5 stig á mánuði. Var ekki að undra, þótt Hermann Jónasson og efnahagsmálasérfræðingar hans gerðu sér grein fyrir afleiðingum þessa.

Það er ekki rétt að dæma menn hart, þótt þeir gefist upp við að leysa erfið verkefni. En það er lágmarkskrafa, að þeir sömu menn leggi ekki stein í götu þeirra, sem taka að sér að *leysa það, sem hlaupið var frá. Ríkisstj.* hefur tekið að sér að leysa þann vanda, sem vinstri stjórnin réð ekki við. Í útvarpsumr. þessum hefur stjórnarandstaðan talað um kjaraskerðingu. Fulltrúar Framsfl. hafa m. a. talað um, að kostur bænda hafi verið þrengdur. Jafnframt hafa þeir fullyrt, að ekki hefði síður *verið þrengt að öðrum stéttum og jafnvel enn* þá meira. Sigurvin Einarsson fullyrti, að fleiri jarðir færu nú í eyði en fyrr. Þarna fer þm. rangt með. Nú eru færri jarðir auglýstar en áður. Sveitafólkið treystir því, að hlutur þess verði ekki verri en annarra stétta. Því er óhætt að treysta því.

Mennirnir, sem skildu eftir sig rústir einar í árslok 1958, tala nú um lömunarstefnu ríkisstj. og leyfa sér að fullyrða, að verið sé að níðast á öllum almenningi. Bændur, verkamenn, útvegsmenn, iðnaðarmenn, verzlunarmenn, sjómenn og aðrir landsmenn munu ekki taka slíkar fullyrðingar gildar. Menn munu heldur spyrja, hvernig hagur atvinnuveganna og almennings í landinu væri nú, ef stefna vinstri stjórnarinnar hefði verið ráðandi lengur. Allir, sem hugsa um þjóðmál, vita, að sú stefna hefði leitt til stöðvunar alls atvinnurekstrar í landinu. Það er augljóst, að af því hefði leitt atvinnuleysi og örbirgð. Verðbólga sú, sem Hermann Jónasson kallaði óðaverðbólgu, hefði leitt hrun yfir íslenzkt atvinnulíf. Það mátti ekki seinna vera, að spyrnt væri við fótum.

Aðgerðir þær, sem gerðar voru með efnahagsmálalöggjöfinni fyrir rúmlega ári, hafa vitanlega leitt til þess, að ýmsir hafa fundið til nokkurra erfiðleika í bili. En eins og komið var, var aðeins um tvennt að velja: annaðhvort *láta hrunið koma og leiða hér varanlega kjaraskerðingu og fátækt yfir þjóðina eða taka upp* nýja stefnu, sem leiddi til þess, er sumir kalla kjaraskerðingu í bili, en verður, þegar frá líður, til þess, að mögulegt reynist að byggja upp atvinnulífið og skapa almenningi varanlegar kjarabætur, ef Íslendingar vilja haga sér skynsamlega, líkt og aðrar menningarþjóðir gera. Reynslan hefur sýnt, að víxlhækkanir og minnkandi verðgildi krónunnar hefur í för með sér kjaraskerðingu fyrir þá, sem helzt skyldi hlífa og minnst hafa að missa.

Síðan stríði lauk, hafa mörg verkföll verið háð hér í landi. Verkalýðsforingjarnir hafa hrósað sér af sigri eftir verkföllin. Rétt er það, að kaupgjald hefur hækkað í krónutölu. En vegna víxlhækkana á verðlagi og kaupgjaldi hafa launþegar ekki þrátt fyrir hækkað kaup fengið kjarabætur á þessum árum. Það er játað, að kaupmáttur launa er nú jafnvel minni en hann var fyrir 12—15 árum. Augljóst er, hvað þessu veldur. Hverjum manni ætti að vera ljóst, að til þess að launþegar geti fengið raunhæfar kjarabætur, verða atvinnuvegirnir að starfa á heilbrigðum grundvelli og geta staðið *undir þeim kostnaði, sem launahækkunin* hefur í för með sér. Það er markmið stjórnarvaldanna að bæta kjör launþega og annarra landsmanna. Launþegar eiga að njóta aukins afraksturs og bættrar afkomu þjóðarbúsins, en sé hagur atvinnuveganna bágborinn, er útilokað að fá varanlegar kjarabætur með því að hækka kaupgjald í krónutölu. Láti atvinnuvegirnir meira af hendi en afraksturinn leyfir, eru launabæturnar teknar aftur af launþegunum, eins og reynslan sýnir áþreifanlega.

Nauðsynlegt er, að þjóðin geri sér grein fyrir þessum einföldu staðreyndum og fylki sér um að halda þá stefnu, sem miðar að því að bæta lífskjörin varanlega með því að byggja upp fjölbreytt og traust atvinnulíf. Nauðsyn ber til að hefja ýmiss konar framkvæmdir í landinu, svo að tryggt verði, að allir, sem vilja vinna, hafi nægilega atvinnu. Atvinnulífið þarf að vera fjölbreyttara, og afrakstur þjóðarbúsins verður að aukast. En skilyrði til þess, að vel megi takast í uppbyggingarstarfinu, er það, að verðlagið megi verða stöðugt, að þjóðin hafi traust á gjaldmiðlinum, að víxlhækkanir og verðbólga festi hér ekki rætur á ný. Atvinnuvegirnir þurfa að standa á eigin fótum og vera þær stoðir í þjóðlífinu, sem bila ekki, þótt nokkuð blási á móti. Ástæða er til að ætla, að þjóðin hafi lært af reynslunni og skilið til fullnustu, á hvern hátt verði stefnt að raunhæfum kjarabótum og bættum lífskjörum. Þjóðin þarf að eiga trausta og fjölbreytta atvinnuvegi, *sem skila miklum arði í þjóðarbúið.* Þannig verður þjóðin efnalega sjálfstæð.

Til þess að vinna að þessu marki mun ríkisstj. láta gera áætlun fram í tímann um alhliða uppbyggingu og framfarir í ýmsum greinum atvinnulífsins. Gerð verður heildaráætlun um vegamál og samgöngur á landi. Gerðar verða *ráðstafanir til, að ýmsir aðalvegir, sem fjöl-*

farnir eru, verði gerðir úr varanlegu efni. Gerð hafa verið drög að allsherjaráætlun um sjálfvirkan síma um landið allt, sem veitir betri þjónustu og verður ódýrari í rekstri en er með gamla fyrirkomulaginu. Gerð verður athugun á hafnarmálum og hafnarskilyrði bætt, eftir því sem nauðsyn ber til, miðað við aukinn skipastól landsmanna. Gerð verður áætlun um aukna ræktun og framfarir í landbúnaði, þannig að tryggt megi verða, að landbúnaðarframleiðslan aukist í hlutfalli við þarfir þjóðarinnar, og einnig athugað með útflutning á landbúnaðarvörum, svo sem kjöti og iðnaðarvörum úr landbúnaðarframleiðslunni. Leitazt verður við að koma stoðum undir lánasjóði landbúnaðarins og útvega þeim aukið fjármagn. Gera þarf ráðstafanir til að auka sandgræðslu og skógrækt. Gera þarf ráðstafanir til að koma kornrækt á í landinu. Hafizt verður handa um ræktun fisks í ám og vötnum, og gæti það, áður en langur tími líður, orðið til þess að auka tekjur þjóðarbúsins með útflutningi á laxi og sjóbirtingi. Ráðstafanir verða gerðar til að auka tekjur þjóðarinnar af erlendum ferðamönnum með því að bæta aðstöðuna til þess að taka á móti þeim með auknum gistihúsakosti og annarri fyrirgreiðslu, sem sjálfsögð þykir í ferðamannalöndum. Gerð verður athugun í sambandi við sjávarútveginn og nýtingu sjávaraflans, fiskirannsóknir og fiskiðnað. Er enginn vafi á því, að þar er mikið verkefni óunnið, sem gæti aukið þjóðartekjurnar, ef rétt er á haldið. Athugun verður látin fara fram um siglinga- og kaupskipastólinn, þannig að kaupskipaflotinn verði sem bezt nýttur, og að því keppt, að Íslendingar fullnægi ekki aðeins sínum eigin þörfum hvað siglingar snertir, heldur taki að nokkru upp hætti frænda okkar, Norðmanna, og auki þjóðartekjurnar með því að sigla fyrir aðrar þjóðir. Gerð verður athugun á flugmálum Íslendinga og að því unnið að endurnýja og auka flugvélakostinn. Gerð verður athugun á húsnæðismálunum og að því keppt að gera húsbyggingar ódýrari en verið hefur með bættum vinnuaðferðum, svo að almenningi gefist kostur á að eignast eigin íbúðir á hagkvæmari hátt en verið hefur. Athugun verður gerð á því, á hvern hátt jarðhitinn verður bezt hagnýttur.

Verkefnin eru mörg, sem vinna ber að, og til þess að koma þeim í framkvæmd þarf mikið fjármagn, sem afla verður með aukinni framleiðslu og á annan hátt. Stærstu framkvæmdirnar og jafnvel þær þýðingarmestu eru þó enn ótaldar, en það eru virkjanir fallvatna okkar og iðnaður, sem hagnýtir orkuna, eftir að fossarnir hafa verið beizlaðir. Það er rétt, sem Helgi Bergs sagði hér í kvöld, að virkjanarannsóknir fallvatnanna eru dýrar og hefðu tekið a. m. k. 10 ár, ef ekki hefði verið tekið á því öðruvísi en í tíð vinstri stjórnarinnar. En nú hafa ráðstafanir verið gerðar til þess að flýta undirbúningi, svo að áætlanir gætu legið fyrir, bæði um virkjanir og stóriðnað. Ríkisstj. mun vinna að því, að ráðizt verði í stórvirkjanir fallvatna og komið á stofn stóriðju, sem notar afl hinna stóru virkjana. Um þessi mál hefur oft verið talað á undanförnum árum, en úr framkvæmdum hefur lítið orðið. Segja má, að nú sé tími kominn til þess að hefjast handa og láta ekki lengur sitja við orðin tóm. Þessi mál verður því að taka með festu og vinna að framkvæmdum með þeim hraða, sem mögulegt er. Með því að notfæra sér afl fossanna og koma upp stóriðnaði til útflutnings getur þjóðin tryggt atvinnumöguleika ört vaxandi þjóðfélags og skapað skilyrði til efnalegs sjálfstæðis og hagstæðs greiðslujafnaðar við útlönd.

Gjaldeyrisskortur og greiðsluhalli er algengt umræðuefni fjármála- og stjórnmálamanna. Samkv. skýrslu Seðlabankans má segja, að nokkur bati sé sjáanlegur í þeim málum, síðan núv. stjórn markaði stefnuna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Það er líkt öðru, sem fram kemur hjá stjórnarandstæðingum við þessar umr., að þeir bera fram ýmsar villandi tölur, sem eiga að afsanna, að skýrsla Seðlabankans um fjármál og gjaldeyrismál sé rétt. Jafnvel Ólafur Jóhannesson, sem er í stjórn Seðlabankans, virðist taka undir þetta. Þegar þessir sömu menn eru að því spurðir, hvort skýrsla Seðlabankans sé röng, hvort þar sé farið með rangar tölur, er reynt að komast hjá því að svara. Staðreyndirnar geta verið óþægilegar, og það hefur stjórnarandstaðan orðið að reyna að þessu sinni.

Lúðvík Jósefsson talaði um það hér áðan, að fjárhagsörðugleikar togara og báta væru miklir. Vildi hann láta að því liggja, að jafnvel væri stjórninni að kenna aflaleysi togaranna á s. l. ári og verðfall á lýsi og mjöli, en fjárhagsörðugleikar útgerðarinnar stafa fyrst og fremst af þessu.

Hér að framan hefur verið rætt um alhliða uppbyggingu og fjölbreytni í atvinnulífinu, sem ríkisstj. áformar að koma í framkvæmd. Áform þessi verða því aðeins fljótlega að veruleika, að víxlhækkanirnar byrji ekki á nýjan leik. Hagsmunir þjóðarinnar eru við það tengdir, að uppbygging og viðreisnarstefna nái fram að ganga. Leiðin til bættra lífskjara verður því aðeins fær, að þjóðin láti ekki ábyrgðarlaus yfirboð stjórnarandstæðinga glepja sig. Leiðin verður greið, ef allir, sem geta unnið, gera skyldu sína og gera ekki hærri kröfur hverju sinni en hægt er á heilbrigðan hátt að verða við. Enginn má láta uppgjafarboðskap stjórnarandstöðunnar draga úr sér kjark og starfsþrek.

Íslenzka þjóðin hefur oft átt við erfiðleika að etja, miklu meiri en nú. Með því að snúast gegn erfiðleikunum með djörfung og raunsæi er sigurinn vís. Þjóðin mun nú skipa sér undir merki viðreisnar og uppbyggingar og stuðla að því, að framkvæmdir megi hefja á skipulagsbundinn og hagfræðilegan hátt til öryggis og hagnaðar fyrir þjóðina alla. Á þann hátt verður framtíð þjóðarinnar tryggð og farsæld og velgengni í hverri atvinnugrein og með hverjum þegn þjóðfélagsins. — Góða nótt.

II. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 21. fundi í Ed., 14. nóv., utan dagskrár, mælti

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég vildi mælast til þess mjög eindregið við hæstv. forseta, að hann gerði ráðstafanir til þess að kanna, hvort hæstv. dómsmrh. er staddur hér í alþingishúsinu. Ég óska að gera til hans fsp. um atvik, sem heyrir undir hann og kom fyrir í gærkvöld. Ég tel þetta mjög mikilvægt. Ég tel fsp., sem ég hyggst gera, þess eðlis, að þingheimur eigi kröfu til þess að fá þegar í stað svör hæstv. dómsmrh. við aðgerðum, sem hann hefur fyrirskipað sem dómsmrh. (**Forseti:** Ég er búinn að gera tilraun til að athuga, hvort hann sé mættur. Ég hef nú komizt að raun um það, að hæstv. dómsmrh. er ekki í húsinu.) Ég óskaði vitanlega að gera þessa fsp. utan dagskrár, en ég vænti þess fastlega, þar sem það mál, sem hér hefur verið til umr., landhelgismálið, er hér á dagskrá, að hæstv. dómsmrh. mæti við þá umr., og ég tel þýðingarlaust að gera grein fyrir fsp. minni nú að hæstv. dómsmrh. fjarstöddum og áskil mér þá rétt til þess að fá að gera þessa fsp. undir umr. um málið. Ég hafði hugsað mér að biðja um orðið í þeim umr. til þess að bera af mér sakir, en ég vil þá láta þess getið, að ég vænti þess, að ég fái orðið til þess að bera fram undir umræðunum ákveðna fsp. til hæstv. dómsmrh. út af ákveðnu atviki, mjög mikilvægu, sem kom fyrir í gærkvöld. Ég óska þess eindregið, að ráðstafanir verði gerðar til þess nú þegar, að hæstv. dómsmrh. mæti hér í deildinni við umr. — [Stutt hlé.]

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hér hljóðs utan dagskrár vegna atviks, sem mér er tjáð eftir góðum heimildum að hafi átt sér stað í gærkvöld. Mér er tjáð, að í gærkvöld hafi varðskipsforinginn á varðskipinu Þór kallað á forstjóra landhelgisgæzlunnar gegnum loftskeytastöðina í Vestmannaeyjum og skýrt frá því, að varðskipið Þór hefði komið að brezkum togara 2½ sjómílu frá landi undan Ingólfshöfða, þ. e. a. s. — ég þarf ekki að skýra þetta nánar með mörgum orðum — innan 3 mílna landhelgi, sem Bretar þykjast viðurkenna. Varðskipsforinginn skýrði frá því, að hann hefði skotið aðvörunarskotum að þessum togara, en togarinn stefndi nú til hafs, virtist hafa höggvið á vörpuna, og varðskipsforinginn óskaði fyrirmæla landhelgisgæzlunnar um, hvað gera skyldi. Mér er tjáð, að forstjóri landhelgisgæzlunnar hafi þegar í stað gefið varðskipsforingjanum þau fyrirmæli, að hann skyldi hætta að skjóta, en bíða frekari fyrirmæla, sem mundu berast innan stundar. Mér er tjáð, að nokkru seinna hafi verið kallað af forstjóra landhelgisgæzlunnar á varðskipsforingjann og honum gefin ný fyrirmæli: Hættið að skjóta og hættið að veita þessum togara eftirför. Snúið ykkur þess í stað að því að reyna að slæða upp vörpuna, sem þessi togari hefur skilið eftir.

Það hittist svo undarlega á, að þennan dag, 13. nóv. 1960, eru liðin nákvæmlega 2 ár síðan mjög svipað atvik kom fyrir innan 3 mílna landhelgi, hinnar löglegu, alviðurkenndu og óumdeildu landhelgi Íslands. Það var brezkur togari, sem var staðinn að landhelgisbroti 2.7 sjómílur, að ég hygg, undan landi. Skotið var að honum aðvörunarskotum, honum veitt eftirför, en brezkt herskip skarst í leikinn og gaf hinum íslenzka varðskipsforingja það sögufræga aðvörunarkall: Ef þú snertir á þessum togara, þá sökkvi ég þér.

Við höfum frásögnina af þessu atviki, sem kom fyrir fyrir 2 árum, í hvítri bók íslenzkrar ríkisstj., sem hefur verið afhent og útbýtt meðal fulltrúa allra þjóða á þingi Sameinuðu þjóðanna. Það var ótvírætt brot á landhelgi Íslands, þeirri löglegu landhelgi Íslands, sem ekki er deilt um. Það var vopnuð árás á Ísland, eins og réttilega er sagt í þeirri bók.

Vill hæstv. dómsmrh. gefa þingheimi þegar í stað — og ég tel til þess fulla ástæðu — skýrslu um þennan atburð, sem gerðist í gærkvöld og er í því fólginn í stuttu máli, eins og ég hef skýrt frá, að íslenzkum varðskipsforingja er skipað af æðstu foringjum landhelgisgæzlunnar, en hæstv. dómsmrh. er hennar æðsti yfirmaður, að hætta að veita eftirför togara, brezkum togara, sem er staðinn að landhelgisbroti innan 3 mílna lögsögu.

Ég vil ekki hafa þetta fleiri orð að sinni. Ég held, að þær upplýsingar, sem ég hef fengið, séu óvefengjanlegar, vegna þess að margir hafi hlustað á þau skeyti, sem þarna fóru á milli. En ég bið upplýsinga hæstv. dómsmrh. og skýringa á því, ef hann sem æðsti yfirmaður íslenzkrar landhelgisgæzlu hefur gefið þá skipun íslenzkum varðskipsforingjum að hætta að veita eftirför togara, sem er staðinn að slíku broti sem þessu.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, rétt minna á það, að um leið og hæstv. dómsmrh. lýsti yfir almennri sakaruppgjöf til handa öllum brezkum þegnum og brezkum aðilum, sem hefðu gerzt sekir í íslenzkri 12 mílna fiskveiðilögsögu frá 1. sept. 1958 og þangað til í maí í vor, þá lýsti hann því hátíðlega yfir, að ef frá þeim degi, sem sakaruppgjöfinni var lýst yfir, ættu sér stað brot brezkra togara innan 12 mílna fiskveiðilögsögu, þá yrði þeim togurum *engin linkind sýnd*. En hér er annað og alvarlegra um að ræða. Ef upplýsingar mínar eru réttar, að brezkur togari hafi verið staðinn að broti 2½ sjómílu frá landi, þ. e. a. s. innan 3 mílna lögsögu, þá hefur átt sér stað í annað sinn brot innan 3 mílna lögsögunnar. Og þá er spurningin: Er svo komið, að þessi hæstv. ráðh., sem lýsti yfir í vor, að nú yrði brezkum togurum *engin linkind sýnd*, — er nú svo komið, að þessi hæstv. dómsmrh. gefur skipanir um að sýna slíkum lögbrjótum fulla linkind?

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það stendur svo á, að ég get engar upplýsingar um þetta gefið, af því að ég hef ekki heyrt á það minnzt fyrr en af hv. þm. hér.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Ég get verið stuttorður um þetta svar hæstv. dóms-

mrh. Það má þá skilja það svo, að þær ákvarðanir, sem kunna að hafa verið teknar í þessu máli, hafi verið teknar án hans afskipta og án hans ábyrgðar. En þá er spurningin, hvar ábyrgðin liggur, og ég óska eftir því, að þingheimi verði gefin skýrsla um þetta atvik, hvað hafi komið fyrir og hver beri ábyrgðina. Er það forstjóri landhelgisgæzlunnar, sem ber ábyrgðina á þeim fyrirskipunum, sem hann hefur gefið, ef hann hefur ekki borið sig saman við yfirmann sinn, hæstv. dómsmrh.?

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þeirri venju hefur ætíð verið fylgt af landhelgisgæzlunni að gefa skýrslur um slík atvik, og efast ég ekki um, að hún verði gefin, ef atburðarás er eitthvað svipuð því, sem hv. þm. segir hér, sem ég skal ekkert um dæma, fyrr en gögn málsins liggja fyrir. Hitt er svo annað mál, að það eru ekki ýkjamargir dagar síðan hv. þm. talaði um það hér í hv. d., að við ættum í viðureign okkar við Breta að fylgja því fordæmi að beita ekki valdi gegn þeim, og hann taldi, að það væri ráðlegasta leiðin til þess, að við sigruðum þá að lokum. Nú er það auðvitað matsatriði algert hverju sinni, hvort valdi eigi að beita og hversu langt eigi að fara í eftirför. Það er sumpart forstjóra landhelgisgæzlunnar að taka ákvörðun um það, sumpart varðskipsstjórans. Ef vandi þykir mikill, þá er borið sig saman við dómsmrn. Það er rétt, að ég hef ekki verið í dómsmrn. síðan kl. 10½ í morgun, ég þurfti að fara á fund, en þegar ég var þar í morgun, var mér ekki skýrt frá því, að neitt samráð hefði verið haft við það eða nokkur skýrsla þangað borizt um þetta mál. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. blandar saman algerlega óskyldum atriðum, að ég hafi rætt um, hvernig við ættum að snúast við vopnuðu ofbeldi brezkra vígdreka, og þessu atviki. Ég hef ekki skýrt frá því, að hér hafi verið að verki brezkt herskip, sem hafi hótað að skjóta niður okkar varðskip, eins og áður hefur gerzt. Ég var ekki að tala um það. En ég tek til greina að svo stöddu þessar yfirlýsingar hæstv. dómsmrh., að hann viti ekkert um þetta og að þá hvíli ábyrgðin á yfirforingja landhelgisgæzlunnar. En ég endurtek: Ég skora á hæstv. dómsmrh. og krefst þess í nafni þingheims vegna þess, hvernig öll mál standa nú, að Alþ. verði gefin skýrsla um þetta atvik eins fljótt og skýrslu er unnt að fá um það.

Á 14. fundi í Sþ., 16. nóv., utan dagskrár, mælti

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Fyrir tveimur dögum beindi ég þeirri fsp. til hæstv. dómsmrh. utan dagskrár í hv. Ed., hvort hann gæti gefið þingheimi skýrslu um atvik, sem hafði samkvæmt fréttum, sem mér höfðu borizt og ég taldi áreiðanlegar, gerzt kvöldið áður í íslenzkri landhelgi og mér virtist allmikilvægt.

Hæstv. ráðh. svaraði þessari fyrirspurn minni svo, að hann hefði, þegar hún var fram borin, ekki heyrt hið minnsta um þetta atvik, enda hefði hann ekki verið viðstaddur í sínu ráðuneyti þá um morguninn. Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, að hæstv. ráðh. hafði ekki verið mættur til vinnu þann morgun, — ég veit, að hann er svo vinnusamur maður, að hann hefur verið við vinnu einhvers staðar annars staðar, — en það var ekki það, sem ég spurði um. Það, sem fyrir mér vakti með spurningu minni, var þetta: Hvaða yfirmenn landhelgisgæzlunnar íslenzku báru ábyrgð á þeim fyrirskipunum, sem yfirstjórn landhelgisgæzlunnar gaf út kvöldið 13. nóv. til varðskipsins Þórs, eftir að varðskipið Þór hafði komið að brezkum togara innan 3 mílna fullrar, löglegrar og óumdeildrar landhelgi Íslands og hafði eftir fregnum, sem mér hafa borizt, haft fullt tækifæri til þess að taka þann togara? Þetta var spurningin. En ég hef haft spurnir af því, að menn í Vestmannaeyjum og víðar höfðu hlustað þá um kvöldið 13. nóv. á skeytaskipti eða orðaskipti, sem höfðu farið á milli foringja á varðskipinu Þór og yfirstjórnar landhelgisgæzlunnar, og þær skipanir höfðu borizt frá yfirstjórn landhelgisgæzlunnar að hætta að skjóta aðvörunarskotum að þessum togara og hætta að veita honum eftirför.

Í gær var svo birt í dagblöðunum skýrsla frá landhelgisgæzlunni um þetta atvik. Skýrslan er stutt, en hún er að mínu áliti óljós og í alla staði ófullnægjandi. Ég vil leyfa mér að rifja upp aðalatriði þessa atviks, eins og þau koma fram samkvæmt þessari skýrslu. Þau eru á þessa leið:

Kl. 19.29 um kvöldið 13. nóv. verður vart við brezkan togara 10 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna við Ingólfshöfða, þ. e. a. s. áreiðanlega innan 3 mílna landhelgi. Kl. 20.45 talar skipherrann á varðskipinu Þór, Jón Jónsson, um loftskeytastöðina í Vestmannaeyjum við forstjóra landhelgisgæzlunnar og tjáir honum, að hann sé að reyna að stöðva brezkan togara, sem sé langt fyrir innan fiskveiðitakmörkin, hann sé að reyna að stöðva hann, með því að hegðun þessa togara hafi verið grunsamleg, því þegar varðskipið hafði nálgazt togarann, hafði hann sett á fulla ferð út, slökkt öll ljós, en varðskipið hafði þá skotið að honum aðvörunarskotum og fylgt honum eftir, án þess þó að togarinn stöðvaði ferð sína. En samkvæmt upplýsingum landhelgisgæzlunnar í dagblöðunum var skömmu síðar sent skeyti til varðskipsforingjans á varðskipinu Þór um að skjóta ekki fleiri aðvörunarskotum að togaranum, reyna hins vegar að ná númeri togarans og fara að reyna að ná upp vörpu togarans, sem líklegt væri að hann hefði höggvið af sér. Síðar um kvöldið berast svo upplýsingar frá varðskipinu Þór um, að nafn togarans hafi náðst, það er hið ágæta og fræga nafn William Wilberforce með einkennisstöfunum H 200, og það leikur ekki á tveim tungum, að varðskipið hefur komizt svo nærri þessum togara, að sézt hefur nafn hans og númer. En samkvæmt skipun frá forstjóra landhelgisgæzlunnar átti varðskipsforinginn að hætta að skjóta aðvörunarskotum, þótt hann kæmist svo nærri þessum

mílna fiskveiðitakmarkanna fram til 12. ágúst í sumar.

Þegar tveir dagar voru eftir, að þessir frestir rynnu út, þann 10. ágúst í sumar, þóknaðist svo íslenzkri ríkisstj. hæstv. að tilkynna, að nú væri hún reiðubúin til samninga um landhelgismálið við brezku stjórnina. Þeir samningar hafa staðið yfir síðan og standa yfir enn í dag, ef ég skil málið rétt.

Hæstv. utanrrh. upplýsti í umr. í Ed. fyrir skömmu, að þann 10. okt., daginn sem Alþingi var sett, daginn, sem brezkir samningamenn, sem hér höfðu verið frá 1. okt., héldu heim til Englands, hefðu tveir brezkir ráðherrar, utanrrh. Breta sjálfur og brezki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherrann, kallað fyrir sig á fund brezka togaraeigendur, í alveg ákveðnu skyni, sagði hæstv. utanrrh., til þess að kynna þeim samningaviðræðurnar, efni samningaviðræðnanna, sem farið hefðu fram hér í Reykjavík frá 1. til 10. okt., þessara samningaviðræðna, sem við fáum ekkert að vita um, — en af eðlilegri nauðsyn, sagði hæstv. utanrrh., af þeirri nauðsyn, að þessir ráðh. þurftu að fá brezka togaraeigendur til þess að lofa því enn einu sinni að veiða ekki innan 12 mílna fiskveiðitakmarkanna fyrst um sinn, þó að fresturinn, sem þeim hefði þóknazt að gefa, væri útrunninn þann 12. okt.

Samkvæmt öllum þessum yfirlýsingum hafa brezkir togaraeigendur skuldbundið sig til að láta ekki togara sína veiða innan 12 mílna markanna, og brezka stjórnin hefur skuldbundið sig til að beita ekki herskipum sínum innan 12 mílna markanna. Þetta hefur verið margsvikið af báðum aðilum. Það var svikið í sumar, og það er svikið enn.

En hvað hefur gerzt nú í þessum málum? Við höfum fullar líkur til þess, að hér hafi gerzt eitthvert frekasta brot, sem hafi verið framið af brezkum togara, þ. e. a. s. innan 3 mílna markanna, og þá hafi íslenzkt varðskip átt þess fullan kost að taka hinn seka brezka togara eða grunaða brezka togara. Hvers vegna gerði varðskipið það ekki? Hver bar ábyrgð á þeirri fyrirskipun, sem var gefin af hálfu íslenzkrar landhelgisgæzlu að kvöldi 13. nóv. til varðskipsins Þórs að hætta að skjóta aðvörunarskotum að þessum togara, þegar varðskipið var svo nálægt honum, að það mátti greina nafn hans og númer, og hætta að elta hann, þegar það var svo nálægt honum? Hver bar ábyrgðina?

Ég sagði áðan, að ég spyr ekki, hvar hæstv. dómsmrh. hafi verið að morgni 14. nóv. En ég spyr: Leyfði forstjóri landhelgisgæzlunnar, herra Pétur Sigurðsson, sér að taka þá ábyrgð á sig að skipa íslenzku varðskipi að sleppa úr höndum sér brezkum togara þetta kvöld, að sleppa honum úr höndum sér með því að hætta að skjóta að honum aðvörunarskotum, banna því að skjóta að honum aðvörunarskotum, banna því að elta hann? Eða hafði hann samráð við hæstv. dómsmrh.? Ég spyr um þetta, og ég spyr um þær reglur, sem nú eru gildandi um hegðun íslenzkra varðskipa gagnvart brezkum lögbrjótum, meðan samningarnir við Breta standa yfir.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þó að þetta væri nú að vísu nokkuð löng fyrirspurn, þá þykir mér rétt að svara því, sem mér skilst vera aðalefni hennar, og það er um það, hvort gefnar hafi verið nýjar reglur frá því, sem áður gilti, um hegðun íslenzkra varðskipa varðandi töku erlendra togara, sem grunaðir eru eða staðnir að veiðum innan íslenzku fiskveiðilögsögunnar.

Um þetta er það að segja, að enn eru í gildi sömu reglur og voru á árinu 1958. Þar á hefur engin breyting verið gerð. Allra síst hefur komið til mála eða ég nokkurn tíma heyrt fyrr en nú og í fyrradag gefið í skyn af þessum hv. fyrirspyrjanda, að einhverjar sérreglur hafi verið settar, á meðan viðræður ættu sér stað milli brezku og íslenzku ríkisstjórnanna varðandi þá deilu, sem öllum er kunnugt um.

Ég hef þegar svarað því, og þar um hagga engu dylgjur hv. fyrirspyrjanda, að þetta mál var mér með öllu ókunnugt, fyrr en hann hreyfði því hér í Ed. s. l. mánudag. Hann fór að vísu rangt með þær upplýsingar, sem ég þá gaf. Hann gaf að vísu í skyn, að ég hefði ekki hugsað mikið um mín embættisstörf, sem ég skil mjög vel af svo umhyggjusömum manni og starfsömum sem honum, og ekki verið í dómsmrn. á mánudagsmorguninn. Ég skýrði einmitt frá því, að ég hafði verið þar um morguninn og farið þaðan kl. 10½ á fund, og sagði, að fram að þeim tíma hefði mér ekki verið sagt frá því í rn., en verið gæti, að síðar hefði gefizt tilefni til þess.

Það má endalaust deila um, hversu langt löggæzlumenn eigi að fara í hverju einstöku tilfelli, þegar þeir gruna einhvern um brot eða standa hann að broti, og það er auðvitað eðlilegt, að þeir verði fyrir gagnrýni, ef talið er, að þeir hafi í þeim efnum vangert eitthvað. Hitt verður svo að hafa í huga, að það er nokkuð annað að þurfa að taka skyndiákvörðun eða geta athugað málið í heild, þegar það allt liggur fyrir.

Það er ljóst af þeirri skýrslu, sem Pétur Sigurðsson gaf dómsmrn. 14. nóv. og ég hlutaðist til um að væri gefin út sem fréttatilkynning, óbreytt, frá landhelgisgæzlunni, eins og hann sendi hana dómsmrn., — það er ljóst af hans skýrslu, að þar eru nokkur atriði, sem til greina koma. Í fyrsta lagi það, að sökum mjög slæms símasambands flytjast skilaboð þau, sem ganga á milli, ekki fullkomlega. Næsta atriðið er, að forstjóri landhelgisgæzlunnar telur, að það sé ekki fengin sönnun eða liggi ekki fyrir sönnun fyrir þessu broti, og þess vegna telur hann varhugaverðara að fylgja eftir til hins ýtrasta en ef full sönnun hefði fengizt eða verið fyrir höndum strax. Þá er á það að líta, að þegar þessir atburðir gerast, er allslæmt veður, það er ekki hægt að segja, að það sé óveður, en það er allslæmt veður, náttmyrkur og slæmt skyggni. Allt þetta hvetur forstjóra landhelgisgæzlunnar til þess að fara varlega í sinni ákvörðun. Ég skal ekki neinn dóm á það leggja, hvernig ég hefði mælt fyrir um málið, ef það hefði verið borið undir mig. Það var ekki gert á þeim tíma, og ég tel ekki sanngjarnt á þessu stigi málsins að setja

út á aðgerðir forstjóra landhelgisgæzlunnar, eins og málið lá fyrir honum.

Mér þykir rétt, úr því að þessu máli er hreyft, að lesa upp viðbótarskýrslu, sem mér barst í morgun og er frá skipherranum á Þór til landhelgisgæzlunnar, enda var ráðgert í þeirri fréttatilkynningu, sem gefin var, að sú skýrsla yrði send, þegar hún bærist. Með leyfi hæstv. forseta, hljóðar hún svo:

„Sunnudaginn 13. nóv. 1960 var varðskipið Þór á austurleið út af Ingólfshöfða. Kl. 19.29 sást skip í ratsjá grunsamlega nærri landi. Þá var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði RV 302°, fjarlægð 4.4 sjómílur, skipið RV" — það er víst réttvísandi, — er það ekki? — ég er ekki svo vel að mér — „40°, fjarlægð 6.2 sjómílur. Þetta gefur stað skipsins 9.6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 19.48 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði RV 273°, fjarlægð 6.7 sjómílur, skipið RV 0.16°, fjarlægð 2.8 sjómílur. Gefur það stað skipsins 9.8 sjómílur innan við fiskveiðitakmörkin. Virtist skipið vera að snúast þarna. Kl. 19.50 var sett stefna á skipið, sem þá sneri upp að landinu. Var skipið frekar illa upplýst, en þó með vinnuljós á þilfari. Kl. 20 var um 0.5 sjómílur í skipið, slökkti það þá öll ljós og setti á fulla ferð til hafs. Var þá sett upp stöðvunarmerkið K og eftirför hafin. Kl. 20.14 var gefið stöðvunarmerki með fjórum merkjaskotum, rauðum og grænum. Þar sem togarinn sinnti þessum stöðvunarmerkjum ekki, var skotið þremur lausum skotum, hverju á eftir öðru, en hann sinnti því ekki heldur. Kl. 20 20 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði RV 262°, fjarlægð 9.9 sjómílur. Togarinn RV 158°, fjarlægð 0.6 sjómílur. Gefur það stað togarans 7.2 sjómílur innan við fiskveiðitakmörkin. Kl. 20.26 til kl. 20.32 var skotið þremur föstum skotum fyrir framan togarann. Sást þá togarinn í ljósgeisla frá ljóskastara varðskipsins. Þá sást, að þetta var togarinn H 200 William Wilberforce. Sáust þá einnig veiðarfæri, net, sem virtist vera trollpoki, hangandi í frammastri. Engin veiðarfæri, hvorki net né hlerar, sáust á stjórnborðshlið togarans. Kl. 20.39 var skotið tveim lausum skotum að togaranum, sigldi þá varðskipið samhliða togaranum. Sinnti hann þessu engu, en sigldi í ýmsar stefnur og hringi. Á meðan á eftirförinni stóð, kallaði togarinn í HMS Duncan, og herskipið svaraði og kvaðst koma til hans. Kl. 21.11 var eftirför hætt samkvæmt fyrirmælum. Voru skipin þá stödd: Ingólfshöfði RV 297°, fjarlægð 17.6 sjómílur. Gefur það stað skipsins 3.3 sjómílur utan fiskveiðitakmarkanna. Staðarákvarðanir gerðar með ratsjá af skipstjóra, 1. og 2. stýrimanni. Veður ANA 7, sjór ANA 4, regn, slæmt skyggni.

Jón Jónsson."

Þetta er skýrsla skipherrans, og skýrsla landhelgisgæzlunnar liggur fyrir. Það eru þau gögn, sem við höfum í málinu, og er sjálfsagt og eðlilegt, að þau séu metin. Og vitanlega skorast ekki þeir embættismenn, sem þarna eiga hlut að máli, undan gagnrýni á sínum störfum frekar en aðrir. En vitanlega verður að meta, hvað fært er að gera og skynsamlegt í eltingarleik við skip úti á reginhafi í allslæmu veðri, í slæmu skyggni og í náttmyrkri. Það er hægara að sitja hér inni í þingsalnum og gagnrýna heldur en að eiga að taka ákvarðanir um skothríð og eltingarleik úti á hafi við þær aðstæður, sem ég hef lýst.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt og til áréttingar.

Hæstv. ráðh. segir, að það hafi engar nýjar reglur verið gefnar út um hegðun landhelgisgæzlunnar, það gildi enn sömu reglur og 1958. En þá er mér spurn: Hvers vegna þurfti þá foringinn á varðskipinu Þór að spyrja forstjóra landhelgisgæzlunnar, hvað hann ætti að gera? Hann gerði það ekki 1958. Það lágu ekki heldur fyrir neinar sannanir um brot þá, aðeins grunsemd. Hvers vegna þurfti hann að spyrja, hvort hann ætti að hætta, hvað ætti að gera? Hvers vegna fékk hann skipun um að hætta að skjóta aðvörunarskotum? 1958 skaut hann fjórum aðvörunarskotum og svo einu föstu skoti. Er það kannske ný regla, að í slíkum tilfellum þurfi foringjarnir að spyrja, hvað þeir eigi að gera, hvort þeir eigi að hætta við að gera skyldu sína? Það lá engin sönnun fyrir í þessu máli, en landhelgisgæzlan hefur sjálf gefið það í skyn, að hún hafi ekki efazt um brot togarans, með því að gefa varðskipinu skipun um að fara að reyna að slæða upp vörpu hans. Það er upplýst, að varðskipið Þór sigldi samhliða togaranum, en ég get ekki fullyrt, hvað langan tíma, en samkvæmt fyrirskipun landhelgisgæzlunnar gerði það ekkert til þess að taka hann. Og kl. 11 og eitthvað, ég man ekki hvað margar mínútur, var eftirförinni hætt samkvæmt fyrirskipun. Er þetta ekki önnur hegðun, er þetta ekki önnur framkoma af hálfu varðskipsforingja en 1958, þegar varðskipið Þór hikaði ekki við það, þó að það væri undir fallbyssukjöftum beitiskipsins Russells, að skjóta föstu skoti að togara, sem var innan 3 mílna markanna og þó ekki staðinn með fullum sönnunum að landhelgisbroti, en aðeins með grunsemdum? Er það ekki önnur framkoma? Og hverju sætir það?

En ég spurði ekki aðeins um það, hvort það giltu nú nýjar reglur, á meðan stæði á samningunum, — ég spurði: Á maður að trúa því, að forstjóri landhelgisgæzlunnar, herra Pétur Sigurðsson, hafi um kvöldið 13. nóv., þegar hann gefur foringja varðskipsins Þór skipun um að hætta að skjóta aðvörunarskotum og hætta að reyna að gera skyldu sína að taka togarann, — að hann hafi þá ekkert samband haft við yfirmann sinn, hæstv. dómsmrh.? Á maður að bæta því við það, sem maður kann að hafa til þess að gagnrýna þessa ákvörðun forstjóra landhelgisgæzlunnar, að hann hafi vanrækt það að hafa samband við sjálfan æðsta yfirmann landhelgisgæzlunnar, hæstv. dómsmrh.? Ég óska eftir svari við þessu.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það eru sumir menn, sem vilja ekki heyra sannleikann og taka ekkert mark á því, þó að hann sé sagður, og hv. þm. er auðsjáanlega einn af þeim. Ég er búinn að lýsa því yfir hér í hv. Sþ. nú og í Ed. í fyrradag, að mér

var með öllu ókunnugt um þetta mál, fyrr en hann hreyfði því í hv. Ed. á mánudaginn. Ég veit ekki, hversu oft ég á að segja honum þetta. (**FRV**: Þá veit maður það, hver ber ábyrgðina.) Hitt er auðvitað hrein fjarstæða, að ekki hafi verið reynt að taka þennan togara. Í skýrslunni, sem ég las áðan, segir:

„Kl. 20 . . . Var þá sett upp stöðvunarmerkið K og eftirför hafin. Kl. 20.14 var gefið stöðvunarmerki með fjórum merkjaskotum, rauðum og grænum. Þar sem togarinn sinnti þessum stöðvunarmerkjum ekki, var skotið þremur lausum skotum, hverju á eftir öðru. Kl. 20.26 til kl. 20.32 var skotið þremur föstum skotum fyrir framan togarann. Kl. 20.39 var skotið tveim lausum skotum að togaranum."

Mér virðist, að hér hafi allmikil skothríð átt sér stað, með öllum hugsanlegum aðferðum.

Ég veit ekkert um atvik að því, þegar Þór lenti í eltingarleik við togara fyrir tveimur árum, en ef ég heyrði rétt, þá var það þó um miðjan dag. Ég tók svo eftir, að tímatakmarkið hefði verið 11 og eitthvað um hádegi. Og það kann að vera nokkur munur að eiga í eltingarleik og skothríð við skip um miðjan dag eða í næturmyrkri úti á reginhafi við slæmt skyggni og í erfiðu veðri. Þetta eru atriði, sem þeir verða að taka til mats, sem ákvörðunina taka, og þeir, sem setja sig í dómarasæti yfir þeim inni í sínum stofum á eftir, eiga ekki að gleyma öllum þessum staðreyndum.

Á sama fundi, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það var á þingsetningarfundi, þegar Alþ. hóf störf, að þá gerði ég fyrirspurn til hæstv. forsrh. um landhelgismálið og þau samtöl eða þá samninga, sem menn vissu að þá hafði verið byrjað á. Hæstv. forsrh. lýsti þá yfir því, á þessum þingsetningarfundi, að það mundi verða haft samráð við Alþ. um þetta mál. Nú er alllangur tími liðinn síðan þetta var, og ég vil í tilefni af því spyrja hæstv. forsrh. um örfá atriði.

Það hefur þráfaldlega í fréttum frá Bretlandi verið talað um tillögu frá íslenzku ríkisstj. í þessu máli. Það hefur verið spurt hér í umr., sem hafa orðið um landhelgismálið, varðandi þetta. En þau svör, sem þar hafa komið fram, sýnast mér ekki hafa verið nógu ljós. Nú vil ég því spyrja hæstv. forsrh.: Hefur íslenzka ríkisstj. gert tillögu um það, sem hún mundi kalla lausn á landhelgisdeilunni við Breta?

Í annan stað hefur þráfaldlega verið talað um tillögur, sem brezk stjórnarvöld hafi gert í málinu, og ég spyr: Hefur íslenzka ríkisstj. eða umboðsmenn hennar í þessu máli móttekið einhverja till. frá brezku stjórninni um lausn á þessari deilu?

Eins og ég sagði áðan, lýsti hæstv. forsrh. því yfir, að það yrðu höfð samráð við Alþ. um þetta mál. Ég vil minna hæstv. forsrh á það, sem honum hlýtur að vera alveg ljóst, að það er ekki að hafa samráð við einn eða annan að kveðja hann ekkert til mála, fyrr en úrslit máls eru ráðin eða á síðustu stundu. Það eitt er að hafa samráð að láta þann aðila, sem á að ráðgast við, fylgjast með öllum málavöxtum, þannig að öll sjónarmið geti komið fram við meðferð málsins og verið tekin til íhugunar, áður en úrslitaákvörðun er tekin.

Í þessu sambandi vil ég minna á, að enn þá hefur enginn fundur verið haldinn í utanrmn. um þetta mál, þótt svo langur tími sé liðinn og þótt vitað sé, að samningar um þessi efni eru sífellt í gangi. Umboðsmenn Bretastjórnar hafa verið hér til viðræðna um þetta mál, og umboðsmenn íslenzku ríkisstj. hafa einnig verið erlendis til þess að ræða þetta mál við brezk stjórnarvöld. Einhver sjónarmið hljóta að hafa verið sett fram í þessum umr., um það er ekkert að efast. En það hefur ekkert verið ráðgazt enn við utanrmn. Alþ. um þessi efni. Ég vil því færa fram þá ósk til hæstv. forsrh., að hann gangist nú fyrir því, að nú allra næstu daga, nú fyrir helgina og áður en nokkuð frekara gerist, verði kallaður saman fundur í utanrmn. og þar gefin skýrsla um þær viðræður, sem farið hafa fram, hvað þar hefur verið fram flutt af hendi Breta annars vegar og af hendi Íslendinga hins vegar. Ég vil fara fram á þetta við hæstv. forsrh.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef náttúrlega ástæðu til þess að þakka fyrir þá traustsyfirlýsingu, sem hv. 1. þm. Austf. gaf hér, þar sem hann sér sérstakt tilefni til þess að spyrja mig um það, sem hann áður er búinn að heyra svör annarra hæstv. ráðh. um, og virðist hann bera alveg sérstakt traust til mín um það, að ég muni skýra öðruvísi og réttara frá en þeir hafa gert.

Ég segi það sama og þeir hæstv. ráðh., sem um þetta mál hafa fjallað í hv. Ed., að það hafa af hendi Íslendinga engar till. verið gerðar í málinu né heldur hafa Bretar gert okkur nein tilboð. Við vitum, eins og áður hefur verið sagt, nokkru meira um þeirra hugarfar en þegar þessar umr. hófust, eins og ég geri líka ráð fyrir að þeir geri sér ljóst, að vissir hlutir, sem þeir kunna að hafa óskað eftir, koma ekki til greina af hendi Íslendinga, en til neinna úrslita hefur enn ekki komið í þessum málum.

Varðandi það, sem hv. þm. minntist á, að ég hefði gefið fyrirheit um að hafa samráð við Alþ., sé ég ástæðu til að leiðrétta hans skilning að því leyti, að í nefndri yfirlýsingu minni, sem mun hafa verið gefin hér á Alþ. 10. okt. s. l., hygg ég, að ég hafi lýst því yfir, að það yrði haft samráð við Alþ., áður en endanlegar ákvarðanir yrðu teknar um málið.

Ég vil svo aðeins, út af tilmælum hans til mín um, að haldinn yrði fundur í utanrmn., vísa til þess, að ég hef ekkert vald til þess að kveðja utanrmn. saman. Það er þá nær að beina þeirri fyrirspurn eða þeim tilmælum annaðhvort til hæstv. forseta Sþ. eða til hæstv. utanrrh. eða hv. form. nefndarinnar. Þessi hv. þm. gæti þá kannske í leiðinni fengið nokkra vitneskju um, hverjum augum hæstv. utanrrh. lítur á það að gefa utanrmn. skýrslu um mál, sem eiga eða þurfa vegna hagsmuna þjóðarinnar að vera með leynd, og mun hæstv. utanrrh. í þeim efnum byggja á nokkurri reynslu.

Annað sé ég ekki ástæðu til að taka fram í tilefni af fsp. hv. þm.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. lýsti því hér yfir, að í þeim samtölum, sem átt hefðu sér stað, hefðu engar till. verið gerðar í málinu af hálfu Íslendinga og engar till. verið gerðar af hálfu Breta. Þá höfum við það, að hæstv. ráðh. vill halda því fram, að það, sem hefur komið um þetta í brezkum blöðum, stundum beint eftir opinberum heimildum í Bretlandi, sé slúður og ósannindi. Við höfum nú þessa yfirlýsingu frá hæstv. ráðh., að það hafi engar till. verið gerðar af hálfu Íslendinga og engar till. af hendi Breta.

En nú spyr ég: Um hvað hafa þessar viðræður þá staðið allan þennan tíma? Það hafa verið umr. hér á Alþ., og það hefur ekkert farið leynt í þeim umr., að það, sem hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju að fallast á, ef á móti kemur það, sem henni líkar, er, að brezki togaraflotinn fái að koma inn í íslenzka landhelgi og veiða þar einhvern tiltekinn tíma.

Það hefur hreint ekkert verið farið dult með í þeim umr., sem hér hafa farið fram á hv. Alþ., að það er þetta, sem hæstv. ríkisstj. hefur í hyggju að gera, ef henni líkar það, sem kemur í móti.

Og nú spyr ég: Hefur aldrei verið látið í þetta skína við Breta? Hefur þetta aldrei verið sagt á þeim viðræðufundum, sem átt hafa sér stað á milli Breta og Íslendinga? Og ef þetta hefur verið sagt á þeim fundum, — og ég leyfi mér að segja: hver efast um, að það hafi verið sagt, eftir að hafa hlustað á þær umr., sem hafa verið hér á hv. Alþ., — hvað er þetta þá annað en tillaga? Það er hægt að leika orðaleik og segja, að engin till. hafi verið gerð. En hvað er þetta annað en tillaga? Auðvitað er það eitthvað á þessa lund, sem Bretar eiga við, þegar þeir eru að tala um till. af hendi Íslendinga. Eitthvað hefur verið sagt auðvitað á hinn bóginn, af hendi Breta, sem Bretar líta á sem tillögur af þeirra hendi.

En hér er viðhafður þessi orðaleikur, sem er ósæmandi orðaleikur, af hendi hæstv. ríkisstj. Og þessi orðaleikur er viðhafður aðeins til eins, og það er til að geta svikið það loforð, sem gefið var í upphafi þingsins, að það skyldi haft samráð við Alþingi.

Ég held, að það sé ekki mikill vafi á, hvert stefnt er í þessu, í hugum þeirra, sem heyrðu það, sem hæstv. forsrh. sagði nú áðan. Hann sagði, að hann hefði sagt, að það yrði haft samráð við Alþ., áður en úrslitaákvörðun yrði tekin. Það er rétt, að hann sagði þetta. En ég sagði þá strax, eftir að hann hafði sleppt þessu orði, að ég skildi þetta sem skýlausa yfirlýsingu hæstv. forsrh. um, að það yrði raunverulega haft samráð við Alþ. um málið nægilega snemma til þess, að Alþ. gæti tekið fullan þátt í málsmeðferðinni. Þannig var að efni til það, sem ég sagði, eftir að hæstv. ráðh. hafði gefið þessa yfirlýsingu. Og hæstv. ráðh. gerði enga athugasemd við þennan skilning minn, enda var óhugsandi, að nokkur gæti skilið ráðh. öðruvísi en svo, að það ætti að hafa raunverulega samráð við Alþingi.

Það er auðvitað ekki annað en að sýna Alþ. fyrirlitningu að koma á síðustu stundu með það, sem raunverulega er búið að afráða, og segja við Alþ.: Þetta getið þið annaðhvort samþ. eða hafnað því. — Það er ekki að hafa samráð við Alþ. Einmitt að notað var orðið „samráð" þýðir, að því hefur verið lofað að ráðgast við Alþ. um það fyrir fram, inn á hvað skuli ganga, en ekki koma á úrslitastigi málsins og fleygja í Alþ. einhverju plaggi, sem hæstv. ríkisstj. er þá búin að binda sig á og alla sína menn kannske á bak við tjöldin. Það er ekki þetta, sem heitið hefur verið í þessu máli. Það vil ég biðja menn að athuga.

Það dylst engum, sem hefur fylgzt með þessu máli og með því, sem komið hefur frá hæstv. ríkisstj., að till. hafa gengið á víxl á milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, í hvaða formi sem þær hafa verið. Það er ekkert um þetta að villast, að Bretarnir hafa sagt frá því. En hæstv. ríkisstj. kýs að halda þessu leyndu, af því að það virðist vera liður í áætlun hennar um að fara á bak við Alþingi.

Þá viðhafði ráðh. alveg fáheyrð undanbrögð í sambandi við till. mína eða ósk til hans um að kalla saman utanrmn. Hann sagði, að það væri alls ekki á sínu valdi að gangast fyrir slíku, forsrh., — öðru eins stórvirki og því að kalla saman utanrmn., — það væri alls ekki á sínu valdi. Nú veit hæstv. forsrh. það mætavel, að það er mjög oft, sem ríkisstj. og þá undir forustu forsrh. hefur forustu um það að kalla saman utanrmn., og hann þarf ekkert að segja mér um þetta. Ég veit vel, hvernig þessu hefur verið háttað. Og það er í alla staði eðlileg krafa, að hann gangist fyrir þessu.

Það er vitanlega ekki hægt að hafa fullt samráð við Alþ. nema með því móti að kalla utanrmn. saman og gefa henni skýrslu um málavexti, svo að fulltrúar í henni geti ráðgazt við aðra þm. í þeim flokkum, sem þeir eru fulltrúar fyrir, nema hæstv. ráðh. vildi gangast fyrir því, að stofnuð yrði einhvers konar samstarfsnefnd um landhelgismálið innan Alþ. Þá gæti það auðvitað líka verið þáttur í að uppfylla það loforð, sem hæstv. forsrh. gaf um að hafa samráð við Alþ.

Ég endurtek því ósk mína og geri hana að kröfu, að það verði kallaður saman fundur tafarlaust í utanrmn. Alþingis til þess að gefa þar skýrslu um það, sem raunverulega hefur farið fram í málinu, og að þessu laumuspili verði hætt.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Það er ekki ástæða fyrir mig að fjölyrða út af seinni ræðu hv. þm. Hann taldi nokkra sönnun fyrir því, að ég hefði ekki sagt allan sannleikann, að ég væri ekki í samræmi við brezk blöð. Það væri hvorki meira né minna en það, að ef ég segði satt, þá hefðu brezk blöð farið með slúður. Maður skyldi ekki halda, að þetta væri einn af þeim mönnum, sem standa næstir Tímanum á Íslandi, ef hann rekur bara í rogastanz, ef blöð fara með slúður. Nei, við þekkjum það hér á Íslandi, að það kemur fyrir á beztu heimilum, að blöð fara með slúður. Ég get náttúrlega ekki sagt honum, hvað orði til orðs fer á milli þeirra manna, sem af hendi Íslendinga annars vegar og Breta hins vegar hafa rætt þetta mál. Ég svaraði því, sem hans

fyrirspurn gaf tilefni til, að af okkar hendi hefðu ekki verið gerð tilboð né heldur hefðu Bretar gert okkur föst tilboð um málið. Ég held mig þó muna það, að einhver hafi sagt mér frá því af samninganefndarmönnunum, að Bretar hefðu mikið spurt um, hvort við mundum vera fáanlegir til þess í þessari ríkisstj. að ganga jafnlangt til móts við Breta og sú stjórn, sem hv. þm. átti sæti í, var reiðubúin til að gera 1958. En það hefur nú staðið á því m. a., að við höfum ekki viljað vera svo elskulegir við Bretann sem þessi hv. þm. og hans samstarfsmenn voru. Ég geri ráð fyrir, að ef við hefðum viljað ganga inn á að bjóða þau kjaraboð, sem hann bauð þá eða þeir, og það, að mér skilst, með vitund allrar stjórnarinnar, þá hefðu Bretar sagt: Þakka kærlega fyrir. — Við værum þá sjálfsagt búnir að komast að samkomulagi í málinu. En það hefur ekki legið fyrir enn þá, að við höfum séð okkur fært að vera jafntilleiðanlegir og sú hæstv. stjórn var.

Ég þarf svo ekki að árétta það hér enn, sem ég sagði hér 10. okt. s. l. Það er náttúrlega ekki hægt að binda mig á því, hvaða skilning þessi hv. þm. leggur í mín orð, þau voru öllum auðskiljanleg. Það mætti æra óstöðugan, ef við einstakir þm. í stjórnarliðinu ættum ævinlega að standa upp, þegar stjórnarandstæðingar segja: Ja, svona eru hlutirnir, svona eru þeir, þetta hafi hv. þm. í stjórnarliðinu sagt og viðurkennt með þögninni o. s. frv. Ef við stæðum ævinlega upp og segðum: Nei, hvorki sagði ég þetta né heldur viðurkenndi ég þetta með þögninni, hvað væru þá umræðurnar orðnar?

Ég tók hér einu sinni til máls snemma á þinginu um efnahagsmálin og leiðrétti þá verstu firrurnar af því, sem þessi hv. þm. hefur sagt. Hann hélt margar ræður eftir það. Mér datt ekki í hug að svara einu einasta orði, og sneri hann þó út úr öllu, sem ég hafði sagt, og sneri því við. Ég hélt, að hann væri orðinn of reyndur þm. til að bera fyrir sig slíkt og því um líkt, að ef menn ekki mótmæla öllu, sem hinir segja, þá sé það bara játað. Hann á að hafa of langa þingreynslu að baki til að tefla fram slíkum rakaleysum sem sönnunargögnum.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki gera neitt annað en bera af mér sakir.

Hæstv. ráðh. sagði, að það stæði allt á því, að þessi ríkisstj. vildi ekki ganga eins langt í undanlátssemi við Breta og sú ríkisstj., sem ég hefði átt sæti í. Þetta kalla ég sakir, að bera þetta á nokkurn mann. Hvað er það, sem núv. ríkisstj. hugsar sér að gera? Við höfum fært út landhelgina. Við erum búnir að hafa 12 mílna landhelgi í tvö ár, og friðunin er um 95%. Þessa landhelgi hafa allar þjóðir viðurkennt í verki nema ein ofbeldisþjóð, þ. e. a. s. Bretar, sem hafa reynt að hnekkja þessu. Við höfum notið þessarar friðunar þannig, að fiskveiðar víðs vegar við landið ganga stórkostlegum mun betur en áður hefur verið, og það er friðuninni að þakka. Við höfum sigrað í landhelgismálinu, sigrað með þessar 12 mílur, og það er óhugsandi, að Bretar geti haldið áfram að fiska innan þessarar landhelgi undir herskipavernd. Það er svona, sem ástatt er. Og þá bollaleggur ríkisstj. að hleypa togaraflota Breta inn í landhelgina, hleypa honum á okkar fiskimenn og á þessi fiskimið og eyðileggja það, sem unnizt hefur, sem við erum búnir að vinna. Hvaða ástæða gæti verið til þess, að Íslendingar þyrftu að gera annað eins og þetta? Og hvað hefur hliðstætt áður gerzt í þessu máli? Ekki neitt.

Það er algerlega út í hött hjá hæstv. forsrh., að nokkuð hliðstætt hafi nokkru sinni gerzt í þessu máli. Þvert á móti liggur það fyrir, að þetta mál er algerlega unnið, ef ríkisstj. fremur ekki þetta óhæfuverk, sem það er að hleypa togaraflota Breta, einu þjóðarinnar, sem hefur sýnt okkur ofbeldi og raunverulega er búin að tapa, inn í landhelgina. Hitt er með öllu ósambærilegt, sem gert var til að afla fyrir fram viðurkenningar á einhliða rétti Íslendinga til þess að færa út landhelgina. Hér er nú verið að tala um að færa inn landhelgina í þágu Breta, í þágu brezka togaraflotans, og að eyðileggja það, sem við höfum þegar unnið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég þarf að sönnu ekki, herra forseti, að bera af mér neinar sakir, því að allt þetta, sem hv. 1. þm. Austf. sagði, er aðeins endurtekning eða upptugga á því, sem þeir sögðu, flokksbróðir hans, formaður flokksins, hv. 2. þm. Vestf., og hv. 5 þm. Reykn., sem líka virðist vera orðinn flokksbróðir hans, — mér skildist hann nú vera utangarna og í engum flokki, það sem maður kallar pólitískt viðrini, og hafa gefið sér það heiti sjálfur. Það er endurtekning á því, sem þeir eru búnir að segja og hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. hafa rekið öfugt ofan í þá jafnóðum. Það þarf meiri matarlystina til að bera þetta á borð eða smekkvísina. Það eina, sem ég vil benda á, var í tilefni af lokaorðum þm. Hann segir: Hvaða ástæða er fyrir því, þó að ég og minir flokksbræður vildu 1958 bjóða Bretunum kostakjör, að vera að bjóða það núna? Að sönnu var því leynt eins og mannsmorði, að þetta hefði verið boðið. Og það er ekki lengra síðan en örfáir dagar, að formaður flokksins, hv. 2. þm. Vestf., sagði á Alþingi: Það eru tvö grundvallarsjónarmið í þessu máli, sem aldrei má víkja frá. Það má aldrei bera sig saman við aðra um, hvað maður ætlar að gera í þessu máli, fyrir fram, og þá enn síður hvika um hársbreidd frá teknum ákvörðunum. — Svo komst bara upp, að þetta var það, sem hann hafði sjálfur verið að gera með sínum fyrsta aðstoðarmanni, þessum hv. þm. Það komst allt upp. Ég fer ekki að rekja það hér. En þessi þm. segir: Hvaða skynsamleg rök geta nú verið fyrir því, að við séum eitthvað enn þá að hugsa um að slaka til, að við séum eitthvað enn þá að feta í fótspor vinstri stjórnarinnar? Hvaða skynsamleg ástæða er að vera nú að feta í fótspor þeirrar stjórnar, segir hv. þm., sem ég sjálfur stóð að, af því að deilan er búin? Ég vitna aftur í formann flokksins, hv. 2. þm. Vestf., sem nýverið sagði á utanríkismálanefndarfundi þetta: Horfurnar um það

að koma þessari deilu úr sögunni hafa aldrei verið verri. — Hann margtók fram, að það væru hinar ískyggilegustu horfur í framtíðinni. Hann lét ekki nægja að lýsa sinni hugarangist yfir þessum framtíðarhorfum okkar í þessum efnum með sérstökum kvíðboga fyrir lífi og limum sjómannanna, heldur bar hann beinlínis fram till. um það, hvernig ætti að koma málinu út úr heiminum. Ég veit ekki, hvort þessi þm. hefur hlustað á umr. í Ed. eða hvort hann les nokkurn skapaðan hlut af þeim ræðum, sem prentaðar eru í Tímanum eftir formann flokksins. Hann heldur sig líklega við það heygarðshornið að lesa það, sem er eftir hann sjálfan, skrifað af honum, eða ræður sínar, og leiðist líklega form. flokksins og les ekki hans ræður. En ef hann hefði eitthvað af því lesið, þá vissi hann allt þetta og væri þá ekki að tefja tíma þingsins að eilífu með því að vera að endurtaka þetta allt saman í fyrirspurnarformi hér, af því að það er algerlega óþarfi, það liggur alveg augljóst fyrir.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. nefndi nafn mitt í sambandi við staðhæfingu, sem hann setti hér fram. Og ég skal svara því með tiltölulega fáum orðum. Hann sagði, að ég hefði sagt, að eftir sakaruppgjöfina, sem hæstv. dómsmrh. hefði auglýst gagnvart brezkum togurum, hefði ástandið aldrei verið verra á Íslandsmiðum vegna ágangs brezkra togara. Ég hef ekki athugað þessi ummæli, hvort þau eru höfð rétt eftir mér í utanrmn., en ég hef aldrei efazt um það, að undansláttur í landhelgismálinu mundi leiða það af sér, — það sýnir sagan í gegnum aldir gagnvart Bretanum, — ég hef aldrei efazt um það, að undansláttur í þessu máli mundi leiða til enn þá verra ástands en verið hefur, og kannske sýnir sakaruppgjöfin okkur dálítið af því.

En við höfum annan vitnisburð, sem maður skyldi halda að hæstv. forsrh. tæki meira mark á en vitnisburði mínum. Við höfum vitnisburð hæstv. dómsmrh. í þessu máli. Ég hygg, að aldrei hafi nokkurn tíma í nokkrum umr. verið endurtekin oftar ein setning en þessi setning hæstv. dómsmrh.: Við höfum sigrað í þessu máli. Það er bara spurningin, hvernig við notum sigurinn. — Þetta endurtók hann æ ofan í æ í Ed. Og ég er ekki í neinum vafa um það, að þetta er rétt, og þetta er það, sem ég hef haldið fram. Okkur hefur greint á um það, hvort nú ætti að slá undan eða sýna Bretanum alvöru, sem ég álít að sé það eina, sem hann virðir.

En það var annað, sem sýnir nokkurn veginn í leifturmynd og betur en í þeirri þvælu, sem hæstv. forsrh. bar hér á borð fyrir þingheim, hvað er auðvelt að trúa á það, sem hæstv. forsrh. fullyrðir, hvað það er mikils virði það, sem hann segir. Hann segir: Því var ljóstrað upp, að skeyti var sent með tilboðum um tilhliðrunarsemi, — sem hann kallar tilslakanir, — til NATO-þjóðanna, ef þær viðurkenndu fyrir fram, að við hefðum rétt til einhliða útfærslu í 12 mílur. Hann segir, að yfir þessu hafi verið hin mesta leynd. Hér er hæstv. ráðherra frammi fyrir þingheimi staðinn að hreinum ósannindum — hreinum ósannindum, og ég lýsi hér með samkv. rökum, sem ég nefni nú strax, hann hreinan ósannindamann að þessu — hreinan ósannindamann. Skeytið er birt tvívegis. Það er birt svo að segja sama daginn og það er sent í Þjóðviljanum, sama ár, og skýrt frá því. Og það er birt í kosningabók Alþb. fyrir kosningarnar 1959 efnislega (Gripið fram í.) Það, sem kemur í kosningabók, sem gefin er út í þúsundum eintaka, og blaði, sem gefið er út í þúsundum eintaka, er ekkert leyndarmál. Hér er ráðherrann því staðinn að hreinum ósannindum, sem á ekki að koma fyrir um mann í hans embætti.

Það er hér verið að bera á borð það, sem er gamalt, og við skulum ekkert ræða frekar um það. En það er ástæða til að minnast á annað. Ég get sagt frá því hér, fyrst umr. eru komnar inn á þetta svið, að það er ekkert launungarmál, að þeir flokkar, sem stóðu að ríkisstj., voru ósammála um leiðir í þessu máli. Það hefur komið fram opinberlega að nokkru. En það er rétt í sambandi við þetta skeyti að skýra frá því, sem ég hef reyndar sagt frá áður, að Alþb. vildi ekki standa í sambandi við NATO-ríkin um samninga — alls ekki um samninga — og ekki einu sinni um samtök um það, hvort landhelgin yrði viðurkennd af þeim fyrir fram. Hér varð Framsfl. eins og oft áður að sigla milli skers og báru. Báran öðrum megin var Alþb., skerið var Sjálfstfl. og Alþfl., sem vildu samningaþóf og samningamakk við NATO-ríkin. Með skeytinu 18. maí gekk Framsfl. lengst til móts við þessi sjónarmið með því að senda fyrirspurn um það, hvort NATO-ríkin vildu viðurkenna landhelgina fyrir fram, gegn þeirri tillitssemi, að það yrði fært út á vissan hátt. Og þetta skeyti var sent, það vita allir, til þess að skera á þann hnút, að ekki yrði haldið áfram samningaþófi, sem Sjálfstfl. og Alþfl. vildu halda áfram og málið hefði strandað á.

Þetta er vitanlega ekki sambærilegt. Sér hvert einasta mannsbarn í landinu, að þeir menn, sem nota þessi rök, að þetta sé eitthvað sambærilegt við samninga við Breta nú, sem hafa beitt okkur ofbeldi, er ekkert annað en fálm — hreint fálm. Við vorum að leita samþykkis allra þjóða, gegn tilhliðrunarsemi um það, hvernig við færðum út, — einhliða viðurkenningu allra þjóða. Hér er verið að semja við eina ofbeldisþjóð, einu ofbeldisþjóðina, eftir að við höfum unnið sigur í málinu. Hver getur borið þetta saman? Þetta gera engir nema sekir menn, sem eru að reyna að þyrla upp reyk og ryki í kringum sig til þess að dylja sig, eins og menn, sem eru á flótta. Og svo eru fullyrðingar eins og þessar óskemmtilegu umræður, að segja: Þið voruð að bjóða Bretum það sama 1958 og við erum að bjóða Bretum nú. — Þetta verður maður að hlusta á frá hæstv. forsrh.

Hver var að bjóða Bretum þá? Við vorum að spyrja um það, hvort allar NATO-þjóðirnar vildu viðurkenna okkar 12 mílur, að við hefðum leyfi til þess að færa út einhliða, og þá ætluðum við að haga framkvæmdinni þannig, að nokkurt tillit væri tekið til þess. Það var ekki

verið að bjóða Bretum, það var verið að leita eftir fyrir fram viðurkenningu ríkjasambands. Nú er talað um, að þetta sé einhver hliðstæða við það, að samið sé við þá þjóð, sem hefur sýnt okkur ofbeldi, eins og til að sýna heiminum, hvernig á að meðhöndla Íslendinga til þess að ná við þá góðum samningum. Það er ekkert hugsað um þjóðirnar núna, sem hafa sýnt okkur þá tillitssemi að virða okkar landhelgi í framkvæmd. Eina þjóðin, sem er tillitsverð að áliti þessarar hæstv. ríkisstj., er sú, sem hefur barið á okkur, og þess vegna á að gera undanþágu með hana. Og þetta er borið saman. Ég held, að ég geti numið staðar hér að sinni.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég tel ekki ástæðu til að fara langt út í þessa ræðu hv. 2. þm. Vestf., vegna þess að hann er aðeins að endurtaka það, sem hann hefur haft lítinn sóma af að prédika í Ed. Það er á allra vitorði, ekki aðeins Ed.-manna, ekki aðeins Nd.-manna og þar með alls þingsins, heldur þjóðarinnar allrar, að það hefur aldrei neinn maður lent í öðrum eins hrakningum. Það var strand og land á alla vegu hjá manninum í þessum málflutningi hans, sem von er, því að hans málstaður var þannig, að það var ekki hægt að verja hann. Ég segi það alveg satt, að ég nærri kenndi í brjósti um þennan hv. þm. með það skap, sem hann hefur, og málflutningurinn er honum ekki til sóma. Það er að bera í bakkafullan lækinn, ef ég færi að endurtaka þau rök, sem bæði hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. hafa saumað hann inn í í Ed.

Það, sem hv. þm. taldi sér eiginlega mest til málsbóta og mér örðugasta hjallann, var, að hæstv. dómsmrh. hefði sagt: Við erum búnir að sigra í málinu. — Og hann bætti við sjálfur: Ég tel þetta réttan skilning. — En ef þessi maður telur þetta réttan skilning, af hverju lagði hann þá til, að við færum að biðja Bandaríkin að hjálpa okkur í málinu, sem við værum búnir að sigra í? Svona fer fyrir þeim, sem aldrei vilja segja nema hálfan sannleikann. Við erum ekki búnir að koma Bretum út úr landhelginni, og það má eins vel kalla okkar baráttu núna baráttuna til að koma Bretum út úr landhelginni. Þeir eru þar, og þeir færa hættur yfir íslenzk mannslíf og íslenzka fjármuni, og öllum væri fyrir beztu, öðrum en kommúnistum, að þessi deila væri úr sögunni.

Hv. þm. sagði, að ég væri staðinn að ósannindum, þegar ég hefði sagt, að það hefði verið leynd yfir þessu máli, og honum þótti það mikil háðung, að forsrh. landsins skyldi verða staðinn að ósannindum. Víst er svo, ef satt væri, sem ekki er. En ég vil minna hann á skeytið, sem hann sendi 20. ágúst 1958. Ég játa, að hann kom heim til mín 18. maí 1958 til að biðja mig að vera meðábyrgan að því skeyti, sem hann þá sendi til Breta, en ég sagðist ekki geta svarað því, af því að ég hafði ekki haft tækifæri til að bera mig saman við minn flokk. Það er ekkert á móti því, að kommúnistarnir fái dálitla skemmtun af því að heyra, að þessi hv. þm. hafi viljað semja við mig, áður en hann samdi við þá. En ég vissi aldrei neitt um, þegar hann var að endurtaka þetta tilboð sitt í enn þá skýrara formi þann 20. ágúst 1958. Það var þess vegna fullkomin leynd yfir þessu, þar til atvikin afhjúpuðu þessa menn, enda er það sannleikur, að einmitt þessa dagana, sem umr. hafa staðið yfir í hv. Ed., hafa alltaf verið að koma í ljós nýjar og nýjar upplýsingar í málinu. Það hefur m. a. verið að sannast, að það vissu miklu fleiri og aðrir menn um þetta mál heldur en áður hafði verið látið í veðri vaka. Hv. 5. þm. Reykn. skilst mér að hafi í öndverðu lítið þótzt um málið vita, en endar með því að segja, að þetta hafi allt verið sér kunnugt. Það var líka daginn eftir á Þjóðviljanum svo að skilja, að ráðherrar kommúnista í vinstri stjórninni hefðu ekkert um þetta vitað. Nú virðist mér sá skilningur vera kominn á daginn eða að koma í ljós, að þeir hafi alltaf um þetta vitað.

Hv. þm. sagði, að skeytið þann 18. maí hefði verið sent til að forðast, að málið strandaði alveg. Ég veit ekki, hvaðan hættan um stöðvun kom, nema þá ef hún var af hendi hans samstarfsmanna. Og þeir hafa reyndar lýst því yfir, kommúnistarnir, að þeir hafa aldrei gengið inn á þetta. Hv. 5. þm. Reykn. segir: Ég var með því, að skeytið væri sent, en það var í óraggri vissu um, að það yrði aldrei samþykkt. — Ég veit ekki, hvaðan sú vissa kom honum. (**FRV:** Ég hafði hugmynd um efni þess.) Nú, já, hann vissi ekki um, að það var sent, en hafði hugmynd um efni þess. Nú fara að verða flókin mál þeirra kommúnistanna. Aðeins hugmynd. „Svo dreymdi mig draum". Og þannig fékk hann hugmynd um, hvað var efni þess, en hann hafði aldrei séð það, aldrei heyrt það, vissi ekki um það, en hann dreymdi um það og fékk hugboð um það. Það verður að orða þetta varlega allt saman. Það er eins og ég segi, það kemur alltaf nýtt og nýtt í ljós. Þó að þeir fái ekki að frétta um það, þá dreymir þá um það, þannig fá þeir vitneskju um það. (**FRV:** Ég hef aldrei samþykkt það.) Aldrei samþykkt það? Nei, aldrei samþykkt það. Og nú fæ ég að vita það næst, að hann hafi samþykkt það, en í svefni, samþykkt það sofandi.

Hv. 2. þm. Vestf. sagði: Hver var að bjóða Bretum eitthvað 1958? Nei, ég var bara að bjóða NATO eitthvað, sagði hann. Bretar eru náttúrlega, eins og allir vita, í NATO. Þá voru það Bretar, sem áttu að fá tilboðið líka. Og svo veit þessi hv. þm., að andstaðan í NATO var fyrst og fremst frá Bretum. Hann var þess vegna að bjóða Bretum. Hann var að segja við Bretann: Ef þú vilt vera góða barnið í þessu, þá skal ég líka vera góða barnið. — Það þýðir ekki að koma núna með heilaga vandlætingu og segja: Ég hef aldrei talað við Breta. Nei, ég tala bara við NATO. — Ja, margt má maður nú heyra, áður en eyrun detta af manni. Þetta er í samræmi við annan skripaleik í þessu öllu.

Svo sagði hann okkur þetta, sem ég er oft búinn að heyra áður í Ed., að nú væru Bretar að sýna fram á ráðið til að tukta Íslendinga, það væri bara að vera harður í horn að taka. Má ég spyrja þennan hv. þm.: Hvaða ráð höfðu Bretar til að tukta hann, þegar hann sendi skeytið 20. ágúst 1958? Þeir voru þá búnir að

segja: Góði minn, ef þú ekki lætur þig, þá skal ég tukta þig með því að koma með herskip hingað. — (**HermJ**: Þetta er bara tilbúningur.) Er þetta bara tilbúningur? Hv. þm. veit það ósköp vel, að ég get sjálfsagt séð það í bréfaskiptum okkar við flokkana, að það var þá farið að tala um, að Bretar mundu ætla að koma hingað og verja sín skip. Og það var einmitt það, sem hann bar kvíðboga fyrir. Þess vegna féll hann bæði frá grunnlínunum, sem vinstri stjórnin ætlaði í öndverðu að víkka og taldi sig hafa rétt til, og bauð þessi vildarkjör, sem Bretinn mundi áreiðanlega taka við núna, ef hann gæti fengið þau.

Ég skal svo ekki að öðru leyti orðlengja um þetta, nema sérstakt tilefni verði til. Ég minni aðeins á, að það eru tvö höfuðboðorð, sem þessi hv. þm. hefur kennt sinni þjóð, og annað er að ráðfæra sig aldrei við aðra, áður en fiskveiðilögsagan væri færð út, hvorki varðandi tíma né efnishlið, og þó allra sízt, ef búið væri að taka nokkrar ákvarðanir, að hopa nokkru sinni frá því. Hann er staðinn að því að hafa allt sumarið 1958 verið að ráðfæra sig við aðra, og hann er líka staðinn að því, að þegar endanlegar ákvarðanir eru teknar, þá segir hann: Ég skal rifta öllum mínum ákvörðunum, ef þið aðeins viljið gera það, sem ég bið ykkur um. — Þetta eru beinir samningar, hvernig sem reynt er að toga það og teygja. Hvað er það annað en samningatilboð að segja: Ég skal hætta við það, sem ég ætlaði að gera, ef þið viljið fallast á vissan hluta af mínum óskum?

Hermann Jónasson: Það er nú orðinn siður hjá hæstv. ríkisstjórn, og virðist þar taka það hver eftir öðrum, að þegar þeir lenda í deilum, þá stimpla þeir með miklum hávaða, að það, sem andstæðingur segir, sé rökþrot og vitleysa og þess háttar. Það er hæstv. dómsmrh., sem hefur tekið upp á því að taka sér dómsvald í því, hver hafi rök að mæla, og hæstv. landbrh. lét ekki á sér standa í gær að nota sömu aðferðina og viðskmrh. einnig.

Ég skal ekki fara langt inn á umræður um þetta mál, sem við erum að þræta um, hæstv. forsrh. og ég, enda gefur ræða hæstv. forsrh. ekki tilefni til þess, því að hún er ekkert annað en endurtekning, að ég ekki segi upptugga á þeim rökum, sem stjórnarsinnar hafa talið sig færa fram í þessu máli og ég tel að hafi verið marghrakið. Það dettur engum manni með heilbrigða skynsemi og heilbrigða tilfinningu sem Íslendingur í hug að bera það saman að útvega með fyrirspurn viðurkenningu allra NATO-þjóða fyrir því, að við hefðum rétt til að færa út einhliða, ef við tækjum lítils háttar tillit til þess í því, hvernig það væri gert, eða að semja við einu ofbeldisþjóðina, þá þjóð eina, sem hefur sýnt okkur ofbeldi og hótað okkur að bana þeim löggæzlumönnum, sem við höfum hér í kringum landið. Þetta ber enginn saman.

En það var sérstaklega annað atriði, sem hæstv. ráðh. minntist á. Hann þóttist muna það, að ég hefði talað við sig um símskeyti 18. maí, sem sent var úr utanrrn. og ég kannast við að hafa staðið að með utanrrh. Ég minnist nú ekki þess, að þetta samtal hafi átt sér stað, og ég tek því með varúð, þó að þessi hæstv. ráðh. bjóðist til þess að gerast kennari í sannleiksást. Ég tek með varúð þessari fullyrðingu. En það eru skjallegar sannanir fyrir því, að hæstv. ráðh. og formanni Sjálfstfl. þótti of skammt gengið í skeytinu 18. maí, og þær sannanir er að finna í Morgunblaðinu, á forsíðu þess 8. ágúst 1958, þar sem er sagt frá samtali mínu við hæstv. núverandi forsrh. uppi í stjórnarráði 21. maí, en þar er sérstaklega fundið að því í þeirri fréttatilkynningu, að ég hafi lýst því yfir, að ég vildi ekki standa í neinu viðræðuþófi við NATO-ríkin framar, og talið sérstaklega aðfinnsluvert. Það er vitað mál, að svo sem Alþýðubandalaginu þótti of langt gengið af Framsókn með þessu símskeyti og birti þann dóm sinn í Þjóðviljanum samstundis, eins þótti Sjálfstfl. og Alþfl. of skammt gengið með sendingu skeytisins, með fyrirspurninni, því að þeir vildu samningaþóf, sem hefði leitt til þess að stranda málinu. Alþb. vildi hins vegar engin viðtöl eiga við NATO. Þess vegna fór Framsfl. sem málamiðlari með málið þannig, að það var hægt að sigla skipinu í höfn, eins og reyndin sýnir, og fer ég ekki nánar inn á það í þessari ræðu minni, enda gefst tilefni til þess að ræða það síðar.

Forsrh. (Ólafur Thors): Aðeins örstutt athugasemd, herra forseti. Heyrði ég það ekki rétt hjá hv. þm., að hann hafi sagt, að hann hafi ekki verið að semja við Breta, heldur aðeins að tala við NATO; að við vildum gera „lítils háttar tilslakanir" gagnvart NATO, ef þeir vildu að öðru leyti fallast á okkar aðgerðir? Er það ekki rétt eftir haft? (**HermJ**: Hvaða skripaleikur, eins og allir viti ekki, að Bretar eru í NATO.) Nei, ég er ekki að spyrja um það, ég er að spyrja, hvort setningin sé ekki rétt eftir höfð. (**HermJ**: Ég er búinn að svara.) Ég er nú ekkert æstur, enda þarf ég þess ekki, en ég vil bara minna á það, að fyrir utan það, sem hv. þm. virðist vita, að Bretar eru í NATO, þá var ég aðeins að spyrja um orðatiltækið, hvort það væru „lítils háttar tilslakanir", sem hann bauð. Það, sem hann kallar lítils háttar tilslakanir, þegar hann býður það, kallar hann landráð og föðurlandssvik, ef er rætt um eitthvað svipað af öðrum mönnum. Það var það, sem ég var að spyrja um.

Á 29. fundi í Nd., 28. nóv., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við alþm. heyrðum það nú fyrir helgina og lásum í blöðunum, að hæstv. ríkisstj. hefði gert samning við stjórn Bandaríkjanna um, að nokkur breyting yrði hér á um yfirstjórn á hinum svokölluðu varnarmálum, þannig að flugherinn, sem hingað til hefði haft fyrst og fremst með þetta að gera, léti nú af yfirstjórn þar, en sjóherinn tæki við. Ég vil leyfa mér út frá þessari frétt í fyrsta lagi að átelja það, að hæstv. ríkisstj. skuli gera slíka samninga eða gera slíkar breytingar á samningum án þess að hafa svo mikið við sem að ræða við Alþ. um slíkt eða

jafnvel að tilkynna þó a. m. k. Alþ. og gefa alþm. kost á að láta í ljós sínar skoðanir á því, áður en það er tilkynnt almenningi í landinu.

En í öðru lagi vildi ég leyfa mér, vegna þess að þessi tilkynning var mjög stutt og henni fylgdi lítil grg., að óska þess, að hæstv. utanrrh. skýrði Alþingi frá tildrögum þessara breytinga. Það hefur áður komið hér fyrir, og ég man eftir fréttum, sem hafa komið fyrir ekki alllöngu, sem ég hef einmitt notað sem tilefni til þess að spyrja hér að, hvað væri að gerast í þessum málum, og mér virtust þá slíkar fréttir koma jafnflatt upp á hæstv. ríkisstj. sem okkur alþm., þannig að það er nauðsynlegt fyrir okkur að fá að fylgjast með því, svo lengi sem við höfum þennan her hér, hvað raunverulega er að gerast. Við vitum, að á þessum sama tíma hefur það verið að gerast úti í Stóra-Bretlandi, að Bandaríkjamenn hafa þar verið að koma sér upp stöðvum fyrir kjarnorkuknúna kafbáta, og þær valda miklum óróa í Bretlandi. Það er enn fremur vitað, að hér hefur verið áður hugmynd a. m. k. frá ameríska hernum eða hans forustumönnum um að koma upp slíkum stöðvum hér. Og þar sem venjulega er lítið rætt um þessi mál hér á Alþingi, litlar skýrslur gefnar, er það þess vegna að mínu áliti rétt og nauðsynlegt, að hæstv. ríkisstj. gefi sem nánasta skýrslu eftir því, hvað hún sjálf veit um þessa hluti, um, hvað þarna er raunverulega að gerast.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Út af þessari fyrirspurn vil ég aðeins endurtaka það, sem sagt er í fréttatilkynningu utanrrn., að hér eru þær breytingar einar á ferðinni, að í stað þess, að þeir menn, sem annazt hafa störf varnarliðsins á Íslandi til þessa, hafa verið úr flughernum, þá taka við þeim nú menn, sem eru úr sjóhernum. Á sjálfum varnarstöðvunum verða engar breytingar. Þeim verður ekki breytt, og þeim verður ekki fjölgað. Það, sem þarna er á ferðinni, er sem sagt eingöngu það, að starfsmennirnir verða úr sjóhernum, en hafa verið úr flughernum. Þessi breyting er afleiðing af því, að það eru starfsmenn sjóhersins, sem nú taka meiri þátt í vörnum Atlantshafssvæðisins en áður var. Þáttur flughersins minnkar. Það er ástæða breytingarinnar. — Ég sé ekki ástæðu til að fara inn á þetta frekar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér sýnist á þessu svari hæstv. utanrrh., að það eigi annaðhvort að leyna okkur alþm. því, sem þarna sé að gerast, eða þá hitt, sem getur verið alveg jafntrúlegt, að hæstv. ríkisstj. viti ekki sjálf, hvað þarna sé raunverulega að gerast. Við, sem höfum fylgzt með þessum málum, hinum svokölluðu varnarmálum Íslands, frá upphafi vega, átt sæti hér á Alþingi, frá því að landið var fyrst hernumið, við vitum ósköp vel, hvernig rætt hefur verið um þessi mál og hvers konar rök hafa verið flutt fram á hverjum tíma. Þegar sá samningur var rofinn, sem gerður var 1941, og Bandaríkjamenn áttu að fara héðan burt að fullu og öllu með allt sitt hafurtask, strax og stríðinu lauk, þá var það notað sem yfirvarp til þess að klófesta fyrstu herstöðvarnar, sem hér voru eftir stríð, Keflavíkurflugvöll, að það væru flugsamgöngurnar við setulið Bandaríkjanna í Þýzkalandi, sem væru svo þýðingarmiklar, m. ö. o., það var gildi Íslands sem miðstöðvar í flugsamgöngum milli Bandaríkjanna og meginlands Evrópu, sem var þarna lagt upp úr. Síðan hefur það verið svo, eins og skýrt hefur komið fram, að það hafa verið menn úr flughernum, sem hafa haft aðalstjórnina hér, að Ísland hefur verið, eftir að það gekk í Atlantshafsbandalagið og hernámið hófst að nýju opinberlega 1951, fyrst og fremst hugsað sem viss flugmiðstöð. Og í sambandi við það hafa verið öll þau önnur kerfi, sem hér hafa verið, radarkerfin og önnur slík.

Þýðir þessi breyting, sem nú hefur verið gerð, — það er von, að við spyrjum, því að við erum allir ófróðir um þessi hermál, en fyrst til er á annað borð sérstök nefnd, sem á að sjá um þessi mál, og ég efast ekki um, að hún hafi verið kölluð saman, þessi toppnefnd, sem sett var hér einu sinni í þeim efnum og átti að fylgjast með öllum slíkum samningum, þá má þó a. m. k. ætlast til þess, að slíkir menn hafi sett sig eitthvað inn í þessi mál, — þýðir þetta þá m. ö. o., að gildi Íslands sem flugstöðvar í sambandi við hernaðarkerfi Bandaríkjanna hafi gerbreytzt? Er það svo, sem við ólærðir í þessum málum höfum fengið einhvern veginn á tilfinninguna, að þær flugstöðvar, sem Bandaríkin hafi byggt í Grænlandi, hafi raunverulega tekið við þeim verkefnum, sem Bandaríkin e. t. v. upphaflega hafa hugsað sér að yrðu rækt af stöðvunum á Keflavíkurflugvelli, þannig að það, sem nú hafi gerzt, sé það, að verið sé að afskrifa meir og meir flugstöðvarnar á Íslandi sem hafandi eitthvert gildi í slíkum efnum, en þar með sé ekki verið að afskrifa Ísland sem hafandi verulegt gildi í sambandi við þetta hernaðarkerfi, heldur sé það annar þáttur viðvíkjandi Íslandi, sem nú sé tekinn upp og lögð sé höfuðáherzla á, að það sé sjóherinn?

Hæstv. utanrrh. segir, að það sé engin önnur breyting en sú, að það séu menn úr sjóhernum, sem taka við yfirstjórn, ef ég skildi það rétt, í staðinn fyrir að áður voru það menn úr flughernum. Ekki getur það verið svo hugsað hjá Bandaríkjastjórn, að menn úr sjóhernum eigi nú að fara að stjórna því, sem flugherinn hefur átt fyrst og fremst að stjórna fram að þessu, heldur hlýtur þetta að merkja það, að gildi herstöðva á Íslandi hafi breytzt svo mikið, að sjóherstöðvar á Íslandi eru orðnar miklu mikilvægari en flugherstöðvar og að flugherstöðvarnar eru máske fyrst og fremst farnar að hafa gildi sem — ef svo mætti segja — eftirlitsstöðvar, t. d. með kafbátum, en ekki lengur sem sjálfstætt kerfi í hernaði, þannig að landið sé sett þannig og flugstöðvarnar í því séu settar undir yfirstjórn sjóhersins vegna þess, að það sé orðið verkefni fyrst og fremst sjóhersins að sjá um hlutina hér á Íslandi. Ef þetta væri rétt til getið, hvað þýðir þetta þá? Þýðir þetta þá ekki alveg óhjákvæmilega, að slíkur sjóher hugsar til þess að færa sig eitt-

hvað upp á skaftið hér viðvíkjandi slíkum breytingum?

Við, sem fylgdumst með, þegar Bandaríkin gerðu sínar fyrstu kröfur til herstöðva hér á Íslandi til 99 ára, 1. okt. 1945, vissum, að farið var fram á þrenns konar stöðvar. Það var Keflavíkurflugvöllur til hins venjulega flughers, það var Skerjafjörður fyrir sjóflugvélar, og það var Hvalfjörður fyrir flotastöð. Og við vitum, að síðan hefur verið talað um, og það munu ekki vera nema 5 ár síðan það hefur verið talað beinlínis um þann möguleika að byggja stöðvar fyrir kjarnorkuknúna kafbáta í Hvalfirði undir Þyrli. Og þegar því er allt í einu lýst yfir, að nú eigi sjóherinn að taka við yfirstjórninni á Íslandi, vegna þess auðsjáanlega, að gildi Íslands sem miðstöðvar í sambandi við sjóhernað á Atlantshafi og það, sem undir hann heyrir, hafi aukizt svo mjög, og þegar það á sama tíma gerist, að Bandaríkin fara fram á stöðvar fyrir kjarnorkuknúna kafbáta í Skotlandi, þá virðist manni ekki liggja mjög fjarri, að slík krafa kunni að koma á eftir. Og þegar það er okkar reynsla, að slíkar kröfur frá hálfu Bandaríkjanna koma venjulega fyrst fram, þegar búið er að fallast á þær, þannig að okkur alþingismönnum er stillt frammi fyrir gerðum staðreyndum og búið að semja, þá er þess vegna ekki óeðlilegt, þó að við viljum nota tækifærið til þess að spyrja, meðan hlutirnir eru ekki beinlínis skollnir yfir.

Ég vil þess vegna — einmitt vegna ókunnugleika okkar alþm. yfirleitt í þessum málum — leyfa mér að óska þess, ef hæstv. utanrrh. veit betur eða veit meira en það, sem hann sagði áðan, eða hefur hugmynd um eitthvað meira, sem hann telur sig mega segja, að hann skýri okkur frá því, því að mér sýnist þessi litla tilkynning opna það mikla og óhugnanlega möguleika, að það sé nauðsynlegt að vera þarna á verði. En ég vil jafnframt leyfa mér að spyrja um það, eins og ég gat um fyrr í þessari ræðu, hvort það sé ekki alveg ótvírætt, að áður en þessi breyting hafi verið gerð á samningnum, hafi sú nefnd, sem hæstv. utanrrh. sjálfur skipaði, þriggja manna nefnd, sem átti að vera ákaflega hátt standandi nefnd, — „high level" held ég það hafi verið kallað á enskunni eða ameríkskunni, mjög hátt standandi nefnd í þessum efnum, — ég held meira að segja, að á íslenzkunni hafi það verið þýtt „mjög ábyrg nefnd í þessum efnum", skipuð þrem mönnum, — hvort hún hafi ekki áreiðanlega verið kölluð saman og við hana hafi verið rætt um þessi mál, áður en þessi breyting hafi verið gerð. Ég sé nú hér einn hv. þm., hv. 7. þm. Reykv., sem á sæti í þeirri n., og vil nú leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hans, hvort hann hafi verið kallaður á fund í þessari nefnd. Og enn fremur vil ég leyfa mér að spyrja að því, hvort utanrmn. hafi verið kölluð saman og henni hafi verið tilkynnt þetta, — það er satt að segja orðið nokkuð undarlegt, ef svo skyldi vera, að hvorki þessi „high level" nefnd, þessi sérstaka ábyrga nefnd, sem hæstv. utanrrh. skipaði til að hafa um öll svona mál að gera, — mér skildist, að það ætti eiginlega að vera allt, sem á brezkunni mundi vera kallað „top secret", sem heyrði undir þá nefnd, — hvort hún hafi verið kölluð saman, — og hún var þó skipuð bara af ríkisstj., ekki af Alþingi, — og í öðru lagi, hvort utanrmn. hafi um þetta fjallað. Ég vil leyfa mér að vona, að við fáum upplýsingar um þetta frá þessum aðilum. Það eru það margir samkv. stjórnartilskipunum og lögum, sem eiga um þetta að fjalla, að það ætti nokkurn veginn að geta legið fyrir, hvort rætt hefur verið um þetta á þann stjórnskipulega hátt, sem gera ber.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Út af þessum viðbótarfyrirspurnum vil ég taka það fram, að ríkisstj. fjallaði sjálf um þetta mál. Hún annaðist viðræðurnar um það við Bandaríkjamenn. Hún kynnti sér aðstæður allar, og hún tók sínar ákvarðanir, án þess að nokkrar nefndir væru þar til kvaddar. Það var ekki ástæða til þess að bera þetta undir hina sérstöku nefnd, þar sem má segja, að þetta falli ekki undir hennar starf.

Að því er utanrmn. varðar, þá hefur ekki verið venja að fara með þessi mál til hennar, og ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að það sé tilgangslaust og enda ekki heppilegt að vera að ræða þessi mál í nefndum, þar sem kommúnistar eiga sæti, vegna þess að ef viðræður eiga að geta farið fram að nokkru gagni, þarf að fara nokkuð ýtarlega inn á málin í heild, og það er ástæðulaust og ekki heppilegt gagnvart hagsmunum ríkisins að vera að leggja þar allt of miklar upplýsingar fyrir flokk eins og kommúnistaflokkurinn eða Alþb. er.

Það, sem hér hefur gerzt, er sem sagt einfaldlega það, að talið hefur verið heppilegra, að menn úr sjóhernum önnuðust þessi störf, eins og högum er komið, heldur en að flughersmenn gerðu það. Varnarstöðvum verður ekki breytt, það verður ekki bætt við þær, og á engan hátt hefur dregið úr gildi Íslands sem flugstöðvar í sambandi við varnarmálin. Flugið breytist ekki, flugvélar verða hér í sama mæli, hvorki meira né minna en áður hefur verið, og flugmenn til þess að annast það, sem gera þarf í því sambandi, en sjálfur rekstur varnarstöðvanna og það, sem að honum lýtur, verður, þegar þessi breyting er komin á, í höndum sjóliðsmanna, en ekki flugliðsmanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það væri tilefni til ræðu eftir þessa yfirlýsingu, sem hæstv. utanrrh. nú hefur gefið, því að það er einstæð yfirlýsing af hálfu eins manns, sem kjörinn er í það embætti af hálfu Alþingis. Hæstv. utanrrh. hefur hér lýst því yfir, að hann muni ekki ræða í ákveðnum nefndum þau mál, sem snerta hagsmuni Íslands, svo framarlega sem við t. d., sem erum fulltrúar Alþb., eigum þar sæti. Það þýðir m. ö. o., að þessi háttvirti herra lýsir því yfir, að hann muni ekki framkvæma þær skyldur, sem á honum liggja sem ráðherra samkv. lögum, vegna þess að hann hafi andúð á einhverjum sérstökum mönnum í þessu þjóðfélagi. M. ö. o.: þessi ráðherra lýsir því yfir, að hann muni brjóta lög, og hann gerir sér vonandi ljóst, að fyrir það verður hann sóttur til saka á sínum tíma. Það er enginn, sem hefur

lagt það undir hans dóm, við hverja hann eigi að tala. Þessum ráðherra ber að hlýða íslenzkum lögum og tala við þá menn, sem kjörnir eru til þess að sitja í þeim nefndum, sem Alþingi hefur kosið þá til. Og það er ekki hans að dæma um slíkt, og hann getur gert svo vel og lagt það fyrir Alþingi og spurt að því, hvað þar eigi að gera, áður en hann kveður upp þann dóm. Það er honum bezt að gera sér ljóst. Hann er ekki enn þá orðinn amerískur borgari. Hann er ekki enn þá undir óamerísku nefndinni. Hann er enn þá á Íslandi. Það er bezt fyrir þennan hæstv. ráðh. að gera sér ljóst og tala ekki eins og hann talaði hér áðan. Honum ber að gera svo vel að hlýða þeim lögum, sem hér eru. Það getur verið gott, að hann tjái stundum sinn innsta hug, að hann vilji tilheyra einhverri annarri þjóð en vorri. En meðan hann enn þá telst íslenzkur ríkisborgari, ber honum að hlýða þeim lögum.

Í öðru lagi hvað snertir hagsmuni ríkisins: Hvaða ríki var hæstv. utanrrh. að tala um? Hann var ekki að tala um hagsmuni íslenzka ríkisins. Íslenzka ríkið hefur mælt fyrir í sínum lögum, hvernig með þess mál skuli fara. Það er annað ríki, sem hæstv. utanrrh. talar um.

Hæstv. utanrrh. segist ekki þurfa að bera undir nefnd, sem hann hafi sjálfur skipað. Er sú nefnd orðin þannig skipuð að hans áliti, að það sé ekki heldur hægt að bera neitt undir hana? Hann hefur verið að semja við ríkisstjórn annars ríkis. Þegar hann talar þarna um hagsmuni ríkisins, eru það hagsmunir Bandaríkjanna, en ekki Íslands, sem hann er að tala um. Ísland hefur sett sín lög og sett sínar ákvarðanir. Það er þá vegna hagsmuna Bandaríkjanna að tala ekki um slíkt.

Það er bezt fyrir þennan hæstv. ráðh. að gera sér það alveg ljóst, hvað það er, sem hann er að mæla. Hagsmunir íslenzka ríkisins heimta það, að Alþingi Íslendinga og þær nefndir, sem það hefur kjörið, fylgist með því, sem er að gerast í þessum málum. Það, sem getur verið gott fyrir hagsmuni Bandaríkjanna, getur verið lífshætta fyrir íslenzku þjóðina. Og hæstv. ráðh. verður að gera svo vel að gera sér það ljóst, að þegar hann leynir íslenzku þjóðina og brýtur lög til þess að leyna íslenzku þjóðina því, sem hún þarf að vita, þá er hann að ganga erinda Bandaríkjanna á móti hagsmunum Íslendinga. Það heitir á venjulegu íslenzku máli landráð. (**Forseti:** Það er skylt samkv. þingsköpum, að þm. viðhafi þinglegt orðbragð **hér.**)

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Ég ætla rétt að vekja athygli þess þm., sem hér talaði síðastur, á því, að hér hefur enginn milliríkjasamningur verið gerður. Það hefur verið komið sér saman um framkvæmd á þegar gerðum milliríkjasamningi, alveg á sama hátt og ríkisstj. Íslands og ríkisstj. Bandaríkjanna hafa alla tíð, síðan varnarsamningurinn var gerður, verið að koma sér saman um framkvæmd einstakra atriða þess samnings. Hér hefur því ekkert nýtt gerzt. Það hefur verið haldið áfram því starfi, sem byrjað var á, þegar varnarsamningurinn var gerður.

Að því er varðar þau ummæli mín, að ég hafi ekki talið og telji ekki hagkvæmt hagsmunum okkar ríkis að vera að ræða yfirleitt einstök atriði varnarmálanna við kommúnistaflokkinn eða Alþb., þá vil ég aðeins vekja athygli þessa hv. þm. á því, að það er nákvæmlega sama, hvaða ríkisstj. hefur verið á Íslandi, frá því að varnarsamningurinn var gerður, og meira að segja áður en hann var gerður, þau mál voru aldrei borin undir kommúnistana eða þær nefndir, sem þeir áttu sæti í. Það hafa allir flokkar verið á einu máli um, að það væri tilgangslaust og enda ekki heppilegt að hafa samstarf um þessi mál við þá. Og ég vil gjarnan minna þennan hv. þm. á, að hann studdi sjálfur ríkisstj., sem hér var í 2½ ár. Tveir af hans flokksbræðrum áttu sæti í þeirri ríkisstj. Þessari venju að hafa ekki samráð við kommúnistana um meðferð utanríkismála var ekki brugðið, á meðan sú ríkisstjórn sat. Sú ríkisstj. hafði ekki samráð eða samstarf við hans flokk um meðferð utanríkismálanna. Ég vil minna á, að vinstri stjórnin var m. a. stofnuð með það fyrir augum að láta endurskoða varnarsamninginn og vísa varnarliðinu úr landi. Frá þessu var horfið, vegna þess að þeir tveir lýðræðisflokkar, sem að vinstri stjórninni stóðu, töldu, eins og ástatt var, að það væri óskynsamlegt að halda endurskoðuninni áfram. Þessir tveir flokkar ákváðu þetta sín á milli án þess að hafa samráð við þriðja flokkinn um það, Alþb. Þetta var í samræmi við það, sem áður hafði verið gert. Þessi flokkur sætti sig algerlega við þessa málsmeðferð. Hann sat sem fastast eftir í ríkisstj., og ég hef aldrei orðið þess var, að hv. 3. þm. Reykv. eða hans flokksmenn hafi talað um, að það ætti að draga okkur Alþýðuflokks- eða Framsóknarflokksráðherrana til ábyrgðar fyrir landráð, þó að við höfum ekki talað við okkar samstarfsflokk í ríkisstj., Alþb., þegar ákvarðanirnar voru teknar 1956. Þessi hv. þm. getur því alveg sparað sér sín stóru orð um það, að ég sé að viðhafa hér einhver óvenjuleg eða ósæmileg vinnubrögð, þegar verið er að ganga frá einstökum framkvæmdaatriðum í sambandi við varnarsamninginn, án þess að það sé borið undir Alþb. eða nefndir, sem það á sæti í. Hér er verið að viðhafa nákvæmlega sömu vinnubrögð og alltaf hafa tíðkazt og það m. a. á meðan þessi hv. þm. studdi ríkisstj. Ég vil þess vegna biðja hann að spara sér öll sín stóru orð.

Á 33. fundi í Nd., 6. des., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vildi gjarnan beina fyrirspurn til hæstv. landbrh. utan dagskrár. Ég verð að gera það utan dagskrár, vegna þess að það er ekki svigrúm til að gera það með öðrum hætti. Eins og hæstv. ráðh. hefur oftar en einu sinni getið, mun það hafa verið ætlunin, að hæstv. ríkisstj. sæi svo um, að ræktunarsjóður og byggingarsjóður fengju það fjármagn, sem þeir þyrftu til þess að geta lánað á svipaðan hátt og verið hefur undanfarin ár. Mér hefur skilizt, að þessir sjóðir séu ekki enn þá búnir að fá þetta fjár-

magn. En nú er mjög liðið á árið og aðþrengt orðið um, að þessi lán geti orðið afgreidd, og vildi ég því vonast eftir því, að sjóðirnir gætu fengið þetta fé nú alveg á næstunni, og spyrja hæstv. ráðh. frétta í þessu efni, hvort hann geti ekki sagt okkur eitthvað ákveðið um þetta núna, hvenær sjóðirnir fái féð.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að ég mun hafa tekið það fram á þessu hausti, að ég ætlaðist til, að sjóðir landbúnaðarins gætu lánað að þessu sinni eins og áður. Þar af leiðir, að það er óþarft fyrir hv. fyrirspyrjanda að vera að spyrja um það nú, úr því að áður hafði verið gefin yfirlýsing um þetta. Það getur vel verið, að hv. fyrirspyrjanda finnist vera orðið nokkuð áliðið. Það mun vera í dag 6. des., en ég man nú fyrri árin, að það hefur verið komið nokkuð fram í desember, þegar þessir sjóðir hafa getað veitt lán undanfarið, og ég hygg, að hv. fyrirspyrjandi fylgist enn það með í Búnaðarbankanum, að hann viti, að starfsfólk bankans hefur undanfarnar vikur verið að vinna að þessum málum eins og áður.

Eysteinn Jónsson: Ég vænti, að hæstv. ráðh. sjái, að það var ekki óþarft að spyrja um það, sem ég spurði, vegna þess, hversu liðið er orðið á árið. En ég vil líta þannig á af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að viðhorfið í þessum málum sé óbreytt eins og hann áður hefur lýst því, að hæstv. ríkisstj. muni sjá um, að sjóðirnir fái það fé, sem þeir þurfa til að geta lánað fyrir áramót eins og áður. Ég vil mega líta svo á, að orð hans, þótt óljós væru, væru staðfesting á því, að þetta yrði gert, og vænti, að hann leiðrétti, ef þetta er á misskilningi byggt. Ég spurði vegna þess, að það er að verða hver síðastur að ganga í að útvega þetta fé, ef á að vera hægt að afgreiða lán eins og vant er fyrir áramót. Það ætla ég, að hæstv. ráðh. geri sér alveg ljóst.

Á 50. fundi í Ed., 31. jan., utan dagskrár, mælti

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að beina örfáum orðum til viðskmrh., og vildi ég mælast til þess, ef hann væri viðstaddur, að hægt væri að ná í hann. (**Forseti:** Ég hef leitað mér upplýsinga um það, að hæstv. viðskmrh. er ekki kominn í þinghúsið.) Ég segi þá þessi orð án þess, að hann sé við, en ég vildi vekja athygli á tilviki, sem snertir Alþingi, og ég vildi vekja athygli á því tilviki að viðstöddum viðskmrh., sem bankamál heyra undir, til þess að gefa honum kost á að tjá sig um það tilvik gagnvart þingheimi.

Í Morgunblaðinu í morgun er frásögn af fundi Varðarfélagsins, sem haldinn var í gærkvöld, og þar er skýrt frá því, að framsögu á þeim fundi hafi haft Jóhann Hafstein alþingismaður og bankastjóri og hafi hann rætt bankamálin á þeim fundi, og á forsíðu Morgunblaðsins segir frá því, hvað Jóhann Hafstein alþm. og bankastjóri hafi sagt um það efni, þegar hann skýrði frá fyrirhugaðri bankalöggjöf. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Varðarfundi í gærkvöld vék Jóhann Hafstein bankastjóri nokkuð að breytingum þeim, sem ráðgert er að gera á löggjöfinni um seðlabanka. Þar segir m. a., að Seðlabankinn skuli hafa samvinnu við ríkisstj. og skýra skoðanir sínar fyrir henni, en verði um ágreining að ræða milli bankans og stjórnarinnar, sé bankanum rétt að skýra skoðanir sínar opinberlega. Þó skal hann telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin kann endanlega að marka í peningamálum, nái að lokum tilgangi sínum. Slíkur ágreiningur gæti leitt til þess, að bankastjóri yrði að víkja úr starfi, og eru sérstök ákvæði um, hvernig þá skuli með fara. Tengsl þau, sem Seðlabankinn hefur við viðskiptabanka Landsbankans, skuli rofin að fullu. Hann skuli hafa með höndum seðlaútgáfu og myntsláttu og eftirlit með bönkum, sparisjóðum, annast viðskipti við ríkissjóð, ákvarða vexti, hafa áhrif á peningamagn og útlán bankakerfisins og fara með gengis- og gjaldeyrismál og annast hagskýrslugerð."

Það leikur því ekki á tveim tungum, að hér hefur á fundi í stjórnmálafélagi í bænum verið skýrt frá meginefni frv. um mikilvægt málefni, en það frv. hefur ekki, eins og hv. dm. vita, verið lagt fram hér á þingi enn, og þingmönnum almennt er allsendis ókunnugt um efni þessa frv., að fráskildu því, sem þeir geta lesið í þessari frásögn af fundi í Varðarfélaginu. Ég tel, að slík vinnubrögð sem þessi séu vægast sagt óheppileg. Ég held, að það sé óheppilegt að innleiða þau vinnubrögð hér að fara að segja frá efni mikilvægra stjórnarfrv. á fundum í stjórnmálafélögum, áður en þau eru lögð fram á Alþingi. Ég fæ ekki betur séð en það sé höggvið nærri virðingu Alþingis með slíkum starfsháttum og Alþingi sé í raun og veru misboðið með þvílíkum vinnubrögðum, og víst er um það, að slík vinnubrögð þættu ekki viðeigandi annars staðar í þingstjórnarlöndum. Ég minnist þess t. d., — það eru að vísu nokkuð mörg ár síðan, — að þá varð brezkur fjármálaráðherra, ef ég man rétt, að fara frá, — láta af embætti, — vegna þess að hann hafði skýrt nokkuð frá efni fjárlagafrv. eða ræðu þeirri, sem hann ætlaði að flytja, þegar frv. var fram lagt, nokkrum klukkustundum áður en hann flutti þessa ræðu.

Ég held, að það hljóti allir að sjá, að það eru óheppileg og óeðlileg vinnubrögð að fara þannig að segja frá efni frv. jafnýtarlega og hér hefur bersýnilega verið gert, áður en þau eru lögð fram á Alþingi. Það er alveg víst, að ef slík vinnubrögð eru upp tekin og ekki spyrnt við fæti, þá getur skapazt regla, sem er mjög óheppileg. Ég tel þess vegna alveg sjálfsagt, að þingmenn láti ekki bjóða sér slík vinnubrögð þegjandi. Ég fyrir mitt leyti hef ekki viljað láta þetta fara þegjandi fram hjá mér, án þess að vekja athygli á því, og ég hafði ætlað að beina örfáum spurningum til viðskmrh., sem bankamálin heyra undir. Ég hefði í fyrsta lagi viljað spyrja hann um það, hvort það hefði verið með vitund og vilja hans eða ríkisstj., að

farið væri að skýra á þennan hátt opinberlega frá frv., sem ríkisstj. hyggst flytja, og ég hefði viljað spyrja hann að því, hvort hann teldi ekki, að hér væri um trúnaðarbrot að ræða af þeim, sem framsögu hafði, sem væntanlega hefur verið riðinn við samningu þessa frv., eða hvort hann vildi taka ábyrgð á slíkum vinnubrögðum. Ég hefði viljað spyrja hann, hvort hann teldi ekki starfsháttu sem þessa bera vott um smekkleysi og slíkt bæri að varast í framtíðinni.

Ég veit það t. d., að enn hefur stjórn Seðlabankans, sem þetta frv. snertir þó, ekki séð þetta frv., sem farið er að segja frá opinberlega í einstökum atriðum á fundi í stjórnmálafélagi, og ég hef fulla ástæðu til að ætla, að framkvæmdastjórn Seðlabankans hafi ekki séð það enn. Nú eru auðvitað engin lög til, sem segja það, að frv. sem þetta skuli lagt fyrir framkvæmdastjórn Seðlabankans eða henni sýnt það, áður en það er lagt fram á Alþingi. En ég hygg samt, að það mundi einhvern tíma hafa verið talin eðlileg og sjálfsögð kurteisi að hafa þann hátt á.

Það sé fjarri mér að gera lítið úr stjórnmálafélögum, sem auðvitað eru nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. En ég verð að segja það, að mér finnst skörin vera farin að færast upp í bekkinn, ef á að fara að skýra frá málum og frv. jafnýtarlega og bersýnilega hefur hér verið gert, áður en þau eru flutt á Alþingi, og ég álít, að þinginu beri skylda til þess að spyrna fæti við slíkum vinnubrögðum. Þótt ég hafi enga löngun til þess að vekja illdeilur um þetta mál, vildi ég alls ekki láta þetta fara hér þegjandi fram hjá mér, án þess að ég lýsti andstöðu minni við svona vinnubrögð og andúð á svona vinnubrögðum, og ég vænti þess, að allir réttsýnir og sanngjarnir alþingismenn finni það og viðurkenni, að hér hafa átt sér stað mistök, sem ber að varast í framtíðinni.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vegna þess að ég var hér staddur í deildinni af tilviljun og hlustaði á mál hv. 3. þm. Norðurl. v., get ég ekki látið vera að mótmæla þeim orðum, að hér hafi átt sér stað nokkur mistök, hvað þá trúnaðarbrot, eins og hv. þm. gaf í skyn. Það er hvorki á móti neinum lagaboðum né venju, sem hér hefur verið brotið. Það er þvert á móti hægt að nefna mörg dæmi þess, að á almennum fundum hefur af hálfu aðstandenda mála verið gerð grein fyrir þeim, áður en þau voru lögð fyrir Alþingi. Það mál, sem hér um ræðir, hefur að sjálfsögðu verið til athugunar ekki aðeins hjá ríkisstj., heldur innan flokka hennar og hjá þeim, sem sérstaklega hafa verið til kvaddir um það að fjalla, og í frásögn hefur ekki um neitt verið farið umfram það að segja frá meginstefnu, sem fylgt er í því máli, sem hv. þm. gerði að umræðuefni. Það er þess vegna á algerlega röngum forsendum byggð hans ádeila og sannast sagt stórfurðulegt að heyra, að hann, svo mikilsvirtur þingmaður, skuli láta út úr sér þau harðyrði, sem hann gerði.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur hér að nokkru leyti tekið upp hanzkann fyrir viðskmrh. Ég get þó ekki neitað því, að ég hefði kosið, að viðskmrh. hefði verið hér við, því að satt að segja geri ég mér vonir um, að hans viðbrögð við orðum mínum hefðu orðið nokkuð á aðra lund heldur en hæstv. dómsmrh. En hæstv. dómsmrh. stóð hér upp og sagði með fáum orðum, að hann teldi, að hér hefðu alls engin mistök átt sér stað, og þá veit maður það, að hans skoðun er sú, að hér hafi ekki átt sér mistök stað. Hann sagði, að það hefðu engin lagaákvæði verið brotin með þessum starfsháttum og ekki hefði heldur verið brotið gegn venjum.

Ég hef aldrei haldið því fram, að lagaákvæði hafi verið brotin hér. En það er nú svo, að í starfsháttum Alþingis og í starfsháttum annarra þinga hafa myndazt ýmis óskráð lög, og hæstv. dómsmrh. láðist að nefna nokkur dæmi um þá venju, sem styrkt gætu þá fullyrðingu hans, að það hefði áður átt sér stað, að í stjórnmálafélögum hefði verið skýrt opinberlega frá efni stjórnarfrv., sem ætlunin væri einhvern tíma síðar að leggja fram á Alþingi, áður en þau væru lögð þar fram. En það fer ekkert á milli mála og er ljóst af þeirri frásögn, sem ég las hér upp og birt er í Morgunblaðinu, að það hefur verið skýrt mjög ýtarlega frá þessu frv., sem hér á að flytja.

Nú er það síður en svo, að ég hafi nokkuð að athuga við það, að breyt. séu gerðar á bankalöggjöfinni, þær verður auðvitað að gera, eftir því sem þörf krefur og efni standa til á hverjum tíma, og ég verð að segja það, að ég álít, að sum þau atriði, sem bent er á í þessari frásögn, megi til bóta verða. En það breytir ekkert því, sem ég sagði, og er ekki á neinn hátt til umr. hér, heldur aðeins þau vinnubrögð, sem hér hafa átt sér stað, að þm., sem væntanlega hefur verið með í ráðum um samningu frv., fer að segja frá því á stjórnmálafundi. Ég fyrir mitt leyti álít það ákaflega óviðfelldin vinnubrögð og ég álít, að Alþ. sé misboðið með því, að það sé farið í raun og veru að flytja frv. á stjórnmálafundum, — með allri virðingu fyrir þeim samkomum, — áður en frv. eru lögð fram á Alþ. og áður en alþm. gefst kostur á að kynna sér þau. Það er að sjálfsögðu ekki hreyft neinum andmælum við því, að hæstv. ríkisstj. kynni sínum þingflokksmönnum á þingflokksfundum efni þeirra frv., sem hún hyggst leggja fram, en ég hef litið svo á, að þm. ættu ekki og mundu ekki almennt gera það, að skýra frá því opinberlega, sem kemur fram á þingflokksfundum, á meðan mál eru á slíku undirbúningsstigi.

Ég get þess vegna ekki skipt um þá skoðun, sem ég hafði á þessu, að ég tel þarna vera farið inn á ákaflega varhugaverða braut og að þetta dæmi eigi að verða til þess, — og af því vildi ég vekja athygli á því, — að það sé ekki horfið að slíkum starfsháttum sem þessum í framtíðinni.

Þau fáu orð, sem hæstv. dómsmrh. sagði um þetta, gátu á engan hátt hrakið það, sem ég sagði um þetta efni. Og þó að ég skilji það, að hæstv. dómsmrh. rennur blóðið til skyldunnar gagnvart flokksmanni sínum, sem hafa orðið á þessi mistök, þá vona ég það enn sem

fyrr, að ekki séu allir flokksmenn hans þess sama sinnis, heldur sjái þeir, er þeir athuga þetta með gát, að hér er farið inn á óheppilega braut og hér hafa mistök átt sér stað, sem sæmilegast væri fyrir hlutaðeigendur að viðurkenna.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil fullyrða, að það sé daglegur atburður, að af hálfu bæði ríkisstjórna og þm. sé almenningi gerð grein fyrir meginefni mála, áður en þau eru formlega borin fram á Alþ. Ég vil fullyrða, að það sé daglegur atburður.

Hv. þm. blandaði því svo saman, hvort þessi þm., sem hér átti hlut að máli, hefði misfarið með trúnað, vegna þess að hann hefði heyrt um þau mál á flokksfundi. Það er vitanlega þess flokks og ríkisstj. að meta það, hvort þm. hafi gert það. En ég fullyrði, að svo er ekki í þessu tilfelli. Hér er ekki um neitt leyndarmál að ræða, heldur einungis meginatriði málefnis, sem lengi hefur verið til undirbúnings.

Hv. þm. gat um það í sinni fyrri ræðu, að það hefði komið fyrir, að brezkur ráðherra hefði orðið að segja af sér vegna þess, að hann hefði nokkrum klst. áður en hann hélt ræðu sína sagt frá efni fjárlagafrv., sem ríkisstj. bar fram. Það er alveg rétt, að þetta hefur komið fyrir í brezka þinginu, en það var vegna þess, að með þessari frásögn var vissum fjármálamanni gefið færi á því að afla sér gróða í kauphöllinni í London, sem hann hefði ekki fengið, ef hann hefði ekki haft þá vitneskju, sem hann öðlaðist með þessum hætti. Það er ekki skýrt frá neinu líku í þeim ummælum, sem höfð eru í Morgunblaðinu, né var það gert í þeirri ræðu, sem þessi hv. þm., hæstv. forseti Nd., hélt í Varðarfélaginu í gær og ég hlustaði á. Þess vegna er hér mjög ólíku saman að jafna og gersamlega ósambærilegu. Í brezka þinginu hefur þessi tiltekni háttur þar að auki komizt á varðandi fjárlagafrv. — og ég vil segja fjárlagafrv. fyrst og fremst. Mér er ekki kunnugt um, að það sé algild regla þar. Ég játa, að ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega, en ég hef alltaf skilið það svo, að það gilti fyrst og fremst um fjárlagafrv. En það skiptir ekki heldur máli, hvaða reglur eru um þetta í Bretlandi.

Ég fullyrði, að engin slík regla hefur nokkurn tíma átt sér stað varðandi flutning mála á Alþingi Íslendinga, og þegar hv. þm. gat þess, að ég hefði ekki nefnt nein dæmi þess í minni fyrri ræðu, að slíkt hefði áður borið við, þá er það eðlilegt. Menn hafa ekki á takteinum dæmi um það, sem er alveg sjálfsagður hlutur og menn hafa þess vegna ekki lagt sérstaklega á minnið. En það rifjast þó upp fyrir mér, að á s. l. vori réðust hv. flokksbræður hv. þm. mjög á hæstv. forsrh. fyrir það, að hann hefði haldið ræðu í Varðarfélaginu um mál, sem var ekki þá búið að flytja hér á Alþ., svo að þar er a. m. k. eitt dæmi, sem ég veit að hv. þm. minnist jafnvel og ég. Hv. þm. getur sagt, að það dæmi hafi ekki verið til eftirbreytni. En aðfinningin, sem þá var borin fram, var einungis venjulegt nöldur stjórnarandstæðinga, alveg eins og það kom glögglega fram hjá hv. þm., að það voru nokkur sárindi hjá honum yfir því, að hann sem stjórnandi í Seðlabankanum hefði ekki fengið þessa vitneskju með öðrum hætti en að lesa hana í Morgunblaðinu. Hann er í stjórnarandstöðu nú og verður að sætta sig við það, að það eru vitanlega stjórnarstuðningsmenn, sem fá fyrr að vita um ráðagerðir ríkisstj. heldur en stjórnarandstæðingar.

Eins og ég segi, hér er um algilda reglu að ræða og enda sjálfsagt, að það er liður í venjulegri stjórnmálastarfsemi, að menn fræða almenning og fyrst og fremst sína stuðningsmenn um meginatriði þeirra mála, sem þeir hverju sinni berjast fyrir. Þetta er óhjákvæmilegt og hefur ætíð verið tíðkað á Íslandi.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef aldrei haldið því fram, að það væri athugavert, að þm. eða stjórnmálaforingjar skýrðu almennt frá meginstefnu í þeim málum, sem þeir berðust fyrir, eða meginstefnu í þeim frv., sem þeir hygðust leggja fram. Það er ekki það, sem er um að ræða hér, heldur hitt, að það hefur verið sagt ýtarlega, — það ber frásögnin með sér, — frá efni frv. Það liggur við, að ætla megi, að frv. hafi verið lesið upp, þannig er orðalagið á þessari frásögn. Ég hef aldrei haldið því fram, að hér væri um neitt leyndarmál að ræða, er þm. hafi gerzt sekur um að skýra frá, heldur er aðeins mín ádeila bundin við það, að það séu ósæmileg vinnubrögð að fara að flytja frv. stjórnarinnar í stjórnmálafélögum, hver svo sem þau eru, áður en þau eru flutt á Alþ., og ég endurtek það, sem ég hef áður sagt, að ég álít, að það geti verið ákaflega hættulegt að taka upp þvílík vinnubrögð.

Það vildi nú svo vel til, að hæstv. dómsmrh. var ekki í bili tiltækt nema eitt einasta fordæmi, þar sem slík vinnubrögð hefðu átt sér stað, — og ég mundi vel eftir því fordæmi líka, en ég hafði ekki ætlað að leiða það neitt inn í umr. hér, — en þess minnist hæstv. dómsmrh., að það var einmitt fundið að þvílíkum vinnubrögðum þá, það var fundið að því, að hæstv. forsrh. hafði þann hátt á að skýra á Varðarfundi frá — ekki þó ákveðnu frv., sem ætti að leggja fram á Alþ., heldur frá ákveðinni stefnu og ákveðnum staðreyndum, sem upplýstist síðar um á Alþ., — þannig að í raun og veru var þarna ekki um sambærileg tilvik að ræða. En hvað sem um það er, þá var einmitt fundið að þeim starfsháttum hér á Alþ. á sínum tíma. Hæstv. dómsmrh. getur svo afgr. það með því að segja, að þar hafi bara verið um venjulegt nöldur stjórnarandstöðunnar að ræða. En hann hefur líka verið í stjórnarandstöðu, hæstv. dómsmrh., og það skyldi nú vera, að það væri ekki hægt að finna einhver ummæli hjá hæstv. dómsmrh., þar sem hann hefði látið orð að því liggja, að það væri með vissum vinnubrögðum verið að draga valdið úr höndum Alþ. En ég veit nú satt að segja ekki, með hverjum hætti má draga valdið meir úr höndum Alþ. en með því að taka upp slík vinnubrögð, sem hér hafa átt sér stað. En það, sem ég hef fundið að, er aðeins þessi formlegi háttur, sem hér hefur verið um hönd hafður, þ. e. að skýra frá ákveðnu frv., sem stjórnin hyggst einhvern tíma síðar leggja fram á Alþ., — skýra frá því

á fundi í stjórnmálafélagi og það ekki einu sinni af ríkisstj. eða þeim ráðh., sem þessi mál heyra undir, heldur af einum hv. alþm. Það er þetta, sem ég hef fundið að, og það er þetta, sem hæstv. dómsmrh. hefur farið í kringum og reynt að tala um ýmis önnur atriði, sem ég hef hér ekki hreyft, og hann hefur þannig reynt að drepa á dreif þeim aðfinningum, sem ég hef hér borið fram. Það er þess vegna bezt, að ég spyrji hann alveg beint, hvort hann telji það heppileg vinnubrögð í framtíðinni, að það sé farið að skýra frá frv., sem stjórnin hyggst leggja fram á Alþ., á fundum í stjórnmálafélögum úti í bæ, áður en þau eru lögð fram á Alþ., og þá á ég ekki aðeins við það, að það sé skýrt frá því meginefni, sem í frv. felst, heldur sé skýrt frá frv. í einstökum atriðum, með svipuðum hætti og gert mundi vera, þegar höfð væri framsaga fyrir því hér á Alþ. Það er að mínu viti óeðlilegt, að fundarmönnum í slíku stjórnmálafélagi, í hvaða stjórnmálafélagi sem er, sé gefið þannig færi á að fara að ræða málið og gera við það sínar athugasemdir, sem svo kannske er skýrt frá í blöðum, eins og hér hefur átt sér stað, áður en alþm. hefur verið gefið færi á að tjá sig um málið.

Ég vil svo að lokum segja það, að ég harma, að hæstv. viðskmrh., sem bankamálin heyra undir, skuli ekki vera viðstaddur þessar umr., því að mér hefði leikið alveg sérstaklega hugur á að heyra það af hans vörum, hvort hann vildi leggja blessun sína yfir þvílík vinnubrögð eða ekki, eða hvort hann væri maður til þess að lýsa því yfir hér gagnvart þingheimi, að hann harmaði það, að þessi mistök hefðu átt sér stað.

Dómsmrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta mál er nú í raun og veru útrætt, en vegna þeirrar fyrirspurnar, sem hv. þm. bar fram til mín, þá er rétt, að ég svari henni. Ég tel það vera algerlega komið undir mati ríkisstj. og hennar trúnaðarmanna, hvenær og hvort þeir telja rétt að skýra frá einhverju máli, sem stendur til að leggja fyrir hv. Alþ. Það er algerlega undir þeirra mati komið, og Alþ. er síður en svo nokkur óvirðing sýnd, þó að almenningi sé gefinn kostur á því áður að kynnast almennum málum, sem fyrir þingið á að leggja. Ég veit það, að hv. þm. er svo vel að sér í okkar stjórnmálasögu, að hann veit, að það var einmitt eitt af aðalatriðum í okkar frelsisbaráttu, t. d. starfi Jóns Sigurðssonar, að kynna þjóðinni málin áður en þau voru lögð fyrir þingið. Það var gert með skipulögðum hætti af hans hálfu og talið eitt meginatriði í sönnu þjóðfrelsi og til þess að skapa heilbrigt almenningsálit í landinu. Það er þess vegna eftir hinum beztu fyrirmyndum í stjórnmálasögu Íslands, að stjórnmálamenn af öllum flokkum kynna sínum mönnum málin, áður en þau eru borin fram. Hvort það er gert einum degi áður eða nokkrum mánuðum áður, það er algerlega undir tilviljun komið og mati þessara manna.

Sá, sem hefur gerzt hér sekur um mistök og frumhlaup, það er hv. þm., sem hefur uppi þessar athugasemdir, sem hann vildi nú raunar mjög draga úr og viðhafði allt önnur orð um en í fyrstu ræðu sinni. Nú sagði hann, að hér væri ekki um neitt leyndarmál að ræða, það væri einungis röng formsaðferð, sem hefði verið viðhöfð, og annað slíkt. Það var ekki framar verið að nota orðið „trúnaðarbrot", sem varð til þess, að ég kvaddi mér hér hljóðs. Það var einungis það gífuryrði, sem gerði það að verkum, að ég gat ekki látið hjá líða, úr því að ég var staddur hér inni í deildinni af tilviljun, að mótmæla þessum ummælum.

Að lokum vil ég svo segja það, að þegar hv. þm. segir, að ég hafi einungis getað nefnt eitt fordæmi fyrir því, að svona hafi verið farið að, þá mundi ég eftir því fordæmi vegna þeirra óréttmætu aðfinninga, sem það varð fyrir. Sjálf fordæmin eru svo mörg, að mér mundi ekki endast dagurinn til þess að telja þau upp, ef ég hefði tíma til þess að fara í blöð og aðrar heimildir til að gá að þeim. Ég mundi eftir þessu fordæmi vegna þeirra óréttmætu aðfinninga, sem stjórnarandstaðan af þessu tilefni hafði uppi.

Á 56. fundi í Nd., 6. febr., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að flytja hér fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. varðandi landhelgismálið. Mig langaði sérstaklega að beina nokkrum fyrirspurnum til hæstv. utanrrh. varðandi það mál.

Frá því hefur verið skýrt nú síðustu daga, að það hafi komið fram í brezkum blöðum, að íslenzka ríkisstj. hafi gert ákveðnar tillögur til brezku stjórnarinnar um lausn á deilunni við Breta um fiskveiðiaðstöðu við Ísland. Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort þessi ummæli, sem fram hafa komið í brezkum blöðum nú nýlega, séu rétt, að íslenzka ríkisstj. hafi í viðtölum sínum við brezku ríkisstj. lagt fram ákveðnar tillögur til lausnar á þessu máli.

Þá vildi ég einnig leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. um það, hvað annars líði þeim samningaviðræðum, sem fram hafa farið um þetta mál við fulltrúa brezku ríkisstj., hvort þessum viðræðum er í raun og veru haldið áfram enn eða hvort þeim sé lokið, og ef þeim er ekki lokið, hvað sé þá fyrirhugað um framhald þessara viðræðna. Er eitthvað ákveðið um það, hvenær næstu formlegir fundir verða hjá þessum viðræðunefndum, og verður viðtölunum þá haldið áfram hér á Íslandi eða í Bretlandi?

Þá finnst mér einnig ástæða til þess að spyrja hæstv. ríkisstj.: Telur hún ekki nú, eftir þann langa tíma, sem liðinn er síðan viðræður við brezku ríkisstj. hófust um þetta mál, — telur hún ekki nú kominn tíma til þess að fara að gefa Alþingi nokkra skýrslu um það, hvað fram hefur farið í þessum viðræðum, þar sem hún lýsti því yfir hér í þingbyrjun, að hún mundi hafa samráð við Alþingi um lausn á þessu máli? Er ekki kominn tími til þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að gefa alþingismönnum hér nokkrar upplýsingar um það, hvað fram hefur komið í þessum viðræðum og hvern-

ig málið stendur sem heild? Mér þætti mjög vænt um það, ef hæstv. utanrrh. vildi svara hér þessum spurningum mínum, ef það mætti verða til þess, að við alþm. fengjum nokkuð frekar að vita um það, á hvaða stigi þetta mál er og við hverju má búast í því nú á næstunni.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Spurzt hefur verið fyrir um það, hvort fram hafi komið af hálfu Íslands einhver tillaga eða tilboð til Breta um lausn á landhelgisdeilunni. Það er enn fremur spurzt fyrir um það, hvað líði samningaviðræðum okkar við Breta út af þessu máli, hvers megi vænta um framhaldsviðræður, og þá sérstaklega spurzt fyrir einnig um það, hvort vænta megi skýrslu frá ríkisstj. fljótlega um málið.

Út af öllum þessum fyrirspurnum þykir mér rétt að skýra frá því, að í sambandi við fund Atlantshafsbandalagsins í desembermánuði átti ég nokkrar viðræður við utanrrh. Breta um málið, bæði í París og eins á heimleiðinni í London. Þessar viðræður fóru fram í því skyni að reyna að glöggva sig sem bezt á því, með hvaða hætti tök kynnu að vera á því að leysa fiskveiðideiluna, og sérstaklega að leita eftir því, hvort hægt væri að finna einhverja lausn, sem við gætum talið aðgengilega fyrir okkur. Í þessum viðræðum kom ekki fram nein tillaga eða neitt tilboð af Íslands hálfu um lausn málsins, og við höfum ekki síðar sett fram neina slíka tillögu. Strax eftir heimkomu mína gaf ég ríkisstj. skýrslu um málið. Jólafrí var þá að byrja og þing ekki saman komið, og varð því lítið úr framhaldsumræðum innan ríkisstj. En síðan hefur málið verið þar til athugunar og engin ákvörðun verið tekin og ekki gengið frá neinni tillögu eða neinu tilboði. Þegar ríkisstj. hefur athugað málið betur, verður tekin ákvörðun um það, hvernig fer um framhald þess.

Á þessu stigi vil ég aðeins minna á ummæli hæstv. forsrh., daginn sem Alþingi var sett, um samráð við þingið, áður en endanleg ákvörðun í málinu yrði tekin. Sú yfirlýsing er að sjálfsögðu í fullu gildi, og mun ríkisstj. fara eftir henni, þegar hún telur, að málið sé komið á það stig, að tiltækilegt sé að leggja það fyrir Alþingi. Eins og málið stendur nú, eru umræður ekki það langt komnar, að það geti talizt heppileg meðferð á því og líkleg til farsællar lausnar að fara að vekja um það umr. í einstökum atriðum með því að flytja um það nákvæma skýrslu hér á hv. Alþingi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör, sem hann hefur hér gefið. Mér þykir einsýnt, að þær fréttir, sem birzt hafa í brezkum blöðum, að fram hafi komið ákveðin tillaga frá íslenzku ríkisstj. um lausn á málinu, séu rangar. En þegar mjög þekkt og útbreidd brezk blöð flytja málið á þennan hátt, að þau skýra bæði frá þessu og öðru á þann veg, að þau segja beinlínis, að ákveðin tillaga hafi komið fram af hálfu Íslendinga í málinu, og slíkt er með öllu rangt, sýnist þá ekki hæstv. ríkisstj. vera nokkur ástæða til þess, að við látum leiðrétta svona missagnir, sem ganga um málið? Er ekki ástæða til þess, að það komi eitthvað fram frá hæstv. ríkisstj., a. m. k. hér heima gagnvart Íslendingum, sem upplýsi hið rétta, þegar svona fregnir berast? Ég veit, að hæstv. utanrrh. hefur líka veitt því athygli, að í brezku blöðunum er beinlínis skýrt frá því, að nú bíði brezka ríkisstjórnin eftir svari Íslendinga við nýjustu orðsendingu Breta. En mér skildist nú á máli hans, að lítið nýtt hefði gerzt, og hér hefur ekki enn þá verið skýrt frá því, hvaða tillögur Bretar hafa lagt fram í málinu og hvaða orðsendingu þeir bíða eftir svari við. Sem sagt, það er ekki hægt að verjast því, að gangur þessa máls hafi verið þannig, það sé slík hula yfir því, sem gerist í þessu máli, að það sé ekki ætlazt til þess, að einu sinni alþingismenn fái að fylgjast með því, sem þarna er að gerast. Ég hefði talið miklu vænlegra á allan hátt, að hæstv. ríkisstj. hefði haft það samráð við Alþingi um gang málsins, sem hún hét í upphafi, en reyndi ekki að dylja alþingismenn þess, sem raunverulega er að gerast í málinu. En hæstv. utanrrh. segir, að málið sé enn til athugunar hjá ríkisstj., og taldi ekki rétt að upplýsa hér neitt um, hvað væri fyrirhugað um framhald þessara viðræðna, hvort það stæði til að taka þær formlega og opinberlega upp aftur nú á næstunni, hvort þær færu fram þá hér heima eða erlendis. Hann vék sér undan að svara þessu, og skil ég það á þá lund, að þetta muni allt vera óákveðið og málið nánast liggja niðri, þrátt fyrir það, sem brezku blöðin nú skýra frá um málið.

Ég vil svo aðeins að endingu ítreka þá ósk mína, að hæstv. ríkisstj. taki það til athugunar að hafa meira samráð við Alþingi um gang þessa máls en verið hefur til þessa.

III. Minning látinna manna.

Á 10. fundi í Sþ., 4. nóv., mælti

forseti (SÁ): Sú fregn hefur borizt, að Jón Jónsson fyrrum alþm. og bóndi á Hvanná á Jökuldal hafi látizt 31. okt. s. l., nær níræður að aldri. Verður hans minnzt hér með nokkrum orðum.

Jón Jónsson var fæddur 19. jan. 1871 á Ekkjufelli í Fellum. Faðir hans var Jón, síðar bóndi á Fossvöllum, sonur Jóns á Ekkjufelli Jónssonar, en móðir hans var Ingunn Einarsdóttir bónda á Starmýri Ólafssonar. Jón ólst að nokkru leyti upp með föður sínum á Fossvöllum, fór árið 1897 til náms í Möðruvallaskóla og lauk gagnfræðaprófi þaðan vorið 1899. Á sama ári kvæntist hann dóttur bóndans á Hvanná á Jökuldal, átti þar heimili síðan og bjó þar lengi stórbúi, en lét jörðina í hendur sona sinna, þegar aldur færðist yfir hann.

Jón Jónsson á Hvanná var stórbóndi og sveitarhöfðingi um langt skeið. Hann var oddviti og

sýslunefndarmaður og gegndi fjöldamörgum öðrum trúnaðarstörfum í sveit sinni og héraði. Þingmaður Norðmýlinga var hann á árunum 1909—1911 og 1914—1919, átti sæti á 9 þingum alls.

Jón Jónsson á Hvanná var fyrst kosinn til þings í hinum sögufrægu alþingiskosningum 1908, og þingsetu hans lauk tæpu ári síðar en Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Á þeim árum voru stærstu mál Alþingis einatt í tengslum við sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, og á þeim vettvangi stóð Jón á Hvanná jafnan fast á rétti lands síns og þjóðar.

Meginþátt ævistarfs síns vann Jón Jónsson á Hvanná austur á Jökuldal. Þar bjó hann stórbúi og hafði forustu í sveitarmálum. Þegar unnið var að síðustu útgáfu Alþingismannatals, gerði hann stutta grein fyrir störfum sínum í héraði og lét jafnframt svo um mælt í bréfi: „Ég hef fá frægðarverk unnið, en trúlega hef ég viljað vinna að því, sem ég hef fengizt við.“ Það er dómur sveitunga hans, að hann hafi ekki brugðizt trausti þeirra.

Jón á Hvanná var mikill vexti, góðlyndur og glaðlyndur og höfðingi heim að sækja.

Ég vil biðja hv. alþm. að votta minningu hins látna bændahöfðingja virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 40. fundi í Sþ., 16. febr., mælti

forseti (FS): Áður en gengið er til dagskrár, vil ég leyfa mér að minnast nokkrum orðum Þorsteins Þorsteinssonar fyrrum sýslumanns og alþingismanns, sem lézt í sjúkrahúsi hér í bæ í gærkvöld, 76 ára að aldri.

Þorsteinn Þorsteinsson fæddist að Arnbjargarlæk í Þverárhlíð 23. des. 1884, sonur Þorsteins bónda þar Davíðssonar bónda að Þorgautsstöðum í Hvítársíðu Þorbjarnarsonar og konu hans, Guðrúnar Guðmundsdóttur bónda á Sámsstöðum í Hvítársíðu Guðmundssonar. Hann nam undir skóla hjá séra Magnúsi Andréssyni á Gilsbakka, brautskráðist úr menntaskólanum í Reykjavík árið 1910 og lauk lögfræðiprófi við Háskóla Íslands 1914. Hann var settur sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um stund sumarið 1914 og varð málflutningsmaður við yfirréttinn í Reykjavík þá um haustið. Þrjú næstu ár gegndi hann ýmsum lögfræðistörfum ásamt sveitavinnu á sumrum. Hann var aðstoðarmaður í fjármáladeild Stjórnarráðs Íslands frá 1. okt. 1917 til 31. júlí 1920, en á því tímabili var hann um sex mánaða skeið á árinu 1918 settur sýslumaður í Norður-Múlasýslu og bæjarfógeti á Seyðisfirði og fimm mánuði á árinu 1919 settur sýslumaður í Árnessýslu. Í ágústmánuði 1920 varð hann sýslumaður í Dalasýslu og gegndi því embætti til ársloka 1954, er honum var veitt lausn vegna aldurs. Fluttist hann þá til Reykjavíkur og átti hér heimili síðan.

Þorsteinn Þorsteinsson var kjörinn til ýmissa trúnaðarstarfa, sem hann gegndi jafnframt embætti sínu. Hann var í stjórn Sparisjóðs Dalasýslu um 20 ára skeið, stjórnarnefndarmaður í Búnaðarsambandi Dala- og Snæfellsness 1933—1945, formaður skólaráðs húsmæðraskólans að Staðarfelli 1939—1946, eftirlitsmaður opinberra sjóða frá 1940 til æviloka, bankaráðsmaður Búnaðarbanka Íslands 1941—1957, í úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamannalauna 1946—1959. Hann var fulltrúi á búnaðarþingi á árunum 1939—1949. Á Alþingi átti hann sæti 1933—1953, sat á 26 þingum alls. Forseti efri deildar var hann á þinginu 1946—1947.

Þorsteinn Þorsteinsson átti til mikilla búmanna að telja. Hann ólst upp við sveitastörf, vann á búi föður síns á sumrum, meðan hann var í skóla og nokkru lengur, og rak lengst af búskap jafnframt embættisstörfum sínum í Dalasýslu. Hann hafði mikil afskipti af félagsmálum bænda, og á Alþingi sinnti hann jafnan mikið landbúnaðarmálum.

Þorsteinn Þorsteinsson var farsæll í embættisstörfum, fjáraflamaður í meira lagi, en hreinskiptinn. Hann var orðheppinn, glettinn og gamansamur, ekki hraðmælskur á málþingum, en ritfær vel. Hann var bókamaður, safnaði bókum frá unglingsárum og átti mikið og dýrmætt bókasafn, sennilega eitthvert dýrmætasta bókasafn í einkaeign hér á landi. Hann var ágætur fræðimaður, ritaði talsvert um landbúnaðarmál og önnur þjóðleg efni og var bréfafélagi í Vísindafélagi Íslendinga frá árinu 1944.

Með Þorsteini Þorsteinssyni er fallinn í valinn einn þeirra manna, er settu svip sinn á Alþingi á sínum tíma. Drættirnir í persónuleika hans voru skýrt markaðir, og hann verður minnisstæður þeim, sem af honum höfðu kynni.

Ég vil biðja hv. alþingismenn að votta minningu þessa merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 50. fundi í Sþ., 13. marz, mælti

forseti (FS): Í gær barst sú fregn, að Garðar Halldórsson alþingismaður hefði andazt í sjúkrahúsi hér í bæ að kvöldi s. l. laugardags, 11. marz. Andlát hans kom ekki með öllu á óvart þeim, sem til þekktu, því að hann hafði um nokkurt skeið átt við vanheilsu að stríða og legið síðustu mánuði þunga legu í sjúkrahúsum.

Garðar Halldórsson varð sextugur að aldri, fæddist 30. des. árið 1900 á Sigtúnum í Öngulsstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu. Foreldrar hans voru Halldór bóndi þar Benjamínsson Flóventssonar og kona hans, Marselína Jónasdóttir frá Bringu í sömu sveit. Þegar Garðar var á sjöunda ári, fluttist hann með foreldrum sínum að Rifkelsstöðum í Öngulsstaðahreppi, og þar átti hann síðan heimili til æviloka. Hann stundaði nám í gagnfræðaskólanum á Akureyri tvo vetur og lauk gagnfræðaprófi vorið 1921. Að öðru leyti vann hann jafnan á búi foreldra sinna, þar til hann reisti sjálfur bú á Rifkelsstöðum árið 1927, og þar hefur hann búið síðan.

Garðar Halldórsson var kominn af eyfirzkum bændaættum, og hann valdi sér búrekstur að ævistarfi. Hann var búmaður að uppruna og eðli, iðjusamur og ötull, stórhuga og framkvæmdasamur, en gætti þó forsjár í hvívetna. Hagsýni hans og atorka duldust ekki til langframa í sveit hans og héraði, og voru honum falin trúnaðarstörf í þeirra þágu. Hann var

lengi formaður Búnaðarfélags Öngulsstaðahrepps og oddviti sveitar sinnar. Fulltrúi Eyfirðinga á fundum Stéttarsambands bænda var hann frá árinu 1949, og síðustu 5 ár hefur hann átt sæti á búnaðarþingi. Haustið 1959 var hann kjörinn þingmaður Norðurlandskjördæmis eystra. Hann átti sæti á tveimur þingum, en varð á báðum þingunum að hverfa frá störfum vegna sjúkleika.

Á Alþingi komu fram þeir mannkostir Garðars Halldórssonar, sem höfðu enzt honum til að skila farsælu starfi í átthögum hans. Hann vann hér störf sín af skyldurækni og alúð og hlífði sér hvergi, þó að hann gengi lengst af ekki heill til skógar. Hann kynnti sér rækilega þau mál, sem honum bar að fjalla um, var íhugull og reikningsglöggur og tók sæti í fjvn., þeirri nefnd þingsins, þar sem löngum er annasamast á þingtíma. Að eðlilegum hætti voru honum jafnan hugstæðust framfaramál íslenzks landbúnaðar.

Garðar Halldórsson var hreinskilinn alvörumaður. Hann hafði ekki tamið sér látbragðslist, en gekk að störfum með festu og einurð. Á búi hans og í heimasveit sjást þess merki, að hann hafði lokið miklu og giftudrjúgu ævistarfi. Á Alþingi naut hans við aðeins skamma stund, en þó var sýnt, að verka hans mundi sjá þar stað í ýmsum greinum, ef honum entist líf og heilsa. Nú er hann fallinn frá fyrir aldur fram, og á bændastétt lands vors þar á bak að sjá traustum fulltrúa sínum.

Vér samþingismenn hans viljum votta honum virðingu og ástvinum hans samhryggð með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

Á 58. fundi í Sþ., 28. marz, mælti

forseti (FS): Hv. 4. þm. Sunnl., Björn Fr. Björnsson, hefur fjarvistarleyfi, en kona hans, Margrét Þorsteinsdóttir, lézt nú í nótt. Ég vænti þess, að hv. alþm. vilji votta þessum samþingismanni okkar samúð sína með því að rísa úr sætum. — [Þm. risu úr sætum.]

IV. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 9. fundi í Sþ., 2. nóv., mælti

forseti (SÁ): Mér hefur borizt bréf frá hæstv. forseta Ed., svo hljóðandi:

„Formaður þingflokks Alþfl. hefur í dag ritað mér eftirfarandi:

„Þar sem Friðjón Skarphéðinsson, 5. landsk. þm., getur eigi setið á þingi næstu vikur sökum anna heima fyrir, leyfi ég mér hér með samkv. beiðni hans að óska þess, að varamaður, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti á Alþ. í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar."

Ég býð þingmanninn velkominn til starfa á Alþingi.

Á 11. fundi í Sþ., 7. nóv., mælti

forseti (SÁ): Það hafa borizt tvö bréf frá hæstv. forseta Nd., svo hljóðandi:

„Reykjavík, 4. nóv. 1960.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Einari Olgeirssyni, 3. þm. Reykv.:

„Með því að ég er á förum til útlanda og verð fjarverandi um hálfs mánaðar skeið, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður, frú Margrét Sigurðardóttir, taki sæti mitt á Alþingi, meðan ég verð fjarverandi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Og annað bréf, dags. 7. nóv. 1960:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Magnúsi Jónssyni alþm.:

„Hér með leyfi ég mér að tjá yður, herra forseti, að Gísli Jónsson, 1. þm. Vestf., mun um hríð verða hindraður frá þingsetu vegna veikinda. Er það því ósk hans, að varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Þorvaldur Garðar Kristjánsson lögfræðingur, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein,
forseti Nd."

Ég vil fela hv. kjörbréfanefnd að taka kjörbréf þessara þm. til meðferðar, og verður hlé á fundinum í 10 mín. á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Alfreð Gíslason bæjarfógeti): Herra forseti. Hér liggja fyrir tvö bréf: Annað frá hv. 3. þm. Reykv. (EOl), þar sem hann óskar eftir, að varaþm., frú Margrét Sigurðardóttir, taki sæti hans á Alþ. vegna brottfarar af landinu. Og annað bréf, þar sem tilkynnt er, að hv. 1. þm. Vestf. (GíslJ) verði að hverfa af þingi um hríð vegna veikinda, og er þess óskað, að varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi taki sæti hans á þingi, og er það Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sem er 2. varaþm. flokksins í því kjördæmi, en 1. varamaður, Sigurður Bjarnason, er erlendis.

Kjörbréfanefndin hefur yfirfarið kjörbréfin og ekkert fundið við þau athugavert, og hún leggur einróma til, að kosning þessara þm. verði tekin gild og kjörbréfin samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Margrét Sigurðardóttir, sem hafði ekki áður setið á Alþingi, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (SÁ): Ég vil bjóða hina nýju alþm. velkomna til þingstarfa. Sá hv. alþm., sem hefur ekki átt sæti hér áður á Alþingi, hefur nú

skrifað undir drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Á 21. fundi í Nd., 14. nóv., mælti

forseti (BGr): Borizt hefur svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. nóv. 1960.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að varamaður, Geir Hallgrímsson borgarstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jóhann Hafstein,
5. þm. Reykv."

Þar sem kjörbréf Geirs Hallgrímssonar hefur verið afgreitt, tekur hann sæti í deildinni, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 15. fundi í Sþ., 17. nóv., var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 16. nóv. 1960.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Jóni Skaftasyni, 4. þm. Reykn.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að varamaður, Valtýr Guðjónsson forstjóri, taki sæti á Alþ. í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti Nd.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Kjörbréf þessa varaþm. hefur enn ekki borizt, og verður því að fresta þessu máli, og er það tekið út af dagskrá.

Á 16. fundi í Sþ., 18. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Á síðasta fundi í Sþ., í gær, var lesið bréf frá hv. 4. þm. Reykn., Jóni Skaftasyni, sem fór þess á leit, að varaþm., Valtýr Guðjónsson, tæki sæti á Alþingi í fjarveru hans. Kjörbréfið hefur nú borizt. Það er gefið út af yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis til handa Valtý Guðjónssyni. Gert verður hlé, allt að 10 mínútum, á fundinum, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefndin hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Valtý Guðjónsson forstjóra, Keflavík, sem óskað er eftir að taki sæti á Alþ. í forföllum 4. þm. Reykn., Jóns Skaftasonar. Kjörbréfanefndin hefur ekki séð neina agnúa á kosningunni né á kjörbréfinu og leggur því einróma til, að kosningin sé tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Valtýr Guðjónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (FS): Varaþingmaðurinn hefur undirritað eiðstaf, og býð ég hann velkominn til þings.

Á 17. fundi í Sþ., 21. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svofellt bréf:

„Reykjavík, 19. nóv. 1960.

Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá Birgi Finnssyni, 5. þm. Vestf.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fara þess á leit, að varamaður, Hjörtur Hjálmarsson skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Benedikt Gröndal,
forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf til handa Hirti Hjálmarssyni, varaþm. í Vestfjarðakjördæmi, gefið út af yfirkjörstjórn þess kjördæmis. Hlé verður gert á fundinum í allt að 10 mín., meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur yfirfarið gögn þau, sem fyrir lágu um fjarveru Birgis Finnssonar, og kjörbréf útgefið til handa Hirti Hjálmarssyni skólastjóra á Flateyri, og samþykkti að mæla með samþykkt kjörbréfsins og að kosningin yrði tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Hjörtur Hjálmarsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (FS): Varaþm. hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til þings.

Á 32. fundi í Nd., 5. des., mælti

forseti (JóhH): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf, dags. 2. des. 1960:

„Vegna ýmissa anna heima í prestakalli mínu þarf ég að hverfa af þingi um skeið og óska

eftir, að varamaður minn, Jón Pálmason bóndi á Akri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Gunnar Gíslason.“

Samkv. þessu tekur Jón Pálmason nú sæti á Alþingi, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

Á 21. fundi í Sþ., 7. des., mælti

forseti (FS): Mér hefur borizt svofellt bréf frá forseta Nd.:

Reykjavík, 6. des. 1960.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Gísla Jónssyni, 1. þm. Vestf.:

„Með því að ég er á förum til Danmerkur til þess að mæta á fundum í sambandi við Norðurlandaráð, óska ég þess, að herra ritstjóri, Sigurður Bjarnason, varamaður minn, taki sæti mitt á Alþingi frá og með 7. þ. m.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs þings.“

Kjörbréf þessa varaþm. hefur áður verið rannsakað, og tekur hann nú sæti á þingi samkv. þessu, og býð ég hann velkominn.

Á 34. fundi í Ed., 12. des., mælti

forseti (SÓÓ): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. des. 1960.

Þar sem ég er á förum til útlanda til starfa í mannréttindanefnd Evrópu í Strassbourg og verð fjarverandi um tveggja vikna skeið, leyfi ég mér hér með, með skírskotun til 138. gr. kosningalaga, að fara þess á leit, að varamaður minn, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Friðjón Skarphéðinsson.

Til forseta efri deildar.“

Unnar Stefánsson er hér mættur í deildinni, og ég býð hann velkominn til starfa.

Á 30. fundi í Sþ., 16. jan., mælti

forseti (FS): Frá forseta neðri deildar hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. jan. 1961.

Formaður þingflokks Framsfl. hefur ritað mér eftirfarandi:

„Þar sem Garðar Halldórsson, 4. þm. Norðurl. e., hefur tjáð mér, að hann geti ekki sótt fundi Alþingis á næstunni sökum veikinda, leyfi ég mér hér með, samkvæmt beiðni hans og með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður hans, Ingvar Gíslason lögfræðingur, Akureyri, taki á meðan sæti á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs þings.“

Kjörbréf Ingvars Gíslasonar hefur verið rannsakað og gilt metið áður, og tekur hann því sæti á Alþingi samkvæmt þessu.

Þá hefur enn fremur borizt frá forseta neðri deildar svofellt bréf:

„Reykjavík, 16. jan. 1961.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Einari Ingimundarsyni, 4. þm. Norðurl. v.:

„Vegna embættisanna mun ég ekki geta tekið sæti á Alþingi, er það kemur saman nú að loknu jólafrii. Óska ég þess, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Jón Pálmason bóndi á Akri, taki sæti mitt á Alþingi í fjarveru minni.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs þings.“

Kjörbréf Jóns Pálmasonar hefur einnig áður verið rannsakað og gilt metið, og tekur hann því samkvæmt þessu nú þegar sæti á Alþingi.

Þá hefur enn borizt bréf frá forseta neðri deildar á þessa leið:

„Reykjavík, 16. jan. 1961.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi símskeyti frá Jónasi Péturssyni, 3. þm. Austf.:

„Vegna annríkis við störf hjá tilraunabúinu á Skriðuklaustri get ég ekki mætt á Alþingi nú þegar og óska því eftir, að varamaður taki sæti mitt.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs þings.“

Varamaður Jónasar Péturssonar er Einar Sigurðsson. Kjörbréf hans hefur áður verið rannsakað og gilt metið, og samkvæmt þessu tekur hann nú sæti á Alþingi.

Enn hefur borizt bréf frá forseta efri deildar á þessa leið:

„Reykjavík, 16. jan. 1961.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi símskeyti frá Kjartani J. Jóhannssyni, 3. þm. Vestf.:

„Get ekki mætt á Alþingi næstu tvær vikur. Óska, að fyrsti varamaður, Sigurður Bjarnason, taki sæti á meðan.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson,
forseti efri deildar.

Til forseta sameinaðs þings.“

Kjörbréf Sigurðar Bjarnasonar hefur áður verið rannsakað og gilt metið, og tekur hann því sæti á Alþingi samkv. þessu.

Ég býð alla þessa hv. varaþingmenn velkomna til þings.

Á 31. fundi í Sþ., 17. jan., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Svofellt bréf hefur borizt frá forseta neðri deildar:

„Reykjavík, 16. jan. 1961.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi símskeyti frá Alfreð Gíslasyni, 8. landsk. þm.:

„Vegna anna við embætti mitt mun ég ekki geta sótt þing um skeið. Óska eftir, að varamaður minn verði látinn taka sæti mitt á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í

sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs þings."

Varamaður er Jón Kjartansson sýslumaður í Vík, og með bréfi þessu fylgir kjörbréf hans, gefið út af landskjörstjórn 9. nóv. 1959. Hlé verður gert á þessum fundi í allt að 10 mín., meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf fyrir varaþm. 8. landsk. alþm., Alfreðs bæjarfógeta Gíslasonar, og er það út gefið 9. nóv. 1959. Sá varamaður, sem hér kemur til greina, er Jón Kjartansson sýslum. í Vík í Mýrdal, sem er 2. landsk. varaþm. Sjálfstfl., og þar sem fyrsti varamaður flokksins landskjörinn, Sigurður Bjarnason, er nú á þingi, þá er hér ekki um neinn vafa að tala. Kjörbréfanefnd er sammála um að mæla með því, að þetta kjörbréf verði tekið gilt, og býður okkar gamla og virðulega sýslumann velkominn hingað í okkar hóp.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 44 shlj. atkv.

Forseti (FS): Tekur Jón Kjartansson nú sæti á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Á 37. fundi í Sþ., 8. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 6. febr. 1961.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Eysteini Jónssyni, 1. þm. Austf.:

„Þar sem ég ligg rúmfastur á sjúkrahúsi vegna slyss og get þess vegna ekki gegnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér hér með að óska þess, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs þings."

Með bréfi þessu fylgja tvö símskeyti til þingflokks Framsfl. Hið fyrra frá Björgvin Jónssyni á þessa leið:

„Vegna mikilla starfsanna get ég ekki mætt til þingsetu næstu vikur.

Björgvin Jónsson."

Og frá Vilhjálmi Hjálmarssyni:

„Af óviðráðanlegum ástæðum get ég eigi tekið sæti á Alþ. í forföllum Eysteins Jónssonar.

Vilhjálmur Hjálmarsson."

Undirskrift staðfestir Jón Sveinsson stöðvarstjóri.

Enn fremur fylgir með bréfi þessu kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis 27. okt. 1959 til handa Páli Metúsalemssyni bónda á Refsstað í Vopnafirði, sem er þriðji varaþingmaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi.

Hlé verður nú gert á fundinum í nokkrar mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman á fund og athugað kjörbréf fyrir Pál Metúsalemsson bónda á Refsstað í Vopnafirði, sem er þriðji varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, en eftir því er óskað, að hann taki sæti í forföllum 1. þm. Austf., Eysteins Jónssonar.

Kjörbréfanefnd hefur ekkert fundið athugavert við þetta kjörbréf og leggur því til, að kjörbréfið sé samþ. og kosningin tekin gild.

Það skal fram tekið, að fyrir liggja símskeyti frá 1. og 2. varaþm. Framsfl. í þessu kjördæmi, þar sem þeir tilkynna forföll sín, en þar sem þessum skeytum var áðan lýst af forsetastóli, tel ég ekki ástæðu til að lesa þau upp.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Páll Metúsalemsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (FS): Varaþingmaðurinn hefur undirritað eiðstaf um að halda stjórnarskrána, tekur nú sæti á þingi, og ég býð hann hér með velkominn.

Á 38. fundi í Sþ., 13. febr., var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 15. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Ed. hefur borizt svofellt bréf:

„Reykjavík, 11. febr. 1961.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Magnúsi Jónssyni, 6. þm. Norðurl. e.:

„Vegna setu á þingi Norðurlandaráðs verð ég hindraður frá að sitja á Alþingi næstu tvær vikur. Er það því ósk mín, herra forseti, að fyrsti varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Gísli Jónsson menntaskólakennari, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Sigurður Ó. Ólafsson, forseti efri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Með bréfi þessu fylgir kjörbréf, gefið út af yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra hinn 27. okt. 1959 til handa Gísla Jónssyni menntaskólakennara á Akureyri sem varaþingmanni Sjálfstfl. í Norðurlandskjördæmi eystra. Gert verður hlé á fundinum í nokkrar mínútur, meðan kjörbréfanefnd rannsakar kjörbréfið, svo sem henni ber samkvæmt þingsköpum. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Svo sem hæstv. forseti tilkynnti, hefur hv. 6. þm.

Norðurl. e., Magnús Jónsson, forfallazt vegna utanlandsferðar og óskað eftir, að varamaður taki við. Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréf Gísla Jónssonar menntaskólakennara á Akureyri og hefur ekkert við það að athuga. Mælir nefndin einróma með því, að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Gísli Jónsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Forseti (FS): Varaþingmaðurinn hefur undirritað eiðstaf. Hann tekur nú sæti á Alþingi, og býð ég hann hér með velkominn.

Þá hafa borizt hér nokkur bréf frá deildarforsetum með ósk um, að varamenn taki sæti á Alþingi. Í fyrsta lagi bréf frá forseta Nd., dags. 14. febr. 1961, á þessa leið:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Gísla Jónssyni, 1. þm. Vestf.:

„Vegna setu á þingi Norðurlandaráðs verð ég hindraður frá að sitja á Alþingi næstu tvær vikur. Er það því ósk mín, herra forseti, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurður Bjarnason ritstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Í öðru lagi bréf frá forseta sömu deildar, dagsett 14. febr., á þessa leið:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Sigurði Ingimundarsyni, 1. landsk. þm.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja á þingi Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu tvær vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Og enn er bréf frá forseta efri deildar, dags. 14. febr., á þessa leið:

„Ásgeir Bjarnason, 1. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja á þingi Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu tvær vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Daníel Ágústínusson fyrrv. bæjarstjóri, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sigurður Ó. Ólafsson, forseti efri deildar.
Til forseta sameinaðs Alþingis."

Og að lokum er hér bréf frá forseta Nd., dags. 14. febr., á þessa leið:

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Einari Olgeirssyni, 3. þm. Reykv.:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja á fundi Norðurlandaráðs og mun því ekki geta setið á Alþingi næstu tvær vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður minn, Margrét Sigurðardóttir húsfrú, taki á meðan sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt."

Þessir fjórir varamenn taka nú sæti á Alþingi, enda hafa kjörbréf þeirra allra áður verið rannsökuð, og býð ég þá hér með velkomna.

Á 46. fundi í Sþ., 6. marz, mælti:

forseti (FS): Borizt hefur svofellt bréf frá forseta neðri deildar:

„Björn Fr. Björnsson, 4. þm. Sunnl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna embættisanna heima í héraði mun ég ekki geta sinnt þingstörfum nú um skeið. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að fyrsti varaþingmaður Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Helgi Bergs verkfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs þings."

Kjörbréf Helga Bergs hefur áður verið rannsakað og metið gilt, og tekur hann því nú sæti á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Á 50. fundi í Sþ., 13. marz, var tekin á dagskrá rannsókn kjörbréfs.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Sþ., 14. marz, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (FS): Frá forseta Nd. hefur borizt svofellt bréf:

„Reykjavík, 9. marz 1961.

Páll Metúsalemsson, 1. varaþm. Austf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna heimilisástæðna mun ég ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með ósk um, að þér látið fara fram í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Jóhann Hafstein, forseti neðri deildar.
Til forseta sameinaðs þings."

Með bréfi þessu fylgir símskeyti frá yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis og annað símskeyti frá Björgvin Jónssyni. Samkvæmt þingsköpum ber kjörbréfanefnd að fjalla um málið, og verður gert nokkurt hlé á fundinum, meðan hún rannsakar kjörbréfið. En hringt verður aftur til fundar, áður en hann hefst að nýju. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur, svo sem fyrir hana var lagt, komið saman á fund og athugað gögn þau, sem fram voru lögð.

Það liggur nú ekki fyrir alveg formlegt kjörbréf fyrir Vilhjálm Hjálmarsson, en það liggur

fyrir svo hljóðandi staðfest símskeyti frá formanni yfirkjörstjórnar í Austurlandskjördæmi, sem ég vildi mega lesa, með leyfi forseta:

„Eftir alþingiskosningu í október 1959 er Vilhjálmur Hjálmarsson, Brekku, annar varaþingmaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi. Fyrir hönd yfirkjörstjórnar.

Erlendur Björnsson."

Undirskriftin er staðfest.

Jafnframt liggur fyrir svo hljóðandi símskeyti frá 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Björgvin Jónssyni, Seyðisfirði:

„Vegna anna er mér ekki unnt að mæta til þings næstu vikur.

Björgvin Jónsson."

Og undirskrift er staðfest.

Með skírskotun til þessara gagna leggur kjörbréfanefndin til, að kosning Vilhjálms Hjálmarssonar verði gild metin og framlagt símskeyti metið gilt sem kjörbréf.

Forseti (FS): Eins og hv. þm. hafa heyrt, leggur kjörbréfanefnd til, að kosning varaþm. verði gild metin og kjörbréfið tekið gilt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Forseti (FS): Samkvæmt þessu tekur varaþm. sæti á Alþingi, og býð ég hann velkominn.

Á 78. fundi í Nd., 20. marz, mælti

forseti (BGr): Borizt hafa þrjú bréf. Hið fyrsta hljóðar svo:

„Reykjavík, 17. marz 1961.

Vegna starfa heima fyrir í skattanefnd mun ég ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Ágúst Þorvaldsson.

Til forseta neðri deildar."

Varamaður hans er Helgi Bergs. — Annað bréf hljóðar svo:

„Reykjavík, 19. marz 1961.

Vegna embættisanna heima fyrir mun ég ekki geta sótt fundi Alþingis næstu vikur. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að varamaður taki sæti mitt á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Gunnar Gíslason."

Varamaður hans er Jón Pálmason. — Þriðja bréfið hljóðar svo:

„Reykjavík, 17. marz 1961.

Þar sem ég verð fjarverandi næstu vikur, leyfi ég mér að óska þess, með skírskotun til 138. gr. l. um kosningar til Alþingis, að varamaður taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Jóhann Hafstein."

Varamaður hans er Davíð Ólafsson.

Þessir varamenn hafa allir undirritað eiðstaf áður, og býð ég þá velkomna til þingstarfa.

Á 79. fundi í Nd., 21. marz, mælti

forseti (BGr): Borizt hefur eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 20. marz 1961.

Vegna sérstakra anna heima fyrir mun ég ekki geta sinnt þingstörfum næstu vikur. Óska ég því þess, með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að varamaður minn, Jón Kjartansson forstjóri, taki sæti mitt á Alþingi.

Virðingarfyllst,

Björn Pálsson.

Til forseta neðri deildar."

Jón Kjartansson hefur áður undirritað eiðstaf, og býð ég hann velkominn til þingstarfa.

V. Kosningar.

1. Annar varaforseti Nd.

Á 6. fundi í Nd., 18. okt., var tekin til meðferðar

kosning annars varaforseta deildarinnar í forföllum 8. þm. Reykv.

Forseti (JóhH): Tekið er fyrir 1. dagskrármálið. Það er kosning 2. varaforseta deildarinnar í forföllum 8. þm. Reykv., Ragnhildar Helgadóttur, en Ragnhildur Helgadóttir hefur óskað eftir því, að fram fari kosning 2. varaforseta í hennar stað, þar sem nokkuð óvíst er um, hvenær hún muni geta aftur tekið að sér störf á þinginu.

Ef engin mótmæli berast gegn því, mun ég láta útbýta seðlum og biðja menn um að ganga til þessara kosninga.

Kosningu hlaut Jónas G. Rafnar, 2. þm. Norðurl. e., með 20 atkv. — 15 seðlar voru auðir.

2. Fulltrúar í Norðurlandaráð.

a. Kosning í Ed.

Á 37. fundi í Ed., 14. des., var tekin til meðferðar

kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm. (A),
Ásgeir Bjarnason alþm. (B).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Björnsson alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson alþm. (B).

b. Kosning í Nd.

Á 38. fundi í Nd., 14. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra vara-**

fulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til *ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.*

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 15. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Gísli Jónsson alþm. (A),
Einar Olgeirsson alþm. (B),
Sigurður Ingimundarson alþm. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar, sem á voru samtals þrjú nöfn. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Hannibal Valdimarsson alþm. (B),
Birgir Finnsson alþm. (A).

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1960, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista var Ásmundur Sigurðsson; á B-lista var Jörundur Brynjólfsson; á C-lista voru Jón Pálmason, Björn Jóhannesson. — A-listi hlaut 9 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 28 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Jón Pálmason fyrrv. ráðherra,
Jörundur Brynjólfsson fyrrv. alþm.,
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi.

4. Húsnæðismálastjórn.

Á 24. fundi í Sþ., 15. des., var tekin á dagskrá **kosning 4 manna og jafnmargra varamanna í húsnæðismálastjórn, allra til 3 ára, frá 1. jan. 1961 til 31. des. 1963, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 42 1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyt. á I. kafla l. nr. 36/1952 o. fl.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 20. des., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Ragnar Lárusson, Eggert G. Þorsteinsson, Þorvaldur G. Kristjánsson; á B-lista Hannes Pálsson, Guðmundur Vigfússon. — A-listi hlaut 30 atkv., B-listi 24 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Ragnar Lárusson skrifstofustjóri,
Hannes Pálsson fulltrúi,
Eggert G. Þorsteinsson alþm.,
Guðmundur Vigfússon bæjarfulltrúi.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Þorvaldur G. Kristjánsson lögfræðingur (A),
Eiríkur Þorsteinsson fyrrv. alþm. (B),
Óskar Hallgrímsson rafvirkjameistari (A),
Sigurður Sigmundsson fulltrúi (B).

5. Úthlutunarnefnd atvinnuaukningarfjár.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning 5 manna nefndar til að skipta fjárveitingu til atvinnu- og framleiðsluaukningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 20. gr. Út XXIII í fjárlögum fyrir árið 1961.**

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm. (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (C),
Sigurður Bjarnason ritstjóri (A),
Emil Jónsson ráðherra (A),
Tryggvi Helgason vélstjóri (B).

6. Stjórn sementsverksmiðjunnar.

Á 46. og 55. fundi í Sþ., 6. og 22. marz, var tekin á dagskrá **kosning fimm manna í stjórn sementsverksmiðjunnar, til fjögurra ára, frá 6. febr. 1961 að telja til jafnlengdar 1965, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. frá 6. febr. 1961, um breyt. á l. nr. 35 1. apríl 1948, um sementsverksmiðju.**

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Sþ., 29. marz, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar, sem á voru jafnmörg nöfn samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Ásgeir Pétursson deildarstjóri (A),
Helgi Þorsteinsson framkvæmdastjóri (B),
Pétur Ottesen fyrrv. alþm. (A),
Guðm. Sveinbjörnsson framkvæmdastj. (A),
Ingi R. Helgason lögfræðingur (C).

7. Bankaráð Seðlabankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til ársloka 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 28. gr. og ákvæði til bráðabirgða í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um Seðlabanka Íslands.**

Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Birgir Kjaran alþm. (A),
Ólafur Jóhannesson prófessor (B),
Jónas G. Rafnar alþm. (A),
Jón Axel Pétursson forstjóri (A),
Ingi R. Helgason lögfræðingur (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Ólafur Björnsson prófessor (A),
Jón Skaftason alþm. (B),
Þorvarður J. Júlíusson skrifstofustjóri (A),
Emil Jónsson ráðherra (A),
Alfreð Gíslason læknir (C).

8. Bankaráð Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands til ársloka 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu samkv. 9. gr. og ákvæði til bráðabirgða í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um Landsbanka Íslands.**

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Ólafur Thors forsrh. (A),
Steingrímur Steinþórsson fyrrv. forsrh. (B),
Gunnar Thoroddsen fjmrh. (A),
Baldvin Jónsson hrl. (A),
Einar Olgeirsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Matthías Á. Mathiesen alþm. (A),
Skúli Guðmundsson alþm. (A),
Sverrir Júlíusson framkvæmdastjóri (A),
Guðmundur R. Oddsson framkvæmdastj. (A),
Ragnar Ólafsson hrl. (C).

9. Endurskoðendur Landsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning tveggja endurskoðenda reikninga Landsbanka Íslands til tveggja ára frá gildistökudegi nýafgreiddra laga frá Alþingi, um Landsbanka Íslands, til jafnlengdar 1963, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laganna.**

Fram komu tveir listar, og var eitt nafn á hvorum. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Jón Kjartansson sýslumaður (A),
Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri (B).

10. Bankaráð Útvegsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Útvegsbanka Íslands til ársloka 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða, í nýafgreiddum lögum frá Alþingi um Útvegsbanka Íslands.**

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Björn Ólafsson fyrrv. ráðherra (A),
Gísli Guðmundsson alþm. (B),
Guðlaugur Gíslason alþm. (A),
Guðmundur Í. Guðmundsson utanrrh. (A),
Lúðvík Jósefsson alþm. (C).

Við kosninga varamanna komu einnig fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gísli Gíslason stórkaupmaður (A),
Björgvin Jónsson fyrrv. alþm. (B),
Ólafur E. Sigurðsson útgerðarmaður (A),
Hálfdán Sveinsson bæjarstjóri (A),
Halldór Jakobsson forstjóri (C).

11. Endurskoðendur Útvegsbankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning tveggja endurskoðenda reikninga Útvegsbanka Íslands til tveggja ára frá gildistökudegi nýafgreiddra laga frá Alþingi um Útvegsbanka Íslands til jafnlengdar 1963, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 15. gr. laganna.**

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Kjörnir voru því án atkvgr.:
Björn Steffensen endurskoðandi (A),
Karl Kristjánsson alþm. (B).

12. Bankaráð Framkvæmdabankans.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Framkvæmdabanka Íslands til ársloka 1964, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 2. gr., sbr. ákvæði til bráðabirgða, nýafgreiddra laga frá Alþingi um breyt. á l. nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.**

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jóhann Hafstein bankastjóri (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Davíð Ólafsson fiskimálastjóri (A),
Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. (A),
Karl Guðjónsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gunnlaugur Pétursson borgarritari (A),
Halldór E. Sigurðsson alþm. (B),
Gunnar Gíslason alþm. (A),
Eggert G. Þorsteinsson alþm. (A),
Kristján Andrésson bæjarfulltrúi (C).

13. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á 62. fundi í Sþ., s. d., var tekin til meðferðar **kosning fimm manna nefndar til að skipta fjárveitingu í fjárl. fyrir árið 1961 til skálda, rithöfunda og listamanna, samkv. þál., nýafgreiddri frá Alþingi, um úthlutun listamannalauna.**

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Bjartmar Guðmundsson alþm. (A),
Halldór Kristjánsson bóndi (B),
Sigurður Bjarnason ritstjóri (A),
Helgi Sæmundsson form. menntam.ráðs (A),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C).

VI. Starfsmenn þingsins.

Þessir voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Hanna Kristín Stefánsdóttir, Sólveig Einarsdóttir (til áramóta), Jónas Kristjánsson, Ásgeir B. Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir, Auður Böðvarsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón með og eftirlit: Ólafur A. Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ólafsson.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Stefanía Einarsdóttir, Kristín Þorbjarnardóttir, Sigríður Guðbrandsdóttir, Ásta G. Thorarensen, Fríða Halldórsdóttir.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Jón Hjartarson, Magnús Guðmundsson, Albert Guðmannsson, Þorlákur Haldorsen, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Ásmundur Guðmundsson, Sigtryggur Jónsson, Jón Sumarliðason.

Þingsveinastörf:
Ögmundur Árnason, Ísleifur Gíslason, Árni E. Stefánsson, Gunnar Ársælsson, Jón K. Ólafsson, Eiður B. Hilmisson, Stefán Ó. Guðmundsson, Valdimar V. Leifsson, Logi Jónsson, Magnús H. Grönvold.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Ella Guðmundsdóttir.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Jóhannes H. Jónsson, Bragi Steinarsson (í forföllum).

VII. Þingfrestun og setning þings að nýju.

Á 44. fundi í Ed., 19. des., mælti

forseti (SÓÓ): Þetta mun verða síðasti fundur þessarar hv. d. fyrir þinghlé. Ég vil því nota þetta tækifæri til að þakka hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu við mig sem forseta, það sem af þessu þingi er. Ég þakka varaforsetum fyrir mér veitta aðstoð, skrifurum deildarinnar fyrir sérstaka skyldurækni í sínu starfi. Þá vil ég þakka skrifstofustjóra Alþingis og fulltrúum hans fyrir ágætt samstarf og öllu starfsliði Alþingis öðru vel unnin störf.

Ég óska ykkur, sem nú hverfið heim, sumir um langan veg, góðrar ferðar og ánægjulegrar heimkomu. Öllum ykkur og fjölskyldum ykkar óska ég gleðilegra jóla og farsæls nýs árs, og megum við svo heil hittast að þinghléi loknu.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég veit, að ég mæli aðeins það, sem í hug allra hv. dm. býr, þegar ég leyfi mér nú að þakka hæstv. forseta fyrir hans hlýlegu kveðjuorð, og ég þakka honum fyrir forstöðu hans fyrir deildinni, stjórn funda, sem bæði hefur verið skipuleg, liðleg og réttlát. Ég óska honum og fjölskyldu hans gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég óska honum góðrar heimferðar og lýsi þeirri ósk, að ég vænti þess, að hann komi aftur heill til þings að hléi þessu loknu.

Ég bið ykkur, hv. þingdeildarmenn, að taka undir þessar kveðjur til forsetans og fjölskyldu hans með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar. Ég þakka einnig hv. þdm. fyrir að taka undir þau orð og undir þær óskir. Ég vil svo endurtaka óskir mínar til ykkar allra, jóla- og nýársóskir. Fleira liggur ekki fyrir fundinum. Fundi er slitið.

Á 44. fundi í Nd., 20. des., mælti

forseti (JóhH): Þar sem þetta er væntanlega síðasti fundur Nd. fyrir þinghlé vegna jólanna, vil ég mega nota tækifærið til þess að óska öllum hv. þm. gleðilegra jóla. Ég vildi mega vænta þess, að þeir fengju notið jólahelginnar með fjölskyldum sínum, og þeim, sem fara um lengri veg, óska ég góðrar ferðar og góðrar heimkomu. Jafnframt vil ég óska þm. öllum gleðilegs árs og þakka þeim fyrir góða samvinnu og umburðarlyndi við mig sem forseta á hinu liðna ári. Ég vil svo að lokum óska þess, að við megum allir hittast heilir að þinghléinu loknu á nýju ári til framhaldandi starfa.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér fyrir hönd þdm. að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir og góð orð í okkar garð. Ég vil, um leið og ég veit, að ég mæli þar fyrir munn allra hv. þdm., þakka honum fyrir röggsama og réttláta fundarstjórn og fyrir ágæta samvinnu við okkur. Ég vil óska honum og hans fjölskyldu gleðilegra jóla, góðs nýárs og vona, að við megum sjá hann aftur heilan á húfi, þegar við mætumst hér eftir nýárið. Ég vil svo biðja hv. þdm. að taka undir árnaðaróskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (JóhH): Ég vil þakka hlý orð og góðar óskir í minn garð og undirtektir þm. þar undir og segi þessum fundi slitið.

Á 29. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (SÁ): Þar sem hæstv. forsrh. mun lesa hér forsetabréf um frestun Alþingis fram yfir áramót, vil ég fyrir hönd okkar forseta sameinaðs Alþingis þakka hv. alþm. samstarfið þann tíma, sem Alþingi hefur setið að störfum þessu sinni. Ég óska þeim og fjölskyldum þeirra svo og skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Utanbæjar alþingismönnum óska ég farar heilla heim og góðrar heimkomu. Það er ósk mín og von, að við megum hittast heilir til funda hér aftur, er Alþingi kemur saman um miðjan janúar næstkomandi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingmanna þakka forsetum sameinaðs þings fyrir gott samstarf og réttláta fundarstjórn. Ég vil einnig, — og ég veit, að ég tala þar fyrir munn allra þm., — þakka hæstv. forseta fyrir árnaðaróskir hans í okkar garð, og ég óska forsetum Sþ. og þeirra fjölskyldum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs með þökkum fyrir samstarfið á því ári, sem nú er senn á enda. Ég vil biðja þm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (SÁ): Ég þakka hv. 1. þm. Austf. fyrir góðar óskir í garð okkar forseta Sþ. og undirtektir hv. alþm. undir þær óskir. Ég endurtek óskir mínar til hv. þm. um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 81. löggjafarþings, frá 20. des. 1960, eða síðar, ef fundir dragast, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 16. jan. 1961.

Gert að Bessastöðum, 20. des. 1960.
Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkv. þessu umboði lýsi ég hér með yfir því, að fundum Alþingis, 81. löggjafarþings, er frestað frá deginum í dag og verður það kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 16. jan. 1961.

Ég leyfi mér að árna hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Forseti (SÁ): Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir góðar óskir til okkar alþm. og segi fundi slitið.

Á 30. fundi í Sþ., 16. jan., mælti

forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. Hinn 9. jan. 1961 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh., að Alþingi, 81. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 16. jan. 1961, kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 9. jan. 1961.
Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors.

Forsetabréf um, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkvæmt þessu hefjast nú framhaldsfundir hv. Alþingis. Ég leyfi mér að óska hæstv. forseta og hv. alþingismönnum gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, um leið og ég býð þá velkomna til þingstarfa að nýju.

Forseti (FS): Samkvæmt því, sem hæstv. forsrh. hefur tilkynnt, hefjast nú fundir Alþingis að nýju. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forsrh. góðar óskir hans í minn garð og annarra hv. þingmanna. Enn fremur vil ég nota þetta tækifæri til þess að bjóða hv. þm. velkomna til Alþingis að nýju og óska þeim og starfsfólki Alþingis velfarnaðar á nýja árinu og þakka síðastliðið ár.

Á 45. fundi í Ed., 17. jan., mælti

forseti (SÓÓ): Um leið og fundir hefjast nú að nýju eftir þinghléið, vil ég nota tækifærið og bjóða alla hv. þdm. velkomna til starfa. Ég vil árna þeim allra heilla á komandi nýbyrjuðu ári og þakka þeim fyrir liðið ár.

VIII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 86. fundi í Ed., 28. marz, mælti

forseti (SÓÓ): Þetta verður síðasti fundur efri deildar að þessu sinni. Ég vil því nota þetta tækifæri og þakka öllum hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu á því þingi, sem nú er að ljúka. Ég vil þakka ykkur fyrir mér veitta aðstoð og hjálp sem forseta. Ekki eiga þessi orð mín síst við skrifara deildarinnar, því að þeir hafa leyst starf sitt af höndum af skyldurækni og árvekni, svo að segja má, að næstum hafi þeir mætt á hverjum einasta fundi deildarinnar, og er það mikilsvirði. Ég vil einnig færa skrifstofustjóra Alþingis þakkir fyrir ágætt samstarf, sömuleiðis fulltrúum og starfsfólki Alþingis öllu fyrir ágætlega unnin störf.

Nú fer sumar í hönd. Við hverfum nú öll hvert til okkar heima. Ég vil óska öllum utanbæjarmönnum góðrar ferðar heim og ánægjulegrar heimkomu. Ég vil óska ykkur öllum ásamt fjölskyldum ykkar gleðilegrar páska-

hátíðar, gleðilegs sumars og vona svo, að við megum öll hittast heil, þegar Alþingi hefur störf að nýju á næsta hausti.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér fyrir hönd þingdeildarmanna að þakka hæstv. forseta fyrir hans vinsamlegu orð og góðu óskir í okkar garð. Ég vil einnig tjá honum þakkir okkar fyrir forsetastörf hans í vetur, vel unnin og réttlát. Þá vil ég einnig óska honum góðrar heimkomu af þessu þingi og honum og fjölskyldu hans gleðilegrar páskahátíðar og farsæls og góðs þess sumars, sem bráðum fer í hönd. Ég bið ykkur, hv. þingdeildarmenn, að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (SÓÓ): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir hans góðu óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og einnig hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég vil svo endurtaka óskir mínar til ykkar allra um gleðilegt og farsælt sumar. Fundinum er slitið.

b. Í neðri deild.

Á 87. fundi í Nd., 28. marz, mælti

forseti (BGr): Þá er dagskrá þessa fundar tæmd. Þetta er síðasti fundur neðri deildar á þessu þingi. Aðalforseti deildarinnar hefur verið fjarverandi nokkra síðustu daga þingsins, en fyrir hans hönd, svo og varaforseta, vil ég þakka hv. deildarmönnum fyrir ágætt samstarf á þessu þingi. Ég vil óska hv. þm. gleðilegrar páskahátíðar, utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og vona, að við hittumst hér öll heil til starfa á komandi hausti.

Einar Olgeirsson: Ég vil leyfa mér, — og ég veit ég mæli þar fyrir hönd allra hv. þingdeildarmanna, — að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð. Ég vil um leið leyfa mér að þakka honum, — og þær þakkir gilda líka um aðalforseta og 2. varaforseta deildarinnar, — fyrir gott samstarf við okkur þingmenn og fyrir röggsama og réttláta fundarstjórn. Ég vil leyfa mér að vona, að við eigum eftir að sjást aftur, þegar þing kemur saman að nýju, bæði núverandi aðalforseti og varaforsetar deildarinnar, að við megum hitta þau aftur heil á húfi öllsömun, og vil færa óskir allra þdm. til allra forsetanna þriggja og þeirra fjölskyldna, að þeim megi sem bezt vegna. Ég vil leyfa mér að biðja hv. þdm. um að gera svo vel að taka undir óskir mínar til hæstv. forseta með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BGr): Ég þakka góðar óskir til forseta deildarinnar og ítreka óskir okkar til þingmanna. Fundinum er slitið.

IX. Þinglausnir.

Á 63. fundi í Sþ., 29. marz, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. til 20. des. 1960 og frá 16. jan. til 29. marz 1961, alls 145 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	87	
– efri deild	86	
– sameinuðu þingi	63	
	Alls	236 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra.

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	43		
b. Lögð fyrir efri deild	19		
c. Lögð fyrir sameinað þing	3		
		65	
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	48		
b. Borin fram í efri deild	25		
		73	
			138

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 17 frumvörp, sem nefndir fluttu, þar af 15 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a. Afgreidd sem lög:			
Stjórnarfrumvörp	55		
Þingmannafrumvörp	14		
		alls	69 lög
b. Fellt:			
Þingmannafrumvarp			1
c. Afgreidd með rökstuddri dagskrá:			
Þingmannafrumvörp			3
d. Vísað til ríkisstjórnarinnar:			
Þingmannafrumvörpum			3
e. Ekki útrædd:			
Stjórnarfrumvörp	10		
Þingmannafrumvörp	52		
		alls	62
			138

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í sameinuðu þingi	71	
b. Bornar fram í neðri deild	2	
		73
Þar af:		
a. Ályktanir Alþingis	31	
b. Felldar	2	
c. Vísað til ríkisstjórnarinnar	2	
d. Ekki útræddar	38	
		73

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 19, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema	10

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar.

Mál til meðferðar í þinginu alls	221
Tala prentaðra þingskjala	712

Síðan mælti

forseti (FS): Alþingi það, sem nú er að ljúka störfum, hefur staðið skemmri tíma en oft áður. En svo sem yfirlitið ber með sér, sem ég nú las, hefur það þó haft til meðferðar ærið mörg mál og sum þeirra mjög mikilvæg og vandasöm, enda er ekki fyrir það að synja, að stundum hafi verið veðrasamt í þingsölum, en það er raunar ekki ný saga. Ég tel ekki ástæðu til að rifja upp þessi mál, þau eru öll hv. þingmönnum í fersku minni. Einungis vil ég óska þess, að þau löggjafarmál og aðrar ákvarðanir, sem Alþingi hefur afgreitt á þessu þingi, megi verða þjóðinni til heilla og farsældar, svo sem til er ætlazt. Og í nafni Alþingis óska ég ættjörð vorri og þjóð gæfu og gengis á þessu ári og á ókomnum árum.

Að lokum vil ég þakka hæstv. ríkisstj. og hv. þingmönnum fyrir góða samvinnu og umburðarlyndi við mig, og óska ég þeim góðs gengis, og þingmönnum utan af landi óska ég fararheilla heim og góðrar heimkomu.

Varaforsetum ber mér sérstaklega að þakka þeirra aðstoð. Þeir hafa gegnt störfum fyrir mig í fjarveru minni fyrri hluta vetrar nokkrar vikur og auk þess hlaupið undir bagga á öðrum tímum eftir þörfum. Skrifurum þingsins vil ég þakka þeirra aðstoð. Starfsfólki þingsins vil ég að lokum þakka fyrir ágæta samvinnu og dyggileg störf.

Um leið og ég kveð hv. þingmenn nú, er þessu þingi lýkur, óska ég þeim öllum og fjölskyldum þeirra gleðilegrar páskahátíðar og farsældar á komandi sumri. Ég óska þess, að við hittumst öll heil hér á næsta þingi.

Karl Kristjánsson: Ég er þess fullviss, að ég hreyfi því, sem býr hv. þingmönnum sameiginlega í hug, þegar ég leyfi mér að flytja hæstv. forseta sameinaðs Alþingis þakkir fyrir þau hlýlegu orð og þær góðu óskir, sem hann mælti til okkar þingmanna. Ég leyfi mér einnig að þakka honum fyrir forsetastörfin, alúðlega rækt. Ég óska honum góðrar ferðar til síns heima og ánægjulegrar heimkomu. Ég árna honum og hans nánustu gleðilegrar páskahátíðar og góðs og gæfuríks komandi sumars. Ég bið ykkur, hv. þingmenn, að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (FS): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir vinsamleg orð og góðar óskir í minn garð, og öllum hv. þm. þakka ég fyrir að taka undir þær.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Í dag hefur verið gefið út forsetabréf, sem hljóðar svo:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, að Alþingi, 81. löggjafarþingi, skuli slitið í dag. Mun ég því slíta Alþingi í dag, miðvikudaginn 29. marz 1961.

Gert í Reykjavík, 29. marz 1961.

Ásgeir Ásgeirsson.

Ólafur Thors."

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið þingmenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Ólafur Thors,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.